ÍSLENSK útgáfa

EES-viðbætir

við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins

ISSN 1022-9337

Nr. 14

20. árgangur

7.3.2013

I EES-STOFNANIR

1. Sameiginlega EES-nefndin

2013/EES/14/01 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 frá 9. mars 2012 um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 1

2013/EES/14/02 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 493/2012 frá 11. júní 2012 þar sem mælt er fyrir um ítarlegar reglur, samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/66/EB, varðandi útreikning á endurvinnslunýtni í endurvinnsluferlum fyrir notaðar rafhlöður og rafgeyma 296

2013/EES/14/03 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/92/ESB frá 13. desember 2011 um mat á áhrifum sem tilteknar framkvæmdir á vegum hins opinbera eða einkaaðila kunna að hafa á umhverfið 309

2013/EES/14/04 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 600/2012 frá 21. júní 2012 um sannprófun á skýrslum um losun gróðurhúsalofttegunda og skýrslum um tonnkílómetra og faggildingu sannprófenda samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB 330

2013/EES/14/05 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 601/2012 frá 21. júní 2012 um vöktun á losun gróðurhúsalofttegunda og skýrslugjöf um losunina samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB 359

2013/EES/14/06 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1193/2011 frá 18. nóvember 2011 um stofnun skrár Sambandsins yfir viðskiptatímabilið sem hefst 1. janúar 2013 og síðari viðskiptatímabil í kerfi Sambandsins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 280/2004/EB og um breytingu á reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2216/2004 og (ESB) nr. 920/2010 434

2013/EES/14/07 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 473/2012 frá 4. júní 2012 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir spínetóram (XDE-175) í eða á tilteknum afurðum 488

2013/EES/14/08 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/19/ESB frá 9. mars 2010 um breytingu að því er varðar aðlögun að tækniframförum varðandi hjól- og aurhlífabúnað á tilteknum flokkum vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra, á tilskipun ráðsins 91/226/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB. 502

2013/EES/14/09 Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1234/2007 frá 22. október 2007 um sameiginlegt markaðskerfi í landbúnaði og um sértæk ákvæði varðandi tilteknar landbúnaðarvörur (reglugerðin um eitt sameiginlegt markaðskerfi) 523

2013/EES/14/10	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 15. apríl 2010 um samþykki á landsráðstöfunum til að takmarka áhrif tiltekinna sjúkdóma í lagareldisdýrum og villtum lagardýrum í samræmi við 43. gr. tilskipunar ráðsins 2006/88/EB (2010/221/ESB)	672
2013/EES/14/11	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 20. apríl 2009 um tæknilegar viðmiðunarreglur vegna innleiðingar á fjárhagslegri tryggingu í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/21/EB um meðhöndlun úrgangs frá námuiðnaði (2009/335/EB)	677
2013/EES/14/12	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 87/2011 frá 2. febrúar 2011 um tilnefningu á tilvísunarrannsóknarstofu ESB fyrir rannsóknir á heilbrigði býflugna, um frekari skyldur og verkefni fyrir þá rannsóknarstofu og um breytingu á VII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004	678
2013/EES/14/13	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 8. júní 2010 um breytingu á ákvörðun 2007/589/EB að því er varðar að fella inn í hana viðmiðunarreglur um vöktun og skýrslugjöf vegna losunar gróðurhúsalofttegunda frá föngun, flutningi og geymslu koltvísýrings í jörðu (2010/345/ESB)	682
2013/EES/14/14	Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 954/2011 frá 14. september 2011 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2006/2004 um samvinnu milli innlendra yfirvalda sem bera ábyrgð á framkvæmd laga um neytendavernd	696
2013/EES/14/15	Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 8. desember 2011 um breytingu á ákvörðun 2010/221/ESB að því er varðar landsráðstafanir til að koma í veg fyrir að tilteknir lagardýrasjúkdómar berist til hluta Írlands, Finnlands og Svíþjóðar (2011/825/ESB)	700
2013/EES/14/16	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 623/2012 frá 11. júlí 2012 um breytingu á II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi	703
2013/EES/14/17	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 593/2012 frá 5. júlí 2012 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2042/2003 um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði	706
2013/EES/14/18	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 360/2012 frá 25. apríl 2012 um beitingu 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart minniháttaraðstoð sem veitt er fyrirtækjum sem veita þjónustu er hefur almenna efnahagslega þýðingu	711
2013/EES/14/19	Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/19/EB frá 12. mars 2009 um breytingu á tilskipun ráðsins 72/245/EBE að því er varðar rafsegultruflanir (rafsegulsviðssamhæfi) í ökutækjum í því skyni að laga hana að tækniframförum	717
2013/EES/14/20	Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/92/EB frá 22. október 2008 um starfsreglur Bandalagsins til að auka gagnsæi verðlagningar á gasi og rafmagni til endanlegra notenda í atvinnurekstri (endurútgefin)	719
2013/EES/14/21	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 711/2012 frá 3. ágúst 2012 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 185/2010 um ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd að því er varðar aðferðir við skimun annarra einstaklinga en farþega og hluta sem þeir bera á sér	730
2013/EES/14/22	Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/6/ESB frá 14. mars 2012 um breytingu á tilskipun ráðsins 78/660/EBE um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð að því er varðar smáeiningar	733

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna

2. Eftirlitsstofnun EFTA

3. EFTA-dómstóllinn

III ESB-STOFNANIR

1. Framkvæmdastjórnin

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 **2013/EES/14/01**

frá 9. mars 2012

um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ([1]), einkum 14. gr. og 30. gr. (4. mgr.), og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum ([2]), einkum 7. gr. (5. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samþykkja skal nákvæmar skilgreiningar, í tengslum við uppruna, hreinleikaskilyrði og aðrar nauðsynlegar upplýsingar, fyrir matvælaaukefni sem tilgreind eru í skrám Evrópusambandsins í II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008.

2) Í því skyni skal uppfæra nákvæmar skilgreiningar, sem áður voru gerðar fyrir matvælaaukefni í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/128/EB frá 22. desember 2008 um sérstök hreinleikaskilyrði fyrir litarefni til notkunar í matvælum ([3]), tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/84/EB frá 27. ágúst 2008 um sérstök hreinleikaskilyrði fyrir önnur aukefni í matvælum en litarefni og sætuefni ([4]) og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/60/EB frá 17. júní 2008 um sérstök hreinleikaskilyrði fyrir sætuefni til notkunar í matvælum ([5]), og færa þær yfir í þessa reglugerð. Því skal fella þessar tilskipanir úr gildi.

3) Nauðsynlegt er að taka mið af forskriftum og greiningaraðferðum sem eru settar fram í Alþjóðamatvælaskránni (Codex Alimentarius) og samdar af sameiginlegri sérfræðinganefnd Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO) og Alþjóðaheilbrigðismálas tofnunarinnar (WHO) um aukefni í matvælum (hér á eftir nefnd sameiginlega sérfræðinganefndin (JECFA)).

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) lét í ljós álit sitt um öryggi þess að nota basíska metakrýlatsamfjölliðu ([6]) sem húðunarefni. Þetta matvælaaukefni hefur síðan verið heimilað á grundvelli tiltekinnar notkunar og því hefur verið gefið númerið E 1205. Því skal samþykkja nákvæmar skilgreiningar fyrir þetta matvælaaukefni.

5) Matvælalitarefnin β-apó-8’-karótenóíðsýruetýlester (E 160 f) og brúnt FK (E 154), sem og burðarefnið bentónít (E 558), sem inniheldur ál, eru ekki lengur notuð samkvæmt upplýsingum frá matvælaframleiðendum. Því skulu núgildandi nákvæmar skilgreiningar fyrir þessi matvælaaukefni ekki færðar yfir í þessa reglugerð.

6) Hinn 10. febrúar 2010 lét Matvælaöryggisstofnunin í ljós álit um öryggi súkrósaestera af fitusýrum (E 473), sem framleiddir eru úr vínylesterum af fitusýrum ([7]). Breyta skal núgildandi nákvæmum skilgreiningum til samræmis við það, einkum með því að lækka hámarksgildi fyrir óhreinindi sem hafa öryggisvanda í för með sér.

7) Aðlaga skal sérstök hreinleikaskilyrði, sem eru í gildi sem stendur, með því að lækka hámarksgildin fyrir hvern og einn þungmálm, sem skiptir máli, þegar mögulegt er og þegar gildi sameiginlegu sérfræðinganefndarinnar eru lægri en núverandi gildi. Samkvæmt þessari nálgun skal lækka hámarksgildin fyrir aðskotaefnið 4-metýlimídasól í karamellubrúnu, ammoníuðu (E 150 c), súlfatósku í β-karótíni (E 160 a (i)) og magnesíum- og alkalísöltum í kalsíumkarbónati (E 170). Aðeins skal hverfa frá þessari nálgun að því er varðar aukefnin trínatríumsítrat (E 331 (iii)) (blýinnihald), karragenan (E 407) og unnið euchema-þang og þara (E407 a)

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 83, 22.3.2012, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 207/2012 frá 7. desember 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, birður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

([2]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.

([3]) Stjtíð. ESB L 6, 10.1.2009, bls. 20.

([4]) Stjtíð. ESB L 253, 20.9.2008, bls. 1.

([5]) Stjtíð. ESB L 158, 18.6.2008, bls. 17.

([6]) Vísindalegt álit nefndar Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um aukefni í matvælum og næringarefni sem bætt er við matvæli, að beiðni framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, um notkun basískrar metakrýlatsamfjölliðu sem aukefni í matvæli (Scientific Opinion on the use of Basic Methacrylate Copolymer as a food additive). Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2010 8(2), 1513.

([7]) Vísindalegt álit nefndar Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um aukefni í matvælum og næringarefni sem bætt er við matvæli, að beiðni framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, um öryggi súkrósaestera af fitusýrum sem framleiddir eru úr vínylesterum af fitusýrum og um rýmkun á notkun súkrósaestera af fitusýrum í bragðefnum (Scientific Opinion on the safety of sucrose esters of fatty acids prepared from vinyl esters of fatty acids and on the extension of use of sucrose esters of fatty acids in flavourings). Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2010 8(3), 1512.

(kadmíuminnihald) þar eð framleiðendur hafa lýst því yfir að það sé ekki tæknilega mögulegt að fara að strangari ákvæðum Sambandsins sem eru í samræmi við gildi sameiginlegu sérfræðinganefndarinnar. Framlag til heildarinntöku á þessum tveimur aðskotaefnum (blýi og kadmíum) með þessum þremur ólíku aukefnum í matvælum telst óverulegt. Hins vegar skal, að því er varðar fosföt (E 338-E 341 og E 450-E 452), fastsetja ný, umtalsvert lægri gildi, miðað við þau sem sameiginlega sérfræðinganefndin hefur tilgreint, vegna nýjustu þróunar í framleiðsluferlunum og taka þar tillit til nýlegra ráðlegginga Matvælaöryggisstofnunarinnar um minnkun á inntöku arsens, einkum á ólífrænu formi ([8]). Þar að auki skal af öryggisástæðum innleiða nýtt ákvæði varðandi arsen í glútamínsýru (E 620). Í heild koma þessar aðlaganir neytendum til góða þar eð hámarksgildi fyrir þungmálma verða strangari, bæði almennt og fyrir flest matvælaaukefni. Ítarlegar upplýsingar um framleiðsluferlið og upphafsefni matvælaaukefnis skulu fylgja nákvæmu skilgreiningunum til að auðvelda ákvarðanir sem kunna að verða teknar síðar skv. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1333/2008.

8) Í nákvæmu skilgreiningunum skal ekki vísa til skynmatsprófana varðandi bragð efnisins þar eð ekki er hægt að gera ráð fyrir að eftirlitsyfirvöld taki þá áhættu að bragða á efni.

9) Í nákvæmu skilgreiningunum skal ekki vísa til flokka þar eð slík tilvísun hefur ekkert aukið vægi.

10) Í nákvæmu skilgreiningunum skal ekki vísa til almennu breytunnar „þungmálma“ þar eð sú breyta tengist ekki eiturhrifum heldur öllu fremur almennri greiningaraðferð. Breytur sem varða einstaka þungmálma tengjast eiturhrifum og eru hluti af nákvæmu skilgreiningunum.

11) Tiltekin matvælaaukefni eru sem stendur skráð undir ýmsum heitum (karboxýmetýlsellulósi (E 466), víxltengdur natríumkarboxýmetýlsellulósi (E 468), karboxýmetýlsellulósi vatnsrofinn með ensími (E 469) og bývax, hvítt og gult (E 901) í ólíkum ákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 95/2/EB ([9]). Því skal í nákvæmu skilgreiningunum, sem er komið á með þessari reglugerð, vísa til þessara ólíku heita.

12) Núgildandi ákvæði um fjölhringa, arómatísk vetniskolefni (PAH) eru of almenns eðlis og varða ekki öryggi og því skal skipta þeim út fyrir hámarksgildi fyrir hvert og eitt fjölhringa, arómatískt vetniskolefni sem skiptir máli fyrir matvælaaukefnin viðarkolsvart (E 153) og örkristallað vax (E 905). Fastsetja skal svipuð hámarksgildi fyrir formaldehýð í karragenan (E 407) og unnið euchema-þang og þara (E 407 a), fyrir tilteknar örverufræðilegar viðmiðanir í agaræti (E 406) og innihaldi Salmonella spp. í mannitóli (E 421 (ii)) sem er framleitt með gerjun.

13) Heimilt skal að nota própan-2-ól (ísóprópanól, ísóprópýl-alkóhól) til framleiðslu á aukefnunum kúrkúmíni (E 100) og paprikukjarna (E 160 c), í samræmi við nákvæmar skilgreiningar sameiginlegu sérfræðinganefndarinnar, þar eð þessi tiltekna notkun telst örugg samkvæmt mati Matvælaöryggisstofnunarinnar ([10]). Heimilt skal að nota etanól í staðinn fyrir própan-2-ól við framleiðslu á gellangúmmíi (E 418) þegar lokaafurðin samræmist eigi að síður öllum öðrum nákvæmum skilgreiningum og etanól er talið valda minni öryggisvanda.

14) Tilgreina skal hlutfall litandi efnisþáttar í kókíníli, karmínsýru og karmínum (E 120), þar eð hámarksgildi skulu gilda um magn þess efnisþáttar.

15) Uppfæra skal númerakerfið fyrir undirflokka karótína (E 160 a) til að það verði í samræmi við númerakerfi Alþjóðamatvælaskrárinnar.

16) Nákvæmu skilgreiningarnar skulu einnig ná yfir fast form mjólkursýru (E 270), þar eð nú er hægt að framleiða hana á föstu formi án þess að það valdi öryggisvanda.

17) Aðlaga skal núgildandi hitagildi fyrir efnistap við þurrkun á mónónatríumsítrati (E 331 (i)) á vatnsfríu formi þar eð efnið brotnar niður við þær aðstæður sem nú eru skráðar. Einnig skal aðlaga þurrkunaraðstæður fyrir trínatríumsítrat (E 331 (iii)) til að bæta samanburðarnákvæmni aðferðarinnar.

18) Leiðrétta skal núgildandi eðlisgleypnigildi fyrir α-tókóferól (E 307) og í stað þurrgufunarstigsins fyrir sorbínsýru (E 200) skal koma „leysniprófun“ þar eð hið fyrrnefnda á ekki við. Uppfæra skal nákvæmu skilgreininguna fyrir uppsprettu baktería til framleiðslu á nísíni (E 234) og natamýsíni (E 235) samkvæmt núgildandi flokkunarfræðilegu nafnakerfi.

19) Þar eð nýjar og nýskapandi framleiðsluaðferðir, sem hafa í för með sér minna menguð matvælaaukefni, eru nú fyrir hendi er rétt að takmarka álinnihald í matvælaaukefnum. Til að stuðla að réttarvissu og banni við mismunun er rétt að veita framleiðendum matvælaaukefna umbreytingartímabil til að þeir geti lagað sig smám saman að þessum takmörkunum.

([8]) Vísindalegt álit sérfræðinganefndar Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um aðskotaefni í matvælaferlinu (CONTAM) um arsen í matvælum (Scientific Opinion on Arsenic in Food). Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2009 7(10), 1351.

([9]) Stjtíð. EB L 61, 18.3.1995, bls. 1.

([10]) Vísindalegt álit nefndar Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um aukefni í matvælum og næringarefni sem bætt er við matvæli varðandi endurmat á kúrkúmíni (E 100) sem matvælaaukefni (Scientific Opinion on the re-evaluation of curcumin (E 100) as a food additive). Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2010 8(9), 1679.

20) Fastsetja skal hámarksgildi fyrir álinnihald í matvælaaukefnum þegar við á og einkum fyrir kalsíumfosföt (E 341 (i)-(iii)), sem ætluð eru til notkunar í matvælum fyrir ungbörn og smábörn ([11]), samkvæmt viðkomandi áliti vísindanefndarinnar um matvæli frá 7. júní 1996 ([12]). Í því samhengi skal einnig fastsetja hámarksgildi fyrir ál í kalsíumsítrati (E 333).

21) Hámarksgildin fyrir ál í kalsíumfosfötum (E 341 (i)-(iii)), dínatríumdífosfati (E 450 (i)) og kalsíumtvívetnisdífosfati (E 450 (vii)) skulu vera í samræmi við álit Matvælaöryggisstofnunarinnar frá 22. maí 2008 ([13]). Lækka skal gildandi mörk þegar það er tæknilega mögulegt og þegar framlagið til heildarinntöku á áli er umtalsvert. Í því samhengi skal aðeins heimila álsetlitarefni í einstökum matvælalitarefnum ef það er tæknilega nauðsynlegt.

22) Ákvæði um hámarksgildi fyrir ál í tvíkalsíumfosfati (E 341 (ii)), tríkalsíumfosfati (E 341 (iii)) og kalsíumtvívetnisdífosfati (E 450 (vii)) skulu ekki valda röskun á markaðinum vegna mögulegs skorts á birgðum.

23) Samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 258/2010 frá 25. mars 2010 um setningu sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á gúargúmmíi, sem er upprunnið á Indlandi eða sent þaðan, vegna mengunaráhættu af völdum pentaklórfenóls og díoxína ([14]) skal setja hámarksgildi fyrir aðskotaefnið pentaklórfenól í gúargúmmíi (E 412).

24) Samkvæmt 48. forsendu í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006 frá 19. desember 2006 um hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum ([15]) er þess farið á leit við aðildarríkin að þau rannsaki hvort önnur matvæli en þau sem eru tilgreind í þeirri reglugerð innihaldi aðskotaefnið 3-MCPD til að meta hvort nauðsynlegt sé að setja hámarksgildi fyrir það efni. Frönsk yfirvöld hafa lagt fram gögn um mikinn styrk 3-MCPD í matvælaaukefninu glýseróli (E 422) og það meðaltalsmagn matvælaaukefnisins sem notað er í ólíkum matvælaflokkum. Setja skal hámarksgildi fyrir 3-MCPD í þessu tiltekna matvælaaukefni til að komast hjá því að mengun í endanlegu matvælunum sé meiri en leyfilegt er, með tilliti til þynningarstuðulsins.

25) Þar eð greiningaraðferðir hafa þróast skal uppfæra tilteknar, núgildandi nákvæmar skilgreiningar. Núgildandi viðmiðunarmörkin „ekki greinanlegt“ tengjast þróun greiningaraðferða og í stað þeirra skal koma sérstakt númer fyrir aukefnin sýruestera ein- og tvíglýseríða (E 472 a-f), pólýglýserólestera af fitusýrum (E 475) og própan-1,2-díólestera af fitusýrum (E 477).

26) Uppfæra skal nákvæmar skilgreiningar sem varða framleiðsluaðferðir fyrir sítrónusýruestera ein- og tvíglýseríða af fitusýrum (E 472 c) þar eð notkun á mildari söltum þeirra leysir nú af hólmi notkun basískra basa.

27) Núgildandi viðmiðunin „óbundnar fitusýrur“ fyrir aukefnin sítrónusýruesterar ein- og tvíglýseríða af fitusýrum (E 472 c) og ein- og díasetýlvínsýruestera ein- og tvíglýseríða af fitusýrum (E 472 e) er ekki viðeigandi. Í stað hennar skal koma viðmiðunin „sýrutala“, þar eð hún sýnir betur títrunarmat á óbundnu sýruhópunum. Þetta er í samræmi við 71. skýrslu sameiginlegu sérfræðinganefndarinnar um matvælaaukefni ([16]) þar sem þessi breyting var samþykkt að því er varðar ein- og díasetýlvínsýruestera ein- og tvíglýseríða af fitusýrum (E 472 e).

28) Leiðrétta skal lýsingu á aukefninu magnesíumoxíði (E 530), sem er sem stendur röng, í samræmi við upplýsingar sem framleiðendur leggja fram, til að hún verði í samræmi við Evrópsku lyfjaskrána ([17]). Einnig skal uppfæra núgildandi hámarksgildi fyrir afoxandi efnið í aukefninu glúkonsýru (E 574) þar eð ekki er tæknilega mögulegt að fara að því gildi. Að því er varðar mat á vatnsinnihaldi xýlítóls (E 967) skal, í stað núgildandi aðferðar sem byggir á „efnistapi við þurrkun“, koma aðferð sem á betur við.

29) Ekki skal færa tilteknar, nákvæmar skilgreiningar, sem nú gilda fyrir aukefnið kandelillavax (E 902), yfir í þessa reglugerð þar eð þær eru gallaðar. Að því er varðar kalsíumtvívetnisdífosfat (E 450 (vii)) skal leiðrétta núgildandi færslu varðandi P_2O_5-innihald.

30) Í núgildandi færslu „magngreining“ fyrir támatín (E 957) skal leiðrétta reiknistuðul. Þann stuðul skal nota í Kjeldahls-aðferðinni til að meta heildarinnihald efnisins á grundvelli mælingar á köfnunarefnisinnihaldi. Uppfæra skal reiknistuðulinn samkvæmt viðeigandi birtum skrifum fyrir támatín (E 957).

31) Matvælaöryggisstofnunin mat öryggi stevíólglýkósíða sem sætuefnis og lét í ljós álit sitt 10. mars 2010([18]). Notkun stevíólglýkósíða, sem var úthlutað númerinu

([11]) Eins og skilgreint er í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/125/EB frá 5. desember 2006 um unnin matvæli með korn sem uppistöðu og barnamat fyrir ungbörn og smábörn (kerfisbundin útgáfa), Stjtíð. ESB L 339, 6.12.2006, bls. 16.

([12]) Álit um aukefni í næringarefnablöndum til notkunar í ungbarnablöndur, stoðblöndur og afvenslunarfæðu. Skýrslur vísindanefndarinnar um matvæli (40. ritröð), bls 13–30 (1997).

([13]) Vísindalegt álit nefndar um aukefni í matvælum, bragðefni, hjálparefni við vinnslu og efniviði sem komast í snertingu við matvæli að beiðni framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um öryggi áls sem tekið er inn með fæðu. Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2008) 754, 1–34.

([14]) Stjtíð. ESB L 80, 26.3.2010, bls. 28.

([15]) Stjtíð. ESB L 364, 20.12.2006, bls. 5.

([16]) Tækniskýrsla Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, 956. ritröð, 2010 (WHO Technical Report Series, No 956, 2010).

([17]) Evrópska lyfjaskráin 7.0, 2. bindi bls. 2415–2416.

([18]) Vísindalegt álit nefndar Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um aukefni í matvælum og næringarefni sem bætt er við matvæli um öryggi stevíólglýkósíða við tillagða notkun sem matvælaaukefni (Scientific Opinion on the safety of steviol glycosides for the proposed uses as a food additive). Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2010 8(4), 1537.

E 960, var síðan leyfð á grundvelli vel skilgreindra notkunarskilyrða. Því skal samþykkja nákvæmar skilgreiningar fyrir þetta matvælaaukefni.

32) Vegna flokkunarfræðilegrar breytingar skal uppfæra núgildandi nákvæmar skilgreiningar fyrir grunnefni (ger) sem er notað í framleiðslu á erýtrítóli (E 968).

33) Að því er varðar kvillæjakjarna (E 999) skal aðlaga núgildandi nákvæma skilgreiningu að því er varðar sýrustig til að hún verði í samræmi við sameiginlegu sérfræðinganefndina.

34) Heimila skal notkun á samsetningu sítrónusýru og fosfórsýru (sem hvor um sig er sem stendur heimiluð til notkunar í framleiðslu á aukefninu pólýdextrósa (E 1200)), að því tilskildu að lokaafurðin uppfylli eigi að síður nákvæmar skilgreiningar fyrir hreinleika, þar eð þetta bætir afrakstur og leiðir til þess að auðveldara verður að stjórna hraðafræði efnahvarfa (e. reaction kinetics). Enginn öryggisvandi felst í slíkri breytingu.

35) Ólíkt því sem gildir um litlar sameindir er mólmassi fjölliðu ekki eitt einstakt gildi. Tiltekin fjölliða getur verið með dreifingu sameinda með mismunandi massa. Dreifingin getur farið eftir því hvernig fjölliðan er framleidd. Efnislegir eiginleikar og hegðun fjölliðu tengist massanum og dreifingu sameinda með tiltekinn massa í blöndunni. Hópur reiknilíkana lýsir blöndunni á ólíka vegu til að skýra dreifingu sameinda í blöndunni. Af þeim ólíku reiknilíkunum sem til eru er mælt með því í birtum vísindaskrifum að nota meðalmólþyngd miðað við þyngd (M_w) til að lýsa fjölliðum. Aðlaga skal nákvæmu skilgreiningarnar fyrir pólývínylpýrrólídón (E 1201) til samræmis við það.

36) Viðmiðunin „eimingarbil“, sem um getur í núgildandi nákvæmu skilgreiningunum fyrir própan-1,2 díól (E 1520), leiðir til mótsagnakenndra niðurstaða samanborið við niðurstöður úr magngreiningunni („innihald“). Þá viðmiðun skal því leiðrétta og nefna „eimingarprófun“.

37) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Nákvæmar skilgreiningar fyrir matvælaaukefni

Mælt er fyrir um nákvæmar skilgreiningar fyrir matvælaaukefni, þ.m.t. litarefni og sætuefni sem talin eru upp í II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Niðurfelling

Tilskipanir 2008/60/EB, 2008/84/EB og 2008/128/EB eru felldar úr gildi frá og með 1. desember 2012.

3. gr.

Umbreytingarráðstafanir

Matvæli sem innihalda matvælaaukefni, sem sett eru á markað á lögmætan hátt fyrir 1. desember 2012 en uppfylla ekki ákvæði þessarar reglugerðar, má setja áfram á markað þar til birgðir eru uppurnar.

4. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. desember 2012.

Nákvæmu skilgreiningarnar fyrir aukefnin stevíólglýkósíð (E 960) og basíska metakrýlatsamfjölliðu (E 1205), sem mælt er fyrir um í viðaukanum, skulu þó gilda frá gildistökudegi þessarar reglugerðar.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. mars 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Athugasemd: Óheimilt er að nota etýlenoxíð til þess að dauðhreinsa aukefni í matvælum

Álsetlitarefni má einungis nota í litarefni þegar það er greinilega merkt.

Skilgreining:	Álsetlitarefni eru framleidd með efnahvörfum litarefna, sem uppfylla hreinleikaskilyrði samkvæmt tæmandi gæðalýsingu efnanna, og súráls í vatnsmiðli. Súrálið er jafnan óþurrkað efni, nýmyndað með efnahvörfum álsúlfats eða álklóríðs og natríum- eða kalsíumkarbónats eða -bíkarbónats eða ammóníaks. Eftir myndun setlitarefnisins er það síað, skolað með vatni og þurrkað. Óhvarfað súrál kann einnig að finnast í lokaafurðinni.
Óleysanlegt efni í HCl	Ekki meira en 0,5%
Óleysanlegt efni í NaOH	Ekki meira en 0,5%, á eingöngu við um erýtrósín E 127
Efni sem er útdraganlegt í eter	Ekki meira en 0,2% (í hlutlausum miðli) Sérstök hreinleikaskilyrði fyrir tilsvarandi litarefni gilda jafnframt.

E 100 KÚRKÚMÍN

Samheiti	Litaskrárheiti (CI): náttúrugult 3, gullinrótargult (túrmerik-gult), díferóýlmetan
Skilgreining	Kúrkúmín fæst með leysisútdrætti úr túrmeriki, þ.e. úr jarðstönglum afbrigða Curcuma longa L. Til að fá fram hreint kúrkúmínduft er útdrátturinn kristallaður. Varan er aðallega gerð úr kúrkúmínum, þ.e. hinum eiginlega litandi efnisþætti (1,7-bis(4-hýdroxý-3-metoxýfenýl) hepta-1,6-díen-3,5-díón) og tveimur desmetoxýafleiðum hans í breytilegum hlutföllum. Í vörunni kann að vera olía og resín sem eru í túrmeriki í litlu magni frá náttúrunnar hendi. Kúrkúmín er einnig notað sem álsetlitarefnið, álinnihaldið er minna en 30%. Aðeins er heimilt að nota eftirtalda leysa við útdráttinn: etýlasetat, aseton, koltvísýring, díklórmetan, n-bútanól, metanól, etanól hexan og própan-2-ól.
Litaskrárnúmer	75300
EINECS-númer	207-280-5
Efnaheiti	I 1,7-bis(4-hýdroxý-3-metoxýfenýl)hepta-1,6-díen-3,5-díón II 1-(4-hýdroxýfenýl)-7-(4-hýdroxý-3-metoxý-fenýl-)hepta-1,6-díen-3,5-díón III 1,7-bis(4-hýdroxýfenýl)hepta-1,6-díen-3,5-díón
Efnaformúla	I $C_{21}H_{20}O_6$ II $C_{20}H_{18}O_5$ III $C_{19}H_{16}O_4$
Mólþyngd	I. 368,39 II. 338,39 III. 308,39
Magngreining	Innihald ekki minna en 90% af litunarefnum alls ($E_{1cm}^{1\%}$)1607 við u.þ.b 426 nm í etanóli
Lýsing	Appelsínugult, kristallað duft

Sanngreining		
Litrófsgreining	Hámark u.þ.b. 426 nm í etanóli	
Bræðslumarksbil	179–182 °C	
Hreinleiki		
Leysisleifar	Etýlasetat	Ekki meira en 50 mg/kg, hvert fyrir sig eða í samsetningum
	Aseton	
	n-bútanól	
	Metanól	
	Etanól	
	Hexan	
	Própan-2-ól	
	Díklórmetan: ekki meira en 10 mg/kg	
Arsen	Ekki meira en 3 mg/kg	
Blý	Ekki meira en 10 mg/kg	
Kvikasilfur	Ekki meira en 1 mg/kg	
Kadmíum	Ekki meira en 1 mg/kg	

Nota má álsetlitarefni úr þessu litarefni

E 101(i) RÍBÓFLAVÍN

Samheiti	Laktóflavín
Skilgreining	
Litaskrárnúmer	
EINECS-númer	201-507-1
Efnaheiti	7,8-Dímetýl-10-(D-ríbó-2,3,4,5-tetrahýdroxýpentýl)bensó(g) pterídín-2,4(3H,10H)-díón; 7,8-dímetýl-10-(1′-D-ríbítýl)ísóalloxasín
Efnaformúla	$C_{17}H_{20}N_4O_6$
Mólþyngd	376,37
Magngreining	Innihald ekki minna en 98%, miðað við vatnsfrítt form ($E_{1cm}^{1\%}$) 328 við u.þ.b. 444 nm í vatnslausn
Lýsing	Gult til appelsínugult, kristallað duft sem lyktar lítillega

Sanngreining	
Litrófsgreining	Hlutfallið A_{375}/A_{267} er á bilinu 0,31 til 0,33 Hlutfallið A_{444}/A_{267} er á bilinu 0,36 til 0,39 } í vatnslausn
	Hámark u.þ.b. 375 nm í vatni
Eðlissnúningur	$[\alpha]_D^{20}$ á bilinu – 115° til – 140° í 0,05 N natríumhýdroxíðlausn
Hreinleiki	
Efnistap við þurrkun	Ekki meira en 1,5% (105 °C, 4 klukkustundir)
Súlfataska	Ekki meira en 0,1%
Eingreind, arómatísk amín	Ekki meira en 100 mg/kg (reiknað sem anilín)
Arsen	Ekki meira en 3 mg/kg
Blý	Ekki meira en 2 mg/kg
Kvikasilfur	Ekki meira en 1 mg/kg
Kadmíum	Ekki meira en 1 mg/kg

E 101 (II) RÍBÓFLAVÍN-5'-FOSFAT

Samheiti	Natríumríbóflavín-5'-fosfat
Skilgreining	Þessar nákvæmu skilgreiningar gilda um ríbóflavín-5´-fosfat með óbundnu ríbóflavíni og ríbóflavíndífosfati í litlu magni.
Litaskrárnúmer	
EINECS-númer	204-988-6
Efnaheiti	Mónónatríum(2R,3R,4S)-5-(3')10'-díhýdró-7',8'-dímetýl-2',4'-díoxó-10'- bensó[γ]pterídínýl)-2,3,4-tríhýdroxýpentýlfosfat, mónónatríumsalt af 5'-mónófosfatester af ríbóflavíni
Efnaformúla	Fyrir tvívatnaða formið: $C_{17}H_{20}N_4NaO_9P \cdot 2H_2O$ Í vatnsfríu formi: $C_{17}H_{20}N_4NaO_9P$
Mólþyngd	514,36
Magngreining	Innihald ekki minna en 95% af litunarefnum alls, reiknað sem $C_{17}H_{20}N_4NaO_9P.2H_2O$ ($E_{1cm}^{1\%}$) 250 við u.þ.b. 375 nm í vatnslausn

Lýsing	Gult til appelsínugult kristallað, ídrægt duft sem lyktar lítillega
Sanngreining	
Litrófsgreining	Hlutfallið A_{375}/A_{267} er á bilinu 0,30 til 0,34 Hlutfallið A_{444}/A_{267} er á bilinu 0,35 til 0,40 } í vatnslausn Hámark u.þ.b. 375 nm í vatni
Eðlissnúningur	$[\alpha]_D^{20}$ á bilinu + 38° til + 42° í 5 M saltsýrulausn
Hreinleiki	
Efnistap við þurrkun	Ekki meira en 8% (100 °C, 5 klukkustundir í lofttæmi yfir P_2O_5) fyrir tvívatnaða formið
Súlfataska	Ekki meira en 25%
Ólífrænt fosfat	Ekki meira en 1,0% (reiknað sem PO_4 miðað við vatnsfrítt form)
Önnur litunarefni	Ríbóflavín (óbundið): Ekki meira en 6% Ríbóflavíndífosfat: Ekki meira en 6%
Eingreind, arómatísk amín	Ekki meira en 70 mg/kg (reiknað sem anilín)
Arsen	Ekki meira en 3 mg/kg
Blý	Ekki meira en 2 mg/kg
Kvikasilfur	Ekki meira en 1 mg/kg
Kadmíum	Ekki meira en 1 mg/kg

E 102 TARTRASÍN

Samheiti	Litaskrárheiti: matargult 4
Skilgreining	Tartrasín er framleitt úr 4-amínó-bensensúlfónsýru, sem er díasóuð með saltsýru og natríumnítríti. Díasósambandið er svo tengt við 4,5-díhýdró-5-oxó-1-(4-súlfófenýl)-1H-pýrasól-3-karboxýlsýru eða við metýlesterinn, etýlesterinn eða salt karboxýlsýrunnar. Leysiliturinn sem þannig fæst er hreinsaður og einangraður sem natríumsalt. Tartrasín samanstendur aðallega af trínatríum 5-hýdroxý-1-(4-súlfónatófenýl)-4-(4-súlfónatófenýlasó)-H-pýrasól-3-karboxýlati og öðrum litunarefnum ásamt natríumklóríði og/eða natríumsúlfati sem helstu ólituðu efnisþáttunum. Lýsingin á tartrasíni á við efnið sem natríumsalt. Kalsíum- og kalíumsöltin eru einnig leyfileg.
Litaskrárnúmer	19140
EINECS-númer	217-699-5
Efnaheiti	Trínatríum-5-hýdroxý-1-(4-súlfónatófenýl)-4- (4-súlfónatófenýlasó)-H-pýrasól-3-karboxýlat

Efnaformúla	$C_{16}H_9N_4Na_3O_9S_2$
Mólþyngd	534,37
Magngreining	Innihald ekki minna en 85% af litunarefnum alls, reiknað sem natríumsalt
	($E_{1cm}^{1\%}$) 530 við u.þ.b. 426 nm í vatnslausn
Lýsing	Ljóst, appelsínugult duft eða kyrni
Útlit vatnslausnar	Gul
Sanngreining	
Litrófsgreining	Hámark u.þ.b. 426 nm í vatni
Hreinleiki	
Vatnsóleysanlegt efni	Ekki meira en 0,2%
Önnur litunarefni	Ekki meira en 1,0%
Lífræn efnasambönd, önnur en litunarefni:	
4-hýdrasínóbensensúlfónsýra	Ekki meira en 0,5% alls
4-amínóbensen-1-súlfónsýra	
5-oxó-1-(4-súlfófenýl)-2-pýrasólín-3-karboxýlsýra	
4,4′-díasóamínódí(bensensúlfónsýra)	
Tetrahýdroxýrafsýra	
Ósúlfuð, eingreind, arómatísk amín	Ekki meira en 0,01% (reiknað sem anilín)
Efni sem er útdraganlegt í eter	Ekki meira en 0,2% í hlutlausum miðli
Arsen	Ekki meira en 3 mg/kg
Blý	Ekki meira en 2 mg/kg
Kvikasilfur	Ekki meira en 1 mg/kg
Kadmíum	Ekki meira en 1 mg/kg

Nota má álsetlitarefni úr þessu litarefni

E 104 KÍNÓLÍNGULT

Samheiti	Litaskrárheiti: matargult 13
Skilgreining	Kínólíngult er framleitt með súlfun 2-(2-kínólýl) indan-1,3-díóns eða blöndu sem inniheldur u.þ.b. tvo þriðju 2-(2-kínólýl)indan-1,3-díóns og einn þriðja 2-(2-(6-metýlkínólýl))indan-1,3-díóns. Kínólíngult samanstendur aðallega af natríumsöltum af blöndu dísúlfónata (að mestu leyti), mónósúlfónata og trísúlfónata framangreinds efnasambands og öðrum litunarefnum ásamt natríumklóríði og/eða natríumsúlfati sem helstu ólituðu efnisþáttunum. Lýsingin á kínólíngulu á við efnið sem natríumsalt. Kalsíum- og kalíumsöltin eru einnig leyfileg.
Litaskrárnúmer	47005
EINECS-númer	305-897-5
Efnaheiti	Tvínatríumsölt dísúlfónata 2-(2-kínólýl)indan-1,3-díóns (helsti efnisþáttur)
Efnaformúla	$C_{18}H_9N\ Na_2O_8S_2$ (helsti efnisþáttur)
Mólþyngd	477,38 (helsti efnisþáttur)
Magngreining	Innihald ekki minna en 70% af litunarefnum alls, reiknað sem natríumsalt Samsetning kínólínguls skal vera sem hér segir: Af heildarinnihaldi litunarefna skal: – minnst 80% vera dínatríum-2-(2-kínólýl)indan-1,3-díón-dísúlfónöt – mest 15% vera natríum-2-(2-kínólýl)indan-1,3-díón-mónósúlfónöt – mest 7,0% vera trínatríum-2-(2-kínólýl)indan-1,3-díón-trísúlfónat ($E_{1cm}^{1\%}$) 865 (helsti efnisþáttur) við u.þ.b. 411 nm í ediksúrri vatnslausn
Lýsing	Gult duft eða kyrni
Útlit vatnslausnar	Gul
Sanngreining	
Litrófsgreining	Hámark u.þ.b. 411 nm í ediksúrri vatnslausn með pH-gildið 5
Hreinleiki	
Vatnsóleysanlegt efni	Ekki meira en 0,2%
Önnur litunarefni	Ekki meira en 4,0%
Lífræn efnasambönd, önnur en litunarefni:	

2-metýlkínólín	Ekki meira en 0,5% alls
2-metýlkínólín-súlfónsýra	
Þalsýra	
2,6-dímetýlkínólín	
2,6-dímetýlkínólínsúlfónsýra	
2-(2-kínólýl)indan-1,3-díón	Ekki meira en 4 mg/kg
Ósúlfuð, eingreind, arómatísk amín	Ekki meira en 0,01% (reiknað sem anilín)
Efni sem er útdraganlegt í eter	Ekki meira en 0,2% í hlutlausum miðli
Arsen	Ekki meira en 3 mg/kg
Blý	Ekki meira en 2 mg/kg
Kvikasilfur	Ekki meira en 1 mg/kg
Kadmíum	Ekki meira en 1 mg/kg

Nota má álsetlitarefni úr þessu litarefni

E 110 SÓLSETURSGULT FCF

Samheiti	Litaskrárheiti: matargult 3, appelsínugult S
Skilgreining	Sólsetursgult FCF samanstendur aðallega af dínatríum-2-hýdroxý-1-(4-súlfonatófenýlasó)naftalen-6-súlfonati og öðrum litarefnum ásamt natríumklóríði og/eða natríumsúlfati sem helstu óliðuðu efnisþáttunum. Sólsetursgult FCF er framleitt með því að díasóa 4-amínóbensensúlfónsýru með saltsýru og natríumnítríti eða brennisteinssýru og natríumnítríti. Díasósambandið er tengt við 6-hýdroxý-2-naftalen-súlfónsýru. Leysiliturinn er einangraður sem natríumsalt og þurrkaður. Lýsingin á sólsetursgulu FCF á við efnið sem natríumsalt. Kalsíum- og kalíumsöltin eru einnig leyfileg.
Litaskrárnúmer	15985
EINECS-númer	220-491-7
Efnaheiti	Dínatríum-2-hýdroxý-1-(4-súlfónatófenýlasó)naftalín-6-súlfónat
Efnaformúla	$C_{16}H_{10}N_2Na_2O_7S_2$
Mólþyngd	452,37
Magngreining	Innihald ekki minna en 85% af litunarefnum alls, reiknað sem natríumsalt ($E_{1cm}^{1\%}$) 555 við u.þ.b. 485 nm í vatnslausn með pH-gildið 7
Lýsing	Appelsínurautt duft eða kyrni
Útlit vatnslausnar	Appelsínugul

Sanngreining	
Litrófsgreining	Hámark u.þ.b. 485 nm í vatni með pH-gildið 7
Hreinleiki	
Vatnsóleysanlegt efni	Ekki meira en 0,2%
Önnur litunarefni	Ekki meira en 5,0%
1-(fenýlasó)-2-naftalenól (Súdan I)	Ekki meira en 0,5 mg/kg
Lífræn efnasambönd, önnur en litunarefni:	
4-amínóbensen-1-súlfónsýra	Ekki meira en 0,5% alls
3-hýdroxýnaftalín-2,7-dísúlfónsýra	
6-hýdroxýnaftalín-2-súlfónsýra	
7-hýdroxýnaftalín-1,3-dísúlfónsýra	
4,4′-díasóamínódí(bensensúlfónsýra)	
6,6′-oxýdí(naftalín-2-súlfónsýra)	
Ósúlfuð, eingreind, arómatísk amín	Ekki meira en 0,01% (reiknað sem anilín)
Efni sem er útdraganlegt í eter	Ekki meira en 0,2% í hlutlausum miðli
Arsen	Ekki meira en 3 mg/kg
Blý	Ekki meira en 2 mg/kg
Kvikasilfur	Ekki meira en 1 mg/kg
Kadmíum	Ekki meira en 1 mg/kg

Nota má álsetlitarefni úr þessu litarefni

E 120 KÓKÍNÍL, KARMÍNSÝRA, KARMÍN

Samheiti	Litaskrárheiti: náttúrurautt 4
Skilgreining	Karmín og karmínsýra eru framleidd úr vatnsútdrætti, útdrætti vatns og vínanda eða útdrætti vínanda úr kókíníl sem er samsett úr þurrkuðum líkömum kvendýra af skordýrategundinni Dactylopius coccus Costa. Hinn litandi efnisþáttur er karmínsýra. Unnt er að framleiða álsetlitarefni úr karmínsýru (karmín) þar sem ál og karmínsýra eru talin vera í mólhlutfallinu 1:2.

	Í verslunarvörum er hinn litandi efnisþáttur ásamt ammóníum-, kalsíum-, kalíum- eða natríumplúsjónum, einum sér eða saman, og geta þessar plúsjónir verið í of miklu magni. Í verslunarvörum geta einnig verið prótín úr sjálfu skordýrinu og óbundið karmínat eða smáleifar óbundinna álplúsjóna.
Litaskrárnúmer	75470
EINECS-númer	Kókíníl: 215-680-6, karmínsýra: 215-023-3, karmín: 215-724-4
Efnaheiti	7-β-D-glúkópýranósýl-3,5,6,8-tetrahýdroxý-1-metýl-9,10-díoxóantrasen-2-karboxýlsýra (karmínsýra). Karmín er vatnað álklósamband þessarar sýru
Efnaformúla	$C_{22}H_{20}O_{13}$ (karmínsýra)
Mólþyngd	492,39 (karmínsýra)
Magngreining	Útdrættir með karmínsýru innihalda að lágmarki 2% af karmínsýru, klósambönd innihalda að lágmarki 50% af karmínsýru.
Lýsing	Rautt, allt að dökkrautt, auðmulið fast efni eða duft. Kókínílútdráttur er oftast dökkrauður vökvi en getur einnig verið þurr í duftformi.
Sanngreining	
Litrófsgreining	Hámark u.þ.b. 518 nm í vatnskenndri ammoníakslausn Fyrir karmínsýru: hámark u.þ.b. 494 nm í þynntri saltsýrulausn ($E_{1cm}^{1\%}$) 139 við toppgildi við u.þ.b. 494 nm í þynntri saltsýru fyrir karmínsýru
Hreinleiki	
Arsen	Ekki meira en 3 mg/kg
Blý	Ekki meira en 5 mg/kg
Kvikasilfur	Ekki meira en 1 mg/kg
Kadmíum	Ekki meira en 1 mg/kg

Nota má álsetlitarefni úr þessu litarefni

E 122 ASÓRÚBÍN, KARMÓSÍN

Samheiti	Litaskrárheiti: matarrautt 3
Skilgreining	Asorúbín samanstendur aðallega af dínatríum-4-hýdroxý-3-(4-súlfonató-1-naftýlasó) naftalín-1-súlfonati og öðrum litunarefnum ásamt natríumklóríði og/eða natríumsúlfati sem helstu ólituðu efnisþáttunum. Lýsingin á asórúbíni á við efnið sem natríumsalt. Kalsíum- og kalíumsöltin eru einnig leyfileg.
Litaskrárnúmer	14720

EINECS-númer	222-657-4
Efnaheiti	Dínatríum-4-hýdroxý-3-(4-súlfónató-1-naftýlasó)naftalín-1-súlfónat
Efnaformúla	$C_{20}H_{12}N_2Na_2O_7S_2$
Mólþyngd	502,44
Magngreining	Innihald ekki minna en 85% af litunarefnum alls, reiknað sem natríumsalt
	($E_{1cm}^{1\%}$) 510 við u.þ.b. 516 nm í vatnslausn
Lýsing	Rautt, allt að rauðbrúnt, duft eða kyrni
Útlit vatnslausnar	Rauð
Sanngreining	
Litrófsgreining	Hámark u.þ.b. 516 nm í vatni
Hreinleiki	
Vatnsóleysanlegt efni	Ekki meira en 0,2%
Önnur litunarefni	Ekki meira en 1%
Lífræn efnasambönd, önnur en litunarefni:	
4-amínónaftalín-1-súlfónsýra 4-hýdroxýnaftalín-1-súlfónsýra	Ekki meira en 0,5% alls
Ósúlfuð, eingreind, arómatísk amín	Ekki meira en 0,01% (reiknað sem anilín)
Efni sem er útdraganlegt í eter	Ekki meira en 0,2% í hlutlausum miðli
Arsen	Ekki meira en 3 mg/kg
Blý	Ekki meira en 2 mg/kg
Kvikasilfur	Ekki meira en 1 mg/kg
Kadmíum	Ekki meira en 1 mg/kg

Nota má álsetlitarefni úr þessu litarefni

E 123 AMARANT

Samheiti	Litaskrárheiti: matarrautt 9
Skilgreining	Amarant samanstendur aðallega af trínatríum-2-hýdroxý-1-(4-súlfónató-1-naftýlasó) naftalín-3,6-dísúlfónati og öðrum litunarefnum ásamt natríumklóríði og/eða natríumsúlfati sem helstu ólituðu efnisþáttunum. Amarant er framleitt með því að tengja 4-amínó-1-naftalensúlfónsýru við 3-hýdroxý-2,7-naftalendísúlfónsýru.

	Lýsingin á amaranti á við efnið sem natríumsalt. Kalsíum- og kalíumsöltin eru einnig leyfileg.
Litaskrárnúmer	16185
EINECS-númer	213-022-2
Efnaheiti	Trínatríum-2-hýdroxý-1-(4-súlfónató-1-naftýlasó)naftalín-3,6-dísúlfónat
Efnaformúla	$C_{20}H_{11}N_2Na_3O_{10}S_3$
Mólþyngd	604,48
Magngreining	Innihald ekki minna en 85% af litunarefnum alls, reiknað sem natríumsalt
	($E_{1cm}^{1\%}$) 440 við u.þ.b. 520 nm í vatnslausn
Lýsing	Rauðbrúnt duft eða kyrni
Útlit vatnslausnar	Rauð
Sanngreining	
Litrófsgreining	Hámark u.þ.b. 520 nm í vatni
Hreinleiki	
Vatnsóleysanlegt efni	Ekki meira en 0,2%
Önnur litunarefni	Ekki meira en 3,0%
Lífræn efnasambönd, önnur en litunarefni:	
4-amínónaftalín-1-súlfónsýra	Ekki meira en 0,5% alls
3-hýdroxýnaftalín-2,7-dísúlfónsýra	
6-hýdroxýnaftalín-2-súlfónsýra	
7-hýdroxýnaftalín-1,3-dísúlfónsýra	
7-hýdroxýnaftalín-1,3-6-trísúlfónsýra	
Ósúlfuð, eingreind, arómatísk amín	Ekki meira en 0,01% (reiknað sem anilín)
Efni sem er útdraganlegt í eter	Ekki meira en 0,2% í hlutlausum miðli
Arsen	Ekki meira en 3 mg/kg
Blý	Ekki meira en 2 mg/kg
Kvikasilfur	Ekki meira en 1 mg/kg
Kadmíum	Ekki meira en 1 mg/kg

Nota má álsetlitarefni úr þessu litarefni

E 124 HÁRAUTT 4R, KÓKÍNÍLRAUTT A

Samheiti	Litaskrárheiti: matarrautt 7, nýtt kokkín
Skilgreining	Hárautt 4R samanstendur aðallega af trínatríum-2-hýdroxý-1-(4-súlfónató-1-naftýlasó)naftalín-6,8-dísúlfónati og öðrum litunarefnum ásamt natríumklóríði og/eða natríumsúlfati sem helstu ólituðu efnisþáttunum. Hárautt 4R er framleitt með því að tengja díasóaða naftensýru við G-sýru (2-naftól-6,8- dísúlfónsýru) og breyta afurð tengingarinnar í þrínatríumsalt. Lýsingin á hárauðu 4R á við efnið sem natríumsalt. Kalsíum- og kalíumsöltin eru einnig leyfileg.
Litaskrárnúmer	16255
EINECS-númer	220-036-2
Efnaheiti	Trínatríum-2-hýdroxý-1-(4-súlfónató-1-naftýlasó)naftalín-6,8-dísúlfónat
Efnaformúla	$C_{20}H_{11}N_2Na_3O_{10}S_3$
Mólþyngd	604,48
Magngreining	Innihald ekki minna en 80% af litunarefnum alls, reiknað sem natríumsalt. ($E_{1cm}^{1\%}$) 430 við u.þ.b. 505 nm í vatnslausn
Lýsing	Rauðleitt duft eða kyrni
Útlit vatnslausnar	Rauð
Sanngreining	
Litrófsgreining	Hámark u.þ.b. 505 nm í vatni
Hreinleiki	
Vatnsóleysanlegt efni	Ekki meira en 0,2%
Önnur litunarefni	Ekki meira en 1,0%
Lífræn efnasambönd, önnur en litunarefni:	
4-amínónaftalín-1-súlfónsýra	Ekki meira en 0,5% alls
7-hýdroxýnaftalín-1,3-dísúlfónsýra	
3-hýdroxýnaftalín-2,7-dísúlfónsýra	
6-hýdroxýnaftalín-2-súlfónsýra	
7-hýdroxýnaftalín-1,3-6-trísúlfónsýra	
Ósúlfuð, eingreind, arómatísk amín	Ekki meira en 0,01% (reiknað sem anilín)

Efni sem er útdraganlegt í eter	Ekki meira en 0,2% í hlutlausum miðli
Arsen	Ekki meira en 3 mg/kg
Blý	Ekki meira en 2 mg/kg
Kvikasilfur	Ekki meira en 1 mg/kg
Kadmíum	Ekki meira en 1 mg/kg

Nota má álsetlitarefni úr þessu litarefni

E 127 ERÝTRÓSÍN

Samheiti	Litaskrárheiti: matarrautt 14
Skilgreining	Erýtrósín samanstendur aðallega af dínatríum-2-(2,4,5,7-tetrajoð-3-oxídó-6-oxóxanten-9-ýl) bensóatmónóhýdrati og öðrum litunarefnum ásamt vatni, natríumklóríði og/eða natríumsúlfati sem helstu ólituðu efnisþáttunum. Erýtrósín er framleitt með því að joða flúrskinslausn, þéttingarafurð resorsínóls og þalanhýdríðs. Lýsingin á erýtrósíni á við efnið sem natríumsalt. Kalsíum- og kalíumsöltin eru einnig leyfileg.
Litaskrárnúmer	45430
EINECS-númer	240-474-8
Efnaheiti	Dínatríum-2-(2,4,5,7-tetrajoð-3-oxídó-6-oxóxanten-9-ýl) bensóatmónóhýdrat
Efnaformúla	$C_{20}H_6I_4Na_2O_5\ H_2O$
Mólþyngd	897,88
Magngreining	Innihald ekki minna en 87% af litunarefnum alls, reiknað sem vatnsfrítt natríumsalt ($E_{1cm}^{1\%}$) 1100 við u.þ.b. 526 nm í vatnslausn með pH-gildið 7
Lýsing	Rautt duft eða kyrni
Útlit vatnslausnar	Rauð
Sanngreining	
Litrófsgreining	Hámark u.þ.b. 526 nm í vatni með pH-gildið 7
Hreinleiki	
Ólífræn joðíð	Ekki meira en 0,1% (reiknað sem natríumjoðíð)
Vatnsóleysanlegt efni	Ekki meira en 0,2%
Önnur litunarefni (nema flúrskinslausn)	Ekki meira en 4,0%
Flúrskinslausn	Ekki meira en 20 mg/kg

Lífræn efnasambönd, önnur en litunarefni:	
Tríjoðresorsínól	Ekki meira en 0,2%
2-(2,4-tvívetnis-3,5-díjoðbensóýl) bensósýra	Ekki meira en 0,2%
Efni sem er útdraganlegt í eter	Ekki meira en 0,2% úr lausn með pH-gildi frá 7 til og með 8
Arsen	Ekki meira en 3 mg/kg
Blý	Ekki meira en 2 mg/kg
Kvikasilfur	Ekki meira en 1 mg/kg
Kadmíum	Ekki meira en 1 mg/kg

Nota má álsetlitarefni úr þessu litarefni.

E 129 ALLÚRARAUTT AC

Samheiti	Litaskrárheiti: matarrautt 17
Skilgreining	Allúrarautt AC samanstendur aðallega af dínatríum-2-hýdroxý-1-(2-metoxý-5-metýl-4-súlfonatófenýlasó) naftalín-6-súlfónati og öðrum litunarefnum ásamt natríumklóríði og/eða natríumsúlfati sem helstu ólituðu efnisþáttunum. Allúrarautt AC er framleitt með því að tengja díasóaða 5-amínó-4-metoxý-2-tóluensúlfónsýru við 6-hýdroxý-2-naftalensúlfónsýru. Lýsingin á allúrarauðu AC á við efnið sem natríumsalt. Kalsíum- og kalíumsöltin eru einnig leyfileg.
Litaskrárnúmer	16035
EINECS-númer	247-368-0
Efnaheiti	Dínatríum-2-hýdroxý-1-(2-metoxý-5-metýl-4-súlfónatófenýlasó) naftalín-6-súlfónat
Efnaformúla	$C_{18}H_{14}N_2Na_2O_8S_2$
Mólþyngd	496,42
Magngreining	Innihald ekki minna en 85% af litunarefnum alls, reiknað sem natríumsalt ($E_{1cm}^{1\%}$) 540 við u.þ.b. 504 nm í vatnslausn með pH-gildið 7
Lýsing	Dökkrautt duft eða kyrni
Útlit vatnslausnar	Rauð
Sanngreining	
Litrófsgreining	Hámark u.þ.b. 504 nm í vatni

Hreinleiki	
Vatnsóleysanlegt efni	Ekki meira en 0,2%
Önnur litunarefni	Ekki meira en 3,0%
Lífræn efnasambönd, önnur en litunarefni:	
6-hýdroxý-2-naftalínsúlfónsýra, natríumsalt	Ekki meira en 0,3%
4-amínó-5-metoxý-2-metýlbensensúlfónsýra	Ekki meira en 0,2%
6,6-oxýbis (2-naftalínsúlfónsýra)-dínatríumsalt	Ekki meira en 1,0%
Ósúlfuð, eingreind, arómatísk amín	Ekki meira en 0,01% (reiknað sem anilín)
Efni sem er útdraganlegt í eter	Ekki meira en 0,2% úr lausn með pH-gildið 7
Arsen	Ekki meira en 3 mg/kg
Blý	Ekki meira en 2 mg/kg
Kvikasilfur	Ekki meira en 1 mg/kg
Kadmíum	Ekki meira en 1 mg/kg

Nota má álsetlitarefni úr þessu litarefni

E 131 PATENTBLÁTT V

Samheiti	Litaskrárheiti: matarblátt 5
Skilgreining	Patentblátt V samanstendur aðallega af kalsíum- eða natríumsamböndum innra salts [4-(α-(4-díetýlamínófenýl)-5-hýdroxý-2,4-dísúlfófenýl-metýlíden)2,5-sýklóhexadíen-1-ýlíden] díetýlammóníumhýdroxíðs og öðrum litunarefnum ásamt natríumklóríði og/eða natríumsúlfati sem helstu ólituðu efnisþáttunum. Kalíumsaltið er einnig leyfilegt.
Litaskrárnúmer	42051
EINECS-númer	222-573-8
Efnaheiti	Kalsíum- eða natríumsamband innra salts [4-(α-(4-díetýlamínófenýl)-5-hýdroxý-2,4-dísúlfófenýl-metýlíden)-2,5-sýklóhexadíen-1-ýlíden] díetýl-ammóníumhýdroxíðs
Efnaformúla	Kalsíumsamband: $C_{27}H_{31}N_2O_7S_2Ca_{1/2}$ Natríumsamband: $C_{27}H_{31}N_2O_7S_2Na$
Mólþyngd	Kalsíumsamband: 579,72 Natríumsamband: 582,67

Magngreining	Innihald ekki minna en 85% af litunarefnum alls, reiknað sem natríumsalt ($E_{1cm}^{1\%}$) 2000 við u.þ.b. 638 nm í vatnslausn með pH-gildið 5
Lýsing	Dökkblátt duft eða kyrni
Útlit vatnslausnar	Blá
Sanngreining	
Litrófsgreining	Hámark 638 nm í vatni með pH-gildið 5
Hreinleiki	
Vatnsóleysanlegt efni	Ekki meira en 0,2%
Önnur litunarefni	Ekki meira en 2,0%
Lífræn efnasambönd, önnur en litunarefni:	
3-hýdroxýbensaldehýð 3-hýdroxýbensósýra 3-hýdroxý-4-súlfóbensósýra N,N-díetýlamínóbensensúlfónsýra	Ekki meira en 0,5% alls
Hvítbasi	Ekki meira en 4,0%
Ósúlfuð, eingreind, arómatísk amín	Ekki meira en 0,01% (reiknað sem anilín)
Efni sem er útdraganlegt í eter	Ekki meira en 0,2% úr lausn með pH-gildið 5
Arsen	Ekki meira en 3 mg/kg
Blý	Ekki meira en 2 mg/kg
Kvikasilfur	Ekki meira en 1 mg/kg
Kadmíum	Ekki meira en 1 mg/kg

Nota má álsetlitarefni úr þessu litarefni

E 132 INDÍGÓTÍN, INDÍGÓKARMÍN

Samheiti	Litaskrárheiti: matarblátt 1
Skilgreining	Indígótín samanstendur aðallega af blöndu af dínatríum 3,3′díoxó-2,2′-bí-indólýlíden-5,5′-dísúlfónati og dínatríum 3,3′-díoxó-2,2′-bí-indólýlíden-5,7′-dísúlfónati og öðrum litunarefnum ásamt natríumklóríði og/eða natríumsúlfati sem helstu ólituðu efnisþáttunum.

	Lýsingin á indígótíni á við efnið sem natríumsalt. Kalsíum- og kalíumsöltin eru einnig leyfileg. Indígókarmín fæst með súlfóneringu indígós. Þetta er gert með því að hita indígó (eða maukkennt indígó) með aðstoð brennisteinssýru. Leysiliturinn er einangraður og hreinsaður.
Litaskrárnúmer	73015
EINECS-númer	212-728-8
Efnaheiti	Dínatríum-3,3′-díoxó-2,2′-bí-indólýlíden-5,5′-dísúlfónat
Efnaformúla	$C_{16}H_8N_2Na_2O_8S_2$
Mólþyngd	466,36
Magngreining	Innihald ekki minna en 85% af litunarefnum alls, reiknað sem natríumsalt, dínatríum-3,3′-díoxó-2,2′-bí-indólýlíden-5,7′-dísúlfónat: ekki meira en 18% ($E_{1cm}^{1\%}$) 480 við u.þ.b. 610 nm í vatnslausn
Lýsing	Dökkblátt duft eða kyrni
Útlit vatnslausnar	Blá
Sanngreining	
Litrófsgreining	Hámark u.þ.b. 610 nm í vatni
Hreinleiki	
Vatnsóleysanlegt efni	Ekki meira en 0,2%
Önnur litunarefni	Önnur en dínatríum-3,3′-díoxó-2,2′-bí-indólýlíden-5,7′-dísúlfónat: ekki meira en 1,0%
Lífræn efnasambönd, önnur en litunarefni:	
Ísatín-5-súlfónsýra	Ekki meira en 0,5% alls
5-súlfóantranílsýra	
Antranílsýra	
Ósúlfuð, eingreind, arómatísk amín	Ekki meira en 0,01% (reiknað sem anilín)
Efni sem er útdraganlegt í eter	Ekki meira en 0,2% í hlutlausum miðli
Arsen	Ekki meira en 3 mg/kg
Blý	Ekki meira en 2 mg/kg

Kvikasilfur	Ekki meira en 1 mg/kg
Kadmíum	Ekki meira en 1 mg/kg

Nota má álsetlitarefni úr þessu litarefni

E 133 SKÆRBLÁTT FCF

Samheiti	Litaskrárheiti: matarblátt 2
Blý	Ekki meira en 2 mg/kg

E 1519 BENSÝLALKÓHÓL

Samheiti	Fenýlkarbínól, fenýlmetýlalkóhól, bensenmetanól, α-hýdroxýtólúen
Skilgreining	
EINECS-númer	
Efnaheiti	Bensýlalkóhól, fenýlmetanól
Efnaformúla	C_7H_8O
Mólþyngd	108,14
Magngreining	Ekki minna en 98,0%
Lýsing	Litlaus, tær vökvi með daufri arómatískri lykt
Sanngreining	
Leysni	Leysanlegt í vatni, etanóli og eter
Brotstuðull	$[n]_D^{20}$ 1,538-1,541
Eðlisþyngd (25/25 °C)	1.042-1.047
Prófun fyrir peroxíð	Stenst prófunina
Eimingarbil	Ekki minna en 95% m.v. rúmmálshlutfall, eimast á bilinu 202–208 °C

Hreinleiki	
Sýrutala	Ekki meira en 0,5
Aldehýð	Ekki meira en 0,2% m.v. rúmmálshlutfall (sem bensaldehýð)
Blý	Ekki meira en 2 mg/kg

E 1520 PRÓPAN-1,2-DÍÓL

Samheiti	Própýlenglýkól
Skilgreining	
EINECS-númer	200-338-0
Efnaheiti	1,2- díhýdroxýprópan
Efnaformúla	$C_3H_8O_2$
Mólþyngd	76,10
Magngreining	Innihald ekki minna en 99,5%, miðað við vatnsfrítt form
Lýsing	Tær, litlaus, ídrægur, seigfljótandi vökvi
Sanngreining	
Leysni	Leysanlegt í vatni, etanóli og asetoni
Eðlisþyngd (20 °C/20 °C)	1.035-1.040
Brotstuðull	$[n]_D^{20}$: 1.431-1.433
Hreinleiki	
Eimingarprófun	99,5% afurðarinnar eimast á bilinu 185–189 °C. Þau 0,5% sem eftir standa eru aðallega tvíliður og snefilmagn af þríliðum úr própýlenglýkóli.
Súlfataska	Ekki meira en 0,07%
Vatnsinnihald	Ekki meira en 1,0% (aðferð Karls Fischers)
Blý	Ekki meira en 2 mg/kg

E 1521 PÓLÝETÝLENGLÝKÓL

Samheiti	PEG, makrógól, pólýetýlenoxíð
Skilgreining	Viðbótarfjölliður etýlenoxíðs og vatns sem eru yfirleitt auðkenndar með tölu sem samsvarar gróflega mólþyngdinni.
Efnaheiti	α-hýdró-ω-hýdroxýpólý (oxý-1,2-etandíól)
Efnaformúla	$(C_2H_4O)_n H_2O$ (n = fjöldi etýlenoxíðeininga sem samsvara mólþyngdinni 6000, um 140)
Meðalmólþyngd	380 til 9000 Da
Magngreining	PEG 400: Ekki minna en 95% og ekki meira en 105% PEG 3000: Ekki minna en 90% og ekki meira en 110% PEG 3350: Ekki minna en 90% og ekki meira en 110% PEG 4000: Ekki minna en 90% og ekki meira en 110% PEG 6000:Ekki minna en 90% og ekki meira en 110% PEG 8000: Ekki minna en 87,5% og ekki meira en 112,5%

Lýsing	PEG 400 er tær, seigfljótandi, litlaus eða næstum litlaus ídrægur vökvi
	PEG 3000, PEG 3350, PEG 4000, PEG 6000 og PEG 8000 eru hvít eða næstum hvít föst efni með vaxkennt eða paraffínkennt útlit
Sanngreining	
Bræðslumarksbil	PEG 400: 4–8 °C
	PEG 3000: 50-56 °C
	PEG 3350: 53–57 °C
	PEG 4000: 53–59 °C
	PEG 6000:55–61 °C
	PEG 8000: 55–62 °C
Seigja	PEG 400: 105 til 130 mPa.s við 20 °C
	PEG 3000: 75 til 100 mPa.s við 20 °C
	PEG 3350: 83 til 120 mPa.s við 20 °C
	PEG 4000: 110 til 170 mPa.s við 20 °C
	PEG 6000: 200 til 270 mPa.s við 20 °C
	PEG 8000: 260 til 510 mPa.s við 20 °C
	Seigja pólýetýlenglýkóla með meðalmólþyngd yfir 400 er ákvörðuð með 50% lausn miðað við massa af efninu, sem er til prófunar, í vatni
Leysni	PEG 400 er blandanlegt með vatni, mjög leysanlegt í asetoni, alkóhóli og metýlenklóríði, nánast óleysanlegt í fituolíum og jarðolíum
	PEG 3000 og PEG 3350: mjög leysanleg í vatni og metýlenklóríði, mjög lítillega leysanleg í alkóhóli, nánast óleysanleg í fituolíum og jarðolíum
	PEG 4000, PEG 6000 og PEG 8000: mjög leysanleg í vatni og metýlenklóríði, nánast óleysanleg í alkóhóli og fituolíum og jarðolíum
Hreinleiki	
Hýdroxýltala	PEG 400: 264–300
	PEG 3000: 34–42
	PEG 3350: 30-38
	PEG 4000: 25–32
	PEG 6000: 16–22
	PEG 8000: 12–16
Súlfataska	Ekki meira en 0,2%
1,4-díoxan	Ekki meira en 10 mg/kg
Etýlenoxíð	Ekki meira en 0,2 mg/kg
Etýlenglýkól og díetýlenglýkól	Í heildina ekki meira en 0,25% massahlutfall, sitt í hvoru lagi eða í samsetningum
Blý	Ekki meira en 1 mg/kg

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 493/2012 **2013/EES/14/02**

frá 11. júní 2012

þar sem mælt er fyrir um ítarlegar reglur, samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/66/EB, varðandi útreikning á endurvinnslunýtni í endurvinnsluferlum fyrir notaðar rafhlöður og rafgeyma (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/66/EB frá 6. september 2006 um rafhlöður og rafgeyma og notaðar rafhlöður og rafgeyma og um niðurfellingu tilskipunar 91/157/EBE ([1]), einkum a-lið 6. mgr. 12. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Endurvinnsluferli fyrir notaðar blý- og nikkelkadmíumrafhlöður og -rafgeyma og aðrar rafhlöður og rafgeyma, hvort sem þau eru hluti af röð ferla eða sjálfstæð ferli, skulu fullnægja kröfum um lágmarksendurvinnslunýtni eins og sett er fram í B-hluta III. viðauka við tilskipun 2006/66/EB.

2) Mæla skal fyrir um ítarlegar reglur til viðbótar við B-hluta III. viðauka við tilskipun 2006/66/EB til að reikna út endurvinnslunýtni.

3) Rétt þykir að skilgreina endurvinnsluferlið sem ferli sem hefst eftir að notuðum rafhlöðum og rafgeymum, sem endurvinnslustöð tekur við, hefur verið safnað saman og mögulega flokkuð og/eða búin undir endurvinnslu og lýkur þegar frálagsþættir verða til sem skulu notaðir í upprunalegum tilgangi eða öðrum tilgangi án frekari meðhöndlunar og sem teljast ekki lengur vera úrgangur. Í hverju endurvinnsluferli skulu kröfur um endurvinnslunýtni uppfylltar í því skyni að stuðla að framförum að því er varðar núverandi endurvinnsluaðferðir og þróun nýrrar tækni til endurvinnslu og meðhöndlunar.

4) Nauðsynlegt er að skilgreina undirbúning fyrir endurvinnslu sem undirbúningsstarfsemi áður en endurvinnsla fer fram til að aðgreina hann frá endurvinnsluferli notuðu rafhlaðnanna og rafgeymanna.

5) Endurvinnslunýtni endurvinnsluferlanna að því er varðar notaðar rafhlöður og rafgeyma skal reiknuð út með tilvísun í efnasamsetningu ílags- og frálagsþáttanna og með hliðsjón af nýjustu þróun á sviði tækni og vísinda og skal hún gerð aðgengileg öllum.

6) Nauðsynlegt er að samræma upplýsingarnar sem endurvinnsluaðilar skulu gefa upp til að hægt sé að vakta hvort kröfurnar um endurvinnslunýtni séu uppfylltar í gervöllu Evrópusambandinu.

7) Endurvinnsluaðilar notaðra rafhlaðna og rafgeyma þurfa a.m.k. 18 mánuði til að laga tæknileg ferli sín að nýju kröfunum um útreikninga á endurvinnslunýtni.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 39. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB ([2]).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Gildissvið

Þessi reglugerð gildir um ferlin sem beitt er til endurvinnslu notaðra rafhlaðna og rafgeyma frá 1. janúar 2014.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „endurvinnsluferli“: hvers kyns endurvinnsluaðgerð, eins og um getur í 8. mgr. 3. gr. tilskipunar 2006/66/EB, sem er beitt með tilliti til notaðra blý- og nikkelkadmíumrafhlaðna og -rafgeyma og annarra rafhlaðna og rafgeyma og hefur í för með sér að til verða frálagsþættir eins og skilgreint er í 5. lið þessarar greinar. Endurvinnsluferlið felur ekki í sér flokkun og/eða undirbúning fyrir endurvinnslu/förgun og það getur farið fram í einni stöð eða fleiri,

2) „undirbúningur fyrir endurvinnslu“: meðhöndlun notaðra rafhlaðna og/eða rafgeyma áður en hvers kyns endurvinnsluferli fer fram, þ.m.t. geymsla, meðferð, sundurhlutun rafhlöðupakka eða aðskilnaður þátta sem eru ekki hluti af rafhlöðunni eða rafgeyminum sjálfum,

3) „endurvinnslunýtni“ endurvinnsluferlis: það hlutfall sem fæst með því að deila massa frálagsþátta úr endurvinnslu með massa ílagsþáttar notuðu rafhlaðnanna og rafgeymanna, gefið upp sem hundraðshluti,

4) „ílagsþáttur“: massi notaðra rafhlaðna og rafgeyma sem er safnað saman og sett í endurvinnsluferlið eins og skilgreint er í I. viðauka,

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 151, 12.6.2012, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 213/2012 frá 7. desember 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 266, 26.9.2006, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 312, 22.11.2008, bls. 3.

5) „frálagsþáttur“: massi efna sem verða til úr ílagsþættinum sem afleiðing af endurvinnsluferlinu, eins og skilgreint er í I. viðauka, án frekari meðhöndlunar og er ekki lengur úrgangur eða verður notaður í upprunalegum tilgangi eða öðrum tilgangi, að undanskildri endurnýtingu orku.

3. gr.

Útreikningur á endurvinnslunýtni

1. Nota skal aðferðina sem sett er fram í I. viðauka til að reikna út endurvinnslunýtni ferlis til endurvinnslu á notuðum blý- og nikkelkadmíumrafhlöðum og -rafgeymum og öðrum rafhlöðum og rafgeymum.

2. Nota skal aðferðina sem sett er fram í II. viðauka til að reikna út hlutfall endurunnins blýinnihalds í hverju endurvinnsluferli.

3. Nota skal aðferðina sem sett er fram í III. viðauka til að reikna út hlutfall endurunnins kadmíuminnihalds í hverju endurvinnsluferli.

4. Endurvinnsluaðilar skulu árlega gefa upp upplýsingarnar sem sýndar eru í IV., V. og VI. viðauka, eftir því sem við á, og senda þær lögbærum yfirvöldum aðildarríkisins eigi síðar en fjórum mánuðum eftir lok almanaksársins sem um ræðir. Endurvinnsluaðilar skulu senda fyrstu ársskýrslur sínar eigi síðar en 30. apríl 2015.

5. Skýrslugjöf um endurvinnslunýtni skal ná yfir öll þrep endurvinnslu fyrir sig og alla samsvarandi frálagsþætti.

6. Þegar endurvinnsluferli fer fram í fleiri en einni stöð skal fyrsti endurvinnsluaðilinn bera ábyrgð á að leggja upplýsingarnar, sem krafist er skv. 4. lið, fyrir lögbær yfirvöld aðildarríkisins.

4. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. júní 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

forseti.

José Manuel BARROSO

I. VIÐAUKI

Aðferð til útreiknings á endurvinnslunýtni endurvinnsluferlis fyrir notaðar rafhlöður og rafgeyma

1. Endurvinnslunýtni endurvinnsluferlis er reiknað út á eftirfarandi hátt:

$$R_E = \frac{\sum m_{frálags}}{m_{ílags}} \times 100, \text{ [massa-\%]}$$

þar sem:

R_E = reiknuð *endurvinnslunýtni* endurvinnsluferlis að því er varðar 4. mgr. 12. gr. tilskipunar 2006/66/EB [í massa %],

$m_{frálags}$ = *massi frálagsþátta úr endurvinnslu á almanaksári*,

$m_{ílags}$ = *massi ílagsþátta sem fara í endurvinnsluferli rafhlaða á almanaksári.*

2. Endurvinnslunýtni endurvinnsluferlis er reiknuð út sérstaklega fyrir eftirfarandi tegundir notaðra rafhlaðna:

   – blýrafhlöður og -rafgeyma,

   – nikkelkadmíumrafhlöður og -rafgeyma og

   – aðrar rafhlöður og rafgeyma.

3. Endurvinnslunýtni er reiknuð út á grundvelli heildarefnasamsetningar ílags- og frálagsþáttanna (frumefni/efnasambönd). Eftirfarandi skal gilda um ílagsþáttinn:

   – Endurvinnsluaðilar skulu ákvarða hluta ólíkra tegunda notaðra rafhlaðna eða rafgeyma sem eru til staðar í ílagsþætti með því að gera flokkunargreiningu á þættinum (með stöðugu eða dæmigerðu úrtaki).

   – Efnasamsetning hverrar tegundar notaðrar rafhlöðu eða rafgeymis sem er til staðar í ílagsþættinum skal ákvörðuð á grundvelli efnasamsetningar nýrra rafhlaðna og rafgeyma þegar þau eru sett á markað eða á grundvelli fáanlegra gagna endurvinnsluaðila eða upplýsinga frá framleiðendum rafhlaðna,

   – Endurvinnsluaðilar skulu ákvarða heildarefnasamsetningu ílagsþáttarins með því að beita efnasamsetningargreiningunni á þær tegundir rafhlaðna eða rafgeyma sem eru til staðar í ílagsþættinum.

4. Losun út í andrúmsloftið er ekki reiknuð með í endurvinnslunýtninni.

5. Massi frálagsþátta úr endurvinnslu er massi, miðað við þurrvigt, þeirra frumefna eða efnasambanda sem eru í þáttum sem verða til við endurvinnslu notaðra rafhlaðna og rafgeyma á almanaksári [í tonnum]. Eftirfarandi er m.a. reiknað með í frálagsþáttunum:

   – Kolefnið sem er í raun notað sem afoxunarefni eða sem er hluti frálagsþáttar endurvinnsluferlisins, ef það kemur úr notuðu rafhlöðunum og rafgeymunum í ílagsþættinum, með því skilyrði að það sé vottað af óháðri vísindastofnun og gert aðgengilegt öllum. Við útreikning endurvinnslunýtni er ekki reiknað með það kolefni sem er notað til endurnýtingar orku.

   – Súrefni sem er notað sem oxandi efni, ef það kemur úr notuðu rafhlöðunum og rafgeymunum í ílagsþættinum og ef það er hluti frálagsþáttar endurvinnsluferlisins. Við útreikning endurvinnslunýtni er ekki reiknað með súrefni frá andrúmsloftinu.

   – Rafhlöðu- og rafgeymaefni í gjalli, sem hentar til endurvinnslu og er notað til endurvinnslu, eins og skilgreint er í 8. mgr. 3. gr. tilskipunar 2006/66/EB, nema að því er varðar urðun eða fyllingaraðgerðir, að því tilskildu að það sé í samræmi við landsbundnar kröfur.

6. *Massi ílagsþátta sem fara í endurvinnsluferli rafhlaðnanna* er massi notaðra rafhlaðna og rafgeyma, miðað við þurrvigt, sem er safnað saman og settir í endurvinnsluferlið á almanaksári [í tonnum], þ.m.t.:

   – vökvar og sýrur,

   – massi ytri hlífar notaðra rafhlaðna og rafgeyma,

   – og að undanskildum:

   – massa ytri hlífa rafhlöðupakka.

II. VIÐAUKI

Aðferð til útreiknings á hlutfalli endurunnins blýinnihalds

1. Hlutfall endurunnins blýinnihalds er reiknað út á eftirfarandi hátt:

$$R_{Pb} = \frac{\sum m_{Pbfrálags}}{m_{Pbílags}} \times 100, \text{ [massa-\%]}$$

þar sem:

R_{Pb} = reiknað *hlutfall endurunnins blýs* (Pb) úr endurvinnsluferli í tilgangi 4. mgr. 12. gr. tilskipunar 2006/66/EB [í massa-%],

$m_{Pb\ frálags}$ = *massi Pb í frálagsþáttum úr endurvinnslu* er hluti Pb í þessum þáttum sem verða til við endurvinnslu blýrafhlaðna og -rafgeyma á almanaksári [í tonnum],

$m_{Pb\ ílags}$ = *massi Pb í ílagsþættinum sem settur er í endurvinnsluferli rafhlaðna* er skilgreindur sem árlegt meðaltal Pb-innihalds notaðra blýrafhlaðna og -rafgeyma, margfaldað með ílagsmassa blýrafhlaðna og -rafgeyma á almanaksári [í tonnum].

2. Í frálagsþættinum er ekki reiknað með blýinu (Pb) í gjalli í lok endurvinnsluferlisins við útreikning hlutfalls endurunnins blýinnihalds.

———

III. VIÐAUKI

Aðferð til útreiknings á hlutfalli endurunnins kadmíuminnihalds

1. Hlutfall endurunnins kadmíuminnihalds er reiknað út á eftirfarandi hátt:

$$R_{Cd} = \frac{\sum m_{Cdfrálags}}{m_{Cdílags}} \times 100, \text{ [massa-\%]}$$

þar sem:

R_{Cd} = reiknað *hlutfall endurunnins kadmíums* (Cd) úr endurvinnsluferli í tilgangi 4. mgr. 12. gr. tilskipunar 2006/66/EB [í massa-%],

$m_{Cd\ frálags}$ = *massi Cd í frálagsþáttum úr endurvinnslu* er hluti Cd í þessum þáttum sem verða til við endurvinnslu nikkelkadmíumrafhlaðna og -rafgeyma á almanaksári [í tonnum],

$m_{Cd\ ílags}$ = *massi Cd í ílagsþættinum sem settur eru í endurvinnsluferli rafhlaðna* er skilgreindur sem árlegt meðaltal Cd-innihalds notaðra nikkelkadmíumrafhlaðna og -rafgeyma, margfaldað með ílagsmassa nikkelkadmíumrafhlaðna og -rafgeyma á almanaksári [í tonnum].

2. Í frálagsþættinum er ekki reiknað með kadmíuminu (Cd) í gjalli í lok endurvinnsluferlisins við útreikning hlutfalls endurunnins kadmíuminnihalds.

———

IV. VIÐAUKI

Skýrslugjöf um endurvinnslunýtni að því er varðar blýrafhlöður og -rafgeyma

1. Að því er varðar blýrafhlöður og -rafgeyma sem settir eru í endurvinnsluferlið skal gefa upp eftirfarandi upplýsingar:

Endurvinnslunýtni endurvinnsluferlis fyrir rafhlöður (blýrafhlöður)	
Almanaksár	
Stöð ([1])	
Nafn	
Gata	
Borg	
Land	
Tengiliður	
Tölvupóstfang	
Sími	
Lýsing á endurvinnsluferlinu fyrir rafhlöður í heild ([2]):	

Ílag í endurvinnsluferlið fyrir rafhlöður í heild ([3])					
Lýsing á notuðum rafhlöðum og rafgeymum	EWC-númer (valfrjálst)	Massi ([4])	Heildarsamsetning ílags		$m_{ílags}$
		tonn/ári	Frumefni eða efnasamband	massa-%	[tonn/ári]
			Frumefni eða efnisþættir sem eru ekki hluti af ílagsþáttunum		
			Óhreinindi ([8])		
			Ytri hlíf rafhlöðupakka		
			Vatn (H_2O)		
			Annað		
			Frumefni eða efnisþættir sem eru hluti af ílagsþáttunum		
			Blý (Pb)		
			Brennisteinssýra (H_2SO_4)		
			Plast		
			Annað		
			$m_{ílags}$ í heild ([5])		
			$m_{frálags}$, Pb ([5])		
			$m_{frálags}$ í heild ([5])		
Endurvinnslunýtni (R_E) ([6]): $m_{frálags}/m_{ílags}$			massa-%		
Hlutfall endurunnins Pb (R_{Pb}) ([7]): $m_{Pb\ frálags}/m_{Pb\ ílags}$			massa-%		

Athugasemdir:

([1]) Lýsing á notuðum rafhlöðum og rafgeymum við móttöku eftir að þeim hefur verið safnað saman, flokkuð og undirbúin fyrir endurvinnslu.

([2]) Lýsing á endurvinnsluferlinu fyrir rafhlöður í heild, án tillits til þess hvort ein stöð eða fleiri annast framkvæmdina (þ.m.t. lýsing á hverju endurvinnsluþrepi og frálagsþáttum þeirra).

([3]) Lýsing á notuðum rafhlöðum og rafgeymum við móttöku eftir að þeim hefur verið safnað saman, flokkuð og undirbúin fyrir endurvinnslu.

([4]) Massi notaðra rafhlaðna og rafgeyma, miðað við rakt ástand, við móttöku eftir söfnun, flokkun og undirbúning fyrir endurvinnslu (við útreikning endurvinnslunýtninnar skal draga frá massa aðskildra óhreininda og ytri hlífa rafhlöðupakka auk vatnsinnihalds eins og tilgreint er í reitnum „heildarsamsetning“).

([5]) Gögn flutt úr 2. hluta IV. viðauka.
([6]) Reiknað með formúlunni fyrir RE á grundvelli gagna sem greint er frá skv. 2. hluta IV. viðauka.
([7]) Reiknað með formúlunni fyrir RPb á grundvelli gagna sem greint er frá skv. 2. hluta IV. viðauka
([8]) Dæmi um óhreinindi eru plast, ebónítflögur, járnhlutir/-hlutar, trefjar úr rusli úr rafeindabúnaði, bráðið ál.

2. Að því er varðar hvert þrep endurvinnsluferlis blýrafhlaðna og -rafgeyma skal gefa upp eftirfarandi upplýsingar:

Númer þreps í ferlinu	**1**	
Almanaksár		
Stöð ([1])		
Nafn		
Gata		
Borg		
Land		
Tengiliður		
Tölvupóstfang		
Sími		
Lýsing á viðkomandi þrepi í ferlinu:		

Ílag (þættir notaðra rafhlaðna eða rafgeyma) ([2])

Lýsing á ílagi	EWC-númer (valfrjálst)	Massi
		tonn/ári

Frálag

(1) *Milliþættir* ([3])

Lýsing á þætti	EWC-númer (valfrjálst)	Massi ([4])	Frekari meðhöndlun	Viðtakandi ([5])	Frekari þrep í ferlinu
		tonn/ári		Nafn	
					1_1
					1_2
					1_3
					1_4
					1_5
					1_6
					1_7
					1_8
					1_9
					1_10

(2) *Endanlegir frálagsþættir úr endurvinnslu* ([6])

Frumefni eða efnasamband ([7])	Þáttur (ekki úrgangur) sem inniheldur frumefnið eða efnasambandið	Styrkur frumefnisins eða efnasambandsins í þættinum	Massi frumefnisins eða efnasambandsins sem fæst úr ílagi rafhlaðna	Afdrif þáttarins	
		massa-%	tonn/ári		

Frumefni eða efnasamband ([7])	Þáttur (ekki úrgangur) sem inniheldur frumefnið eða efnasambandið	Styrkur frumefnisins eða efnasambandsins í þættinum	Massi frumefnisins eða efnasambandsins sem fæst úr ílagi rafhlaðna	Afdrif þáttarins	
		massa-%	tonn/ári		
		$m_{frálags}$, Pb			
		$m_{frálags}$ í heild			

Athugasemdir:

([1]) Stöð sem annast viðkomandi þrep í ferlinu.
([2]) Í þrepi 1 = sama og ílagið sem fer í endurvinnsluferlið fyrir rafhlöður í heild.Í síðari þrepum = milliþættir úr undanfarandi þrepi í ferlinu.
([3]) Milliþættir = þættir sem eru ætlaðir síðari þrepi eða þrepum í endurvinnsluferlinu.
([4]) Kemur úr ílagi rafhlaðna (þurrmassi).
([5]) Stöð sem milliþátturinn er sendur til eða — ef næsta þrep í ferlinu fer fram innan sömu stöðvar — sama stöð og 1.
([6]) Endanlegir frálagsþættir úr endurvinnslu = sem eru ekki lengur úrgangur og sem verða notaðir í upprunalegum tilgangi eða öðrum tilgangi án frekari meðhöndlunar, að undanskildri endurnýtingu orku. Sjá einnig dæmin í 5. lið I. viðauka.
([7]) Frumefni og efnasambönd, ef þau voru hluti af ílagi rafhlaðnanna (notaðar rafhlöður). Sjá sérákvæði og dæmi í 5. lið I. viðauka. Að því er varðar blý (Pb) í gjalli, sjá ákvæðin í 2. lið II. viðauka. Blý skal færa inn sem „Pb“.

V. VIÐAUKI

Skýrslugjöf um endurvinnslunýtni að því er varðar nikkelkadmíumrafhlöður og -rafgeyma

1. Að því er varðar nikkelkadmíumrafhlöður og -rafgeyma sem settir eru í endurvinnsluferlið skal gefa upp eftirfarandi upplýsingar:

Endurvinnslunýtni endurvinnsluferlis fyrir rafhlöður (nikkelkadmíumrafhlöður)	
Almanaksár	
Stöð ([1])	
Nafn	
Gata	
Borg	
Land	
Tengiliður	
Tölvupóstfang	
Sími	
Lýsing á endurvinnsluferlinu fyrir rafhlöður í heild ([2]):	

Ílag í endurvinnsluferlið fyrir rafhlöður í heild ([3])					
Lýsing á notuðum rafhlöðum og rafgeymum	EWC-númer (valfrjálst)	Massi ([4]) tonn/ári	Heildarsamsetning ílags		$m_{ílags}$
			Frumefni eða efnasamband	massa-%	[tonn/ári]
			Frumefni eða efnisþættir sem eru ekki hluti af ílagsþáttunum		
			Óhreinindi ([8])		
			Ytri hlíf rafhlöðupakka		
			Vatn (H_2O)		
			Annað		
			Frumefni eða efnisþættir sem eru hluti af ílagsþáttunum		
			Kadmíum (Cd)		
			Nikkel (Ni)		
			Járn (Fe)		
			Plast		
			Rafkleyft efni		
			$m_{ílags}$ í heild ([5])		
			$m_{frálags}$, Cd ([5])		
			$m_{frálags}$, í heild ([5])		
Endurvinnslunýtni (R_E) ([6]): $m_{frálags}/m_{ílags}$			massa-%		
Hlutfall endurunnins Pb (R_{Pb}) ([7]): $m_{Pb\ frálags}/m_{Pb\ ílags}$			massa-%		

Athugasemdir:

([1]) Stöð sem endurvinnur notaðar rafhlöður og rafgeyma eftir að þeim hefur verið safnað saman og flokkuð.

([2]) Lýsing á endurvinnsluferlinu fyrir rafhlöður í heild, án tillits til þess hvort ein stöð eða fleiri annast framkvæmdina (þ.m.t. lýsing á hverju endurvinnsluþrepi og frálagsþáttum þeirra).

([3]) Lýsing á notuðum rafhlöðum og rafgeymum við móttöku eftir að þeim hefur verið safnað saman, flokkuð og undirbúin fyrir endurvinnslu.

([4]) Massi notaðra rafhlaðna og rafgeyma, miðað við rakt ástand, við móttöku eftir söfnun og flokkun (við útreikning endurvinnslunýtninnar skal draga frá massa aðskildra óhreininda og ytri hlífa rafhlöðupakka auk vatnsinnihalds eins og tilgreint er í reitnum „heildarsamsetning“).

([5]) Gögn flutt úr 2. hluta V. viðauka.
([6]) Reiknað með formúlunni fyrir RE á grundvelli gagna sem greint er frá skv. 2. hluta V. viðauka.
([7]) Reiknað með formúlunni fyrir RCd á grundvelli gagna sem greint er frá skv. 2. hluta V. viðauka.
([8]) Dæmi um óhreinindi eru plast, ebónítflögur, járnhlutir/-hlutar, trefjar úr rusli úr rafeindabúnaði, bráðið ál.

2. Að því er varðar hvert þrep endurvinnsluferlis nikkelkadmíumrafhlaðna og -rafgeyma skal gefa upp eftirfarandi upplýsingar:

Númer þreps í ferlinu	**1**	
Almanaksár		
Stöð ([1])		
Nafn		
Gata		
Borg		
Land		
Tengiliður		
Tölvupóstfang		
Sími		
Lýsing á viðkomandi þrepi í ferlinu:		

Ílag (þættir notaðra rafhlaðna eða rafgeyma) ([2])			
Lýsing á ílagi	EWC-númer (valfrjálst)	Massi	
		tonn/ári	

Frálag					
(1) *Milliþættir* ([3])					
Lýsing á þætti	EWC-númer (valfrjálst)	Massi ([4])	Frekari meðhöndlun	Viðtakandi ([5])	Frekari þrep í ferlinu
		tonn/ári		Nafn	
					1_1
					1_2
					1_3
					1_4
					1_5
					1_6
					1_7
					1_8
					1_9
					1_10

(2) *Endanlegir frálagsþættir úr endurvinnslu* ([6])					
Frumefni eða efnasamband ([7])	Þáttur (ekki úrgangur) sem inniheldur frumefnið eða efnasambandið	Styrkur frumefnisins eða efnasambandsins í þættinum	Massi frumefnisins eða efnasambandsins sem fæst úr ílagi rafhlaðna	Afdrif þáttarins	
		massa-%	tonn/ári		

Frumefni eða efnasamband ([7])	Þáttur (ekki úrgangur) sem inniheldur frumefnið eða efnasambandið	Styrkur frumefnisins eða efnasambandsins í þættinum	Massi frumefnisins eða efnasambandsins sem fæst úr ílagi rafhlaðna	Afdrif þáttarins	
		massa-%	tonn/ári		
		$m_{frálags}$, Pb			
		$m_{frálags}$ í heild			

Athugasemdir:

([1]) Stöð sem annast viðkomandi þrep í ferlinu.
([2]) Í þrepi 1 = sama og ílagið sem fer í endurvinnsluferlið fyrir rafhlöður í heild.
Í síðari þrepum = milliþættir úr undanfarandi þrepi í ferlinu.
([3]) Milliþættir = þættir sem eru ætlaðir síðari þrepi eða þrepum í endurvinnsluferlinu.
([4]) Kemur úr ílagi rafhlaðna (þurrmassi).
([5]) Stöð sem milliþátturinn er sendur til eða — ef næsta þrep í ferlinu fer fram innan sömu stöðvar — sama stöð og 1.
([6]) Endanlegir frálagsþættir úr endurvinnslu= sem verða notaðir í upprunalegum tilgangi eða öðrum tilgangi án frekari meðhöndlunar, sjá einnig dæmi í 5. lið I. viðauka.
([7]) Frumefni og efnasambönd, ef þau voru hluti af ílagi rafhlaðnanna (notaðar rafhlöður). Sjá sérákvæði og dæmi í 5. lið I. viðauka. Að því er varðar kadmíum (Cd) í gjalli, sjá ákvæðin í 2. lið III. viðauka. Kadmíum skal færa inn sem „Cd“.

VI. VIÐAUKI

Skýrslugjöf um endurvinnslunýtni að því er varðar aðrar rafhlöður og rafgeyma

1. Að því er varðar aðrar rafhlöður og rafgeyma sem settir eru í endurvinnsluferlið skal gefa upp eftirfarandi upplýsingar:

Endurvinnslunýtni endurvinnsluferlis fyrir rafhlöður (aðrar rafhlöður)	
Almanaksár	
Stöð ([1])	
Nafn	
Gata	
Borg	
Land	
Tengiliður	
Tölvupóstfang	
Sími	
Lýsing á endurvinnsluferlinu fyrir rafhlöður í heild ([2]):	

Ílag í endurvinnsluferlið fyrir rafhlöður í heild ([3])					
Lýsing á notuðum rafhlöðum og rafgeymum	EWC-númer (valfrjálst)	Massi ([4]) tonn/ári	Heildarsamsetning ílags		$m_{ílags}$
			Frumefni eða efnasamband	massa-%	[tonn/ári]
			Frumefni eða efnisþættir sem eru ekki hluti af ílagsþáttunum		
			Óhreinindi ([8])		
			Ytri hlíf rafhlöðupakka		
			Vatn (H_2O)		
			Annað		
			Frumefni eða efnisþættir sem eru hluti af ílagsþáttunum		
			Málmar (t.d. Fe, Mn, Zn, Ni, Co, Li, Ag, Cu, Al)		
			Kvikasilfur (Hg)		
			Kolefni		
			Plast		
			Rafkleyft efni		
			$m_{ílags}$ í heild ([5])		
			$m_{frálags}$, í heild ([5])		
Endurvinnslunýtni (R_E) ([6]):	$m_{frálags}/m_{ílags}$		massa-%		

Athugasemdir:

([1]) Lýsing á notuðum rafhlöðum og rafgeymum við móttöku eftir að þeim hefur verið safnað saman, flokkuð og undirbúin fyrir endurvinnslu.

([2]) Lýsing á endurvinnsluferlinu fyrir rafhlöður í heild, án tillits til þess hvort ein stöð eða fleiri annast framkvæmdina (þ.m.t. lýsing á hverju endurvinnsluþrepi og frálagsþáttum þeirra).

([3]) Lýsing á notuðum rafhlöðum og rafgeymum við móttöku eftir að þeim hefur verið safnað saman, flokkuð og undirbúin fyrir endurvinnslu.

([4]) Massi notaðra rafhlaðna og rafgeyma, miðað við rakt ástand, við móttöku eftir söfnun, flokkun og undirbúning fyrir endurvinnslu (við útreikning endurvinnslunýtninnar skal draga frá massa aðskildra óhreininda og ytri hlífa rafhlöðupakka auk vatnsinnihalds eins og tilgreint er í reitnum „heildarsamsetning“).

([5]) Gögn flutt úr 2. hluta V. viðauka.
([6]) Reiknað með formúlunni fyrir R_E á grundvelli gagna sem greint er frá skv. 2. hluta V. viðauka.
([7]) Dæmi um óhreinindi eru plast, ebónítflögur, járnhlutir/-hlutar, trefjar úr rusli úr rafeindabúnaði, bráðið ál.

2. Að því er varðar hvert þrep endurvinnsluferlis annarra rafhlaðna og rafgeyma skal gefa upp eftirfarandi upplýsingar:

Númer þreps í ferlinu	**1**	
Almanaksár		
Stöð ([1])		
Nafn		
Gata		
Borg		
Land		
Tengiliður		
Tölvupóstfang		
Sími		
Lýsing á viðkomandi þrepi í ferlinu:		

Ílag (þættir notaðra rafhlaðna eða rafgeyma) ([2])			
Lýsing á ílagi	EWC-númer (valfrjálst)	Massi	
		tonn/ári	

Frálag					
(1) *Milliþættir* ([3])					
Lýsing á þætti	EWC-númer (valfrjálst)	Massi ([4])	Frekari meðhöndlun	Viðtakandi ([5])	Frekari þrep í ferlinu
		tonn/ári		Nafn	
					1_1
					1_2
					1_3
					1_4
					1_5
					1_6
					1_7
					1_8
					1_9
					1_10

(2) *Endanlegir frálagsþættir úr endurvinnslu* ([6])					
Frumefni eða efnasamband ([7])	Þáttur (ekki úrgangur) sem inniheldur frumefnið eða efnasambandið	Styrkur frumefnisins eða efnasambandsins í þættinum	Massi frumefnisins eða efnasambandsins sem fæst úr ílagi rafhlaðna	Afdrif þáttarins	
		massa-%	tonn/ári		

Frumefni eða efnasamband ([7])	Þáttur (ekki úrgangur) sem inniheldur frumefnið eða efnasambandið	Styrkur frumefnisins eða efnasambandsins í þættinum	Massi frumefnisins eða efnasambandsins sem fæst úr ílagi rafhlaðna	Afdrif þáttarins	
		massa-%	tonn/ári		
		$m_{frálags}$ í heild			

Athugasemdir:

([1]) Stöð sem annast viðkomandi þrep í ferlinu.
([2]) Í þrepi 1 = sama og ílagið sem fer í endurvinnsluferlið fyrir rafhlöður í heild.
Í síðari þrepum = milliþættir úr undanfarandi þrepi í ferlinu.
([3]) Milliþættir = þættir sem eru ætlaðir síðari þrepi eða þrepum í endurvinnsluferlinu.
([4]) Kemur úr ílagi rafhlaðna (þurrmassi).
([5]) Stöð sem milliþátturinn er sendur til eða — ef næsta þrep í ferlinu fer fram innan sömu stöðvar — sama stöð og 1.
([6]) Endanlegir frálagsþættir úr endurvinnslu= sem verða notaðir í upprunalegum tilgangi eða öðrum tilgangi án frekari meðhöndlunar, sjá einnig dæmi í 5. lið I. viðauka.
([7]) Frumefni og efnasambönd ef þau voru hluti af ílagi rafhlaðnanna (notaðar rafhlöður). Sjá sérákvæði og dæmi í 5. lið I. viðauka.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2011/92/ESB **2013/EES/14/03**

frá 13. desember 2011

um mat á áhrifum sem tilteknar framkvæmdir á vegum hins opinbera eða einkaaðila kunna að hafa á umhverfið (*)

(kerfisbundin útgáfa)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 1. mgr. 192. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilskipun ráðsins 85/337/EBE frá 27. júní 1985 um mat á áhrifum sem tilteknar framkvæmdir á vegum hins opinbera eða einkaaðila kunna að hafa á umhverfið ([3]) hefur nokkrum sinnum verið breytt í veigamiklum atriðum ([4]). Til glöggvunar og hagræðingar ber því að kerfisbinda tilskipunina.

2) Samkvæmt 191. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins skal stefna Sambandsins í umhverfismálum byggjast á varúðarreglunni og þeim meginreglum að gripið skuli til fyrirbyggjandi aðgerða, áhersla lögð á úrbætur þar sem tjón á sér stað og að mengunarvaldurinn skuli greiða. Taka skal tillit til umhverfisáhrifa eins fljótt og auðið er í öllum ferlum við tæknilega áætlanagerð og ákvarðanatöku.

3) Samræma ber meginreglur um mat á umhverfisáhrifum, einkum að því er varðar þær framkvæmdir sem ættu að vera háðar mati, helstu skyldur framkvæmdaraðila og innihald matsins. Aðildarríkjum er heimilt að setja strangari reglur í því skyni að vernda umhverfið.

4) Að auki er nauðsynlegt að ná einu af markmiðum Sambandsins á sviði umhverfisverndar og lífsgæða.

5) Í umhverfislöggjöf Sambandsins eru ákvæði sem gera það kleift að opinber yfirvöld og aðrir aðilar taki ákvarðanir sem geta haft umtalsverð áhrif á umhverfið sem og heilbrigði og vellíðan einstaklinga.

6) Kveða skal á um almennar meginreglur um mat á umhverfisáhrifum í því skyni að bæta við og samræma málsmeðferðarreglur fyrir leyfisveitingu framkvæmda á vegum hins opinbera eða einkaaðila sem eru líklegar til að hafa veruleg umhverfisáhrif.

7) Einungis skal veita leyfi fyrir framkvæmdum á vegum hins opinbera eða einkaaðila, sem eru líklegar til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif, að loknu mati á þessum umtalsverðu umhverfisáhrifum sem líklegt er að þær hafi í för með sér. Það mat skal fara fram á grundvelli viðeigandi upplýsinga frá framkvæmdaraðilanum, sem yfirvöldum og almenningi, sem líklegt er að verði fyrir áhrifum af viðkomandi framkvæmd, er heimilt að bæta við.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 26, 28.1.2012, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 230/2012 frá 7. desember 2012 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB C 248, 25.8.2011, bls. 154.

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 13. september 2011 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 15. nóvember 2011.

([3]) Stjtíð. EB L 175, 5.7.1985, bls. 40.

([4]) Sjá A-hluta VI. viðauka.

8) Framkvæmdir af vissum tegundum hafa umtalsverð umhverfisáhrif og þær framkvæmdir skulu almennt háðar kerfisbundnu mati.

9) Framkvæmdir af öðrum tegundum hafa hugsanlega ekki umtalsverð umhverfisáhrif í öllum tilvikum og þær framkvæmdir skulu metnar þegar aðildarríkin álíta að þær séu líklegar til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif.

10) Aðildarríkjum er heimilt að setja mörk eða viðmiðanir í þeim tilgangi að ákvarða hverjar af umræddum framkvæmdum ber að meta á grundvelli umfangs umhverfisáhrifa þeirra. Aðildarríkjum er ekki skylt að rannsaka framkvæmdir sem eru undir þessum mörkum eða falla utan þessara viðmiðana, í hverju tilviki fyrir sig.

11) Þegar verið er að setja slík mörk eða viðmiðanir um að rannsaka framkvæmdir í hverju tilviki fyrir sig, í þeim tilgangi að ákvarða hvaða framkvæmdir ber að meta á grundvelli verulegra umhverfisáhrifa þeirra, skulu aðildarríki taka til greina viðeigandi valforsendur sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun. Í samræmi við nálægðarregluna eru það aðildarríkin sem eru í bestri aðstöðu til að beita þessum forsendum í hverju og einu tilviki.

12) Að því er varðar framkvæmdir sem eru háðar mati skal leggja fram tilteknar lágmarksupplýsingar um viðkomandi framkvæmd og áhrif hennar.

13) Rétt þykir að mæla fyrir um málsmeðferð sem gerir framkvæmdaraðilanum kleift að fá álit hjá lögbærum yfirvöldum um innihald og umfang upplýsinganna sem skal útfæra og leggja fram vegna matsins. Innan ramma þeirrar málsmeðferðar er aðildarríkjum m.a. heimilt að krefjast þess að framkvæmdaraðili leggi til aðra valkosti við framkvæmdina sem hann hyggst leggja fram umsókn fyrir.

14) Leggja skal mat á áhrif framkvæmdar á umhverfið til að uppfylla þá nauðsyn að vernda heilbrigði manna, stuðla að lífsgæðum með bættu umhverfi, að sjá til þess að fjölbreytni tegunda sé varðveitt og að viðhalda tímgunargetu í vistkerfinu sem er grundvöllur alls lífs.

15) Æskilegt er að mæla fyrir um hert ákvæði varðandi mat á umhverfisáhrifum yfir landamæri í því skyni að taka mið af þróun á alþjóðavísu. Evrópubandalagið undirritaði samninginn um mat á umhverfisáhrifum yfir landamæri þann 25. febrúar 1991 og fullgilti hann þann 24. júní 1997.

16) Virk þátttaka almennings við töku ákvarðana ætti að gera almenningi kleift að láta í ljós skoðanir og áhyggjur, sem kunna að skipta máli fyrir viðkomandi ákvarðanir, og gefa þeim sem tekur ákvörðunina færi á að taka tillit til þeirra og leiða þar með til aukinnar ábyrgðar og gagnsæis í ferlinu við ákvarðanatökuna, gera almenning meðvitaðri um umhverfismál og afla stuðnings við þær ákvarðanir sem teknar eru.

17) Til samræmis við það skal styðja við þátttöku, þ.m.t. þátttöku samtaka, félaga og hópa, einkum frjálsra félagasamtaka, sem vinna að umhverfisvernd, m.a. með því að efla þekkingu almennings á umhverfismálum.

18) Evrópubandalagið undirritaði samning efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu (UN/ECE) um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum („Árósasamninginn“) þann 25. júní 1998 og fullgilti hann þann 17. febrúar 2005.

19) Á meðal markmiða Árósasamningsins er að tryggja rétt almennings til að koma að töku ákvarðana í umhverfismálum, í þeim tilgangi að stuðla að vernd réttar hvers og eins til að búa í umhverfi sem er fullnægjandi að því er varðar heilbrigði og vellíðan.

20) Í 6. gr. Árósasamningsins er kveðið á um þátttöku almennings í ákvörðunum um sértækar aðgerðir sem eru skráðar í I. viðauka við hann og aðgerðir sem eru ekki skráðar þar en geta haft umtalsverð umhverfisáhrif.

21) Í 2. og 4. mgr. 9. gr. Árósasamningsins er kveðið á um aðgang að lagameðferð eða annars konar meðferð til að vefengja efnislegt eða formlegt lögmæti ákvarðana, aðgerða eða aðgerðarleysis með tilliti til ákvæða um þátttöku almennings í 6. gr. samningsins.

22) Þessi tilskipun gildir þó ekki um framkvæmdir, sem hafa verið samþykktar í einstökum atriðum með sértækum gerðum í landslöggjöf, í ljósi þess að markmiðum þessarar tilskipunar, þ.m.t. upplýsingaskil, er náð með lagasetningarmeðferð.

23) Enn fremur kann að vera viðeigandi í undantekningartilvikum að tiltekin framkvæmd sé undanþegin frá þeim málsmeðferðarreglum við mat, sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, með fyrirvara um að framkvæmdastjórnin og sá hluti almennings sem málið varðar fái viðeigandi upplýsingar.

24) Þar eð aðildarríkin geta ekki með fullnægjandi hætti náð markmiðum þessarar tilskipunar og þeim verður því betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna þess hve aðgerðirnar eru umfangsmiklar og hafa víðtæk áhrif, getur Sambandið samþykkt ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessum markmiðum.

25) Þessi tilskipun skal ekki hafa áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna varðandi fresti til lögleiðingar tilskipananna sem eru settir fram í B-hluta V. viðauka.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

1. Tilskipun þessi gildir um mat á umhverfisáhrifum vegna framkvæmda á vegum hins opinbera eða einkaaðila sem líklegt er að hafi umtalsverð umhverfisáhrif.

2. Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „framkvæmdir“:

– byggingaframkvæmdir, eða aðrar framkvæmdir í tengslum við mannvirki eða kerfi,

– hvers kyns röskun á landslagi og náttúru, þar með talin námavinnsla,

b) „framkvæmdaraðili“: sá sem sækir um leyfi fyrir einkaframkvæmdum eða stjórnvald sem hefur forgang um að hefja framkvæmdir,

c) „leyfi til framkvæmda“: heimild lögbærra yfirvalda til handa framkvæmdaraðila til að hefja framkvæmdir,

d) „almenningur“: einn eða fleiri einstaklingar eða lögaðilar og, í samræmi við löggjöf eða venju í viðkomandi ríki, samtök þeirra, félög eða hópar,

e) „sá hluti almennings sem málið varðar“: sá hluti íbúanna, sem verður fyrir áhrifum eða sem er líklegt að verði fyrir áhrifum eða sem á hagsmuna að gæta vegna málsmeðferðar við töku ákvarðana í umhverfismálum sem um getur í 2. mgr. 2. gr. Samkvæmt þessari skilgreiningu teljast öll frjáls félagasamtök, sem stuðla að umhverfisvernd og uppfylla allar kröfur landslaga, hafa hagsmuna að gæta,

f) „lögbært yfirvald eða yfirvöld“: það yfirvald eða þau yfirvöld sem aðildarríkin tilnefna og bera skulu ábyrgð á að staðið sé við þær skuldbindingar sem af þessari tilskipun leiðir.

3. Aðildarríkin geta, í hverju tilviki fyrir sig ef kveðið er á um það í landslögum, ákveðið að beita ekki þessari tilskipun að því er varðar framkvæmdir sem hafa það að markmiði að þjóna landvörnum ef þau telja að slík beiting hefði skaðleg áhrif á markmið þeirra.

4. Tilskipunin gildir ekki um framkvæmdir, sem hafa verið samþykktar í einstökum atriðum með sértækum gerðum í landslöggjöf, í ljósi þess að markmiðum þessarar tilskipunar, þ.m.t. upplýsingaskil, er náð með lagasetningarmeðferð.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að leyfi fyrir framkvæmdum, sem líklegt er að hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, m.a. vegna eðlis þeirra, stærðar eða staðsetningar, verði ekki veitt fyrr en farið hefur fram mat á því hver áhrifin kunna að verða. Þessar framkvæmdir eru skilgreindar í 4. gr.

2. Fella má mat á umhverfisáhrifum inn í gildandi málsmeðferðarreglur aðildarríkjanna um leyfi fyrir framkvæmdum eða að öðrum kosti fella það inn í aðrar málsmeðferðarreglur eða málsmeðferðarreglur sem settar verða til að ná markmiðum þessarar tilskipunar.

3. Aðildarríkin geta kveðið á um eina sameiginlega málsmeðferð til að uppfylla kröfur þessarar tilskipunar og kröfur tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2008/1/EB frá 15. janúar 2008 um samþættar ráðstafanir til að fyrirbyggja og takmarka mengun ([5]).

4. Í undantekningartilvikum geta aðildarríkin, með fyrirvara um 7. gr., heimilað að einstakar framkvæmdir séu með öllu eða að hluta til undanþegnar ákvæðum þessarar tilskipunar.

Ef svo er ber aðildarríkjunum:

a) að vega og meta hvort æskilegt sé að láta fara fram annars konar mat,

b) að gera þeim hluta almennings sem málið varðar aðgengilegar þær upplýsingar sem aflað er í tengslum við annars konar mat, sem um getur í a-lið, upplýsingarnar sem tengjast ákvörðun um veitingu undanþágu og ástæðurnar fyrir því að hún er veitt,

c) að gera framkvæmdastjórninni grein fyrir því, áður en leyfið er veitt, á hvaða forsendum undanþágan er veitt og, þar sem við á, láta fylgja þær upplýsingar sem ríkisborgarar þeirra hafa aðgang að.

Framkvæmdastjórnin skal senda þegar í stað öll þau gögn sem hún fær áfram til hinna aðildarríkjanna.

Framkvæmdastjórnin skal gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu árlega um hvernig ákvæðum þessarar málsgreinar er beitt.

([5]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2008, bls. 8.

3. gr.

Í mati á umhverfisáhrifum skal í hverju einstöku tilviki greina, lýsa og meta á viðeigandi hátt, í samræmi við 4.–12. gr., bein og óbein áhrif framkvæmda á eftirfarandi þætti:

a) menn, dýr og plöntur,

b) jarðveg, vatn, loft, veðurfar og landslag,

c) efnisleg verðmæti og menningararfleifð,

d) samspil þeirra þátta sem taldir eru upp í a-, b- og c-lið.

4. gr.

1. Með fyrirvara um 4. mgr. 2. gr. skulu framkvæmdir, sem taldar eru upp í I. viðauka, vera háðar mati í samræmi við 5. til 10. gr.

2. Með fyrirvara um 4. mgr. 2. gr. skulu aðildarríki ákveða hvort framkvæmdir, sem tilgreindar eru í II. viðauka, skuli vera háðar mati í samræmi við 5. til 10. gr. Aðildarríki skulu byggja þá ákvörðun á:

a) rannsókn á hverju tilviki fyrir sig,

eða

b) mörkum eða viðmiðunum sem aðildarríkið hefur ákveðið.

Aðildarríkin geta ákveðið að beita báðum þeim aðferðum sem um getur í a- og b-lið.

3. Þegar rannsókn er gerð á hverju tilviki fyrir sig eða mörk eða viðmiðanir eru settar, að því er varðar 2. mgr., skal taka tillit til viðeigandi valforsendna í III. viðauka.

4. Aðildarríki skulu sjá til þess að sú ákvörðun sem lögbær yfirvöld taka skv. 2. mgr. verði kynnt fyrir almenningi.

5. gr.

1. Þegar um er að ræða framkvæmdir, sem skv. 4. gr. eru háðar mati á umhverfisáhrifum skv. þessari grein og 6.–10. gr., skulu aðildarríkin samþykkja nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að framkvæmdaraðilinn leggi fram á viðeigandi hátt þær upplýsingar sem tilgreindar eru í IV. viðauka að því leyti sem:

a) aðildarríkin telja að upplýsingarnar eigi sérstaklega við þegar afgreiðsla leyfis er komin á tiltekið stig og gildi einkum um einstök atriði í sérstakri framkvæmd eða sérstökum tegundum framkvæmda og fyrir það umhverfi sem líklegt er að verði fyrir áhrifum,

b) aðildarríkin telja sanngjarnt að krefja framkvæmdaraðilann um að safna saman upplýsingum þessum meðal annars í ljósi nútímaþekkingar og nýjustu matsaðferða.

2. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja, fari framkvæmdaraðilinn fram á það áður en hann leggur fram umsókn um leyfi til framkvæmda, að lögbært yfirvald segi til um hvaða upplýsingar framkvæmdaraðilinn skuli veita í samræmi við 1. mgr. Lögbæra yfirvaldið skal hafa samráð við framkvæmdaraðilann og yfirvöldin, sem um getur í 1. mgr. 6. gr., áður en það gefur umsögnina. Enda þótt yfirvaldið hafi gefið umsögn samkvæmt þessari málsgrein getur það eigi að síður krafist þess að framkvæmdaraðilinn veiti nánari upplýsingar síðar.

Aðildarríkin geta krafist þess að lögbær yfirvöld veiti slíka umsögn, hvort sem framkvæmdaraðilinn fer fram á það eður ei.

3. Í upplýsingum þeim, sem framkvæmdaraðila er skylt að leggja fram skv. 1. mgr., komi fram a.m.k. eftirfarandi atriði:

a) lýsing á framkvæmdinni ásamt upplýsingum um stað, hönnun og umfang framkvæmdanna,

b) lýsing á fyrirhuguðum ráðstöfunum til að koma í veg fyrir, draga úr og, ef hægt er, ráða bót á verulegum skaðlegum áhrifum,

c) öll gögn sem nauðsynleg eru til þess að greina og meta helstu áhrif sem framkvæmdirnar eru líklegar til að hafa á umhverfið,

d) yfirlit yfir aðra kosti sem framkvæmdaraðilinn hefur kannað ásamt helstu forsendum fyrir vali hans, að teknu tilliti til umhverfisáhrifa,

e) samantekt sem ekki er á tæknimáli um upplýsingarnar í a- til d-lið.

4. Ef þörf krefur skulu aðildarríkin sjá til þess að yfirvöld, sem kunna að búa yfir upplýsingum er varða málið sérstaklega, einkum með tilliti til 3. gr., láti þær framkvæmdaraðilanum í té.

6. gr.

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að yfirvöld, sem líklegt er að framkvæmdirnar varði sökum þess að umhverfismál heyra að einhverju leyti undir þau, fái tækifæri til að láta í ljós álit á þeim upplýsingum sem framkvæmdaraðili leggur fram og á umsókn hans um leyfi til framkvæmda. Í þessu skyni tilnefna aðildarríkin yfirvöld sem séu ráðgefandi um þessi mál, hvort heldur er almennt eða í hverju tilviki fyrir sig. Upplýsingar, sem teknar eru saman skv. 5. gr., skulu sendar þessum yfirvöldum. Aðildarríkin mæla ítarlega fyrir um framkvæmd ráðgjafarinnar.

2. Almenningur skal upplýstur, með opinberum tilkynningum eða á annan viðeigandi hátt, s.s. rafrænum miðlum ef þeir eru tiltækir, um eftirfarandi atriði snemma í ferlinu við ákvarðanatöku í tengslum við umhverfismál, sem um getur í 2. mgr. 2. gr., eða eigi síðar en svo fljótt sem með sanngirni má ætlast til að leggja megi upplýsingarnar fram:

a) umsókn um leyfi,

b) að verkefnið falli undir málsmeðferð við mat á umhverfisáhrifum og, ef við á, að 7. gr. gildi,

c) um upplýsingar um lögbæra yfirvaldið, sem ber ábyrgð á töku ákvörðunarinnar og sem getur veitt þær upplýsingar, sem skipta máli, og sem senda má athugasemdir og spurningar til og upplýsingar um tímarammann til að leggja fram athugasemdir og spurningar,

d) um eðli hugsanlegra ákvarðana eða drög að ákvörðun, liggi þau fyrir,

e) hversu aðgengilegar upplýsingarnar, sem aflað er skv. 5. gr., eru,

f) tilgreining á tíma og stöðum þar sem þær upplýsingar, sem skipta máli, verða gerðar aðgengilegar eða leiðir til þess að nálgast þær,

g) upplýsingar um fyrirkomulag varðandi þátttöku almennings skv. 5. mgr. þessarar greinar.

3. Aðildarríkin skulu, innan hæfilegra tímamarka, tryggja að sá hluti almennings, sem málið varðar, hafi aðgang að eftirfarandi:

a) öllum upplýsingum sem aflað er skv. 5. gr.,

b) í samræmi við landslöggjöf: helstu skýrslum og ráðleggingum, sem lögbært yfirvald eða lögbær yfirvöld hafa fengið í hendur á þeim tíma þegar sá hluti almennings, sem málið varðar, er upplýstur í samræmi við 2. mgr. þessarar greinar,

c) í samræmi við ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/4/EB frá 28. janúar 2003 um almennan aðgang að upplýsingum um umhverfismál ([6]): upplýsingum, öðrum en þeim sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, sem skipta máli fyrir ákvörðunina í samræmi við 8. gr. þessarar tilskipunar og sem verða einungis aðgengilegar eftir að sá hluti almennings, sem málið varðar, hefur verið upplýstur í samræmi við 2. mgr. þessarar greinar.

4. Sá hluti almennings, sem málið varðar, skal fá snemma tækifæri til skilvirkrar þátttöku í ferlinu er varðar töku ákvarðana í umhverfismálum, sem um getur í 2. mgr. 2. gr., og skal hann í því skyni eiga rétt á að leggja fram athugasemdir og álit meðan allir valkostir standa lögbæru yfirvaldi eða yfirvöldum til boða áður en ákvörðun um leyfisumsókn er tekin.

5. Aðildarríkin skulu ákveða nákvæma tilhögun við að upplýsa almenning (t.d. með því að koma upp auglýsingum innan tiltekins radíuss eða með birtingu í dagblaði á viðkomandi stað) og með því að hafa samráð við almenning, sem málið varðar (t.d. skriflega eða með almennri könnun).

6. Ákveða skal hæfilegan tímaramma fyrir mismunandi stig og veita þannig nægan tíma til að upplýsa almenning og til að sá hluti almennings, sem málið varðar, geti undirbúið sig og tekið virkan þátt í töku ákvarðana í umhverfismálum sem falla undir ákvæði þessarar greinar.

7. gr.

1. Þegar aðildarríki er kunnugt um að framkvæmdir muni líklega hafa veruleg áhrif á umhverfi annars aðildarríkis eða ef aðildarríki, sem telur líklegt að umhverfi þess verði fyrir verulegum áhrifum, æskir þess ber aðildarríkinu, þar sem framkvæmdirnar eiga að fara fram, að senda hinu aðildarríkinu m.a. eftirfarandi upplýsingar svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en um leið og almenningur heima fyrir fær þær:

a) lýsingu á framkvæmdunum ásamt öllum fáanlegum upplýsingum um hugsanleg áhrif þeirra yfir landamæri,

b) upplýsingar um eðli hugsanlegrar ákvörðunar.

Aðildarríkið þar sem framkvæmdirnar eiga að fara fram skal gefa hinu aðildarríkinu hæfilegan frest til að tilkynna hvort það vilji taka þátt í tilhögun ákvarðanatöku að því er varðar umhverfismál, sem um getur í 2. mgr. 2. gr., og má láta upplýsingarnar, sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, fylgja.

2. Ef aðildarríki, sem fær upplýsingar skv. 1. mgr., tilkynnir að það hafi hug á að taka þátt í tilhögun ákvarðanatöku að því er varðar umhverfismál, sem um getur í 2. gr. (2. mgr.), skal aðildarríkið, þar sem framkvæmdirnar eru fyrirhugaðar, senda aðildarríkinu sem framkvæmdirnar kunna að hafa áhrif á, hafi það ekki þegar verið gert, upplýsingarnar sem krafist er skv. 6. gr. (2. mgr.) og sem eru gerðar aðgengilegar skv. 6. gr. (a- og b-lið 3. mgr.).

3. Að því marki sem málið varðar einstök aðildarríki skulu þau einnig:

a) sjá til þess að upplýsingarnar, sem um getur í 1. og 2. mgr., séu, innan hæfilegs frests, tiltækar yfirvöldunum sem tilgreind eru í 1. mgr. 6. gr. og almenningi sem málið varðar á yfirráðasvæði aðildarríkisins sem líklegt er að verði fyrir verulegum áhrifum, og

([6]) Stjtíð. ESB L 41, 14.2.2003, bls. 26.

b) tryggja að yfirvöld, sem um getur í 1. mgr. 6. gr. og almenningur, sem málið varðar, eigi þess kost, áður en leyfi til framkvæmdanna er veitt, að láta í ljós skoðanir sínar á veittum upplýsingum innan hæfilegs frests við lögbært yfirvald aðildarríkisins þar sem framkvæmdirnar eiga að fara fram.

4. Hlutaðeigandi aðildarríki skulu hefja viðræður, meðal annars um hugsanleg áhrif framkvæmdanna yfir landamæri og þær ráðstafanir sem fyrirhugaðar eru til að draga úr eða koma í veg fyrir slík áhrif, og skulu þau koma sér saman um hæfilegan frest til þeirra viðræðna.

5. Hlutaðeigandi aðildarríki geta ákveðið ítarlega tilhögun við framkvæmd þessarar greinar og skal hún vera þannig að sá hluti almennings, sem málið varðar, á yfirráðasvæði aðildarríkisins, sem verður fyrir áhrifum, sé gert kleift að taka virkan þátt í ferlinu við töku ákvarðana, sem um getur í 2. mgr. 2. gr., að því er varðar verkefnið.

8. gr.

Í tengslum við málsmeðferð við veitingu leyfis ber að taka mið af niðurstöðum samráðs og þeim upplýsingum sem teknar hafa verið saman skv. 5., 6. og 7. gr.

9. gr.

1. Þegar ákveðið hefur verið að veita leyfi til framkvæmda eða synja um það skal lögbært yfirvald eða yfirvöld tilkynna almenningi um það í samræmi við viðeigandi málsmeðferð og birta eftirfarandi upplýsingar opinberlega:

a) inntak ákvörðunarinnar og hvaða skilyrðum hún er háð,

b) þær ástæður og forsendur, sem ákvörðunin byggist á, þ.m.t. upplýsingar um ferlið við þátttöku almennings, eftir að hafa tekið afstöðu til áhyggna og sjónarmiða sem sá hluti almennings, sem málið varðar, hefur látið í ljós,

c) ef þörf krefur, lýsingu á helstu ráðstöfunum til þess að komast hjá, draga úr og, eftir því sem unnt er, vega upp á móti helstu skaðlegu áhrifunum.

2. Lögbært yfirvald eða yfirvöld skulu senda aðildarríki, sem haft hefur verið samráð við skv. 7. gr., upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar.

Aðildarríkin, sem haft var samráð við, skulu tryggja að upplýsingarnar séu aðgengilegar á viðeigandi hátt fyrir þann hluta almennings, sem málið varðar, á eigin yfirráðasvæði.

10. gr.

Ákvæði tilskipunar þessarar skulu ekki hafa áhrif á skyldur lögbærra yfirvalda til að virða þær takmarkanir sem landslög og stjórnsýslufyrirmæli, svo og viðteknar lagavenjur, setja um iðnaðar- og viðskiptaleynd, þ.m.t. hugverkarétt, eða til að tryggja almannaheill.

Þar sem 7. gr. á við skulu upplýsingar, sem eru sendar frá einu aðildarríki til annars, vera háðar þeim takmörkunum sem gilda í aðildarríkinu þar sem framkvæmdirnar eru fyrirhugaðar.

11. gr.

1. Aðildarríkin skulu tryggja, í samræmi við viðeigandi réttarkerfi hvers lands um sig, að sá hluti almennings, sem málið varðar:

a) sem hefur nægjanlegra hagsmuna að gæta eða

b) staðhæfir að brotið sé á rétti sínum, ef gerð er krafa um slíkt í stjórnsýslulögum aðildarríkis,

hafi aðgang að reglum um meðferð kæru fyrir rétti eða hjá annarri óháðri og óhlutdrægri stofnun sem hefur verið komið á fót með lögum til að vefengja efnislegt lögmæti ákvarðana eða málsmeðferðina við töku þeirra, aðgerðir eða aðgerðaleysi sem falla undir ákvæðin um þátttöku almennings samkvæmt þessari tilskipun.

2. Aðildarríki skulu ákvarða á hvaða stigi megi vefengja ákvörðun, aðgerð eða aðgerðarleysi.

3. Hvað teljast nægjanlegir hagsmunir og brot á rétti skal ákvarðað af aðildarríkjunum, í samræmi við það markmið að gefa þeim hluta almennings, sem málið varðar, víðtækan aðgang að réttlátri málsmeðferð. Í þessu skyni skulu öll frjáls félagasamtök, sem uppfylla kröfurnar sem um getur í 2. mgr. 1. gr., teljast hafa nægilegra hagsmuna að gæta skv. a-lið 1. mgr. þessarar greinar. Slík félagasamtök skulu einnig teljast eiga rétt sem unnt er að skerða skv. b-lið 1. mgr. þessarar greinar.

4. Ákvæði þessarar greinar skulu ekki útiloka möguleika á bráðabirgðareglum um meðferð kæru hjá yfirvaldi á sviði stjórnsýslu og skal ekki hafa áhrif á þá kröfu að stjórnsýslulegir möguleikar á kæru séu tæmdir áður en málið er kært eða því er skotið til úrskurðar fyrir dómstólum, ef slík krafa finnst í landslögum.

Sérhver slík málsmeðferð skal vera réttmæt, sanngjörn og ekki óhóflega kostnaðarsöm.

5. Til að auka skilvirkni ákvæða þessarar greinar skulu aðildarríki tryggja að hagnýtar upplýsingar um réttinn til að láta taka mál fyrir á stjórnsýslustigi og fyrir dómstólum verði gerðar aðgengilegar almenningi.

12. gr.

1. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu skiptast á upplýsingum um það hvaða áhrif beiting þessarar tilskipunar hefur.

2. Aðildarríkin skulu einkum gera framkvæmdastjórninni grein fyrir þeim viðmiðunum og/eða mörkum sem samþykkt eru þegar viðkomandi framkvæmdir eru valdar í samræmi við 2. mgr. 4. gr.

3. Á grundvelli upplýsingaskiptanna skal framkvæmdastjórnin bera upp viðbótartillögur við Evrópuþingið og ráðið, ef þörf krefur, svo að samræmi verði í beitingu tilskipunar þessarar.

13. gr.

Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

14. gr.

Tilskipun 85/337/EBE, eins og henni var breytt með þeim tilskipunum sem taldar eru upp í A-hluta V. viðauka, er felld úr gildi með fyrirvara um skuldbindingar aðildarríkjanna varðandi fresti til að leiða í landslög tilskipanirnar sem eru settar fram í B-hluta V. viðauka.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í VI. viðauka.

15. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

16. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 13. desember 2011.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
forseti.	*forseti.*
J. BUZEK	M. SZPUNAR

I. VIÐAUKI

FRAMKVÆMDIR SEM UM GETUR Í 1. MGR. 4. GR.

1. Olíuhreinsunarstöðvar (þó ekki fyrirtæki sem framleiða eingöngu smurolíur úr jarðolíu) og mannvirki fyrir kolagösun og þéttingu úr a.m.k. 500 tonnum af kolum eða bikleirsteini á dag.

2. a) Varmaorkuver og aðrar brennslustöðvar með a.m.k. 300 megavatta hitaafköst,

   b) kjarnorkuver og aðrir kjarnakljúfar, einnig þegar slík orkuver eða kjarnakljúfar ([7]) eru rifnir niður eða teknir úr notkun (nema rannsóknarstöðvar með yfir 1 kílóvatt heildarhitaafköst þar sem fram fer framleiðsla og umbreyting á kjarnakleyfum efnum og tímgunarefnum).

3. a) Stöðvar þar sem geislað kjarnaeldsneyti er endurunnið.

   b) Stöðvar:

      i. til framleiðslu eða auðgunar kjarnaeldsneytis,

      ii. til vinnslu geislaðs kjarnaeldsneytis eða mjög geislavirks úrgangs,

      iii. til endanlegrar förgunar á geisluðu kjarnaeldsneyti,

      iv. eingöngu til endanlegrar förgunar á geislavirkum úrgangi,

      v. eingöngu til geymslu (til meira en 10 ára) á geisluðu kjarnaeldsneyti eða geislavirkum úrgangi annars staðar en á framleiðslustað.

4. a) Verksmiðjur með blandaða framleiðslu þar sem fram fer frumbræðsla á steypujárni og stáli,

   b) Stöðvar þar sem framleiðsla hrámálms, sem inniheldur ekki járn, úr grýti, kirni eða afleiddu hráefni fer fram með málmvinnsluaðferðum, efnafræðilegum aðferðum eða rafgreiningaraðferðum.

5. Mannvirki fyrir asbestnám og vinnslu og úrvinnslu á asbesti og vörum sem innihalda asbest: fyrir vörur úr asbestsementi, með ársframleiðslu sem er yfir 20 000 tonn af fullunnum vörum, fyrir núningsefni, með ársframleiðslu sem er yfir 50 tonn af fullunnum vörum, og fyrir aðra notkun asbests, ef notkun er meiri en sem nemur 200 tonnum á ári.

6. Efnaverksmiðjur með blandaða framleiðslu, þ.e. stöðvar sem gerðar eru til umfangsmikillar iðnaðarframleiðslu með efnaumbreytingu, eru samliggjandi og hafa sameiginlega starfsemi og framleiða:

   a) lífræn grunnefni,

   b) ólífræn grunnefni,

   c) áburð sem inniheldur fosfór, köfnunarefni eða kalíum (einnig fjölgildan áburð),

   d) grunnvörur fyrir plöntuvarnarefni og sæfiefni,

   e) grunnlyf með efnafræðilegum eða líffræðilegum aðferðum,

   f) sprengiefni.

([7]) Kjarnorkuver og aðrir kjarnakljúfar teljast ekki lengur til slíkra stöðva þegar allt kjarnaeldsneyti og önnur geislamenguð efni hafa verið endanlega fjarlægð af staðnum.

7. a) Lagning járnbrauta yfir langar vegalengdir, svo og flugvalla ([8]) með 2 100 m langa meginflugbraut eða lengri,

b) lagning vega og hraðbrauta ([9]),

c) Lagning nýrra vega með fjórum akreinum eða fleiri eða lagfæring á veglínu og/eða breikkun vegar með tveimur akreinum eða færri til þess að fjölga akreinum í minnst fjórar ef nýi vegurinn eða lagfærð veglína og/eða breikkun er á a.m.k. 10 km löngum samfelldum kafla.

8. a) Skipgengar vatnaleiðir og innhafnir sem skip stærri en 1 350 tonn komast um,

b) Viðskiptahafnir, hafnargarðar til útskipunar og uppskipunar tengdar landi og ytri hafnir (að frátöldum ferjubryggjum) sem skip stærri en 1 350 tonn geta lagst að.

9. Förgunarstöðvar þar sem hættulegur úrgangur er brenndur, efnameðhöndlaður samkvæmt skilgreiningu í lið D9 í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB frá 19. nóvember 2008 um úrgang ([10]), eða urðaður eins og það er skilgreint í 2. lið 3. gr. þeirrar tilskipunar.

10. Förgunarstöðvar þar sem hættulaus úrgangur er brenndur eða efnameðhöndlaður samkvæmt skilgreiningu í lið D9 í I. viðauka við tilskipun 2008/98/EB, og afkastageta er yfir 100 tonn á dag.

11. Kerfi til að vinna grunnvatn eða veita því á svæði ef árlegt magn vatns, sem unnið er eða veitt á, er 10 milljónir rúmmetra eða meira.

12. a) Mannvirki til að flytja vatnslindir milli vatnasviða ef flutningurinn miðar að því að koma í veg fyrir vatnsskort og magn vatnsins, sem er flutt, er yfir 100 milljónir rúmmetra á ári.

b) Í öllum öðrum tilvikum: mannvirki til að flytja vatnslindir milli vatnasviða ef meðalstreymi um svæðið, sem safnað er af, er yfir 2 000 milljónir rúmmetra á ári og magnið, sem er flutt, er yfir 5% af því streymi.

Í báðum tilvikum er flutningur á drykkjarvatni í leiðslum undanskilinn.

13. Skólphreinsistöðvar með afkastagetu sem svarar til þarfa 150 000 íbúa samkvæmt skilgreiningu í 6. lið 2. gr. tilskipunar 91/271/EBE frá 21. maí 1991 um hreinsun skólps frá þéttbýli ([11]).

14. Vinnsla í viðskiptaskyni á meira en 500 tonnum á dag af jarðolíu og meira en 500 000 rúmmetrum af jarðgasi á dag.

15. Gerð stíflna og annarra mannvirkja til að hemja vatn eða geyma það til langs tíma ef nýtt eða viðbótarmagn vatns, sem hamið er eða geymt, er meira en 10 milljónir rúmmetra.

16. Leiðslur sem eru meira en 800 mm að þvermáli og lengri en 40 km:

a) til flutninga á gasi, olíu, íðefnum,

b) til flutninga á koltvísýringsstraumum (CO_2-straumum) til geymslu í jörðu, þ.m.t. viðkomandi þjöppunarstöðvar.

17. Stöðvar þar sem fram fer þéttbært eldi alifugla eða svína:

a) sem rúma 85 000 holdakjúklinga, 60 000 hænur,

b) sem rúma 3 000 alisvín (yfir 30 kg), eða

c) sem rúma 900 gyltur.

([8]) Í þessari tilskipun merkir „flugvöllur“ flugvelli samkvæmt skilgreiningunni í Chicago-samningnum frá 1944 um stofnun Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (14. viðauki).
([9]) Í þessari tilskipun merkir „hraðbraut“ hraðbraut samkvæmt skilgreiningunni í Evrópusamningnum um aðalumferðaræðar milli landa frá 15. nóvember 1975.
([10]) Stjtíð. ESB L 312, 22.11.2008, bls. 3.
([11]) Stjtíð. EB L 135, 30.5.1991, bls. 40.

18. Iðjuver sem framleiða:

    a) pappírsmauk úr viði eða svipuðum trefjaefnum,

    b) pappír og pappa og geta framleitt meira en 200 tonn á dag

19. Grjótnámur og opnar námur sem ná yfir meira en 25 hektara ofanjarðar eða mótekja sem nær yfir meira en 150 hektara.

20. Lagning loftlína sem eru gerðar til flutnings á raforku með að minnsta kosti 220 kV spennu og eru lengri en 15 km.

21. Geymslustöðvar fyrir jarðolíu, efni unnin úr jarðolíu eða jarðgasi, eða efnavörur, með 200 000 tonna geymslugetu eða meira.

22. Geymslusvæði samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/31/EB frá 23. apríl 2009 um geymslu koltvísýrings í jörðu ([12]).

23. Stöðvar til föngunar á CO_2-straumum til geymslu í jörðu, samkvæmt tilskipun 2009/31/EB, úr stöðvum sem falla undir þennan viðauka eða ef heildarföngun CO_2 á ári er 1,5 megatonn eða meira.

24. Sérhver breyting eða útvíkkun á framkvæmdum, sem tilgreindar eru í þessum viðauka, svo fremi slík breyting eða útvíkkun uppfylli hugsanleg viðmiðunarmörk sem sett eru fram í þessum viðauka.

———

([12]) Stjtíð. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 114.

II. VIÐAUKI

FRAMKVÆMDIR SEM UM GETUR Í 2. MGR. 4. GR.

1. LANDBÚNAÐUR, SKÓGRÆKT OG LAGARELDI

   a) Framkvæmdir til endurskipulagningar á landareignum í dreifbýli,

   b) framkvæmdir til að leggja óræktað land eða hálfnáttúruleg svæði undir þéttbæran landbúnað,

   c) vatnsstjórnunarframkvæmdir vegna landbúnaðar, þar með taldar áveitu- og framræsluframkvæmdir,

   d) nýskógrækt og skógeyðing í þeim tilgangi að breyta nýtingu lands,

   e) stöðvar þar sem fram fer þéttbært eldi búfjár (framkvæmdir sem eru ekki í I. viðauka),

   f) þéttbært fiskeldi,

   g) endurheimt lands frá hafi.

2. NÁMUIÐNAÐUR

   a) Grjótnámur, opnar námur og mótekja (framkvæmdir sem falla ekki undir I. viðauka),

   b) neðanjarðarnámur,

   c) vinnsla steinefna með uppmokstri af hafs- eða árbotni,

   d) djúpborun, einkum:

      i. borun eftir jarðhita,

      ii. borun fyrir geymslu kjarnorkuúrgangs,

      iii. borun eftir vatni,

      að frátalinni borun til að kanna stöðugleika jarðvegs,

   e) iðjuver ofanjarðar til að nema kol, jarðolíu, jarðgas og málmgrýti, svo og bikleirstein.

3. ORKUIÐNAÐUR

   a) Iðjuver til framleiðslu á rafmagni, gufu og heitu vatni (framkvæmdir sem falla ekki undir I. viðauka),

   b) iðjuver til að flytja gas, gufu eða heitt vatn; flutningur á raforku með loftlínum (framkvæmdir sem falla ekki undir I. viðauka),

   c) geymsla jarðgass ofanjarðar,

   d) neðanjarðargeymsla á eldfimu gasi,

   e) geymsla jarðefnaeldsneytis ofanjarðar,

   f) gerð taflna úr kolum og brúnkolum,

   g) stöðvar til vinnslu og geymslu á geislavirkum úrgangi (nema það sem fram kemur í I. viðauka),

   h) vatnsaflsstöðvar,

   i) stöðvar sem nýta vindafl til raforkuframleiðslu (vindbú),

j) stöðvar til föngunar á CO_2-straumum til geymslu í jörðu, samkvæmt tilskipun 2009/31/EB, úr stöðvum sem falla ekki undir I. viðauka þessarar tilskipunar.

4. FRAMLEIÐSLA OG VINNSLA MÁLMA

a) Stöðvar til framleiðslu á hrájárni og stáli (fyrsta og önnur bræðsla), þ.m.t. samfelld málmsteypa,

b) stöðvar til vinnslu járnríkra málma:

i. heitvölsunarstöðvar,

ii. smiðjur með hömrum,

iii. varnarhúðun með bræddum málmum,

c) málmsteypusmiðjur fyrir járnríka málma,

d) stöðvar til bræðslu, þ.m.t. melming, á járnlausum málmum öðrum en góðmálmum, einnig endurheimtum vörum (hreinsun, steypa í steypusmiðjum o.s.frv.),

e) stöðvar til yfirborðsmeðferðar málma og plastefna með rafgreiningarferlum eða efnafræðilegum ferlum,

f) framleiðsla og samsetning vélknúinna ökutækja og framleiðsla á hreyflum í slík ökutæki,

g) skipasmíðastöðvar,

h) stöðvar til smíða og viðgerða á loftförum,

i) framleiðsla á járnbrautarbúnaði,

j) málmmótun með sprengiefnum,

k) stöðvar til að brenna og glæða málmgrýti.

5. STEINEFNAIÐNAÐUR

a) Koxofnar (þurreiming kola),

b) sementsverksmiðjur,

c) stöðvar til framleiðslu á asbesti og asbestvörum (framkvæmdir sem falla ekki undir I. viðauka),

d) stöðvar til framleiðslu á gleri, þ.m.t. glertrefjar

e) stöðvar til bræðslu jarðefna, þ.m.t. framleiðsla steinullartrefja

f) framleiðsla á leirvörum með brennslu, einkum þakflísum, múrsteinum, eldföstum múrsteinum, flísum, leirmunum eða postulíni.

6. EFNAIÐNAÐUR (FRAMKVÆMDIR SEM FALLA EKKI UNDIR I. VIÐAUKA)

a) Meðferð á hálfunnum vörum og framleiðsla íðefna,

b) framleiðsla á varnarefnum og lyfjum, málningu og lakki, gúmmílíki og peroxíðum,

c) geymslustöðvar fyrir jarðolíu, efni unnin úr jarðolíu eða jarðgasi og aðrar efnavörur.

7. MATVÆLAIÐNAÐUR

a) Framleiðsla á jurta- og dýraolíu og feiti,

b) pökkun og niðursuða á jurta- og dýraafurðum,

c) framleiðsla á mjólkurafurðum,

d) öl- og bjórgerð,

e) framleiðsla á sætindum og sírópi,

f) sláturhús,

g) stöðvar til sterkjuframleiðslu,

h) fiskimjöls- og lýsisverksmiðjur,

i) sykurverksmiðjur.

8. TEXTÍL-, LEÐUR-, TIMBUR- OG PAPPÍRSIÐNAÐUR

a) Iðjuver til framleiðslu á pappír og pappa (framkvæmdir sem falla ekki undir I. viðauka),

b) stöðvar þar sem fram fer formeðferð (t.d. þvottur, bleiking, mersivinnsla) eða litun trefja eða textílefna,

c) stöðvar þar sem fram fer sútun á húðum og skinnum,

d) stöðvar þar sem fram fer vinnsla og framleiðsla á beðmi.

9. GÚMMÍIÐNAÐUR

Framleiðsla og meðferð á vörum úr gúmmílíki.

10. FRAMKVÆMDIR Á SVIÐI GRUNNVIRKJA

a) Framkvæmdir á iðnaðarhúsnæði,

b) byggingarframkvæmdir í þéttbýli, að meðtalinni byggingu verslunarmiðstöðva og bílageymslna,

c) lagning járnbrauta og bygging umfermingaraðstöðu fyrir samþætta flutninga og bygging samþættra samgöngumiðstöðva (framkvæmdir sem falla ekki undir I. viðauka),

d) bygging flugvalla (framkvæmdir sem falla ekki undir I. viðauka),

e) vegagerð, bygging hafna og hafnarmannvirkja, einnig fiskihafna (framkvæmdir sem falla ekki undir I. viðauka).

f) byggingarframkvæmdir við skipgengar vatnaleiðir, sem ekki eru í I. viðauka, gerð skipaskurða og fráveituskurða,

g) stíflur og önnur mannvirki til að hemja eða geyma vatn til langs tíma (framkvæmdir sem falla ekki undir I. viðauka),

h) sporvagnar, lestir í lofti og neðanjarðar, svifbrautir og ámóta brautir af sérstakri gerð sem notaðar eru eingöngu eða aðallega til fólksflutninga,

i) olíu- og gasleiðslustöðvar og leiðslur fyrir flutning á CO_2-straumum til geymslu í jörðu (framkvæmdir sem falla ekki undir I. viðauka),

j) vatnsveitustokkar um langan veg,

k) mannvirki til að verjast rofi á strandlengjum og mannvirki við haf sem geta breytt strandlengju, til dæmis með stíflugörðum, brimbrjótum, hafnargörðum og öðrum varnarmannvirkjum gegn ágangi sjávar, þó ekki viðhald og endurbygging slíkra mannvirkja,

l) vinnsla grunnvatns og tilflutningur grunnvatns sem ekki er í I. viðauka,

m) mannvirki til að færa vatnslindir milli vatnasviða sem ekki eru í I. viðauka.

11. AÐRAR FRAMKVÆMDIR

a) Varanlegar kappaksturs- og reynsluakstursbrautir fyrir vélknúin ökutæki,

b) stöðvar til úrgangslosunar (framkvæmdir sem falla ekki undir I. viðauka),

c) skólphreinsistöðvar (framkvæmdir sem falla ekki undir I. viðauka),

d) geymslustaðir fyrir seyru,

e) geymsla brotajárns, einnig aflóga ökutækja,

f) prófunarbekkir fyrir vélar, hverfla eða hvarftanka,

g) stöðvar sem framleiða steinullartrefjar,

h) stöðvar til að endurvinna sprengiefni eða eyða því,

i) sláturhús.

12. FERÐAÞJÓNUSTA OG TÓMSTUNDIR

a) skíðabrekkur, skíðalyftur og kláfar og skyldar framkvæmdir,

b) smábátahafnir,

c) orlofssvæði og hótelþyrpingar utan þéttbýlissvæða og framkvæmdir sem tengjast þeim,

d) varanleg tjaldstæði og hjólhýsastæði,

e) skemmtigarðar.

13. a) Allar breytingar eða viðbætur við framkvæmdir í I. eða II. viðauka sem hafa þegar verið leyfðar, framkvæmdar eða eru í framkvæmd og kunna að hafa veruleg skaðleg áhrif á umhverfið (breyting eða viðbót sem fellur ekki undir I. viðauka),

b) framkvæmdir í I. viðauka sem ráðist er í eingöngu eða aðallega til að þróa og prófa nýjar aðferðir eða vörur en eru ekki notaðar lengur en í tvö ár.

———

III. VIÐAUKI

VALVIÐMIÐANIR SEM UM GETUR Í 3. MGR. 4. GR.

1. EIGINLEIKAR FRAMKVÆMDA

Athuga þarf eiginleika framkvæmda, einkum með tilliti til:

a) umfangs framkvæmdanna,

b) samlagningaráhrifa við aðrar framkvæmdir,

c) nýtingar náttúruauðlinda,

d) framleiðslu úrgangs,

e) mengunar og ónæðis,

f) slysahættu, einkum með tilliti til efna eða tækni sem notuð er.

2. STAÐSETNING FRAMKVÆMDA

Athuga þarf hversu viðkvæmt umhverfi þeirra landsvæða er, sem líklegt er að framkvæmdir hafi áhrif á, einkum með tilliti til:

a) landnýtingar sem fyrir er,

b) hlutfallslegrar nægtar, gæða og endurnýjunargetu náttúruauðlinda á svæðinu,

c) mótstöðuafls náttúrlega umhverfisins, með sérstöku tilliti til eftirtalinna svæða:

i. votlendissvæða,

ii. strandsvæða,

iii. fjall- og skóglendis,

iv. náttúruverndarsvæða og þjóðgarða,

v. svæða sem eru skráð eða vernduð samkvæmt lögum aðildarríkja; sérstakra verndarsvæða sem aðildarríkin tilgreina samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/147/EB frá 30. nóvember 2009 um verndun villtra fugla ([13]) og tilskipun ráðsins 92/43/EBE frá 21. maí 1992 um vernd náttúrlegra búsvæða og villtra plantna og dýra ([14]),

vi. svæða þar sem þegar hefur verið farið fram úr umhverfisgæðakröfum sem kveðið er á um í löggjöf Sambandsins,

vii. þéttbýlla svæða,

viii. staða sem hafa sögulegt, menningarlegt eða fornleifafræðilegt gildi.

3. EIGINLEIKAR HUGSANLEGRA ÁHRIFA

Athuga þarf hugsanleg veruleg áhrif framkvæmda í tengslum við viðmiðanirnar í 1. og 2. lið hér að framan, einkum með tilliti til:

a) umfangs áhrifanna (landsvæðis og fjölda fólks sem verður fyrir áhrifum),

b) áhrifa yfir landamæri,

c) vægis og víxlverkunar áhrifanna,

d) hversu líkleg áhrifin eru,

e) hve lengi áhrifin vara, tíðni þeirra og hvort þau eru afturkallanleg.

———

([13]) Stjtíð. ESB L 20, 26.1.2010, bls. 7.
([14]) Stjtíð. EB L 206, 22.7.1992, bls. 7.

IV. VIÐAUKI

UPPLÝSINGAR SEM UM GETUR Í 1. MGR. 5. GR.

1. Lýsing á framkvæmdunum, hér er einkum átt við:

   a) lýsingu á eðliseiginleikum framkvæmdanna í heild og landrýmisþörfum meðan á byggingu og rekstri stendur,

   b) lýsingu á helstu eiginleikum framleiðsluferla, til dæmis eðli og magni þeirra hráefna sem notuð eru,

   c) áætlun, eftir gerð og magni, um efnaleifar og losun (mengun vatns, lofts og jarðvegs, hávaða, titring, ljós, hita, geislun o.s.frv.) af völdum fyrirhuguðu framkvæmdanna.

2. Yfirlit yfir aðra helstu kosti sem framkvæmdaraðilinn hefur kannað ásamt helstu forsendum fyrir vali hans, að teknu tilliti til umhverfisáhrifa.

3. Lýsing á þeim umhverfisþáttum, sem líklegt er að verði fyrir verulegum áhrifum af fyrirhuguðum framkvæmdum, einkum byggð, dýralífi, jurtalífi, jarðvegi, vatni, lofti, loftslagsþáttum, eignum, þar með töldum byggingarsögulegum og fornleifafræðilegum minjum, landslagi og hvernig samspili fyrrgreindra þátta er háttað.

4. Lýsing ([15]) á líklegum umtalsverðum umhverfisáhrifum fyrirhugaðra framkvæmda vegna:

   a) tilurðar framkvæmdanna,

   b) nýtingar náttúruauðlinda,

   c) losunar mengunarvalda, ónæðis og úrgangslosunar.

5. Lýsing framkvæmdaraðila á aðferðum sem notaðar eru til að segja fyrir um áhrif á umhverfið sem um getur í 4. lið.

6. Lýsing á ráðstöfunum sem fyrirhugað er að gera til að koma í veg fyrir, draga úr og, ef hægt er, vega á móti umtalsverðum skaðlegum umhverfisáhrifum.

7. Samantekt sem ekki er á tæknimáli um upplýsingarnar sem eru veittar skv. 1.–6. lið.

8. Vísbending um þá erfiðleika (tæknilega annmarka eða skort á verkkunnáttu) sem framkvæmdaraðili hefur staðið frammi fyrir við söfnun upplýsinganna sem krafist er.

———

([15]) Lýsingin skal ná til beinna áhrifa framkvæmdanna, svo og óbeinna áhrifa, annars stigs áhrifa, samlagningaráhrifa, skammtíma-, meðaltíma- og langtímaáhrifa, varanlegra og tímabundinna, jákvæðra og neikvæðra.

V. VIÐAUKI

A-HLUTI

Niðurfelld tilskipun með skrá yfir síðari breytingar hennar

(sem um getur í 14. gr.)

Tilskipun ráðsins 85/337/EBE
(Stjtíð. EB L 175, 5.7.1985, bls. 40)

Tilskipun ráðsins 97/11/EB
(Stjtíð. EB L 73, 14.3.1997, bls. 5)

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/35/EB — Eingöngu 3. gr.
(Stjtíð. ESB L 156, 25.6.2003, bls. 17)

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/31/EB — Eingöngu 31. gr.
(Stjtíð. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 114)

B-HLUTI

Skrá yfir fresti til lögleiðingar í aðildarríkjunum

(sem um getur í 14. gr.)

Tilskipun	Frestur til lögleiðingar
85/337/EBE	3. júlí 1988
97/11/EB	14. mars 1999
2003/35/EB	25. júní 2005
2009/31/EB	25. júní 2011

VI. VIÐAUKI

Samsvörunartafla

Tilskipun 85/337/EBE	Þessi tilskipun
1. mgr. 1. gr.	1. mgr. 1. gr.
Fyrsta undirgrein 2. mgr. 1. gr.	Inngangsorð 2. mgr. 1. gr.
Inngangsorð annarrar undirgreinar 2. mgr. 1. gr.	inngangsorð a-liðar 2. mgr. 1. gr.
Fyrsti undirliður annarrar undirgreinar 2. mgr. 1. gr.	Fyrsti undirliður a-liðar 2. mgr. 1. gr.
Annar undirliður annarrar undirgreinar 2. mgr. 1. gr.	Annar undirliður a-liðar 2. mgr. 1. gr.
Þriðja undirgrein 2. mgr. 1. gr.	b-liður 2. mgr. 1. gr.
Fjórða undirgrein 2. mgr. 1. gr.	c-liður 2. mgr. 1. gr.
Fimmta undirgrein 2. mgr. 1. gr.	d-liður 2. mgr. 1. gr.
Sjötta undirgrein 2. mgr. 1. gr.	e-liður 2. mgr. 1. gr.
3. mgr. 1. gr.	f-liður 2. mgr. 1. gr.
4. mgr. 1. gr.	3. mgr. 1. gr.
5. mgr. 1. gr.	4. mgr. 1. gr.
1. mgr. 2. gr.	1. mgr. 2. gr.
2. mgr. 2. gr.	2. mgr. 2. gr.
2. mgr. a í 2. gr.	3. mgr. 2. gr.
3. mgr. 2. gr.	4. mgr. 2. gr.
Inngangsorð 3. gr.	Inngangsorð 3. gr.
Fyrsti undirliður 3. gr.	a-liður 3. gr.
Annar undirliður 3. gr.	b-liður 3. gr.
Þriðji undirliður 3. gr.	c-liður 3. gr.
Fjórði undirliður 3. gr.	d-liður 3. gr.
4. gr.	4. gr.
1. mgr. 5. gr.	1. mgr. 5. gr.
2. mgr. 5. gr.	2. mgr. 5. gr.
Inngangsorð 3. mgr. 5. gr.	Inngangsorð 3. mgr. 5. gr.
Fyrsti undirliður 3. mgr. 5. gr.	a-liður 3. mgr. 5. gr.
Annar undirliður 3. mgr. 5. gr.	b-liður 3. mgr. 5. gr.
Þriðji undirliður 3. mgr. 5. gr.	c-liður 3. mgr. 5. gr.
Fjórði undirliður 3. mgr. 5. gr.	d-liður 3. mgr. 5. gr.
Fimmti undirliður 3. mgr. 5. gr.	e-liður 3. mgr. 5. gr.
4. mgr. 5. gr.	4. mgr. 5. gr.
6. gr.	6. gr.
Inngangsorð 1. mgr. 7. gr.	Inngangsorð fyrstu undirgreinar 1. mgr. 7. gr.

Tilskipun 85/337/EBE	Þessi tilskipun
a-liður 1. mgr. 7. gr.	a-liður fyrstu undirgreinar 1. mgr. 7. gr.
b-liður 1. mgr. 7. gr.	b-liður fyrstu undirgreinar 1. mgr. 7. gr.
Lokaorð 1. mgr. 7. gr.	Önnur undirgrein 1. mgr. 7. gr.
2.–5. mgr. 7. gr.	2.–5. mgr. 7. gr.
8. gr.	8. gr.
Inngangsorð 1. mgr. 9. gr.	Inngangsorð 9. gr.
Fyrsti undirliður 1. mgr. 9. gr.	a-liður 1. mgr. 9. gr.
Annar undirliður 1. mgr. 9. gr.	b-liður 1. mgr. 9. gr.
Þriðji undirliður 1. mgr. 9. gr.	c-liður 1. mgr. 9. gr.
2. mgr. 9. gr.	2. mgr. 9. gr.
10. gr.	10. gr.
Fyrsta málsgrein 10. gr. a	1. mgr. 11. gr.
Önnur málsgrein 10. gr. a	2. mgr. 11. gr.
Þriðja málsgrein 10. gr. a	3. mgr. 11. gr.
Fjórða og fimmta málsgrein 10. gr. a	Fyrsta og önnur undirgrein 4. mgr. 11. gr.
Sjötta málsgrein 10. gr. a	5. mgr. 11. gr.
1. mgr. 11. gr.	1. mgr. 12. gr.
2. mgr. 11. gr.	2. mgr. 12. gr.
3. mgr. 11. gr.	—
4. mgr. 11. gr.	3. mgr. 12. gr.
1. mgr. 12. gr.	—
2. mgr. 12. gr.	13. gr.
—	14. gr.
—	15. gr.
14. gr.	16. gr.
1. liður í I. viðauka	1. liður í I. viðauka
Fyrsti undirliður 2. liðar í I. viðauka	a-liður 2. liðar í I. viðauka
Annar undirliður 2. liðar í I. viðauka	b-liður 2. liðar í I. viðauka
a-liður 3. liðar í I. viðauka	a-liður 3. liðar í I. viðauka
Inngangsorð b-liðar 3. liðar í I. viðauka.	Inngangsorð b-liðar 3. liðar í I. viðauka.
Fyrsti undirliður b-liðar 3. liðar í I. viðauka	i. liður b-liðar 3. liðar í I. viðauka
Annar undirliður b-liðar 3. liðar í I. viðauka	ii. liður b-liðar 3. liðar í I. viðauka
Þriðji undirliður b-liðar 3. liðar í I. viðauka	iii. liður b-liðar 3. liðar í I. viðauka
Fjórði undirliður b-liðar 3. liðar í I. viðauka	iv. liður b-liðar 3. liðar í I. viðauka
Fimmti undirliður b-liðar 3. liðar í I. viðauka	v. liður b-liðar 3. liðar í I. viðauka
Fyrsti undirliður 4. liðar í I. viðauka	a-liður 4. liðar í I. viðauka

Tilskipun 85/337/EBE	Þessi tilskipun
Annar undirliður 4. liðar í I. viðauka	b-liður 4. liðar í I. viðauka
5. liður í I. viðauka	5. liður í I. viðauka
Inngangsorð 6. liðar í I. viðauka	Inngangsorð 6. liðar í I. viðauka
i. liður 6. liðar í I. viðauka	a-liður 6. liðar í I. viðauka
ii. liður 6. liðar í I. viðauka	b-liður 6. liðar í I. viðauka
iii. liður 6. liðar í I. viðauka	c-liður 6. liðar í I. viðauka
iv. liður 6. liðar í I. viðauka	d-liður 6. liðar í I. viðauka
v. liður 6. liðar í I. viðauka	e-liður 6. liðar í I. viðauka
vi. liður 6. liðar í I. viðauka	f-liður 6. liðar í I. viðauka
7.–15. liður í I. viðauka	7.–15. liður í I. viðauka
Inngangsorð 16. liðar í I. viðauka	Inngangsorð 16. liðar í I. viðauka
Fyrsti undirliður 16. liðar í I. viðauka	a-liður 16. liðar í I. viðauka
Annar undirliður 16. liðar í I. viðauka	b-liður 16. liðar í I. viðauka
17.–21. liður í I. viðauka	17.–21. liður í I. viðauka
22. liður í I. viðauka	24. liður í I. viðauka
23. liður í I. viðauka	22. liður í I. viðauka
24. liður í I. viðauka	23. liður í I. viðauka
1. liður í II. viðauka	1. liður í II. viðauka
a-, b- og c-liður 2. liðar í II. viðauka	a-, b- og c-liður 2. liðar í II. viðauka
Inngangsorð d-liðar 2. liðar í II. viðauka	Inngangsorð d-liðar 2. liðar í II. viðauka
Fyrsti undirliður d-liðar 2. liðar í II. viðauka	i. liður d-liðar 2. liðar í II. viðauka
Annar undirliður d-liðar 2. liðar í II. viðauka	ii. liður d-liðar 2. liðar í II. viðauka
Þriðji undirliður d-liðar 2. liðar í II. viðauka	iii. liður d-liðar 2. liðar í II. viðauka
Lokaorð d-liðar 2. liðar í II. viðauka	Lokaorð d-liðar 2. liðar í II. viðauka
e-liður 2. liðar í II. viðauka	e-liður 2. liðar í II. viðauka
3.–12. liður í II. viðauka	3.–12. liður í II. viðauka
Fyrsti undirliður 13. liðar í II. viðauka	a-liður 13. liðar í II. viðauka
Annar undirliður 13. liðar í II. viðauka	b-liður 13. liðar í II. viðauka
Inngangsorð 1. liðar í III. viðauka	Inngangsorð 1. liðar í III. viðauka
Fyrsti undirliður 1. liðar í III. viðauka	a-liður 1. liðar í III. viðauka
Annar undirliður 1. liðar í III. viðauka	b-liður 1. liðar í III. viðauka
Þriðji undirliður 1. liðar í III. viðauka	c-liður 1. liðar í III. viðauka
Fjórði undirliður 1. liðar í III. viðauka	d-liður 1. liðar í III. viðauka
Fimmti undirliður 1. liðar í III. viðauka	e-liður 1. liðar í III. viðauka
Sjötti undirliður 1. liðar í III. viðauka	f-liður 1. liðar í III. viðauka
Inngangsorð 2. liðar í III. viðauka	Inngangsorð 2. liðar í III. viðauka

Tilskipun 85/337/EBE	Þessi tilskipun
Fyrsti undirliður 2. liðar í III. viðauka	a-liður 2. liðar í III. viðauka
Annar undirliður 2. liðar í III. viðauka	b-liður 2. liðar í III. viðauka
Inngangsorð þriðja undirliðar 2. liðar í III. viðauka	Inngangsorð c-liðar 2. liðar í III. viðauka
a-liður þriðja undirliðar 2. liðar í III. viðauka	i. liður c-liðar 2. liðar í III. viðauka
b-liður þriðja undirliðar 2. liðar í III. viðauka	ii. liður c-liðar 2. liðar í III. viðauka
c-liður þriðja undirliðar 2. liðar í III. viðauka	iii. liður c-liðar 2. liðar í III. viðauka
d-liður þriðja undirliðar 2. liðar í III. viðauka	iv. liður c-liðar 2. liðar í III. viðauka
e-liður þriðja undirliðar 2. liðar í III. viðauka	v. liður c-liðar 2. liðar í III. viðauka
f-liður þriðja undirliðar 2. liðar í III. viðauka	vi. liður c-liðar 2. liðar í III. viðauka
g-liður þriðja undirliðar 2. liðar í III. viðauka	vii. liður c-liðar 2. liðar í III. viðauka
h-liður þriðja undirliðar 2. liðar í III. viðauka	viii. liður c-liðar 2. liðar í III. viðauka
Inngangsorð 3. liðar í III. viðauka	Inngangsorð 3. liðar í III. viðauka
Fyrsti undirliður 3. liðar í III. viðauka	a-liður 3. liðar í III. viðauka
Annar undirliður 3. liðar í III. viðauka	b-liður 3. liðar í III. viðauka
Þriðji undirliður 3. liðar í III. viðauka	c-liður 3. liðar í III. viðauka
Fjórði undirliður 3. liðar í III. viðauka	d-liður 3. liðar í III. viðauka
Fimmti undirliður 3. liðar í III. viðauka	e-liður 3. liðar í III. viðauka
Inngangsorð 1. liðar í IV. viðauka	Inngangsorð 1. liðar í IV. viðauka
Fyrsti undirliður 1. liðar í IV. viðauka	a-liður 1. liðar í IV. viðauka
Annar undirliður 1. liðar í IV. viðauka	b-liður 1. liðar í IV. viðauka
Þriðji undirliður 1. liðar í IV. viðauka	c-liður 1. liðar í IV. viðauka
2. og 3. liður í IV. viðauka	2. og 3. liður í IV. viðauka
Inngangsorð 4. liðar í IV. viðauka	Inngangsorð fyrstu undirgreinar 4. liðar í IV. viðauka
Fyrsti undirliður 4. liðar í IV. viðauka	a-liður fyrstu undirgreinar 4. liðar í IV. viðauka
Annar undirliður 4. liðar í IV. viðauka	b-liður fyrstu undirgreinar 4. liðar í IV. viðauka
Þriðji undirliður 4. liðar í IV. viðauka	c-liður fyrstu undirgreinar 4. liðar í IV. viðauka
Lokaorð 4. liðar í IV. viðauka	5. liður IV. viðauka
5. liður IV. viðauka	6. liður IV. viðauka
6. liður IV. viðauka	7. liður IV. viðauka
7. liður IV. viðauka	8. liður IV. viðauka
—	V. VIÐAUKI
—	VI. VIÐAUKI

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 600/2012 **2013/EES/14/04**

frá 21. júní 2012

um sannprófun á skýrslum um losun gróðurhúsalofttegunda og skýrslum um tonnkílómetra og faggildingu sannprófenda samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB ([1]), einkum 4. mgr. 15 gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Heildarrammi um reglur fyrir faggildingu sannprófenda er nauðsynlegur til að tryggja að sannprófun á skýrslum rekstraraðila eða umráðenda loftfara, innan ramma kerfis Sambandsins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda, sem leggja skal fram í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 601/2012 frá 21. júní 2012 um vöktun á losun gróðurhúsalofttegunda og skýrslugjöf um losunina samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB ([2]), sé unnin af sannprófendum sem búa yfir tæknilegri færni til að inna af hendi, með óháðum og óhlutdrægum hætti, þau verkefni sem þeim eru falin og í samræmi við þær kröfur og meginreglur sem settar eru fram í þessari reglugerð.

2) Með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB frá 12. desember 2006 um þjónustu á innri markaðnum ([3]) var komið á fót almennum ramma til að greiða fyrir frjálsu flæði þjónustu og þjónustuveitenda innan Sambandsins og viðhalda samtímis háu gæðastigi þjónustu. Samhæfing innan Sambandsins á reglum um faggildingu og sannprófun, sem varða kerfi Sambandsins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda, skal stuðla að samkeppni á markaði fyrir sannprófendur og tryggja um leið gagnsæi og upplýsingar fyrir rekstraraðila og umráðendur loftfara.

3) Við framkvæmd 15. gr. tilskipunar 2003/87/EB er nauðsynlegt að tryggja samvirkni milli heildarrammans um faggildingu, sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 frá 9. júlí 2008 um kröfur varðandi faggildingu og markaðseftirlit í tengslum við markaðssetningu á vörum og um niðurfellingu reglugerðar (EBE) nr. 339/93 ([4]), og tengdra ákvæða í ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 768/2008/EB frá 9. júlí 2008 um sameiginlegan ramma um markaðssetningu á vörum og um niðurfellingu á ákvörðun ráðsins 93/465/EBE ([5]) annars vegar og sérkenna kerfis Sambandsins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda og krafna, sem eru nauðsynlegar til að hrinda megi í framkvæmd tilskipun 2003/87/EB á skilvirkan hátt, hins vegar. Reglugerð (EB) Nr. 765/2008 skal gilda áfram um þá þætti sem varða faggildingu sannprófenda sem ekki er fjallað um í þessari reglugerð. Einkum skal tryggja að í þeim tilvikum þar sem landsyfirvald, sem viðkomandi aðildarríki tilnefnir í samræmi við reglugerð (EB) nr. 765/2008 á grundvelli eigin starfsvenja, viðhefur annars konar aðferð við faggildingu, þ.e. vottun á sannprófendum sem eru einstaklingar, skuli hlutaðeigandi aðildarríki leggja fram skrifleg sönnunargögn fyrir því að slíkt yfirvald njóti sama trúverðugleika og faggildingarstofur aðildarríkis sem hafa gengist undir og staðist jafningjamat sem stofnunin, sem er viðurkennd skv. 14. gr. þeirrar reglugerðar, skipuleggur.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 181, 12.7.2012, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 234/2012 frá 7. desember 2012 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32.

([2]) Stjtíð. ESB L 181, 12.7.2012, bls. 30.

([3]) Stjtíð. ESB L 376, 27.12.2006, bls. 36.

([4]) Stjtíð. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 30.

([5]) Stjtíð. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 82.

4) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2009 frá 25. nóvember 2009 um frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 761/2001 og ákvarðana framkvæmdastjórnarinnar 2001/681/EB og 2006/193/EB([6]) er kveðið á um óháð og hlutlaust faggildingar- eða leyfisveitingarkerfi fyrir umhverfissannprófendur. Með skírskotun til samræmis og til að draga úr stjórnsýsluálagi á aðildarríkin og rekstraraðila þykir rétt að hafa hliðsjón af samvirkni milli framangreinds og þessarar reglugerðar.

5) Forðast skal að sannprófunar- og faggildingarkerfið feli í sér óþarfa tvítekningu á aðferðum og stofnunum sem komið er á fót samkvæmt öðrum lagagerningum Sambandsins sem myndi valda aðildarríkjum eða rekstraraðilum auknum byrðum. Þess vegna þykir rétt að líta til bestu starfsvenja sem tilkomnar eru við beitingu samræmdra staðla sem Staðlasamtök Evrópu samþykktu á grundvelli heimildar frá framkvæmdastjórninni í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB frá 22. júní 1998 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða sem og reglna um þjónustu í upplýsingasamfélaginu ([7]), s.s. samræmda staðalsins sem varðar almennar kröfur til faggildingarstofa, sem sinna faggildingu aðila sem annast samræmismat, og samræmda staðalsins, sem varðar kröfur til faggildingar- og sannprófunaraðila í tengslum við gróðurhúsalofttegundir til notkunar við faggildingu eða annars konar viðurkenningu og tilvísun í þá hefur verið birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*, sem og skjals EA-6/03 og annarra tækniskjala sem Evrópusamtök um faggildingu eða aðrir aðilar hafa þróað.

6) Þegar settar eru samræmdar reglur um sannprófun á skýrslum rekstraraðila eða umráðenda loftfara og faggildingu sannprófenda er nauðsynlegt að tryggja að sú byrði sem lögð er á rekstraraðila, sem losa lítið magn af koltvísýringi (CO_2) á ári, á umráðendur loftfara, sem taldir eru smálosendur í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 601/2012, sem og á tiltæk tilföng aðildarríkjanna sé hófleg í ljósi þeirra markmiða sem stefnt er að.

7) Ákvæði 27. gr. tilskipunar 2003/87/EB gerir aðildarríkjum kleift að undanskilja litlar stöðvar, sem falla undir jafngildar ráðstafanir, frá kerfi Sambandsins um viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda, að því tilskildu að þau skilyrði sem sett eru fram í þeirri grein séu uppfyllt. Þessi reglugerð skal ekki gilda með beinum hætti um þær stöðvar sem eru undanþegnar skv. 27. gr. tilskipunar 2003/87/EB, nema aðildarríkin ákveði að þessi reglugerð skuli gilda.

8) Í samræmi við meginreglurnar í V. viðauka við tilskipun 2003/87/EB skal sannprófandi beita nálgun, byggðri á áhættumati, með það að markmiði að skila sannprófunaráliti sem veitir fullnægjandi áreiðanleika um að ekki séu verulegar rangfærslur um heildarlosun eða tonnkílómetra og að hægt sé að staðfesta skýrsluna sem fullnægjandi. Áreiðanleikastigið skal vera í samræmi við það hversu ítarleg og nákvæm sannprófunarstörfin eru, sem innt eru af hendi við sannprófunina, og orðalag í yfirlýsingu um sannprófunarálit. Sannprófanda skal vera skylt, í ljósi niðurstaðna og upplýsinga sem aflað er við sannprófunarferlið, að aðlaga eina eða fleiri aðgerð í sannprófunarferlinu til að uppfylla kröfur um að ná fram fullnægjandi áreiðanleika.

9) Til þess að halda megi hlutverkum lögbærs yfirvalds og sannprófanda aðskildum skulu skyldur sannprófanda við framkvæmd sannprófunar skýrt skilgreindar. Sannprófandi skal líta á vöktunaráætlunina, sem lögbært yfirvald hefur samþykkt, sem viðmiðunarpunkt og meta hvort áætluninni og aðferðunum, sem lýst er í áætluninni, hafi verið hrint í framkvæmd á réttan hátt. Ef sannprófandi greinir vanefndir á því að farið sé að ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 601/2012 skal það vera á ábyrgð sannprófandans að tilkynna um þessi vanefndaratriði í sannprófunarskýrslunni.

10) Fullur skilningur á starfsemi rekstraraðila eða umráðanda loftfara er nauðsynlegur fyrir framkvæmd skilvirkrar sannprófunar á skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfara. Sannprófandi skal einungis inna af hendi umbeðin sannprófunarstörf eftir að fengist hefur fullvissa um, eftir bráðabirgðamat, að hann sé hæfur til þess. Til þess að ná fram háu gæðastigi í sannprófunarstörfum skal móta samræmdar reglur um bráðabirgðamat til þess að ákvarða hvort sannprófandi sé hæfur, óháður og óhlutdrægur þegar hann annast umbeðin sannprófunarstörf í samræmi við þær reglur og meginreglur sem settar eru fram í þessari reglugerð.

11) Það er mjög mikilvægt að rekstraraðili eða umráðandi loftfars og sannprófandi miðli viðeigandi upplýsingum sín á milli á öllum stigum sannprófunarferlisins, einkum í þeim hluta þess sem á sér stað áður en samningur er gerður, við framkvæmd skipulegrar greiningar af hendi sannprófandans og á meðan á allri sannprófuninni stendur. Það er nauðsynlegt að koma á samhæfðum kröfum sem skulu ætíð gilda um þessa tilhögun upplýsingamiðlunar milli rekstraraðila eða umráðanda loftfars og sannprófanda.

12) Öll sannprófunarstörf í sannprófunarferlinu eru samtengd og skal þeim lokið með því að sannprófandinn gefur út sannprófunarskýrslu sem inniheldur sannprófunaryfirlýsingu sem er í réttu samræmi við niðurstöðurnar úr sannprófunarmatinu. Koma skal á samhæfðum kröfum um sannprófunarskýrslur og um framkvæmd sannprófunarstarfa til þess að tryggja að sannprófunarskýrslur og sannprófunarstörf í aðildarríkjunum uppfylli sömu kröfur.

([6]) Stjtíð. ESB L 342, 22.12.2009, bls. 1.
([7]) Stjtíð. EB L 204, 21.7.1998, bls. 37.

13) Mikilvægur hluti í sannprófunarferlinu, sem ákvarðar hvernig sannprófandi skuli haga sannprófunarstörfum, er að greina hversu viðkvæm uppgefin gögn eru fyrir rangfærslum sem gætu verið verulegar. Sérhver þáttur í sannprófunarferlinu er því nátengdur niðurstöðum greiningar á þessari áhættu á rangfærslum.

14) Kveða skal á um sértæk ákvæði sem varða sannprófun á skýrslum umráðenda loftfara og rekstraraðila svæða sem falla undir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/31/EB frá 23. apríl 2009 um geymslu koltvísýrings í jörðu og um breytingu á tilskipun ráðsins 85/337/EBE, tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB, 2001/80/EB, 2004/35/EB, 2006/12/EB, 2008/1/EB og reglugerð (EB) nr 1013/2006([8]).

15) Nákvæm og skilvirk skýrslugjöf um losun gróðurhúsalofttegunda af hálfu rekstraraðila eða umráðanda loftfars er mjög mikilvæg fyrir framkvæmd tilskipunar 2003/87/EB. Til þess að tryggja að vöktunar- og skýrslugjafarferlið virki sem skyldi skal stöðugt betri frammistaða rekstraraðila eða umráðanda loftfars vera hluti af þeim sannprófunarstörfum sem sannprófandi annast.

16) Einungis sannprófendur og hæft starfsfólk þeirra skulu annast sannprófunarstörf og útgáfu sannprófunarskýrslna. Sannprófendur skulu koma á innri ferlum og bæta þá stöðugt til þess að tryggja að allt starfsfólk, sem tekur þátt í sannprófunarstörfum, sé hæft til að sinna þeim verkefnum sem þeim eru falin. Viðmiðanir til að ákvarða hvort sannprófandi sé hæfur skulu vera þær sömu í öllum aðildarríkjum og skulu þær vera sannprófanlegar, hlutlægar og gagnsæjar.

17) Faggildingarstofa aðildarríkis, sem komið var á fót samkvæmt reglugerð (EB) nr. 765/2008, skal hafa heimild til að faggilda og gefa út opinbera yfirlýsingu varðandi hæfni sannprófanda til að annast sannprófunarstörf samkvæmt þessari reglugerð, samþykkja stjórnsýsluráðstafanir og sinna eftirliti með sannprófendum.

18) Aðildarríki, sem álítur það hvorki fjárhagslega hagkvæmt né sjálfbært að koma á fót landsbundinni faggildingarstofu eða annast faggildingarstarfsemi, skal geta leitað til faggildingarstofu annars aðildarríkis. Einungis faggildingarstofur aðildarríkis, sem hafa gengist undir og staðist jafningjamat af hálfu stofnunarinnar sem er viðurkennd skv. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008, skulu hafa heimild til að annast faggildingarstarfsemi samkvæmt þessari reglugerð.

19) Faggildingarstofur aðildarríkis, sem geta sýnt fram á samræmi við þessa reglugerð og sem hafa þegar gengist undir og staðist jafningjamat sem stofnunin, sem er viðurkennd skv. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008, hefur skipulagt, skulu teljast hafa uppfyllt kröfur um málsmeðferð sem faggildingarstofur aðildarríkis þurfa að uppfylla, s.s. kröfur um uppbyggingu faggildingarstofu aðildarríkis, kröfur um að koma á hæfnisferli, kröfur um að koma á nauðsynlegum verklagsreglum og stjórnunarkerfi og fyrirkomulagi við að tryggja að upplýsingar, sem aflað er, séu trúnaðarmál og skuli þær vera undanþegnar því að þurfa að gangast undir nýtt jafningjamat við gildistöku þessarar reglugerðar. Í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/4/EB frá 28. janúar 2003 um almennan aðgang að upplýsingum um umhverfismál og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/313/EBE([9]) skulu umhverfisupplýsingar, sem er að finna í sannprófuðum skýrslum rekstraraðila eða umráðanda loftfars og opinber yfirvöld hafa í sinni vörslu, gerðar opinberar til að tryggja gagnsæi, með fyrirvara um tilteknar trúnaðarkvaðir.

20) Skilvirk samvinna milli faggildingarstofa aðildarríkjanna eða, eftir atvikum, annarra landsyfirvalda og lögbærra yfirvalda er mjög mikilvæg til að tryggja að kerfi um heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda sem og eftirlit með gæðum sannprófunar virki sem skyldi. Með skírskotun til gagnsæis er nauðsynlegt að tryggja að faggildingarstofur aðildarríkjanna eða, eftir atvikum, önnur landsyfirvöld, og lögbær yfirvöld komi á skilvirkum aðferðum við upplýsingaskipti. Upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda og milli lögbærra yfirvalda og faggildingarstofa aðildarríkjanna eða annarra landsyfirvalda skulu falla undir ströngustu trúnaðarkvaðir og þagnarskyldu og skal þeim háttað í samræmi við gildandi landslög og lög Sambandsins.

21) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um loftslagsbreytingar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Efni

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um ákvæði um sannprófun á skýrslum, sem lagðar eru fram samkvæmt tilskipun 2003/87/EB, sem og um faggildingu á og eftirlit með sannprófendum.

Í þessari reglugerð eru einnig tilgreind, með fyrirvara um reglugerð (EB) nr. 765/2008, ákvæði um gagnkvæma viðurkenningu á sannprófendum og jafningjamat á faggildingarstofum aðildarríkjanna skv. 15. gr. tilskipunar 2003/87/EB.

([8]) Stjtíð. ESB L 14, 5.6.2009, bls. 114.

([9]) Stjtíð. ESB L 41, 14.2.2003, bls. 26.

2. gr.

Gildissvið

Þessi reglugerð skal gilda um sannprófun á gögnum um losun gróðurhúsalofttegunda og tonnkílómetra frá 1. janúar 2013, sem tilkynnt er um skv. 14. gr. tilskipunar 2003/87/EB.

3. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð gilda eftirfarandi skilgreiningar auk þeirra skilgreininga sem mælt er fyrir um í 3. gr. tilskipunar 2003/87/EB og 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 601/2012:

1) „uppgötvunaráhætta": sú áhætta sem er á því að sannprófandi uppgötvi ekki verulegar rangfærslur,

2) „faggilding": staðfesting faggildingarstofu aðildarríkis þess efnis að sannprófandi uppfylli kröfurnar, sem settar eru fram í samhæfðum stöðlum í skilningi 9. liðar 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008, og kröfurnar, sem settar eru fram í þessari reglugerð, til að annast sannprófun á skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars samkvæmt þessari reglugerð,

3) „sannprófandi": lögaðili eða annar lögformlegur aðili sem annast sannprófunarstörf samkvæmt þessari reglugerð og faggildingarstofa aðildarríkis hefur faggilt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 765/2008 og þessari reglugerð eða einstaklingur, sem hefur fengið til þess heimild með öðrum hætti, með fyrirvara um 2. mgr. 5. gr. þeirrar reglugerðar, á þeim tíma þegar sannprófunarskýrsla er gefin út,

4) „sannprófun": störf sem sannprófandi annast í þeim tilgangi að gefa út sannprófunarskýrslu samkvæmt þessari reglugerð,

5) „veruleg rangfærsla": rangfærsla sem að mati sannprófandans, annað hvort ein og sér eða uppsöfnuð með öðrum rangfærslum, vegur þyngra en mikilvægisstigið eða gæti haft áhrif á meðhöndlun lögbærs yfirvalds á skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars,

6) „skýrsla rekstraraðila eða umráðanda loftfars": árleg skýrsla um losun sem rekstraraðili eða umráðandi loftfars skal leggja fram skv. 3. mgr. 14. gr. tilskipunar 2003/87/EB eða skýrsla um tonnkílómetra sem umráðandi loftfars skal leggja fram í þeim tilgangi að sækja um úthlutun losunarheimilda skv. 3. gr. e og 3. gr. f í þeirri tilskipun,

7) „gildissvið faggildingar": sú tegund starfsemi sem um getur í I. viðauka sem sótt er um faggildingu fyrir eða sem faggilding hefur verið veitt fyrir,

8) „hæfni": geta til að beita þekkingu og hæfileikum til þess að inna starf af hendi,

9) „mikilvægisstig": megindleg mörk eða lokapunktur sem rangfærslur, einar sér eða uppsafnaðar með öðrum rangfærslum, þurfa að fara yfir til þess að sannprófandi telji þær verulegar,

10) „eftirlitskerfi": áhættumat og öll eftirlitsstarfsemi, þ.m.t. viðvarandi stjórnun, sem rekstraraðili eða umráðandi loftfars hefur innleitt, skjalfest, framkvæmt og viðhaldið skv. 58. gr. reglugerðar (ESB) nr. 601/2012,

11) „eftirlitsstarfsemi": allar þær athafnir eða ráðstafanir sem rekstaraðili eða umráðandi loftfars framkvæmir til að draga úr eðlislægri áhættu,

12) „ósamræmi" merkir eitt af eftirtöldu:

   a) að því er varðar sannprófun á skýrslu rekstraraðila um losun: sérhver athöfn eða vanræksla rekstraraðila sem er í andstöðu við leyfið til losunar gróðurhúsalofttegunda og kröfurnar í vöktunaráætluninni sem lögbært yfirvald hefur samþykkt,

   b) að því er varðar sannprófun á skýrslu umráðanda loftfars um losun eða tonnkílómetra: sérhver athöfn eða vanræksla umráðanda loftfars sem er í andstöðu við kröfurnar í vöktunaráætluninni sem lögbært yfirvald hefur samþykkt,

   c) að því er varðar faggildingu samkvæmt IV. kafla: sérhver athöfn eða vanræksla sannprófanda sem er í andstöðu við kröfur þessarar reglugerðar.

13) „staður": að því er varðar sannprófun á skýrslu umráðanda loftfars um losun eða tonnkílómetra: staðir þar sem vöktunarferlið er skilgreint og því stjórnað, þ.m.t. staðir þar sem haft er eftirlit með viðeigandi gögnum og upplýsingum og þau geymd,

14) „eftirlitsumhverfi": umhverfi þar sem innra eftirlitskerfi er virkt svo og allar aðgerðir í stjórnun rekstraraðila eða umráðanda loftfars til að tryggja vitund um þetta innra eftirlitskerfi,

15) „eðlislæg áhætta": næmleiki mæliþáttar í skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars fyrir rangfærslum sem gætu verið verulegar, einar sér eða uppsafnaðar með öðrum rangfærslum, áður en tillit er tekið til áhrifa tengdrar eftirlitsstarfsemi,

16) „eftirlitsáhætta“: næmleiki mæliþáttar í skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars fyrir rangfærslum sem gætu verið verulegar, einar sér eða uppsafnaðar með öðrum rangfærslum, sem ekki er hægt að koma í veg fyrir eða greina og leiðrétta tímanlega með eftirlitskerfinu,

17) „sannprófunaráhætta“: áhætta, sem er afleiðing af eðlislægri áhættu, eftirlitsáhættu og uppgötvunaráhættu, á því að sannprófandi láti frá sér óviðunandi sannprófunarálit ef skýrsla rekstraraðila eða umráðanda loftfars er ekki laus við verulegar rangfærslur,

18) „fullnægjandi áreiðanleiki”: hátt en ekki fullkomið áreiðanleikastig, sem er tilgreint á skýran hátt í sannprófunarálitinu, er varðar það að skýrsla rekstraraðila eða umráðanda loftfars, sem á að sannprófa, sé laus við verulegar rangfærslur,

19) „greiningarferli“: greining á sveiflum og tilhneigingum í gögnunum, þ.m.t. greining á tengslum sem eru í ósamræmi við aðrar viðkomandi upplýsingar eða sem sýna frávik frá þeim gildum sem búist var við,

20) „innri sannprófunargögn“: öll innri gögn sem sannprófandi hefur tekið saman til að skrá öll skrifleg sönnunargögn og rök fyrir starfsemi sem er innt af hendi við sannprófun á skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars,

21) „yfiráttektarmaður viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir“ (e. *EU ETS lead auditor*): úttektarmaður viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir sem sér um að stjórna og hafa eftirlit með sannprófunarhóp og ber ábyrgð á framkvæmd og skýrslugjöf varðandi sannprófun á skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars,

22) „úttektarmaður viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir“ (e. *EU ETS auditor*): einstaklingur í sannprófunarhóp, sem ber ábyrgð á að annast sannprófun á skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars, annar en yfiráttektarmaður viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir,

23) „tæknisérfræðingur“: einstaklingur sem lætur í té ítarlega þekkingu og sérþekkingu á tilteknu viðfangsefni sem þörf er á við framkvæmd sannprófunarstarfa að því er varðar III. kafla og við framkvæmd faggildingarstarfsemi að því er varðar V. kafla,

24) „áreiðanleikastig“: það stig áreiðanleika sem sannprófandi veitir varðandi sannprófunarskýrsluna á grundvelli þess markmiðs að minnka sannprófunaráhættuna í ljósi aðstæðna við sannprófunarverkefnið,

25) „matsmaður“: einstaklingur sem faggildingarstofa aðildarríkis hefur falið að annast mat á sannprófanda samkvæmt þessari reglugerð, annaðhvort sérstaklega eða sem þátttakandi í matshóp,

26) „yfirmatsmaður“: matsmaður sem hefur verið falin heildarábyrgð á mati á sannprófanda samkvæmt þessari reglugerð,

27) „rangfærsla“: vanræksla, röng staðhæfing eða skekkja í uppgefnum gögnum rekstraraðila eða umráðanda loftfars, þó án tillits til þeirrar óvissu sem er leyfileg samkvæmt a-lið 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 601/2012.

4. gr.

Gengið út frá samræmi

Ef sannprófandi sýnir fram á að hann uppfylli viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í viðeigandi samhæfðum stöðlum, í skilningi 9. liðar 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008, eða hlutum þeirra og tilvísun í þá hefur verið birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*, skal hann teljast uppfylla þær kröfur sem settar eru fram í II. og III. kafla í þessari reglugerð, að svo miklu leyti sem gildandi samhæfðir staðlar ná yfir þær kröfur.

5. gr.

Almennur rammi um faggildingu

Ef ekki er í þessari reglugerð mælt fyrir um sértæk ákvæði um samsetningu faggildingarstofa aðildarríkjanna eða um starfsemi og kröfur sem tengjast faggildingu, skulu viðeigandi ákvæði í reglugerð (EB) nr. 765/2008 gilda.

II. KAFLI

SANNPRÓFUN

6. gr.

Áreiðanleiki sannprófunar

Sannprófuð skýrsla um losun skal vera áreiðanleg fyrir notendur. Í henni skal koma fram raunsönn mynd af því sem fjallað er um eða því sem ætla mætti með sanngjörnum hætti að hún sýni.

Ferlið við að sannprófa losunarskýrslur skal vera skilvirkt og áreiðanlegt tæki til stuðnings við gæðatryggingar- og gæðaeftirlitsaðferðir þar sem koma fram upplýsingar sem rekstraraðili eða umráðandi loftfars getur nýtt sér til að bæta skilvirkni við vöktun og skýrslugjöf er varðar losun.

7. gr.

Almennar skyldur sannprófanda

1. Sannprófandi skal annast sannprófunina og þau störf sem krafist er samkvæmt þessum kafla með það að markmiði að leggja fram sannprófunarskýrslu þar sem komist er að þeirri niðurstöðu með fullnægjandi áreiðanleika að skýrsla rekstraraðila eða umráðanda loftfars sé laus við verulegar rangfærslur.

2. Sannprófandi skal skipuleggja og annast sannprófun með faglegri gagnrýni með hliðsjón af því að aðstæður geta verið þannig að þær verði til þess að upplýsingar í skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars innhaldi verulegar rangfærslur.

3. Sannprófanda ber að annast sannprófunina í þágu almannahagsmuna, óháð rekstraraðila eða umráðanda loftfars og lögbærum yfirvöldum sem bera ábyrgð á tilskipun 2003/87/EB.

4. Meðan á sannprófun stendur skal sannprófandi meta hvort:

a) skýrsla rekstraraðila eða umráðanda loftfars sé fullgerð og í samræmi við allar kröfur sem mælt er fyrir um í X. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 601/2012,

b) rekstaraðili eða umráðandi loftfars hafi farið að kröfunum í leyfinu til losunar gróðurhúsalofttegunda og vöktunaráætluninni, sem lögbært yfirvald hefur samþykkt, að því er varðar sannprófun á skýrslu rekstraraðila um losun og kröfunum í vöktunaráætluninni, sem lögbært yfirvald hefur samþykkt, að því er varðar sannprófun á skýrslu umráðanda loftfars um losun eða tonnkílómetra,

c) gögnin í skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars séu laus við verulegar rangfærslur,

d) hægt sé að útvega upplýsingar til stuðnings starfsemi rekstraraðila eða umráðanda loftfars í tengslum við gagnaflæði, eftirlitskerfi þeirra og verklagsreglur sem þessu tengjast til að bæta megi skilvirkni við vöktun og skýrslugjöf.

Að því er varðar c-lið í þessari málsgrein skal sannprófandi afla skýrra og hlutlægra sannana hjá rekstraraðila eða umráðanda loftfars, sem styðja uppgefna uppsafnaða losun eða tonnkílómetra, að teknu tilliti til allra annarra upplýsinga sem veittar eru í skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars.

5. Ef sannprófandi uppgötvar að rekstraraðili eða umráðandi loftfars fer ekki eftir ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 601/2012 skal greint frá því fráviki í sannprófunarskýrslunni, jafnvel þótt lögbært yfirvald hafi samþykkt vöktunaráætlunina sem um ræðir.

6. Ef lögbært yfirvald hefur ekki samþykkt vöktunaráætlunina skv. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 601/2012 eða hún er ófullgerð eða gerðar hafa verið á henni umtalsverðar breytingar á skýrslutímabilinu, sem um getur í 3. eða 4. mgr. 15. gr. þeirrar reglugerðar, sem lögbært yfirvald hefur ekki samþykkt í framhaldinu, skal sannprófandi ráðleggja rekstraraðila eða umráðanda loftfars að afla sér nauðsynlegs samþykkis frá lögbæra yfirvaldinu.

Að fengnu samþykki frá lögbæra yfirvaldinu skal sannprófandinn halda áfram sannprófunarstörfum sínum, endurtaka þau eða aðlaga, til samræmis við það.

Ef samþykkis hefur ekki verið aflað áður en sannprófunarskýrslan er gefin út skal sannprófandinn geta þess í sannprófunarskýrslunni.

8. gr.

Skuldbindingar áður en samningur er gerður

1. Áður en sannprófandi tekur að sér sannprófunarverkefni skal hann afla sér tilhlýðilegrar þekkingar á rekstraraðila eða umráðanda loftfars og meta hvort hann geti tekið að sér sannprófunina. Í þessu skyni skal sannprófandinn a.m.k.:

a) meta áhættuna sem fylgir því að taka að sér sannprófun á skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars í samræmi við þessa reglugerð,

b) taka að sér að fara yfir upplýsingar, sem rekstraraðili eða umráðandi loftfars hafa lagt fram, til þess að geta metið umfang sannprófunarinnar,

c) meta hvort verkefnið falli innan gildissviðs faggildingar hans,

d) meta hvort hann búi yfir hæfni, starfsfólki og úrræðum sem þörf er á til að geta valið sannprófunarhóp sem er fær um að fást við flókin atriði í tengslum við stöðvar eða starfsemi umráðanda loftfars og flugflota hans sem og meta hvort honum sé fært að ljúka sannprófunarstörfum með góðum árangri innan þeirra tímamarka sem krafist er,

e) meta hvort hann sé fær um að tryggja að hugsanlegur sannprófunarhópur, sem hann hefur á sínum snærum, hafi yfir að búa þeirri hæfni og mannafla sem krafist er til að inna af hendi sannprófunarstörf fyrir þennan tiltekna rekstraraðila eða umráðanda loftfars,

f) ákvarða þann tíma sem nauðsynlegur er til að framkvæma sannprófunina á tilhlýðilegan hátt, að því er varðar hvert umbeðið sannprófunarverkefni fyrir sig.

2. Rekstraraðili eða umráðandi loftfars skal útvega sannprófanda allar viðeigandi upplýsingar sem gera sannprófandanum kleift að sinna þeirri starfsemi sem um getur í 1. mgr.

9. gr.

Ráðstöfun á tíma

1. Þegar metið er hversu mikinn tíma þarf fyrir sannprófunarverkefni eins og um getur í f-lið 1. mgr. 8. gr. skal sannprófandi a.m.k. taka tillit til:

a) flókinna atriði í tengslum við stöðvar eða starfsemi umráðanda loftfars og flugflota hans,

b) upplýsingastigsins og hversu flókin vöktunaráætlunin er sem lögbært yfirvald hefur samþykkt,

c) þess mikilvægisstigs sem krafist er,

d) þess hversu flókin eða heildstæð starfsemi rekstraraðila eða umráðanda loftfars er í tengslum við gagnaflæði, sem og eftirlitskerfi hans,

e) staðsetningar upplýsinga og gagna sem varða losun gróðurhúsalofttegunda eða tonnkílómetra.

2. Sannprófandi skal tryggja að í samningi um sannprófun sé kveðið á um möguleika á aukatíma til viðbótar við þann tíma sem samið er um í samningnum, ef þörf er á slíkum viðbótartíma í tengslum við skipulega greiningu, áhættugreiningu eða önnur sannprófunarstörf. Þær aðstæður þar sem bæta má við viðbótartíma skulu a.m.k. fela í sér eftirfarandi:

a) á meðan á sannprófun stendur kemur í ljós að starfsemi í tengslum við gagnaflæði, eftirlitsstarfsemi eða birgðastjórnun rekstraraðila eða umráðanda loftfars virðist flóknari en í upphafi var búist við,

b) ef sannprófandinn hefur uppgötvað rangfærslur, ósamræmi, ófullnægjandi gögn eða skekkjur í gagnasöfnum á meðan á sannprófun stendur.

3. Sannprófandi skal færa sönnur á þann tíma sem ráðstafað er í innri sannprófunargögnum.

10. gr.

Upplýsingar frá rekstraraðila eða umráðanda loftfars

1. Áður en skipuleg greining á sér stað og á öðrum tímapunktum meðan á sannprófuninni stendur skal rekstraraðili eða umráðandi loftfars útvega sannprófanda allar eftirfarandi upplýsingar:

a) leyfi rekstraraðila til losunar gróðurhúsalofttegunda ef það varðar sannprófun á skýrslu rekstraraðila um losun,

b) nýjustu útgáfu af vöktunaráætlun rekstraraðila eða umráðanda loftfars, sem og allar aðrar viðeigandi útgáfur af vöktunaráætluninni sem lögbært yfirvald hefur samþykkt, þ.m.t. sannanir fyrir samþykki hennar.

c) lýsingu á starfsemi rekstraraðila eða umráðanda loftfars í tengslum við gagnaflæði,

d) áhættumat rekstraraðila eða umráðanda loftfars, sem um getur í a-lið 2. mgr. 58. gr. reglugerðar (ESB) nr. 601/2012, og lýsingu á heildareftirlitskerfinu,

e) aðferðirnar sem getið er í vöktunaráætluninni eins og lögbært yfirvald hefur samþykkt hana, þ.m.t. verklagsreglur vegna starfsemi í tengslum við gagnaflæði og eftirlit,

f) árlega skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars um losun eða tonnkílómetra, eins og við á,

g) eftir atvikum, úrtaksáætlun rekstraraðila eins og um getur í 33. gr. reglugerðar (ESB) nr. 601/2012 og lögbært yfirvald hefur samþykkt,

h) ef vöktunaráætluninni hefur verið breytt á skýrslutímabilinu, skýrslu þar sem tilgreindar eru allar breytingar í samræmi við 3. mgr. 16. g. reglugerðar (ESB) nr. 601/2012,

i) eftir atvikum, skýrsluna sem um getur í 4. mgr. 69. gr. reglugerðar (ESB) nr. 601/2012,

j) sannprófunarskýrsluna frá næstliðnu ári ef sannprófandinn annaðist ekki sannprófun fyrir þennan tiltekna rekstraraðila eða umráðanda loftfars á því sama ári,

k) öll viðeigandi bréfaskipti við lögbært yfirvald, einkum upplýsingar sem varða tilkynningu um breytingar á vöktunaráætluninni,

l) upplýsingar um gagnagrunna og gagnalindir sem notaðar eru við vöktun og skýrslugjöf, þ.m.t. þær sem koma frá Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu,

m) þegar sannprófunin varðar skýrslu um losun frá stöð sem gegnir því hlutverki að geyma gróðurhúsalofttegundir í jörðu á geymslusvæði eins og heimilað er samkvæmt tilskipun 2009/31/EB: vöktunaráætlunina sem krafist er í þeirri tilskipun og skýrslurnar sem krafist er skv. 14. gr. þeirrar tilskipunar, sem ná a.m.k. yfir skýrslutímabil skýrslunnar um losunina sem skal sannprófa,

n) eftir atvikum, samþykki lögbærs yfirvalds fyrir því að vettvangsheimsókn til stöðva skv. 1. mgr. 31. gr. þurfi ekki að fara fram,

o) allar aðrar upplýsingar sem teljast nauðsynlegar fyrir skipulag og framkvæmd sannprófunarinnar.

2. Áður en sannprófandi gefur út sannprófunarskýrslu skal rekstraraðili eða umráðandi loftfars útvega honum viðurkennda lokaskýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars sem hlutaðeigandi aðili hefur sjálfur fullgilt.

11. gr.

Skipuleg greining

1. Við upphaf sannprófunar skal sannprófandi meta líklegt eðli og umfang sannprófunarverkefnanna og hversu flókin þau kunna að reynast með því að framkvæma skipulega greiningu á allri starfsemi sem viðkemur stöðinni eða umráðanda loftfars.

2. Til þess að hafa skilning á starfsemi sem fer fram hjá stöð eða umráðanda loftfars skal sannprófandi safna upplýsingum sem þörf er á og fara yfir þær til að meta hvort sannprófunarhópurinn sé tilhlýðilega hæfur til að annast sannprófunina, hvort gert hafi verið ráð fyrir raunhæfum tíma til verksins í samningnum og til að tryggja að hann sé fær um að framkvæma nauðsynlega áhættugreiningu. Upplýsingarnar skulu a.m.k. innihalda eftirfarandi:

a) upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. 10. gr.,

b) það mikilvægisstig sem krafist er,

c) þegar sannprófandi annast sannprófun fyrir sama rekstraraðila eða umráðanda loftfars: upplýsingar sem aflað hefur verið við sannprófun á undangengnum árum.

3. Við yfirferð á upplýsingunum sem um getur í 2. mgr. skal sannprófandinn a.m.k. meta eftirfarandi:

a) að því er varðar sannprófun á skýrslu rekstraraðila um losun: flokkun stöðvarinnar sem um getur í 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 601/2012 og starfseminnar sem fram fer á þeirri stöð,

b) að því er varðar sannprófun á skýrslu umráðanda loftfars um losun eða tonnkílómetra: umfang og eðli umráðanda loftfarsins, dreifing upplýsinga á mismunandi stöðum sem og fjöldi fluga og tegund þeirra,

c) vöktunaráætlun, sem lögbært yfirvald hefur samþykkt, sem og nákvæma útlistun á vöktunaraðferðunum sem mælt er fyrir um í vöktunaráætluninni,

d) eðli, umfang og samsetningu á upptökum losunar og efnisstraumum, sem og búnað og ferli sem hafa leitt af sér losunina eða tonnkílómetragögnin, þ.m.t. mælibúnaður sem lýst er í vöktunaráætluninni, þætti sem varða grundvöll og beitingu útreikninga og aðrar upprunalegar gagnalindir,

e) starfsemi í tengslum við gagnaflæði, eftirlitskerfi og eftirlitsumhverfi.

4. Við framkvæmd skipulegrar greiningar skal sannprófandi athuga eftirfarandi:

a) hvort vöktunaráætlunin, sem honum er afhent, sé nýjasta útgáfan sem lögbært yfirvald hefur samþykkt,

b) hvort gerðar hafi verið einhverjar breytingar á vöktunaráætluninni á skýrslutímabilinu,

c) hvort lögbæru yfirvaldi hafi verið tilkynnt um þessar breytingar skv. 15. gr. (1. mgr.) eða 23. gr. reglugerðar (ESB) nr. 601/2012 eða lögbært yfirvald hafi samþykkt þær í samræmi við 15. gr. (2. mgr.) þeirrar reglugerðar.

12. gr.

Áhættugreining

1. Sannprófandi skal auðkenna og greina eftirfarandi þætti til þess að geta hannað, skipulagt og framkvæmt sannprófun með skilvirkum hætti:

a) eðlislæga áhættu,

b) eftirlitsstarfsemi,

c) ef eftirlitsstarfseminni, sem um getur í b-lið, hefur verið hrint í framkvæmd: eftirlitsáhættu varðandi skilvirkni þessarar eftirlitsstarfsemi.

2. Þegar þeir þættir sem um getur í 1. mgr. hafa verið auðkenndir og greindir skal sannprófandi a.m.k. taka til athugunar:

a) niðurstöður skipulegrar greiningar sem um getur í 1. mgr. 11. gr.,

b) upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. 10. gr. og c-lið 2. mgr. 11. gr.,

c) mikilvægisstigið sem um getur í b-lið 2. mgr. 11. gr.

3. Ef sannprófandi hefur komist að því að rekstraraðili eða umráðandi loftfars hafi vanrækt að tilgreina viðeigandi eðlislæga áhættu og eftirlitsáhættu í áhættumati sínu skal sannprófandinn upplýsa rekstraraðilann eða umráðanda loftfarsins um það.

4. Í ljósi upplýsinga sem aflað er meðan á sannprófun stendur, skal sannprófandi endurskoða áhættugreininguna, eftir því sem við á, og breyta sannprófunarstörfunum sem á að vinna eða endurtaka þau.

13. gr.

Sannprófunaráætlun

1. Sannprófandi skal gera drög að sannprófunaráætlun í réttu samræmi við þær upplýsingar sem hann hefur aflað sér og áhættu sem hann hefur greint meðan á skipulegri greiningu og áhættugreiningu stóð og skal hún a.m.k. innihalda:

a) sannprófunarskipulagsáætlun þar sem eðli og umfangi sannprófunarstarfanna er lýst sem og með hvaða hætti og á hve löngum tíma þau verði innt af hendi,

b) prófunaráætlun þar sem greint er frá umfangi og aðferðum við prófun á eftirlitsstarfsemi sem og verklagsreglum vegna eftirlitsstarfseminnar,

c) gagnaúrtaksáætlun þar sem greint er frá umfangi og aðferðum við úrtöku á gögnum sem varða þá gagnapunkta sem liggja til grundvallar uppsafnaðri losun í skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars um losun eða í gögnum um uppsafnaða tonnkílómetra í skýrslu umráðanda loftfars um tonnkílómetra.

2. Sannprófandi skal skipuleggja prófunaráætlunina sem um getur í b-lið 1. mgr. með þeim hætti að mögulegt sé að ákvarða að hve miklu marki hægt er að reiða sig á viðkomandi eftirlitsstarfsemi í þeim tilgangi að meta hvort kröfurnar, sem getið er í b-lið 4. mgr. 7. gr., hafi verið uppfylltar.

Við ákvörðun á umfangi úrtöku og úrtökustarfsemi vegna prófunar á eftirlitsstarfseminni skal sannprófandinn taka eftirfarandi þætti til athugunar:

a) eðlislæga áhættu,

b) eftirlitsumhverfið,

c) viðeigandi eftirlitsstarfsemi,

d) þá kröfu að skila sannprófunaráliti með fullnægjandi áreiðanleika.

3. Við ákvörðun á umfangi úrtöku og úrtökustarfsemi vegna úrtöku á gögnunum sem um getur í c-lið 1. mgr. skal sannprófandinn taka eftirfarandi þætti til athugunar:

a) eðlislæga áhættu og eftirlitsáhættu,

b) niðurstöður úr greiningarferlum,

c) kröfuna um að gera sannprófunarálit með fullnægjandi áreiðanleika,

d) mikilvægisstigið,

e) mikilvægi áhrifa af völdum einstakra gagnastaka á heildargagnasafnið.

4. Sannprófandi skal skipuleggja og framkvæma sannprófunaráætlun þannig að dregið sé úr áhættu, sem fylgir sannprófun, að viðunandi marki til þess að hægt sé að ná fram fullnægjandi áreiðanleika um að skýrsla rekstraraðila eða umráðanda loftfars sé laus við verulegar rangfærslur.

5. Sannprófandi skal uppfæra áhættugreininguna og sannprófunaráætlunina og aðlaga sannprófunarstörf sín meðan á sannprófun stendur ef hann uppgötvar viðbótaráhættu sem nauðsynlegt er að draga úr eða ef áhættan er minni en upphaflega var búist við.

14. gr.

Sannprófunarstörf

Sannprófandi skal framkvæma sannprófunaráætlunina og hafa eftirlit með því, á grundvelli áhættugreiningarinnar, að vöktunaráætlunin sé framkvæmd eins og lögbært yfirvald hefur samþykkt hana.

Í því skyni skal sannprófandi a.m.k. framkvæma umfangsmikla prófun sem samanstendur af greiningarferlum, sannprófun á gögnum og athugun á vöktunaraðferðum og athuga eftirfarandi:

a) starfsemi í tengslum við gagnaflæði og kerfi sem notað er við gagnaflæðið, þ.m.t. upplýsingatæknikerfi,

b) hvort eftirlitsstarfsemi rekstraraðila eða umráðanda loftfars sé skjalfest, framkvæmd og viðhaldið á tilhlýðilegan hátt og skilvirk til að draga úr eðlislægri áhættu,

c) hvor þær aðferðir sem taldar eru upp í vöktunaráætluninni séu skilvirkar til að draga úr eðlislægri áhættu og eftirlitsáhættu og hvort aðferðirnar séu framkvæmdar, nægilega skjalfestar og viðhaldið á tilhlýðilegan hátt.

Að því er varðar a-lið annarrar málsgreinar skal sannprófandi fylgja gagnaflæðinu eftir frá grunngögnunum gegnum gagnaflæðistarfsemina til gagnasafnsins sem fram kemur í skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars.

15. gr.

Greiningarferli

1. Sannprófandi skal nota greiningarferli til að meta sennileika og heilleika gagna ef eðlislæg áhætta, eftirlitsáhætta og réttleiki að því er varðar eftirlitsstarfsemi rekstraraðila eða umráðanda loftfars sýnir að þörf sé á slíkum greiningarferlum.

2. Við framkvæmd greiningarferlanna, sem um getur í 1. mgr., skal sannprófandi meta uppgefin gögn til að greina hugsanleg áhættusvið og í framhaldi af því fullgilda fyrirhuguð sannprófunarstörf og aðlaga þau eftir þörfum. Sannprófandi skal a.m.k.:

a) meta sennileika að því er varðar sveiflur og þróunarhorfur á lengra tímabili eða milli sambærilegra liða,

b) greina bein frávik (e. *immediate outliers*), óvænt gögn og eyður í gögnum,

3. Við beitingu greiningarferlanna, sem um getur í 1. mgr., skal sannprófandinn framkvæma eftirfarandi:

a) bráðabirgðagreiningarferli á samanteknum gögnum áður en starfsemin, sem um getur í 14. gr., fer fram til þess að skilja eðli uppgefinna gagna, hversu flókin þau eru og mikilvægi þeirra,

b) umfangsmikil greiningarferli á samanteknum gögnum og gagnapunktum sem liggja þessum gögnum til grundvallar í þeim tilgangi að greina hugsanlegar kerfislægar skekkjur og bein frávik,

c) lokagreiningarferli á samanteknum gögnum til að tryggja að leyst hafi verið úr öllum skekkjum, sem greindar voru meðan á sannprófunarferlinu stóð, á réttan hátt.

4. Ef sannprófandi greinir frávik, sveiflur, tilhneigingar, eyður í gögnum eða gögn sem eru í ósamræmi við aðrar viðeigandi upplýsingar eða eru umtalsvert frábrugðin því magni eða þeim hlutföllum sem búist var við skal sannprófandinn afla sér útskýringa, sem studdar eru viðbótarsönnunum sem máli skipta, frá rekstraraðila eða umráðanda loftfars.

Á grundvelli þessara útskýringa og viðbótarsannana sem veitt eru skal sannprófandi meta áhrifin á sannprófunaráætlunina og þau sannprófunarstörf sem á að inna af hendi.

16. gr.

Sannprófun á gögnum

1. Sannprófandi skal sannprófa gögnin í skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars með ítarlegum prófunum á þeim, þ.m.t. að rekja gögnin aftur til upprunalegrar gagnalindar, bera gögn saman við utanaðkomandi gagnalindir, framkvæma afstemmingar, athuga viðmiðunarmörk varðandi viðeigandi gögn og framkvæma endurútreikninga.

2. Hluti sannprófunar á gögnunum, sem um getur í 1. mgr., að teknu tilliti til samþykktrar vöktunaráætlunar, þ.m.t. aðferðir sem lýst er í þeirri áætlun, skal felast í því að sannprófandi athugi:

a) mörk stöðvar, í þeim tilgangi að sannprófa skýrslu rekstraraðila um losun,

b) heilleika efnisstrauma og upptök losunar eins og þeim er lýst í vöktunaráætluninni sem lögbært yfirvald hefur samþykkt, í þeim tilgangi að sannprófa skýrslu rekstraraðila um losun,

c) að flug sem heyra undir flugstarfsemi sem talin er upp í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB, sem umráðandi loftfars ber ábyrgð á, sem og gögn um losun og gögn um tonnkílómetra, eftir því sem við á, séu heildstæð, í þeim tilgangi að sannprófa skýrslu umráðanda loftfars um losun og skýrslu um tonnkílómetra,

d) samræmi milli uppgefinna gagna og massaskráa og jafnvægisskráa, í þeim tilgangi að sannprófa skýrslu umráðanda loftfars um losun og skýrslu um tonnkílómetra,

e) samræmi milli uppsafnaðrar eldsneytisnotkunar og gagna um eldsneytiskaup eða eldsneyti sem er útvegað með öðrum hætti á flugvélar sem sinna flugstarfsemi, í þeim tilgangi að sannprófa skýrslu umráðanda loftfars um losun.

f) samræmi milli uppsafnaðra uppgefinna gagna í skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars og upprunalegra gagnalinda,

g) mæligildi með því að nota niðurstöður útreikninga sem rekstraraðili framkvæmir í samræmi við 46. gr. reglugerðar (ESB) nr. 601/2012, ef mæling hans byggist á mælimiðuðum aðferðum sem um getur í 1. mgr. 21. gr. þeirrar reglugerðar,

h) áreiðanleika og nákvæmni gagnanna.

3. Til þess að athuga hvort flug séu heildstæð, eins og um getur í c-lið 2. mgr., skal sannprófandinn nota flugumferðargögn frá umráðanda loftfars, þ.m.t. gögn sem aflað er frá Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu eða öðrum viðeigandi stofnunum sem geta unnið úr upplýsingum um flugumferð eins og þeim sem Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu hefur aðgang að.

17. gr.

Sannprófun á réttri beitingu á vöktunaraðferðum

1. Sannprófandi skal hafa eftirlit með því hvort vöktunaraðferð sé beitt á réttan hátt og hún framkvæmd eins og lögbært yfirvald hefur samþykkt í vöktunaráætluninni, þ.m.t. sértækar upplýsingar í þeirri vöktunaraðferð.

2. Að því er varðar sannprófun á skýrslu rekstraraðila um losun skal sannprófandi hafa eftirlit með því hvort úrtaksáætluninni, sem um getur í 33. gr. reglugerðar (ESB) nr. 601/2012, sé beitt á réttan hátt og hún framkvæmd eins og lögbært yfirvald hefur samþykkt hana.

3. Þegar koltvísýringur er fluttur í samræmi við 48. og 49. gr. reglugerðar (ESB) nr. 601/2012 og koltvísýringurinn er mældur, bæði hjá stöðinni þaðan sem hann er fluttur og stöðinni sem tekur við honum, skal sannprófandinn athuga hvort hægt sé að útskýra mismun milli mæligilda stöðvanna með óvissuþáttum í mælikerfum og hvort rétt meðalgildi hafi verið notuð í skýrslum um losun hjá báðum stöðvum.

Efekki er hægt að útskýra mismun milli mæligilda hjá stöðvunum með óvissuþáttum í mælikerfum skal sannprófandinn athuga hvort gerðar hafa verið breytingar til að samræma mismuninn milli mæligilda, hvort þessar breytingar hafi verið hófsamar og hvort lögbært yfirvald hafi veitt samþykki sitt fyrir slíkum breytingum.

4. Ef þess er krafist af rekstraraðilum, skv. 3. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 601/2012 að vöktunaráætlunin feli í sér fleiri þætti sem skipta máli við að uppfylla kröfur 1. mgr. 24. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2011/278/ESB([10]) skal sannprófandinn hafa eftirlit með því að verklagsreglunum, sem um getur í 3. mgr. 12. gr. þeirrar reglugerðar, sé beitt og þær framkvæmdar á réttan hátt. Í þessu samhengi skal sannprófandinn einnig athuga hvort rekstraraðilinn hafi lagt fram upplýsingar um áætlaðar eða orðnar breytingar á afkastagetu, starfsemisstigi og rekstri stöðvar fyrir lögbæra yfirvaldið fyrir 31. desember á skýrslutímabilinu.

18. gr.

Sannprófun á aðferðum sem beitt er ef gögn vantar

1. Ef aðferðir, sem mælt er fyrir um í vöktunaráætlun sem lögbært yfirvald hefur samþykkt, hafa verið notaðar til að fullgera gögn sem vantar skv. 65. gr reglugerðar (ESB) nr. 601/2012, skal sannprófandinn athuga hvort aðferðirnar sem voru notaðar hafi verið viðeigandi í þeim tilteknu aðstæðum og hvort þeim hafi verið beitt á réttan hátt.

Ef rekstraraðili eða umráðandi loftfars hafa fengið samþykki frá lögbæru yfirvaldi fyrir því að nota aðrar aðferðir en þær sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 65. gr. reglugerðar (ESB) nr. 601/2012, skal sannprófandinn athuga hvort samþykktri aðferð hafi verið réttilega beitt og hún tilhlýðilega skjalfest.

Ef rekstraraðili eða umráðandi loftfars er ekki fær um að afla slíks samþykkis tímanlega skal sannprófandinn athuga hvort aðferðin, sem rekstraraðili eða umráðandi loftfars nota til að fullgera gögn sem vantar, tryggi að losun sé ekki vanmetin og að aðferðin leiði ekki af sér verulegar rangfærslur.

2. Sannprófandinn skal athuga hvort eftirlitsstarfsemi, sem rekstraraðili eða umráðandi loftfars framkvæmir til að koma í veg fyrir gögn vanti og um getur í 1. mgr. 65. gr. reglugerðar (ESB) nr. 601/2012, sé skilvirk.

19. gr.

Mat á óvissu

1. Þegar þess er krafist í reglugerð (ESB) nr. 601/2012 að rekstraraðili sýni fram á að hann fari eftir ákvæðum um óvissumörk í gögnum um starfsemi og reikningsstuðla, skal sannprófandinn staðfesta réttmæti upplýsinganna sem notaðar eru til að reikna út óvissustig í samræmi við samþykkta vöktunaráætlun.

2. Ef rekstraraðili beitir vöktunaraðferðum sem ekki byggjast á aðferðarþrepum, eins og um getur í 22. gr. reglugerðar (ESB) nr. 601/2012, skal sannprófandinn athuga allar eftirfarandi upplýsingar:

a) hvort rekstraraðili hafi látið fara fram mat og mælingu á óvissuþáttum sem sýna fram á að heildaróvissumörkin, sem krafist er að því er varðar árlega losun gróðurhúsalofttegunda samkvæmt c-lið 22. gr. þeirrar reglugerðar, séu virt,

b) sannprófun á upplýsingunum sem notaðar eru við mat og mælingu á óvissu,

c) hvort heildarstefnan sem notuð er við mat og mælingu á óvissu sé í samræmi við b-lið 22. gr. þeirrar reglugerðar,

d) hvort lagðar séu fram sannanir fyrir því að skilyrði fyrir vöktunaraðferðunum, sem um getur í a-lið 22. gr. þeirrar reglugerðar, hafi verið uppfyllt.

3. Þegar umráðanda loftfars er skylt, samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 601/2012, að sýna fram á að ekki sé farið yfir tilskilið óvissustig skal sannprófandinn athuga réttmæti upplýsinganna sem notaðar eru til að sýna fram á að ekki hafi verið farið fram yfir mörk viðeigandi óvissustigs, sem tilgreind eru í vöktunaráætluninni sem lögbært yfirvald hefur samþykkt.

20. gr.

Úrtaka

1. Þegar samkvæmni eftirlitsstarfsemi og aðferða, sem um getur í b- og c- lið 14. gr., er athuguð, eða þegar gerðar eru athuganir sem um getur í 15. og 16. gr. getur sannprófandinn notað úrtökuaðferðir sem eru sérsniðnar að tiltekinni stöð eða umráðanda loftfars, að því tilskildu að úrtakan sé réttlætanleg á grundvelli áhættugreiningar.

2. Ef sannprófandi greinir ósamræmi eða rangfærslur meðan á úrtöku stendur skal hann krefja rekstraraðila eða umráðanda loftfars um útskýringar á meginorsökum ósamræmisins eða rangfærslnanna, með það fyrir augum að meta þau áhrif sem ósamræmið eða rangfærslurnar kunna að hafa á uppgefin gögn. Sannprófandinn skal ákveða, á grundvelli niðurstöðu úr því mati, hvort þörf sé á viðbótarsannprófunarstörfum, hvort stækka þurfi úrtakið og hvaða hluta gagnanna rekstraraðili eða umráðandi loftfars þurfa að leiðrétta.

3. Sannprófandinn skal gera grein fyrir niðurstöðum athugananna sem um getur í 14., 15., 16., og 17. gr., þ.m.t. upplýsingar úr viðbótarúrtökum, í innri sannprófunargögnum.

21. gr.

Vettvangsheimsóknir

1. Á einum eða fleiri viðeigandi tímapunktum meðan á sannprófunarferlinu stendur skal sannprófandinn fara í vettvangsheimsókn til þess að meta virkni mælibúnaðar og vöktunarkerfa, til þess að taka viðtöl, til þess að sinna þeim störfum sem honum er skylt að annast samkvæmt þessum kafla sem og til þess að safna fullnægjandi upplýsingum og sönnunum svo hann geti ákvarðað hvort skýrsla rekstraraðila eða umráðanda loftfars sé laus við verulegar rangfærslur.

([10]) Stjtíð. ESB L 130, 17.5.2011, bls. 1.

2. Rekstraraðili eða umráðandi loftfars skal veita sannprófanda aðgang að svæðum sínum.

3. Að því er varðar sannprófun á skýrslu rekstraraðila um losun skal sannprófandinn einnig nýta sér vettvangsheimsóknina til að meta svæðamörk stöðvarinnar, sem og heilleika efnisstrauma og upptök losunar.

4. Að því er varðar sannprófun á skýrslu rekstraraðila um losun skal sannprófandi ákveða, á grundvelli áhættugreiningar, hvort þörf sé á að heimsækja aðra staði, þ.m.t. ef mikilvægir þættir í starfsemi í tengslum við gagnaflæði og eftirlit fara fram annars staðar, s.s. í höfuðstöðvum fyrirtækis eða öðrum skrifstofum fjarri vettvangi.

22. gr.

Viðbrögð við rangfærslum og ósamræmi

1. Ef sannprófandi hefur greint rangfærslur eða misræmi við sannprófunina skal hann upplýsa rekstraraðila eða umráðanda loftfars um það tímanlega og fara fram á viðeigandi leiðréttingar.

Rekstraraðili eða umráðandi loftfars skal leiðrétta allar rangfærslur og ósamræmi sem honum er tilkynnt um.

2. Allar rangfærslur eða ósamræmi, sem rekstraraðili eða umráðandi loftfars hefur leiðrétt meðan á sannprófuninni stóð, skal sannprófandi skjalfesta í innri sannprófunargögnum og geta þess að leyst hafi verið úr þeim.

3. Ef rekstraraðili eða umráðandi loftfars leiðréttir ekki rangfærslurnar eða ósamræmið sem sannprófandi hefur tilkynnt þeim um í samræmi við 1. mgr. áður en sannprófandinn gefur út sannprófunarskýrsluna skal sannprófandinn krefja rekstraraðilann eða umráðanda loftfarsins um skýringar á meginorsökum ósamræmisins eða rangfærslnanna, með það fyrir augum að meta þau áhrif sem ósamræmið eða rangfærslurnar kunna að hafa á uppgefin gögn.

Sannprófandinn skal ákvarða hvort óleiðréttar rangfærslur, einar sér eða uppsafnaðar með öðrum rangfærslum, hafi veruleg áhrif á uppgefna heildarlosun eða gögn um tonnkílómetra. Við mat á mikilvægi rangfærslna skal sannprófandinn líta á umfang og eðli rangfærslnanna, sem og þær tilteknu aðstæður sem ollu þeim.

Sannprófandinn skal meta hvort óleiðrétt ósamræmi, eitt og sér eða uppsafnað með öðru ósamræmi, hafi áhrif á uppgefin gögn og hvort þetta leiði til verulegra rangfærslna.

Sannprófanda er heimilt að líta á rangfærslur sem verulegar jafnvel þótt þær rangfærslur, einar og sér eða uppsafnaðar með öðrum rangfærslum, séu fyrir neðan það mikilvægisstig sem sett er fram í 23. gr., ef slíkt er rökstutt út frá umfangi og eðli rangfærslnanna, sem og þeim tilteknu aðstæðum sem ollu þeim.

23. gr.

Mikilvægisstig

1. Mikilvægisstigið skal vera 5% af uppgefinni heildarlosun á skýrslutímabilinu sem fellur undir sannprófunina, fyrir eitthvert af eftirfarandi atriðum:

a) stöðvar í flokki A, sem um getur í a-lið 2. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 601/2012, og stöðvar í flokki B, sem um getur í b-lið 2. mgr. 19. gr. í sömu reglugerð,

b) umráðendur loftfara með árlega losun sem er jöfn eða minni en sem nemur 500 kílótonnum af koltvísýringi úr jarðefnaeldsneyti.

2. Mikilvægisstigið skal vera 2% af uppgefinni heildarlosun á skýrslutímabilinu sem fellur undir sannprófunina, fyrir eitthvert af eftirfarandi atriðum:

a) stöðvar í flokki C sem um getur í c-lið 2. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 601/2012,

b) umráðendur loftfara með árlega losun sem er meiri en sem nemur 500 kílótonnum af koltvísýringi úr jarðefnaeldsneyti.

3. Að því er varðar sannprófun á skýrslum umráðenda loftfara um tonnkílómetra skal mikilvægisstigið vera 5% af uppgefnum heildargögnum um tonnkílómetra á skýrslutímabilinu sem sannprófunin nær til.

24. gr.

Niðurstöður sannprófunar

Við lok sannprófunar og að teknu tilliti til upplýsinga sem aflað er meðan á sannprófun stendur skal sannprófandinn:

a) athuga lokagögn frá rekstraraðila eða umráðanda loftfars, þ.m.t. gögn sem hafa verið aðlöguð á grundvelli upplýsinga sem aflað er meðan á sannprófun stendur,

b) fara yfir ástæður rekstraraðila eða umráðanda loftfars fyrir hvers kyns mismun milli lokagagna og gagna sem áður voru lögð fram,

c) fara yfir niðurstöður matsins til að ákvarða hvort vöktunaráætluninni, sem lögbært yfirvald hefur samþykkt, þ.m.t. aðferðirnar sem lýst er í þeirri áætlun, hafi verið hrint í framkvæmd með réttum hætti,

d) meta hvort sannprófunaráhætta sé á ásættanlega lágu stigi til að ná fram fullnægjandi áreiðanleika,

e) tryggja að nægilegum sönnunum hafi verið safnað til að hann geti veitt sannprófunarálit með fullnægjandi áreiðanleika um að skýrslan sé laus við verulegar rangfærslur,

f) tryggja að sannprófunarferlið sé nákvæmlega skjalfest í innri sannprófunargögnum og að hægt sé að leggja fram lokaálit í sannprófunarskýrslunni.

25. gr.

Óháð endurskoðun

1. Sannprófandi skal leggja innri sannprófunargögnin og sannprófunarskýrsluna fyrir óháðan rýni, áður en hann gefur sannprófunarskýrsluna út.

2. Óháði rýnirinn skal ekki hafa annast nein þeirra sannprófunarstarfa sem falla undir endurskoðun hans.

3. Umfang óháðu endurskoðunarinnar skal ná yfir allt sannprófunarferlið sem lýst er í þessum kafla og skrásett í innri sannprófunargögnunum.

Óháði rýnirinn skal framkvæma endurskoðun með þeim hætti sem tryggir að sannprófunarferlið fari fram í samræmi við þessa reglugerð, að verklagsreglunum við sannprófunarstörfin, sem um getur í 40. gr., hafi verið beitt á réttan hátt og að tilhlýðileg fagleg gaumgæfni og dómgreind hafi verið viðhöfð.

Óháði rýnirinn skal einnig meta hvort þær sannanir sem aflað hefur verið nægi til þess að gera sannprófanda kleift að gefa út sannprófunarskýrslu með fullnægjandi áreiðanleika.

4. Ef þær aðstæður verða sem geta leitt til breytinga í sannprófunarskýrslunni eftir endurskoðunina skal óháði rýnirinn einnig endurskoða þær breytingar og sannananir fyrir þeim.

5. Sannprófandinn skal veita einhverjum aðila tilhlýðilega heimild til að sannvotta sannprófunarskýrsluna á grundvelli niðurstaðna óháða rýnisins og sannana í innri sannprófunargögnunum.

26. gr.

Innri sannprófunargögn

1. Sannprófandi skal undirbúa og taka saman innri sannprófunargögn sem innihalda a.m.k.:

a) niðurstöður þeirra sannprófunarstarfa sem unnin hafa verið,

b) skipulega greiningu, áhættugreiningu og sannprófunaráætlun,

c) fullnægjandi upplýsingar til stuðnings við sannprófunarálitið, þ.m.t. rök fyrir mati á því hvort greindar rangfærslur hafi veruleg áhrif á uppgefna losun eða gögn um tonnkílómetra.

2. Innri sannprófunargögnum, sem um getur í 1. mgr., skal hagað með þeim hætti að óháður rýnir, sem um getur í 25. gr., og faggildingarstofa aðildarríkis geti metið hvort sannprófunin hafi farið fram í samræmi við þessa reglugerð.

Eftir sannvottun á sannprófunarskýrslunni skv. 5. mgr. 25. gr. skal sannprófandinn láta niðurstöður úr óháðu endurskoðuninni fylgja með innri sannprófunargögnunum.

3. Sannprófandi skal, ef um það er beðið, veita lögbæru yfirvaldi aðgang að innri sannprófunargögnunum til að auðvelda lögbæra yfirvaldinu að meta sannprófunina.

27. gr.

Sannprófunarskýrsla

1. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem safnað er við sannprófunina skal sannprófandi gefa út sannprófunarskýrslu til rekstraraðila eða umráðanda loftfars varðandi sérhverja skýrslu um losun eða skýrslu um tonnkílómetra sem sannprófunin náði til. Í sannprófunarskýrslunni skal komist að a.m.k. einni af eftirfarandi niðurstöðum:

a) skýrslan er metin sem fullnægjandi eftir sannprófun,

b) skýrsla rekstraraðila eða umráðanda loftfars inniheldur verulegar rangfærslur sem voru ekki leiðréttar áður en sannprófunarskýrslan var gefin út,

c) gildissvið sannprófunarinnar er of takmarkað skv. 28. gr. og sannprófandinn gat ekki aflað nægilegra sannana til að geta gefið út sannprófunarálit með fullnægjandi áreiðanleika um að skýrslan sé laus við verulegar rangfærslur,

d) ósamræmi, bæði eitt og sér og uppsafnað með öðru ósamræmi, tekur ekki af öll tvímæli og kemur í veg fyrir að sannprófandinn sýni fram á með fullnægjandi áreiðanleika að skýrsla rekstraraðila eða umráðanda loftfars sé laus við verulegar rangfærslur.

Að því er varðar a-lið fyrstu undirgreinar er einungis heimilt að meta skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars fullnægjandi eftir sannprófun ef skýrslan er laus við verulegar rangfærslur.

2. Rekstraraðili eða umráðandi loftfars skal leggja sannprófunarskýrsluna fyrir lögbært yfirvald ásamt skýrslu rekstraraðila eða flugrekanda sem um ræðir.

3. Í sannprófunarskýrslunni skulu a.m.k. koma fram eftirfarandi þættir:

a) heiti rekstraraðila eða umráðanda loftfars sem sannprófunin náði til,

b) markmið sannprófunarinnar,

c) gildissvið sannprófunarinnar,

d) tilvísun til skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars sem hefur verið sannprófuð,

e) viðmiðanir sem voru notaðar við sannprófun á skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars, þ.m.t. leyfið, ef við á, og útgáfur vöktunaráætlunar, sem lögbært yfirvald hefur samþykkt, sem og gildistími hverrar vöktunaráætlunar,

f) uppsöfnuð losun eða tonnkílómetrar fyrir hverja starfsemi sem um getur í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB og fyrir hverja stöð eða umráðanda loftfars,

g) skýrslutímabilið sem sannprófunin nær til,

h) ábyrgðarsvið rekstraraðila eða umráðanda loftfars, lögbærs yfirvalds og sannprófanda,

i) yfirlýsing um sannprófunarálit,

j) lýsing á öllum greindum rangfærslum og ósamræmi sem ekki var leiðrétt áður en sannprófunarskýrslan var gefin út,

k) dagsetningar vettvangsheimsókna og hver annaðist þær,

l) upplýsingar um hvort einhverjar vettvangsheimsóknir féllu niður, sem og ástæður þess að þær féllu niður,

m) öll atriði sem sýna vanefndir á því að farið hafi verið að ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 601/2012, sem komið hafa fram meðan á sannprófun stóð,

n) ef ekki er hægt að afla samþykkis frá lögbæru yfirvaldi tímanlega fyrir aðferðinni sem notuð er til að fylla upp í eyður í gögnum samkvæmt síðustu undirgrein 1. mgr. 18. gr.: staðfesting á því hvort aðferðin, sem beitt er, sé hófsöm og hvort hún leiði til verulegra rangfærslna eða ekki,

o) ef sannprófandi hefur tekið eftir breytingum á afkastagetu, starfsemisstigi og rekstri stöðvar, sem gætu haft áhrif á losunarheimildir sem stöðin hefur fengið úthlutað og sem lögbæru yfirvaldi hefur ekki verið tilkynnt um fyrir 31. desember á skýrslutímabilinu í samræmi við 1. mgr. 24. gr. ákvörðunar 2011/278/EB: lýsing á þessum breytingum og athugasemdir sem þær varða,

p) eftir atvikum, tillögur að úrbótum,

q) nöfn yfirúttektarmanns viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir, óháðs rýnis, og, ef við á, úttektarmanns viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir og tæknisérfræðings sem tóku þátt í sannprófun á skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars,

r) dagsetning og undirskrift fulltrúa sannprófanda sem hefur til þess heimild, þ.m.t. nafn hans.

4. Sannprófandi skal í sannprófunarskýrslunni lýsa rangfærslum og ósamræmi með nægilega ítarlegum hætti svo að rekstraraðila eða umráðanda loftfars sem og lögbæru yfirvaldi sé gert kleift að átta sig á eftirfarandi:

a) umfangi og eðli rangfærslunnar eða ósamræmisins,

b) hvers vegna rangfærslan hefur veruleg áhrif, eða ekki,

c) hvaða þætti í skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars rangfærslan á við um eða hvaða þætti í vöktunaráætluninni ósamræmið á við um.

5. Ef aðildarríki biður sannprófandann að leggja fram upplýsingar um sannprófunarferlið til viðbótar við þættina sem lýst er í 3. mgr. og þær upplýsingar eru ekki nauðsynlegar til að skilja sannprófunarálitið er rekstraraðila eða umráðanda loftfars heimilt, fyrir skilvirkni sakir, að leggja þær viðbótarupplýsingar fyrir lögbært yfirvald á öðrum degi en sannprófunarskýrsluna, en eigi síðar en 15. maí sama árs.

28. gr.

Takmörkun gildissviðs

Sannprófandi kann að komast að þeirri niðurstöðu að gildissvið sannprófunarinnar, sem um getur í c-lið 1. mgr. 27. gr., sé of takmarkað við einhverjar af eftirfarandi aðstæðum:

a) gögn vantar, sem kemur í veg fyrir að sannprófandi geti aflað þeirra sannana sem nauðsyn krefur til að draga úr sannprófunaráhættu að því marki sem þörf er á til að ná fram viðunandi áreiðanleikastigi,

b) lögbært yfirvald hefur ekki samþykkt vöktunaráætlunina,

c) vöktunaráætlunin gerir ekki ráð fyrir viðunandi umfangi eða skýrleika til að ljúka megi sannprófuninni,

d) rekstraraðili eða umráðandi loftfars hefur látið hjá líða að koma fullnægjandi upplýsingum á framfæri til að sannprófanda sé kleift að framkvæma sannprófunina.

29. gr.

Viðbrögð við eftirstandandi ósamræmi sem ekki er verulegt

1. Sannprófandi skal meta hvort rekstraraðili eða umráðandi loftfars hafi leiðrétt ósamræmi, sem tilgreint er í sannprófunarskýrslunni, í tengslum við næstliðinn vöktunartíma í samræmi við kröfur til rekstraraðila sem um getur í 4. mgr. 69. gr. reglugerðar (ESB) nr. 601/2012, þar sem við á.

Ef rekstraraðili eða umráðandi loftfars hefur ekki leiðrétt þetta ósamræmi, skv. 4. mgr. 69. gr. reglugerðar (ESB) nr. 601/2012, skal sannprófandi íhuga hvort aðgerðaleysið auki eða gæti aukið hættu á rangfærslum.

Sannprófandi skal upplýsa í sannprófunarskýrslunni hvort rekstraraðili eða umráðandi loftfars hafi leyst úr slíku ósamræmi.

2. Sannprófandi skal skrá upplýsingar um það í innri sannprófunargögn hvenær og hvernig rekstraraðili eða umráðandi loftfars leysir úr greindu ósamræmi meðan á sannprófun stendur.

30. gr.

Úrbætur á vöktunar- og skýrslugjafarferli

1. Ef sannprófandi hefur greint svið, sem þarfnast úrbóta í framkvæmd rekstraraðila eða umráðanda loftfars í tengslum við a- til d-lið í þessari málsgrein, skal hann leggja fram tillögur til úrbóta í sannprófunarskýrslunni sem varða framkvæmd rekstraraðila eða umráðanda loftfars varðandi þessa liði:

a) áhættumat rekstraraðila eða umráðanda loftfars,

b) þróun, skjalahald, framkvæmd og viðhald á starfsemi í tengslum við gagnaflæði og eftirlit, sem og mat á eftirlitskerfinu,

c) þróun, skjalahald, framkvæmd og viðhald á verklagsreglum vegna starfsemi í tengslum við gagnaflæði og eftirlit, sem og aðrar verklagsreglur sem rekstraraðili eða umráðandi loftfars verður að koma á samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 601/2012,

d) vöktun og skýrslugjöf varðandi losun eða tonnkílómetra, þ.m.t. í tengslum við að ná fram hærra aðferðarþrepi, draga úr áhættu og auka skilvirkni við vöktun og skýrslugjöf.

2. Meðan á sannprófun stendur á næsta ári eftir það ár sem tillögur til úrbóta voru lagðar fram í sannprófunarskýrslu, skal sannprófandinn athuga hvort rekstraraðili eða umráðandi loftfars hafi hrint þessum tillögum til úrbóta í framkvæmd og með hvað hætti það hefur verið gert.

Ef rekstraraðili eða umráðandi loftfars hefur ekki hrint þessum tillögum í framkvæmd eða hefur ekki framkvæmt þær á réttan hátt skal sannprófandinn meta áhrifin sem það hefur á áhættu á rangfærslum og ósamræmi.

31. gr.

Einfölduð sannprófun fyrir stöðvar

1. Þrátt fyrir 1. mgr. 21. gr. getur sannprófandi ákveðið, að fengnu samþykki frá lögbæru yfirvaldi í samræmi við aðra undirgrein þessarar greinar, að fara ekki í vettvangsheimsókn til stöðva á grundvelli niðurstaðna áhættugreiningar og eftir að hafa gengið úr skugga um að hann geti nálgast öll viðkomandi gögn með fjaraðgangi og að skilyrðin, sem framkvæmdastjórnin hefur sett fyrir því að sleppa vettvangsheimsóknum, séu uppfyllt. Sannprófandinn skal upplýsa rekstraraðilann um þetta án ástæðulausrar tafar.

Rekstraraðilinn skal leggja fram umsókn til lögbærs yfirvalds þar sem lögbært yfirvald er beðið um að samþykkja ákvörðun sannprófanda um að fara ekki í vettvangsheimsókn.

Lögbært yfirvald skal ákveða út frá umsókninni, sem viðkomandi rekstraraðili leggur fram, hvort það samþykkir ákvörðun sannprófanda um að fara ekki í vettvangsheimsókn, að teknu tilliti til allra eftirfarandi þátta:

a) upplýsinga sem sannprófandi leggur fram varðandi niðurstöður áhættugreiningar,

b) upplýsinga um að hægt sé að nálgast viðkomandi gögn með fjaraðgangi,

c) sannana fyrir því að kröfurnar, sem mælt er fyrir um í 3. mgr., gildi ekki um stöðina,

d) sannana fyrir því að skilyrðin, sem framkvæmdastjórnin hefur sett fyrir því að sleppa vettvangsheimsóknum, séu uppfyllt.

2. Ekki er þörf á samþykki lögbærs yfirvalds, sem um getur í 1. mgr., fyrir því að sleppa vettvangsheimsóknum til stöðva með litla losun sem um getur í 2. mgr. 47. gr. reglugerðar (ESB) nr. 601/2012.

3. Sannprófandi skal engu að síður fara í vettvangsheimsókn við eftirfarandi aðstæður:

a) þegar sannprófandi sannprófar skýrslu rekstraraðila um losun í fyrsta sinn,

b) ef sannprófandi hefur ekki farið í vettvangsheimsókn í tvö skýrslutímabil næst á undan núverandi skýrslutímabili,

c) ef umtalsverðar breytingar hafa orðið á vöktunaráætluninni á skýrslutímabilinu, þ.m.t. þær sem um getur í 3. eða 4. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 601/2012.

32. gr.

Einfölduð sannprófun fyrir umráðendur loftfara

1. Þrátt fyrir 1. mgr. 21. gr. þessarar reglugerðar getur sannprófandi ákveðið að fara ekki í vettvangsheimsókn til smálosanda, sem um getur í 1. mgr. 54. gr. reglugerðar (ESB) nr. 601/2012, ef sannprófandinn hefur gengið úr skugga um, á grundvelli áhættugreiningar, að hann geti nálgast öll viðeigandi gögn með fjaraðgangi.

2. Ef flugrekandi notar einfölduðu tækin, sem um getur í 2. mgr. 54. gr. reglugerðar (ESB) nr. 601/2012, til að ákvarða eldsneytisnotkun, og uppgefin gögn eru til komin með því að nota þessi tæki, óháð innfærslu frá umráðanda loftfarsins, getur sannprófandi ákveðið, á grundvelli áhættugreiningar, að sleppa því að framkvæma athuganirnar sem um getur í 14. og 16. gr., 17. gr. (1. mgr.) og 18. gr. þessarar reglugerðar.

33. gr.

Einfaldaðar sannprófunaráætlanir

Ef sannprófandi notar einfaldaða sannprófunaráætlun skal hann halda skrá yfir röksemdir fyrir því að nota slíkar áætlanir í innri sannprófunargögnum, þ.m.t. sannanir fyrir því að skilyrði fyrir notkun á einfölduðum sannprófunaráætlunum hafi verið uppfyllt.

III. KAFLI

KRÖFUR TIL SANNPRÓFENDA

34. gr.

Gildissvið faggildinga innan geira

Sannprófandi skal eingöngu gefa út sannprófunarskýrslu fyrir rekstraraðila eða umráðanda loftfars, sem stundar starfsemi sem fellur undir svið þeirrar starfsemi sem um getur í I. viðauka, sem sannprófandinn hefur öðlast faggildingu fyrir í samræmi við ákvæði reglugerðar (EB) nr. 765/2008 og þessarar reglugerðar.

35. gr.

Stöðugt hæfnisferli

1. Sannprófandi skal koma á fót, skjalfesta, framkvæma og viðhalda hæfnisferli til þess að tryggja að allt starfsfólk, sem falið er að sinna sannprófunarstörfum, sé hæft til að sinna þeim verkefnum sem því eru falin.

2. Hluti af hæfnisferlinu, sem um getur í 1. gr., felst í því að sannprófandinn skal a.m.k. ákvarða, skjalfesta, framkvæma og viðhalda eftirfarandi:

a) almennum hæfnisviðmiðunum fyrir allt starfsfólk sem fæst við sannprófunarstörf,

b) sértækum hæfnisviðmiðunum fyrir sérhverja starfsdeild hjá sannprófanda sem fæst við sannprófunarstörf, einkum fyrir úttektarmann viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir, yfirúttektarmann viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir, óháðan rýni og tæknisérfræðing,

c) aðferð til að tryggja stöðuga hæfni og reglulegt mat á frammistöðu alls starfsfólks sem fæst við sannprófunarstörf,

d) ferli til að tryggja reglubundna þjálfun starfsfólks sem fæst við sannprófunarstörf,

e) ferli til að meta hvort sannprófunarverkefni falli innan gildissviðs faggildingar sannprófanda og hvort sannprófandi búi yfir hæfni, starfsfólki og úrræðum sem þörf er á til að velja sannprófunarhóp og ljúka sannprófunarstörfum með góðum árangri innan þeirra tímamarka sem krafist er.

Hæfnisviðmiðanirnar, sem um getur í b-lið fyrstu undirgreinar, skulu vera sértækar fyrir hvert gildissvið faggildingar sem viðkomandi einstaklingar starfa á við sannprófunarstörf.

Við mat á hæfni starfsfólks samkvæmt c-lið fyrstu undirgreinar skal sannprófandi meta þá hæfni út frá hæfnisviðmiðunum sem um getur í a- og b-lið.

Ferlið, sem um getur í e-lið fyrstu undirgreinar, skal einnig fela í sér ferli til að meta hvort sannprófunarhópurinn hafi yfir að búa allri þeirri hæfni og starfsliði sem þörf er á til að annast sannprófunarstörf fyrir tiltekinn rekstraraðila eða umráðanda loftfars.

Sannprófandinn skal þróa almennar og sértækar hæfnisviðmiðanir sem eru í samræmi við viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í 36. gr. (4. mgr.) og í 37., 38. og 39. gr.

3. Sannprófandinn skal með reglulegu millibili fylgjast með frammistöðu alls starfsfólks sem annast sannprófunarstörf í þeim tilgangi að tryggja stöðuga hæfni starfsfólksins.

4. Sannprófandinn skal með reglulegu millibili fara yfir hæfnisferlið, sem um getur í 1. mgr., til að tryggja að:

a) hæfnisviðmiðanir, sem um getur í a- og b-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr., séu þróaðar í samræmi við hæfniskröfurnar samkvæmt þessari reglugerð,

b) brugðist sé við öllum atriðum sem kunna að koma fram í tengslum við setningu á almennum og sértækum hæfnisviðmiðunum samkvæmt a- og b- lið fyrstu undirgreinar 2. mgr.,

c) allar kröfur viðkomandi hæfnisferlinu séu uppfærðar og þeim viðhaldið eins og við á.

5. Sannprófandinn skal búa yfir kerfi til að skrá niðurstöður þeirrar starfsemi sem fer fram í tengslum við hæfnisferlið sem um getur í 1. mgr.

6. Tilhlýðilega hæfur matsaðili skal meta hæfni og frammistöðu úttektarmanns viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir og yfirúttektarmanns viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir.

Í þessu skyni skal hæfi matsaðilinn fylgjast með viðkomandi úttektarmönnum meðan á sannprófun á skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars stendur, á staðnum þar sem stöðin er eða umráðandi loftfars, eins og við á, til þess að ákvarða hvort þeir uppfylli hæfnisviðmiðanirnar.

7. Ef starfsmaður er ófær um að sýna fram á að hann uppfylli að fullu hæfnisviðmiðanir varðandi tiltekið verkefni sem honum hefur verið falið skal sannprófandinn skilgreina og skipuleggja viðbótarþjálfun eða starfsþjálfun undir eftirliti, sem og fylgjast með viðkomandi starfsmanni þar til sannprófandinn er sannfærður um að hann uppfylli hæfnisviðmiðanir.

36. gr.

Sannprófunarhópar

1. Fyrir sérhvert sannprófunarverkefni skal sannprófandi setja saman sannprófunarhóp sem er fær um að sinna sannprófunarstörfunum sem um getur í II. kafla.

2. Í sannprófunarhópnum skulu a.m.k. vera yfirúttektarmaður viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir og, ef niðurstöður sannprófanda úr matinu sem um getur í e-lið 1. mgr. 8. gr. og skipulegri greiningu benda til að þess sé þörf, hæfilegur fjöldi af úttektarmönnum viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir og tæknisérfræðingum.

3. Að því er varðar óháða endurskoðun á sannprófunarstörfum sem varða tiltekið sannprófunarverkefni skal sannprófandinn tilnefna óháðan rýni sem skal ekki vera hluti af sannprófunarhópnum.

4. Sérhver þátttakandi í hópnum skal:

a) hafa nákvæman skilning á eiginlegu hlutverki sínu í sannprófunarferlinu,

b) vera fær um að tjá sig á skilvirkan hátt á því tungumáli sem nauðsynlegt er til að sinna sértækum verkefnum sínum.

5. Í sannprófunarhópnum skal vera a.m.k. einn einstaklingur sem býr yfir tæknilegri færni og skilningi sem þarf til að meta þá sértæku þætti sem varða tæknivöktun og skýrslugjöf í tengslum við þá starfsemi, sem um getur í I. viðauka, sem fer fram á stöð eða hjá umráðanda loftfars, og einn einstaklingur sem er fær um að tjá sig á því tungumáli sem er nauðsynlegt við sannprófun á skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars í því aðildarríki þar sem sannprófandi annast sannprófunina.

6. Ef sannprófunarhópurinn er einn einstaklingur skal sá einstaklingur uppfylla allar hæfniskröfur sem gerðar eru til úttektarmanns viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir og yfirúttektarmanns viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir og uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 4. og 5. mgr.

37. gr.

Hæfniskröfur til úttektarmanna viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir og yfirúttektarmanna viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir

1. Úttektarmaður viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir skal búa yfir hæfni til að annast sannprófunina. Í þessu skyni skal úttektarmaður viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir a.m.k. búa yfir:

a) þekkingu á tilskipun 2003/87/EB, reglugerð (ESB) nr. 601/2012, þessari reglugerð, viðkomandi stöðlum, og annarri viðkomandi löggjöf, gildandi viðmiðunarreglum sem og viðeigandi viðmiðunarreglum og löggjöf sem aðildarríkið, þar sem sannprófandi annast sannprófun, gefur út,

b) þekkingu og reynslu af úttekt á gögnum og upplýsingum, þ.m.t.:

   i. aðferðir við úttekt á gögnum og upplýsingum, þ.m.t. beiting mikilvægisstigs og mat á mikilvægi rangfærslna,

   ii. greining á eðlislægri áhættu og eftirlitsáhættu,

   iii. úrtökuaðferðir í tengslum við úrtöku á gögnum og athugun á eftirlitsstarfsemi,

   iv. mat á gagna- og upplýsingakerfum, upplýsingatæknikerfum, starfsemi í tengslum við gagnaflæði, eftirlitsstarfsemi, eftirlitskerfi og verklagsreglur vegna eftirlitsstarfsemi,

c) getu til að sinna störfum í tengslum við sannprófun á skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars eins og krafist er í II. kafla,

d) þekkingu og reynslu innan tiltekins geira að því er varðar atriði við tæknivöktun og skýrslugjöf sem skipta máli fyrir svið þeirrar starfsemi sem um getur í I. viðauka sem úttektarmaður viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir annast sannprófun á.

2. Yfirúttektarmaður viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir skal uppfylla þær hæfniskröfur sem gilda um úttektarmann viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir og skal hafa sýnt í verki hæfni sína til að stýra sannprófunarhóp og bera ábyrgð á framkvæmd sannprófunarstarfa í samræmi við þessa reglugerð.

38. gr.

Hæfniskröfur til óháðra rýna

1. Óháður rýnir skal hafa viðeigandi heimildir til að fara yfir drög að sannprófunarskýrslu og innri sannprófunargögn skv. 25. gr.

2. Óháður rýnir skal uppfylla hæfniskröfur fyrir yfirúttektarmann viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir sem um getur í 2. mgr. 37. gr.

3. Óháður rýnir skal búa yfir nauðsynlega hæfni til að greina uppgefnar upplýsingarnar til að staðfesta heilleika og heildstæði upplýsinganna, til að vefengja upplýsingar sem vantar eða mótsagnakenndar upplýsingar sem og að athuga gagnaslóðir í þeim tilgangi að meta hvort innri sannprófunargögn séu fullfrágengin og veiti fullnægjandi upplýsingar til stuðnings drögunum að sannprófunarskýrslunni.

39. gr.

Notkun á tæknisérfræðingum

1. Við framkvæmd sannprófunarstarfa getur sannprófandi nýtt sér tæknisérfræðinga til að láta í té ítarlega þekkingu og sérþekkingu á tilteknu viðfangsefni sem þörf er á til að aðstoða úttektarmann viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir og yfirúttektarmann viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir við sannprófunarstörf sín.

2. Ef óháði rýnirinn hefur ekki hæfni til að meta tiltekið atriði í endurskoðunarferlinu skal sannprófandinn biðja um stuðning frá tæknisérfræðingi.

3. Tæknisérfræðingurinn skal búa yfir þeirri hæfni og sérþekkingu sem þörf er á til að aðstoða úttektarmann viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir og yfirúttektarmann viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir eða óháða rýninn, ef nauðsyn krefur, á skilvirkan hátt að því er varðar það viðfangsefni þar sem þekkingar hans og sérþekkingar er óskað. Auk þess skal tæknisérfræðingurinn búa yfir fullnægjandi skilningi á þeim atriðum sem þörf er á samkvæmt a-, b-, og c-lið 1. mgr. 37. gr.

4. Tæknisérfræðingurinn skal taka að sér tiltekin verkefni undir stjórn og á fullri ábyrgð yfirúttektarmanns viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir í sannprófunarhópnum sem tæknisérfræðingurinn eða óháði rýnirinn starfar í.

40. gr.

Verklagsreglur vegna sannprófunarstarfa

1. Sannprófandi skal koma á fót, skjalfesta, framkvæma og viðhalda einni eða fleiri verklagsreglum vegna sannprófunarstarfa eins og lýst er í II. kafla, sem og þeim verklagsreglum og ferlum sem krafist er samkvæmt II. viðauka. Þegar þessum verklagsreglum og ferlum er komið á og hrint í framkvæmd skal sannprófandinn annast störf sín í samræmi við samhæfða staðalinn sem um getur í II. viðauka.

2. Sannprófandi skal hanna, skjalfesta, hrinda í framkvæmd og viðhalda gæðastjórnunarkerfi til þess að tryggja samræmda þróun, framkvæmd, framfarir og endurskoðun á verklagsreglum og ferlum sem um getur í 1. mgr. í samræmi við samhæfða staðalinn sem um getur í II. viðauka.

41. gr.

Skrár og boðskipti

1. Sannprófandi skal halda skrár, þ.m.t. skrár um hæfni og óhlutdrægni starfsfólks, til þess að sýna fram að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar.

2. Sannprófandi skal með reglubundnu millibili koma á framfæri upplýsingum til rekstraraðila eða umráðanda loftfars og annarra hlutaðeigandi aðila í samræmi við samhæfða staðalinn sem um getur í II. viðauka.

3. Sannprófandi skal tryggja að upplýsingar, sem aflað er meðan á sannprófun stendur í samræmi við samhæfða staðalinn sem um getur í II. viðauka, séu trúnaðarmál.

42. gr.

Óhlutdrægni og óhæði

1. Sannprófandi skal vera óháður rekstraraðila eða umráðanda loftfars og óhlutdrægur við sannprófunarstörf sín.

Þess vegna mega sannprófandi eða aðrir sem tilheyra sama lögaðila hvorki vera rekstraraðilar né umráðendur loftfars, eigendur rekstraraðila eða umráðanda loftfars eða í eigu slíkra aðila né heldur skal sannprófandinn hafa tengsl við rekstraraðila eða umráðanda loftfars sem gætu haft á áhrif á óhæði hans og óhlutdrægni. Sannprófandinn skal einnig vera óháður aðilum sem stunda viðskipti með losunarheimildir samkvæmt kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda sem komið var á skv. 19. gr. tilskipunar 2003/87/EB.

2. Sannprófandi skal vera skipulagður á þann hátt að hann standi vörð um hlutlægni sína, óhæði og óhlutdrægni. Að því er varðar þessa reglugerð gilda viðeigandi kröfur sem mælt er fyrir um í samhæfða staðlinum sem um getur í II. viðauka.

3. Sannprófandi skal ekki annast sannprófunarstörf fyrir rekstraraðila eða umráðanda loftfars þar sem það felur í sér óviðunandi áhættu fyrir óhlutdrægni hans eða veldur hagsmunaárekstri. Sannprófandinn skal ekki notast við starfsfólk eða verktaka við sannprófun á skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars þar sem það hefur í för með sér raunverulegan, eða hugsanlegan hagsmunaárekstur. Sannprófandinn skal einnig tryggja að störf starfsfólks eða stofnana hafi ekki áhrif á trúnaðarkvöð, hlutlægni, óhæði og óhlutdrægni sannprófunarinnar.

Litið skal svo á að óviðunandi áhætta fyrir óhlutdrægni eða hagsmunaárekstur, sem um getur í fyrstu setningu fyrstu undirgreinar, hafi m.a. komið fram í eftirfarandi tilvikum:

a) þegar sannprófandi eða aðrir sem tilheyra sama lögaðila veita ráðgjafarþjónustu til að þróa hluta af vöktunar- eða skýrslugjafarferlinu sem lýst er í vöktunaráætluninni sem lögbært yfirvald hefur samþykkt, þ.m.t. þróun á vöktunaraðferðum, drög að skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars og drög að vöktunaráætluninni,

b) þegar sannprófandi eða aðrir sem tilheyra sama lögaðila veita tækniaðstoð til að þróa eða viðhalda kerfi sem komið var á til að vakta og tilkynna um losun eða tonnkílómetragögn.

4. Litið skal svo á að hagsmunaárekstur að því er varðar sannprófanda, sem snertir tengsl milli hans og rekstraraðila eða umráðanda loftfars, hafi m.a. komið fram í eftirfarandi tilvikum:

a) þegar tengsl á milli sannprófanda og rekstraraðila eða umráðanda loftfars byggjast á sameiginlegu eignarhaldi, sameiginlegum stjórnunarháttum, sameiginlegri stjórnun eða starfsfólki, sameiginlegum tilföngum, sameiginlegum fjármálum og sameiginlegum samningum eða markaðssetningu,

b) þegar ráðgefandi aðili, tækniaðstoðaraðili eða önnur stofnun, sem hefur tengsl við sannprófandann og ógnar óhlutdrægni hans, hefur veitt rekstraraðila eða umráðanda loftfars ráðgjöf sem um getur í a-lið 3. mgr. eða tækniaðstoð sem um getur í b-lið sömu málsgreinar.

Að því er varðar b-lið fyrstu undirgreinar skal litið svo á að óhlutdrægni sannprófanda sé stofnað í hættu ef tengsl milli sannprófandans og ráðgefandi aðila, tækniaðstoðaraðila eða annarrar stofnunar byggjast á sameiginlegu eignarhaldi, sameiginlegum stjórnunarháttum, sameiginlegri stjórnun eða starfsfólki, sameiginlegum tilföngum, sameiginlegum fjármálum, sameiginlegum samningum eða markaðssetningu og sameiginlegri greiðslu á sölulaunum eða öðrum hvötum fyrir nýja viðskiptavini.

5. Sannprófandi skal ekki útvista óháðu endurskoðuninni eða útgáfu sannprófunarskýrslunnar. Að því er varðar þessa reglugerð skal sannprófandinn, við útvistun á öðrum sannprófunarstörfum, uppfylla allar viðeigandi kröfur sem mælt er fyrir um í samhæfða staðlinum sem um getur í II. viðauka.

Samt sem áður skulu samningar við einstaklinga um að taka að sér sannprófunarstörf ekki teljast til útvistunar að því er varðar fyrstu undirgrein ef sannprófandinn, þegar hann semur við þessa aðila, uppfyllir viðeigandi kröfur í samhæfða staðlinum sem um getur í II. viðauka.

6. Sannprófandi skal koma á, skjalfesta, hrinda í framkvæmd og viðhalda ferli til að tryggja stöðuga óhlutdrægni og óhæði sannprófandans, annarra aðila sem tilheyra sama lögaðila og sannprófandinn, annarra stofnana sem um getur í 4. mgr. og alls starfsfólks og verktaka sem taka þátt í sannprófuninni. Hluti af þessu ferli skal felast í kerfi til að standa vörð um óhlutdrægni og óhæði sannprófandans og skal uppfylla viðeigandi kröfur sem mælt er fyrir um í samhæfða staðlinum sem um getur í II. viðauka.

IV. KAFLI

FAGGILDING

43. gr.

Faggilding

Sannprófandi, sem gefur út sannprófunarskýrslu fyrir rekstraraðila eða umráðanda loftfars, skal vera faggiltur fyrir þá starfsemi sem um getur í I. viðauka sem skýrsla rekstraraðila eða flugrekanda fellur undir og hann annast sannprófun á.

44. gr.

Markmið faggildingar

Meðan á faggildingarferli og vöktun á faggiltum sannprófendum stendur skal sérhver faggildingarstofa aðildarríkis meta hvort sannprófandinn og starfsfólk hans sem annast sannprófunarstörf:

a) búi yfir hæfni til að annast sannprófun á skýrslum rekstraraðila eða umráðanda loftfars í samræmi við þessa reglugerð,

b) framkvæmi sannprófun á skýrslum rekstraraðila og umráðanda loftfars í samræmi við þessa reglugerð,

c) uppfylli kröfurnar sem um getur í III. kafla.

45. gr.

Beiðni um faggildingu

1. Sérhver lögaðili eða annar lögformlegur aðili getur beðið um faggildingu skv. 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008 og ákvæðum þessa kafla.

Beiðnin skal innihalda þær upplýsingar sem krafist er á grundvelli samhæfða staðalsins sem um getur í III. viðauka.

2. Til viðbótar við upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, skal umsækjandi einnig, áður en matið hefst skv. 44. gr., útvega faggildingarstofu aðildarríkisins eftirfarandi:

a) allar upplýsingar sem faggildingarstofa aðildarríkisins biður um,

b) verklagsreglur og upplýsingar varðandi ferlin sem um getur í 1. mgr. 40. gr og upplýsingar um gæðastjórnunarkerfið sem um getur í 2. mgr. 40. gr.,

c) hæfnisviðmiðanir sem um getur í a- og b-lið 2. mgr. 35. gr., niðurstöður hæfnisferlisins sem um getur í 35. gr. sem og önnur viðeigandi gögn um hæfni alls starfsfólksins sem tekur þátt í sannprófunarstörfum,

d) upplýsingar um ferli til að tryggja stöðuga óhlutdrægni og óhæði sem um getur í 6. mgr. 42. gr., þ.m.t. viðkomandi skrár um óhlutdrægni og óhæði umsækjanda og starfsfólks hans,

e) upplýsingar um tæknisérfræðinga og starfsmenn í lykilstöðum sem taka þátt í sannprófun á skýrslum rekstaraðila eða umráðanda loftfars,

f) kerfi og ferli til að tryggja viðeigandi innri sannprófunargögn,

g) aðrar viðeigandi skrár sem um getur í 1. mgr. 41. gr.

46. gr.

Undirbúningur á mati

1. Við undirbúning á mati, sem um getur í 44. gr., skal sérhver faggildingarstofa aðildarríkis taka tillit til hversu margþætt gildissviðið er, sem umsækjandi óskar faggildingar á, sem og hversu flókið gæðastjórnunarkerfið er sem um getur í 40. gr. (2. mgr.), verklagsreglurnar og upplýsingar um ferlin sem um getur í 40. gr. (1. mgr.) og á hvaða landsvæði umsækjandi annast sannprófun eða hyggst annast sannprófun.

2. Að því er varðar þessa reglugerð skal faggildingarstofa aðildarríkis uppfylla lágmarkskröfurnar sem settar eru fram í samhæfða staðlinum sem um getur í III. viðauka.

47. gr.

Mat

1. Matshópurinn, sem um getur í 57. gr., skal a.m.k. framkvæma eftirfarandi aðgerðir í þeim tilgangi að vinna matið sem um getur í 44. gr.:

a) yfirferð á öllum viðeigandi skjölum og skrám sem um getur í 45. gr.,

b) heimsókn á athafnasvæði umsækjanda til að fara yfir dæmigert úrtak af innri sannprófunargögnum og til að meta framkvæmdina á gæðastjórnunarkerfi umsækjanda og verklagsreglurnar eða ferlið sem um getur í 40. gr.,

c) staðfestingu á dæmigerðum hluta á því gildissviði sem óskað er eftir faggildingu á og frammistöðu og hæfni dæmigerðs úrtaks starfsfólks umsækjanda sem tekur þátt í sannprófun á skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars til þess að tryggja að starfsfólkið starfi í samræmi við þessa reglugerð.

Við framkvæmd á þessum aðgerðum skal matshópurinn uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í samhæfða staðlinum sem um getur í III. viðauka.

2. Matshópurinn skal upplýsa umsækjanda um niðurstöður sínar og ósamræmi sem hann finnur, í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í samhæfða staðlinum sem um getur í III. viðauka, og skal gera þá kröfu að umsækjandi bregðist við upplýstum niðurstöðum og ósamræmi í samræmi við þau ákvæði.

3. Umsækjandi skal grípa til aðgerða til úrbóta til að bregðast við hvers kyns ósamræmi sem honum var tilkynnt um skv. 2. mgr. og skal hann tilgreina í svari sínu við niðurstöðum matshópsins og því ósamræmi sem hann fann, hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar eða eru fyrirhugaðar til að leysa úr tilgreindu ósamræmi, innan þeirra tímamarka sem faggildingarstofa aðildarríkisins setur.

4. Faggildingarstofa aðildarríkisins skal fara yfir viðbrögð umsækjanda við niðurstöðum og ósamræmi sem lögð eru fram skv. 3. mgr

Ef faggildingarstofa aðildarríkisins álítur svör umsækjanda ófullnægjandi eða ábótavant skal hún krefja umsækjanda um frekari upplýsingar eða aðgerðir. Faggildingarstofa aðildarríkisins getur einnig gert kröfu um sannanir fyrir skilvirkri framkvæmd á aðgerðum, sem gripið var til, eða framkvæmt mat á eftirfylgni til að meta skilvirka framkvæmd á aðgerðum til úrbóta.

48. gr.

Ákvörðun um faggildingu og faggildingarvottorð

1. Faggildingarstofa aðildarríkis skal taka tillit til krafnanna, sem mælt er fyrir um í samhæfða staðlinum sem um getur í III. viðauka, við undirbúning og ákvarðanatöku varðandi það hvort hún veitir, framlengir eða endurnýjar faggildingu umsækjanda.

2. Þegar faggildingarstofa aðildarríkis hefur ákveðið að veita, framlengja eða endurnýja faggildingu umsækjanda skal hún gefa út faggildingarvottorð þess efnis.

Faggildingarvottorðið skal a.m.k. innihalda þær upplýsingar sem krafist er á grundvelli samhæfða staðalsins sem um getur í III. viðauka.

Faggildingarvottorð skal hafa ákveðinn gildistíma sem má mest vera fimm ár frá þeim degi sem faggildingarstofa aðildarríkis gefur vottorðið út.

49. gr.

Eftirlit

1. Faggildingarstofa aðildarríkis skal framkvæma árlegt eftirlit með hverjum þeim sannprófanda sem hún hefur gefið út faggildingarvottorð fyrir.

Eftirlitið skal a.m.k. felast í:

a) heimsókn á athafnasvæði sannprófandans með það í huga að framkvæma þær aðgerðir sem um getur í b-lið 1. mgr. 47. gr.,

b) staðfestingu á frammistöðu og hæfni dæmigerðs úrtaks starfsfólks umsækjanda í samræmi við c-lið 1. mgr. 47. gr.

2. Faggildingarstofa aðildarríkis skal framkvæma fyrsta eftirlitið með sannprófanda í samræmi við 1. mgr., eigi síðar en 12 mánuðum frá þeim degi sem faggildingarvottorðið fyrir þann sannprófanda var gefið út.

3. Faggildingarstofa aðildarríkis skal undirbúa áætlun sína um eftirlit með sérhverjum sannprófanda með þeim hætti sem tekur til dæmigerðs úrtaks innan gildissviðs faggildingarinnar sem meta skal, í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í samhæfða staðlinum sem um getur í III. viðauka.

4. Á grundvelli niðurstaðna úr eftirlitinu, sem um getur í 1. mgr., skal faggildingarstofa aðildarríkis ákveða hvort staðfesta skuli áframhaldandi faggildingu.

5. Þegar sannprófandi annast sannprófun í öðru aðildarríki getur faggildingarstofa aðildarríkisins, sem hefur faggilt sannprófandann, beðið landsbundna faggildingarstofu aðildarríkisins þar sem sannprófunin á sér stað um að sinna eftirlitsstörfum fyrir sína hönd og á sína ábyrgð.

50. gr.

Endurmat

1. Áður en faggildingarvottorð rennur út skal faggildingarstofa aðildarríkis annast endurmat á sannprófandanum, sem faggildingarstofa aðildarríkisins hefur gefið út faggildingarvottorð fyrir, til þess að ákvarða hvort framlengja megi gildistíma faggildingarvottorðsins.

2. Faggildingarstofa aðildarríkis skal undirbúa áætlun sína um endurmat á sérhverjum sannprófanda með þeim hætti sem tekur til dæmigerðs úrtaks innan gildissviðs faggildingarinnar sem meta skal. Við skipulag og framkvæmd á eftirlitinu skal faggildingarstofa aðildarríkis uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í samhæfða staðlinum sem um getur í III. viðauka.

51. gr.

Sérstakt aukamat

1. Faggildingarstofa aðildarríkis getur hvenær sem er látið gera sérstakt aukamat á sannprófanda til að tryggja að sannprófandinn uppfylli kröfur þessarar reglugerðar.

2. Til þess að faggildingarstofa aðildarríkis geti metið þörfina á sérstöku aukamati skal sannprófandinn upplýsa faggildingarstofu aðildarríkisins þegar í stað um allar umtalsverðar breytingar viðkomandi faggildingu hans sem varða þætti í tengslum við stöðu hans eða rekstur. Umtalsverðar breytingar skulu fela í sér þær breytingar sem getið er í samhæfða staðlinum sem um getur í III. viðauka.

52. gr.

Rýmkun gildissviðs

Faggildingarstofa aðildarríkis skal, eftir að henni hefur borist umsókn frá sannprófanda um rýmkun á gildissviði faggildingar sem þegar hefur verið veitt, takast á hendur nauðsynlegar aðgerðir til að ákvarða hvort sannprófandinn uppfylli kröfurnar í 44. gr. varðandi umbeðna rýmkun á gildissviði faggildingar hans.

53. gr.

Stjórnsýsluráðstafanir

1. Faggildingarstofa aðildarríkis getur fellt faggildingu sannprófanda úr gildi tímabundið, afturkallað hana eða þrengt gildissvið hennar ef sannprófandinn uppfyllir ekki kröfur þessarar reglugerðar.

Faggildingarstofa aðildarríkis skal fella faggildingu sannprófanda úr gildi tímabundið, afturkalla hana eða þrengja gildissvið hennar ef sannprófandinn óskar þess.

Faggildingarstofa aðildarríkis skal koma á, skjalfesta, hrinda í framkvæmd og viðhalda málsmeðferð varðandi tímabundna niðurfellingu á faggildingu, afturköllun á faggildingu og þrengingu á gildissviði faggildingar.

2. Faggildingarstofa aðildarríkis skal fella faggildingu úr gildi tímabundið eða þrengja gildissvið faggildingar í öllum eftirfarandi tilvikum:

a) sannprófandi hefur brotið alvarlega gegn kröfum þessarar reglugerðar,

b) sannprófanda hefur þrálátlega og endurtekið mistekist að uppfylla kröfur þessarar reglugerðar,

c) sannprófandi hefur brotið gegn öðrum tilteknum skilmálum og skilyrðum faggildingarstofu aðildarríkisins.

3. Faggildingarstofa aðildarríkis skal afturkalla faggildingu þegar:

a) sannprófanda hefur mistekist að ráða bót á þeim atriðum sem urðu til að ákveðið var að fella faggildingarvottorðið tímabundið úr gildi,

b) hátt settur einstaklingur í stjórn sannprófanda hefur verið fundinn sekur um svik,

c) sannprófandi hefur viljandi lagt fram rangar upplýsingar.

4. Unnt skal að áfrýja ákvörðun faggildingarstofu aðildarríkis um að fella faggildingu úr gildi tímabundið, afturkalla hana eða þrengja gildissvið hennar í samræmi við 2. og 3. grein.

Aðildarríkin skulu koma á málsmeðferðarreglum til að leiða slíkar áfrýjanir til lykta.

5. Ákvörðun faggildingarstofu aðildarríkis um að fella faggildingu úr gildi tímabundið, afturkalla hana eða þrengja gildissvið hennar skal taka gildi um leið og sannprófanda hefur verið tilkynnt um hana.

Faggildingarstofa aðildarríkis skal binda enda á tímabundna niðurfellingu faggildingarvottorðs þegar hún hefur fengið í hendur fullnægjandi upplýsingar og er sannfærð um að sannprófandi uppfylli kröfur þessarar reglugerðar.

V. KAFLI

KRÖFUR SEM VARÐA FAGGILDINGARSTOFUR FYRIR FAGGILDINGU Á SANNPRÓFENDUM KERFIS FYRIR VIÐSKIPTI MEÐ LOSUNARHEIMILDIR

54. gr.

Faggildingarstofa aðildarríkis

1. Faggildingarstofur aðildarríkis, sem til þess hafa verið tilnefndar skv. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008, skulu annast verkefni sem varða faggildingu samkvæmt þessari reglugerð.

2. Þegar aðildarríki ákveður að heimila vottun á sannprófendum, sem eru einstaklingar, samkvæmt þessari reglugerð skulu verkefni, sem varða vottun á slíkum sannprófendum, falin öðru landsyfirvaldi en faggildingarstofu aðildarríkisins sem tilnefnd er skv. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008.

3. Ef aðildarríki ákveður að nýta sér möguleikann, sem mælt er fyrir um í 2. mgr., skal það tryggja að landsyfirvaldið sem um ræðir uppfylli kröfur þessarar reglugerðar, þ.m.t. þær sem mælt er fyrir um í 70. gr., og leggi fram þau skriflegu sönnunargögn sem krafist er í samræmi við 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008.

4. Faggildingarstofa aðildarríkis skal vera aðili að stofnuninni sem er viðurkennd skv. 14. gr. þeirrar reglugerðar.

5. Faggildingarstofu aðildarríkis skal falin umsjá faggildingar sem skal teljast starfsemi opinbers yfirvalds og skal hljóta til þess formlega viðurkenningu aðildarríkisins ef opinber yfirvöld sinna ekki faggildingu með beinum hætti.

6. Að því er varðar þessa reglugerð skal faggildingarstofa aðildarríkis sinna störfum sínum í samræmi við þær kröfur sem settar eru fram í samhæfða staðlinum sem um getur í III. viðauka.

55. gr.

Faggilding yfir landamæri

Ef aðildarríki álítur að það sé ekki fjárhagslega hagkvæmt eða sjálfbært að tilnefna landsbundna faggildingarstofu eða veita faggildingarþjónustu í skilningi 15. gr. tilskipunar 2003/87/EB skal viðkomandi aðildarríki geta leitað til faggildingarstofu annars aðildarríkis.

Hlutaðeigandi aðildarríki skal tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um það.

56. gr.

Óhæði og óhlutdrægni

1. Faggildingarstofa aðildarríkis skal vera skipulögð með þeim hætti að tryggt sé að hún sé að öllu leyti óháð þeim sannprófendum sem hún sér um að meta og óhlutdræg við framkvæmd faggildingarstarfsemi sinnar.

2. Í þessu skyni skal faggildingarstofa aðildarríkis ekki bjóða eða veita neina þjónustu eða starfsemi sem sannprófendur veita né heldur skal hún veita ráðgjafarþjónustu, eiga hlut í eða á annan hátt eiga fjárhagslegra eða stjórnunarlegra hagsmuna að gæta hjá sannprófanda.

3. Með fyrirvara um 2. mgr. 54. gr. skulu skipulag, ábyrgðarsvið og verkefni faggildingarstofu aðildarríkis vera skýrt aðgreind frá skipulagi, ábyrgðarsviði og verkefnum lögbærs yfirvalds og annarra landsyfirvalda.

4. Faggildingarstofa aðildarríkis skal taka allar endanlegar ákvarðanir sem varða faggildingu á sannprófendum.

Hins vegar er faggildingarstofu aðildarríkis heimilt að fela undirverktökum tiltekin störf, með fyrirvara um kröfurnar sem settar eru fram í samhæfða staðlinum sem um getur í III. viðauka.

57. gr.

Matshópur

1. Faggildingarstofa aðildarríkis skal tilnefna matshóp fyrir hvert og eitt mat.

2. Matshópurinn skal samanstanda af yfirmatsmanni og, ef nauðsyn krefur, viðeigandi fjölda matsmanna eða tæknisérfræðinga fyrir tiltekið gildissvið faggildingar.

Í matshópnum skal vera a.m.k. einn einstaklingur, sem hefur þekkingu á vöktun og skýrslugjöf varðandi losun gróðurhúsalofttegunda samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 601/2012, sem skipta máli fyrir gildissvið faggildingarinnar, og býr yfir hæfni og skilningi sem þörf er á til að meta þá sannprófunarstarfsemi sem fer fram á stöð eða hjá umráðanda loftfars innan sama faggildingarsviðs, og a.m.k. einn einstaklingur sem hefur þekkingu á viðkomandi landslöggjöf og leiðbeiningum.

58. gr.

Hæfniskröfur til matsmanna

1. Matsmaður skal búa yfir hæfni til að sinna þeirri starfsemi sem krafa er gerð um í IV. kafla við mat á sannprófanda. Í því skyni skal matsmaðurinn:

a) uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í samhæfða staðlinum samkvæmt reglugerð (EB) nr. 765/2008 sem um getur í III. viðauka,

b) hafa þekkingu á tilskipun 2003/87/EB, reglugerð (ESB) nr. 601/2012, þessari reglugerð, viðeigandi stöðlum og annarri viðkomandi löggjöf, sem og gildandi viðmiðunarreglum,

c) hafa þekkingu á úttekt á gögnum og upplýsingum, sem um getur í b-lið 1. mgr. 37. gr. þessarar reglugerðar, sem fengist hefur með þjálfun, eða geta ráðfært sig við einhvern sem hefur þekkingu og reynslu af slíkum gögnum og upplýsingum.

2. Yfirmatsmaður skal uppfylla hæfniskröfurnar sem um getur í 1. mgr., hafa sýnt í verki hæfni til að stjórna matshóp og bera ábyrgð á að vinna mat í samræmi við þessa reglugerð.

3. Til viðbótar við hæfniskröfurnar, sem um getur í 1. mgr., skulu innri rýnar og einstaklingar, sem taka ákvarðanir um að veita, framlengja eða endurnýja faggildingu, búa yfir fullnægjandi þekkingu og reynslu til að meta sannprófunina.

59. gr.

Tæknisérfræðingar

1. Faggildingarstofu aðildarríkis er heimilt að hafa tæknisérfræðinga með í matshópnum til að láta í té ítarlega þekkingu og sérþekkingu á tilteknu viðfangsefni sem þörf er á til að aðstoða yfirmatsmann eða matsmann við að sinna sannprófunarstörfum.

2. Tæknisérfræðingur skal búa yfir þeirri hæfni sem nauðsynleg er til að aðstoða yfirmatsmann og matsmann á skilvirkan hátt við það viðfangsefni þar sem þekkingar hans og sérþekkingar er óskað. Að auki skal tæknisérfræðingur:

a) hafa þekkingu á tilskipun 2003/87/EB, reglugerð (ESB) nr. 601/2012, þessari reglugerð, viðeigandi stöðlum og annarri viðkomandi löggjöf, sem og gildandi viðmiðunarreglum,

b) hafa fullnægjandi skilning á sannprófunarstörfum.

3. Tæknisérfræðingur skal takast á hendur sérstök verkefni undir leiðsögn og með fullri ábyrgð yfirmatsmanns í hlutaðeigandi matshóp.

60. gr.

Málsmeðferðarreglur

Faggildingarstofa aðildarríkis skal fara að kröfunum sem komið var á skv. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008.

61. gr.

Kvartanir

Ef kvartanir berast faggildingarstofu aðildarríkis varðandi sannprófanda frá lögbæru yfirvaldi, rekstraraðila eða umráðanda loftfars eða öðrum hagsmunaaðilum skal faggildingarstofa aðildarríkisins, innan hæfilegs frests:

a) ákveða hvort kvörtunin sé réttmæt,

b) tryggja að viðkomandi sannprófandi fái tækifæri til að leggja fram athugasemdir,

c) grípa til viðeigandi aðgerða til að bregðast við kvörtuninni,

d) skrá kvörtunina og þær aðgerðir sem gripið er til, og

e) svara þeim sem kvartaði.

62. gr.

Skrár og skjalahald

Faggildingarstofa aðildarríkis skal varðveita skrár um hvern þann einstakling sem tekur þátt í faggildingarferlinu. Meðal þessara skráa skulu vera skrár sem varða viðeigandi menntun og hæfi, þjálfun, reynslu, óhlutdrægni og hæfni sem nauðsynlegar eru til að sýna fram á að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar.

63. gr.

Aðgangur að upplýsingum og upplýsingaleynd

1. Faggildingarstofa aðildarríkis skal, með reglulegu millibili, gera upplýsingar, sem hún aflar í sambandi við faggildingarstarfsemi sína, aðgengilegar öllum og uppfæra þær.

2. Faggildingarstofa aðildarríkis skal, í samræmi við 4. lið 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008, gera fullnægjandi ráðstafanir til að tryggja, eins og við á, að upplýsingar, sem aflað er, séu trúnaðarmál.

64. gr.

Jafningjamat

1. Faggildingarstofur aðildarríkjanna skulu reglulega gangast undir jafningjamat.

Jafningjamatið skal skipulagt af stofnuninni sem er viðurkennd skv. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008.

2. Stofnunin, sem er viðurkennd skv. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008, skal koma á viðeigandi viðmiðunum fyrir jafningjamat og skilvirku og óháðu jafningjamatsferli með það fyrir augum að meta hvort:

a) landsbundna faggildingarstofan, sem skal gangast undir jafningjamatið, hafi annast faggildingarstarfsemi í samræmi við IV. kafla,

b) landsbundna faggildingarstofan, sem skal gangast undir jafningjamatið, hafi uppfyllt þær kröfur sem mælt er fyrir um í þessum kafla.

Viðmiðanirnar um jafningjamatið skulu fela í sér hæfniskröfur til einstaklinga og hópa sem framkvæma jafningjamatið sem eru sértækar fyrir kerfið fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda sem komið var á fót með tilskipun 2003/87/EB.

3. Stofnunin, sem er viðurkennd skv. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008, skal birta niðurstöður jafningjamats á faggildingarstofu aðildarríkis og koma þeim á framfæri við framkvæmdastjórnina, landsyfirvöld, sem bera ábyrgð á faggildingarstofum í aðildarríkjunum, og lögbært yfirvald í aðildarríkjunum eða miðstöðina sem um getur í 2. mgr. 69. gr.

4. Ef faggildingarstofa aðildarríkis hefur gengist undir og staðist jafningjamat sem stofnunin, sem er viðurkennd skv. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008, skipulagði áður en þessi reglugerð öðlaðist gildi, skal sú landsbundna faggildingarstofa, með fyrirvara um 1. mgr., undanþegin því að gangast undir nýtt jafningjamat eftir gildistöku þessarar reglugerðar ef hún getur sýnt fram á að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar.

Í því skyni skal viðkomandi faggildingarstofa aðildarríkis leggja fram beiðni, ásamt nauðsynlegum gögnum, fyrir stofnunina sem er viðurkennd skv. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008.

Stofnunin, sem er viðurkennd skv. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008, skal ákveða hvort skilyrði fyrir veitingu undanþágu hafi verið uppfyllt.

Undanþágan skal gilda í ákveðinn tíma sem má mest vera þrjú ár frá þeim degi sem landsbundnu faggildingarstofunni var tilkynnt um ákvörðunina.

5. Landsyfirvaldið sem skv. 2. mgr. 54. gr. ber ábyrgð á verkefnum sem varða vottun á sannprófendum sem eru einstaklingar samkvæmt þessari reglugerð skal uppfylla sömu kröfur um trúverðugleika og landsbundnar faggildingarstofur sem hafa gengist undir og staðist jafningjamat.

Í því skyni skulu hlutaðeigandi aðildarríki tafarlaust, eftir að hafa tekið ákvörðun um að heimila landsyfirvaldi að annast vottun, útvega framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjum öll viðeigandi skrifleg sönnunargögn. Ekkert landsyfirvald skal votta sannprófendur að því er varðar þessa reglugerð fyrr en hlutaðeigandi aðildarríki hefur útvegað þessi skriflegu sönnunargögn.

Hlutaðeigandi aðildarríki skal reglulega endurskoða hlutverk landsyfirvaldsins í þeim tilgangi að tryggja að það haldi áfram að uppfylla fyrrnefndar kröfur um trúverðugleika og upplýsa framkvæmdastjórnina um það.

65. gr.

Aðgerðir til úrbóta

1. Aðildarríkin skulu fylgjast með faggildingarstofum á sínum vegum með reglulegu millibili í þeim tilgangi að tryggja að þær uppfylli kröfur þessarar reglugerðar með samfelldum hætti, að teknu tilliti til niðurstaðna jafningjamatsins sem unnið var í samræmi við 64. gr.

2. Ef faggildingarstofa aðildarríkis uppfyllir ekki kröfurnar eða rækir ekki skyldur sínar eins og mælt er fyrir um í þessari reglugerð skal hlutaðeigandi aðildarríki grípa til viðeigandi aðgerða til úrbóta eða sjá til þess að gripið sé til slíkra aðgerða og skal upplýsa framkvæmdastjórnina um það.

66. gr.

Gagnkvæm viðurkenning á sannprófendum

1. Aðildarríkin skulu viðurkenna jafngildi þjónustu sem veitt er hjá landsbundnum faggildingarstofum sem hafa gengist undir og staðist jafningjamat. Aðildarríkin skulu taka faggildingarvottorð sannprófenda, sem þessar faggildingarstofur aðildarríkjanna hafa faggilt, gild og virða rétt sannprófenda til að annast sannprófun á gildisviði faggildingar sinnar.

2. Ef faggildingarstofa aðildarríkis hefur ekki gengist undir fullnaðarferli jafningjamats fyrir 31. desember 2014 skulu aðildarríkin viðurkenna faggildingarvottorð sannprófenda, sem viðkomandi faggildingarstofa aðildarríkisins hefur faggilt, að því tilskildu að stofnunin, sem er viðurkennd skv. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008, hafi hafið jafningjamat á viðkomandi landsbundinni faggildingarstofu og hafi ekki greint neinar vanefndir á því að landsbundna faggildingarstofan hafi farið að ákvæðum þessarar reglugerðar.

3. Ef landsyfirvald, sem um getur í 2. mgr. 54. gr., annast vottun sannprófenda, skulu aðildarríkin viðurkenna vottorð sem slíkt yfirvald hefur gefið út og virða rétt vottaðra sannprófenda til að annast sannprófun á gildissviði vottunar sinnar.

67. gr.

Vöktun á veittri þjónustu

Ef aðildarríki hefur komist að þeirri niðurstöðu, við skoðun sem gerð er í samræmi við 4. mgr. 31. gr. tilskipunar 2006/123/EB, að sannprófandi fari ekki að ákvæðum þessarar reglugerðar skal lögbært yfirvald eða faggildingarstofa viðkomandi aðildarríkis upplýsa landsbundnu faggildingarstofuna, sem hefur faggilt sannprófandann, um það.

Landsbundna faggildingarstofan, sem hefur faggilt sannprófandann, skal líta á slíkar upplýsingar sem hún móttekur sem kvörtun í skilningi 61. gr. þessarar reglugerðar og skal grípa til viðeigandi aðgerða og svara lögbæru yfirvaldi eða faggildingarstofu aðildarríkisins í samræmi við 2. undirgrein 2. mgr. 72. gr. þessarar reglugerðar.

68. gr.

Skipti á rafrænum gögnum og notkun á sjálfvirkum kerfum

1. Aðildarríkjunum er heimilt að gera þá kröfu að sannprófendur noti rafræn sniðmát eða tiltekin skráasnið fyrir sannprófunarskýrslur í samræmi við 1. mgr. 74. gr. reglugerðar (ESB) nr. 601/2012.

2. Heimilt er að gera stöðluð rafræn sniðmát eða forskriftir að skráarsniðum aðgengileg til að gera það kleift að leggja fram sannprófunarskýrslu og fyrir annars konar boðskipti milli rekstraraðila, umráðanda loftfars, sannprófanda, lögbærs yfirvalds og faggildingarstofu aðildarríkis í samræmi við 2. mgr. 74. gr. reglugerðar (ESB) nr. 601/2012.

VI. KAFLI

UPPLÝSINGASKIPTI

69. gr.

Upplýsingaskipti og miðstöðvar

1. Aðildarríkin skulu koma á skilvirkum skiptum á viðeigandi upplýsingum og skilvirkri samvinnu milli landsbundinna faggildingarstofa sinna eða, eftir atvikum, landsyfirvalds, sem falin er ábyrgð á vottun sannprófenda, og lögbærs yfirvalds.

2. Ef fleiri en eitt lögbært yfirvald hefur verið tilnefnt í aðildarríki skv. 18. gr. tilskipunar 2003/87/EB skal aðildarríkið veita einu þessara lögbæru yfirvalda heimild til að vera miðstöð upplýsingaskipta sem sér um samræmingu á samvinnunni sem um getur í 1. mgr. og starfseminni sem um getur í þessum kafla.

70. gr.

Vinnuáætlun fyrir faggildingu og skýrsla framkvæmdastjórnar

1. Eigi síðar en 31. desember ár hvert skal faggildingarstofa aðildarríkis koma á framfæri við lögbært yfirvald í hverju aðildarríki vinnuáætlun fyrir faggildingu sem inniheldur skrá yfir sannprófendur sem viðkomandi landsbundin faggildingarstofa hefur faggilt og sem hafa tilkynnt faggildingarstofunni skv. 76. gr. að þeir hafi í hyggju að annast sannprófanir í þessum aðildarríkjum. Í vinnuáætluninni fyrir faggildingu skulu a.m.k. koma fram eftirfarandi upplýsingar varðandi sérhvern sannprófanda:

a) staður og stund sem áætlað er að sannprófun fari fram,

b) upplýsingar um starfsemi sem faggildingarstofa aðildarríkisins hefur áætlað varðandi viðkomandi sannprófanda, einkum eftirlits- og endurmatsstarfsemi,

c) dagsetningar fyrir fyrirhugaðar úttektir til staðfestingar, sem faggildingarstofa aðildarríkisins hyggst gera til að meta sannprófandann, þ.m.t. heimilisfang og samskiptaupplýsingar rekstraraðila og umráðendur loftfara sem verða heimsóttir við staðfestingarúttektina,

d) upplýsingar um hvort faggildingarstofa aðildarríkisins hafi beðið faggildingarstofuna í því aðildarríki þar sem sannprófandinn annast sannprófun um að sinna eftirlitsstörfum.

2. Eftir að vinnuáætlun fyrir faggildingu hefur verið lögð fram í samræmi við 1. mgr. skal lögbæra yfirvaldið útvega faggildingarstofu aðildarríkisins allar viðeigandi upplýsingar, þ.m.t. um viðkomandi landslöggjöf eða viðmiðunarreglur.

3. Eigi síðar en 1. júní ár hvert skal faggildingarstofa aðildarríkis koma skýrslu framkvæmdastjórnar á framfæri við lögbæra yfirvaldið. Í skýrslu framkvæmdastjórnar skulu a.m.k. koma fram eftirfarandi upplýsingar í tengslum við sérhvern sannprófanda sem viðkomandi faggildingarstofa aðildarríkisins hefur faggilt:

a) upplýsingar um faggildingu á sannprófendum sem sú faggildingarstofa aðildarríkis hefur nýlega faggilt, þ.m.t. gildissvið faggildingar fyrir þessa sannprófendur,

b) allar breytingar sem orðið hafa á gildissviði faggildingar fyrir þessa sannprófendur,

c) samantekt á niðurstöðum eftirlits- og endurmatsstarfsemi sem faggildingarstofa aðildarríkisins hefur framkvæmt,

d) samantekt á niðurstöðum úr sérstöku aukamati sem hefur verið unnið, þ.m.t. ástæður þess að ákveðið var að vinna slíkt aukamat,

e) allar kvartanir sem hafa verið lagðar fram gegn sannprófanda síðan síðasta skýrsla framkvæmdastjórnar var gerð og þær aðgerðir sem faggildingarstofa aðildarríkisins hefur gripið til.

71. gr.

Upplýsingaskipti um stjórnsýsluráðstafanir

Ef faggildingarstofa aðildarríkis hefur lagt stjórnsýsluráðstafanir á sannprófanda skv. 53. gr. eða ef tímabundin niðurfelling faggildingar hefur verið afturkölluð eða úrskurður eftir áfrýjun hefur fellt úr gildi ákvörðun faggildingarstofu aðildarríkis um að leggja á stjórnsýsluráðstafanirnar sem um getur í 53. gr. skal faggildingarstofa aðildarríkisins upplýsa eftirfarandi aðila um það:

a) lögbært yfirvald í því aðildarríki þar sem sannprófandinn er faggiltur,

b) lögbært yfirvald og landsbundna faggildingarstofu í hverju því aðildarríki þar sem sannprófandinn annast sannprófanir.

72. gr.

Upplýsingaskipti af hálfu lögbærs yfirvalds

1. Lögbært yfirvald í aðildarríki þar sem sannprófandi annast sannprófun skal á hverju ári koma a.m.k. eftirfarandi upplýsingum á framfæri við faggildingarstofu aðildarríkisins sem hefur faggilt viðkomandi sannprófanda:

a) viðeigandi niðurstöðum athugana á skýrslu rekstraraðila og umráðanda loftfars og sannprófunarskýrslum, einkum einstök atriði þar sem komu í ljós vanefndir á því að viðkomandi sannprófandi hafi farið að ákvæðum þessarar reglugerðar,

b) niðurstöðum skoðunar á rekstraraðila eða umráðanda loftfars ef þær niðurstöður skipta máli fyrir faggildingarstofu aðildarríkisins að því er varðar faggildingu sannprófanda og eftirlit með honum eða þar sem niðurstöðurnar fela í sér að komið hafa í ljós vanefndir hjá viðkomandi sannprófanda á því að fara að ákvæðum þessarar reglugerðar,

c) niðurstöðum úr mati á innri sannprófunargögnum viðkomandi sannprófanda ef lögbært yfirvald hefur metið innri sannprófunargögnin skv. 3. mgr. 26. gr.,

d) kvörtunum sem lögbæru yfirvaldi hafa borist varðandi viðkomandi sannprófanda.

2. Ef upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr., sýna fram á að lögbært yfirvald hafi greint vanefndir hjá sannprófanda á því að fara að ákvæðum þessarar reglugerðar skal faggildingarstofa aðildarríkisins líta á slíkar upplýsingar sem hún móttekur sem kvörtun frá lögbæra yfirvaldinu varðandi viðkomandi sannprófanda í skilningi 61. gr. þessarar reglugerðar.

Faggildingarstofa aðildarríkisins skal grípa til viðeigandi ráðstafana til að bregðast við slíkum upplýsingum og svara lögbæra yfirvaldinu innan þriggja mánaða frá því hún móttekur þær. Faggildingarstofa aðildarríkisins skal upplýsa lögbært yfirvald í svari sínu um þær aðgerðir sem hún hefur gripið til og þar sem við á, hvaða stjórnsýsluráðstafanir hafa verið lagðar á sannprófandann.

73. gr.

Upplýsingaskipti varðandi eftirlit

1. Ef landsbundinni faggildingarstofu í aðildarríki þar sem sannprófandi annast sannprófun hefur borist beiðni skv. 5. mgr. 49. gr., um að sinna eftirlitsstörfum skal sú landsbundna faggildingarstofa upplýsa faggildingarstofu aðildarríkisins, sem hefur faggilt sannprófandann, um niðurstöður sínar, nema samkomulag sé um annað milli beggja landsbundnu faggildingarstofanna.

2. Landsbundna faggildingarstofan, sem faggilti sannprófandann, skal taka tillit til niðurstaðnanna sem um getur í 1. mgr. þegar hún metur hvort sannprófandi uppfylli kröfur þessarar reglugerðar.

3. Ef niðurstöðurnar, sem um getur í 1. mgr., sýna að sannprófandi fari ekki að ákvæðum þessarar reglugerðar, skal landsbundna faggildingarstofan, sem faggilti sannprófandann, grípa til viðeigandi ráðstafana samkvæmt þessari reglugerð og upplýsa landsbundnu faggildingarstofuna, sem hefur sinnt eftirlitsstörfum, um eftirfarandi:

a) til hvaða aðgerða landsbundna faggildingarstofan, sem faggilti sannprófandann, hefur gripið,

b) eftir því sem við á, hvernig sannprófandinn brást við niðurstöðunum,

c) þar sem við á, hvaða stjórnsýsluráðstafanir hafa verið lagðar á sannprófandann.

74. gr.

Upplýsingaskipti við aðildarríki þar sem sannprófandinn hefur staðfestu

Ef sannprófandi hefur hlotið faggildingu hjá landsbundinni faggildingarstofu í öðru aðildarríki en því aðildarríki þar sem hann hefur staðfestu skal lögbært yfirvald í aðildarríkinu þar sem sannprófandinn hefur staðfestu einnig fá vinnuáætlun fyrir faggildingu og skýrslu framkvæmdastjórnar, sem um getur í 70. gr., sem og upplýsingarnar sem um getur í 71. gr.

75. gr.

Gagnagrunnur um faggilta sannprófendur

1. Faggildingarstofur aðildarríkjanna eða, eftir atvikum, landsyfirvöld sem um getur í 2. mgr. 54. gr. skulu setja upp og hafa umsjón með gagnagrunni og veita öðrum landsbundnum faggildingarstofum, landsyfirvöldum, sannprófendum, rekstraraðilum, umráðendum loftfara og lögbærum yfirvöldum aðgang að þessum gagnagrunni.

Stofnunin, sem er viðurkennd skv. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008, skal greiða fyrir og samræma aðgang að gagnagrunnunum með það í huga að auðvelda skilvirk og kostnaðarhagkvæm boðskipti milli landsbundinna faggildingarstofa, landsyfirvalda, sannprófenda, rekstraraðila, umráðenda loftfara og lögbærra yfirvalda og stofnuninni er heimilt að sameina þessa gagnagrunna í einn miðlægan gagnagrunn.

2. Í gagnagrunninum, sem um getur í 1. mgr., skulu a.m.k. eftirfarandi upplýsingar koma fram:

a) nafn og heimilifang hvers sannprófanda sem viðkomandi faggildingarstofa aðildarríkis hefur faggilt,

b) aðildarríkin þar sem sannprófandi annast sannprófun,

c) gildissvið faggildingar hvers sannprófanda,

d) hvaða dag faggildingin var veitt og hvaða dag hún fellur úr gildi,

e) upplýsingar um stjórnsýsluráðstafanir sem hafa verið lagðar á sannprófandann.

Upplýsingarnar skulu vera aðgengilegar öllum.

76. gr.

Tilkynning frá sannprófendum

1. Í því skyni að gera faggildingarstofu aðildarríkis kleift að taka saman drög að vinnuáætlun fyrir faggildingu og skýrslu framkvæmdastjórnar, sem um getur í 70. gr., skal sannprófandi, eigi síðar 15. nóvember ár hvert, senda landsbundnu faggildingarstofunni, sem faggilti viðkomandi sannprófanda, eftirfarandi upplýsingar:

a) áætlaðan stað og stund sannprófana sem sannprófandinn á að annast samkvæmt áætlun,

b) heimilisfang og samskiptaupplýsingar rekstraraðila eða umráðenda loftfara, þar sem hann á að sannprófa skýrslur um losun eða tonnkílómetra.

2. Ef upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr., breytast skal sannprófandinn tilkynna faggildingarstofunni um breytingarnar innan þess tímaramma sem samið hefur verið um við viðkomandi landsbundna faggildingarstofu.

VII. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

77. gr.

Umbreytingarákvæði

Gögn um losun og, eftir atvikum, starfsemi sem á sér stað fyrir 1. janúar 2013, skulu sannprófuð samkvæmt kröfunum sem settar eru fram í ákvörðun 2007/589/EB([11]).

78. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2013.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. júní 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

([11]) Stjtíð. ESB L 229, 31.8.2007, bls. 1.

I. VIÐAUKI

Gildissvið faggildingar fyrir sannprófendur

Gildissvið faggildingar fyrir sannprófendur skal tilgreint í faggildingarvottorðinu með því að nota eftirfarandi flokka starfsemi skv. I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB og aðra starfsemi skv. 10. gr. a og 24. gr. tilskipunar 2003/87/EB. Þessi ákvæði skulu gilda á sama hátt um sannprófendur sem landsyfirvald hefur faggilt í samræmi við 2. mgr. 54. gr. þessarar reglugerðar.

Númer starfsemisflokks	Gildissvið faggildingar
1a	Bruni eldsneytis í stöðvum þar sem einungis er notað staðlað eldsneyti á markaði, eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 601/2012, eða þar sem jarðgas er notað í stöðvum í flokki A eða flokki B.
1b	Bruni eldsneytis í stöðvum, án takmarkana
2	Hreinsun jarðolíu
3	– Framleiðsla á koksi – Brennsla eða glæðing, einnig kögglun, málmgrýtis (þ.m.t. brennisteinsgrýti) – Framleiðsla á hrájárni eða stáli (fyrsta eða önnur bræðsla), þ.m.t. samfelld málmsteypa
4	– Framleiðsla eða vinnsla á járnríkum málmi (þ.m.t. járnblendi) – Framleiðsla á endurunnu áli – Framleiðsla eða vinnsla á járnlausum málmum, þ.m.t. framleiðsla á málmblendi
5	Framleiðsla á hrááli (losun á koltvísýringi og perflúorkolefni)
6	– Framleiðsla á sementsgjalli – Framleiðsla á kalki eða glæðing á dólómíti eða magnesíti – Framleiðsla á gleri, þ.m.t. glertrefjar – Framleiðsla á leirvörum með brennslu – Framleiðsla á einangrunarefni úr steinull – Þurrkun eða glæðing á gifsi eða framleiðsla á gifsplötum og öðrum gifsvörum
7	– Framleiðsla á pappírsdeigi úr viði eða öðrum trefjaefnum – Framleiðsla á pappír eða pappa
8	– Framleiðsla á kinroki – Framleiðsla á ammoníaki – Framleiðsla á lífrænum efnasamböndum í lausu með sundrun, umbreytingu, oxun að hluta eða til fulls, eða með svipuðum ferlum – Framleiðsla á vetni (H_2) og tilbúnu gasi með umbreytingu eða hlutaoxun – Framleiðsla á sóda (Na_2CO_3) and natríumkarbónati ($NaHCO_3$)
9	– Framleiðsla á saltpéturssýru (losun á CO_2 og N_2O) – Framleiðsla á adipínsýru (losun á CO_2 og N_2O) – Framleiðsla á glýoxali og glýoxalsýru (losun á CO_2 og N_2O) – Framleiðsla á kaprólaktami
10	– Föngun gróðurhúsalofttegunda frá stöðvum sem falla undir tilskipun 2003/87/EB í því skyni að flytja þær til geymslu í jörðu á stað sem hefur hlotið leyfi samkvæmt tilskipun 2009/31/EB – Flutningur gróðurhúsalofttegunda eftir leiðslum til geymslu í jörðu á stað sem hefur hlotið leyfi samkvæmt tilskipun 2009/31/EB
11	Geymsla gróðurhúsalofttegunda í jörðu á stað sem hefur hlotið leyfi samkvæmt tilskipun 2009/31/EB
12	Flugstarfsemi (gögn um losun og tonnkílómetra)

Númer starfsemisflokks	Gildissvið faggildingar
98	Önnur starfsemi skv 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB
99	Önnur starfsemi, sem aðildarríki tilgreinir skv. 24. gr. tilskipunar 2003/87/EB, sem er nánar skilgreind í faggildingarvottorðinu

II. VIÐAUKI

Kröfur til sannprófenda

Að því er varðar kröfur til sannprófenda gildir samhæfði staðallinn samkvæmt reglugerð (EB) nr. 765/2008/ um kröfur til fullgildingar- og sannprófunaraðila í tengslum við gróðurhúsalofttegundir til notkunar við faggildingu eða annars konar viðurkenningu. Að auki gilda eftirfarandi verklagsreglur, ferli og tilhögun sem um getur í 1. mgr. 40. gr.:

a) ferli og viðmiðunarreglur varðandi boðskipti við rekstraraðila eða umráðendur loftfara og aðra viðkomandi aðila,

b) fullnægjandi ráðstafanir til að tryggja að upplýsingar, sem aflað er, séu trúnaðarmál

c) ferli til að bregðast við áfrýjunum,

d) ferli til að bregðast við kvörtunum (þ.m.t. leiðbeinandi tímaáætlun),

e) ferli við að gefa út endurskoðaða sannprófunarskýrslu ef skekkja hefur komið í ljós í sannprófunarskýrslunni eða skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars eftir að sannprófandi hefur lagt sannprófunarskýrsluna fyrir rekstraraðila eða umráðanda loftfars til áframhaldandi framlagningar til lögbærs yfirvalds,

f) verklagsreglur eða ferli við útvistun á sannprófunarstörfum til annarra stofnana.

III. VIÐAUKI

Lágmarkskröfur varðandi faggildingarferli og kröfur til faggildingarstofa

Að því er varðar lágmarkskröfur fyrir faggildingu og kröfur til faggildingarstofa gildir samhæfði staðallinn samkvæmt reglugerð (EB) nr. 765/2008 varðandi almennar kröfur vegna faggildingarstofa sem faggilda samræmismatsstofur.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 601/2012 **2013/EES/14/05**

frá 21. júní 2012

um vöktun á losun gróðurhúsalofttegunda og skýrslugjöf um losunina samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB ([1]), einkum 1. mgr. 14. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Altæk, samræmd, gagnsæ og nákvæm vöktun og skýrslugjöf að því er varðar losun gróðurhúsalofttegunda í samræmi við samræmdar kröfur, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, eru grundvallaratriði fyrir skilvirkan rekstur kerfisins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda sem komið var á fót með tilskipun 2003/87/EB. Í annarri notkunarlotu kerfisins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda, sem tekur til áranna 2008 til 2012, hafa rekstraraðilar í iðnaði, umráðendur loftfara, sannprófendur og lögbær yfirvöld aflað sér reynslu af vöktun og skýrslugjöf samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/589/EB frá 18. júlí 2007 um að setja viðmiðunarreglur um vöktun á losun gróðurhúsalofttegunda og skýrslugjöf um losunina samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB ([2]). Reglur fyrir þriðja viðskiptatímabil kerfis Sambandsins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda, sem hefst 1. janúar 2013, og fyrir næstu viðskiptatímabil skulu byggja á þessari reynslu.

2) Skilgreiningin á lífmassa í þessari reglugerð skal vera í samræmi við skilgreiningar á hugtökunum „lífmassi“, „fljótandi lífeldsneyti“ og „lífeldsneyti“ sem settar eru fram í 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB frá 23. apríl 2009 um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum og um breytingu og síðar niðurfellingu á tilskipunum 2001/77/EB og 2003/30/EB ([3]), einkum þar sem fríðindameðferð með tilliti til skuldbindinga um innskil losunarheimilda, samkvæmt kerfi Sambandsins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda samkvæmt tilskipun 2003/87/EB, felur í sér „stuðningskerfi“ í skilningi k-liðar 2. gr. og síðan fjárstuðning í skilningi c-liðar 1. mgr. 17. gr tilskipunar 2009/28/EB.

3) Til að tryggja samræmi skulu skilgreiningar, sem mælt er fyrir um í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/450/EB frá 8. júní 2009 um ítarlega túlkun á flugstarfseminni sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB ([4]) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/31/EB frá 23. apríl 2009 um geymslu koltvísýrings í jörðu og um breytingu á tilskipun ráðsins 85/337/EBE, tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB, 2001/80/EB, 2004/35/EB, 2006/12/EB, 2008/1/EB og reglugerð (EB) nr 1013/2006 ([5]), gilda að því er varðar þessa reglugerð.

4) Til að starfræksla vöktunar- og skýrslugjafarkerfisins verði ákjósanlegust skulu aðildarríkin, sem tilnefna fleiri en eitt lögbært yfirvald, tryggja að þessi lögbæru yfirvöld samræmi vinnu sína í samræmi við þær meginreglur sem settar er fram í þessari reglugerð.

5) Vöktunaráætlunin, þar sem sett eru fram nákvæm, tæmandi og gagnsæ upplýsingaskjöl varðandi aðferðir til-tekinnar stöðvar eða umráðanda loftfars, skal vera grundvallarþáttur kerfisins sem komið er á fót með þessari reglugerð. Krefjast skal reglulegrar uppfærslu á áætluninni, bæði til að bregðast við niðurstöðum sannprófanda og að frumkvæði rekstraraðila eða umráðanda loftfars. Meginábyrgð á framkvæmd vöktunaraðferðarinnar, en hlutar hennar eru tilgreindir í verklagsreglum sem krafist er samkvæmt þessari reglugerð, skal vera áfram í höndum rekstraraðila eða umráðanda loftfars.

6) Nauðsynlegt er að koma á grunnaðferðum við vöktun til að draga sem mest úr álagi á rekstraraðila og umráðendur loftfara og auðvelda skilvirka vöktun og skýrslugjöf vegna losunar gróðurhúsalofttegunda samkvæmt tilskipun 2003/87/EB. Þessar aðferðir skulu fela í sér grunnaðferðir við útreikninga og mælingar. Aðferðir við útreikninga ætti að aðgreina enn frekar í staðlaðar aðferðir og massajöfnuðaraðferðir. Kveða skal á um sveigjanleika til að hægt sé að samþætta mælingaraðferðir, staðlaðar reikniaðferðir og massajöfnuð í sömu stöð, að því tilskildu að rekstraraðilinn tryggi að ekki verði úrfellingar eða tvítalning.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 181, 12.7.2012, bls. 30. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 235/2012 frá 7. desember 2012 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, birður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32.

([2]) Stjtíð. ESB L 229, 31.8.2007, bls. 1.

([3]) Stjtíð. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 16.

([4]) Stjtíð. ESB L 149, 12.6.2009, bls. 69.

([5]) Stjtíð. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 114.

7) Til að lágmarka enn frekar álag á rekstraraðila og umráðendur loftfara, skal koma á einföldun með tilliti til óvissumats sem krafist er, án þess að dregið sé úr nákvæmni. Gera skal umtalsvert minni kröfur að því er varðar óvissumat þegar mælitæki eru notuð við skilyrði, sem eru í samræmi við gerð tækisins, einkum þegar mælitæki eru undir lögmælifræðilegu eftirliti aðildarríkis.

8) Nauðsynlegt er að skilgreina reiknistuðla sem geta annaðhvort verið sjálfgefnir stuðlar eða stuðlar sem ákvarðaðir eru með greiningu. Greiningarkröfur skulu tryggja að helst séu notaðar rannsóknarstofur sem hafa fengið faggildingu í samræmi við samhæfða staðalinn Almennar kröfur varðandi hæfni prófunar- og kvörðunarstofa (ÍST EN ISO/IEC 17025) fyrir viðkomandi greiningaraðferðir og innleiða hagnýtari kröfur til að sýna fram á traust jafngildi ef um er að ræða rannsóknarstofur sem ekki hafa fengið faggildingu, þ.m.t. í samræmi við samhæfða staðalinn Gæðastjórnunarkerfi - Kröfur (ÍST EN ISO/IEC 9001) eða önnur vottuð gæðastjórnunarkerfi sem við eiga.

9) Mæla skal fyrir um gagnsærri og samræmdari aðferð til að ákvarða óhóflegan kostnað.

10) Mælimiðaða aðferðin ætti í auknum mæli að teljast jafngild reiknimiðuðu aðferðinni til þess að viðurkennt verði aukið öryggi sem felst í samfelldum vöktunarkerfum fyrir losun og renna stoðum undir gæðatryggingu. Það krefst hlutfallslegri krafna varðandi milligátun með útreikningum og nánari útlistunar á meðferð gagna og annarra krafna um gæðatryggingu.

11) Forðast skal að leggja á óhóflega vöktun stöðva með minni, áhrifaminni árlega losun, á sama tíma og tryggt er að viðunandi nákvæmnisstigi er viðhaldið. Í þessu sambandi skal setja fram sérstök skilyrði fyrir stöðvar sem teljast vera með litla losun og fyrir umráðendur loftfara sem teljast smálosendur.

12) Í 27. gr. tilskipunar 2003/87/EB er aðildarríkjum gert kleift að undanskilja litlar stöðvar, með fyrirvara um jafngildar ráðstafanir, frá kerfi Sambandsins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda, að því tilskildu að skilyrði sem fram koma í greininni séu uppfyllt. Þessi reglugerð skal ekki gilda beint um þær stöðvar, sem undanskildar eru skv. 27. gr. tilskipunar 2003/87/EB, nema aðildarríkið ákveði að reglugerðin skuli gilda.

13) Til að loka mögulegum smugum í tengslum við flutning innifalins eða hreins koltvísýrings skulu slíkir flutningar aðeins að vera heimilaðir við mjög sértæk skilyrði. Skilyrði þessi eru að flutningur innifalins koltvísýrings skuli aðeins vera til annarra stöðva í viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir og flutningur hreins koltvísýrings skal aðeins vera til geymslu á geymslusvæði í jörðu samkvæmt viðskiptakerfi Sambandsins um losun gróðurhúsalofttegunda en það er sem stendur eina varanlega geymsluaðferðin fyrir koltvísýring sem samþykkt er samkvæmt viðskiptakerfi Sambandsins um losun gróðurhúsalofttegunda. Þessi skilyrði ættu samt sem áður ekki að útiloka mögulegar nýjungar í framtíðinni.

14) Mæla skal fyrir um sértæk ákvæði í tengslum við flugsamgöngur um vöktunaráætlanir og vöktun losunar gróðurhúsalofttegunda. Eitt ákvæði skal varða ákvörðun þéttni þannig að mælingar á staðnum og eldsneytisreikningar séu jafngildir kostir. Annað ákvæði skal varða hækkun viðmiðunarmarka til þess að umráðandi loftfars teljist smálosandi úr 10 000 tonnum af koltvísýringi á ári í 25 000 tonn af koltvísýringi á ári.

15) Samræma skal mat á gögnum sem vantar með því að gera kröfu um að notaðar séu varfærnislegar matsaðferðir sem eru viðurkenndar í vöktunaráætluninni eða, þar sem það er ekki hægt, með viðurkenningu lögbærs yfirvalds og með því að fella viðeigandi ferli inn í vöktunaráætlunina.

16) Styrkja skal framkvæmd meginreglunnar um úrbætur en samkvæmt henni er þess krafist að rekstraraðilar endurskoði reglulega vöktunaraðferðina til að bæta hana og taka til athugunar tilmæli sannprófenda sem lið í sannprófunarferlinu. Þegar notuð er aðferð, sem byggist ekki á aðferðarþrepum, eða þegar kröfur aðferðarinnar með hæstu aðferðarþrepunum eru ekki uppfylltar, skulu rekstraraðilar gefa reglulega skýrslu um þau skref sem tekin eru til að uppfylla kröfur vöktunaraðferðar sem byggist á aðferðarþrepakerfinu og til að ná hæstu aðferðarþrepunum sem krafist er.

17) Umráðendur loftfara geta, skv. 1. mgr. 3. gr. e í tilskipun 2003/87/EB, sótt um úthlutun losunarheimilda án endurgjalds að því er varðar starfsemi, sem talin er upp í I. viðauka við tilskipunina, á grundvelli sannprófaðra gagna um tonnkílómetra. Í ljósi meðalhófsreglunnar ætti umráðandi loftfars hins vegar, ef hann getur ekki á hlutlægan hátt lagt fram sannprófuð gögn um tonnkílómetra innan viðeigandi tímafrests vegna alvarlegra eða ófyrirsjáanlegra aðstæðna sem hann hefur ekki stjórn á, að geta lagt fram bestu fáanlegu gögn um tonnkílómetra, að því tilskildu að nauðsynlegar verndarráðstafanir séu fyrir hendi.

18) Stuðla skal að notkun upplýsingatækni, þ.m.t. kröfur um snið fyrir gagnaskipti og notkun sjálfvirkra kerfa, og aðildarríki skulu því geta krafist þess að atvinnurekendur noti slík kerfi. Aðildarríkjum skal einnig vera heimilt að útfæra rafræn sniðmát og nákvæmar skilgreiningar fyrir skráasnið sem skulu samt sem áður vera í samræmi við lágmarksstaðla sem framkvæmdastjórnin gefur út.

19) Fella ber ákvörðun 2007/589/EB úr gildi. Hins vegar skal viðhalda áhrifum ákvæða hennar fyrir vöktun, skýrslugjöf og sannprófun gagna um losun og starfsemi sem eiga sér stað á fyrsta og öðru viðskiptatímabili kerfis Sambandsins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda.

20) Aðildarríkin skulu fá nægan tíma til að samþykkja nauðsynlegar ráðstafanir og koma á fót viðeigandi landsbundnum stofnanaramma til að tryggja skilvirka beitingu þessarar reglugerðar. Þessi reglugerð gildir því frá upphafi þriðja viðskiptatímabilsins.

21) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um loftslagsbreytingar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. ÞÁTTUR

Efni og skilgreiningar

1. gr.

Efni

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um reglur fyrir vöktun og skýrslugjöf vegna losunar gróðurhúsalofttegunda og gögn um starfsemi samkvæmt tilskipun 2003/87/EB á viðskiptatímabili Sambandsins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda sem hefst 1. janúar 2013 og síðari viðskiptatímabil.

2. gr.

Gildissvið

Reglugerðin skal gilda um vöktun og skýrslugjöf vegna losunar gróðurhúsalofttegunda, sem tilgreind er í tengslum við starfsemi sem skráð er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB, og gögn um starfsemi frá staðbundnum stöðvum, frá flugstarfsemi og um vöktun og skýrslugjöf að því er varðar gögn um tonnkílómetra í flugstarfsemi.

Hún skal gilda um gögn um losun og starfsemi sem frá og með 1. janúar 2013.

3. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „gögn um starfsemi“: gögn um magn eldsneytis eða efnis sem er notað eða framleitt með vinnsluferli sem skiptir máli í tengslum við reiknimiðuðu vöktunaraðferðina, gefið upp í terajúlum, massa í tonnum eða, þegar um er að ræða lofttegundir, í rúmmáli af normalrúmmetrum, eins og við á,

2) „viðskiptatímabil“: átta ára tímabil eins og það er skilgreint í 1. mgr. 13. gr. tilskipunar 2003/87/EB,

3) „tonnkílómetri“: flutningur á einu tonni farmþunga um einn kílómetra,

4) „efnisstraumur“: eitthvað af eftirtöldu:

a) tiltekin eldsneytistegund, hráefni eða vara sem hefur í för með sér losun gróðurhúsalofttegunda frá fleiri en einum upptökum losunar eftir notkun eða framleiðslu,

b) tiltekin eldsneytistegund, hráefni eða vara sem inniheldur kolefni og er hluti af útreikningi á losun gróðurhúsalofttegunda með massajöfnuðaraðferð,

5) „upptök losunar”: stakur og sanngreinanlegur hluti stöðvar eða ferli innan stöðvar, þaðan sem viðkomandi gróðurhúsalofttegundir losna, eða stakt loftfar ef um flugstarfsemi er að ræða,

6) „óvissa”: þáttur er tengist niðurstöðum ákvörðunar á stærð, sem lýsir dreifingu gildanna, sem raunhæft er að tengja tiltekinni stærð, þ.m.t. áhrif frá kerfisbundnum eða handahófskenndum þáttum, sem gefinn er upp í hundraðshlutum og lýsir öryggisbili í kringum meðalgildið, sem tekur til um 95% af reiknuðum gildum, að teknu tilliti til hugsanlegrar ósamhverfu í dreifingu gilda,

7) „reiknistuðlar“: nettóvarmagildi, losunarstuðull, bráðabirgðalosunarstuðull, oxunarstuðull, breytistuðull, kolefnisinnihald eða lífmassahluti,

8) „aðferðarþrep“: tiltekin krafa sem notuð er við að ákvarða gögn um starfsemi, reiknistuðla, árlega losun og árlega meðallosun á klukkustund og einnig farmþunga,

9) „eðlislæg áhætta“: næmleiki mæliþáttar í skýrslu um árlega losun eða skýrslu með gögnum um tonnkílómetra fyrir rangfærslum sem gætu verið verulegar, einar sér eða uppsafnaðar með öðrum rangfærslum, áður en tillit er tekið til áhrifa tengdrar eftirlitsstarfsemi,

10) „eftirlitsáhætta“: næmleiki mæliþáttar í skýrslu um árlega losun eða skýrslu með gögnum um tonnkílómetra fyrir rangfærslum sem gætu verið verulegar, einar sér eða uppsafnaðar með öðrum rangfærslum, sem ekki er hægt að koma í veg fyrir eða greina og leiðrétta tímanlega með eftirlitskerfinu,

11) „losun við brennslu“: losun gróðurhúsalofttegunda við útvermið efnahvarf eldsneytis og súrefnis,

12) „skýrslutímabil“: eitt almanaksár þar sem vakta þarf losun og gefa skýrslu um hana eða vöktunarárið eins og það er skilgreint í e- og f-lið 3. gr. tilskipunar 2003/87/EB fyrir gögn um tonnkílómetra,

13) „losunarstuðull“: meðallosunarhlutfall gróðurhúsalofttegundar miðað við gögn um starfsemi fyrir efnisstraum þar sem ráð er fyrir því gert að fullkomin oxun verði við bruna og fullkomin ummyndun í tengslum við öll önnur efnahvörf,

14) „oxunarstuðull“: hlutfall kolefnis sem oxast í koltvísýring við bruna miðað við heildarkolefnisinnihald eldsneytisins, gefið upp sem brot, þar sem kolsýringur, sem losaður er í andrúmsloftið, er metinn sem móljafngildi koltvísýrings,

15) „breytistuðull“: hlutfall kolefnis sem losað er sem koltvísýringur miðað við heildarkolefnisinnihald efnisstraums áður en losunarferlið á sér stað, gefið upp sem brot, þar sem kolsýringur, sem losaður er í andrúmsloftið, er metinn sem móljafngildi koltvísýrings,

16) „nákvæmni“: samræmi milli niðurstaðna úr mælingum og sanngildis viðkomandi stærðar eða viðmiðunargildis sem er ákvarðað með athugunum þar sem notað er alþjóðlega samþykkt og rekjanlegt kvörðunarefni og staðalaðferðir, að teknu tilliti til handahófskenndra og kerfisbundinna þátta,

17) „kvörðun“: röð aðgerða sem, við tilteknar aðstæður, staðfesta tengslin milli gilda, sem koma fram á mælitækjum eða í mælikerfum, eða gilda, sem efnismál eða viðmiðunarefni sýnir, og samsvarandi gilda stærðar sem er fengin með viðmiðunarstaðli,

18) „farþegar“: einstaklingar, að undanskildum flugverjum á vakt, sem eru um borð í loftfarinu meðan á flugi stendur,

19) „varfærnislegur“: hugtak sem vísar til þess að tilteknar forsendur eru skilgreindar til að koma í veg fyrir vanmat á árlegri losun eða ofmat á tonnkílómetrum,

20) „lífmassi“: lífbrjótanlegur hluti afurða, úrgangs og efnaleifa af lífrænum uppruna frá landbúnaði (þ.m.t. efni úr bæði jurta- og dýraríkinu), skógrækt og tengdum atvinnugreinum, þ.m.t. sjávarútvegur og lagareldi, auk lífbrjótanlegs hluta iðnaðarúrgangs og heimilis- og rekstrarúrgangs, en hugtakið nær til fljótandi lífeldsneytis og lífeldsneytis,

21) „fljótandi lífeldsneyti“: fljótandi eldsneyti sem er framleitt úr lífmassa til notkunar sem orkugjafi, að flutningum undanskildum, við raforkuframleiðslu, upphitun og kælingu,

22) „lífeldsneyti“: fljótandi eða loftkennt eldsneyti til flutninga, framleitt úr lífmassa,

23) „lögmælifræðilegt eftirlit“: eftirlit með mælingaverkefnum á notkunarsviði mælitækis af ástæðum er varða almannaheill, lýðheilsu, almannaöryggi, allsherjarreglu, umhverfisvernd, skatt- og gjaldheimtu, neytendavernd og góða viðskiptahætti,

24) „heimilað hámarksfrávik“: leyfileg mæliskekkja eins og hún er skilgreind í I. viðauka og sértækum viðaukum um mælitæki við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/22/EB ([6]) eða í innlendum reglum um lögmælifræðilegt eftirlit, eins og við á,

25) „starfsemi í tengslum við gagnaflæði“: starfsemi í tengslum við öflun, vinnslu og meðferð gagna sem nauðsynleg eru til að gera drög að losunarskýrslu með gögnum úr upprunalegum gagnalindum,

26) „tonn af jafngildiseiningum koltvísýrings ($CO_{2(e)}$)“: tonn af koltvísýringi eða jafngildiseiningum koltvísýrings,

27) „jafngildiseining koltvísýrings ($CO_{2(e)}$)“: gróðurhúsalofttegund, önnur en koltvísýringur, sem gefin er upp í II. viðauka við tilskipun 2003/87/EB með jafngildan hnatthlýnunarmátt og koltvísýringur,

28) „mælikerfi“: öll mælitæki og annar búnaður, t.d. sýnatöku- og gagnavinnslubúnaður, til að ákvarða mæliþætti á borð við gögn um starfsemi, kolefnisinnihald, varmagildi eða losunarstuðul fyrir losun á koltvísýringi,

29) „nettóvarmagildi“: tiltekið magn orku sem losnar sem varmi við algjöran bruna eldsneytis eða efnis með súrefni við staðalskilyrði, að undanskildum varma við hugsanlega uppgufun vatn,

30) „losun við vinnslu“: losun gróðurhúsalofttegunda, önnur en losun við brennslu sem til kemur vegna vísvitandi eða óvísvitandi efnahvarfa eða ummyndunar efna, þ.m.t. efnafræðileg afoxun málmgrýtis eða afoxun með rafgreiningu, varmafræðilegt niðurbrot efna og myndun efna til að nota sem vörur eða hráefni,

31) „staðlað eldsneyti á markaði“: alþjóðlega staðlað markaðseldsneyti sem sýnir 95% öryggisbil og fer ekki meira en 1% yfir tilgreint brennslugildi þess, þ.m.t. gasolía, létt brennsluolía, bensín, lampaolía, steinolía, etan, própan, bútan, steinolía fyrir þotur (Jet A1 eða Jet A), þotubensín (Jet B) og flugvélabensín (AvGas),

([6]) Stjtíð. ESB L 135, 30.4.2004, bls. 1.

32) „lota": magn þess eldsneytis eða efnis sem sýni eru tekin úr og sem er flutt í einu lagi eða jafnt og þétt á tilteknu tímabili,

33) „blandað eldsneyti": eldsneyti sem inniheldur bæði lífmassa og jarðefnakolefni,

34) „blandað efni": efni sem inniheldur bæði lífmassa og jarðefnakolefni,

35) „bráðabirgðalosunarstuðull" er áætlaður heildarlosunarstuðull blandaðs eldsneytis eða efnis á grundvelli heildarkolefnisinnihalds sem samanstendur af lífmassahluta og jarðefnahluta áður en hann er margfaldaður með jarðefnahlutanum til að fá út losunarstuðulinn,

36) „jarðefnahluti": hlutfall jarðefnakolefnis á móti heildarkolefnisinnihaldi eldsneytis eða efnis, gefið upp sem brot,

37) „lífmassahluti": hlutfall kolefnis sem upprunnið er úr lífmassa á móti heildarkolefnisinnihaldi eldsneytis eða efnis, gefið upp sem brot,

38) „orkujöfnuðaraðferð": aðferð til að meta magn orku sem knýr tiltekinn ketil, reiknað sem summa nýtanlegs varma og alls viðeigandi orkutaps vegna geislunar, flutnings og útblásturs,

39) „samfelld mæling á losun": röð aðgerða til að ákvarða gildi stærðar með reglubundnum mælingum, sem fela annaðhvort í sér mælingar í reykháfnum eða með útdrætti með mælitæki, sem staðsett er nálægt reykháfnum; slíkt felur ekki í sér mæliaðferðir sem byggjast á söfnun einstakra sýna úr reykháfnum,

40) „innifalinn koltvísýringur": koltvísýringur sem er hluti eldsneytis,

41) „jarðefnakolefni": ólífrænt og lífrænt kolefni sem er ekki lífmassi,

42) „mælipunktur": upptök losunar þar sem losun er mæld með kerfi fyrir samfellda mælingu losunar (CEMS) eða þversnið leiðslukerfis þar sem flæði koltvísýrings er ákvarðað með kerfum fyrir samfellda mælingu,

43) „massa- og jafnvægisskrá": skrár sem eru tilgreindar í alþjóðlegri eða landsbundinni framkvæmd á stöðlum og ráðlögðum starfsvenjum (e. *Standards and Recommended Practices* (SARPs)) sem mælt er fyrir um í 6. viðauka við samþykktina um alþjóðaflugmál, sem undirrituð var í Chicago 7. desember 1944, og sem eru tilgreindar í J-kafla í III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91([7]) eða í jafngildum gildandi alþjóðareglur,

44) „vegalengd": stórbaugsbogi milli brottfararflugvallar og komuflugvallar, auk 95 km fasts viðbótarstuðuls,

45) „brottfararflugvöllur": flugvöllur þar sem flugferð, sem telst vera flugstarfsemi sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB, hefst,

46) „komuflugvöllur": flugvöllur þar sem flugferð, sem telst vera flugstarfsemi sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB, endar,

47) „farmþungi": heildarmassi vöru, pósts, farþega og farangurs um borð í loftfari meðan á flugi stendur,

48) „dreifð losun": óregluleg eða óviljandi losun frá upptökum sem ekki eru staðbundin eða eru of ólík eða of smá til að hægt sé að vakta þau hvert fyrir sig,

49) „flugvallarpar": par sem samanstendur af brottfararflugvelli og komuflugvelli,

50) „staðalaðstæður": aðstæður, þar sem hitastigið er 273,15 K og loftþrýstingurinn 101 325 Pa, en við þær aðstæður er normalrúmmetri (Nm^3) skilgreindur,

51) „föngun koltvísýrings": föngun koltvísýrings úr gasstreymi, sem annars væri losaður, í þeim tilgangi að flytja hann og geyma í jörðu á geymslusvæði sem hefur fengið til þess leyfi samkvæmt tilskipun 2009/31/EB,

52) „flutningur koltvísýrings": flutningur koltvísýrings um leiðslur til geymslu í jörðu á geymslusvæði sem hefur fengið til þess leyfi samkvæmt tilskipun 2009/31/EB,

53) „loftuð losun": losun sem sleppt er vísvitandi frá stöðinni á skilgreindum losunarpunkti,

54) „aukin endurheimt vetniskolefna": kolefni sem endurheimtist umfram það sem er dregið út með vatnsinndælingu eða með öðrum aðferðum,

55) „óbein gögn (e. *proxy data*)": ársgildi, sem rökstudd eru með athugunum eða unnin úr viðurkenndum heimildum, sem rekstraraðili notar til að skipta út gögnum um starfsemi eða reiknistuðlum í þeim tilgangi að tryggja heilleika skýrslugjafar þegar ekki er unnt að fá öll gögn um starfsemi eða reiknistuðla sem krafist er í viðkomandi vöktunaraðferð,

([7]) Stjtíð. EB L 373, 31.12.1991, bls. 4.

Auk þess skulu skilgreiningar á „flugi“ og „flugvelli“ sem mælt er fyrir um í viðaukanum við ákvörðun 2009/450/EB og skilgreiningar sem mælt er fyrir um í 1., 2., 3., 5., 6. og 22. lið 3. gr. tilskipunar 2009/31/EB gilda að því er varðar þessa reglugerð.

2. ÞÁTTUR

Almennar meginreglur

4. gr.

Almennar skyldur

Rekstraraðilar og umráðendur loftfara skulu uppfylla skyldur sínar í tengslum við vöktun og skýrslugjöf vegna losunar gróðurhúsalofttegunda samkvæmt tilskipun 2003/87/EB í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í 5. til 9. gr.

5. gr.

Heilleiki

Vöktun og skýrslugjöf skal vera fullgerð og taka til allrar losunar við vinnslu og brennslu frá öllum upptökum losunar og efnisstraumum, sem tengjast starfsemi sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB og annarri viðeigandi starfsemi sem er talin með skv. 24. gr. tilskipunarinnar, og allra þeirra gróðurhúsalofttegunda sem tilgreindar eru í tengslum við þessa starfsemi, án þess þó að tvítelja.

Rekstraraðilar og umráðendur loftfara skulu beita viðeigandi ráðstöfunum til að koma í veg fyrir eyður í gögnum á skýrslutímabilinu.

6. gr.

Samræmi, samanburðarhæfi og gagnsæi

1. Vöktun og skýrslugjöf skal vera samræmd og samanburðarhæf yfir tíma. Í þeim tilgangi skulu rekstraraðilar og umráðendur loftfara nota sömu vöktunaraðferðir og gagnasöfn með fyrirvara um breytingar og undanþágur sem lögbært yfirvald samþykkir.

2. Rekstraraðilar og umráðendur loftfara skulu afla, skrá, taka saman, greina og skjalfesta vöktunargögn, þ.m.t. forsendur, viðmið, gögn um starfsemi, losunarstuðla, oxunarstuðla og breytistuðla á gagnsæjan hátt sem gerir sannprófanda og lögbæru yfirvaldi kleift að endurtaka ákvörðun losunar.

7. gr.

Nákvæmni

Rekstraraðilar og umráðendur loftfara skulu tryggja að ákvörðun losunar sé hvorki kerfisbundið né vísvitandi ónákvæm.

Þeir skulu greina og draga úr upptökum ónákvæmni eins og unnt er.

Þeir skulu beita tilhlýðilegri kostgæfni til að tryggja að útreikningar og mælingar á losun séu eins nákvæm og auðið er.

8. gr.

Heildstæði aðferðar

Rekstraraðilinn eða umráðandi loftfars skal sjá til þess að viðunandi vissa sé um heildstæði tilkynntra losunargagna. Þeir skulu ákvarða losun með viðeigandi vöktunaraðferðum sem settar eru fram í þessari reglugerð.

Tilkynnt gögn um losun og tengdar greinargerðir skulu ekki innihalda neinar verulegar rangfærslur, vera án skekkja í vali og framsetningu upplýsinga og gefa trúverðuga og jafna mynd af losun stöðvar eða umráðanda loftfars.

Við val á vöktunaraðferð skal vega og meta umbætur sem fást vegna meiri nákvæmni með hliðsjón af viðbótarkostnaði. Vöktun og skýrslugjöf að því er varðar losun skal miða að sem mestri nákvæmni nema það sé ekki tæknilega framkvæmanlegt eða hefur í för með sér óhóflegan kostnað.

9. gr.

Samfelldar úrbætur

Rekstraraðilar og umráðendur loftfara skulu hafa hliðsjón af tilmælum í sannprófunarskýrslum sem birtar eru skv. 15. gr. tilskipunar 2003/87/EB í síðari vöktun og skýrslugjöf.

10. gr.

Samræming

Þegar aðildarríki tilnefnir fleiri en eitt lögbært yfirvald skv. 18. gr. tilskipunar 2003/87/EB skal það samræma verk sem þessum yfirvöldum eru falin samkvæmt reglugerðinni.

II. KAFLI

VÖKTUNARÁÆTLUN

1. ÞÁTTUR

Almennar reglur

11. gr.

Almennar skyldur

1. Hver rekstraraðili eða umráðandi loftfars skal vakta losun gróðurhúsalofttegunda á grundvelli vöktunaráætlunar sem lögbært yfirvald hefur samþykkt í samræmi við 12. gr., með tilliti til eðlis og reksturs stöðvarinnar eða flugstarfseminnar sem hún á við um.

Vöktunaráætluninni skulu fylgja skriflegar verklagsreglur sem rekstraraðilinn eða umráðandi loftfars setur, skráir, framkvæmir og viðheldur fyrir starfsemi sem fellur undir vöktunaráætlunina, eins og við á.

2. Í vöktunaráætluninni, sem um getur í 1. mgr., skulu vera skýrar og rökréttar leiðbeiningar fyrir rekstraraðilann eða umráðanda loftfars og skal koma í veg fyrir tvíverknað og taka tillit til kerfanna sem fyrir eru í stöðinni eða eru í notkun hjá rekstraraðilanum eða umráðanda loftfars.

12. gr.

Efni og framlagning vöktunaráætlunarinnar

1. Rekstraraðili eða umráðandi loftfars skal leggja fram vöktunaráætlun hjá lögbæru yfirvaldi til samþykktar.

Í vöktunaráætluninni skulu vera nákvæm, tæmandi og gagnsæ gögn um vöktunaraðferðina hjá tiltekinni stöð eða umráðanda loftfars og í henni skulu koma fram a.m.k. þeir þættir sem mælt er fyrir um í I. viðauka.

Ásamt vöktunaráætluninni skal rekstraraðilinn eða umráðandi loftfars leggja fram öll eftirtalin fylgiskjöl:

a) gögn fyrir hvern efnisstraum og upptök losunar sem sýna fram á að viðmiðunarmörk fyrir óvissu í gögnum um starfsemi og reiknistuðlum, eftir atvikum, séu virt fyrir aðferðarþrepin, sem notuð eru, eins og skilgreint er í II. og III. viðauka,

b) niðurstöður áhættumats til sönnunar á því að fyrirhuguð eftirlitsstarfsemi og verklagsreglur fyrir eftirlitsstarfsemina séu í réttu samræmi við greinda eðlislæga áhættu og eftirlitsáhættu.

2. Þar sem í I. viðauka er vísað í aðferð skal rekstraraðili eða umráðandi loftfars koma á, skjalfesta, framkvæma og viðhalda slíkri aðferð aðskilinni frá vöktunaráætluninni.

Rekstraraðilinn eða umráðandi loftfars skal taka saman aðferðirnar í vöktunaráætluninni og leggja fram eftirfarandi upplýsingar:

a) fyrirsögn aðferðarinnar,

b) rekjanlega og sannprófanlega tilvísun til að auðkenna aðferðina,

c) auðkenningu starfsstöðvar eða deildar sem ábyrg er fyrir framkvæmd aðferðarinnar og fyrir gögnum sem verða til með aðferðinni eða er stjórnað með henni,

d) stutt lýsing á aðferðinni til að rekstraraðilinn eða umráðandi loftfars, lögbært yfirvald og sannprófandi geti skilið helstu mæliþætti og aðgerðir sem framkvæmdar eru,

e) staðsetning viðeigandi skráa og upplýsinga,

f) heiti tölvukerfis sem notað er, þar sem við á,

g) skrá yfir EN-staðla eða aðra staðla sem notaðir eru, þar sem við á.

Rekstraraðilinn eða umráðandi loftfars skal hafa skrifleg gögn um aðferðirnar tiltæk lögbæru yfirvaldi að beiðni þeirra. Þeir skulu einnig hafa þau tiltæk til sannprófunar samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 600/2012([8]).

3. Auk þeirra þátta sem vísað er til í 1. og 2. mgr. þessarar greinar geta aðildarríki farið fram á að stöðvar hafi fleiri þætti í vöktunaráætlun sinni til að uppfylla kröfur 1. mgr. 24. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2011/278/ESB frá 27. apríl 2011 um umbreytingarreglur á vettvangi Sambandsins um samræmda úthlutun losunarheimilda án endurgjalds skv. 10. gr. a í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB ([9]), þ.m.t. samantekt um aðferðina sem tryggir eftirfarandi:

a) rekstraraðilinn athugar reglulega hvort upplýsingar um fyrirhugaðar eða áorðnar breytingar á afkastagetu, umfangi starfsemi og rekstri stöðvar skipta máli samkvæmt ákvörðuninni,

b) rekstraraðilinn veitir lögbæru yfirvaldi upplýsingarnar sem um getur í a-lið eigi síðar en 31. desember ár hvert.

13. gr.

Staðlaðar og einfaldaðar vöktunaráætlanir

1. Aðildarríkin geta heimilað rekstraraðilum og umráðendum loftfara að nota staðlaðar eða einfaldaðar vöktunaráætlanir, sbr. þó 3. mgr. 12. gr.

Í þeim tilgangi geta aðildarríkin birt sniðmát fyrir þessar vöktunaráætlanir með lýsingu á gagnaflæði og eftirlitsaðferðum, sem um getur í 57. og 58. gr, sem byggjast á sniðmátum og leiðbeiningum frá framkvæmdastjórninni.

2. Áður en einfölduð vöktunaráætlun, sem um getur í 1. mgr., er samþykkt skal lögbært yfirvald láta fara fram einfaldað áhættumat með tilliti til þess hvort fyrirhuguð eftirlitsstarfsemi og aðferðir við eftirlitsstarfsemi samsvari eðlislægri áhættu og eftirlitsáhættu, sem greind hefur verið, og rökstyðja notkun slíkrar einfaldaðrar vöktunaráætlunar.

([8]) Stjtíð. ESB L 181, 12.7.2012, bls. 1.
([9]) Stjtíð. ESB L 130, 17.5.2011, bls. 1.

Aðildarríki geta farið fram á að rekstraraðili eða umráðandi loftfars láti fara fram áhættumat samkvæmt fyrri undirgrein, eftir því sem við á.

14. gr.

Breytingar á vöktunaráætluninni

1. Hver rekstraraðili eða umráðandi loftfars skal hafa reglulegt eftirlit með því hvort vöktunaráætlunin endurspegli eðli og rekstur stöðvarinnar eða flugstarfseminnar í samræmi við 7. gr. tilskipunar 2003/87/EB og hvort hægt sé að bæta vöktunaraðferðina.

2. Rekstraraðilinn eða umráðandi loftfars skal breyta vöktunaráætluninni við einhverjar af eftirfarandi aðstæðum:

a) ný losun verður vegna nýrrar starfsemi eða vegna notkunar nýrra eldsneytistegunda eða efna sem enn er ekki að finna í vöktunaráætluninni,

b) breytingar á tiltækileika gagna vegna notkunar nýrra gerða mælitækja, nýrra sýnatöku- eða greiningaraðferða, eða af öðrum ástæðum, leiða til meiri nákvæmni við ákvörðun á losun,

c) gögn sem fengin eru með fyrri vöktunaraðferðum reynast röng,

d) breytingar á vöktunaráætluninni auka nákvæmni skýrslugagna, nema það sé tæknilega ómögulegt eða hafi í för með sér óhóflegan kostnað,

e) vöktunaráætlunin er ekki í samræmi við kröfurnar í þessari reglugerð og lögbært yfirvald fer þess á leit að rekstraraðilinn eða umráðandi loftfars breyti henni,

f) nauðsynlegt er að bregðast við tillögum til úrbóta á vöktunaráætluninni sem er að finna í sannprófunarskýrslu.

15. gr.

Samþykkt breytinga á vöktunaráætluninni

1. Rekstraraðilinn eða umráðandi loftfars skal tilkynna lögbæru yfirvaldi um tillögur að breytingum á vöktunaráætluninni án ástæðulausrar tafar.

Lögbært yfirvald getur hins vegar heimilað rekstraraðilanum eða umráðanda loftfars að tilkynna fyrir 31. desember sama árs um breytingar á vöktunaráætluninni sem ekki eru mikilvægar í skilningi 3. mgr.

2. Allar mikilvægar breytingar á vöktunaráætluninni í skilningi 3. og 4. mgr. skulu vera háðar samþykki lögbærs yfirvalds.

Þegar lögbært yfirvald telur að breytingin sé ekki mikilvæg skal það upplýsa rekstraraðilann eða umráðanda loftfars um það án ástæðulausrar tafar.

3. Mikilvægar breytingar á vöktunaráætlun stöðvar skulu vera meðal annars:

a) breytingar á flokkun stöðvarinnar,

b) þrátt fyrir 8. mgr. 47. gr.: breytingar er varða það hvort stöðin telst stöð með litla losun,

c) breytingar á upptökum losunar,

d) breyting úr reiknimiðaðri aðferð í mælimiðaða aðferð, eða öfugt, til ákvörðunar á losun,

e) breyting á aðferðarþrepi sem beitt er,

f) innleiðing nýrra efnisstrauma,

g) breyting á flokkun efnisstrauma — á milli meiri háttar, óverulegum eða minni háttar efnisstrauma,

h) breyting á sjálfgildi fyrir reiknistuðul, þar sem mæla á fyrir um gildið í vöktunaráætluninni,

i) innleiðing nýrra aðferða í tengslum við sýnatöku, greiningu eða kvörðun, þar sem breytingar á þessum aðferðum hefur bein áhrif á áreiðanleika gagna um losun,

j) framkvæmd eða aðlögun aðferðar til magnákvörðunar fyrir losun frá leka á geymslusvæðum.

4. Mikilvægar breytingar á vöktunaráætlunum umráðanda loftfars skulu vera meðal annars:

a) að því er varðar vöktunaráætlun um losun:

   i. breyting á aðferðarþrepum í tengslum við eldsneytisnotkun,

   ii. breyting á gildum losunarstuðuls sem mælt er fyrir um í vöktunaráætluninni,

iii. breyting á milli aðferða við útreikning eins og mælt er fyrir um í III. viðauka,

iv. innleiðing nýrra efnisstrauma,

v. breyting á flokkun efnisstrauma þar sem óverulegur efnisstraumur breytist í meiri háttar efnisstraum,

vi. breytingar á stöðu umráðanda loftfars sem smálosandi í skilningi 1. mgr. 54. gr.,

b) að því er varðar vöktunaráætlun fyrir gögn um tonnkílómetra:

i. breyting flutningaþjónustunnar í lofti á milli þess að vera ekki í atvinnuskyni og að vera í atvinnuskyni,

ii. breyting á tilgangi flutningaþjónustunnar í lofti, þar sem tilgangurinn er farþega-, frakt- eða póstflutningar.

16. gr.

Framkvæmd og skráning breytinga

1. Áður en samþykkt eða upplýsingar berast í samræmi við 2. mgr. 15. gr. má rekstraraðilinn eða umráðandi loftfars láta fara fram vöktun og skýrslugjöf með breyttri vöktunaráætlun ef þeir geta með raunhæfum hætti gert ráð fyrir að fyrirhugaðar breytingar séu óverulegar eða ef vöktun í samræmi við upphaflega vöktunaráætlun myndi leiða til ófullnægjandi gagna um losun.

Í vafatilvikum skal rekstraraðilinn eða umráðandi loftfars annast alla vöktun og skýrslugjöf samhliða, og í bráðabirgðagögnum, bæði samkvæmt breyttri og upphaflegri vöktunaráætlun.

2. Við móttöku samþykkis eða upplýsinga í samræmi við 2. mgr. 15. gr. skal rekstraraðilinn eða umráðandi loftfars aðeins nota gögnin er varða breyttu vöktunaráætlunina og láta alla vöktun og skýrslugjöf eingöngu fara fram samkvæmt breyttri vöktunaráætlun.

3. Rekstraraðilinn eða umráðandi loftfars skal halda skrár yfir allar breytingar á vöktunaráætluninni. Í hverri skrá skal tilgreina eftirfarandi:

a) gagnsæja lýsingu á breytingunni,

b) rökstuðning fyrir breytingunni,

c) dagsetningu tilkynningarinnar um breytinguna til lögbærs yfirvalds,

d) dagsetningu staðfestingar lögbærs yfirvalds á móttöku tilkynningarinnar sem um getur í 1. mgr. 15. gr , þar sem hún er tiltæk, og dagsetningu samþykktar eða upplýsinganna sem um getur í 2. mgr. 15. gr.,

e) dagsetningu upphafs framkvæmdar breyttu vöktunaráætlunarinnar í samræmi við 2. mgr. þessarar greinar.

2. ÞÁTTUR

Tæknilegur gerleiki og óhóflegur kostnaður

17. gr.

Tæknilegur gerleiki

Ef rekstraraðili eða umráðandi loftfars fullyrðir að beiting tiltekinnar vöktunaraðferðar sé tæknilega ekki gerleg skal lögbært yfirvald meta tæknilegan gerleika með tilliti til rökstuðnings rekstraraðilans eða umráðanda loftfars. Rökstuðningur þessi skal byggjast á því að rekstraraðilinn eða umráðandi loftfars hafi tæknilega getu til að ráða við fyrirhugað kerfi eða kröfur sem hægt er að framkvæma innan þess tíma sem krafist er að því er varðar þessa reglugerð. Þessi tæknilega geta skal fela í sér aðgengi að nauðsynlegri tækni og tækniþekkingu.

18. gr.

Óhóflegur kostnaður

1. Ef rekstraraðili eða umráðandi loftfars fullyrðir að beiting tiltekinnar vöktunaraðferðar stofni til óhóflegs kostnaðar skal lögbært yfirvald meta það hvort kostnaðurinn sé óhóflegur, með tilliti til rökstuðnings rekstraraðilans.

Lögbært yfirvald skal telja kostnað óhóflegan ef áætlaður kostnaður er meiri en ávinningurinn. Í því skyni skal reikna út ávinning með því að margfalda úrbótastuðulinn með 20 evru viðmiðunarverði á hverja losunarheimild og kostnaður skal fela í sér viðeigandi afskriftartíma á grundvelli efnahagslegs endingartíma búnaðarins.

2. Við mat á því hvort kostnaðurinn sé óhóflegur með tilliti til vals á aðferðarþrepi fyrir gögn um starfsemi skal lögbært yfirvald nota sem úrbótastuðulinn, sem um getur í 1. mgr., mismuninn milli núverandi óvissu og óvissumarka aðferðarþrepsins sem myndi nást með úrbótunum, margfaldað með meðaltali árlegrar losunar þriggja síðustu ára frá þeim efnisstraumi.

Þar sem meðaltal árlegrar losunar síðustu þriggja ára frá þeim efnisstraumi liggur ekki fyrir skal rekstraraðilinn eða umráðandi loftfars leggja fram varfærnislegt mat á meðaltali árlegrar losunar, að frátöldum koltvísýringi frá lífmassa og áður en fluttur koltvísýringur er dreginn frá. Að því er varðar mælitæki, sem falla undir lögmælifræðilegt eftirlit í aðildarríki, má skipta út núverandi óvissu fyrir heimilað hámarksfrávik við notkun sem leyfilegt er samkvæmt viðeigandi landslöggjöf.

3. Þegar lögbært yfirvald metur það hvort kostnaður sé óhóflegur með tilliti til ráðstafana til að auka gæði losunarskýrslna en án beinna áhrifa á nákvæmni gagna um starfsemi skal yfirvaldið nota 1% úrbótastuðul fyrir meðaltal árlegrar losunar viðkomandi efnisstrauma síðustu þrjú skýrslutímabil. Þessar ráðstafanir geta falið í sér:

a) upptöku greininga í stað sjálfgilda til ákvörðunar á reiknistuðlum,

b) aukinn fjölda greininga fyrir hvern efnisstraum,

c) ef sértæka mælingaverkefnið fellur ekki undir lögmælifræðilegt eftirlit í hverju ríki fyrir sig: að mælitækjum sé skipt út fyrir tæki, sem eru í samræmi við viðeigandi kröfur lögmælifræðilegs eftirlits í aðildarríkinu við svipaða notkun, eða fyrir mælitæki sem standast landsreglur sem eru samþykktar samkvæmt tilskipun 2004/22/EB eða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/23/EB ([10]),

d) styttingu millibil kvörðunar og viðhalds fyrir mælitæki,

e) úrbætur á starfsemi í tengslum við gagnaflæði og eftirlitsstarfsemi til að draga umtalsvert úr eðlislægri áhættu eða eftirlitsáhættu.

4. Ráðstafanir í tengslum við úrbætur á vöktunaraðferð stöðvar í samræmi við 69. gr. skulu ekki teljast stofna til óhóflegs kostnaðar allt að samanlagðri upphæð sem nemur 2 000 evrum fyrir hvert skýrslutímabil. Fyrir stöðvar með litla losun skulu þessi viðmiðunarmörk vera 500 evrur fyrir hvert skýrslutímabil.

III. KAFLI

VÖKTUN LOSUNAR FRÁ STAÐBUNDNUM STÖÐVUM

1. ÞÁTTUR

Almenn ákvæði

19. gr.

Flokkun stöðva og efnisstrauma

1. Hver rekstraraðili skal ákvarða flokk stöðvar sinnar skv. 2. mgr. og, þar sem við á, hvers efnisstraums skv. 3. mgr. í þeim tilgangi að vakta losun og ákvarða lágmarkskröfur um aðferðarþrep.

2. Rekstraraðilinn skal flokka hverja stöð í einn eftirfarandi flokka:

a) í flokk A ef meðaltal sannprófaðrar árlegrar losunar fyrir viðskiptatímabilið næst á undan núgildandi viðskiptatímabili jafngildir eða er undir 50 000 tonnum af jafngildiseiningum koltvísýrings, að frátöldum koltvísýringi frá lífmassa og áður en dreginn er frá fluttur koltvísýringur,

b) í flokk B ef meðaltal staðfestrar árlegrar losunar fyrir viðskiptatímabilið næst á undan núgildandi viðskiptatímabili er yfir 50 000 tonnum af jafngildiseiningum koltvísýrings og jafngildir eða er undir 500 000 tonnum af jafngildiseiningum koltvísýrings, að frátöldum koltvísýringi frá lífmassa og áður en dreginn er frá fluttur koltvísýringur,

c) í flokk C ef meðaltal sannprófaðrar árlegrar losunar fyrir viðskiptatímabilið næst á undan núgildandi viðskiptatímabili er yfir 500 000 tonnum af jafngildiseiningum koltvísýrings, að frátöldum koltvísýringi frá lífmassa og áður en dreginn er frá fluttur koltvísýringur,

3. Rekstraraðilinn skal flokka hvern efnisstraum með því að bera efnisstrauminn saman við samtölu allra algilda fyrir koltvísýring úr jarðefnaeldsneyti og jafngildiseiningar koltvísýrings úr jarðefnaeldsneyti sem svarar til allra efnisstrauma í reiknimiðuðum aðferðum og allrar losunar frá upptökum losunar sem vöktuð eru með mælimiðuðum aðferðum, áður en fluttur koltvísýringur er dreginn frá, í einn eftirfarandi flokka:

a) óverulegir efnisstraumar: ef efnisstraumar sem rekstraraðilinn velur eru samtals undir 5 000 tonnum af koltvísýringi úr jarðefnaeldsneyti á ári eða undir 10%, þó ekki samtals yfir 100 000 tonnum af koltvísýringi úr jarðefnaeldsneyti á ári, eftir því hvort hefur hærra algildi,

b) minniháttar efnisstraumar: ef efnisstraumar sem rekstraraðilinn velur eru samtals undir 1 000 tonnum af koltvísýringi úr jarðefnaeldsneyti á ári eða undir 2%, þó ekki samtals yfir 20 000 tonnum af koltvísýringi úr jarðefnaeldsneyti á ári, eftir því hvort hefur hærra algildi,

c) meiriháttar efnisstraumar: þar sem efnisstraumar falla ekki í neinn flokk sem um getur í a- og b-lið.

4. Ef meðaltal sannprófaðrar árlegrar losunar fyrir stöðina á viðskiptatímabili næst á undan gildandi viðskiptatímabili er ekki tiltækt eða ónákvæmt skal rekstraraðilinn nota varfærnislegt mat á árlegri meðallosun, að undanskildum koltvísýringi frá lífmassa og áður en dreginn er frá fluttur koltvísýringur, til að ákvarða flokk stöðvarinnar.

([10]) Stjtíð. ESB L 122, 16.5.2009, bls. 6.

20. gr.

Mörk vöktunar

1. Rekstraraðili skal skilgreina mörk vöktunar fyrir hverja stöð.

Innan þeirra marka skal rekstraraðilinn taka með alla losun gróðurhúsalofttegunda frá öllum upptökum losunar og/eða efnisstraumum sem tengist starfsemi, sem fer fram í stöðinni og tilgreind er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB, ásamt starfsemi og gróðurhúsalofttegundum sem aðildarríki tilgreinir skv. 24. gr. tilskipunar 2003/87/EB.

Rekstraraðilinn skal einnig taka með losun frá eðlilegri starfsemi og óeðlilegum atvikum, þ.m.t. ræsing og stöðvun og neyðartilvik á skýrslutímabilinu, að undanskilinni losun frá færanlegum vélum sem notaðar eru við flutninga.

2. Við skilgreiningu á vöktunar- og skýrslugjafarferlisins skal rekstraraðilinn taka með sértækar kröfur fyrir geirann sem mælt er fyrir um í IV. viðauka.

3. Þegar leki frá geymslusamstæðu samkvæmt tilskipun 2009/31/EB er greindur og leiðir til losunar eða sleppingar koltvísýrings í vatnssúluna skal líta á hann sem upptök losunar fyrir viðkomandi stöð og vakta hann í samræmi við 23. lið IV. viðauka við þessa reglugerð.

Lögbært yfirvald getur heimilað að upptök losunar frá leka séu undanskilin frá vöktunar- og skýrslugjafarferlinu þegar gripið hefur verið til ráðstafana til úrbóta skv. 16. gr. tilskipunar 2009/31/EB og losun eða slepping í vatnssúluna vegna lekans er hætt að mælast.

21. gr.

Val á vöktunaraðferð

1. Við vöktun losunar frá stöð skal rekstraraðilinn velja að beita annaðhvort reiknimiðaðri aðferð eða mælimiðaðri aðferð, með fyrirvara um sértæk ákvæði þessarar reglugerðar.

Reiknimiðuð aðferð skal fela í sér ákvörðun losunar frá efnisstraumum á grundvelli gagna um starfsemi sem aflað er með mælikerfum og viðbótarmæliþáttum frá greiningu á rannsóknarstofu eða sjálfgildum. Reiknimiðuðu aðferðina er hægt að framkvæma með staðlaðri aðferð sem sett er fram í 24. gr. eða massajöfnuðaraðferð sem sett er fram í 25. gr.

Reiknimiðuð aðferð skal fela í sér ákvörðun losunar frá upptökum losunar með samfelldri mælingu á styrk viðkomandi gróðurhúsalofttegundar í útblæstri og á útblástursstreyminu, þ.m.t. vöktun á flutningum koltvísýrings milli stöðva þar sem styrkur koltvísýrings og streymi fluttra lofttegunda er mælt.

Þegar reiknimiðaðri aðferð er beitt skal rekstraraðilinn skilgreina fyrir hvern efnisstraum í vöktunaráætluninni hvort notuð er stöðluð aðferð eða massajöfnuðaraðferð, þ.m.t. viðkomandi aðferðarþrep í samræmi við II. viðauka.

2. Rekstraraðili getur sameinað, með fyrirvara um samþykki lögbærs yfirvalds, staðlaða aðferð, massajöfnuðaraðferð og reiknimiðaða aðferð fyrir mismunandi upptök losunar og efnisstrauma í einni stöð, að því tilskildu að það verði hvorki eyður né tvítalning varðandi losun.

3. Ef rekstraraðilinn velur ekki reiknimiðaða aðferð skal hann velja aðferðina, sem krafist er í viðkomandi lið IV. viðauka, nema hann leggi fyrir lögbært yfirvald gögn þess efnis að notkun slíkrar aðferðar sé ekki tæknilega gerleg eða hafi í för með sér óhóflegan kostnað eða að önnur aðferð leiði af sér nákvæmari gögn um losun á heildina litið.

22. gr.

Vöktunaraðferð sem ekki byggir á aðferðarþrepum

Þrátt fyrir 1. mgr. 21. gr., getur rekstraraðilinn notað vöktunaraðferð sem ekki byggist á aðferðarþrepum (hér á eftir nefnd „varaaðferð“) fyrir valda efnisstrauma eða upptök losunar, að því tilskildu að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) beiting a.m.k. 1. aðferðarþreps samkvæmt reiknimiðuðu aðferðinni fyrir einn eða fleiri meiri háttar efnisstrauma eða óverulega efnisstrauma ásamt mælimiðuðu aðferðinni fyrir minnst ein upptök losunar sem tengjast sama efnisstraumi er tæknilega ógerleg eða myndi stofna til óhóflegs kostnaðar,

b) rekstraraðilinn metur og magngreinir ár hvert óvissu allra mæliþátta, sem notaðir eru til að ákvarða árlega losun í samræmi við ISO-staðalinn „Guide to the Expression of Uncertainty in Measurement“ (JCGM 100:2008) eða annan, jafngildan alþjóðlega viðurkenndan staðal, og lætur niðurstöðurnar fylgja með í skýrslunni um árlega losun,

c) rekstraraðilinn sýnir með fullnægjandi hætti, að mati lögbærs yfirvalds, fram á að með því nota slíka varaaðferð við vöktun fari heildaróvissumörkin fyrir árlegt magn losunar gróðurhúsalofttegunda fyrir stöðina í heild sinni ekki umfram 7,5% fyrir stöðvar í flokki A, 5,0% fyrir stöðvar í flokki B og 2,5% fyrir stöðvar í flokki C.

23. gr.

Tímabundnar breytingar á vöktunaraðferð

1. Ef af tæknilegum ástæðum er tímabundið ekki hægt að beita aðferðarþrepinu í vöktunaráætluninni að því er varðar gögn um starfsemi eða hvern reiknistuðul fyrir eldsneyti eða efnisstraum, eins og lögbært yfirvald hefur samþykkt, skal viðkomandi rekstraraðili beita hæsta aðferðarþrepinu, sem unnt er að ná, þar til skilyrðum fyrir beitingu aðferðarþrepsins, sem var samþykkt í vöktunaráætluninni, hefur verið komið aftur á.

Rekstraraðilinn skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að aðferðarþrepinu í vöktunaráætluninni sem lögbært yfirvald hefur samþykkt verði komið aftur á sem fyrst.

2. Viðkomandi rekstraraðili skal tilkynna lögbæru yfirvaldi án ástæðulausrar tafar um tímabundnu breytinguna á vöktunaraðferðinni sem um getur í 1. mgr. og tilgreina:

a) ástæður fyrir frávikinu frá aðferðarþrepinu,

b) nákvæmlega vöktunaraðferðina til bráðabirgða sem rekstraraðilinn notar til að ákvarða losun þar til skilyrðum fyrir beitingu aðferðarþrepsins í vöktunaráætluninni hefur verið komið aftur á,

c) ráðstafanir rekstraraðilans til að koma aftur á skilyrðum fyrir beitingu aðferðarþrepsins í vöktunaráætluninni sem lögbært yfirvald hefur samþykkt,

d) væntanlega tímasetningu þegar beitingu aðferðarþrepsins, sem lögbært yfirvald hefur samþykkt, hefst aftur.

2. ÞÁTTUR

Reiknimiðuð aðferð

1. undirþáttur

Almennt

24. gr.

Útreikningur losunar með staðalaðferðinni

1. Samkvæmt staðalaðferðinni skal rekstraraðilinn reikna út losun við bruna fyrir hvern efnisstraum með því að margfalda gögn um starfsemi í tengslum við magn eldsneytis sem er brennt, gefið upp sem terajúl á grundvelli nettóvarmagildis, með samsvarandi losunarstuðli, gefinn upp sem tonn af koltvísýringi á hvert terajúl (t CO_2/TJ), í samræmi við notkun nettóvarmagildis og með samsvarandi oxunarstuðli.

Lögbært yfirvald getur heimilað notkun losunarstuðla fyrir eldsneyti, gefnir upp sem t CO_2/t eða t CO_2/Nm^3. Í því tilviki skal rekstraraðilinn ákvarða losun við bruna með því að margfalda gögn um starfsemi í tengslum við magn eldsneytis sem brennt er, gefið upp sem tonn eða normalrúmmetrar, með samsvarandi losunarstuðli og samsvarandi oxunarstuðli.

2. Rekstraraðilinn skal ákvarða losun við vinnslu fyrir hvern efnisstraum með því að margfalda gögn um starfsemi í tengslum við efnisnotkun, gegnumstreymi eða framleiðsluafköst, gefin upp sem tonn eða normalrúmmetrar, með samsvarandi losunarstuðli, gefinn upp sem t CO_2/t eða t CO_2/Nm^3, og samsvarandi breytistuðli.

3. Þar sem losunarstuðull 1. aðferðarþreps eða 2. aðferðarþreps felur þegar í sér áhrif ófullkominna efnahvarfa skal oxunarstuðullinn eða breytistuðullinn vera 1.

25. gr.

Útreikningur á losun með massajöfnuðaraðferð

1. Rekstraraðilinn skal nota massajöfnuðaraðferð til að reikna út magn koltvísýrings fyrir hvern efnisstraum í massajöfnuðinum, með því að margfalda gögn um starfsemi í tengslum við magn efnis, sem fer inn eða út fyrir mörk massajöfnuðar, með kolefnisinnihaldi efnisins, margfaldað með 3 664 t CO_2/t C, með því að beita 3. lið II. viðauka.

2. Þrátt fyrir 49. gr. skal losun heildarferlisins, sem fellur undir massajöfnuðinn, vera summa koltvísýringsmagnsins sem samsvarar öllum efnisstraumum sem falla undir massajöfnuðinn. Kolsýring, sem losaður er í andrúmsloftið, skal reikna út í massajöfnuðinum sem losun á móljafngildi koltvísýrings.

26. gr.

Viðeigandi aðferðarþrep

1. Við skilgreiningu á viðkomandi aðferðarþrepi í samræmi við 1. mgr. 21. gr., til að ákvarða gögn um starfsemi og hvern reiknistuðul, skal hver rekstraraðili beita eftirfarandi:

a) að minnsta kosti þeim aðferðarþrepum sem talin eru upp í V. viðauka ef stöðin er í flokki A eða þegar krafist er reiknistuðuls fyrir efnisstraum sem er hefðbundið markaðseldsneyti,

b) í öðrum tilvikum en þeim sem um getur í a-lið: hæsta aðferðarþrepi eins og það er skilgreint í II. viðauka.

Hins vegar getur rekstraraðilinn beitt aðferðarþrepi einu stigi lægra en þess sem krafist er í samræmi við fyrstu undirgrein fyrir stöðvar í flokki C og allt að tveimur stigum neðar fyrir stöðvar í flokki A og B, að lágmarki 1. aðferðarþrepi, ef hann getur með fullnægjandi hætti sýnt lögbæru yfirvaldi fram á að beiting aðferðarþrepsins, sem krafist er samkvæmt fyrstu undirgrein, er tæknilega ógerleg eða myndi stofna til óhóflegs kostnaðar.

Lögbært yfirvald getur, á allt að þriggja ára umbreytingartímabili, heimilað rekstraraðila að beita lægri aðferðarþrepum en þeim sem um getur í annarri undirgrein, að lágmarki 1. aðferðarþrepi, að því tilskildu að báðum eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt:

a) rekstraraðilinn sýnir lögbæru yfirvaldi með fullnægjandi hætti fram á að beiting aðferðarþreps, sem krafist er samkvæmt annarri undirgrein, er tæknilega ógerleg eða stofni til óhóflegs kostnaðar,

b) rekstraraðilinn leggur fram áætlun um úrbætur þar sem tilgreint er a.m.k. hvenær og hvernig því aðferðarþrepi, sem krafist er samkvæmt annarri undirgrein, verði náð.

2. Að því er varðar gögn um starfsemi og hvern reiknistuðul fyrir óverulega efnisstrauma skal rekstraraðilinn beita hæsta aðferðarþrepi sem er tæknilega gerlegt og hefur ekki í för með sér óhóflegan kostnað, að lágmarki 1. aðferðarþrepi.

3. Að því er varðar gögn um starfsemi og hvern reiknistuðul fyrir minni háttar efnisstrauma getur rekstraraðilinn ákvarðað gögn um starfsemi og hvern reiknistuðul með því að nota varfærnislegt mat í stað aðferðarþrepa, nema unnt sé að nota skilgreint aðferðarþrep án viðbótaraðgerða.

4. Að því er varðar oxunarstuðulinn og breytistuðulinn skal rekstraraðilinn að lágmarki beita lægstu aðferðarþrepunum sem tilgreind eru í II. viðauka.

5. Ef lögbært yfirvald hefur heimilað notkun losunarstuðla fyrir eldsneyti, sem gefnir eru upp sem t CO_2/t eða t CO_2/Nm^3, og fyrir eldsneyti, sem notað er sem vinnsluílag eða í massajöfnuði í samræmi við 25. gr., er hægt að vakta nettóvarmagildið með því að nota lægri aðferðarþrep en hæsta aðferðarþrepið eins og það er skilgreint í II. viðauka.

2. undirþáttur

Gögn um starfsemi

27. gr.

Ákvörðun gagna um starfsemi

1. Rekstraraðilinn skal ákvarða gögn um starfsemi fyrir efnisstraum með öðrum af eftirfarandi háttum:

a) á grundvelli samfelldrar mælingar í tengslum við vinnsluna sem veldur losuninni,

b) á grundvelli samantektar á mælingum á magni, sem er afhent sérstaklega, að teknu tilliti til viðkomandi breytinga á birgðum.

2. Að því er varðar b-lið 1. mgr. skal reikna magn eldsneytis eða efnis sem unnið er á skýrslutímabilinu sem magn eldsneytis eða efnis sem keypt er á skýrslutímabilinu, að frádregnu magni eldsneytis eða efnis sem flutt er út af stöðinni, að viðbættu magni eldsneytis eða efnis í birgðum í upphafi skýrslutímabilsins, að frádregnu magni eldsneytis eða efnis í birgðum í lok skýrslutímabilsins.

Þegar ekki er tæknilega gerlegt eða það myndi stofna til óhóflegs kostnaðar að ákvarða birgðamagn með beinum mælingum getur rekstraraðilinn metið þetta magn á grundvelli eins eftirfarandi þátta:

a) gagna frá næstliðnum árum og í samhengi við frálag skýrslutímabilsins,

b) skjalfestra aðferða og viðkomandi gagna í endurskoðuðum reikningsskilum fyrir skýrslutímabilið.

Þegar ákvörðun gagna um starfsemi fyrir allt almanaksárið er tæknilega ógerleg eða myndi stofna til óhóflegs kostnaðar getur rekstraraðilinn valið næstmest viðeigandi dag til að aðgreina skýrslugjafarárið frá því næsta og samrýmt það við tilskilið almanaksár. Frávikin, sem tengjast einum eða fleiri efnisstraumum, skulu skýrt skráð, þau skulu vera grundvöllur fyrir gildi sem er dæmigert fyrir almanaksárið og þau skulu metin á samræmdan hátt í tengslum við næsta ár.

28. gr.

Mælikerfi undir stjórn rekstraraðilans

1. Við ákvörðun gagna um starfsemi í samræmi við 27. gr. skal rekstraraðilinn nota niðurstöður mælinga sem byggjast á mælikerfum undir hans stjórn á stöðinni, að því tilskildu að öll eftirtalin skilyrði séu uppfyllt:

a) rekstraraðilinn verður að láta fara fram óvissumat og tryggja að óvissumörk viðkomandi aðferðarþreps séu uppfyllt,

b) rekstraraðilinn verður að tryggja að minnst einu sinni á ári og eftir hverja kvörðun mælitækja séu niðurstöður kvörðunarinnar, margfaldaðar með varfærnislegum leiðréttingarstuðli byggðum á viðeigandi tímaröðum fyrri kvarðana sömu eða svipaðra mælitækja til að taka tillit til áhrifa óvissu í notkun, bornar saman við viðeigandi óvissumörk.

Ef farið er yfir viðmiðunarmörkin fyrir aðferðarþrep, sem samþykkt eru í samræmi við 12. gr., eða búnaður reynist ekki vera í samræmi við aðrar kröfur skal rekstraraðilinn grípa til aðgerða til úrbóta án ástæðulausrar tafar og tilkynna lögbæru yfirvaldi þar um.

2. Rekstraraðilinn skal leggja óvissumatið, sem um getur í a-lið 1. mgr., fyrir lögbært yfirvald þegar hann tilkynnir um nýja vöktunaráætlun eða þegar það skiptir máli fyrir breytingu á samþykktri vöktunaráætlun.

Matið skal taka til tilgreindu óvissunnar í tengslum við þau mælitæki sem notuð eru, óvissunnar í tengslum við kvörðunina og allrar frekari óvissu í tengslum við hvernig mælitækin eru notuð í reynd. Óvissa sem tengist breytingum í birgðahaldi skal koma fram í óvissumatinu þegar geymsluaðstaða getur innihaldið minnst 5% af árlegu magni þess eldsneytis eða efnis sem er til athugunar. Þegar matið fer fram skal rekstraraðilinn taka tillit til þess að uppgefin gildi, sem notuð eru til að skilgreina óvissumörk í aðferðarþrepi í II. viðauka, vísa til óvissu á öllu skýrslutímabilinu.

Rekstraraðilinn getur einfaldað óvissumatið með því að gera ráð fyrir að litið sé á heimilað hámarksfrávik, sem tilgreint er fyrir mælitækið í notkun, eða, sé hún minni, óvissuna, sem fæst með kvörðun, margfölduð með varfærnislegum leiðréttingarstuðli til að tekið sé tillit til áhrifa óvissunnar við notkun, sem óvissu allt skýrslutímabilið eins og krafist er í skilgreiningu aðferðarþrepa í II. viðauka, að því tilskildu að mælitæki séu sett upp í umhverfi sem hæfir nákvæmri skilgreiningu um notkun þeirra.

3. Þrátt fyrir 2. mgr. getur lögbært yfirvald heimilað að rekstraraðilinn noti niðurstöður mælinga, sem byggjast á mælikerfum undir hans stjórn á stöðinni, ef rekstraraðilinn leggur fram gögn þess efnis að mælitækin sem notuð eru falli undir viðkomandi lögmælifræðilegt eftirlit í viðkomandi aðildarríki.

Í þeim tilgangi má nota heimilað hámarksfrávik við notkun, sem er heimilað í viðkomandi landslöggjöf um lögmælifræðilegt eftirlit fyrir viðkomandi mælingaverkefni, sem óvissugildi án þess að leggja fram frekari gögn.

29. gr.

Mælikerfi sem ekki eru undir stjórn rekstraraðilans

1. Ef notkun mælikerfa, sem eru ekki undir stjórn rekstraraðilans, miðað við notkun þeirra mælikerfa, sem eru undir stjórn rekstraraðilans skv. 28. gr., gerir rekstraraðilanum kleift, á grundvelli einfaldaðs óvissumats, að uppfylla kröfurnar um a.m.k. jafnhátt aðferðarþrep, gefur áreiðanlegri niðurstöður og er síður í eftirlitsáhættu skal rekstraraðilinn ákvarða gögnin um starfsemi með mælikerfum sem ekki eru undir hans stjórn.

Í því skyni, getur rekstraraðilinn gripið til annarrar af eftirtöldum gagnalindum:

a) upphæða á reikningum sem viðskiptafélagi gefur út, að því tilskildu að viðskipti eigi sér stað á milli tveggja sjálfstæðra viðskiptafélaga,

b) beins lesturs af mælikerfunum.

2. Rekstraraðilinn skal tryggja samræmi við viðeigandi aðferðarþrep skv. 26. gr.

Í þeim tilgangi má nota heimilað hámarksfrávik við notkun, sem er heimilað í viðkomandi löggjöf um lögmælifræðilegt eftirlit í aðildarríki fyrir viðkomandi viðskiptagjörning, sem óvissu án þess að leggja fram frekari gögn.

Þar sem gildandi kröfur samkvæmt landsbundnu lögmælifræðilegu eftirliti eru ekki jafn strangar og viðeigandi aðferðarþrep samkvæmt 26. gr. skal rekstraraðilinn afla gagna um viðeigandi óvissu hjá viðskiptafélaganum sem ábyrgur er fyrir mælikerfinu.

3. undirþáttur

Reiknistuðlar

30. gr.

Ákvörðun á reiknistuðlum

1. Rekstraraðilinn skal ákvarða reiknistuðla annaðhvort sem sjálfgildi eða gildi sem byggjast á greiningu, allt eftir viðeigandi aðferðarþrepi.

2. Rekstraraðilinn skal ákvarða og tilkynna um reiknistuðla í samræmi við ástandið sem notað er fyrir tengd gögn um starfsemi, með vísun í það ástand sem eldsneytið eða efnið er í þegar það keypt eða notað í ferlinu sem veldur losuninni, áður en það er þurrkað eða meðhöndlað með öðrum hætti fyrir greiningu á rannsóknarstofu.

Þegar slík aðferð leiðir til óhóflegs kostnaðar eða þegar hægt er að ná meiri nákvæmni getur rekstraraðilinn með samræmdum hætti tilkynnt um gögn um starfsemi og reiknistuðla með vísun í ástandið þegar greining á rannsóknarstofu fer fram.

31. gr.

Sjálfgildi fyrir reiknistuðla

1. Þegar rekstraraðili ákvarðar reiknistuðla sem sjálfgildi skal hann, í samræmi við kröfur samkvæmt viðeigandi aðferðarþrepi, eins og fram kemur í II. og VI. viðauka, nota eitt af eftirfarandi gildum:

a) staðlaða stuðla og efnahlutfallsstuðla sem tilgreindir eru í VI. viðauka,

b) staðlaða stuðla sem aðildarríki notar í landsskrá sinni, sem það leggur fyrir skrifstofu rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar,

c) gildi í heimildum, sem lögbært yfirvald hefur samþykkt, þ.m.t. staðlaðir stuðlar sem lögbært yfirvald birtir, sem eru samrýmanlegir stuðlum sem um getur í b-lið, en þeir eru dæmigerðir fyrir aðgreindari upptök eldsneytisstrauma,

d) gildi sem birgir efnis tilgreinir og ber ábyrgð á ef rekstraraðilinn getur sýnt lögbæru yfirvaldi með fullnægjandi hætti fram á að kolefnisinnihaldið sé með 95% öryggisbil sem fer ekki yfir 1%,

e) gildi, sem byggjast á fyrri greiningum, ef rekstraraðilinn getur sýnt lögbæru yfirvaldi með fullnægjandi hætti fram á að þessi gildi séu dæmigerð fyrir síðari framleiðslulotur af sama efninu.

2. Rekstraraðilinn skal tilgreina öll sjálfgildi sem notuð eru í vöktunaráætluninni.

Þegar sjálfgildi breytast árlega skal rekstraraðilinn tilgreina viðkomandi opinberar heimildir fyrir gildinu í vöktunaráætluninni.

3. Lögbært yfirvald getur einungis samþykkt breytingu á sjálfgildum fyrir reiknistuðul í vöktunaráætluninni skv. 2. mgr. 15. gr. ef rekstraraðilinn leggur fram gögn þess efnis að nýja sjálfgildið leiði til nákvæmari ákvörðunar á losun.

4. Ef rekstraraðilinn sækir um það getur lögbært yfirvald heimilað að nettóvarmagildi og losunarstuðlar eldsneytis séu ákvarðaðir með því að beita sömu aðferðarþrepum og krafist er fyrir hefðbundin markaðseldsneyti, að því tilskildu að rekstraraðilinn leggi fram, minnst þriðja hvert ár, gögn þess efnis að 1% bilið fyrir tilgreint varmagildi hafi verið uppfyllt undanfarin þrjú ár.

32. gr.

Reiknistuðlar byggðir á greiningum

1. Rekstraraðilinn skal tryggja að greiningar, sýnataka, kvörðun og fullgilding til ákvörðunar á reiknistuðlum fari fram með því að beita aðferðum sem byggjast á samsvarandi EN-stöðlum.

Þegar engir slíkir staðlar eru tiltækir skulu aðferðirnar byggjast á viðeigandi ISO-stöðlum eða landsstöðlum. Ef ekki eru til neinir viðeigandi útgefnir staðlar skal nota viðeigandi drög að stöðlum, leiðbeiningar um bestu starfsvenjur í atvinnugreininni eða aðrar vísindalega sannreyndar aðferðir og takmarka með því skekkjur í sýnatöku og mælingum.

2. Þegar notaðar eru beinlínutengdar gasskiljur og gasgreinar, með eða án útdráttar, til að ákvarða losun skal rekstraraðilinn afla samþykkis lögbærs yfirvalds fyrir notkun slíks búnaðar. Búnaðurinn skal aðeins vera notaður með tilliti til gagna um samsetningu loftkennds eldsneytis og efnis. Sem lágmarksráðstöfun til að tryggja gæði skal rekstraraðilinn sjá til þess að upphafleg sannprófun og endurteknar árlegar sannprófanir mælitækja fari fram.

3. Niðurstöður sérhverra greininga skulu aðeins notaðar fyrir afhendingartímabilið eða framleiðslulotu eldsneytis eða efnis, sem sýnin eru tekin fyrir, og sem sýnin eiga að vera dæmigerð fyrir.

Við ákvörðun á sértækum mæliþætti skal rekstraraðilinn nota niðurstöður allra greininga sem gerðar hafa verið að því er varðar þann mæliþátt.

33. gr.

Sýnatökuáætlun

1. Þegar reiknistuðlar eru ákvarðaðir með greiningum skal rekstraraðilinn leggja fyrir lögbært yfirvald til samþykkis fyrir hverja eldsneytistegund eða efni sýnatökuáætlun í formi skriflegra verklagsreglna með upplýsingum um aðferðir við undirbúning sýna, þ.m.t. upplýsingar um ábyrgðarsvið, staðsetningar, tíðni og magn svo og um aðferðir við geymslu og flutning sýna.

Rekstraraðilinn skal tryggja að fengin sýni séu dæmigerð fyrir viðkomandi framleiðslulotu eða afhendingartímabil og skekkjulaus. Viðeigandi þættir í sýnatökuáætluninni skulu vera í samráði við rannsóknarstofuna sem sér um greiningu viðkomandi eldsneytis eða efnis og upplýsingar um þann samning skulu fylgja með í áætluninni. Rekstraraðilinn skal hafa áætlunina tiltæka til sannprófunar samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 600/2012.

2. Rekstraraðilinn skal, í samráði við rannsóknarstofuna sem sér um greiningu viðkomandi eldsneytis eða efnis og að fengnu samþykki lögbærs yfirvalds, aðlaga þætti sýnatökuáætlunarinnar ef greiningarniðurstöður benda til þess að misleitni eldsneytisins eða efnisins sé umtalsvert frábrugðin þeim upplýsingum um misleitni sem upphaflega sýnatökuáætlunin fyrir þetta tiltekna eldsneyti eða efni var byggð á.

34. gr.

Notkun rannsóknarstofa

1. Rekstraraðilinn skal tryggja að rannsóknarstofur, sem notaðar eru við greiningar til ákvörðunar reiknistuðla, séu faggiltar í samræmi við EN ISO/IEC 17025, fyrir viðkomandi greiningaraðferðir.

2. Rannsóknarstofur, sem ekki eru faggiltar í samræmi við EN ISO/IEC 17025, má aðeins nota til að ákvarða reiknistuðla þegar rekstraraðilinn getur með fullnægjandi hætti sýnt lögbæru yfirvaldi fram á að aðgangur að rannsóknarstofum, sem um getur í 1. mgr., sé tæknilega ekki mögulegur eða hefði óhóflegan kostnað í för með sér og að rannsóknarstofan, sem ekki hefur faggildingu, standist kröfur sem jafngilda EN ISO/IEC 17025.

3. Lögbært yfirvald skal telja að rannsóknarstofa standist kröfur sem jafngilda EN ISO/IEC 17025 í skilningi 2. mgr. þegar rekstraraðilinn leggur fram, að því marki sem það er mögulegt, gögn í samræmi við aðra og þriðju undirgrein þessarar málsgreinar á því sniði og með sambærilegri sundurliðun og krafist er fyrir aðferðir skv. 2. mgr. 12. gr.

Að því er varðar gæðastjórnun skal rekstraraðilinn leggja fram faggilda vottun rannsóknarstofunnar í samræmi við EN ISO/IEC 9001 eða önnur vottuð gæðastjórnunarkerfi sem ná yfir rannsóknarstofuna. Séu slík vottuð gæðastjórnunarkerfi ekki fyrir hendi skal rekstraraðilinn legga fram önnur viðeigandi gögn þess efnis að rannsóknarstofan geti stjórnað starfsfólki sínu, aðferðum, skjölum og verkefnum með áreiðanlegum hætti.

Að því er varðar tæknilega færni skal rekstraraðilinn leggja fram gögn þess efnis að rannsóknarstofan sé hæf og geti skilað tæknilega gildum niðurstöðum með notkun viðeigandi greiningaraðferða. Í slíkum gögnum skal tilgreina a.m.k. eftirfarandi þætti:

a) stjórnun í tengslum við hæfi starfsfólks að því er varðar sértæk verk sem því eru falin,

b) hentugleika vistarvera og umhverfisaðstæður,

c) val á greiningaraðferðum og viðeigandi stöðlum,

d) eftir atvikum, stjórnun sýnatöku og undirbúnings sýna, þ.m.t. stjórnun heildstæði sýna,

e) eftir atvikum, þróun og fullgildingu nýrra greiningaraðferða eða beitingu aðferða sem ekki falla undir alþjóðlega staðla eða landsstaðla,

f) óvissumat,

g) stjórnun búnaðar, þ.m.t. aðferðir við kvörðun, stillingu, viðhald og viðgerðir á búnaði og skráning þeirra,

h) stjórnun og eftirlit með gögnum, skjölum og hugbúnaði,

i) stjórnun kvörðunarhluta og viðmiðunarefna,

j) gæðatryggingu fyrir niðurstöður kvarðana og prófana, þ.m.t. regluleg þátttaka í hæfnisprófunaráætlunum þar sem beitt er greiningaraðferðum á vottað viðmiðunarefni eða samanburði milli rannsóknarstofa sem hafa fengið faggildingu,

k) stjórnun útivistaðra ferla,

l) stjórnun verkefna, kvartana viðskiptavina og tryggingu tímanlegra aðgerða til úrbóta.

35. gr.

Tíðni greininga

1. Rekstraraðilinn skal að lágmarki beita þeirri tíðni greininga fyrir viðkomandi eldsneyti og efni sem tilgreind er í VII. viðauka. Ákvæði VII. viðauka verða endurskoðuð reglulega og í fyrsta sinn eigi síðar en tveimur árum eftir að þessi reglugerð öðlast gildi.

2. Lögbært yfirvald getur heimilað rekstraraðilanum að nota aðra tíðni en þá sem um getur í 1. mgr. þegar lágmarkstíðni er ekki tiltæk eða þegar rekstraraðilinn sýnir fram á eitt af eftirfarandi:

a) að miðað við söguleg gögn, þ.m.t. greiningargildi fyrir viðkomandi eldsneyti eða efni á skýrslutímabilinu strax á undan núgildandi skýrslutímabili, séu breytingar á greiningargildum fyrir viðkomandi eldsneyti eða efni ekki yfir 1/3 af óvissugildinu sem rekstraraðilinn verður að halda sig við að því er varðar ákvörðun á gögnum um starfsemi fyrir viðkomandi eldsneyti eða efni,

b) að notkun þeirrar tíðni sem er krafist myndi stofna til óhóflegs kostnaðar.

4. undirþáttur

Sértækir reiknistuðlar

36. gr.

Losunarstuðlar fyrir koltvísýring

1. Rekstraraðilinn skal ákvarða sértæka losunarstuðla fyrir tiltekna starfsemi fyrir losun koltvísýrings.

2. Losunarstuðlar fyrir eldsneyti, þ.m.t. þegar það er notað sem vinnsluílag, skulu gefnir upp sem t CO_2/TJ.

Lögbært yfirvald getur heimilað rekstraraðilanum að nota losunarstuðul fyrir eldsneyti, gefinn upp sem t CO_2/t eða t CO_2/Nm^3, fyrir losun við brennslu þegar notkun losunarstuðuls, gefinn upp sem t CO_2/TJ, leiðir til óhóflegs kostnaðar eða þegar er unnt að ná fram a.m.k. jafnmikilli nákvæmni í útreikningum losunar með því að nota slíkan losunarstuðul.

3. Við umreikning kolefnisinnihalds í viðkomandi gildi koltvísýringstengds losunarstuðuls og öfugt skal rekstraraðilinn nota stuðulinn 3664 t CO_2/t C.

37. gr.

Oxunar- og breytistuðlar

1. Rekstraraðilinn skal nota að lágmarki 1. aðferðarþrep til að ákvarða oxunar- eða breytistuðla. Rekstraraðilinn skal nota gildið 1 fyrir oxunar- eða breytistuðul þegar losunarstuðull felur í sér áhrif ófullkominnar oxunar eða ummyndunar.

Hins vegar getur lögbært yfirvald krafist þess að rekstraraðilar noti ávallt 1. aðferðarþrep.

2. Þegar notaðar eru margar eldsneytistegundir á sömu stöðinni og nota á 3. aðferðarþrep fyrir tiltekna oxunarstuðulinn getur rekstraraðilinn beðið um samþykki lögbærs yfirvalds fyrir öðrum eða báðum eftirtöldum liðum:

a) ákvörðun á einum sameiginlegum oxunarstuðli fyrir allt brennsluferlið og notkun hans fyrir allar eldsneytistegundir,

b) tenging ófullkomnu oxunarinnar við einn meiri háttar efnisstraum og notkun gildisins 1 fyrir oxunarstuðul annarra efnisstrauma.

Þegar notaður er lífmassi eða blandað eldsneyti skal rekstraraðilinn leggja fram gögn þess efnis að beiting a- eða b-liðar fyrstu undirgreinar leiði ekki til þess að losun verði vanmetin.

5. undirþáttur

Meðhöndlun lífmassa

38. gr.

Efnisstraumar lífmassa

1. Rekstraraðilanum er heimilt að ákvarða gögn um starfsemi að því er varðar lífmassaefnisstrauma án þess að nota aðferðarþrep og leggja fram greiningargögn varðandi lífmassainnihald þegar sá efnisstraumur er eingöngu lífmassi og rekstraraðilinn getur tryggt að hann sé ekki mengaður öðrum efnum eða eldsneyti.

2. Losunarstuðull fyrir lífmassa skal vera núll.

Losunarstuðull blandaðs eldsneytis eða efnis skal reiknaður út og hann tilkynntur sem bráðabirgðalosunarstuðull, sem er ákvarðaður í samræmi við 30. gr., margfaldaður með jarðefnahluta eldsneytisins eða efnisins.

3. Mór, xýlít og jarðefnahlutar blandaðs eldsneytis eða efna teljast ekki til lífmassa.

4. Þegar lífmassahluti blandaðs eldsneytis eða efnis jafngildir eða er meiri en 97% eða þar sem hann telst, vegna losunarmagns í tengslum við jarðefnahluta eldsneytisins eða efnisins, vera minni háttar efnisstraumur getur lögbært yfirvald heimilað rekstraraðilanum að beita þrepalausum aðferðum, þ.m.t. orkujöfnuðaraðferð, við ákvörðun gagna um starfsemi og viðeigandi reiknistuðla, nema nota eigi viðkomandi gildi til að draga koltvísýring, sem unninn er úr lífmassa, frá losun sem er ákvörðuð með samfelldum mælingum á losun.

39. gr.

Ákvörðun lífmassa- og jarðefnahluta

1. Þegar, með fyrirvara um nauðsynlegt aðferðarþrep og tiltækileika viðeigandi sjálfgilda, eins og um getur í 1. mgr. 31. gr., lífmassahluti tiltekinnar eldsneytistegundar eða efnis er ákvarðaður með greiningum skal rekstraraðilinn ákvarða þennan lífmassahluta á grundvelli viðeigandi staðals og greiningaraðferða sem í honum felast og beita þessum staðli aðeins ef lögbært yfirvald hefur samþykkt hann.

2. Þegar ákvörðun á lífmassahluta blandaðs eldsneytis eða efnis með greiningu í samræmi við 1. mgr. er tæknilega ógerleg eða myndi stofna til óhóflegs kostnaðar skal rekstraraðilinn byggja útreikning sinn á stöðluðum losunarstuðlum og gildum lífmassahluta fyrir blandað eldsneyti og efni svo og matsaðferðum sem framkvæmdastjórnin birtir.

Séu slíkir staðlaðir stuðlar og gildi ekki fyrir hendi skal rekstraraðilinn annaðhvort gera ráð fyrir að lífmassahlutinn sé enginn eða leggja fyrir lögbært yfirvald matsaðferð til ákvörðunar lífmassahlutans til samþykktar. Að því er varðar eldsneyti eða efni, sem koma frá framleiðsluferli þar sem ílagsstreymi eru skilgreind og rekjanleg, getur rekstraraðilinn byggt slíkt mat á massajöfnuði jarðefna- og lífmassakolefnis sem fer inn í ferlið eða út úr því.

3. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. 30. gr., þar sem upprunaábyrgð hefur verið komið á í samræmi við j-lið 2. gr. og 15. gr. tilskipunar 2009/28/EC fyrir lífgas sem sprautað er inn í gaskerfi og síðan tekið út úr því, skal rekstraraðilinn ekki nota greiningar til að ákvarða lífmassahlutann.

3. ÞÁTTUR

Mælimiðaðar aðferðir

40. gr.

Notkun mælimiðaðrar vöktunaraðferðar

Rekstraraðilinn skal nota mælimiðaðar aðferðir fyrir alla losun nituroxíðs (N_2O) eins og mælt er fyrir um í IV. viðauka og til að ákvarða magn koltvísýrings skv. 49. gr.

Auk þess getur rekstraraðilinn notað mælimiðaðar aðferðir fyrir upptök koltvísýringslosunar ef hann getur lagt fram gögn þess efnis að fyrir hver upptök losunar séu aðferðarþrep, sem krafist er í samræmi við 41. gr., uppfyllt.

41. gr.

Kröfur um aðferðarþrep

1. Fyrir hver upptök losunar, þar sem losunin er yfir 5 000 tonnum af jafngildiseiningum koltvísýrings árlega, eða sem stuðla að yfir 10% af árlegri heildarlosun stöðvarinnar, eftir því hvort er hærra að því er varðar heildarlosun, skal rekstraraðilinn beita hæsta aðferðarþrepi sem tilgreint er í 1. lið VIII. viðauka. Fyrir öll önnur upptök losunar skal rekstraraðilinn beita minnst einu aðferðarþrepi lægra en hæsta aðferðarþrepi.

2. Aðeins má nota næsta aðferðarþrep fyrir neðan fyrir viðkomandi upptök losunar, að lágmarki 1. aðferðarþrep, ef rekstraraðilinn getur sýnt lögbæru yfirvaldi með fullnægjandi hætti fram á að beiting þess aðferðarþreps sem krafist er skv. 1. mgr. er tæknilega ógerleg eða stofnar til óhóflegs kostnaðar og beiting reiknimiðaðrar aðferðar með þeim aðferðarþrepum sem krafist er í 26. gr er ógerleg eða stofnar til óhóflegs kostnaðar.

42. gr.

Mælistaðlar og rannsóknarstofur

1. Allar mælingar skulu gerðar með aðferðum sem byggjast á EN 14181 „Stationary source emissions — Quality assurance of automated measuring systems“, EN 15259 „Air quality — Measurement of stationary source emissions — Requirements for measurement sections and sites and for the measurement objective, plan and report“ og öðrum samsvarandi EN-stöðlum.

Ef engir slíkir staðlar eru tiltækir skulu aðferðirnar byggjast á viðeigandi ISO-stöðlum, stöðlum sem framkvæmdastjórnin birtir eða landsstöðlum. Ef ekki eru til neinir viðeigandi útgefnir staðlar skal nota viðeigandi drög að stöðlum, leiðbeiningar um bestu starfsvenjur í atvinnugreininni eða aðrar vísindalega sannreyndar aðferðir og takmarka með því skekkjur í sýnatöku og mælingum.

Rekstraraðilinn skal taka til athugunar alla viðkomandi þætti samfellda mælikerfisins, þ.m.t. staðsetningu búnaðarins, kvörðun, mælingar, gæðatryggingu og gæðastjórnun.

2. Rekstraraðilinn skal tryggja að rannsóknarstofur, sem annast mælingar, kvörðun og mat á viðkomandi búnaði fyrir kerfi fyrir samfelldar mælingar á losun, hafi fengið faggildingu í samræmi við EN ISO/IEC 17025 fyrir viðkomandi greiningaraðferðir eða kvarðanir.

Þegar rannsóknarstofan hefur ekki fengið slíka faggildingu skal rekstraraðilinn tryggja að jafngildar kröfur og þær sem fram koma í 2. og 3. mgr. 34. gr séu uppfylltar.

43. gr.

Ákvörðun losunar

1. Rekstraraðilinn skal ákvarða árlega losun frá upptökum losunar á skýrslutímabilinu með því að leggja saman á skýrslutímabilinu öll klukkustundargildi mælds styrks gróðurhúsalofttegundar margfaldað með klukkustundargildum útblásturstreymis, þar sem klukkustundargildin skulu vera meðaltöl allra einstakra mælingarniðurstaðna fyrir viðkomandi klukkustund í starfrækslu.

Ef um er að ræða koltvísýringslosun skal rekstraraðilinn ákvarða árlega losun á grundvelli 1. jöfnu í VIII. viðauka. Fara skal með kolsýring, sem losaður er í andrúmsloftið, sem móljafngildi koltvísýrings.

Ef um er að ræða niturоxíð skal rekstraraðilinn ákvarða árlega losun á grundvelli jöfnunnar í undirlið B.1 í 16. lið IV. viðauka.

2. Ef upptök losunar eru margs konar í einni stöð og ekki er hægt að mæla þau sem ein upptök losunar skal rekstraraðilinn mæla losun frá þessum upptökum aðskilið og leggja niðurstöðurnar saman til að fá heildarlosunina á skýrslutímabilinu fyrir tilteknu lofttegundina.

3. Rekstraraðilinn skal ákvarða styrk gróðurhúsalofttegundarinnar í útblæstri með samfelldri mælingu á dæmigerðum mælipunkti með því að beita öðru af eftirfarandi:

a) beinni mælingu,

b) ef um er að ræða mikinn styrk í útblæstri: útreikningi á styrk með óbeinni mælingu á styrk með því að beita 3. jöfnu í VIII. viðauka og að teknu tilliti til mældra styrkgilda fyrir alla aðra þætti gasstreymisins eins og mælt er fyrir um í vöktunaráætlun rekstraraðilans.

4. Þar sem það á við skal rekstraraðilinn ákvarða sérstaklega koltvísýringsmagn frá lífmassa með reiknimiðuðum vöktunaraðferðum og draga það frá mældri heildarlosun koltvísýrings.

5. Rekstraraðilinn skal ákvarða útblástursstreymi fyrir útreikninginn í samræmi við 1. mgr. með annarri af eftirfarandi aðferðum:

a) útreikningi með viðeigandi massajöfnuði, að teknu tilliti til allra mikilvægra mæliþátta að því er varðar ílag, þ.m.t. að minnsta kosti magn ílagsefna, streymi inntakslofts og vinnslugeta að því er varðar losun koltvísýrings, og, að því er varðar frálag, þ.m.t. að minnsta kosti framleiðsla vöru, styrkur O_2, SO_2 og NO_x,

b) ákvörðun með samfelldri streymismælingu á dæmigerðum mælipunkti.

44. gr.

Söfnun upplýsinga

1. Rekstraraðilinn skal reikna út klukkustundarmeðaltöl fyrir hvern mæliþátt, þ.m.t. styrk og útblástursstreymi, sem skiptir máli við ákvörðun á losun með því að nota mælimiðaða aðferð og alla tiltæka gagnapunkta fyrir tilteknu klukkustundina.

Ef rekstraraðili getur aflað gagna fyrir styttri viðmiðunartímabil án viðbótarkostnaðar, skal hann nota þessi tímabil til að ákvarða árlega losun í samræmi við 1. mgr. 43. gr.

2. Ef búnaður fyrir samfellda mælingu á einum mæliþætti starfar ekki eðlilega, er utan tiltekins bils eða ekki í rekstri hluta af þeirri klukkustund eða því viðmiðunartímabili, sem um getur í 1. mgr., skal rekstraraðilinn reikna út viðkomandi klukkustundarmeðaltal í hlutfalli við þá gagnapunkta sem eftir eru fyrir þá tilteknu klukkustund eða styttra viðmiðunartímabil, að því tilskildu að minnst 80% af hámarksfjölda gagnapunkta fyrir mæliþátt séu tiltækir. Ákvæði 2. til 4. mgr. 45. gr. skulu gilda ef minna en 80% af hámarksfjölda gagnapunkta fyrir mæliþátt eru tiltæk.

45. gr.

Ef gögn vantar

1. Ef hluti af mælingabúnaðinum innan samfellds vöktunarkerfis fyrir losun er ekki í rekstri lengur en í fimm daga í röð á almanaksári skal rekstraraðilinn upplýsa lögbært yfirvald um það án ástæðulausrar tafar og leggja til viðeigandi ráðstafanir til að bæta gæði viðkomandi samfellds vöktunarkerfis fyrir losun.

2. Ef ekki er unnt að gefa upp gild klukkustundargögn eða styttra viðmiðunartímabil gagna í samræmi við 1. mgr. 44. gr. fyrir einn eða fleiri mæliþætti í mælimiðuðu aðferðinni vegna þess að búnaðurinn starfar ekki eðlilega, er utan tiltekins bils eða ekki í rekstri skal rekstraraðilinn ákvarða staðgöngugildi fyrir þau klukkustundargögn sem vantar.

3. Ef ekki er unnt að gefa upp gild klukkustundargögn eða styttra viðmiðunartímabil gagna fyrir mæliþátt, sem er mældur beint sem styrkur, skal rekstraraðilinn reikna út staðgöngugildi sem summu af meðalstyrk og tvisvar sinnum staðalfrávik í tengslum við það meðaltal, með því að nota 4. jöfnu í VIII. viðauka.

Ef ekki er unnt að nota skýrslutímabilið til að ákvarða staðgöngugildin vegna verulegra tæknibreytinga í stöðinni skal rekstraraðilinn, í samráði við lögbært yfirvald, fastsetja dæmigerðan tímaramma til að ákvarða meðaltalið og staðalfrávikið, sem skal vara í eitt ár ef unnt er.

4. Ef ekki er unnt að gefa upp gild klukkustundargögn fyrir annan mæliþátt en styrk skal rekstraraðilinn reikna staðgöngugildi þessara mæliþátta með massajöfnuðarlíkani eða orkujöfnuðaraðferðinni fyrir ferlið. Rekstraraðilinn skal fullgilda niðurstöðurnar með því að nota eftirstandandi mælda þætti úr mælimiðuðu aðferðinni og gögn við venjuleg starfsskilyrði innan tímabils sem varir jafnlengi og eyðan í gögnunum.

46. gr.

Staðfesting útreikninga losunar

Rekstraraðilinn skal staðfesta losun sem ákvörðuð er með mælimiðaðri aðferð, að undanskilinni losun á nituroxíði (N_2O) frá framleiðslu á saltpéturssýru og gróðurhúsalofttegundum sem fluttar eru í flutninganet eða á geymslusvæði, með því að reikna út árlega losun fyrir hverja gróðurhúsalofttegund sem er til athugunar fyrir sömu upptök losunar og efnisstrauma.

Ekki verður krafist notkunar aðferðarþrepa.

4. ÞÁTTUR

Sérákvæði

47. gr.

Stöðvar með litla losun

1. Lögbært yfirvald getur heimilað rekstraraðila að leggja fram einfaldaða vöktunaráætlun í samræmi við 13. gr., að því tilskildu að hann reki stöð með litla losun.

Fyrsta undirgrein skal ekki eiga við um stöðvar með starfsemi þar sem nituroxíð er talið með skv. I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB.

2. Að því er varðar fyrstu undirgrein 1. mgr. skal stöð teljast vera með litla losun þegar minnst annað af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt:

a) meðaltal árlegrar losunar stöðvarinnar sem tilkynnt er í sannprófuðum losunarskýrslum á viðskiptatímabilinu næst á undan núgildandi viðskiptatímabili var undir 25 000 tonnum af jafngildiseiningum koltvísýrings árlega, að frátöldum koltvísýringi frá lífmassa og áður en dreginn er frá fluttur koltvísýringur,

b) meðaltal árlegrar losunar, sem um getur í a-lið, er ekki lengur tiltækt eða í gildi vegna breytinga á mörkum stöðvarinnar eða breytinga á vinnsluskilyrðum stöðvarinnar en árleg losun þessarar stöðvar næstu fimm árin verður, á grundvelli varfærnislegrar matsaðferðar, undir 25 000 tonnum af jafngildiseiningum koltvísýrings árlega, að undanskildum koltvísýringi frá lífmassa og áður en dreginn er frá fluttur koltvísýringur.

3. Rekstraraðili stöðvar með litla losun skal ekki þurfa að leggja fram fylgiskjölin, sem um getur í þriðju undirgrein 1. mgr. 12. gr, og skal vera undanþeginn kröfunni um skýrslugjöf um úrbætur sem um getur í 4. mgr. 69. gr.

4. Þrátt fyrir 27. gr. getur rekstraraðili stöðvar með litla losun ákvarðað magn eldsneytis eða efnis með því að nota tiltækar og skjalfestar innkaupskrár og áætlaðar breytingar á birgðum. Rekstraraðilinn skal einnig vera undanþeginn kröfunni um að leggja fyrir lögbært yfirvald óvissumatið sem um getur í 2. mgr. 28. gr.

5. Rekstraraðili stöðvar með litla losun skal vera undanþeginn kröfu 2. mgr. 28. gr um að ákvarða gögn um birgðir í upphafi og lok skýrslutímabils, ef geymsluaðstaða getur rúmað minnst 5% af árlegri neyslu eldsneytis eða efnis á skýrslutímabilinu, til þess að taka tillit til tengdrar óvissu í óvissumati.

6. Þrátt fyrir 1. mgr. 26. gr getur rekstraraðili stöðvar með litla losun beitt að lágmarki 1. aðferðarþrepi í þeim tilgangi að ákvarða gögn um starfsemi og reiknistuðla fyrir alla efnisstrauma, nema unnt sé að ná fram meiri nákvæmni án viðbótaraðgerða rekstraraðilans, án þess að leggja fram gögn þess efnis að beiting hærri aðferðarþrepa sé tæknilega ómöguleg eða myndi stofna til óhóflegs kostnaðar.

7. Að því er varðar ákvörðun reiknistuðla á grundvelli greininga í samræmi við 32. gr. getur rekstraraðili stöðvar með litla losun notað sérhverja rannsóknarstofu sem er tæknilega hæf og fær um að skila tæknilega gildum niðurstöðum með því að nota viðeigandi greiningarferli og færir sönnur fyrir ráðstöfunum vegna gæðatryggingar eins og um getur í 3. mgr. 34. gr.

8. Ef stöð með litla losun, sem fellur undir kröfur um einfaldaða vöktun, fer yfir viðmiðunarmörkin, sem um getur í 2. mgr., á einu almanaksári skal rekstraraðili hennar tilkynna lögbæru yfirvaldi þar um án ástæðulausrar tafar.

Rekstraraðilinn skal, án ástæðulausrar tafar, leggja umtalsverða breytingu á vöktunaráætluninni í skilningi b-liðar 3. mgr. 15. gr. fyrir lögbært yfirvald til samþykkis.

Hins vegar skal lögbært yfirvald heimila að rekstraraðilinn haldi áfram einfaldaðri vöktun að því tilskildu að rekstraraðilinn sýni lögbæru yfirvaldi með fullnægjandi hætti fram á að ekki hafi þegar verið farið yfir viðmiðunarmörkin, sem um getur í 2. mgr., á síðustu fimm skýrslutímabilum og að ekki verði farið yfir þau aftur frá og með næsta skýrslutímabili.

48. gr.

Innifalinn koltvísýringur

1. Innifalinn koltvísýringur sem er fluttur inn í stöð, þ.m.t. koltvísýringur sem er að finna í jarðgasi eða úrgangsgasi, þ.m.t. háofnagas og koksofnagas, skal tekinn með í losunarstuðlinum fyrir viðkomandi eldsneyti.

2. Ef innifalinn koltvísýringur kemur frá starfsemi, sem fellur undir I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB eða telst með skv. 24. gr. þeirra tilskipunar, og er síðan fluttur út af stöðinni sem hluti eldsneytis til annarrar stöðvar og starfsemi, sem fellur undir tilskipunina, skal ekki telja hann sem losun frá stöðinni sem hann er upprunalega frá.

Ef innifalinn koltvísýringur er losaður eða fluttur út af stöðinni til aðila sem ekki falla undir tilskipunina skal þó telja hann sem losun frá stöðinni sem hann er upprunalega frá.

3. Rekstraraðilar geta ákvarðað magn innifalins koltvísýrings, sem fluttur er út af stöðinni, bæði á flutningsstöðinni og viðtökustöðinni. Í því tilviki skal magn þess innifalda koltvísýrings, sem flutt er og tekið er við, vera það sama.

Þegar magn þess innifalda koltvísýrings, sem flutt er og tekið er við, er ekki það sama skal nota meðalgildi beggja mæligilda í losunarskýrslum bæði á flutningsstöðinni og viðtökustöðinni ef hægt er að skýra frávikið á milli gildanna með óvissu í mælikerfunum. Í því tilviki skal í losunarskýrslunni vísa til samræmingar þess gildis.

Ef ekki er hægt að skýra frávik í gildum með viðurkenndu óvissubili í mælikerfunum skulu rekstraraðilar flutningsstöðvanna og viðtökustöðvanna samræma gildin með varfærnislegum leiðréttingum sem samþykktar eru af lögbærum yfirvöldum.

49. gr.

Fluttur koltvísýringur

1. Rekstraraðilinn skal draga frá losun stöðvarinnar magn koltvísýrings sem er úr jarðefnakolefnum í starfsemi, sem fellur undir I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB, sem ekki er losað á stöðinni heldur flutt út af stöðinni á einhvern eftirfarandi stað:

a) föngunarstöð til flutnings og geymslu í jörðu til lengri tíma á geymslusvæði sem hefur fengið til þess leyfi samkvæmt tilskipun 2009/31/EB,

b) flutninganet til geymslu í jörðu til lengri tíma á geymslusvæði sem hefur fengið til þess leyfi samkvæmt tilskipun 2009/31/EB,

c) geymslusvæði sem hefur fengið leyfi samkvæmt tilskipun 2009/31/EB fyrir geymslu í jörðu til lengri tíma.

Að því er varðar alla aðra flutninga koltvísýrings út af stöðinni skal ekki heimila neinn frádrátt koltvísýrings frá losun stöðvarinnar.

2. Rekstraraðili stöðvarinnar þaðan sem koltvísýringurinn er fluttur skal í árlegri losunarskýrslu sinni leggja fram auðkenniskóða viðtökustöðvarinnar sem viðurkenndur er í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1193/2011 frá 18. nóvember 2011 um stofnun skrár Sambandsins yfir viðskiptatímabilið sem hefst 1. janúar 2013 og síðari viðskiptatímabil í kerfi Sambandsins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 280/2004/EB og um breytingu á reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2216/2004 og (ESB) nr. 920/2010 ([11]).

Fyrsta undirgrein skal einnig gilda um viðtökustöð að því er varðar auðkenniskóða flutningsstöðvarinnar.

3. Við ákvörðun á koltvísýringsmagninu sem flutt er af einni stöð til annarrar skal rekstraraðilinn beita mælimiðaðri aðferð, m.a. í samræmi við 43., 44. og 45. gr. Upptök losunar skulu svara til mælipunktsins og losunina skal gefa upp sem magn flutts koltvísýrings.

4. Við ákvörðun á koltvísýringsmagni sem flutt er af einni stöð til annarrar skal rekstraraðilinn beita 4. aðferðarþrepi eins og skilgreint er í 1. lið VIII. viðauka.

Rekstraraðilinn getur hins vegar beitt næsta aðferðarþrepi fyrir neðan, að því tilskildu að hann geti sýnt fram á að beiting 4. aðferðarþreps, eins og það er skilgreint í 1. lið VIII. viðauka, sé tæknilega ógerleg eða stofni til óhóflegs kostnaðar.

5. Rekstraraðilar geta ákvarðað magn koltvísýrings, sem fluttur er út af stöðinni, bæði á flutningsstöðinni og viðtökustöðinni. Í því tilviki skal 3. mgr. 48. gr. gilda.

IV. KAFLI

VÖKTUN LOSUNAR OG GÖGN UM TONNKÍLÓMETRA FRÁ FLUGSTARFSEMI

50. gr.

Almenn ákvæði

1. Hver umráðandi loftfars skal vakta og tilkynna um losun frá flugstarfsemi fyrir allar flugferðir sem tilgreindar eru í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB á vegum viðkomandi umráðanda loftfars á skýrslutímabilinu og sem hann er ábyrgur fyrir.

Í því skyni skal umráðandi loftfars rekja allar flugferðir til almanaksárs samkvæmt brottfarartíma mældum á alheimstíma.

2. Umráðandi loftfars, sem hefur í hyggju að sækja um úthlutun losunarheimilda án endurgjalds skv. 3. gr. e eða f í tilskipun 2003/87/EB, skal einnig vakta gögn um tonnkílómetra fyrir sömu flugferðir á viðkomandi vöktunarári.

3. Í þeim tilgangi að tilgreina sérstakan umráðanda loftfars, sem um getur í o-lið 3. gr. tilskipunar 2003/87/EB og ber ábyrgð á tilteknu flugi, skal nota kallmerkið sem flugumferðarstjórn notar. Kallmerkið skal vera annað af eftirfarandi:

a) kennimerki Alþjóðaflugmálastofnunarinnar sem mælt er fyrir um í reit 7 á flugáætluninni,

b) þar sem kennimerki Alþjóðaflugmálastofnunarinnar fyrir umráðanda loftfars er ekki tiltækt: skrásetningarmerki loftfarsins.

4. Þegar kenni umráðanda loftfars er ekki þekkt skal lögbært yfirvald líta á eiganda loftfarsins sem umráðanda loftfars nema hann færi sönnur á kenni umráðanda loftfarsins sem er ábyrgur.

51. gr.

Vöktunaráætlun lögð fram

1. Eigi síðar en fjórum mánuðum áður en umráðandi loftfars hefur flugstarfsemi, sem fellur undir I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB, skal hann leggja fyrir lögbært yfirvald vöktunaráætlun fyrir vöktun og skýrslugjöf vegna losunar í samræmi við 12. gr.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein skal umráðandi loftfars, sem stundar flugstarfsemi, sem fellur undir I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB, í fyrsta sinn, sem ekki var fyrirsjáanleg fjórum mánuðum fyrir starfsemina, leggja fyrir lögbært yfirvald vöktunaráætlun án ástæðulausrar tafar en eigi síðar en sex vikum eftir að þessi starfsemi fór fram. Umráðandi loftfars skal leggja fyrir lögbært yfirvald viðunandi rökstuðning um það hvers vegna ekki var hægt að leggja fram vöktunaráætlun fjórum mánuðum áður en starfsemin fór fram.

Ef ekki er vitað fyrirfram hvert ábyrgðaraðildarríkið, sem um getur í 18. gr. a í tilskipun 2003/87/EB, er skal umráðandi loftfars án ástæðulausrar tafar leggja fram vöktunaráætlunina þegar upplýsingar um lögbært yfirvald ábyrgðaraðildarríkis liggja fyrir.

([11]) Stjtíð. ESB L 315, 29.11.2011, bls. 1.

2. Ef umráðandi loftfars hefur í hyggju að sækja um úthlutun losunarheimilda án endurgjalds skv. 3. gr. e eða f í tilskipun 2003/87/EB skal hann einnig leggja fram vöktunaráætlun fyrir vöktun og skýrslugjöf að því er varðar gögn um tonnkílómetra. Vöktunaráætlunina skal leggja fram eigi síðar en fjórum mánuðum áður en eitt af eftirfarandi hefst:

a) vöktunarárið sem um getur í 1. mgr. 3. gr. e í tilskipun 2003/87/EB fyrir umsóknir samkvæmt þeirri grein,

b) annað almanaksár tímabilsins sem um getur í 2. mgr. 3. gr. c í tilskipun 2003/87/EB fyrir umsóknir skv. 3. gr f í tilskipuninni.

52. gr.

Vöktunaraðferð fyrir losun frá flugstarfsemi

1. Hver umráðandi loftfars skal ákvarða árlega losun koltvísýrings frá flugstarfsemi með því að margfalda árlega notkun hverrar eldsneytistegundar, gefin upp sem tonn með viðkomandi losunarstuðli.

2. Hver umráðandi loftfars skal ákvarða eldsneytisnotkun fyrir hverja flugferð og fyrir hverja tegund eldsneytis, þ.m.t. eldsneytisnotkun aukaaflstöðvar. Í þeim tilgangi skal umráðandi loftfars nota eina af þeim aðferðum sem mælt er fyrir um í 1. lið III. viðauka. Umráðandi loftfars skal velja þá aðferð sem skilar heillegustu og tímaréttustu gögnunum með sem minnstri óvissu án þess að það hafi óhóflegan kostnað í för með sér.

3. Hver umráðandi loftfars skal ákvarða áfyllt eldsneytismagn, sem um getur í 1. lið III. viðauka, á grundvelli annars af eftirfarandi:

a) mælinga eldsneytisbirgis eins og skjalfest er á afhendingarseðlum eldsneytis eða reikningum fyrir hvert flug,

b) gagna frá innbyggðum mælikerfum í loftfarinu tekin úr massa- og jafnvægisskrám eða tækniflugbók loftfarsins eða sem eru send rafrænt frá loftfarinu til umráðanda loftfarsins.

4. Umráðandi loftfars skal ákvarða eldsneytismagn í geyminum með því að nota innbyggt mælikerfi í loftfarinu og skrá upplýsingarnar í massa- og jafnvægisskrárnar eða í tækniflugbók loftfarsins eða senda þær rafrænt frá loftfarinu til umráðanda loftfarsins.

5. Umráðandi loftfars skal beita 2. aðferðarþrepi eins og mælt er fyrir um í 2. lið III. viðauka.

Hins vegar geta umráðendur loftfara, sem hafa tilkynnt um meðaltal árlegrar losunar á viðskiptatímabilinu næst á undan gildandi viðskiptatímabili, sem jafngilti eða var undir 50 000 tonnum af koltvísýringi úr jarðefnaeldsneyti, notað að lágmarki 1. aðferðarþrep eins og það er skilgreint í 2. lið III. viðauka. Allir umráðendur loftfara geta notað að lágmarki 1. aðferðarþrep, eins og það er skilgreint í 2. lið III. viðauka, fyrir efnisstrauma sem eru samtals undir 5 000 tonnum af koltvísýringi úr jarðefnaeldsneyti á ári eða undir 10%, þó ekki samtals yfir 100 000 tonnum af koltvísýringi úr jarðefnaeldsneyti á ári, eftir því hvort hefur hærra algildi. Ef, að því er varðar þessa undirgrein, tilkynnt losun er ekki tiltæk eða ekki lengur í gildi getur umráðandi loftfars notað varfærnislegt mat eða áætlun til að ákvarða meðaltal árlegrar losunar.

6. Þegar áfyllt eldsneytismagn eða magn eldsneytisins, sem eftir er í geymunum, er ákvarðað í rúmmálseiningum, gefið upp í lítrum, skal umráðandi loftfars umreikna magnið úr rúmmáli í massa með því að nota gildi raunverulegs eðlismassa. Umráðandi loftfars skal ákvarða raunverulegan eðlismassa með því að nota annað af eftirfarandi:

a) innbyggð mælikerfi,

b) eðlismassa sem eldsneytisbirgirinn mælir við áfyllingu eldsneytis og skráður er á reikningnum fyrir eldsneytinu eða afhendingarseðlinum.

Gefa skal upp raunverulegan eðlismassa í kg/lítra og skal ákvarðaður við raunverulega hitastigið við tiltekna mælingu.

Í tilvikum þar sem gildi fyrir raunverulegan eðlismassa eru ekki tiltæk skal nota 0,8 kg/lítra staðlaðan eðlismassastuðul að fengnu samþykki lögbærs yfirvalds.

7. Að því er varðar útreikning, sem um getur í 1. mgr., skal umráðandi loftfars nota sjálfgefna losunarstuðla sem settir eru fram í 2. töflu í III. viðauka.

Í tengslum við skýrslugjöf fellur þessi aðferð undir 1. aðferðarþrep. Að því er varðar eldsneyti sem ekki er að finna í þeirri töflu skal umráðandi loftfars ákvarða losunarstuðulinn í samræmi við 32. gr., sem telst 2. aðferðarþrep. Að því er varðar slíkar eldsneytistegundir skal ákvarða og tilkynna nettóvarmagildið sem minnisatriði.

8. Þrátt fyrir 7. mgr. skal umráðandi loftfars, að fengnu samþykki lögbærs yfirvalds, leiða losunarstuðullinn eða kolefnisinnihaldið, sem hann byggir á, eða nettóvarmagildið fyrir eldsneyti á markaði, af innkaupaskrám fyrir viðkomandi tegund eldsneytis frá eldsneytisbirgi, að því tilskildu að afleiðslan hafi verið gerð á grundvelli alþjóðlega viðurkenndra staðla og ekki sé hægt að nota losunarstuðlana sem tilgreindir eru í 2. töflu III. viðauka.

53. gr.

Sérákvæði fyrir lífmassa

Ákvæði 39. gr. skal gilda til samræmis við það um ákvörðun á lífmassahlutann í blönduðu eldsneyti.

Þrátt fyrir 2. mgr. 39. gr. skal lögbært yfirvald heimila notkun aðferðar sem er hægt að beita til ákvörðunar á lífmassahlutanum með samræmdum hætti í öllum aðildarríkjum, eins og við á.

Samkvæmt þeirri aðferð skal ákvarða lífmassahlutann, nettóvarmagildið og losunarstuðulinn eða kolefnisinnihald eldsneytis sem er notað í flugstarfsemi í viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir, sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB, með því að nota innkaupaskrár fyrir eldsneyti.

Aðferðin skal byggjast á leiðbeiningum framkvæmdastjórnarinnar til að auðvelda samræmda beitingu hennar í öllum aðildarríkjunum.

Notkun lífeldsneytis í flugi skal meta í samræmi við 18. gr. tilskipunar 2009/28/EB.

54. gr.

Smálosendur

1. Umráðendur loftfara, sem annast færri en 243 flugferðir á hverju tímabili í þrjú samfelld, fjögurra mánaða tímabil, og umráðendur loftfara, sem annast flugferðir þar sem árleg heildarlosun er minni en 25 000 tonn koltvísýrings, teljast smálosendur.

2. Þrátt fyrir 52. gr. geta smálosendur áætlað eldsneytisnotkun með tækjum sem Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu hefur tekið upp eða önnur viðeigandi stofnun sem getur tekið til meðferðar allar viðeigandi upplýsingar um flugumferð sem samsvara þeim sem eru aðgengilegar Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu og komist hjá vanmati losunar.

Eingöngu má nota viðkomandi tæki hafi framkvæmdastjórnin samþykkt þau, þ.m.t. beiting leiðréttingarstuðla til að bæta upp ónákvæmni í þeim aðferðum sem hafðar eru til að setja upp líkön.

3. Þrátt fyrir 12. gr. má smálosandi, sem hefur í hyggju að nota eitthvert af þeim tækjum sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, eingöngu leggja fram eftirfarandi upplýsingar í vöktunaráætluninni fyrir losun:

a) upplýsingar sem krafist er skv. 1. tölulið í 2. lið I. viðauka,

b) gögn þess efnis að viðmiðunarmörk fyrir smálosendur sem sett eru fram í 1. mgr. þessarar greinar séu uppfyllt,

c) heiti tækisins eða tilvísun í tækið, sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, sem notað verður við mat á eldsneytisnotkun.

Smálosandi skal vera undanþeginn kröfunni um að leggja fram fylgiskjöl sem um getur í þriðju undirgrein 1. mgr. 12. gr.

4. Ef umráðandi loftfars notar eitthvert af þeim tækjum sem um getur í 2. mgr. og fer yfir viðmiðunarmörkin, sem um getur í 1. mgr., á skýrslugjafarári skal umráðandi loftfars tilkynna lögbæru yfirvaldi um það án ástæðulausrar tafar.

Umráðandi loftfars skal, án ástæðulausrar tafar, leggja umtalsverða breytingu á vöktunaráætluninni í skilningi vi. liðar a-liðar 4. mgr. 15. gr. fyrir lögbært yfirvald til samþykkis.

Hins vegar skal lögbært yfirvald heimila að umráðandi loftfars haldi áfram að nota tæki, sem um getur í 2. mgr., að því tilskildu að umráðandi loftfars sýni lögbæru yfirvaldi með fullnægjandi hætti fram á að ekki hafi þegar verið farið yfir viðmiðunarmörkin, sem um getur í 1. mgr., á síðustu fimm skýrslutímabilum og að ekki verði farið yfir þau aftur frá og með næsta skýrslutímabili.

55. gr.

Atriði sem valda óvissu

1. Umráðandi loftfars skal tilgreina atriði sem valda óvissu og viðkomandi óvissustig þeirra. Umráðandi loftfars skal taka þessar upplýsingar til athugunar við val á vöktunaraðferð skv. 2. mgr. 52. gr.

2. Þegar umráðandi loftfars ákvarðar áfyllt eldsneytismagn í samræmi við a-lið 3. mgr. 52. gr, skal þess ekki krafist að hann leggi fram frekari sannanir fyrir viðkomandi óvissustigi.

3. Þegar notuð eru innbyggð kerfi við mælingar á áfylltu eldsneytismagni í geymum í samræmi við b-lið 3. mgr. 52. gr. skal óvissustigið í tengslum við eldsneytismælingar vera stutt eftirtöldum atriðum:

a) nákvæmum forskriftum framleiðanda loftfarsins fyrir ákvörðun óvissustigs í innbyggða eldsneytismælikerfinu,

b) staðfestingu á því að fram hafi farið venjubundið eftirlit með því að eldsneytismælikerfin séu starfrækt á fullnægjandi hátt.

4. Þrátt fyrir 2. og 3. mgr. getur umráðandi loftfars byggt óvissu fyrir alla aðra þætti vöktunaraðferðarinnar á varfærnislegu sérfræðiáliti með tilliti til áætlaðs fjölda flugferða á skýrslutímabilinu.

5. Umráðandi loftfars skal reglulega láta fara fram viðeigandi eftirlitsstarfsemi, þ.m.t. tvöfalda gátun milli áfyllts eldsneytismagns sem kemur fram á reikningum og áfyllts eldsneytismagns sem kemur fram í innbyggðum mælingum, og grípa til aðgerða til úrbóta ef fram koma merkjanleg frávik.

56. gr.

Ákvörðun gagna um tonnkílómetra

1. Umráðandi loftfars, sem hefur í hyggju að sækja um úthlutun heimilda án endurgjalds skv. 3. gr. e eða f í tilskipun 2003/87/EB, skal vakta gögn um tonnkílómetra fyrir allar flugferðir sem falla undir I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB á þeim vöktunarárum sem skipta máli fyrir slíkar umsóknir.

2. Umráðandi loftfars skal reikna út gögn um tonnkílómetra með því að margfalda vegalengdina, reiknuð út í samræmi við 4. lið III. viðauka og gefin upp í kílómetrum (km), með farmþunga, reiknaður út sem summa massa farms, pósts, farþega og skráðs farangurs, gefinn upp í tonnum (t).

3. Umráðandi loftfars skal ákvarða massa farms og pósts á grundvelli raunverulegs massa eða staðalmassa í massa- og jafnvægisskrám fyrir viðkomandi flug.

Umráðendur loftfara sem ekki þurfa að vera með massa- og jafnvægisskrá skulu leggja til í vöktunaráætluninni nothæfa aðferð til ákvörðunar á massa farms og pósts og undanskilja töruþunga allra vörubretta og gáma sem ekki telst farmþungi og þyngd í rekstri (e. service weight).

4. Umráðandi loftfars skal ákvarða massa farþega með því að nota annað af eftirfarandi aðferðarþrepum:

a) 1. aðferðarþrep: 100 kg sjálfgildi fyrir hvern farþega ásamt skráðum farangri hans,

b) 2. aðferðarþrep: massinn fyrir farþega og skráðan farangur, sem finna má í massa- og jafnvægisskránni fyrir hvert flug.

Hins vegar skal valið aðferðarþrep gilda um öll flug vöktunarárin sem skipta máli vegna umsókna skv. 3. gr. e og f í tilskipun 2003/87/EB.

V. KAFLI

GAGNASTJÓRNUN OG -EFTIRLIT

57. gr.

Starfsemi í tengslum við gagnaflæði

1. Rekstraraðilinn eða umráðandi loftfars skal koma á, skjalfesta, framkvæma og viðhalda skriflegum verklagsreglum fyrir starfsemi í tengslum við gagnaflæði vegna vöktunar og skýrslugjöf vegna losunar gróðurhúsalofttegunda og tryggja að skýrsla um árlega losun, sem tekin er saman á grundvelli starfseminnar í tengslum við gagnaflæði, sé laus við rangfærslur og sé í samræmi við vöktunaráætlunina, skriflegu verklagsreglurnar og þessa reglugerð.

Ef umráðandi loftfars hefur í hyggju að sækja um úthlutun losunarheimilda án endurgjalds skv. 3. gr. e eða f í tilskipun 2003/87/EB skal fyrsta undirgrein einnig gilda um vöktun og skýrslugjöf fyrir gögn um tonnkílómetra.

2. Lýsingar á skriflegum verklagsreglum fyrir starfsemi í tengslum við gagnaflæði í vöktunaráætluninni skal ná a.m.k. yfir eftirfarandi þætti:

a) upplýsingarnar sem taldar eru upp í 2. mgr. 12. gr.,

b) greiningu upprunalegra gagnalinda,

c) hvert skref í gagnaflæðinu frá upprunalegum gögnum til gagna um árlega losun eða tonnkílómetra sem skal endurspegla röð og samspil starfsemi í tengslum við gagnaflæði,

d) viðkomandi úrvinnsluskref sem tengjast hverri sértækri starfsemi í tengslum við gagnaflæði, þ.m.t. formúlur og gögn sem notuð eru til að ákvarða gögn um losun eða tonnkílómetra,

e) viðkomandi úrvinnslu rafrænna gagna og geymslukerfi sem eru notuð svo og samspil milli slíkra kerfa og annars ílags, þ.m.t. handvirk innfærsla,

f) hvernig frálag starfsemi í tengslum við gagnaflæði er skráð.

58. gr.

Eftirlitskerfi

1. Rekstraraðilinn eða umráðandi loftfars skal koma á, skjalfesta, hrinda í framkvæmd og viðhalda skilvirku eftirlitskerfi til að tryggja að árleg losunarskýrsla og, þar sem það á við, skýrsla um tonnkílómetra, sem teknar eru saman á grundvelli starfseminnar í tengslum við gagnaflæði, innihaldi ekki rangfærslur og séu í samræmi við vöktunaráætlunina og þessa reglugerð.

2. Eftirlitskerfið, sem um getur í 1. mgr., skal samanstanda af:

a) mati rekstraraðila eða umráðanda loftfars á eðlislægri áhættu og eftirlitsáhættu,

b) skriflegum verklagsreglum í tengslum við vöktunarstarfsemi sem fer fram til að draga úr sanngreindri áhættu.

3. Skriflegar verklagsreglur sem tengjast vöktunarstarfsemi sem um getur í b-lið 2. mgr. skulu a.m.k. fela í sér:

a) gæðatryggingu mælingabúnaðarins,

b) gæðatryggingu upplýsingatæknikerfisins sem er notað í starfsemi í tengslum við gagnaflæði, þ.m.t. tölvutækni fyrir eftirlit með verkferlum,

c) aðgreiningu verkefna í starfsemi í tengslum við gagnaflæði og eftirlitsstarfsemi svo og stjórnun nauðsynlegrar hæfni,

d) innri endurskoðun og sannprófun gagna,

e) leiðréttingar og úrbætur,

f) eftirlit með útvistuðum ferlum,

g) skráningu og skjalfestingu, þ.m.t. stjórnun skjalaútgáfa.

4. Rekstraraðilinn eða umráðandi loftfars skal fylgjast með skilvirkni eftirlitskerfisins, m.a. með því að láta fara fram innri endurskoðun og taka tillit til niðurstaðna sannprófanda við sannprófun árlegra losunarskýrslna og, þar sem það á við, skýrslna með gögnum um tonnkílómetra, sem unnar eru samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 600/2012.

Þegar eftirlitskerfið reynist ekki vera skilvirkt eða í réttu hlutfalli við sanngreinda áhættu skal rekstraraðilinn eða umráðandi loftfars leitast við að bæta eftirlitskerfið og uppfæra vöktunaráætlunina eða skriflegar verklagsreglur til grundvallar starfsemi í tengslum við gagnaflæði, áhættumat og eftirlitsstarfsemi, eins og við á.

59. gr.

Gæðatrygging

1. Að því er varðar a-lið 3. mgr. 58. gr skal rekstraraðilinn eða umráðandi loftfars tryggja að allur viðkomandi mælibúnaður sé kvarðaður, stilltur og yfirfarinn með reglulegu millibili, þ.m.t. fyrir notkun, með tilliti til mælistaðla sem hægt er að rekja til alþjóðlegra mælistaðla, þar sem þeir liggja fyrir, í samræmi við kröfurnar í þessari reglugerð og í réttu hlutfalli við sanngreinda áhættu.

Ef ekki er hægt að kvarða íhluti í mælikerfunum skal rekstraraðilinn eða umráðandi loftfars tilgreina þá í vöktunaráætluninni og leggja til annars konar eftirlitsstarfsemi.

Ef búnaðurinn uppfyllir ekki kröfur skal rekstraraðilinn eða umráðandi loftfars þegar í stað grípa til nauðsynlegra aðgerða til úrbóta.

2. Að því er varðar kerfi fyrir samfellda mælingu á losun skal rekstraraðilinn beita gæðatryggingu sem byggist á staðlinum „Quality assurance of automated measuring systems“ (EN 14181), þ.m.t. samhliða mælingar með stöðluðum tilvísunaraðferðum a.m.k. einu sinni á ári sem hæft starfsfólk sér um.

Ef slík gæðatrygging krefst þess að viðmiðunarmörk fyrir losun séu nauðsynlegir mæliþættir til grundvallar athugunar á kvörðun og afköstum skal nota árlegan meðalstyrk gróðurhúsalofttegundarinnar á klukkustund í stað viðmiðunarmarkanna fyrir losun. Ef rekstraraðili verður var við að ekki er farið að kröfum fyrir gæðatryggingu, m.a. að endurkvörðun verði að fara fram, skal hann tilkynna um það til lögbærs yfirvalds og grípa til aðgerða til úrbóta án ástæðulausrar tafar.

60. gr.

Gæðatrygging upplýsingatækni

Að því er varðar b-lið 3. mgr. 58. gr. skal rekstraraðilinn eða umráðandi loftfars tryggja að upplýsingatæknikerfið sé hannað, skjalfest, prófað, framkvæmt, undir eftirliti og því viðhaldið þannig að unnið sé með áreiðanleg, nákvæm og tímarétt gögn í samræmi við sanngreinda áhættu skv. a-lið 2. mgr. 58. gr.

Eftirlit með upplýsingatæknikerfinu skal taka til aðgangsstýringar, eftirlits með öryggisafritun, endurheimt gagna, samfelldra áætlanagerða og öryggis.

61. gr.

Aðgreining verkefna

Að því er varðar c-lið 3. mgr. 58. gr skal rekstraraðilinn eða umráðandi loftfars tilnefna ábyrgðaraðila fyrir starfsemi í tengslum við gagnaflæði og fyrir alla eftirlitsstarfsemi þannig að verkefni sem stangast á séu aðgreind. Ef engin önnur eftirlitsstarfsemi er fyrir hendi skal rekstraraðilinn eða umráðandi loftfars tryggja, fyrir alla starfsemi í tengslum við gagnaflæði í réttu hlutfalli við sanngreinda eðlislæga áhættu, að allar viðkomandi upplýsingar og gögn séu staðfest af minnst einum aðila sem hefur ekki tekið þátt í ákvörðun og skráningu þeirra upplýsinga eða gagna.

Rekstraraðilinn eða umráðandi loftfars skal stjórna nauðsynlegri færni fyrir þá ábyrgð sem í þessu felst, m.a. viðeigandi úthlutun ábyrgðar, þjálfun og eftirlit með frammistöðu.

62. gr.

Innri endurskoðun og sannprófun gagna

1. Að því er varðar d-lið 3. mgr. 58. gr og á grundvelli eðlislægrar áhættu og eftirlitsáhættu, sem greinast í áhættumatinu sem um getur í a-lið 2. mgr. 58. gr, skal rekstraraðilinn eða umráðandi loftfars endurskoða og fullgilda gögn sem leiðir af starfsemi í tengslum við gagnaflæði sem um getur í 57. gr.

Slík endurskoðun og fullgilding gagna skal a.m.k. fela í sér:

a) athugun á því hvort gögnin eru fullnægjandi,

b) samanburð á gögnum sem rekstraraðili eða umráðandi loftfars hefur aflað, stjórnað og tilkynnt á nokkurra ára tímabili,

c) samanburð á gögnum og gildum sem fengin eru úr mismunandi gagnasöfnunarkerfum, þ.m.t. eftirfarandi samanburður, eftir atvikum,

   i. samanburður á upplýsingum um kaup á eldsneyti eða efni og gögnum um breytingar á birgðum og gögnum um notkun er varða viðkomandi efnisstrauma,

   ii. samanburður á reiknistuðlum, sem hafa verið ákvarðaðir með greiningu, reiknaðir út eða fengnir frá birgi eldsneytis eða efnis, og landsbundnum eða alþjóðlegum viðmiðunarstuðlum fyrir sambærilegar tegundir eldsneytis eða efni,

   iii. samanburður á losun sem fengin er með mælimiðuðum aðferðum og niðurstöðum útreikninga til staðfestingar skv. 46. gr.,

   iv. samanburður á samanteknum gögnum og óunnum gögnum.

2. Rekstraraðilinn eða umráðandi loftfars skal, að því marki sem það er mögulegt, tryggja að viðmiðanir fyrir höfnun gagna sem hluti af endurskoðun og fullgildingu séu fyrirfram þekktar. Í þeim tilgangi skal mælt fyrir um viðmiðanir fyrir höfnun gagna í upplýsingaskjölum viðkomandi skriflegra verklagsreglna.

63. gr.

Leiðréttingar og úrbætur

1. Ef einhver hluti starfseminnar í tengslum við gagnaflæði, sem um getur í 57. gr., eða eftirlitsstarfseminnar, sem um getur í 58. gr., reynist ekki starfa á skilvirkan hátt eða starfa utan þeirra marka, sem sett eru í upplýsingaskjölum um verklagsreglur fyrir starfsemina í tengslum við gagnaflæði og eftirlitsstarfsemina, skal rekstraraðilinn eða umráðandi loftfars grípa til viðeigandi leiðréttinga og leiðrétta gögn sem var hafnað og jafnframt koma í veg fyrir vanmat á losun.

2. Að því er varðar 1. mgr. skal rekstraraðilinn eða umráðandi loftfars takast á hendur a.m.k. alla eftirfarandi þætti:

a) mat á gildi niðurstaðna viðkomandi þrepa í starfseminni í tengslum við gagnaflæði sem um getur í 57. gr. eða eftirlitstarfseminni sem um getur í 58. gr.,

b) ákvörðun á orsökum bilunarinnar eða skekkjunnar sem um er að ræða,

c) framkvæmd viðeigandi aðgerða til úrbóta, þ.m.t. leiðrétting gagna í losunarskýrslunni eða skýrslunni um tonnkílómetra sem hafa orðið fyrir áhrifum, eins og við á.

3. Rekstraraðilinn eða umráðandi loftfars skal gera leiðréttingar og grípa til aðgerða til úrbóta skv. 1. mgr. þessarar greinar þannig að þeir bregðist við eðlislægri áhættu og eftirlitsáhættu sem sanngreindar eru í áhættumatinu sem um getur í 58. gr.

64. gr.

Útvistun ferla

Ef rekstraraðili eða umráðandi loftfars útvistar einni eða fleiri starfsemi í tengslum við gagnaflæði, sem um getur í 57. gr., eða eftirlitsstarfsemi, sem um getur í 58. gr., skal rekstraraðilinn eða umráðandi loftfars takast á hendur alla eftirtalda þætti:

a) hafa eftirlit með gæðum útvistaðrar starfsemi í tengslum við gagnaflæði og eftirlitsstarfsemi í samræmi við þessa reglugerð,

b) skilgreina viðeigandi kröfur fyrir niðurstöður útvistaðra ferla svo og aðferða sem notaðar eru í þessum ferlum,

c) hafa eftirlit með gæðum niðurstaðna og aðferða sem um getur í b-lið þessarar greinar,

d) tryggja að útvistuð starfsemi sé unnin þannig að brugðist sé við eðlislægri áhættu og eftirlitsáhættu sem sanngreindar eru í áhættumatinu sem um getur í 58. gr.

65. gr.

Meðhöndlun eyðna í gögnum

1. Ef gögn vantar sem skipta máli við ákvörðun á losun stöðvar skal rekstraraðilinn nota viðeigandi aðferð til að meta varfærnislega staðgöngugögn fyrir viðkomandi tímabil og þá mæliþætti sem vantar.

Ef rekstraraðilinn hefur ekki mælt fyrir um matsaðferðina í skriflegum verklagsreglum skal hann koma á slíkum skriflegum verklagsreglum og leggja fyrir lögbært yfirvald til samþykkis viðeigandi breytingu á vöktunaráætluninni í samræmi við 15. gr.

2. Ef gögn vantar um eina flugferð eða fleiri flugferðir, sem skipta máli við ákvörðun á losun umráðanda loftfars, skal umráðandi loftfars nota staðgöngugögn fyrir viðkomandi tímabil sem reiknuð er út í samræmi við staðgönguaðferðina sem skilgreind er í vöktunaráætluninni.

Ef ekki er hægt að ákvarða staðgöngugögn í samræmi við fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar getur umráðandi loftfars metið losun fyrir þá flugferð eða þær flugferðir út frá eldsneytisnotkuninni sem er ákvörðuð með því að nota tæki sem um getur í 2. mgr. 54. gr.

66. gr.

Skrár og skjalahald

1. Rekstraraðilinn eða umráðandi loftfars skal halda skrár yfir öll viðeigandi gögn og upplýsingar, þ.m.t. upplýsingar sem taldar eru upp í IX. viðauka, í minnst 10 ár.

Vöktunargögn, sem eru skráð og geymd, skulu gera það kleift að sannprófa skýrsluna um árlega losun eða gögnin um tonnkílómetra í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 600/2012. Gögn sem rekstraraðili eða umráðandi loftfars hefur tilkynnt gegnum rafrænt skýrslugjafar- og upplýsingastjórnunarkerfi, sem lögbært yfirvald setur upp, geta talist varðveitt af rekstraraðila eða umráðanda loftfars, hafi þeir aðgang að þessum gögnum.

2. Rekstraraðili eða umráðandi loftfars skal sjá til þess að viðeigandi skjöl séu tiltæk þegar og þar sem þeirra er þörf fyrir starfsemi í tengslum við gagnaflæði og eftirlitsstarfsemi.

Rekstraraðili eða umráðandi loftfars skal, sé þess óskað, hafa þessi gögn aðgengileg lögbæru yfirvaldi og sannprófanda sem sannprófar losunarskýrsluna eða skýrsluna með gögnum um tonnkílómetra í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 600/2012.

VI. KAFLI

KRÖFUR UM SKÝRSLUGJÖF

67. gr.

Tímasetning og skyldur við skýrslugjöf

1. Rekstraraðilinn eða umráðandi loftfars skal leggja fyrir lögbært yfirvald fyrir 31. mars ár hvert skýrslu um losun sem tekur til árlegrar losunar á skýrslugjafartímabilinu og sem er sannprófuð í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 600/2012.

Hins vegar getur lögbært yfirvald krafist þess að rekstraraðilar eða umráðendur loftfara leggi fram sannprófaða skýrslu um árlega losun fyrir 31. mars, en í fyrsta lagi 28. febrúar.

2. Ef umráðandi loftfars kýs að sækja um úthlutun losunarheimilda án endurgjalds skv. 3. gr. e eða f í tilskipun 2003/87/EB skal umráðandi loftfars leggja fyrir lögbært yfirvald, eigi síðar en 31. mars árið eftir vöktunarárið sem um getur í 3. gr. e eða f í þeirri tilskipun, skýrslu með gögnum um tonnkílómetra sem tekur til gagna um tonnkílómetra á vöktunarárinu og sem er sannprófuð í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 600/2012.

3. Skýrslur um árlega losun og skýrslur með gögnum um tonnkílómetra skulu í það minnsta hafa að geyma upplýsingarnar sem tilgreindar eru í X. viðauka.

68. gr.

Óviðráðanleg atvik

1. Ef umráðandi loftfars getur ekki lagt fyrir lögbært yfirvald sannprófuð gögn um tonnkílómetra fyrir viðkomandi tímafrest skv. 1. mgr 3. gr. e í tilskipun 2003/87/EB vegna alvarlegra eða ófyrirsjáanlegra aðstæðna, sem hann hefur ekki stjórn á, skal sá umráðandi loftfars leggja fyrir lögbært yfirvald, að því er varðar þetta ákvæði, bestu fáanlegu gögnin um tonnkílómetra með tilliti til aðstæðna, þ.m.t. gögn sem byggjast á, ef nauðsyn krefur, trúverðugum áætlunum.

2. Þegar skilyrði, sem sett eru fram í 1. mgr,. eru uppfyllt skal aðildarríkið, vegna umsóknar sem um getur í 1. mgr. 3. gr. e í tilskipun 2003/87/EB og í samræmi 2. mgr. sömu greinar, leggja fram gögnin sem hafa borist um viðkomandi umráðanda loftfars, ásamt skýringu á þeim aðstæðum sem ollu því að skýrsla var ekki sannprófuð í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 600/2012.

Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu nota þessi gögn að því er varðar 3. og 4. mgr. 3. gr. e í tilskipun 2003/87/EB.

3. Ef aðildarríki leggur fyrir framkvæmdastjórnina gögn, sem berast í tengslum við umráðanda loftfars skv. 2. mgr. þessarar greinar, skal viðkomandi umráðandi loftfars tryggja sannprófun framlagðra gagna um tonnkílómetra í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 600/2012 eins fljótt og auðið er og eigi síðar en þegar þær aðstæður, sem um getur í 1. mgr. þessara greinar, eru ekki lengur fyrir hendi.

Umráðandi loftfars skal, án ástæðulausrar tafar, leggja fyrir lögbært yfirvald sannprófuðu gögnin.

Viðkomandi lögbært yfirvald skal draga úr og birta endurskoðaða úthlutun losunarheimilda án endurgjalds til umráðanda loftfars skv. 4. mgr. 3. gr. e í tilskipun 2003/87/EB eins og við á. Óheimilt er að auka viðkomandi úthlutun. Umráðandi loftfars skal skila umframlosunarheimildum, sem hann hefur fengið skv. 5. mgr. 3. gr. e í tilskipun, eftir atvikum.

4. Lögbært yfirvald skal koma á árangursríkum ráðstöfunum til að tryggja að viðkomandi umráðandi loftfars uppfylli skyldur sínar skv. 3. mgr.

69. gr.

Skýrslugjöf um úrbætur á vöktunaraðferðinni

1. Hver rekstraraðili eða umráðandi loftfars skal athuga reglulega hvort hægt sé að bæta vöktunaraðferðina sem beitt er.

Rekstraraðili stöðvar skal leggja skýrslu fyrir lögbært yfirvald til samþykktar með upplýsingunum sem um getur í 2. eða 3. mgr., eftir því sem við á, fyrir eftirfarandi tímafresti:

a) fyrir stöð í flokki A: fyrir 30. júní á fjögurra ára fresti,

b) fyrir stöð í flokki B: fyrir 30. júní á tveggja ára fresti,

c) fyrir stöð í flokki C: fyrir 30. júní ár hvert.

Hins vegar getur lögbært yfirvald ákveðið aðra dagsetningu fyrir skýrsluskil, þó eigi síðar en 30. september sama ár.

2. Þegar rekstraraðili beitir ekki a.m.k. þeim aðferðarþrepum, sem krafist er samkvæmt fyrstu undirgrein 1. mgr. 26. gr og 1. mgr. 41. gr., skal rekstraraðilinn rökstyðja hvers vegna það er tæknilega ógerlegt eða myndi stofna til óhóflegs kostnaðar að beita aðferðarþrepum sem krafist er.

Hins vegar, þegar vísbendingar eru um að nauðsynlegar ráðstafanir til að ná þessum aðferðarþrepum séu orðnar tæknilega gerlegar og hafa ekki lengur í för með sér óhóflegan kostnað, skal rekstraraðilinn tilkynna lögbæru yfirvaldi um viðeigandi breytingar á vöktunaráætluninni í samræmi við 15. gr. og leggja fram tillögur um framkvæmd ráðstafana í því sambandi og tímasetningu.

3. Þegar rekstraraðilinn beitir varaaðferð við vöktun, sem um getur í 22. gr., skal hann leggja fram: rökstuðning fyrir því hvers vegna það er tæknilega ógerlegt eða myndi hafa í för með sér óhóflegan kostnað að beita a.m.k. 1. aðferðarþrepi fyrir einn eða fleiri meiri háttar eða óverulegan efnisstraum.

Hins vegar, þegar vísbendingar eru um að nauðsynlegar ráðstafanir til að ná 1. aðferðarþrepinu fyrir þessa efnisstrauma séu orðnar tæknilega gerlegar og hafa ekki lengur í för með sér óhóflegan kostnað, skal rekstraraðilinn tilkynna lögbæru yfirvaldi um viðeigandi breytingar á vöktunaráætluninni í samræmi við 15. gr. og leggja fram tillögur um framkvæmd ráðstafana í því sambandi og tímasetningu.

4. Ef fram kemur í sannprófunarskýrslu, sem gerð er í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 600/2012, óafgreitt ósamræmi eða tilmæli um úrbætur, í samræmi við 27., 29. og 30. gr. reglugerðarinnar, skal rekstraraðili eða umráðandi loftfars leggja fyrir lögbært yfirvald til samþykktar skýrslu fyrir 30. júní árið sem sannprófandinn birtir sannprófunarskýrsluna. Í skýrslunni skal vera lýsing á því hvernig og hvenær rekstraraðilinn eða umráðandi loftfars hefur leiðrétt eða áformar að leiðrétta ósamræmið sem sannprófandinn hefur greint og framkvæma þær úrbætur sem lagðar eru til.

Eftir atvikum skal slík skýrsla vera sameinuð skýrslunni sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar.

Ef ráðlagðar úrbætur myndu ekki leiða til bættrar vöktunaraðferðar skal rekstraraðili eða umráðandi loftfars rökstyðja hvers vegna svo er. Ef ráðlagðar úrbætur myndu hafa í för með sér óhóflegan kostnað skal rekstraraðili eða umráðandi loftfars færa sönnur á eðli óhóflegs kostnaðar.

70. gr.

Ákvörðun lögbærs yfirvalds á losun

1. Lögbært yfirvald skal gera varfærnisleg mat á losun stöðvar eða umráðanda loftfars við einhverjar af eftirfarandi aðstæðum:

a) rekstraraðili eða umráðandi loftfars hefur ekki lagt fram sannprófaða skýrslu um árlega losun fyrir tilskilinn tímafrest skv. 1. mgr. 67. gr.,

b) sannprófuð skýrsla um árlega losun, sem um getur í 1. mgr. 67. gr., er ekki í samræmi við þessa reglugerð,

c) losunarskýrsla rekstraraðila eða umráðanda loftfars hefur ekki verið sannprófuð í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 600/2012.

2. Ef sannprófandinn hefur tekið fram í sannprófunarskýrslunni samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 600/2012 að fyrir hendi séu óverulegar rangfærslur, sem rekstraraðilinn eða umráðandi loftfars hefur ekki leiðrétt áður en sannprófunaryfirlýsingin var birt, skal lögbært yfirvald meta þessar rangfærslur og vinna varfærnislegt mat á losun stöðvarinnar eða umráðanda loftfars, eftir því sem við á. Lögbært yfirvald skal upplýsa rekstraraðila eða umráðanda loftfars um hvort og hvaða leiðréttinga á losunarskýrslunni sé krafist. Rekstraraðilinn eða umráðandi loftfars skal gera þessar upplýsingar aðgengilegar sannprófanda.

3. Aðildarríki skulu koma á skilvirkum upplýsingaskiptum milli lögbærra yfirvalda sem eru ábyrg fyrir samþykkt vöktunaráætlana og lögbærra yfirvalda sem eru ábyrg fyrir samþykkt skýrslna um árlega losun.

71. gr.

Aðgangur að upplýsingum

Lögbært yfirvald skal gera skýrslur um losun, sem það hefur í vörslu sinni, aðgengilegar almenningi með fyrirvara um landsreglur sem samþykktar eru samkvæmt tilskipun 2003/4/EB. Að því er varðar beitingu undanþágunnar, sem tilgreind er í d-lið 2. mgr. 4. gr. fyrrgreindrar tilskipunar, er rekstraraðilum eða umráðendum loftfara heimilt að tilgreina í skýrslu sinni hvaða upplýsingar þeir telja vera viðkvæmar af viðskiptalegum ástæðum.

72. gr.

Námundun gagna

1. Árleg heildarlosun skal gefin upp sem námunduð tonn af koltvísýringi eða jafngildiseiningum koltvísýrings.

Tonnkílómetrar skulu gefnir upp sem námunduð gildi tonnkílómetra.

2. Allar breytur sem notaðar eru við útreikning losunar skulu námundaðar þannig að fram komi allir marktækir aukastafir að því er varðar útreikning og skýrslugjöf um losun.

3. Öll gögn fyrir hvert flug skulu námunduð með öllum marktækum aukastöfum að því er varðar útreikning vegalengdar og farmþunga skv. 56. gr. svo og tilkynnt gögn um tonnkílómetra.

73. gr.

Samræmi tryggt við aðra skýrslugjöf

Öll starfsemi sem talin er upp í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB sem rekstraraðili eða umráðandi loftfars annast skal vera merkt með kóðum, eftir atvikum, úr eftirfarandi skýrslugjafaráætlunum:

a) staðlaða skýrslusniðinu fyrir landsskráningarkerfi gróðurhúsalofttegunda sem var samþykkt af viðkomandi aðilum að rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar,

b) auðkennisnúmeri stöðvarinnar í Evrópuskrá yfir losun og flutning mengandi efna í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 166/2006 ([12]),

c) starfsemi á sviði samþættra mengunarvarna í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 166/2006,

d) kóða atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1893/2006 ([13]).

([12]) Stjtíð. ESB L 33, 4.2.2006, bls. 1.
([13]) Stjtíð. ESB L 393, 30.12.2006, bls. 1.

VII. KAFLI

KRÖFUR UM UPPLÝSINGATÆKNI

74. gr.

Snið fyrir skipti á rafrænum gögnum

1. Aðildarríki geta farið fram á að rekstraraðili og umráðandi loftfars noti rafræn sniðmát eða sértæk skráasnið við framlagningu vöktunaráætlana og breytinga á vöktunaráætlunum, svo og við framlagningu skýrslna um árlega losun, skýrslna með gögnum um tonnkílómetra, sannprófunarskýrslna og skýrslna um úrbætur.

Nákvæm skilgreining á þessum sniðmátum eða skráasniðum, sem aðildarríkin koma á, skulu a.m.k. hafa að geyma upplýsingar sem er að finna í nákvæmum skilgreiningum á rafrænum sniðmátum eða skráasniðum sem framkvæmdastjórnin birtir.

2. Við gerð nákvæmra skilgreininga á sniðmáti eða skráasniði, sem um getur í 1. mgr., geta aðildarríkin valið annan af eftirfarandi kostum eða báða:

a) nákvæma skilgreiningu á skráasniði með stöðluðu rafrænu skýrslugjafarmáli (hér á eftir „skýrslugjafarmál viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir“) sem byggist á XML-skráasniði til notkunar í tengslum við þróuð sjálfvirk kerfi,

b) sniðmát sem birt eru með sniði sem nothæft er í hefðbundnum skrifstofuhugbúnaði, þ.m.t. skrár í töflureiknum og ritvinnslukerfum.

75. gr.

Notkun sjálfvirkra kerfa

1. Þegar aðildarríki kýs að nota sjálfvirk kerfi fyrir skipti á rafrænum gögnum, sem byggir á máli viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir fyrir skýrslugjöf í samræmi við a-lið 2. mgr. 74. gr., skulu þessi kerfi tryggja á kostnaðarhagkvæman hátt, með framkvæmd tæknilegra ráðstafana í samræmi við núverandi tækni:

a) heilleika gagna, til að koma í veg fyrir breytingar á rafrænum boðum á meðan þau eru send,

b) trúnað um gögn, með notkun öryggistækni, þ.m.t. dulkóðun, þannig að gögn séu aðeins aðgengileg þeim sem þau eru ætluð og að aðilar, sem ekki hafa til þess leyfi, geti ekki komist yfir nein gögn,

c) ósvikni gagna, þannig að auðkenni bæði sendanda og viðtakanda gagna sé þekkt og staðfest,

d) að gögnum sé ekki hafnað, þannig að annar aðilinn að færslu geti ekki neitað að hafa fengið færslu né að hinn aðilinn geti neitað að hafa sent færslu, með því að beita aðferðum eins og undirritunartækni eða óháðri endurskoðun á verndarráðstöfunum kerfisins.

2. Sjálfvirk kerfi, sem aðildarríki nota og byggjast á skýrslugjafarmáli viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir í samskiptum milli lögbærs yfirvalds, rekstraraðila og umráðanda loftfars, svo og sannprófanda og faggildingarstofu í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 600/2012, skulu uppfylla eftirfarandi kröfur, sem ekki varða virkni, með framkvæmd tæknilegra ráðstafana í samræmi við núverandi tækni:

a) aðgangsstýring, þannig að kerfið sé aðeins aðgengilegt aðilum sem hafa til þess leyfi og að aðilar, sem ekki hafa til þess leyfi, geti ekki lesið, skrifað eða uppfært nein gögn, með innleiðingu tæknilegra ráðstafana til að ná fram eftirfarandi:

   i. takmörkun með áþreifanlegum tálmum á efnislegum aðgangi að vélbúnaði sem sjálfvirk kerfi eru keyrð á,

   ii. takmörkun á röklegum aðgangi að sjálfvirkum kerfum með notkun tækni til að greina, auðkenna og heimila,

b) tiltækileiki, þannig að aðgengi að gögnum sé tryggt, jafnvel eftir umtalsverðan tíma og tilkomu hugsanlegs nýs hugbúnaðar,

c) endurskoðunarslóð, þannig að tryggt sé að ávallt sé hægt að finna og greina breytingar á gögnum afturvirkt.

VIII. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

76. gr.

Niðurfelling ákvörðunar 2007/589/EB og umbreytingarákvæði

1. Ákvörðun 2007/589/EB er felld úr gildi.

2. Ákvæði ákvörðunar 2007/589/EB skulu gilda áfram um vöktun, skýrslugjöf og sannprófun losunar og, eftir atvikum, gögn um starfsemi sem á sér stað fyrir 1. janúar 2013.

77. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2013.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. júní 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

I. VIÐAUKI

Lágmarksinnihald vöktunaráætlunar (1. mgr. 12. gr.)

1. **Lágmarksinnihald vöktunaráætlunar stöðva**

Vöktunaráætlun stöðvar skal a.m.k. innihalda eftirfarandi upplýsingar:

1) Almennar upplýsingar um stöðina:

a) lýsing á stöðinni og starfsemi stöðvarinnar sem vakta skal, sem inniheldur skrá yfir upptök losunar og efnisstrauma sem vakta skal fyrir hverja starfsemi sem fram fer á stöðinni og uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

i. lýsingin verður að vera fullnægjandi til að sýna fram á að engar eyður séu í gögnunum og að tvítalning losunar eigi sér ekki stað,

ii. bæta verður við einfaldri skýringarmynd af upptökum losunar, efnisstraumum, sýnatökustöðum og mælibúnaði fari lögbært yfirvald fram á það eða þegar slík skýringarmynd einfaldar lýsingu á stöðinni eða vísanir í upptök losunar, efnisstrauma, mælitæki og sérhverja aðra hluta stöðvarinnar sem skipta máli fyrir vöktunaraðferðina, þ.m.t. starfsemi í tengslum við gagnaflæði og eftirlitsstarfsemi,

b) lýsing á ferlinu sem notað er til að stjórna úthlutun ábyrgðar á vöktun og skýrslugjöf á stöðinni og til að stjórna valdheimildum ábyrgðaraðila,

c) lýsing á aðferð við reglulegt mat á því hvort vöktunaráætlunin eigi við, sem tekur a.m.k. til eftirfarandi:

i. athugunar á skrá yfir upptök losunar og efnisstrauma til að tryggja heildstæðni upptaka losunar og efnisstrauma og að allar breytingar á eðli og rekstri stöðvarinnar sem skipta máli verði felldar inn í vöktunaráætlunina,

ii. mats á að óvissumörk séu virt að því er varðar gögn um starfsemi og aðra þætti, eftir atvikum, fyrir þau aðferðarþrep sem eru notuð fyrir hvern efnisstraum og upptök losunar,

iii. mats á mögulegum ráðstöfunum til að bæta vöktunaraðferðina sem beitt er.

d) lýsing á skriflegum verklagsreglum fyrir starfsemi í tengslum við gagnaflæði skv. 57. grein, þ.m.t. skýringarmynd, eftir því sem við á, til skýringar,

e) lýsing á skriflegum verklagsreglum fyrir eftirlitsstarfsemi sem er komið á skv. 58. grein,

f) eftir atvikum, upplýsingar um viðkomandi tengla við starfsemi innan ramma umhverfisstjórnunarkerfis Bandalagsins (EMAS), sem komið var á samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2009 ([14]), kerfa, sem samhæfður staðall ISO 14001:2004 nær yfir, og annarra umhverfisstjórnunarkerfa, m.a. upplýsingar um verklagsreglur og eftirlit er varða vöktun og skýrslugjöf vegna gróðurhúsalofttegunda,

g) útgáfunúmer vöktunaráætlunarinnar.

2) Ítarleg lýsing á reiknimiðuðum aðferðum, ef þeim er beitt, þar sem eftirfarandi kemur fram:

a) ítarleg lýsing á reiknimiðuðu aðferðinni, sem beitt er, þ.m.t. skrá yfir ílagsgögn og útreikningsformúlurnar sem notaðar eru, skrá yfir aðferðarþrepin sem notuð eru að því er varðar gögn um starfsemi og alla viðkomandi reiknistuðla fyrir hvern efnisstraum sem á að vakta,

b) eftir atvikum og ef rekstraraðilinn ætlar að nota einföldun óverulegra og minni háttar efnisstrauma: flokkun efnisstraumanna í meiri háttar, óverulega og minni háttar efnisstrauma,

c) lýsing á mælikerfunum sem notuð eru og á mælingabilinu, tiltekinni óvissu og nákvæmri staðsetningu mælitækjanna sem ber að nota fyrir hvern efnisstraum sem skal vakta,

([14]) Stjtíð. ESB L 342, 22.12.2009, bls. 1.

d) eftir atvikum, sjálfgildin sem eru notuð fyrir reiknistuðla sem sýna upptök stuðulsins, eða viðkomandi upptök, þaðan sem sjálfgefinn stuðull verður sóttur reglulega, fyrir hvern efnisstraum,

e) eftir atvikum, skrá yfir greiningaraðferðir, sem nota á við ákvörðun allra viðkomandi reiknistuðla fyrir hvern efnisstraum, og lýsing á skriflegum verklagsreglum fyrir þær greiningar,

f) eftir atvikum, lýsing á aðferðinni, sem rennir stoðum undir sýnatökuáætlunina fyrir sýnatöku úr eldsneyti og efni sem á að greina, ásamt aðferðinni sem nota á til að endurskoða hve viðeigandi sýnatökuáætlunin er,

g) eftir atvikum, skrá yfir rannsóknarstofur sem sinna viðeigandi greiningarferlum og, ef rannsóknarstofan er ekki faggilt eins og um getur í 1. mgr. 34. gr., lýsing á aðferðinni sem notuð er við að sýna fram á að farið sé að jafngildum kröfum í samræmi við 2. og 3. mgr. 34. gr.,

3) Ef varaaðferð er beitt við vöktun í samræmi við 22. gr.: ítarleg lýsing á vöktunaraðferðinni sem beitt er fyrir alla efnisstrauma eða upptök losunar, þar sem aðferðarþrep eru ekki notuð, og lýsing á skriflegum verklagsreglum sem notaðar eru við tengda óvissugreiningu sem þarf að fara fram.

4) Ítarleg lýsing á reiknimiðuðum aðferðum, ef þeim er beitt, þar sem eftirfarandi kemur fram:

a) lýsing á mælingaraðferðinni, þ.m.t. lýsingar á öllum skriflegum verklagsreglum sem skipta máli fyrir mælingarnar og eftirfarandi:

i. allar reikniformúlur sem notaðar eru við söfnun gagna og til að ákvarða árlega losun fyrir hver upptök losunar,

ii) aðferðin til að ákvarða hvort hægt sé að reikna út gildar klukkustundir eða styttri viðmiðunartímabil fyrir hvern mæliþátt og fyrir staðgöngu gagna sem vantar í samræmi við 45. gr.,

b) skrá yfir alla viðeigandi losunarpunkta meðan á dæmigerðri starfrækslu stendur og á takmörkunar- og umbreytingartímabilum, t.d. tímabilum þegar bilanir eiga sér stað eða prófun á starfshæfni fer fram, ásamt skýringarmynd yfir vinnsluferlið ef lögbært yfirvald óskar þess,

c) ef útblástursstreymið er reiknað út: lýsing á skriflegum verklagsreglum fyrir þennan útreikning fyrir hver vöktuð upptök losunar með mælimiðaðri aðferð,

d) skrá yfir viðkomandi búnað, þar sem fram kemur tíðni mælinga, vinnusvið og óvissa,

e) skrá yfir þá staðla sem beitt er og öll frávik frá þessum stöðlum,

f) lýsing á skriflegum verklagsreglum við framkvæmd útreikninga til staðfestingar í samræmi við 46. gr., eftir atvikum,

g) lýsing á aðferðinni við að ákvarða koltvísýring frá lífmassa og draga hann frá mældri losun koltvísýrings og á skriflegum verklagsreglum sem notaðar eru í þeim tilgangi, eftir atvikum,

5) Auk þeirra þátta sem taldir eru upp í 4. lið.: nákvæm lýsing á vöktunaraðferðinni þar sem losun á niturоxíði er vöktuð, eftir því sem við á í formi lýsingar á þeim skriflegu verklagsreglum sem beitt er, þ.m.t. lýsing á eftirfarandi:

a) aðferð og mæliþáttum sem eru notuð til að ákvarða magn efna sem notað er í framleiðsluferlinu og hámarksmagn efnis sem er notað við fulla afkastagetu,

b) aðferð og mæliþáttum sem eru notuð til að ákvarða magn efnis sem framleitt er á klukkustund, gefið upp sem saltpéturssýra (100%), adipínsýra (100%), kaprólaktam, glýoxal og glýoxýlsýra á klukkustund (í sömu röð),

c) aðferð og mæliþáttum sem eru notuð til að ákvarða styrk niturоxíðs í útblæstri frá hverjum upptökum losunar, starfrækslusvið upptakanna og óvissu og upplýsingar um hugsanlegar staðgönguaðferðir sem skal beita, falli styrkurinn utan starfrækslusviðsins, og við hvaða aðstæður slíkt á sér stað,

d) reikniaðferð sem er notuð til að ákvarða losun á niturоxíði frá reglubundnum, óhreinsuðum upptökum við framleiðslu á saltpéturssýru, adipínsýru, kaprólaktami, glýoxali og glýoxýlsýru,

e) hvernig viðkomandi stöð starfar undir misjöfnu álagi og hvernig rekstrarstjórnun fer fram,

f) aðferð og reikniformúlum sem eru notaðar til að ákvarða árlega losun nituroxíðs og samsvarandi gildi fyrir jafngildiseiningar koltvísýrings fyrir hver upptök losunar,

g) upplýsingum um vinnsluskilyrði sem eru frábrugðin venjulegri starfrækslu, vísbendingu um hugsanlega tíðni og tímalengd slíkra skilyrða ásamt vísbendingu um umfang losunar á nituroxíði meðan á frávikunum á vinnsluskilyrðum stendur, s.s. vegna bilunar í hreinsibúnaði.

6) Nákvæm lýsing á vöktunaraðferðinni, svo fremi perflúorkolefni úr framleiðslu á hrááli séu vöktuð, ef við á með lýsingu á skriflegu verklagsreglunum sem beitt er, þ.m.t. eftirfarandi:

a) eftir atvikum, dagsetningar mælinga til að ákvarða losunarstuðla, sem eru sértækir fyrir tiltekna stöð, fyrir SEF_{CF4} eða OVC og F_{C2F6} og áætlun um hvenær slíkar ákvarðanir verða endurteknar í framtíðinni,

b) eftir atvikum, aðferðarlýsing fyrir ferlið til að ákvarða losunarstuðla, sem eru sértækir fyrir tiltekna stöð, fyrir CF_4 og C_2F_6 þar sem kemur einnig fram að mælingar hafa farið fram og munu fara fram í nógu langan tíma til að mæligildin séu samleitin, en a.m.k. í 72 klukkustundir,

c) eftir atvikum, aðferð við að ákvarða söfnunarvirkni fyrir dreifða losun á stöðvum fyrir hráálsframleiðslu,

d) lýsing á gerð rafskauta og forskauta,

7) Ítarleg lýsing á vöktunaraðferðinni, þar sem flutningur innifalins koltvísýrings sem hluta af eldsneyti í samræmi við 48. gr. eða flutningur koltvísýrings í samræmi við 49. gr. fer fram, þar sem við á í formi lýsingar á skriflegu verklagsreglunum sem beitt er, þ.m.t. eftirfarandi:

a) eftir atvikum, staðsetning búnaðar fyrir mælingu hita og þrýstings í flutningsneti,

b) eftir atvikum, verklagsreglur til að koma í veg fyrir, greina og magnákvarða lekaatburði frá flutninganetum,

c) ef um er að ræða flutninganet: verklagsreglur sem tryggja á skilvirkan hátt að koltvísýringur sé einungis fluttur til stöðva sem hafa gild leyfi til losunar gróðurhúsalofttegunda eða þangað sem allur losaður koltvísýringur er vaktaður með skilvirkum hætti og gerð grein fyrir honum í samræmi við 49. gr.,

d) auðkenning á viðtökustöðvum og flutningsstöðvum samkvæmt auðkenniskóða stöðvar sem viðurkenndur er í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1193/2011,

e) eftir atvikum, lýsing á kerfum fyrir samfelldar mælingar sem notuð eru á stöðum til flutninga á koltvísýringi á milli stöðva sem flytja koltvísýring í samræmi við 48. eða 49. gr.,

f) eftir atvikum, lýsing á varfærnislegri matsaðferð sem notuð er til að ákvarða lífmassahlutann í fluttum koltvísýringi í samræmi við 48. eða 49. gr.,

g) eftir atvikum, magnákvörðunaraðferðir fyrir losun eða sleppingu koltvísýring í vatnssúluna frá mögulegum leka sem og magnákvörðunaraðferðir, sem hafa verið notaðar og hugsanlega aðlagaðar fyrir raunverulega losun sleppingu koltvísýrings í vatnssúluna frá leka, eins og tilgreint er í 23. lið IV. viðauka.

2. **Lágmarksinnihald vöktunaráætlana vegna losunar frá flugsamgöngum**

1. Vöktunaráætlunin skal hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar fyrir alla umráðendur loftfara:

a) auðkenni umráðanda loftfars, kallmerki eða önnur einkvæm kennimerki, sem notuð eru við flugumferðarstjórn, samskiptaupplýsingar umráðanda loftfars og ábyrgs aðila hjá umráðanda loftfars, heimilisfang tengiliðar, ábyrgðaraðildarríki, lögbært yfirvald sem er ábyrgt,

b) upphaflega skrá yfir tegundir loftfara í flugflota sem umráðandinn rekur á þeim tíma þegar vöktunaráætlunin er lögð fram, fjölda loftfara af hverri tegund og viðmiðunarskrá yfir tegundir loftfara til viðbótar sem búast má við að verði notaðar, þ.m.t. áætlaður fjöldi loftfara af hverri tegund, liggi hann fyrir, og efnisstraumar (tegundir eldsneytis) í tengslum við hverja tegund loftfars,

c) lýsingu á aðferðum, kerfum og ábyrgð sem notuð eru til að uppfæra heilleika skrárinnar yfir upptök losunarinnar á vöktunarárinu í þeim tilgangi að tryggja heilleika vöktunarinnar og skýrslugjafarinnar um losun loftfara, sem eru í eigu umráðanda, auk leigðra loftfara,

d) lýsingu á þeim aðferðum, sem notaðar eru til að vakta heilleika skrárinnar yfir flug sem starfrækt eru undir einkvæmu kennimerki flugvallarpars, og aðferðunum, sem notaðar eru til að ákvarða hvort flug falli undir I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB í þeim tilgangi að tryggja heilleika og koma í veg fyrir tvítalningu,

e) lýsingu á ferlinu sem notað er til að stjórna og úthluta ábyrgð á vöktun og skýrslugjöf og til að stjórna valdheimildum ábyrgðaraðila,

f) lýsingu á verklagsreglum fyrir reglulegt mat á hversu viðeigandi vöktunaráætlunin er, þ.m.t. allar hugsanlegar ráðstafanir til að bæta vöktunaraðferðina og tengdar verklagsreglur sem beitt er,

g) lýsingu á skriflegum verklagsreglum fyrir starfsemi í tengslum við gagnaflæði eins og krafist er í 57. grein, þ.m.t. skýringarmynd, eftir því sem við á, til skýringar,

h) lýsingu á skriflegum verklagsreglum fyrir eftirlitsstarfsemi sem er komið á skv. 58. grein,

i) upplýsingar, eftir því sem við á, um viðeigandi tengsl við starfsemi innan ramma umhverfisstjórnunarkerfis Bandalagsins, kerfa sem falla undir samhæfðan staðal ISO14001:2004 og annarra umhverfisstjórnunarkerfa, þ.m.t. upplýsingar um aðferðir og eftirlit sem varða vöktun og skýrslugjöf í tengslum við losun gróðurhúsalofttegunda,

j) útgáfunúmer vöktunaráætlunarinnar.

2. Í vöktunaráætluninni skulu vera eftirfarandi upplýsingar fyrir umráðendur loftfara sem teljast ekki vera smálosendur skv. 1. mgr. 54. gr. eða sem ætla ekki að nota tæki fyrir smálosendur skv. 2. mgr. 54. gr.:

a) lýsing á skriflegu verklagsreglunum sem nota á til að skilgreina vöktunaraðferðina fyrir viðbótartegundir loftfara sem umráðandi loftfars gerir ráð fyrir að nota,

b) lýsing á skriflegum verklagsreglum til að vakta eldsneytisnotkun allra loftfara, þ.m.t.:

i. sú aðferð, sem valin er (aðferð A eða aðferð B) til útreiknings á eldsneytisnotkun, og ef sama aðferð er ekki notuð fyrir allar tegundir loftfara: rökstuðningur fyrir þessari aðferð og skrá þar sem tilgreint er hvaða aðferð er notuð og við hvaða aðstæður,

ii. aðferðir til að mæla áfyllt eldsneytismagn og eldsneytismagn í geymum, þ.m.t. valin aðferðarþrep, lýsing á mælitækjum sem notuð eru og aðferðir við að skrá, sækja, senda og varðveita upplýsingar varðandi mælingar, eftir því sem við á,

iii. hvaða aðferð er valin til að greina eðlismassa, eftir atvikum,

iv. aðferð við að tryggja að heildaróvissan við eldsneytismælingar sé í samræmi við kröfur þess aðferðarþreps, sem krafist er, með vísun þar sem það er unnt í landslög, ákvæði í viðskiptamannasamningum eða staðla eldsneytisbirgja fyrir nákvæmni,

c) skrá yfir frávik fyrir tiltekna flugvelli frá almennum vöktunaraðferðum, eins og lýst er í b-lið, ef umráðandi loftfars getur ekki vegna sérstakra aðstæðna lagt fram öll tilskilin gögn fyrir vöktunaraðferðina sem krafist er,

d) þar sem við á, aðferðir, sem notaðar eru við mælingu eðlismassans í tengslum við áfyllt eldsneytismagn og eldsneytismagn í geymum, þ.m.t. lýsing á viðeigandi mælitækjum eða, ef mælingar eru ekki framkvæmanlegar, staðalgildið sem notað er og rökstuðningur fyrir þeirri aðferð,

e) losunarstuðlar sem notaðir eru fyrir hverja tegund eldsneytis eða, ef um er að ræða annars konar eldsneyti, aðferðir við að ákvarða losunarstuðla, þ.m.t. aðferðir við sýnatöku, greiningaraðferðir, lýsing á rannsóknarstofum sem notaðar eru og faggildingu þeirra og/eða aðferðir þeirra við gæðatryggingu,

f) lýsing á aðferðinni sem nota á til að ákvarða staðgöngugögn til að fylla upp í gagnaeyður skv. 2. mgr. 65. gr.

3. **Lágmarksinnihald vöktunaráætlana fyrir gögn um tonnkílómetra**

Vöktunaráætlunin fyrir gögn um tonnkílómetra skal hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar:

a) þættina sem tilgreindir eru í 1. tölulið í 2. lið þessa viðauka,

b) lýsingu á skriflegum verklagsreglum við ákvörðun gagna um tonnkílómetra fyrir hvert flug, þ.m.t.:

i. aðferðir, ábyrgð, gagnalindir og reikniformúlur fyrir ákvörðun og skráningu á vegalengd fyrir hvert flugvallarpar,

ii. aðferðarþrepið sem notað er til að ákvarða massa farþega og skráðs farangurs; ef 2. aðferðarþrepið er notað þarf að leggja fram lýsingu á aðferðinni við að komast að massa farþega og farangurs,

iii. lýsing á aðferðum sem notaðar eru til að ákvarða massa farms og pósts, þar sem við á,

iv. lýsing á mælitækjunum, sem notuð eru til að mæla massa farþega, farms og pósts, eftir því sem við á.

II. VIÐAUKI

Viðmiðunarmörk aðferðarþrepa fyrir reiknimiðaðar aðferðir sem tengjast stöðvum (1. mgr. 12. gr.)

1. **Skilgreining á aðferðarþrepum fyrir gögn um starfsemi**

Viðmiðunarmörk fyrir óvissu í töflu 1 skulu gilda um aðferðarþrep sem varða kröfur um gögn um starfsemi í samræmi við a-lið, 1. mgr. 28. gr. og fyrstu undirgrein 2. mgr. 29. gr. og IV. viðauka við þessa reglugerð. Viðmiðunarmörk fyrir óvissu skal túlka sem hámark leyfilegrar óvissu við ákvörðun efnisstrauma á skýrslutímabili.

Ef tafla 1 nær ekki yfir starfsemi sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB og massajöfnuður er ekki notaður skal rekstraraðilinn nota aðferðarþrepin sem tilgreind eru í töflu 1 undir „Brennsla eldsneytis og eldsneyti sem er notað sem vinnsluílag“ fyrir þá starfsemi.

Tafla 1

Aðferðarþrep fyrir gögn um starfsemi (hámark leyfilegrar óvissu fyrir hvert aðferðarþrep)

Tegund starfsemi/efnisstraums	Mæliþáttur sem óvissan er notuð fyrir	1. aðferðarþrep	2. aðferðarþrep	3. aðferðarþrep	4. aðferðarþrep
Brennsla eldsneytis og eldsneyti sem er notað sem vinnsluílag					
Staðlað eldsneyti á markaði	Eldsneytismagn [t] eða [Nm^3]	± 7,5%	± 5%	± 2,5%	± 1,5%
Annað loftkennt eða fljótandi eldsneyti	Eldsneytismagn [t] eða [Nm^3]	± 7,5%	± 5%	± 2,5%	± 1,5%
Eldsneyti í föstu formi	Eldsneytismagn [t]	± 7,5%	± 5%	± 2,5%	± 1,5%
Brennsla gass (í afgaslogum)	Magn gass í afgaslogum [Nm3]	± 17,5%	± 12,5%	± 7,5%	
Hreinsun: karbónat (aðferð A)	Magn karbónats sem er notað [t]	± 7,5%			
Hreinsun: gifs (aðferð B)	Magn framleidds gifs [t]	± 7,5%			
Hreinsun jarðolíu					
Endurmyndun sundrunarhvata (*)	Óvissukröfur gilda sérstaklega fyrir hver upptök losunar	± 10%	± 7,5%	± 5%	± 2,5%
Vetnisframleiðsla	Vetniskolefnisílag [t]	± 7,5%	± 2,5%		
Koksframleiðsla					
Massajöfnuðaraðferð	Hvert ílags- og frálagsefni [t]	± 7,5%	± 5%	± 2,5%	± 1,5%
Brennsla og glæðing málmgrýtis					
Karbónatílag	Ílagsefni karbónats og leifar frá vinnslu [t]	± 5%	± 2,5%		
Massajöfnuðaraðferð	Hvert ílags- og frálagsefni [t]	± 7,5%	± 5%	± 2,5%	± 1,5%
Framleiðsla járns og stáls					
Eldsneyti sem notað er í ferlinu	Hvert massastreymi til og frá stöðinni [t]	± 7,5%	± 5%	± 2,5%	± 1,5%
Massajöfnuðaraðferð	Hvert ílags- og frálagsefni [t]	± 7,5%	± 5%	± 2,5%	± 1,5%
Framleiðsla á sementsgjalli					
Ílag ofns (aðferð A)	Hvert viðkomandi ílag ofns [t]	± 7,5%	± 5%	± 2,5%	
Frálag gjalls (aðferð B)	Framleitt gjall [t]	± 5%	± 2,5%		

Tegund starfsemi/efnisstraums	Mæliþáttur sem óvissan er notuð fyrir	1. aðferðarþrep	2. aðferðarþrep	3. aðferðarþrep	4. aðferðarþrep
Sementsofnaryk	Sementsofnaryk eða hjárásarryk [t]	á ekki við **	± 7,5%		
Kolefni, annað en karbónat	Hvert hráefni [t]	± 15%	± 7,5%		
Framleiðsla á kalki og glæðing á dólómíti og magnesíti					
Karbónöt (aðferð A)	Hvert viðkomandi ílag ofns [t]	± 7,5%	± 5%	± 2,5%	
Oxíð jarðalkalímálma (aðferð B)	Framleitt kalk [t]	± 5%	± 2,5%		
Ofnaryk (aðferð B)	Ofnaryk [t]	á ekki við **	± 7,5%		
Gler- og steinullarframleiðsla					
Karbónat (ílag)	Hvert hráefni sem inniheldur karbónat eða aukefni sem tengist koltvísýringslosun [t]	± 2,5%	± 1,5%		
Framleiðsla á leirvöru					
Kolefnisílag (aðferð A)	Hvert hráefni sem inniheldur karbónat eða aukefni sem tengist koltvísýringslosun [t]	± 7,5%	± 5%	± 2,5%	
Oxíð alkalímálma (aðferð B)	Verg framleiðsla, þ.m.t. úrkast og glerbrot frá ofnum og flutningum [t]	± 7,5%	± 5%	± 2,5%	
Hreinsun	Þurrt $CaCO_3$, notað [t]	± 7,5%			
Framleiðsla á pappírsmauki og pappír					
Viðbætt efni	Magn $CaCO_3$ og Na_2CO_3 [t]	± 2,5%	± 1,5%		
Framleiðsla á kinroki					
Massajöfnuðaraðferð	Hvert ílags- og frálagsefni [t]	± 7,5%	± 5%	± 2,5%	± 1,5%
Framleiðsla á ammoníaki					
Eldsneyti sem notað er í ferlinu	Magn eldsneytis notað í ferlinu [t] eða [Nm^3]	± 7,5%	± 5%	± 2,5%	± 1,5%
Framleiðsla á vetni og tilbúnu gasi					
Eldsneyti sem notað er í ferlinu	Magn eldsneytis sem er notað sem vinnsluílag fyrir vetnisframleiðslu [t] eða [Nm^3]	± 7,5%	± 5%	± 2,5%	± 1,5%
Massajöfnuðaraðferð	Hvert ílags- og frálagsefni [t]	± 7,5%	± 5%	± 2,5%	± 1,5%
Framleiðsla á lífrænum efnasamböndum í lausu					
Massajöfnuðaraðferð	Hvert ílags- og frálagsefni [t]	± 7,5%	± 5%	± 2,5%	± 1,5%
Framleiðsla eða vinnsla járnríkra málma og járnlausra málma, þ.m.t. endurunnið ál					
Losun við vinnslu	Sérhvert ílagsefni eða leifar frá vinnslu sem eru notaðar sem ílagsefni í ferlinu [t]	± 5%	± 2,5%		
Massajöfnuðaraðferð	Hvert ílags- og frálagsefni [t]	± 7,5%	± 5%	± 2,5%	± 1,5%
Framleiðsla á hrááli					
Massajöfnuðaraðferð	Hvert ílags- og frálagsefni [t]	± 7,5%	± 5%	± 2,5%	± 1,5%

Tegund starfsemi/efnisstraums	Mæliþáttur sem óvissan er notuð fyrir	1. aðferðarþrep	2. aðferðarþrep	3. aðferðarþrep	4. aðferðarþrep
Perflúorkolefnislosun (hallaaðferð)	framleiðsla á hrááli í [t], mínútur í forskautsrisi (e. *anode effect*) í [fjöldi forskautsrisa/ rafskautsdag] og [mínútur í forskautsrisi/tilvik]	± 2,5%	± 1,5%		
Perflúorkolefnislosun (yfirspennuaðferð)	hráálsframleiðsla í [t], yfirspenna í forskautsrisi [mV] og straumnýtni [-]	± 2,5%	± 1,5%		

(*) Við vöktun losunar frá endurmyndun sundrunarhvata (önnur endurmyndun í hvataferlum og koksurum af gerðinni „Flexi-coker") í hreinsunarstöðvum fyrir jarðolíu er sú óvissa, sem krafist er, tengd heildaróvissunni fyrir alla losun frá þeim upptökum.

(**) Magn [t] sementsofnaryks eða hjárásarryks (ef við á), sem fer út úr ofnakerfinu á skýrslutímabilinu, er metið út frá leiðbeiningum um bestu starfsvenjur í iðnaði.

2. **Skilgreining aðferðarþrepa fyrir reiknistuðla fyrir losun við brennslu**

Rekstraraðilar skulu vakta losun koltvísýrings frá öllum gerðum brennsluferla, sem fram fara innan allrar starfsemi sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB eða falla undir kerfi Sambandsins skv. 24. gr. þeirrar tilskipunar, með því að styðjast við skilgreiningar aðferðarþrepa sem mælt er fyrir um í þessum lið. Þar sem eldsneyti er notað sem vinnsluílag skulu gilda sömu reglur og um losun við brennslu. Ef eldsneyti er hluti af massajöfnuði í samræmi við 1. mgr. 25. gr. þessarar reglugerðar gilda skilgreiningar aðferðarþrepa fyrir massajöfnuð í 3. lið þessa viðauka.

Losun frá vinnslu frá tengdri hreinsun útblásturslofts skal vöktuð í samræmi við undirlið C í 1 lið IV viðauka.

2.1. *Aðferðarþrep fyrir losunarstuðla*

Þegar lífmassahluti fyrir blandað eldsneyti eða efni er ákvarðaður skulu skilgreind aðferðarþrep tengjast bráðabirgðalosunarstuðlinum. Aðferðarþrepin fyrir jarðefnaeldsneyti og efni skulu tengjast losunarstuðlinum.

1. aðferðarþrep: Rekstraraðilinn skal annaðhvort beita:

a) stöðluðu stuðlunum sem tilgreindir eru í 1. lið í VI. viðauka eða

b) öðrum föstum gildum í samræmi við d- eða e-lið 1. mgr. 31. gr ef ekkert viðeigandi gildi er að finna í 1. lið VI. viðauka.

Aðferðarþrep 2a: Rekstraraðilinn skal beita sértækum losunarstuðlum fyrir hvert land að því er varðar viðkomandi eldsneyti eða efni í samræmi við b- og c-lið 1. mgr. 31. gr.

Aðferðarþrep 2b: Rekstraraðilinn skal reikna út losunarstuðla fyrir eldsneytið á grundvelli annarrar af eftirtöldum settum viðmiðunum, ásamt fylgni sem byggist á athugunum sem fram fara a.m.k. einu sinni á ári í samræmi við 32. til 35. gr. og 39. gr.:

a) mælinga á eðlismassa tiltekinna olía eða lofttegunda, þ.m.t. þær sem eru sameiginlegar fyrir hreinsunar- eða stáliðnaðinn,

b) nettóvarmagildis fyrir tilteknar tegundir kola.

Rekstraraðilinn skal sjá til þess að fylgnin uppfylli kröfur um góðar starfsvenjur í verkfræði og að henni sé aðeins beitt að því er varðar gildi fyrir viðmiðunina sem eru á fyrirhuguðu bili.

3. aðferðarþrep: Rekstraraðilinn skal ákvarða losunarstuðulinn í samræmi við viðkomandi ákvæði 32. til 35. gr.

2.2. *Aðferðarþrep fyrir nettóvarmagildi*

1. aðferðarþrep: Rekstraraðilinn skal annaðhvort beita:

a) stöðluðu stuðlunum sem tilgreindir eru í 1. lið í VI. viðauka eða

b) öðrum föstum gildum í samræmi við d- eða e-lið 1. mgr. 31. gr ef ekkert viðeigandi gildi er að finna í 1. lið VI. viðauka.

Aðferðarþrep 2a: Rekstraraðilinn skal beita sértækum stuðlum fyrir hvert land að því er varðar viðkomandi eldsneyti í samræmi við b eða c-lið 1. mgr. 31. gr.

Aðferðarþrep 2b: Að því er varðar eldsneyti á markaði skal styðjast við nettóvarmagildið sem er fengið úr innkaupaskrám eldsneytisbirgis fyrir viðkomandi eldsneyti, að því tilskildu að það hafi verið ákvarðað samkvæmt samþykktum landsstöðlum eða alþjóðlegum stöðlum.

3. aðferðarþrep: Rekstraraðilinn skal ákvarða nettóvarmagildið í samræmi við 32. til 35. gr.

2.3. *Aðferðarþrep fyrir oxunarstuðla*

1. aðferðarþrep: Rekstraraðilinn skal beita oxunarstuðlinum 1.

2. aðferðarþrep: Rekstraraðilinn skal beita oxunarstuðlum fyrir viðkomandi eldsneyti í samræmi við b- eða c-lið 1. mgr. 31. gr.

3. aðferðarþrep: Rekstraraðilinn reiknar út stuðla fyrir eldsneyti sem eru sértækir fyrir tiltekna starfsemi á grundvelli viðeigandi kolefnisinnihalds í ösku, fráveituvatni og öðrum úrgangi og aukaafurðum ásamt öðrum loftkenndum formum af kolefni, sem hefur ekki verið oxað að fullu, sem skipta máli, að undanskildum kolsýringi. Gögn um samsetningu skal ákvarða í samræmi við 32. til 35. gr.

2.4. *Aðferðarþrep fyrir lífmassahluta*

1. aðferðarþrep: Rekstraraðilinn skal beita einu af gildunum sem gefin eru út í samræmi við fyrstu undirgrein 2. mgr. 39. gr. eða gildi sem ákvarðað er í samræmi við aðra undirgrein 2. mgr. 39. gr. eða 3. mgr. 39. gr.

2. aðferðarþrep: Rekstraraðilinn skal ákvarða sértæka stuðla í samræmi við 1. mgr. 39. gr.

3. **Skilgreining aðferðarþrepa fyrir reiknistuðla fyrir massajöfnuð**

Ef rekstraraðili notar massajöfnuð skv. 25. gr. skal hann nota skilgreiningar aðferðarþrepa í þessum lið.

3.1. *Aðferðarþrep fyrir kolefnisinnihald*

Rekstraraðilinn skal nota eitt aðferðarþrepanna í þessum lið. Til að reikna kolefnisinnihald út frá losunarstuðli skal rekstraraðilinn nota eftirfarandi jöfnur:

a) fyrir losunarstuðla sem gefnir eru upp sem t CO_2/TJ: $C = (EF \times NCV) / f$

b) fyrir losunarstuðla sem gefnir eru upp sem t CO_2/t: $C = EF / f$

Í þessum formúlum er C kolefnisinnihaldið, gefið upp sem brot (tonn af kolefni fyrir hvert tonn af vöru), EF er losunarstuðullinn, NCV er nettóvarmagildið og f er stuðullinn sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 36. gr.

Þegar lífmassahluti fyrir blandað eldsneyti eða efni er ákvarðaður skulu skilgreind aðferðarþrep tengjast heildarkolefnisinnihaldinu. Lífmassahluti kolefnisins skal ákvarðaður með aðferðarþrepum sem eru skilgreind í lið 2.4 í þessum viðauka.

1. aðferðarþrep: Rekstraraðilinn skal annaðhvort nota:

a) kolefnisinnihaldið sem reiknað er út frá stöðluðum stuðlum í 1. og 2. lið VI. viðauka eða

b) önnur föst gildi í samræmi við d- eða e-lið, 1. mgr. 31. gr ef ekkert viðeigandi gildi er að finna í 1. og 2. lið VI. viðauka.

Aðferðarþrep 2a: Rekstraraðilinn skal reikna út kolefnisinnihaldið með sértækum losunarstuðlum fyrir hvert land að því er varðar viðkomandi eldsneyti eða efni í samræmi við b- eða c-lið 1. mgr. 31. gr.

Aðferðarþrep 2b: Rekstraraðilinn skal reikna út kolefnisinnihald með losunarstuðlum fyrir eldsneytið á grundvelli annarrar af eftirtöldum settum viðmiðunum, ásamt fylgni sem byggist á athugunum sem fram fara a.m.k. einu sinni á ári í samræmi við 32. til 35. gr.:

a) mælinga á eðlismassa tiltekinna olía eða lofttegunda, sem eru sameiginlegar fyrir t.d. hreinsunar- eða stáliðnaðinn,

b) nettóvarmagildi fyrir tilteknar tegundir kola.

Rekstraraðilinn skal sjá til þess að fylgnin uppfylli kröfur um góðar starfsvenjur í verkfræði og að henni sé aðeins beitt að því er varðar gildi fyrir viðmiðunina sem eru á fyrirhuguðu bili.

3. aðferðarþrep: Rekstraraðilinn skal ákveða kolefnisinnihaldið í samræmi við viðkomandi ákvæði 32. til 35. gr.

3.2. *Aðferðarþrep fyrir nettóvarmagildi*

Nota skal aðferðarþrepin í lið 2.2 í þessum viðauka.

4. Skilgreining aðferðarþrepa reiknistuðla fyrir losun við vinnslu frá niðurbroti karbónats

Að því er varðar alla losun við vinnslu, ef hún er vöktuð með staðalaðferðum skv. 2. mgr. 24. gr., skal beita eftirfarandi skilgreiningum aðferðarþrepa fyrir losunarstuðulinn þegar um er að ræða:

a) Aðferð A: Byggist á ílagi; losunarstuðullinn og gögnin um starfsemi tengjast magni ílagsefnis í vinnslu.

b) Aðferð B: Byggist á frálagi; losunarstuðullinn og gögnin um starfsemi tengjast magni frálagsefnis úr vinnslu.

4.1. *Aðferðarþrep fyrir losunarstuðul með aðferð A*

1. aðferðarþrep: Magn karbónata í hverju viðkomandi ílagsefni er ákvarðað í samræmi við 32. til 35. gr. Nota skal hlutfallsstuðlana sem tilgreindir eru í 2. lið VI. viðauka til að umreikna gögn um samsetningu í losunarstuðla.

4.2. *Aðferðarþrep fyrir breytistuðul með aðferð A*

1. aðferðarþrep: Nota skal breytistuðulinn 1.

2. aðferðarþrep: Karbónöt og annað kolefni, sem fara úr ferlinu, skulu reiknast út frá breytistuðli sem er á bilinu 0–1. Rekstraraðilinn getur gert ráð fyrir fullkominni umbreytingu að því er varðar eitt eða fleiri ílagsefni og talið óumbreytt efni eða annað kolefni til ílagsefna sem eftir eru. Ákvörðun á öðrum efnafræðilegum þáttum varanna, sem skipta máli, skal vera í samræmi við 32. til 35. gr.

4.3. *Aðferðarþrep fyrir losunarstuðul með aðferð B*

1. aðferðarþrep: Rekstraraðilinn skal beita stöðluðu stuðlunum sem tilgreindir eru í töflu 3 í 2. lið VI. viðauka.

2. aðferðarþrep: Rekstraraðilinn skal beita sértækum losunarstuðli fyrir hvert land í samræmi við b eða c-lið 1. mgr. 31. gr.

3. aðferðarþrep: Ákvörðun magns viðkomandi málmoxíða sem myndast við niðurbrot karbónata í vörunni skal vera í samræmi við 32. til 35. gr. Nota skal hlutfallsstuðlana, sem um getur í töflu 3 í 2. lið VI. viðauka, til að umreikna gögn um samsetningu í losunarstuðla, að því gefnu að allt viðkomandi málmoxíð sé úr viðkomandi karbónötum.

4.4. *Aðferðarþrep fyrir breytistuðul með aðferð B*

1. aðferðarþrep: Nota skal breytistuðulinn 1.

2. aðferðarþrep: Magn efnasambanda, annarra en karbónata, í viðkomandi málmum í hráefnunum, þ.m.t. ryk eða svifaska sem skilar sér inn aftur, eða önnur efni, sem þegar hafa verið glædd, skal endurspeglast með breytistuðlum með gildi á bilinu 0–1 þar sem gildið 1 samsvarar fullkominni umbreytingu karbónata í hráefninu í oxíð. Ákvörðun á öðrum efnafræðilegum þáttum vinnsluílagsins, sem skipta máli, skal vera í samræmi við 32. til 35. gr.

III. VIÐAUKI

Vöktunaraðferðir fyrir flugsamgöngur (52. og 56. gr.)

1. **Reikniaðferðir til að ákvarða gróðurhúsaloftegundir í flugsamgöngugeiranum**

Aðferð A

Rekstraraðilinn skal nota eftirfarandi formúlu:

Raunveruleg eldsneytisnotkun í hverri flugferð [t] = magn eldsneytis í geymum loftfars eftir að áfyllingu eldsneytis fyrir flugið er lokið [t] – magn eldsneytis í geymum loftfars eftir að áfyllingu eldsneytis fyrir næsta flug er lokið [t] + áfyllt magn eldsneytis fyrir síðarnefnda flugið [t]

Ef ekki er um áfyllingu eldsneytis að ræða fyrir flugið eða fyrir næsta flug skal magn eldsneytis í geymi loftfarsins ákvarðað við hlaðfarartíma flugsins eða næsta flugs. Í undantekningartilviki þar sem loftfar er notað í annað en flug, t.d. gengst undir meiri háttar viðhald, sem felur í sér að geymar þess eru tæmdir, eftir flugið þar sem fylgst er með eldsneytisnotkun, getur umráðandi loftfars skipt út tölunum fyrir „magn eldsneytis í geymum loftfars eftir að áfyllingu eldsneytis fyrir næsta flug er lokið + áfyllt magn eldsneytis fyrir síðarnefnda flugið“ fyrir „magn eldsneytis sem eftir er í geymum við upphaf síðari notkunar loftfarsins“ samkvæmt upplýsingunum í tækniflugbókum.

Aðferð B

Rekstraraðilinn skal nota eftirfarandi formúlu:

Raunveruleg eldsneytisnotkun í hverri flugferð [t] = magn eldsneytis, sem eftir er í geymum loftfars við hlaðkomutíma í lok síðasta flugs [t] + magn áfyllts eldsneytis fyrir flugið [t] – magn eldsneytis í geymum við hlaðkomutíma í lok flugsins [t]

Hlaðkomutími getur talist svara til þess tíma þegar slökkt er á vélunum. Ef loftfar fer ekki í flugferð fyrir flugið, þar sem eldsneytisnotkunin er vöktuð, getur umráðandi loftfars skipt út „magn eldsneytis sem eftir er í geymum loftfars við hlaðkomutíma í lok síðasta flugs“ fyrir „magn eldsneytis sem eftir er í geymum loftfarsins í lok fyrri notkunar loftfarsins“ samkvæmt upplýsingunum í tækniflugbókum.

2. **Aðferðarþrep fyrir eldsneytisnotkun**

Tafla 1

Aðferðarþrep fyrir gögn um starfsemi fyrir losun frá flugstarfsemi

	Aðferðarþrep	
	1. aðferðarþrep	2. aðferðarþrep
Hámark óvissu varðandi heildarmagn eldsneytis í tonnum sem umráðandi loftfars notar á skýrslutímabilinu	± 5,0%	± 2,5%

3. **Losunarstuðlar fyrir staðlaðar eldsneytistegundir**

Tafla 2

Losunarstuðlar koltvísýrings fyrir flugvélaeldsneyti

Eldsneyti	Losunarstuðull (t CO_2/t eldsneyti)
Flugvélabensín (AvGas)	3,10
Þotubensín (Jet B)	3,10
Steinolía fyrir þotur (Jet A1 eða Jet A)	3,15

4. **Útreikningur á stórbaugsboga**

vegalengd [km] = stórbaugsbogi [km] + 95 km

Stórbaugsboginn skal vera stysta vegalengdin milli tveggja punkta á yfirborði jarðar, sem skal áætluð með því að nota kerfið sem um getur í grein 3.7.1.1. í 15. viðauka við Chicago-samninginn (WGS 84).

Breiddar- og lengdargráða flugvalla skal annaðhvort fengin úr upplýsingum um staðsetningu flugvallar sem birt eru í flugupplýsingahandbókum (e. *Aeronautical Information Publications*, AIP) í samræmi við 15. viðauka Chicago-samningsins eða frá gagnagjöfum sem styðjast við gögn úr flugupplýsingahandbókum.

Einnig er heimilt að nota vegalengdir sem reiknaðar eru út með hugbúnaði eða af hálfu þriðja aðila, að því tilskildu að reikniaðferðin byggist á formúlunni sem tilgreind er í þessum lið, upplýsingum úr flugupplýsingahandbókum og kröfum WGS 84.

IV. VIÐAUKI

Vöktunaraðferðir, sem eru sértækar fyrir tiltekna starfsemi, sem tengjast stöðvum (2. mgr. 20. gr.)

1. **Sértækar vöktunarreglur fyrir losun frá brennsluferlum**

A. *Gildissvið*

Rekstraraðilar skulu vakta losun koltvísýrings frá öllum gerðum brennsluferla, sem fram fara innan allrar starfsemi sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB eða falla undir kerfi Sambandsins skv. 24. gr. þeirrar tilskipunar, þ.m.t. tengdir hreinsunarferlar, með því að nota þær reglur sem mælt er fyrir um í þessum viðauka. Öll losun frá eldsneyti, sem notað er sem vinnsluílag, skal teljast til losunar við brennslu að því er varðar aðferðir við vöktun og skýrslugjöf, með fyrirvara um aðra flokkun fyrir losun.

Rekstraraðilinn skal hvorki vakta né gefa skýrslur um losun frá brunahreyflum sem notaðir eru við flutninga. Rekstraraðilinn skal skrifa alla losun við brennslu eldsneytis í stöðinni á stöðina, án tillits til útflutnings varma eða rafmagns til annarra stöðva. Rekstraraðilinn skal ekki skrifa losun, sem tengist framleiðslu á varma eða rafmagni, sem flutt er inn frá öðrum stöðvum, á viðtökustöðina.

Rekstraraðilinn skal telja með a.m.k. eftirfarandi upptök losunar: katla, brennara, hverfla, hitara, bræðsluofna, brennsluofna, hitunarofna, þurrkofna, hreyfla, afgasloga, hreinsitæki (losun við vinnslu) og allan annan búnað eða vélar sem nota eldsneyti, að undanskildum búnaði og vélum með brunahreyfla sem notaðir eru við flutninga.

B. *Sértækar vöktunarreglur*

Losun frá brennsluferlum skal reikna í samræmi við 1. mgr. 24. gr., nema eldsneytið sé talið með í massajöfnuði í samræmi við 25. gr. Aðferðarþrepin, sem skilgreind eru í í 2. lið II. viðauka, skulu gilda. Að auki skal vakta losun við vinnslu frá hreinsun útblásturs samkvæmt þeim ákvæðum sem mælt er fyrir um í undirlið C.

Um losun frá afgaslogum skulu gilda sérstakar kröfur, eins og mælt er fyrir um í undirlið D í þessum lið.

Brennsluferli á gasvinnslustöðvum má vakta með massajöfnuði í samræmi við 25. gr.

C. *Hreinsun útblásturs*

Losun koltvísýrings við vinnslu frá notkun karbónats við hreinsun sýrugass úr útblæstri skal reikna í samræmi við 2. mgr. 24. gr. miðað við notað karbónat, aðferð A með eftirfarandi hætti, eða gifsi sem framleitt er, aðferð B með eftirfarandi hætti.

Aðferð A: Losunarstuðull

1. aðferðarþrep: Ákvarða skal losunarstuðulinn út frá hlutfallsstuðlum eins og mælt er fyrir um í 2. lið VI. viðauka. Fylgja skal leiðbeiningum um bestu starfsvenjur í iðnaði við ákvörðun við ákvörðun á magni $CaCO_3$ og $MgCO_3$ í viðkomandi ílagsefni.

Aðferð B: Losunarstuðull

1. aðferðarþrep: Losunarstuðullinn skal vera hlutfallsstuðull fyrir þurrt gifs ($CaSO_4 \times 2H_2O$) miðað við koltvísýringinn sem er losaður: 0,2558 t CO_2/t gifs.

D. *Afgaslogar*

Við útreikning á losun frá afgaslogum skal rekstraraðilinn taka með venjubundna brennslu gass í afgaslogum og brennslu gass í afgaslogum vegna reksturs (við keyrslu, ræsingu og stöðvun og í neyðartilvikum). Rekstraraðilinn skal einnig telja með innifalinn koltvísýring í samræmi við 48. gr.

Þrátt fyrir lið 2.1 í II. viðauka skulu aðferðarþrep 1 og 2b fyrir losunarstuðulinn skilgreind með eftirfarandi hætti:

1. aðferðarþrep: Rekstraraðilinn skal nota viðmiðunarlosunarstuðulinn 0,00393 t CO_2/Nm^3 sem er reiknaður út frá brennslu hreins etans, sem er notað sem varfærnisleg viðmiðun fyrir gas í afgaslogum.

Aðferðarþrep 2b: Losunarstuðlar, sem eru sértækir fyrir tiltekna stöð, skulu reiknaðir út frá mati á mólþyngd afgasstraumsins með hjálp vinnslulíkana sem byggjast á staðallíkönum iðnaðarins. Með því að taka mið af hlutfallslegri samsetningu og mólþyngd hvers efnisstraums skal reiknað út vegið ársmeðaltal fyrir mólþyngd gassins í afgaslogunum (afgassins).

Þrátt fyrir lið 2.3 í II. viðauka skal aðeins beita 1. og 2. aðferðarþrepi fyrir oxunarstuðulinn ef um er að ræða afgasloga.

2. **Hreinsun jarðolíu eins og tilgreint er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB**

A. *Gildissvið*

Rekstraraðilinn skal vakta og tilkynna um alla koltvísýringslosun frá brennslu- og framleiðsluferlum sem fram fara í hreinsunarstöðvum.

Rekstraraðilinn skal telja með a.m.k. eftirfarandi möguleg upptök losunar á koltvísýringi: katla, búnað til hitunar við vinnslu og meðhöndlun, brunahreyfla/hverfla, hvata- og varmaoxara, koksglæðingarofna, slökkvidælur, neyðar-/vararafala, afgasloga, brennsluofna, búnað til hvatasundrunar, vetnisframleiðslueiningar, Claus-vinnslueiningar, endurmyndun hvata (sem falla til við hvatasundrun og önnur hvötuð ferli) og koksara (koksun með koksurum af gerðinni „Flexi-coker", seinkuð koksun).

B. *Sértækar vöktunarreglur*

Vöktun starfsemi í tengslum við hreinsun jarðolíu skal vera í samræmi við 1. lið þessa viðauka um losun við brennslu, þ.m.t. hreinsun útblásturs. Rekstraraðilinn getur valið að nota massajöfnuðaraðferðina í samræmi við 25. gr. fyrir alla hreinsunarstöðina eða einstakar vinnslueiningar eins og gösun svartolíu eða glæðingarstöðvar. Þegar notast er við samsetningu staðalaðferðar og massajöfnuðaraðferðar skal rekstraraðilinn leggja fyrir lögbært yfirvald gögn sem sýna fram á heildstæði viðkomandi losunar og að losun sé hvergi tvítalin.

Þrátt fyrir 24. og 25 gr. skal vakta losun frá endurmyndun sundrunarhvata, annarri endurmyndun hvata og koksurum af gerðinni „Flexi-coker" með massajöfnuði, með tilliti til ástands inntaksloftsins og útblástursins. Gera skal grein fyrir öllum kolsýringi í útblæstri sem koltvísýringi með því að beita massahlutfallinu: t CO_2 = t CO * 1,571. Greining á inntakslofti og útblæstri svo og val á aðferðarþrepi skal vera í samræmi við ákvæði 32. til 35. gr. Lögbært yfirvald skal samþykkja sértæku reikningsaðferðina.

Þrátt fyrir 24. gr. skal losun frá vetnisframleiðslu reiknuð sem gögn um starfsemi (gefin upp sem tonn af hráefnisvetniskolefni) margfaldað með losunarstuðlinum (gefinn upp sem t CO_2/t hráefni). Eftirfarandi aðferðarþrep eru skilgreind fyrir losunarstuðulinn:

1. aðferðarþrep: Rekstraraðilinn skal nota viðmiðunargildið 2,9 t CO_2 fyrir hvert tonn af unnu hráefni sem byggist á varfærnislegu mati á etani.

2. aðferðarþrep: Rekstraraðilinn skal nota losunarstuðul sem er sértækur fyrir starfsemina og reiknaður út frá kolefnisinnihaldi hráefnisgass sem ákvarðað er í samræmi við 32. til 35. gr.

3. **Koksframleiðsla sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB**

A. *Gildissvið*

Rekstraraðilinn skal telja með a.m.k. eftirfarandi möguleg upptök losunar á koltvísýringi: hráefni (þ.m.t. kol og jarðolíukoks), hefðbundin eldsneyti (þ.m.t. jarðgas), vinnslugas (þ.m.t. háofnagas), annað eldsneyti og hreinsun úrgangslofts.

B. *Sértækar vöktunarreglur*

Við vöktun losunar frá koksframleiðslu getur rekstraraðilinn valið á milli þess að nota massajöfnuð í samræmi við 25. gr. og 3. lið II. viðauka eða staðalaðferðir í samræmi við 24. gr. og 2. og 4. lið II. viðauka.

4. **Brennsla og glæðing málmgrýtis eins og tilgreint er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB**

A. *Gildissvið*

Rekstraraðilinn skal telja með a.m.k. eftirfarandi möguleg upptök losunar á koltvísýringi: hráefni (glæðing kalksteins, dólómíts og karbónatríks járngrýtis, þ.m.t. $FeCO_3$), hefðbundin eldsneyti (þ.m.t. jarðgas og koks/kokssalli), vinnslugas (þ.m.t. koksofnagas og háofnagas), leifar frá vinnslu, sem eru notaðar sem ílagsefni, þ.m.t. síað ryk frá glæðingarstöð, málmbræðsluofni og háofni, annað eldsneyti og hreinsun útblásturs.

B. *Sértækar vöktunarreglur*

Við vöktun losunar frá brennslu málmgrýtis, glæðingu eða kögglun getur rekstraraðilinn valið á milli þess að nota massajöfnuð í samræmi við 25. gr. og 3. hluta II. viðauka eða staðalaðferðir í samræmi við 24. gr. og 2. og 4. lið II. viðauka.

5. **Framleiðsla á hrájárni og stáli eins og tilgreint er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB**

A. *Gildissvið*

Rekstraraðilinn skal telja með a.m.k. eftirfarandi möguleg upptök koltvísýringslosunar: hráefni (glæðingu kalksteins, dólómíts og karbónatríks járngrýtis, þ.m.t. $FeCO_3$), hefðbundin eldsneyti (jarðgas, kol og koks), afoxunarefni (þ.m.t. koks, kol og plast), vinnslugas (koksofnagas, háofnagas og súrefnisofnagas), eyðingu grafítrafskauta, annað eldsneyti og hreinsun úrgangslofts.

B. *Sértækar vöktunarreglur*

Við vöktun losunar frá framleiðslu á hrájárni og stáli getur rekstraraðilinn valið á milli þess að nota massajöfnuð í samræmi við 25. gr. og 3. lið II. viðauka eða staðalaðferðir í samræmi við 24. gr. og 2. og 4. lið II. viðauka, a.m.k. fyrir hluta efnisstraumanna, en jafnframt skal koma í veg fyrir eyður eða tvítalningu losunar.

Þrátt fyrir lið 3.1 í II. viðauka er 3. aðferðarþrep fyrir kolefnisinnihald skilgreint með eftirfarandi hætti:

3. aðferðarþrep: Rekstraraðilinn skal reikna út kolefnisinnihald ílags- eða frálagsstraums skv. 32. til 35. gr. að því er varðar dæmigert úrtak úr eldsneyti, vörum og aukaafurðum, ásamt ákvörðun kolefnisinnihalds þeirra og lífmassahluta. Rekstraraðilinn skal miða kolefnisinnihald vara eða hálfunninna vara á árlegum greiningum skv. 32. til 35. gr. eða reikna kolefnisinnihaldið út frá meðalgildi fyrir viðkomandi samsetningar eins og tilgreint er í viðeigandi alþjóðlegum stöðlum eða landsstöðlum.

6. **Framleiðsla eða vinnsla járnríkra málma eða járnlausra málma eins og tilgreint er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB**

A. *Gildissvið*

Rekstraraðilinn skal ekki beita ákvæðunum í þessum lið að því er varðar vöktun og skýrslugjöf vegna losunar á koltvísýringi frá framleiðslu á hrájárni, stáli og hrááli.

Rekstraraðilinn skal taka til athugunar a.m.k. eftirfarandi möguleg upptök losunar á koltvísýringi: hefðbundið eldsneyti; annars konar eldsneyti, þ.m.t. kornað plastefni frá stöðvum þar sem úrgangur er tættur, afoxunarefni, þ.m.t. koks, grafítrafskaut, hráefni, þ.m.t. kalksteinn og dólómít, málmgrýti og hreinsað málmgrýti sem inniheldur kolefni svo og afleidd hráefni.

B. *Sértækar vöktunarreglur*

Ef kolefni úr eldsneyti eða ílagsefnum, sem notuð eru á þessari stöð, er eftir í vörunum eða öðru frálagi framleiðslunnar skal rekstraraðilinn nota massajöfnuð skv. 25. gr. og 3. lið í II. viðauka. Ef þetta á ekki við skal rekstraraðilinn reikna losun við brennslu og vinnslu á aðskilinn hátt með staðalaðferðum í samræmi við 24. gr. og 2. og 4. lið II. viðauka.

Ef massajöfnuður er notaður getur rekstraraðilinn valið að taka með losun frá brennsluferlum í massajöfnuðinn eða notað staðalaðferðir í samræmi við 24. gr. og 1. lið þessa viðauka fyrir hluta af efnisstraumunum, en jafnframt skal koma í veg fyrir eyður eða tvítalningu losunar.

7. **Losun á koltvísýringi frá framleiðslu eða vinnslu hrááls eins og tilgreint er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB**

A. *Gildissvið*

Rekstraraðilinn skal beita ákvæðum í þessum lið að því er varðar vöktun og skýrslugjöf vegna losunar á koltvísýringi frá framleiðslu rafskauta fyrir bræðslu hrááls, þ.m.t. sjálfstæðar stöðvar fyrir framleiðslu slíkra rafskauta.

Rekstraraðilinn skal taka til athugunar a.m.k. eftirfarandi möguleg upptök losunar á koltvísýringi: eldsneyti fyrir framleiðslu á varma eða gufu, framleiðslu á rafskautum, afoxun áloxíðs við rafgreiningu sem tengist eyðingu rafskauta og notkun sóda eða annarra karbónata fyrir hreinsun úrgangslofts.

Vakta skal tengda losun perflúorkolefna vegna forskautsriss, þ.m.t. dreifð losun, í samræmi við 8. lið þessa viðauka.

B. *Sértækar vöktunarreglur*

Rekstraraðilinn skal ákvarða losun á koltvísýringi frá framleiðslu eða vinnslu hrááls með massajöfnuðaraðferðinni í samræmi við 25. gr. Massajöfnuðaraðferðin skal taka mið af öllu kolefni í ílagi, birgðum, vörum og öðru sem tekið er út við blöndun, mótun, bökun og endurvinnslu rafskauta sem og eyðingu rafskauta í rafgreiningu. Þegar notuð eru forbökuð forskaut má annaðhvort beita aðskildum massajöfnuði fyrir framleiðslu og eyðingu eða einum sameiginlegum massajöfnuði þar sem tekið er tillit til bæði framleiðslu og eyðingar rafskauta. Ef um er að ræða Søderberg-rafskaut skal rekstraraðilinn nota einn sameiginlegan massajöfnuð.

Að því er varðar losun frá brennsluferlum getur rekstraraðilinn valið að taka hana með í massajöfnuðinn eða nota staðalaðferðir í samræmi við 24. gr. og 1. lið þessa viðauka, a.m.k. fyrir hluta af efnisstraumunum, en jafnframt skal koma í veg fyrir eyður og tvítalningu losunar.

8. **Perflúorkolefnislosun frá framleiðslu eða vinnslu hrááls eins og tilgreint er í viðauka I við tilskipun 2003/87/EB**

A. *Gildissvið*

Rekstraraðilinn skal beita eftirfarandi fyrir losun perflúorkolefnis vegna forskautsriss, þ.m.t. dreifð losun perflúorkolefnis. Fyrir tengda losun koltvísýrings, þ.m.t. losun frá framleiðslu á rafskautum, skal rekstraraðilinn beita 7. lið þessa viðauka.

B. *Ákvörðun á losun perflúorkolefnis*

Losun perflúorkolefnis skal reiknuð út frá mælanlegri losun í stokk eða reykháf („losun frá punktupptökum“) sem og dreifðri losun út frá söfnunarvirkni stokksins:

Losun perflúorkolefnis (alls) = losun perflúorkolefnis (stokkur)/söfnunarvirkni

Söfnunarvirknin skal mæld þegar losunarstuðlar fyrir hverja stöð eru ákvarðaðir. Við ákvörðunina skal nota nýjustu útgáfu leiðbeininganna sem tilgreindar eru í 3. aðferðarþrepi í lið 4.4.2.4 í viðmiðunarreglum IPCC frá 2006.

Rekstraraðilinn skal reikna losun CF_4 og C_2F_6 sem losað er um stokk eða reykháf með annarri af eftirfarandi aðferðum:

a) Aðferð A þar sem skráðar eru mínútur í forskautsrisi fyrir hvern rafskautsdag (e. *cell-day*),

b) Aðferð B þar sem skráð er yfirspenna í forskautsrisi.

Reikniaðferð A – hallaaðferð

Rekstraraðilinn skal nota eftirfarandi jöfnur til að reikna losun perflúorkolefnis:

CF_4-losun [t] = AEM × (SEF_{CF4}/1000) × Pr_{Al}

C_2F_6-losun [t] = CF_4-losun * F_{C2F6}

þar sem:

AEM = mínútur í forskautsrisi/rafskautsdag,

SEF_{CF4} = hallalosunarstuðull (e. *slope emission factor*) [(kg CF_4/t Al framleitt)/(mínútur í forskautsrisi/rafskautsdag)]. Þar sem notaðar eru mismunandi tegundir rafskauta má beita mismunandi hallalosunarstuðlum, eftir því sem við á,

Pr_{Al} = árleg framleiðsla á hrááli [t],

F_{C2F6} = þyngdarhluti C_2F_6 (t C_2F_6/t CF_4).

Mínútur í forskautsrisi á hvern rafskautsdag skulu segja til um tíðni forskautsrisa (fjöldi forskautsrisa/rafskautsdag) margfaldað með meðaltímalengd forskautsrisa (mínútur í forskautsrisi/tilvik):

AEM = tíðni × meðaltímalengd

Losunarstuðull: Losunarstuðullinn fyrir CF_4 (hallalosunarstuðull, SEF_{CF4}) segir til um magn [kg] CF_4 sem er losað fyrir hvert tonn af framleiddu áli fyrir hverja mínútu í forskautsrisi/rafskautsdag. Losunarstuðull (þyngdarhluti F_{C2F6}) C_2F_6 segir til um magn [t] C_2F_6 sem losað er hlutfallslega miðað við magn [t] CF_4 sem er losað.

1. aðferðarþrep: Rekstraraðilinn skal nota losunarstuðla, sem eru sértækir fyrir tiltekna tækni, úr töflu 1 í þessum lið IV. viðauka.

2. aðferðarþrep: Rekstraraðilinn skal nota losunarstuðla, sem eru sértækir fyrir tiltekna stöð, fyrir CF_4 og C_2F_6 sem fengnir eru með samfelldum eða ósamfelldum mælingum á staðnum. Til að ákvarða þá losunarstuðla skal rekstraraðilinn nota nýjustu útgáfu af leiðbeiningunum sem tilgreindar eru í 3. aðferðarþrepi í lið 4.4.2.4 í IPCC-viðmiðunarreglunum frá 2006([15]). Rekstraraðilinn skal ákvarða hvern losunarstuðul með ± 15% hámarksóvissu.

Rekstraraðilinn skal ákvarða losunarstuðlana a.m.k. á þriggja ára fresti eða oftar, ef nauðsyn krefur, vegna breytinga á stöðinni sem skipta máli. Viðkomandi breytingar skulu taka til breytingar á dreifingu á tímalengd forskautsrisa eða breytingar á stýrialgrími (e *control algorithm*) sem hefur áhrif á blöndun tegunda forskautsrisa eða eðli venjubundinnar lúkningar forskautsriss.

Tafla 1: Losunarstuðlar, sem eru sértækir fyrir tiltekna tækni, sem tengjast gögnum um starfsemi fyrir hallaaðferðina

Tækni	Losunarstuðull fyrir CF_4 (SEF_{CF4}) [(kg CF_4/t Al)/(mínútur í forskautsrisi/rafskautsdag)]	Losunarstuðull fyrir C_2F_6 (F_{C2F6}) [t C_2F_6/t CF_4]
CWPB-rafgreiningartækni (e. *Centre Worked Prebake*)	0,143	0,121
Søderberg-ker með lóðréttum skautgaffli (VSS)	0,092	0,053

Reikniaðferð B — yfirspennuaðferð

Þegar yfirspenna í forskautsrisi er mæld skal rekstraraðilinn nota eftirfarandi jöfnur til að ákvarða perflúorkolefnislosun:

CF_4-losun [t] = OVC × (AEO/CE) × Pr_{Al} × 0,001

C_2F_6-losun [t] = CF_4-losun × F_{C2F6}

þar sem:

OVC = reiknistuðull yfirspennu („losunarstuðull“) gefinn upp sem kg CF_4 fyrir hvert tonn af framleiddu áli á mV yfirspennu,

AEO = yfirspenna í forskautsrisi fyrir hvert rafskaut [mV], ákvarðað sem heildi (tími × spenna yfir markspennunni) deilt með tíma (lengd) gagnasöfnunar,

CE = meðalstraumnýtni álframleiðslu [%],

Pr_{Al} = árleg framleiðsla hrááls [t],

F_{C2F6} = þyngdarhluti af C_2F_6 (t C_2F_6/t CF_4).

Hugtakið AEO/CE (yfirspenna í forskautsrisi/straumnýtni) segir til um tímaþætta meðalyfirspennu í forskautsrisi [mV yfirspennu], tilgreint sem meðalstraumnýtni [%].

Losunarstuðull: Losunarstuðullinn fyrir CF_4 („reiknistuðull yfirspennu“ OVC) skal sýna magn [kg] CF_4 sem er losað fyrir hvert tonn af framleiddu áli fyrir hvert millivolt af yfirspennu [mV]. Losunarstuðull C_2F_6 (þyngdarhluti F_{C2F6}) skal fela í sér losað magn [t] C_2F_6 í hlutfalli við magn [t] CF_4 sem er losað.

1. aðferðarþrep: Rekstraraðilinn skal nota losunarstuðla, sem eru sértækir fyrir tiltekna tækni, úr töflu 1 í þessum lið IV. viðauka.

2. aðferðarþrep: Rekstraraðilinn skal nota losunarstuðla, sem eru sértækir fyrir tiltekna stöð, fyrir CF_4 [(kg CF_4/t Al)/(mV)] og C_2F_6 [t C_2F_6/t CF_4] sem fengnir eru með samfelldum eða ósamfelldum mælingum á staðnum. Til að ákvarða þá losunarstuðla skal rekstraraðilinn nota nýjustu útgáfu af leiðbeiningunum sem tilgreindar eru í 3. aðferðarþrepi í lið 4.4.2.4 í IPCC-viðmiðunarreglunum frá 2006. Rekstraraðilinn skal ákvarða losunarstuðlana með ± 15% hámarksóvissu fyrir hvern stuðul.

([15]) Alþjóðlega álstofnunin: bókun áliðnaðarins um gróðurhúsalofttegundir (e. *The Aluminium Sector Greenhouse Gas Protocol*), október 2006; Umhverfisstofnun Bandaríkjanna og Alþjóðlega álstofnunin: bókun um mælingu á losun tetraflúormetans (CF4) og hexaflúoretans (C2F6) frá framleiðslu á hrááli (e. *Protocol for Measurement of Tetrafluoromethane (CF4) and Hexafluoroethane (C2F6) Emissions from Primary Aluminum Production*), apríl 2008.

Rekstraraðilinn skal ákvarða losunarstuðlana a.m.k. á þriggja ára fresti eða oftar, ef nauðsyn krefur, vegna breytinga á stöðinni sem skipta máli. Viðkomandi breytingar skulu taka til breytingar á dreifingu á tímalengd forskautsrisa eða breytingar á stýrialgrími sem hefur áhrif á blöndun tegunda forskautsrisa eða eðli venjubundinnar lúkningar forskautsriss.

Tafla 2: Losunarstuðlar, sem eru sértækir fyrir tiltekna tækni, sem tengjast gögnum um starfsemi vegna yfirspennu

Tækni	Losunarstuðull fyrir CF_4 [(kg CF_4/t Al)/mV)]	Losunarstuðull fyrir C_2F_6 [t C_2F_6/t CF_4]
CWPB-rafgreiningartækni (e. *Centre Worked Prebake*)	1,16	0,121
Søderberg-ker með lóðréttum skautgaffli (VSS)	Á ekki við	0,053

C. *Ákvörðun losunar á jafngildiseiningum koltvísýrings*

Rekstraraðilinn skal reikna losun jafngildiseininga koltvísýrings frá losun CF_4 og C_2F_6 með eftirfarandi hætti, og styðjast við hnatthlýnunarmáttinn sem tilgreindur er í töflu 6 í 3. lið VI. viðauka:

$$\text{Perflúorkolefnislosun [t } CO_{2(e)}\text{]} = CF_4\text{-losun [t]} * GWP_{CF4} + C_2F_6\text{-losun [t]} * GWP_{C2F6}$$

9. **Framleiðsla á sementsgjalli eins og tilgreint er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB**

A. *Gildissvið*

Rekstraraðilinn skal telja með a.m.k. eftirfarandi möguleg upptök losunar á koltvísýringi: glæðingu kalksteins í hráefnunum, hefðbundin jarðefnaeldsneyti fyrir ofna, önnur jarðefnaeldsneyti og hráefni fyrir ofna, ofnaeldsneyti í formi lífmassa (lífmassaúrgangur), annað eldsneyti en eldsneyti fyrir ofna, lífrænt kolefnisinnihald kalksteins og leirsteins og hráefni til hreinsunar úrgangslofts.

B. *Sértækar vöktunarreglur*

Losun frá brennslu skal vöktuð skv. 1. lið þessa viðauka. Losun við vinnslu frá efnisþáttum hráefnisins skal vöktuð í samræmi við 4. lið II. viðauka út frá karbónatsinnihaldi vinnsluílagsins (reikniaðferð A) eða magni framleidds gjalls (reikniaðferð B). Taka skal tillit til a.m.k. eftirfarandi karbónata $CaCO_3$, $MgCO_3$ og $FeCO_3$.

Losun á koltvísýringi í tengslum við ryk sem tekið er úr ferlinu og lífrænt kolefni í hráefnunum skal bætt við í samræmi við undirlið C og D í þessum lið IV. viðauka.

Reikniaðferð A: byggist á ílagi ofns

Ef sementsofnaryk og hjárásarryk fara úr ofnakerfinu skal rekstraraðilinn ekki taka með tengd hráefni sem vinnsluílag en reikna losun frá sementsofnaryki í samræmi við undirlið C.

Ef hráefnið sem slíkt er ekki tilgreint skal rekstraraðilinn beita óvissukröfunum fyrir gögn um starfsemi fyrir hvert viðkomandi ílagsefni ofns, sem inniheldur kolefni, og koma skal í veg fyrir að efni, sem skilar sér inn aftur, eða hjárásarefni verði tvítalið eða að því verði sleppt. Ef gögn um starfsemi eru ákvörðuð á grundvelli framleidds gjalls er hægt að ákvarða hreint magn hráefnis með staðarsértæku hlutfalli hráefnis/gjalls sem byggist á athugunum. Hlutfallið skal uppfært a.m.k. einu sinni á ári með því að nota leiðbeiningar um bestu starfsvenjur í iðnaði.

Reikniaðferð B: byggist á framleiðslu gjalls

Rekstraraðilinn skal ákvarða gögn um starfsemi sem framleiðslu á gjalli [t] á skýrslutímabilinu annaðhvort með:

a) beinni vigtun gjallsins,

b) á grundvelli þess magns af sementi, sem er afhent, með efnajafnvægi að teknu tilliti til þess gjalls, sem er sent og afhent, og breytinga á birgðum gjalls, með eftirfarandi formúlu:

framleitt gjall [t] = ((afhent sement [t] – breyting á sementsbirgðum [t])* hlutfall milli sements og gjalls [t gjall/t sement]) – (afhent gjall [t]) + (sent gjall [t]) – (breyting á birgðum gjalls [t])

Rekstraraðilinn skal annaðhvort ákvarða hlutfallið milli sements og gjalls fyrir hverja mismunandi sementsafurð samkvæmt ákvæðunum í 32. til 35. gr. eða reikna hlutfallið út frá mismuninum á afhentu sementi og birgðabreytingum og öllum þeim efnum, sem notuð eru sem aukefni í sementið, þ.m.t. hjárásarryk og sementsofnaryk.

Þrátt fyrir 4. lið II. viðauka skal 1. aðferðarþrep fyrir losunarstuðulinn skilgreint með eftirfarandi hætti:

1. aðferðarþrep: Rekstraraðilinn skal beita losunarstuðlinum 0,525 t CO_2/t gjall.

C. *Losun í tengslum við ryk sem hefur verið fargað*

Rekstraraðilinn skal bæta við losun koltvísýrings frá hjárásarryki eða sementsofnaryki, sem fer úr ofnakerfinu, leiðrétt fyrir hlutglæðingarhlutfall sementsofnaryks, reiknað sem losun við vinnslu í samræmi við 2. mgr. 24. gr. Þrátt fyrir 4. lið II. viðauka skulu 1. og 2. aðferðarþrep fyrir losunarstuðulinn skilgreind með eftirfarandi hætti:

1. aðferðarþrep: Rekstraraðilinn skal beita losunarstuðlinum 0,525 t CO_2/t ryk.

2. aðferðarþrep: Rekstraraðilinn skal ákvarða losunarstuðulinn (EF) a.m.k. einu sinni á ári í samræmi við 32. til 35. gr. og nota eftirfarandi formúlu:

$$EF_{CKD} = \frac{\frac{EF_{gjall}}{1 + EF_{gjall}} * d}{1 - \frac{EF_{gjall}}{1 + EF_{gjall}} * d}$$

þar sem:

EF_{CKD} = losunarstuðull (EF) sementsofnaryks (CKD) sem er glætt að hluta til [t CO_2/t CKD],

EF_{gjall} = stöðvarsértækur losunarstuðull gjalls [t CO_2/t gjall],

d = glæðingarstig sementsofnaryks (losaður koltvísýringur sem % af heildarmagni koltvísýrings frá karbónati í hráefninu).

3. aðferðarþrep fyrir losunarstuðulinn á ekki við.

D. *Losun frá kolefni, öðru en karbónati, í hráefni*

Rekstraraðilinn skal ákvarða losunina frá kolefni, öðru en karbónati, a.m.k. frá kalksteini, leirsteini eða öðru hráefni (til dæmis svifösku) sem er notað í hráefni í ofninn í samræmi við 2. mgr. 24. gr.

Eftirfarandi skilgreiningar aðferðarþrepa skulu gilda um losunarstuðulinn:

1. aðferðarþrep: Áætla skal innihald kolefnis, annars en karbónats, í viðeigandi hráefni með því að nota leiðbeiningar um bestu starfsvenjur í iðnaði.

2. aðferðarþrep: Ákvarða skal innihald kolefnis, annars en karbónats, í viðkomandi hráefni a.m.k. árlega í samræmi við ákvæði 32. til 35. gr.

Eftirfarandi skilgreiningar aðferðarþrepa skulu gilda um breytistuðulinn:

1. aðferðarþrep: Nota skal breytistuðulinn 1.

2. aðferðarþrep: Breytistuðullinn skal reiknaður út frá bestu starfsvenjum í iðnaði.

10. **Framleiðsla kalks eða glæðing dólómíts eða magnesíts eins og tilgreint er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB**

A. *Gildissvið*

Rekstraraðilinn skal telja með a.m.k. eftirfarandi möguleg upptök losunar á koltvísýringi: glæðing kalksteins, dólómíts eða magnesíts í hráefnunum, hefðbundin jarðefnaeldsneyti fyrir ofna, önnur jarðefnaeldsneyti og hráefni fyrir ofna, ofnaeldsneyti í formi lífmassa (lífmassaúrgangur) og annað eldsneyti.

Ef brennt kalk og koltvísýringur frá kalksteininum eru notuð í hreinsunarferli, þannig að u.þ.b. sama magn koltvísýrings er bundið á ný, skal þess ekki krafist að niðurbrot karbónata og hreinsunarferlið séu talin með á aðskilinn hátt í vöktunaráætlun stöðvarinnar.

B. *Sértækar vöktunarreglur*

Losun frá brennslu skal vöktuð skv. 1. lið þessa viðauka. Losun frá vinnslu hráefna skal vöktuð í samræmi við 4. lið II. viðauka. Ávallt skal tala tillit til kalsíumkarbónats og magnesíumkarbónats. Taka skal tillit til annarra karbónata og lífrænna kolefna í hráefninu, þar sem við á.

Að því er varðar aðferðir, sem byggjast á ílagi, skal laga gildi karbónatsinnihalds að viðkomandi raka- og hratinnihaldi efnisins. Við magnesíuframleiðslu verður að taka tillit til annarra steinefna með magnesíum en karbónata, eftir því sem við á.

Koma skal í veg fyrir að efni, sem skilar sér inn aftur, eða hjárásarefni verði tvítalið eða að því verði sleppt. Þegar aðferð B er beitt verður að líta á kalkofnaryk sem aðskilinn efnisstraum þar sem það á við.

Ef koltvísýringur er notaður í stöðinni eða fluttur í aðra stöð til framleiðslu á útfelldu kalsíumkarbónati skal það magn koltvísýrings teljast losað frá stöðinni sem framleiðir koltvísýringinn.

11. **Framleiðsla á gleri, glertrefjum eða steinull til einangrunar eins og tilgreint er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB**

A. *Gildissvið*

Rekstraraðilinn skal einnig beita ákvæðunum í þessum lið að því er varðar stöðvar sem framleiða vatnsgler og steinull.

Rekstraraðilinn skal telja með a.m.k. eftirfarandi möguleg upptök losunar á koltvísýringi: niðurbrot alkalí- og jarðalkalíkarbónata vegna bræðslu hráefnisins, hefðbundin jarðefnaeldsneyti, önnur jarðefnaeldsneyti og hráefni, lífmassaeldsneyti (lífmassaúrgang), önnur eldsneyti, viðbætt efni sem innihalda kolefni, þ.m.t. koks, kolaryk og grafít, eftirbrennslu útblásturs og hreinsun útblásturs.

B. *Sértækar vöktunarreglur*

Losun frá brennslu, þ.m.t. hreinsun útblásturs, og frá vinnsluefnum, þ.m.t. koksi, grafíti og kolaryki, skal vöktuð í samræmi við 1. lið þessa viðauka. Losun frá vinnslu hráefna skal vöktuð í samræmi við 4. lið II. viðauka. Þau karbónöt sem taka á tillit til eru a.m.k. $CaCO_3$, $MgCO_3$, Na_2CO_3, $NaHCO_3$, $BaCO_3$, Li_2CO_3, K_2CO_3 og $SrCO_3$. Aðeins skal nota aðferð A.

Eftirfarandi skilgreiningar aðferðarþrepa skulu gilda um losunarstuðulinn:

1. aðferðarþrep: Nota skal hlutfallsstuðlana sem tilgreindir eru í 2. lið VI. viðauka. Hreinleiki viðeigandi ílagsefna skal ákvarðaður út frá bestu starfsvenjum í iðnaði.

2. aðferðarþrep: Magn karbónata í hverju viðkomandi ílagsefni skal ákvarðað í samræmi við 32. til 35. gr.

Aðeins 1. aðferðarþrep skal gilda um breytistuðulinn.

12. **Framleiðsla á leirvörum eins og tilgreint er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB**

A. *Gildissvið*

Rekstraraðilinn skal telja með a.m.k. eftirfarandi möguleg upptök losunar á koltvísýringi: ofnaeldsneyti, glæðingu kalksteins/dólómíts og annarra karbónata í hráefninu, kalkstein og önnur karbónöt sem eru notuð til að draga úr magni loftmengunarefna og aðra hreinsun útblásturs, viðbætt efni úr jarðefni eða lífmassa, sem notuð eru til að auka grop, t.d. pólýstýról, leifar frá pappírsframleiðslu eða sag, lífrænt jarðefni í leirnum og önnur hráefni.

B. *Sértækar vöktunarreglur*

Losun frá brennslu, þ.m.t. hreinsun útblásturs, skal vöktuð skv. 1. lið þessa viðauka. Losun frá vinnslu efnisþátta hráefna skal vöktuð í samræmi við 4. lið II. viðauka. Rekstraraðilinn má nota hvort sem er aðferð A eða B fyrir keramíkvörur sem eru framleiddar úr hreinsuðum eða tilbúnum leir. Rekstraraðilinn skal nota aðferð A fyrir keramíkvörur, sem eru framleiddar úr óunnum leir, og þegar notaður er leir eða viðbætt efni sem innihalda lífræn efni í verulegum mæli. Ávallt skal tala tillit til kalsíumkarbónats. Taka skal tillit til annarra karbónata og lífrænna kolefna í hráefninu, þar sem við á.

Þrátt fyrir 4. lið II. viðauka skulu eftirfarandi skilgreiningar aðferðarþrepa eiga við um losunarstuðla fyrir losun við vinnslu:

Aðferð A (byggist á ílagi)

1. aðferðarþrep: Í stað þess að nota niðurstöður greininga skal reikna losunarstuðulinn út frá varfærnislegu gildi sem er 0,2 tonn af $CaCO_3$ (samsvarar 0,08794 tonnum af koltvísýringi) fyrir hvert tonn af þurrum leir.

2. aðferðarþrep: Losunarstuðull fyrir hvern efnisstraum skal ákvarðaður og uppfærður a.m.k. einu sinni á ári út frá bestu starfsvenjum í iðnaði með tilliti til sérstakra aðstæðna stöðvarinnar og framleiðslusamsetningar hennar.

3. aðferðarþrep: Samsetning viðkomandi hráefna skal ákvörðuð í samræmi við 32. til 35. gr.

Aðferð B (byggist á frálagi)

1. aðferðarþrep: Í stað þess að nota niðurstöður greininga skal reikna losunarstuðulinn út frá varfærnislegu gildi sem er 0,123 tonn af CaO (samsvarar 0,09642 tonnum af koltvísýringi) fyrir hvert tonn af vöru.

2. aðferðarþrep: Losunarstuðull er ákvarðaður og uppfærður a.m.k. einu sinni á ári út frá bestu starfsvenjum í iðnaði með tilliti til sérstakra aðstæðna stöðvarinnar og framleiðslusamsetningar hennar.

3. aðferðarþrep: Samsetning hráefna í vörunum skal ákvörðuð í samræmi við 32. til 35. gr.

Þrátt fyrir 1. lið þessa viðauka skal eftirfarandi aðferðarþrep gilda um losunarstuðul vegna hreinsunar útblásturs:

1. aðferðarþrep: Rekstraraðilinn skal beita hlutfallsstuðli $CaCO_3$ eins og sýnt er í 2. lið VI. viðauka.

Fyrir hreinsun skal ekki nota neitt annað aðferðarþrep eða breytistuðul. Koma skal í veg fyrir tvítalningu vegna notaðs kalksteins sem er endurnýttur sem hráefni í sömu stöðinni.

13. **Framleiðsla á gifsvörum og gifsplötum eins og tilgreint er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB**

A. *Gildissvið*

Rekstraraðilinn skal telja með a.m.k. losun koltvísýrings frá öllum gerðum brennslustarfsemi.

B. *Sértækar vöktunarreglur*

Losun frá brennslu skal vöktuð skv. 1. lið þessa viðauka.

14. **Framleiðsla á pappírsmauki og pappír eins og tilgreint er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB**

A. *Gildissvið*

Rekstraraðilinn skal telja með a.m.k. eftirfarandi möguleg upptök losunar á koltvísýringi: katla, gashverfla og annan brennslubúnað sem framleiðir gufu eða orku, endurnýtingarsuðukatla og annan búnað sem brennir notaðan suðuvökva, brennsluofna, kalkofna og glæðingarofna, hreinsun úrgangslofts og þurrkofna sem eru kyntir með eldsneyti (t.d. innrauða þurrkofna).

B. *Sértækar vöktunarreglur*

Vöktun losunar frá brennslu, þar með talin hreinsun útblásturs, skal vera í samræmi við 1. lið þessa viðauka.

Losun frá vinnslu hráefna, sem notuð eru sem viðbætt efni, þ.m.t. að minnsta kosti kalksteinn eða sódi, skal vöktuð með aðferð A í samræmi við 4. lið II. viðauka. Losun koltvísýrings frá endurheimt kalksteinseðju við framleiðslu á pappírsmauki skal teljast koltvísýringur úr endurunnum lífmassa. Einungis skal magn koltvísýrings, sem er hlutfallslegt við ílag viðbættra efna, teljast valda losun á koltvísýringi úr jarðefnaeldsneyti.

Ef koltvísýringur er notaður í stöðinni eða fluttur í aðra stöð til framleiðslu á útfelldu kalsíumkarbónati skal það magn koltvísýrings teljast losað frá stöðinni sem framleiðir koltvísýringinn.

Eftirfarandi skilgreiningar aðferðarþrepa skulu gilda um losunarstuðulinn fyrir losun frá viðbættum efnum:

1. aðferðarþrep: Nota skal hlutfallsstuðlana sem tilgreindir eru í 2. lið VI. viðauka. Ákvarða skal hreinleika viðkomandi ílagsefna út frá bestu starfsvenjum í iðnaði. Fengin gildi skulu aðlöguð í samræmi við raka- og hratinnihaldi þeirra karbónatefna sem notuð eru.

2. aðferðarþrep: Ákvarða skal magn viðkomandi karbónata í hverju viðkomandi ílagsefni í samræmi við 32. til 35. gr.

Aðeins 1. aðferðarþrep skal gilda um breytistuðulinn.

15. **Framleiðsla á kinroki eins og tilgreint er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB**

A. *Gildissvið*

Rekstraraðilinn skal telja með a.m.k. allt eldsneyti fyrir brennslu og allt eldsneyti, sem er notað sem vinnsluefni, sem upptök losunar á koltvísýringi.

B. *Sértækar vöktunarreglur*

Losun frá framleiðslu kinroks má vakta annaðhvort sem brennsluferli, þ.m.t. hreinsun útblásturs, í samræmi við 1. lið þessa viðauka eða með því að nota massajöfnuð í samræmi við 25. gr. og 3. lið II. viðauka.

16. **Ákvörðun á losun níturoxíðs (N_2O) frá framleiðslu á saltpéturssýru, adipínsýru, kaprólaktami, glýoxali og glýoxýlsýru eins og tilgreint er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB**

A. *Gildissvið*

Hver rekstraraðili skal taka til athugunar fyrir hvers kyns starfsemi sem leiðir til losunar á níturoxíði, öll upptök sem losa níturoxíð í framleiðsluferlum, þ.m.t. þar sem losun níturoxíðs í framleiðslu er beint í gegnum hreinsibúnað. Þar með talið er eftirfarandi:

a) framleiðsla á saltpéturssýru — losun á níturoxíði frá hvataðri oxun á ammoníaki og/eða frá hreinsunarbúnaði fyrir NO_x/N_2O,

b) framleiðslu á adipínsýru — losun á níturoxíði, þ.m.t. losun frá oxunarhvörfum, hvers kyns búnaði fyrir beina loftun við vinnslu og/eða mengunarvarnarbúnaði,

c) framleiðslu á glýoxali og glýoxýlsýru — losun á níturoxíði, þ.m.t. losun frá efnahvörfum við vinnslu, hvers kyns búnaði fyrir beina loftun við vinnslu og/eða mengunarvarnarbúnaði,

d) Framleiðslu á kaprólaktami — losun á níturoxíði, þ.m.t. losun frá efnahvörfum við vinnslu, hvers kyns búnaði fyrir beina loftun við vinnslu og/eða mengunarvarnarbúnaði.

Þessi ákvæði skulu ekki gilda um neina losun níturoxíðs frá brennslu eldsneytis.

B. *Ákvörðun á losun níturoxíðs*

B.1. Árleg losun níturoxíðs

Rekstraraðilinn skal vakta losun níturoxíðs frá framleiðslu saltpéturssýru með samfelldum mælingum á losun. Rekstraraðilinn skal vakta losun níturoxíðs frá framleiðslu á adipínsýru, kaprólaktami, glýoxali og glýoxýlsýru með mælimiðaðri aðferð fyrir losun með hreinsun og með reiknimiðaðri aðferð (á grundvelli massajöfnuðaraðferðarinnar) fyrir tímabundin tilvik losunar án hreinsunar.

Fyrir hver upptök losunar þar sem beitt er samfelldum mælingum á losun skal rekstraraðilinn líta svo á að heildarlosun á ári sé samtala allrar losunar á klukkustund samkvæmt eftirfarandi formúlu:

$$N_2O\ losun_{árleg}\ [t] = \Sigma\ [N_2O\ styrkur_{á\ klst.}\ [mg/Nm^3] * útblástursstreymi_{á\ klst.}\ [Nm^3/h]] * 10^{-9}$$

þar sem:

N_2O-losun$_{árleg}$ = árleg heildarlosun af níturoxíði frá upptökum losunar í tonnum af níturoxíði

N_2O-styrkur$_{klst.}$= styrkur níturoxíðs á klukkustund í mg/Nm^3 í útblástursstreyminu sem er mælt þegar starfsemin fer fram

Útblástursstreymi = útblástursstreymi sem er ákvarðað í Nm^3/h fyrir hvern styrk á klukkustund

B.2. Losun níturoxíðs á klukkustund

Rekstraraðilinn skal reikna út árlegt klukkustundarmeðaltal losunar á níturoxíði fyrir hver upptök þar sem samfelldri mælingu er beitt með eftirfarandi jöfnu:

$$N_2O\text{-losun}_{meðalt.\ á\ klst.}[kg/h] = \frac{\sum(N_2O\ styrkur_{á\ klst.}[mg/Nm^3] * útblástursstreymi\ [Nm^3/h] * 10^{-6}}{\text{Klukkustundir í rekstri [h]}}$$

þar sem:

N_2O-losun$_{klst.meðaltal}$= árlegt klukkustundarmeðaltal losunar á níturoxíði í kg/h frá upptökunum,

N_2O-styrkur$_{á\ klst.}$= styrkur níturoxíðs á klukkustund í mg/Nm^3 í útblástursstreyminu sem er mælt þegar starfsemin fer fram,

Útblástursstreymi = útblástursstreymi sem er ákvarðað í Nm^3/klst. fyrir hvern styrk á klukkustund.

Rekstraraðilinn skal ákvarða styrk nituroxíðs á klukkustund [mg/Nm^3] í útblæstrinum frá hverjum upptökum losunar með mælimiðaðri aðferð á viðmiðunarpunkti, eftir notkun hreinsibúnaðar fyrir NO_x/N_2O, hafi hann verið notaður. Rekstraraðilinn skal beita tækni sem gerir kleift að mæla styrk nituroxíðs frá öllum upptökum losunar, bæði þegar hreinsun fer fram og þegar hún fer ekki fram. Ef óvissa eykst á slíkum tímabilum skal rekstraraðilinn taka tillit til þess við óvissumatið.

Rekstraraðilinn skal miða allar mælingar við þurrt loft, þar sem þess er krafist, og tilgreina þær á samræmdan hátt.

B.3. Ákvörðun á útblástursstreymi

Rekstraraðilinn skal beita aðferðunum til að vakta útblástursstreymi sem settar eru fram í 5. mgr. 43. gr. þessarar reglugerðar til að mæla útblástursstreymið fyrir vöktun losunar á nituroxíði. Rekstraraðilinn skal beita aðferðinni í samræmi við a-lið í 5. mgr. 43. gr. að því er varðar framleiðslu á saltpéturssýru, nema það sé ekki tæknilega mögulegt. Í því tilviki og að fengnu samþykki lögbærs yfirvalds skal rekstraraðilinn beita staðgönguaðferð, þ.m.t. massajöfnuðaraðferð, sem byggist á mikilvægum mæliþáttum, s.s. ammoníaksílagi, eða ákvörðun á streymi með samfelldum mælingum á losunarstreymi

Útblástursstreymið skal reiknað í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$V_{útblástursstreymi}\ [Nm^3/h] = V_{loft} * (1 - O_{2,loft})/(1 - O_{2,útblástur})$$

þar sem:

V_{loft} = heildarstreymi inntakslofts í Nm^3/h við staðalskilyrði,

$O_{2,loft}$ = rúmmálshluti O_2 í þurru lofti [= 0,2095],

$O_{2,útblástur}$ = rúmmálshluti O_2 í útblæstrinum.

Reikna skal V_{loft} sem summuna af öllu því loftstreymi sem fer inn í framleiðslueininguna fyrir saltpéturssýru.

Rekstraraðilinn skal beita eftirfarandi formúlu, nema að annað sé tekið fram í vöktunaráætluninni:

$$V_{loft} = V_{megin} + V_{auka} + V_{innsiglað}$$

þar sem:

V_{megin} = meginstreymi inntakslofts í Nm^3/h við staðalskilyrði,

V_{auka} = aukastreymi inntakslofts í Nm^3/h við staðalskilyrði,

$V_{innsiglað}$ = innsiglað streymi inntakslofts í Nm^3/h við staðalskilyrði.

Rekstraraðilinn skal ákvarða V_{megin} með samfelldri streymismælingu áður en blöndun með ammoníaki fer fram. Rekstraraðilinn skal ákvarða V_{auka} með samfelldri streymismælingu, þ.m.t. ef mælingin er gerð áður en varmaendurheimt fer fram. Fyrir $V_{innsiglað}$ skal rekstraraðilinn taka til athugunar hreinsað loftstreymi innan framleiðsluferlis saltpéturssýrunnar.

Að því er varðar streymi inntakslofts sem samtals er minna en 2,5% af heildarloftstreyminu er lögbæru yfirvaldi heimilt að samþykkja matsaðferðir til að ákvarða loftstreymið sem rekstraraðilinn hefur lagt til á grundvelli bestu starfsvenja í iðnaðinum.

Rekstraraðilinn skal nota mælingar við venjulegar notkunaraðstæður til að færa sönnur á að útblástursstreymið, sem mælt er, sé nægilega stöðugt til að unnt sé að beita fyrirhugaðri mæliaðferð. Ef þessar mælingar sýna óstöðugt streymi skal rekstraraðilinn taka tillit til þess þegar viðeigandi vöktunaraðferðir eru ákvarðaðar og þegar óvissa í tengslum við losun á nituroxíði er reiknuð út.

Rekstraraðilinn skal miða allar mælingar við þurrt lost þar sem þarf og tilgreina á samræmdan hátt.

B.4. Styrkur súrefnis (O_2)

Rekstraraðilinn skal mæla styrk súrefnis í útblæstrinum þar sem þess er þörf til að reikna út útblásturstreymið í samræmi við undirlið B.3 í þessum lið IV. viðauka. Með því skal rekstraraðilinn fara að kröfum fyrir styrkmælingar í 1. og 2. mgr. 41. gr. Við ákvörðun á óvissu í tengslum við losun nituroxíðs skal rekstraraðilinn taka tillit til óvissu í mælingum á styrk súrefnis.

Rekstraraðilinn skal miða allar mælingar við þurrt loft, þar sem þess er krafist, og tilgreina þær á samræmdan hátt.

B.5. Útreikningur losunar á níturoxíði

Fyrir sérstaka, reglubundna, óhreinsaða losun á níturoxíði frá framleiðslu á adipínsýru, kaprólaktami, glýoxali og glýoxýlsýru, þ.m.t. óhreinsuð losun frá loftun af öryggisástæðum og þegar hreinsunarbúnaðurinn bilar, og ef samfelld vöktun losunar á níturoxíði er ekki tæknilega möguleg skal rekstraraðilinn, að fengnu samþykki lögbærs yfirvalds fyrir þeirri sértæku aðferð, reikna út losun á níturoxíði með massajöfnuðaraðferðinni. Í þeim tilgangi skal heildaróvissan vera svipuð niðurstöðunni sem fengist með því að beita kröfum um aðferðarþrep í 1. og 2. mgr. 41. gr. Rekstraraðilinn skal byggja reikniaðferðina á mögulegri hámarkslosun á níturoxíði frá efnahvarfinu sem fer fram á þeim tíma og því tímabili sem losunin á sér stað.

Við ákvörðun á árlegu klukkustundarmeðaltali óvissu fyrir tiltekin upptök losunar skal rekstraraðilinn taka tillit til óvissunnar í útreiknaðri losun fyrir upptökin.

B.6. Ákvörðun á framleiðslugetu starfsemi

Reikna skal framleiðslugetu með því að nota skýrslur um daglega framleiðslu og fjölda klukkustunda í starfrækslu.

B.7. Sýnatökutíðni

Reikna skal út gilt klukkustundarmeðaltal eða gild klukkustundarmeðaltöl fyrir styttri viðmiðunartímabil í samræmi við 44. gr. að því er varðar:

a) styrk níturoxíðs í útblæstrinum,

b) heildarútblástursstreymi ef það er mælt beint og ef þess er krafist,

c) allt loftstreymi og súrefnisstyrk sem er nauðsynlegt til að ákvarða heildarútblástursstreymi með óbeinum hætti.

C. *Ákvörðun árlegrar jafngildiseiningar koltvísýrings — $CO_{2(e)}$*

Rekstraraðilinn skal umreikna árlega heildarlosun á níturoxíði frá öllum upptökum losunar, sem er mæld í tonnum með þremur aukastöfum, í árlega jafngildiseiningu koltvísýrings í tonnum og skal hún námunduð að heilli tölu, með eftirfarandi formúlu og gildum hnatthlýnunarmáttar í 3. lið VI. viðauka:

$$CO_{2(e)}\,[t] = N_2O_{árlega}[t] * GWP_{N2O}$$

Árlegu heildarmagni $CO_{2(e)}$ frá öllum upptökum losunar og allri beinni losun koltvísýrings frá öðrum upptökum losunar, sem er tilgreind í leyfinu til losunar gróðurhúsalofttegunda, skal bætt við árlega heildarlosun á koltvísýringi frá viðkomandi stöð og notað til skýrslugjafar og innskila í tengslum við losunarheimildir.

Árleg heildarlosun á níturoxíði skal skráð í tonnum með þremur aukastöfum og sem tonn af $CO_{2(e)}$, námunduð að heilli tölu.

17. **Framleiðsla á ammoníaki eins og tilgreint er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB**

A. *Gildissvið*

Rekstraraðilinn skal telja með a.m.k. eftirfarandi möguleg upptök losunar á koltvísýringi: brennslu eldsneytis til að veita varma til umbreytingar eða hlutaoxunar, eldsneyti sem er notað sem vinnsluílag við framleiðsluferli ammoníaks (umbreyting eða hlutaoxun), eldsneyti sem er notað fyrir önnur brennsluferli, þ.m.t. til að framleiða heitt vatn eða gufu.

B. *Sértækar vöktunarreglur*

Að því er varðar vöktun losunar frá brennsluferlum og frá eldsneyti, sem er notað sem vinnsluílag, skal beita stöðluðum aðferðum í samræmi við 24. gr. og 1. lið þessa viðauka.

Ef koltvísýringur frá framleiðslu ammoníaks er notaður sem hráefni við framleiðslu þvagefnis eða annarra íðefna eða er fluttur út úr stöðinni til einhverra nota, sem ekki falla undir 1. mgr. 49. gr., skal tengt magn koltvísýrings teljast losað frá stöðinni sem framleiðir koltvísýringinn.

18. **Framleiðsla á lífrænum efnasamböndum í lausu eins og tilgreint er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB**

A. *Gildissvið*

Rekstraraðilinn skal telja með a.m.k. eftirfarandi upptök losunar á koltvísýringi: sundrun (hvötuð eða óhvötuð), umbreytingu, hlutaoxun eða oxun að fullu, svipuð ferli sem leiða til losunar á koltvísýringi frá kolefni í hráefni úr vetniskolefni, bruna úrgangslofts og brennslu gass í afgaslogum, sem og brennslu eldsneytis í öðrum brunaferlum.

B. *Sértækar vöktunarreglur*

Ef framleiðsla lífrænna efnasambanda í lausu er tæknilega samþætt í jarðolíuhreinsunarstöð skal rekstraraðili þeirrar stöðvar beita viðkomandi ákvæðum 2. lið þessa viðauka.

Þrátt fyrir fyrsta undirlið skal rekstraraðilinn vakta losun frá brennsluferlum, þar sem eldsneytið sem er notað er ekki hluti af eða stafar ekki frá efnahvörfum við framleiðslu lífrænna efnasambanda í lausu, með stöðluðu aðferðinni í samræmi við 24. gr. og 1. lið þessa viðauka. Í öllum öðrum tilvikum getur rekstraraðilinn valið að vakta losun frá framleiðslu lífrænna efnasambanda í lausu með massajöfnuðaraðferð í samræmi við 25. gr. eða staðlaðri aðferð í samræmi við 24. gr. Ef staðlaða aðferðin er notuð skal rekstraraðilinn leggja fyrir lögbært yfirvald gögn þess efnis að aðferðin, sem er valin, taki til allrar viðkomandi losunar sem myndi einnig falla undir massajöfnuðaraðferð.

Við ákvörðun á kolefnisinnihaldi skv. 1. aðferðarþrepinu skal nota viðmiðunarlosunarstuðlana í töflu 5 í VI. viðauka. Að því er varðar efni, sem ekki eru tilgreind í töflu 5 í VI. viðauka eða öðrum ákvæðum þessarar reglugerðar, skal rekstraraðilinn reikna kolefnisinnihaldið út frá efnahlutfalli kolefnisinnihalds í hreinu efni og styrk efnisins í ílags- eða frálagsstreyminu.

19. **Framleiðsla á vetni og tilbúnu gasi eins og tilgreint er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB**

A. *Gildissvið*

Rekstraraðilinn skal telja með a.m.k. eftirfarandi möguleg upptök losunar koltvísýrings: eldsneyti sem er notað við framleiðsluferli (umbreytingu eða hlutaoxun) vetnis eða tilbúins gass og eldsneyti sem er notað fyrir önnur brennsluferli, þ.m.t. til að framleiða heitt vatn eða gufu. Tilbúið gas, sem er framleitt, skal teljast efnisstraumur samkvæmt massajöfnuðaraðferðinni.

B. *Sértækar vöktunarreglur*

Að því er varðar vöktun losunar frá brennsluferlum og frá eldsneyti, sem er notað sem vinnsluílag við framleiðslu á vetni, skal beita stöðluðum aðferðum í samræmi við 24. gr. og 1. lið þessa viðauka.

Við vöktun losunar frá framleiðslu á tilbúnu gasi skal nota massajöfnuð í samræmi við 25. gr. Að því er varðar losun frá aðskildum brennsluferlum getur rekstraraðilinn valið að taka hana með í massajöfnuðinn eða nota staðalaðferðir í samræmi við 24. gr., a.m.k. fyrir hluta af efnisstraumunum, en jafnframt skal koma í veg fyrir eyður og tvítalningu losunar.

Ef vetni og tilbúið gas eru framleidd á sömu stöð skal rekstraraðilinn reikna losun á koltvísýringi með annaðhvort aðgreindum aðferðum fyrir vetni og fyrir tilbúið gas, eins og tilgreint er í fyrstu tveimur liðum þessa undirliðar, eða nota einn sameiginlegan massajöfnuð

20. **Framleiðsla á sóda og natríumbíkarbónati eins og tilgreint er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB**

A. *Gildissvið*

Til upptaka losunar og efnisstrauma að því er varðar losun á koltvísýringi frá stöðvum, sem framleiða sóda og natríumbíkarbónat, skal telja:

a) eldsneyti sem er notað fyrir brennsluferli, þ.m.t. eldsneyti til að framleiða heitt vatn eða gufu,

b) hráefni, þ.m.t. loftunarloftegundir frá glæðingu kalksteins, svo fremi þær séu ekki notaðar til kolsýringar,

c) úrgangsloft frá þvotta- eða síunarskrefum eftir kolsýringu, svo fremi það sé ekki notað til kolsýringar.

B. *Sértækar vöktunarreglur*

Fyrir vöktun losunar frá framleiðslu á sóda og natríumbíkarbónati skal rekstraraðilinn nota massajöfnuð í samræmi við 25. gr. Að því er varðar losun frá brennsluferlum getur rekstraraðilinn valið að taka hana með í massajöfnuðinn eða nota staðalaðferðir í samræmi við 24. gr., a.m.k. fyrir hluta af efnisstraumunum, en jafnframt skal koma í veg fyrir eyður og tvítalningu losunar.

Ef koltvísýringur frá framleiðslu á sóda er notaður við framleiðslu á natríumbíkarbónati skal líta svo á að magn koltvísýrings, sem notað er til að framleiða natríumbíkarbónat úr sóda, sé losað frá stöðinni sem framleiðir koltvísýringinn.

21. **Ákvörðun á losun gróðurhúsalofttegunda frá starfsemi í tengslum við föngun koltvísýrings til að flytja og geyma hann í jörðu á geymslusvæði sem hefur fengið til þess leyfi samkvæmt tilskipun 2009/31/EB**

A. *Gildissvið*

Föngun koltvísýrings skal annaðhvort fara fram á sérhæfðri stöð, sem tekur við koltvísýringi sem er fluttur frá öðrum stöðvum, eða á sömu stöð, sem annast þá starfsemi sem leiðir til framleiðslu koltvísýringsins, sem skal fanga, samkvæmt sama leyfinu til losunar gróðurhúsaloftegunda. Allir hlutar stöðvarinnar sem tengjast föngun koltvísýrings, millistigsgeymslu, flutningi í flutninganet fyrir koltvísýring eða á stað fyrir geymslu koltvísýrings í jörðu skulu teljast með í leyfinu til losunar gróðurhúsalofttegunda og þeir tilgreindir í viðkomandi vöktunaráætlun. Ef um er að ræða stöð, sem sinnir annarri starfsemi sem fellur undir tilskipun 2003/87/EB, skal losun frá þeirri starfsemi vöktuð í samræmi við aðra viðeigandi liði þessa viðauka.

Rekstraraðili, sem annast starfsemi í tengslum við föngun koltvísýrings, skal a.m.k. telja með eftirfarandi möguleg upptök losunar á koltvísýringi:

a) koltvísýring sem er fluttur á föngunarstöð,

b) brennslu og aðra tengda starfsemi í stöðinni sem tengjast fönguninni, þ.m.t. notkun eldsneytis og ílagsefna.

B. *Magnákvörðun á fluttu og losuðu koltvísýringsmagni*

B.1. Magnákvörðun innan stöðvar

Hver rekstraraðili skal reikna losunina með því að taka tillit til hugsanlegrar losunar á koltvísýringi frá öllum ferlum í stöðinni, sem skipta máli að því er varðar losun, og þess koltvísýringsmagns sem er fangað og flutt í flutninganetið, með eftirfarandi formúlu:

$$E_{föngunarstöð} = T_{ílag} + E_{án\ föngunar} - T_{til\ geymslu}$$

þar sem:

$E_{föngunarstöð}$ = heildarlosun gróðurhúsalofttegunda í föngunarstöðinni,

$T_{ílag}$= magn koltvísýrings sem er flutt til föngunarstöðvarinnar, ákvarðað í samræmi við 40. til 46. gr. og 49. gr.

$E_{án\ föngunar}$ = losun stöðvarinnar ef koltvísýringurinn er ekki fangaður, þ.e. samtala losunarinnar frá allri annarri starfsemi stöðvarinnar, sem vöktuð er í samræmi við viðkomandi liði IV. viðauka,

$T_{til\ geymslu}$ = magn koltvísýrings sem flutt er til flutninganets eða á geymslusvæði, ákvarðað í samræmi við 40. til 46. gr. og 49. gr.

Ef koltvísýringurinn er fangaður í sömu stöð og fangaði koltvísýringurinn er upprunalega frá skal rekstraraðilinn nota núll fyrir $T_{ílag}$.

Ef um er að ræða sjálfstæðar föngunarstöðvar skal rekstraraðilinn líta svo á að $E_{án\ föngunar}$ sé magn losunar sem stafar frá öðrum upptökum en koltvísýringurinn sem er fluttur er til stöðvarinnar til föngunar. Rekstraraðilinn skal ákvarða þá losun í samræmi við þessa reglugerð.

Ef um er að ræða sjálfstæðar föngunarstöðvar skal rekstraraðili stöðvarinnar, sem flytur koltvísýring til föngunarstöðvarinnar, draga magn $T_{ílag}$ frá losun eigin stöðvar í samræmi við 49. gr.

B.2. Ákvörðun á fluttum koltvísýringi

Hver rekstraraðili skal ákvarða magn koltvísýringsins sem er flutt til og frá föngunarstöðinni í samræmi við 49 gr. með því að beita mælingaraðferðum í samræmi við 40. til 46. gr.

Einungis ef rekstraraðili stöðvarinnar, sem flytur koltvísýring til föngunarstöðvar, sýnir lögbæru yfirvaldi með fullnægjandi hætti fram á að koltvísýringur, sem er fluttur til föngunarstöðvarinnar, sé fluttur í heild sinni og a.m.k. með sömu nákvæmni getur lögbært yfirvald heimilað þeim rekstraraðila að nota reiknimiðaðar aðferðir í samræmi við 24. eða 25. gr. til að ákvarða magn $T_{ílags}$ í stað mælimiðaðra aðferða í samræmi við 40. til 46. gr. og 49. gr.

22. **Ákvörðun á losun gróðurhúsalofttegunda frá flutningi á koltvísýringi um leiðslur til geymslu í jörðu á geymslusvæði sem hefur fengið til þess leyfi samkvæmt tilskipun 2009/31/EB**

A. *Gildissvið*

Mæla skal fyrir um mörkin fyrir vöktun og skýrslugjöf vegna losunar frá flutningi koltvísýrings um leiðslur í leyfi flutninganetsins til losunar gróðurhúsaloftegunda, þ.m.t. allar viðbótarstöðvar, sem eru rekstrarlega tengdar flutninganetinu, þ.m.t. þjöppunarstöðvar og hitarar. Í hverju flutningakerfi skulu vera a.m.k. einn upphafspunktur og einn endapunktur og skal hver þeirra vera tengdur við aðrar stöðvar sem sinna einni eða fleiri af eftirfarandi starfsemi: föngun, flutningi eða geymslu koltvísýrings í jörðu. Upphafs- og endapunktar geta náð yfir kvíslun í flutninganetinu og landamæri. Mæla skal fyrir um upphafs- og endapunkta og stöðvarnar, sem þeir tengjast, í leyfinu til losunar gróðurhúsalofttegunda.

Hver rekstraraðili skal taka til athugunar a.m.k. eftirfarandi möguleg upptök losunar á koltvísýringi: brennslu og önnur ferli á stöðvum sem rekstrarlega tengjast flutninganetinu, þ.m.t. þjöppunarstöðvar, dreifða losun frá flutninganetinu, loftaða losun frá flutninganetinu og losun frá lekaatvikum í flutninganetinu.

B. *Magngreiningaraðferðir fyrir koltvísýring*

Rekstraraðili flutninganeta skal ákvarða losun með því að nota eina af eftirfarandi aðferðum:

a) Aðferð A (heildarmassajöfnuður allra ílags- og frálagsstrauma) sem mælt er fyrir um í undirlið B.1,

b) Aðferð B (vöktun hverra upptaka losunar fyrir sig) sem mælt er fyrir um í undirlið B.2.

Þegar rekstraraðili velur annaðhvort aðferð A eða B skal hann sýna lögbæru yfirvaldi fram á að valin aðferðin muni leiða til áreiðanlegri niðurstaðna með minni óvissu um heildarlosunina með hjálp bestu fáanlegu tækni og þekkingu hverju sinni þegar sótt er um leyfi til losunar gróðurhúsalofttegunda og þegar vöktunaráætlunin er samþykkt, án þess að stofna til óhóflegs kostnaðar. Þegar aðferð B er valin skal hver rekstraraðili sýna lögbæru yfirvaldi með fullnægjandi hætti fram á að heildaróvissa að því er varðar árlega losun gróðurhúsalofttegunda fyrir flutninganet rekstraraðilans sé ekki meiri en 7,5%.

Rekstraraðili flutninganets sem notar aðferð B skal ekki bæta koltvísýringi, sem berst frá annarri stöð með leyfi í samræmi við tilskipun 2003/87/EB, við reiknað magn losunar og skal ekki draga frá reiknuðu magni losunar neinn koltvísýring sem fluttur er til annarrar stöðvar með leyfi í samræmi við tilskipun 2003/87/EB.

Hver rekstraraðili flutninganets skal nota aðferð A fyrir fullgildingu niðurstaðna aðferðar B a.m.k. einu sinni á ári. Fyrir þá fullgildingu getur rekstraraðilinn notað lægri aðferðarþrep fyrir beitingu aðferðar A.

B.1. Aðferð A

Hver rekstraraðili skal ákvarða losun í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$Losun[t\ CO_2] = E_{eigin\ starfsemi} + \sum_i T_{INN,\ i} - \sum_j T_{ÚT,\ j}$$ þar sem:

Losun = Heildarlosun koltvísýrings frá flutninganetinu [t CO_2],

$E_{eigin\ starfsemi}$ = losun frá eigin starfsemi flutninganetsins, þ.e. ekki losun vegna koltvísýringsins, sem er fluttur, heldur losun frá eldsneyti, sem notað er í þjöppunarstöðvum, sem er vöktuð í samræmi við viðkomandi lið IV. viðauka,

$T_{INN,i}$ = magn koltvísýrings sem flutt er til flutninganetsins á inntakspunkti *i*, ákvarðað í samræmi við 40. til 46. gr. og 49. gr.

$T_{ÚT,j}$ = magn koltvísýrings sem flutt er úr flutninganetinu á úttakspunkti *j*, ákvarðað í samræmi við 40. til 46. gr. og 49. gr.

B.2. Aðferð B

Hver rekstraraðili skal ákvarða losun að teknu tilliti til allra ferla, sem skipta máli að því er varðar losun á stöðinni, og magns koltvísýrings sem er fangað og flutt til flutningsaðstöðu, með eftirfarandi formúlu:

$$Losun\ [t\ CO_2] = CO_{2\ dreifð} + CO_{2\ loftuð} + CO_{2\ lekaatvik} + CO_{2\ stöðvar}$$

þar sem:

Losun = Heildarlosun koltvísýrings frá flutninganetinu [t CO_2],

$CO_{2\ dreifð}$= magn dreifðrar losunar [t CO_2] frá koltvísýringi sem er fluttur í flutningsnetinu, þ.m.t. frá þéttum, lokum, milliþjöppustöðvum og aðstöðu til millistigsgeymslu,

$CO_{2\ loftuð}$ = magn loftaðrar losunar [t CO_2] frá koltvísýringi sem fluttur er í flutninganetinu,

$CO_{2\ lekaatvik}$ = magn koltvísýrings [t CO_2], sem er flutt í flutningsnetinu, sem er losað vegna bilunar í einum eða fleiri íhlutum flutningsnetsins,

$CO_{2\ stöðvar}$ = magn koltvísýrings [t CO_2] sem er losað frá brennslu eða öðrum ferlum sem tengjast rekstrarlega flutningi um leiðslur flutninganetsins, vaktað í samræmi við viðkomandi liði IV. viðauka.

B.2.1. Dreifð losun frá flutninganetinu

Rekstraraðilinn skal taka til athugunar dreifða losun frá öllum af eftirfarandi gerðum búnaðar:

a) þéttum,

b) mælingabúnaði,

c) lokum,

d) milliþjöppustöðvum,

e) aðstöðu til millistigsgeymslu.

Rekstraraðilinn skal ákvarða meðallosunarstuðla *EF* (gefnir upp sem g koltvísýrings/tímaeiningu) fyrir hvern hluta búnaðar fyrir hvert tilvik þar sem búast má við dreifðri losun við upphaf reksturs og í síðasta lagi í lok fyrsta skýrslugjafarárs sem flutninganetið er í rekstri. Rekstraraðilinn skal endurskoða þessa stuðla a.m.k. á fimm ára fresti í ljósi bestu fáanlegrar tækni og þekkingar.

Rekstraraðilinn skal reikna dreifða losun með því að margfalda fjölda hluta búnaðar í hverjum flokki með losunarstuðlinum og leggja saman niðurstöðurnar fyrir einstaka flokka, eins og sýnt er í eftirfarandi jöfnu:

$$\text{Dreifð losun } [tCO_2] = (\Sigma_{Flokkur} EF[gCO_2/tilvik] * \text{fjöldi tilvika})/1\ 000\ 000$$

Fjöldi tilvika skal vera sá fjöldi tiltekinna hluta búnaðar í hverjum flokki, margfaldað með fjölda tímaeininga á ári.

B.2.2. Losun frá lekaatvikum

Rekstraraðili flutninganets skal færa sönnur á heildstæði netsins með dæmigerðum gögnum (tengd tíma og rúmi) um hita og þrýsting. Ef gögnin gefa til kynna að leki hafi átt sér stað skal rekstraraðilinn reikna magn koltvísýrings sem lak með viðeigandi aðferðum, sem skjalfestar eru í vöktunaráætluninni og byggjast á bestu starfsvenjum í iðnaði, sem fela m.a. í sér að nota mismuninn í gögnum um hita og þrýsting samanborið við meðalgildi þrýstings og hita í tengslum við heildstæði.

B.2.3. Loftuð losun

Hver rekstraraðili skal leggja fram í vöktunaráætluninni greiningu varðandi mögulegar aðstæður loftaðrar losunar, þ.m.t. vegna viðhalds eða í neyðarástandi, og leggja fram viðeigandi skjalfestar aðferðir til að reikna út magn loftaðs koltvísýrings miðað við bestu starfsvenjur í iðnaði.

23. **Geymsla koltvísýrings í jörðu á geymslusvæði sem hefur fengið til þess leyfi samkvæmt tilskipun 2009/31/EB**

A. *Gildissvið*

Lögbært yfirvald skal byggja mörkin fyrir vöktun og skýrslugjöf vegna losunar frá geymslu koltvísýrings í jörðu á afmörkun geymslusvæðisins og geymslusamstæðunnar eins og tilgreint er í leyfinu samkvæmt tilskipun 2009/31/EB. Ef leki greinist frá geymslusamstæðunni sem leiðir til losunar eða sleppingar koltvísýrings í vatnssúluna skal rekstraraðilinn tafarlaust grípa til allra eftirfarandi ráðstafana:

a) tilkynna það lögbæru yfirvaldi,

b) telja lekann með sem upptök losunar fyrir viðkomandi stöð,

c) vakta og gefa skýrslu um losunina.

Aðeins þegar gripið hefur verið til ráðstafana til úrbóta í samræmi við 16. gr. tilskipunar 2009/31/EB og losun eða slepping í vatnssúluna greinist ekki lengur skal rekstraraðilinn eyða viðkomandi leka sem upptökum losunar úr vöktunaráætluninni og hætta að vakta og tilkynna þá losun.

Hver rekstraraðili sem stundar starfsemi í tengslum við geymslu í jörðu skal taka til athugunar a.m.k. eftirfarandi möguleg upptök losunar á koltvísýringi í heildina: notkun eldsneytis í tengdum þjöppunarstöðvum ásamt annarri brennslustarfsemi, þ.m.t. orkuver á staðnum, loftun frá inndælingu eða aukinni endurheimt vetniskolefna, dreifða losun frá inndælingu, koltvísýring sem sleppur í gegn (e. *breakthrough* CO_2) frá aukinni endurheimt vetniskolefna, og leka.

B. *Magngreining losunar á koltvísýringi*

Rekstraraðili sem stundar starfsemi í tengslum við geymslu í jörðu skal ekki bæta koltvísýringi, sem berst frá öðrum stöðvum, við reiknað magn losunar hans og skal ekki draga frá reiknuðu magni losunar neinn koltvísýring sem er geymdur í jörðu á geymslusvæðinu eða er færður til annarrar stöðvar.

B.1. Loftuð og dreifð losun frá inndælingu

Rekstraraðilinn skal ákvarða losun frá loftun og dreifða losun með eftirfarandi hætti:

$$CO_2 \text{ losaður } [t\ CO_2] = V\ CO_2\ [t\ CO_2] + F\ CO_2\ [t\ CO_2]$$

þar sem:

$V\ CO_2$ = magn loftaðs koltvísýrings,

$F\ CO_2$ = magn koltvísýrings frá dreifðri losun.

Hver rekstraraðili skal ákvarða $V\ CO_2$ með mælimiðuðum aðferðum í samræmi við 41. til 46. gr. þessarar reglugerðar. Þrátt fyrir fyrsta málslið og að fengnu samþykki lögbærs yfirvalds getur rekstraraðilinn tekið með í vöktunaráætlunina viðeigandi aðferðir til að ákvarða loftaðan koltvísýring á grundvelli bestu starfsvenja í iðnaði ef beiting mælimiðaðra aðferða myndu fela í sér óhóflegan kostnað.

Rekstraraðilinn skal telja $F\ CO_2$ sem ein upptök sem þýðir að kröfum um óvissu, sem tengjast aðferðarþrepunum í samræmi við 1. lið VIII. viðauka, er beitt að því er varðar heildargildið í stað einstakra losunarpunkta. Hver rekstraraðili skal leggja fram í vöktunaráætluninni greiningu varðandi möguleg upptök dreifðrar losunar og leggja fram viðeigandi skjalfestar aðferðir til að reikna út eða mæla magn $F\ CO_2$ miðað við bestu starfsvenjur í iðnaði. Við ákvörðun á $F\ CO_2$ getur rekstraraðilinn notað gögn, sem safnað er í samræmi við 32. til 35. gr. og e- til h-lið hluta 1.1 í II. viðauka við tilskipun 2009/31/EB fyrir inndælingarstöðina, þar sem þau samræmast kröfum þessarar reglugerðar.

B.2. Loftuð og dreifð losun frá aukinni endurheimt vetniskolefnis

Hver rekstraraðili skal taka til athugunar eftirfarandi möguleg upptök losunar frá aukinni endurheimt vetniskolefnis:

a) einingarnar fyrir aðskilnað olíu og gass og gasendurvinnslustöðina þar sem dreifð losun koltvísýrings gæti átt sér stað

b) afgaslogareykháf þar sem losun gæti átt sér stað vegna notkunar samfelldra, jákvæðra loftunarkerfa og við þrýstiléttingu í stöðinni sem framleiðir vetniskolefni,

c) loftunarkerfið fyrir koltvísýring til að koma í veg fyrir að mikill koltvísýringsstyrkur slökkvi afgaslogann.

Hver rekstraraðili skal ákvarða dreifða losun eða loftaðan koltvísýring í samræmi við undirlið B.1 í þessum hluta IV. viðauka.

Hver rekstraraðili skal ákvarða losun frá afgaslogareykháfi í samræmi við undirlið D í 1. hluta þessa viðauka með tilliti til mögulegs innifalins koltvísýrings í afgasloganum í samræmi við 48. gr.

B.3. Leki frá geymslusamstæðunni

Losun og sleppingu í vatnssúluna skal magngreina með eftirfarandi hætti:

$$CO_2\text{losaður}[t\ CO_2] = \sum_{T_{Upphaf}}^{T_{Lok}} L\ CO_2[t\ CO_2/\text{d}]$$

þar sem:

$L\ CO_2$ = massi koltvísýrings sem er losaður eða sleppt hvern almanaksdag vegna leka í samræmi við öll eftirfarandi atriði:

a) fyrir hvern almanaksdag sem leki er vaktaður skal hver rekstraraðili reikna L CO_2 sem meðaltal massans sem lak á hverri klukkustund [t CO_2/h] margfaldað með 24,

b) hver rekstraraðili skal ákvarða massann sem lak á hverri klukkustund í samræmi við ákvæðin í samþykktu vöktunaráætluninni fyrir geymslusvæðið og lekann,

c) fyrir hvern almanaksdag fyrir upphaf vöktunar skal rekstraraðilinn miða við að massinn, sem lak hvern dag, jafngildi massa lekans hvern dag á fyrsta degi vöktunarinnar og sjá til þess að vantalning eigi sér ekki stað.

T_{upphaf}= það sem á sér síðast stað:

a) síðasti dagurinn er engin losun eða slepping koltvísýrings í vatnssúluna frá þeim upptökum sem um ræðir er skráð,

b) dagurinn er inndæling koltvísýrings hófst,

c) annar dagur þegar liggja fyrir göng sem sýna lögbæru yfirvaldi með fullnægjandi hætti fram á að losunin eða sleppingin í vatnssúluna geti ekki hafa byrjað fyrir þann dag.

T_{lok} = sá dagur er gripið var til ráðstafana til úrbóta í samræmi við 16. gr. tilskipunar 2009/31/EB og losun eða slepping koltvísýrings í vatnssúluna greinist ekki lengur.

Lögbært yfirvald skal samþykkja og leyfa notkun annarra aðferða við magnákvörðun losunar eða sleppingar koltvísýrings í vatnssúluna vegna leka ef rekstraraðilinn getur sýnt lögbæru yfirvaldi með fullnægjandi hætti fram á að slíkar aðferðir leiði til meiri nákvæmni en þær aðferðir sem tilgreindar eru í þessum undirlið.

Rekstraraðilinn skal magngreina losun, sem hefur lekið frá geymslusamstæðunni, fyrir hvert lekaatvik með heildaróvissu að hámarki 7,5% á skýrslutímabilinu. Ef heildaróvissa þeirra aðferða sem beitt er við magnákvörðun er meiri en 7,5% skal hver rekstraraðili gera aðlaganir með eftirfarandi hætti:

$$CO_{2,tilkynnt}\ [t\ CO_2] = CO_{2,magngreint}\ [t\ CO_2] * (1 + (Óvissa_{kerfi}\ [\%]/100) - 0{,}075)$$

þar sem:

$CO_{2,tilkynnt}$= magn koltvísýrings sem telja á með í skýrslu um árlega losun að því er varðar lekaatvikið sem um ræðir,

$CO_{2,magngreint}$= magn koltvísýrings sem er ákvarðað með þeirri aðferð magnákvörðunar sem notuð er fyrir lekaatvikið sem um ræðir,

$Óvissa_{kerfi}$= óvissustig sem tengist aðferð við magnákvörðun sem notuð er fyrir lekaatvikið sem um ræðir.

V. VIÐAUKI

Lágmarkskröfur um aðferðarþrep fyrir reiknimiðaðar aðferðir sem taka til stöðva í A flokki og reiknistuðla fyrir staðlað markaðseldsneyti sem stöðvar í B og C flokki nota (1. mgr. 26. gr.)

Tafla 1

Lágmarksaðferðarþrep, sem nota skal í reiknimiðuðum aðferðum ef um er að ræða stöðvar í A flokki, og ef um er að ræða reiknistuðla fyrir staðlað markaðseldsneyti fyrir allar stöðvar í samræmi við a-lið 1. mgr. 26. gr., („á e.v.“ merkir „á ekki við“)

Tegund starfsemi/efnisstraums	Gögn um starfsemi		Losunarstuðull	Upplýsingar um samsetningu (kolefnisinnihald)	Oxunarstuðull	Breytistuðull
	Magn eldsneytis eða efnis	Nettóvarmagildi				
Brennsla eldsneytis						
Staðlað eldsneyti á markaði	2	2a/2b	2a/2b	á e.v.	1	á e.v.
Annað loftkennt eða fljótandi eldsneyti	2	2a/2b	2a/2b	á e.v.	1	á e.v.
Eldsneyti í föstu formi	1	2a/2b	2a/2b	á e.v.	1	á e.v.
Massajöfnuðaraðferð fyrir gasmeðhöndlunarstöðvar	1	á e.v.	á e.v.	1	á e.v.	á e.v.
Afgaslogar	1	á e.v.	1	á e.v.	1	á e.v.
Hreinsun (karbónat)	1	á e.v.	1	á e.v.	á e.v.	á e.v.
Hreinsun (gifs)	1	á e.v.	1	á e.v.	á e.v.	á e.v.
Hreinsun jarðolíu						
Endurmyndun sundrunarhvata	1	á e.v.	á e.v.	á e.v.	á e.v.	á e.v.
Vetnisframleiðsla	1	á e.v.	1	á e.v.	á e.v.	á e.v.
Koksframleiðsla						
Massajöfnuður	1	á e.v.	á e.v.	2	á e.v.	á e.v.
Eldsneyti sem notað er í ferlinu	1	2	2	á e.v.	á e.v.	á e.v.
Brennsla og glæðing málmgrýtis						
Massajöfnuður	1	á e.v.	á e.v.	2	á e.v.	á e.v.
Karbónatílag	1	á e.v.	1	á e.v.	á e.v.	1
Framleiðsla járns og stáls						
Massajöfnuður	1	á e.v.	á e.v.	2	á e.v.	á e.v.
Eldsneyti sem notað er í ferlinu	1	2a/2b	2	á e.v.	á e.v.	á e.v.
Framleiðsla eða vinnsla járnríkra málma og járnlausra málma, þ.m.t. endurunnið ál						
Massajöfnuður	1	á e.v.	á e.v.	2	á e.v.	á e.v.

Tegund starfsemi/efnisstraums	Gögn um starfsemi		Losunarstuðull	Upplýsingar um samsetningu (kolefnisinnihald)	Oxunarstuðull	Breytistuðull
	Magn eldsneytis eða efnis	Nettóvarmagildi				
Losun við vinnslu	1	á e.v.	1	á e.v.	á e.v.	1
Framleiðsla á hrááli						
Massajöfnuður fyrir koltvísýringslosun	1	á e.v.	á e.v.	2	á e.v.	á e.v.
Perflúorkolefnislosun (hallaaðferð)	1	á e.v.	1	á e.v.	á e.v.	á e.v.
Perflúorkolefnislosun (yfirspennuaðferð)	1	á e.v.	1	á e.v.	á e.v.	á e.v.
Framleiðsla á sementsgjalli						
Byggt á ílagi ofns	1	á e.v.	1	á e.v.	á e.v.	1
Framleitt gjall	1	á e.v.	1	á e.v.	á e.v.	1
Sementsofnaryk	1	á e.v.	1	á e.v.	á e.v.	á e.v.
Kolefni, annað en karbónat	1	á e.v.	1	á e.v.	á e.v.	1
Framleiðsla á kalki og glæðing á dólómíti og magnesíti						
Karbónöt	1	á e.v.	1	á e.v.	á e.v.	1
Oxíð jarðalkalímálma	1	á e.v.	1	á e.v.	á e.v.	1
Gler- og steinullarframleiðsla						
Karbónöt	1	á e.v.	1	á e.v.	á e.v.	á e.v.
Framleiðsla á leirvöru						
Kolefnisílag	1	á e.v.	1	á e.v.	á e.v.	1
Oxíð alkalímálma	1	á e.v.	1	á e.v.	á e.v.	1
Hreinsun	1	á e.v.	1	á e.v.	á e.v.	á e.v.
Framleiðsla á gifsi og gifsplötum: sjá Brennsla eldsneytis						
Framleiðsla á pappírsmauki og pappír						
Viðbætt efni	1	á e.v.	1	á e.v.	á e.v.	á e.v.
Framleiðsla á kinroki						
Massajöfnuðaraðferð	1	á e.v.	á e.v.	1	á e.v.	á e.v.
Framleiðsla á ammoníaki						
Eldsneyti sem notað er í ferlinu	2	2a/2b	2a/2b	á e.v.	á e.v.	á e.v.
Framleiðsla á lífrænum efnasamböndum í lausu						
Massajöfnuður	1	á e.v.	á e.v.	2	á e.v.	á e.v.

Tegund starfsemi/efnisstraums	Gögn um starfsemi		Losunarstuðull	Upplýsingar um samsetningu (kolefnisinnihald)	Oxunarstuðull	Breytistuðull
	Magn eldsneytis eða efnis	Nettóvarmagildi				
Framleiðsla á vetni og tilbúnu gasi						
Eldsneyti sem notað er í ferlinu	2	2a/2b	2a/2b	á e.v.	á e.v.	á e.v.
Massajöfnuður	1	á e.v.	á e.v.	2	á e.v.	á e.v.
Sódi og natríumbíkarbónat						
Massajöfnuður	1	á e.v.	á e.v.	2	á e.v.	á e.v.

VI. VIÐAUKI

Viðmiðunargildi fyrir reiknistuðla (a-liður 1. mgr. 31. gr.)

1. **Eldsneytislosunarstuðlar tengdir nettóvarmagildi (NCV)**

Tafla 1: Losunarstuðlar eldsneytis í tengslum við nettóvarmagildi og nettóvarmagildi á massa eldsneytis

Lýsing á eldsneytistegund	Losunarstuðull ($t\ CO_2/TJ$)	Nettóvarmagildi (TJ/Gg)	Upptök
Jarðolía	73,3	42,3	IPCC 2006 GL
Bikolía	77,0	27,5	IPCC 2006 GL
Fljótandi jarðgas	64,2	44,2	IPCC 2006 GL
Bensín	69,3	44,3	IPCC 2006 GL
Steinolía (annað en steinolía fyrir þotur)	71,9	43,8	IPCC 2006 GL
Leirsteinsolía	73,3	38,1	IPCC 2006 GL
Gas-/dísilolía	74,1	43,0	IPCC 2006 GL
Eldsneytisolíuleif	77,4	40,4	IPCC 2006 GL
Fljótandi jarðolíugas	63,1	47,3	IPCC 2006 GL
Etan	61,6	46,4	IPCC 2006 GL
Nafta	73,3	44,5	IPCC 2006 GL
Jarðbik	80,7	40,2	IPCC 2006 GL
Smurefni	73,3	40,2	IPCC 2006 GL
Jarðolíukoks	97,5	32,5	IPCC 2006 GL
Hráefni til olíuhreinsunar	73,3	43,0	IPCC 2006 GL
Olíuhreinsunargas	57,6	49,5	IPCC 2006 GL
Paraffínvax	73,3	40,2	IPCC 2006 GL
Terpentína og iðnaðarspritt	73,3	40,2	IPCC 2006 GL
Aðrar jarðolíuafurðir	73,3	40,2	IPCC 2006 GL
Harðkol	98,3	26,7	IPCC 2006 GL
Kokskol	94,6	28,2	IPCC 2006 GL
Önnur linkol	94,6	25,8	IPCC 2006 GL
Gljábrúnkol	96,1	18,9	IPCC 2006 GL
Brúnkol	101,0	11,9	IPCC 2006 GL
Olíuleirsteinn og tjörusandur	107,0	8,9	IPCC 2006 GL
Eldsneytiskögglar	97,5	20,7	IPCC 2006 GL

Lýsing á eldsneytistegund	Losunarstuðull ($t\ CO_2/TJ$)	Nettóvarmagildi (TJ/Gg)	Upptök
Koksofnakoks og brúnkolakoks	107,0	28,2	IPCC 2006 GL
Gaskoks	107,0	28,2	IPCC 2006 GL
Koltjara	80,7	28,0	IPCC 2006 GL
Gasvinnslugas	44,4	38,7	IPCC 2006 GL
Koksofnagas	44,4	38,7	IPCC 2006 GL
Háofnagas	260	2,47	IPCC 2006 GL
Gas úr súrefnisstálbræðsluofnum	182	7,06	IPCC 2006 GL
Jarðgas	56,1	48,0	IPCC 2006 GL
Iðnaðarúrgangur	143	á e.v.	IPCC 2006 GL
Olíuúrgangur	73,3	40,2	IPCC 2006 GL
Mór	106,0	9,76	IPCC 2006 GL
Viður/viðarúrgangur	—	15,6	IPCC 2006 GL
Annar fyrsta stigs lífmassi í föstu formi	—	11,6	IPCC 2006 GL (aðeins nettóvarmagildi)
Viðarkol	—	29,5	IPCC 2006 GL (aðeins nettóvarmagildi)
Lífbensín	—	27,0	IPCC 2006 GL (aðeins nettóvarmagildi)
Lífdísilolíur	—	27,0	IPCC 2006 GL (aðeins nettóvarmagildi)
Annað fljótandi lífeldsneyti	—	27,4	IPCC 2006 GL (aðeins nettóvarmagildi)
Hauggas	—	50,4	IPCC 2006 GL (aðeins nettóvarmagildi)
Gas úr eðju	—	50,4	IPCC 2006 GL (aðeins nettóvarmagildi)
Annað lífgas	—	50,4	IPCC 2006 GL (aðeins nettóvarmagildi)
Notaðir hjólbarðar	85,0	á e.v.	WBCSD CSI
Kolsýringur	155,2 ([1])	10,1	J. Falbe og M. Regitz, Römpp Chemie Lexikon, Stuttgart, 1995
Metan	54,9 ([2])	50,0	J. Falbe og M. Regitz, Römpp Chemie Lexikon, Stuttgart, 1995

([1]) Byggist á nettóvarmagildinu 10,12 TJ/t.
([2]) Byggist á nettóvarmagildinu 50,01 TJ/t.

2. **Losunarstuðlar í tengslum við losun við vinnslu**

Tafla 2: Hlutfallsstuðull fyrir losun vegna losunar við vinnslu frá niðurbroti karbónats (aðferð A)

Karbónat	Losunarstuðull (t CO_2/t karbónat)
$CaCO_3$	0,440
$MgCO_3$	0,522
Na_2CO_3	0,415
$BaCO_3$	0,223
Li_2CO_3	0,596
K_2CO_3	0,318
$SrCO_3$	0,298
$NaHCO_3$	0,524
$FeCO_3$	0,380
Almennt	Losunarstuðull = $[M(CO_2)]/\{\}\{Y * [M(x)] + Z *[M(CO_3^{2-})]\}\}$ X = málmur M(x) = mólþyngd X í [g/mól] $M(CO_2)$ = mólþyngd CO_2 í [g/mól] $M(CO_3^{2-})$ = mólþyngd CO_3^{2-} in [g/mól] Y = efnahlutfallstala X Z = efnahlutfallstala CO_3^{2-}

Tafla 3: Hlutfallsstuðull fyrir losun vegna losunar við vinnslu frá niðurbroti karbónats miðað við oxíð jarðalkalímálma (aðferð B)

Oxíð	Losunarstuðull (t CO_2/t oxíð)
CaO	0,785
MgO	1,092
BaO	0,287
almennt: X_YO_Z	Losunarstuðull = $[M(CO_2)]/\{\}\{Y * [M(x)] + Z *[M(O)]\}\}$ X = jarðalkalímálmur eða alkalímálmur M(x) = mólþyngd X í [g/mól] $M(CO_2)$ = mólþyngd CO_2 [g/mól] M(O) = mólþyngd O [g/mól] Y = efnahlutfallstala X = 1 (fyrir jarðalkalímálma) = 2 (fyrir alkalímálma) Z = efnahlutfallstala O = 1

Tafla 4: Hlutfallsstuðlar fyrir losun vegna losunar við vinnslu frá öðrum vinnsluefnum (framleiðslu járns og stáls og vinnslu járnríkra málma)([16])

Ílags- eða frálagsefni	Kolefnisinnihald (t C/t)	Losunarstuðull (t CO_2/t)
Járn sem er afoxað beint (DRI)	0,0191	0,07
Kolskaut fyrir ljósbogaofna	0,8188	3,00

([16]) Leiðbeiningar IPCC um landsskrár yfir gróðurhúsalofttegundir frá 2006 („IPCC 2006 Guidelines for National Greenhouse Gas Inventories").

Ílags- eða frálagsefni	Kolefnisinnihald (t C/t)	Losunarstuðull (t CO_2/t)
Hleðslukolefni (e. *charge carbon*) fyrir ljósbogaofna	0,8297	3,04
Heitkögglað járn	0,0191	0,07
Gas úr súrefnisstálbræðsluofnum	0,3493	1,28
Jarðolíukoks	0,8706	3,19
Aðkeypt hrájárn	0,0409	0,15
Brotajárn	0,0409	0,15
Stál	0,0109	0,04

Tafla 5: Hlutfallsstuðlar fyrir losun vegna losunar við vinnslu frá öðrum vinnsluefnum (lífræn efnasambönd í lausu)([17])

Efni	Kolefnisinnihald (t C/t)	Losunarstuðull (t CO_2/t)
Asetónítríl	0,5852	2,144
Akrýlnítríl	0,6664	2,442
Bútadíen	0,888	3,254
Kinrok	0,97	3,554
Etýlen	0,856	3,136
Etýlendíklóríð	0,245	0,898
Etýlenglýkól	0,387	1,418
Etýlenoxíð	0,545	1,997
Blásýra	0,4444	1,628
Metanól	0,375	1,374
Metan	0,749	2,744
Própan	0,817	2,993
Própýlen	0,8563	3,137
Vínýlklóríðeinliður	0,384	1,407

3. **Hnatthlýnunarmáttur annarra gróðurhúsalofttegunda en koltvísýrings**

Tafla 6: Hnatthlýnunarmáttur

Lofttegund	Hnatthlýnunarmáttur
N_2O	310 t $CO_{2(e)}$/t N_2O
CF_4	6 500 t $CO_{2(e)}$/t CF_4
C_2F_6	9 200 t $CO_{2(e)}$/t C_2F_6

([17]) Leiðbeiningar IPCC um landsskrár yfir gróðurhúsalofttegundir frá 2006 („IPCC 2006 Guidelines for National Greenhouse Gas Inventories").

VII. VIÐAUKI

Lágmarkstíðni greininga (35. gr.)

Eldsneyti/efni	Lágmarkstíðni greininga
Jarðgas	A.m.k. vikulega
Vinnslugas (blandað olíuhreinsunargas, koksofnagas, háofnagas og bræðsluofnagas)	A.m.k. daglega — með viðeigandi aðferðum á mismunandi tímum dags
Brennsluolía	Fyrir hver 20 000 tonn og a.m.k. sex sinnum á ári
Kol, kokskol, jarðolíukoks	Fyrir hver 20 000 tonn og a.m.k. sex sinnum á ári
Fastur úrgangur (hreint jarðefni eða blandaður lífmassi úr jarðefni)	Fyrir hver 5 000 tonn og a.m.k. fjórum sinnum á ári
Fljótandi úrgangur	Fyrir hver 10 000 tonn og a.m.k. fjórum sinnum á ári
Karbónatsteintegundir (t.d. kalksteinn og dólómít)	Fyrir hver 50 000 tonn og a.m.k. fjórum sinnum á ári
Leir og leirsteinn	Efnismagn sem samsvarar 50 000 tonnum af koltvísýringi og a.m.k. fjórum sinnum á ári
Önnur efni sem fara inn og út í massajöfnuðinum (á ekki við um eldsneyti eða afoxunarefni)	Fyrir hver 20 000 tonn og a.m.k. einu sinni í mánuði
Önnur efni	Efnismagn sem samsvarar 50 000 tonnum af koltvísýringi og a.m.k. fjórum sinnum á ári, eftir efninu, sem um er að ræða, og breytileikanum

VIII. VIÐAUKI

Mælimiðaðar aðferðir (41. gr.)

1. **Skilgreiningar á aðferðarþrepum fyrir mælimiðaðar aðferðir**

Mælimiðaðar aðferðir skulu samþykktar í samræmi við aðferðarþrep með eftirfarandi hámarki leyfilegrar óvissu fyrir árlega meðallosun á klukkustund, reiknað í samræmi við 2. jöfnu sem tilgreind er í 3. lið þessa viðauka.

Tafla 1

Aðferðarþrep fyrir kerfi fyrir samfellda mælingu losunar (hámark leyfilegrar óvissu fyrir hvert aðferðarþrep)

	1. aðferðarþrep	2. aðferðarþrep	3. aðferðarþrep	4. aðferðarþrep
Losunarupptök CO_2	± 10%	± 7,5%	± 5%	± 2,5%
Losunarupptök N_2O	± 10%	± 7,5%	± 5%	á e.v.
Flutningur CO_2	± 10%	± 7,5%	± 5%	± 2,5%

2. **Lágmarkskröfur**

Tafla 2

Lágmarkskröfur fyrir mælimiðaðar aðferðir

Gróðurhúsalofttegundir	Lágmarksaðferðarþrep sem krafist er		
	Flokkur A	Flokkur B	Flokkur C
CO_2	2	2	3
N_2O	2	2	3

3. **Ákvörðun á gróðurhúsaloftegundum (GHG) með mælimiðuðum aðferðum**

1. jafna: Útreikningur á árlegri losun

$$GHG_{alls\ á\ ári}\,[t] = \sum_{i=1}^{klst.\ í\ starfrækslu\ á\ ári} GHGstyrkur_{\ á\ klst.\ i} * útblástursstreymi_i * 10^{-6}[t/g]$$

Þar sem:

GHG styrkur$_{á\ klst.}$ = styrkur losunar á klukkustund í g/Nm^3 í útblástursstreyminu sem er mælt við starfrækslu,

Útblástursflæði = útblástursflæði í Nm^3 fyrir hverja klukkustund.

2. jafna: Ákvörðun á klukkustundarmeðaltali styrks

$$GHG\text{-}losun_{\ meðaltal\ klst.}[kg/h] = \frac{\Sigma\ GHG\text{-}styrkur_{\ á\ klst.}[g/Nm^3] * útblástursstreymi[Nm^3/h]}{Klukkustundir\ við\ starfrækslu * 1\ 000}$$

þar sem:

GHG-losun$_{\ meðaltal\ klst.}$= árlegt klukkustundarmeðaltal losunar í kg/h frá upptökunum,

GHG-styrkur$_{á\ klst.}$ = styrkur losunar á klukkustund í g/Nm^3 í útblæstri sem er mælt við starfrækslu,

Útblástursflæði = útblástursflæði í Nm^3 fyrir hverja klukkustund.

4. Útreikningur á styrk með óbeinni styrkmælingu

3. jafna: Útreikningur á styrk

$$GHG\ styrkur[\%] = 100\ \% - \sum_i \text{Styrkur efnisþáttarins}_i[\%]$$

5. Staðganga vegna gagna um styrk sem vantar í mælimiðuðum aðferðum

4. jafna: Staðganga vegna gagna sem vantar í mælimiðuðum aðferðum

$$C_{staðg.}{}^{*} = C^{-} + 2\sigma_{C^{-}}$$

þar sem:

C^{-} = meðaltal styrks tiltekna mæliþáttarins yfir allt skráningartímabilið eða, ef sérstakar aðstæður giltu þegar gögnin töpuðust, viðeigandi tímabil sem endurspeglar sérstöku aðstæðurnar,

$\sigma_{C^{-}}$ = besta mat á staðalfráviki styrks tiltekna mæliþáttarins yfir allt skráningartímabilið eða, ef sérstakar aðstæður giltu þegar gögnin töpuðust, viðeigandi tímabil sem endurspeglar sérstöku aðstæðurnar.

_____

IX. VIÐAUKI

Lágmarksgögn og upplýsingar sem skal varðveita í samræmi við 1. mgr. 66. gr.

Rekstraraðilar og umráðendur loftara skulu varðveita a.m.k. eftirfarandi:

1. **Sameiginlegir þættir fyrir stöðvar og umráðendur loftfara**

   1) Vöktunaráætlunin sem lögbært yfirvald samþykkir.

   2) Skjöl, þar sem val á vöktunaraðferð er rökstutt, og skjöl, þar sem rökstuddar eru tímabundnar eða varanlegar breytingar á vöktunaraðferðum og aðferðarþrepum sem lögbært yfirvald hefur samþykkt.

   3) Allar viðkomandi uppfærslur á vöktunaráætlunum, sem tilkynntar hafa verið lögbæra yfirvaldinu í samræmi við 15. gr., ásamt svörum lögbæra yfirvaldsins.

   4) Allar skriflegar verklagsreglur sem vísað er til í vöktunaráætluninni, þ.m.t. sýnatökuáætlunin þar sem við á, verklagsreglur vegna starfsemi í tengslum við gagnaflæði og eftirlit.

   5) Skrá yfir allar útgáfur vöktunaráætlunarinnar sem notaðar hafa verið og allar tengdar verklagsreglur.

   6) Gögn um skyldur í tengslum við vöktun og skýrslugjöf vegna losunar.

   7) Áhættumatið sem rekstraraðilinn eða umráðandi loftfars vinnur, þar sem við á.

   8) Skýrslur um úrbætur í samræmi við 69. gr.

   9) Sannprófuð skýrsla um árlega losun.

   10) Sannprófunarskýrsla.

   11) Allar aðrar upplýsingar sem eru nauðsynlegar við sannprófun skýrslunnar um árlega losun.

2. **Sértækir þættir fyrir staðbundnar stöðvar**

   1) Leyfi til losunar gróðurhúsalofttegunda og allar uppfærslur á því.

   2) Allt óvissumat þar sem við á.

   3) Fyrir reiknimiðaðar aðferðir sem beitt er í stöðvum:

      a) gögn um starfsemi, sem eru notuð við útreikninga á losun fyrir hvern efnisstraum, flokkuð eftir vinnslu og tegund eldsneytis eða efnis,

      b) skrá yfir öll sjálfgildi sem eru notuð sem reiknistuðlar, þar sem við á,

      c) heildarsafn sýnatöku- og greiningarniðurstaðna til að ákvarða reiknistuðla,

      d) skjöl um allar óskilvirkar aðferðir sem eru leiðréttar og ráðstafanir til leiðréttingar sem eru gerðar í samræmi við 63. gr.,

      e) allar niðurstöður kvarðana ásamt viðhaldi mælitækja.

   4) Fyrir mælimiðaðar aðferðir í stöðvum skal varðveita eftirfarandi viðbótarþætti:

      a) gögn til réttlætingar á vali á mælimiðaðri aðferð,

      b) gögn, sem notuð eru til óvissugreiningar á losun frá hverjum upptökum losunar, flokkuð eftir vinnslu,

      c) gögn sem notuð eru vegna útreikninga til staðfestingar og niðurstöður útreikninganna,

      d) ítarlega tæknilýsingu á kerfinu fyrir samfelldar mælingar, þ.m.t. staðfesting á samþykki frá lögbæru yfirvaldi,

      e) óunnin og samantekin gögn frá kerfinu fyrir samfelldar mælingar, þ.m.t. gögn um breytingar á tilteknum tíma, færslubók yfir prófanir, niðritími, kvarðanir, þjónusta og viðhald,

      f) gögn um breytingar á kerfinu fyrir samfelldar mælingar,

g) allar niðurstöður kvarðana ásamt viðhaldi mælitækja,

h) þar sem við á, massa- og orkujöfnuðarlíkan sem er notað til að ákvarða staðgöngugögn í samræmi við 4. mgr. 45. gr. og undirliggjandi forsendur.

5) Ef varaaðferð er beitt eins og um getur í 22. gr.: öll nauðsynleg gögn til að ákvarða losun fyrir upptök losunar og efnisstrauma, sem aðferðinni er beitt á, sem og öll óbein gögn fyrir gögn um starfsemi, reiknistuðla og aðra mæliþætti sem skráð væru samkvæmt þrepaaðferð.

6) Fyrir framleiðslu hrááls skal varðveita eftirfarandi viðbótarþætti:

a) skjöl með niðurstöðum úr mælingaherferðum til að ákvarða losunarstuðla, sem eru sértækir fyrir tiltekna stöð, fyrir CF_4 og C_2F_6,

b) skjöl með niðurstöðum ákvörðunar á söfnunarvirkni fyrir dreifða losun,

c) öll viðkomandi gögn um framleiðslu hrááls, tíðni og lengd forskautsrisa eða gögn um yfirspennu,

7) Fyrir starfsemi í tengslum við föngun koltvísýrings, flutning og geymslu í jörðu, þar sem við á, skal varðveita eftirfarandi viðbótarþætti:

a) skjöl þar sem fram kemur magn koltvísýrings**,** sem stöðvar, sem sinna geymslu koltvísýrings í jörðu, hafa dælt inn í geymslusamstæðuna,

b) lýsandi uppsöfnuð gögn um þrýsting og hitastig frá flutninganeti,

c) afrit af geymsluleyfinu, þ.m.t. samþykkt vöktunaráætlun, skv. 9. gr. tilskipunar 2009/31/EB,

d) skýrslurnar sem lagðar eru fram í samræmi við 14. gr. tilskipunar 2009/31/EB,

e) skýrslur um niðurstöður skoðana sem fram fara í samræmi við 15. gr. tilskipunar 2009/31/EB,

f) skjöl um ráðstafanir til úrbóta sem gripið hefur verið til í samræmi við 16. gr. tilskipunar 2009/31/EB.

3. **Sértækir þættir fyrir flugstarfsemi**

1) Skrá yfir eigin loftför, leigð loftför eða loftför sem eru leigð út, ásamt nauðsynlegri staðfestingu á heilleika skrárinnar, hvaða dag hverju loftfari var bætt við eða það tekið úr flota umráðanda loftfaranna.

2) Skrá yfir flug á hverju skýrslutímabili og nauðsynleg staðfesting á heilleika skrárinnar.

3) Viðeigandi gögn sem eru notuð til að ákvarða eldsneytisnotkun og losun.

4) Gögn sem notuð eru til að ákvarða farmþunga og vegalengd flugs á þeim árum sem skýrslur eru gefnar um gögn um tonnkílómetra.

5) Upplýsingaskjöl um aðferðina varðandi eyður í gögnum, ef við á, og gögnin sem notuð eru til að fylla í eyðurnar í gögnunum þar sem þær koma fyrir.

X. VIÐAUKI

Lágmarksinnihald ársskýrslna (3. mgr. 67. gr.)

1. **Skýrslur um árlega losun stöðva með kyrrstæð upptök losunar**

Skýrsla um árlega losun stöðvar skal innihalda a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

1) Auðkennisgögn um stöðina, sem tilgreind eru í IV. viðauka við tilskipun 2003/87/EB, ásamt sérstöku leyfisnúmeri stöðvarinnar.

2) Heiti og heimilisfang sannprófanda skýrslunnar.

3) Skýrslugjafarárið.

4) Tilvísun í viðkomandi, samþykkta vöktunaráætlun og útgáfunúmer hennar.

5) Viðkomandi breytingar á rekstri stöðvar ásamt breytingum og tímabundnum frávikum frá vöktunaráætluninni, sem lögbært yfirvald hefur samþykkt, sem hafa átt sér stað á skýrslutímabilinu, þ.m.t. tímabundnar eða varanlegar breytingar á aðferðarþrepum, ástæður fyrir breytingunum, dag sem breytingarnar tóku gildi og upphafs- og lokadagsetning tímabundinna breytinga.

6) Upplýsingar fyrir öll upptök losunar og efnisstrauma sem fela í sér a.m.k.:

a) heildarlosun, gefin upp sem t $CO_{2(e)}$,

b) ef aðrar gróðurhúsalofttegundir en koltvísýringur eru losaðar: heildarlosun gefin upp sem t,

c) hvort beitt er mælimiðaðri eða reiknimiðaðri aðferð sem um getur í 21. gr.,

d) aðferðarþrep sem notuð eru,

e) gögn um starfsemi:

i. ef um er að ræða eldsneyti: magn eldsneytis (gefið upp í tonnum eða Nm^3) og nettóvarmagildið (GJ/t eða GJ/Nm^3), tilgreint hvert fyrir sig,

ii. fyrir alla aðra efnisstrauma: magnið í tonnum eða Nm^3,

f) losunarstuðla, sem eru tilgreindir í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í 2. mgr. 36. gr., lífmassahluta, oxunar- og breytistuðla, gefnir upp sem einingarlaus brot,

g) ef losunarstuðlar fyrir eldsneyti eru tengdir massa í stað orku: óbein gögn fyrir nettóvarmagildi viðkomandi efnisstraums,

7) Ef massajöfnuðaraðferð er beitt: massastreymið og kolefnisinnihald fyrir hvern efnisstraum til og frá stöðinni; lífmassahluti og nettóvarmagildi, þar sem við á.

8) Upplýsingar sem skal skrá sem minnisatriði, a.m.k.:

a) magn brennds lífmassa, gefið upp sem TJ, eða notað í ferlum, gefið upp í t eða Nm^3,

b) koltvísýringslosun frá lífmassa, gefin upp í t CO_2, þar sem notaðar eru mælimiðaðar aðferðir til að ákvarða losun,

c) staðgöngugildi fyrir nettóvarmagildi efnisstrauma lífmassa sem notaður er sem eldsneyti, þar sem við á,

d) magn og orkuinnihald fljótandi lífeldsneytis og lífeldsneytis sem brennt er, gefið upp í t og TJ,

e) koltvísýring sem er fluttur til stöðvar eða berst frá stöð, þar sem 49. gr. á við, gefinn upp í t CO_2,

f) innifalinn koltvísýring sem er fluttur til stöðvar eða berst frá stöð, þar sem 48. gr. á við, gefinn upp í t CO_2,

g) þar sem við á, heiti stöðvar og auðkenniskóða hennar sem er viðurkenndur í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1193/2011:

i. stöðva(r) sem koltvísýringur er fluttur til í samræmi við e- og f-lið í þessum 8. lið,

ii. stöðva(r) sem koltvísýringur berst frá í samræmi við e- og f-lið í þessum 8. lið,

h) fluttan koltvísýring úr lífmassa, gefinn upp í t CO_2.

9) Ef mælimiðaðri aðferð er beitt:

a) ef koltvísýringur er mældur: árleg losun koltvísýrings úr jarðefnaeldsneyti og árleg losun koltvísýrings frá notkun lífmassa,

b) mældur styrkur gróðurhúsalofttegunda og útblástursstreymið, gefinn upp sem árlegt klukkustundarmeðaltal og sem árlegt heildargildi,

10) Ef beitt er aðferð sem um getur í 22. gr.: öll nauðsynleg gögn til að ákvarða losun fyrir upptök losunar og efnisstrauma, sem aðferðinni er beitt á, sem og öll óbein gögn fyrir gögn um starfsemi, reiknistuðla og aðra mæliþætti sem skráð væru samkvæmt þrepaaðferð.

11) Ef eyða hefur myndast í gögnum og fyllt hefur verið upp í hana með staðgöngugögnum í samræmi við 1. mgr. 65. gr.:

a) efnisstraumur eða upptök losunar sem hver eyða í gögnum á við,

b) ástæður fyrir hverri eyðu í gögnum,

c) upphafs- og lokadagur og tími hverrar eyðu í gögnum,

d) losun sem er reiknuð á grundvelli staðgöngugagna,

e) ef matsaðferð fyrir staðgöngugögn hefur ekki enn verið sett í vöktunaráætlun: ítarleg lýsing á matsaðferðinni, þ.m.t. gögn þess efnis að aðferðin sem notuð er leiði ekki til vanmats á losun fyrir viðkomandi tímabil.

12) Allar aðrar breytingar á stöðinni á skýrslutímabilinu sem skipta máli fyrir losun stöðvarinnar á gróðurhúsalofttegundum á skýrslugjafarárinu.

13) Þar sem við á, framleiðslumagn hrááls, tíðni og meðallengd forskautsriss á skýrslutímabilinu, eða gögn um yfirspennu í forskautsrisi á skýrslutímabilinu, sem og niðurstöður nýjustu ákvörðunar á losunarstuðlum, sem eru sértækir fyrir tiltekna stöð, fyrir CF_4 og C_2F_6, eins og tilgreint er í IV. viðauka, og nýlegustu ákvörðunar á söfnunarvirkni stokkanna.

14) Skrá skal úrgangstegundir, sem notaðar eru á stöðinni og losun vegna notkunar þeirra sem eldsneyti eða ílagsefni, með því að nota flokkunina í skrá Bandalagsins yfir úrgang sem tilgreind er í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/532/EB frá 3. maí 2000 sem kemur í stað ákvörðunar 94/3/EB um skrá yfir úrgang samkvæmt a-lið 1. gr. tilskipunar ráðsins 75/442/EBE um úrgang og ákvörðunar ráðsins 94/904/EB um skrá yfir hættulegan úrgang samkvæmt 4. mgr. 1. gr. tilskipunar ráðsins 91/689/EBE um hættulegan úrgang ([18]). Í því skyni skal bæta viðeigandi sex stafa kóða við heiti viðkomandi úrgangstegunda sem notaðar eru í stöðinni.

Losun frá mismunandi upptökum eða efnisstraumum sömu tegundar í einni stöð, sem tengist sams konar starfsemi, má tilkynna sameiginlega fyrir þá tegund starfsemi.

Ef aðferðarþrepum hefur verið breytt á skýrslutímabili skal rekstraraðilinn reikna og tilkynna losun sem aðskilda hluta ársskýrslunnar fyrir hvern viðkomandi hluta skýrslutímabilsins.

Rekstraraðilar geymslusvæða fyrir koltvísýring geta notað einfaldaðar skýrslur um losun eftir lokun geymslusvæðis í samræmi við 17. gr. tilskipunar 2009/31/EB sem hafa að geyma a.m.k. þá þætti sem tilgreindir eru í 1. til 5. lið, að því tilskildu að í leyfinu til losunar gróðurhúsalofttegunda séu engin upptök losunar.

2. **Skýrslur um árlega losun frá umráðendum loftfara**

Skýrsla um losun fyrir umráðanda loftfars skal innihalda a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

1) Upplýsingar til sanngreiningar á umráðanda loftfars eins og sett er fram í IV. viðauka við tilskipun 2003/87/EB og kallmerki eða önnur einkvæm kennimerki, sem notuð eru við flugumferðarstjórn, ásamt viðeigandi samskiptaupplýsingum.

2) Heiti og heimilisfang sannprófanda skýrslunnar.

3) Skýrslugjafarárið.

4) Tilvísun í viðkomandi, samþykkta vöktunaráætlun og útgáfunúmer hennar.

5) Breytingar á starfseminni, sem máli skipta, og frávik frá samþykktu vöktunaráætluninni á skýrslutímabilinu.

([18]) Stjtíð. EB L 226, 6.9.2000, bls. 3.

6) Skráningarnúmer loftfaranna og tegundir þeirra loftfara, sem notuð eru á tímabilinu, sem skýrslan tekur til, til flugstarfseminnar sem fellur undir I. viðauka tilskipunar 2003/87/EB og er á vegum umráðandans.

7) Heildarfjöldi flugferða sem skýrslan tekur til.

8) Heildarlosun koltvísýrings í tonnum af koltvísýringi, aðgreint eftir brottfarar- og komuaðildarríki.

9) Ef losun er reiknuð með losunarstuðli eða eftir kolefnisinnihaldi í tengslum við massa eða rúmmál: óbein gögn um nettóvarmagildi eldsneytisins.

10) Ef eyða hefur myndast í gögnum og fyllt hefur verið upp í hana með staðgöngugögnum í samræmi við 2. mgr. 65. gr.:

   a) aðstæður og ástæður fyrir eyðum í gögnum,

   b) matsaðferð sem beitt er fyrir staðgöngugögn,

   c) losun sem er reiknuð á grundvelli staðgöngugagna.

11) Minnisatriði:

   a) magn lífmassa, sem notað er sem eldsneyti á skýrslugjafarárinu (í tonnum eða m^3), tilgreint eftir eldsneytistegund,

   b) nettóvarmagildi annars konar eldsneytis.

12) Rekstraraðilinn skal láta fylgja, sem viðauka við skýrsluna um árlega losun, upplýsingar um árlega losun og árlegan fjölda flugferða fyrir hvert flugvallarpar. Að beiðni rekstraraðila skal lögbært yfirvald fara með þessar upplýsingar sem trúnaðarupplýsingar.

3. **Skýrslur um gögn um tonnkílómetra frá umráðendum loftfara**

Skýrsla um gögn um tonnkílómetra fyrir umráðanda loftfars skal innihalda a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

1) Upplýsingar um umráðanda loftfars eins og sett er fram í IV. viðauka við tilskipun 2003/87/EB og kallmerki eða önnur einkvæm kennimerki, sem notuð eru í tengslum við flugumferðarstjórn, ásamt þeim samskiptaupplýsingum sem máli skipta.

2) Heiti og heimilisfang sannprófanda skýrslunnar.

3) Skýrslugjafarárið.

4) Tilvísun í viðkomandi, samþykkta vöktunaráætlun og útgáfunúmer hennar.

5) Breytingar á starfseminni, sem máli skipta, og frávik frá samþykktu vöktunaráætluninni á skýrslutímabilinu.

6) Skráningarnúmer loftfaranna og tegundir þeirra loftfara, sem notuð eru á tímabilinu, sem skýrslan tekur til, til flugstarfseminnar sem fellur undir I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB og er á vegum umráðandans.

7) Aðferð sem notuð er við útreikning á massa farþega og skráðs farangurs, svo og farms og pósts.

8) Heildarfjöldi farþegakílómetra og tonnkílómetra fyrir öll flug á árinu, sem skýrslan tengist og fellur undir flugstarfsemina sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB.

9) Fyrir hvert flugvallarpar: kennimerki Alþjóðaflugmálastofnunarinnar fyrir báða flugvellina, vegalengd (stórbaugsbogi + 95 km) í kílómetrum, heildarfjöldi flugferða fyrir hvert flugvallarpar á skýrslutímabilinu, heildarmassi farþega og skráðs farangurs (tonn) á skýrslutímabilinu fyrir hvert flugvallarpar, heildarfjöldi farþega, margfaldaður með kílómetrum fyrir hvert flugvallarpar, heildarmassi vöru og pósts (tonn) á skýrslutímabilinu fyrir hvert flugvallarpar, tonnkílómetrar samtals fyrir hvert flugvallarpar (t km).

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1193/2011 **2013/EES/14/06**

frá 18. nóvember 2011

um stofnun skrár Sambandsins yfir viðskiptatímabilið sem hefst 1. janúar 2013 og síðari viðskiptatímabil í kerfi Sambandsins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 280/2004/EB og um breytingu á reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2216/2004 og (ESB) nr. 920/2010 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB([1]), einkum 19. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 280/2004/EB frá 11. febrúar 2004 um aðferð til að vakta losun gróðurhúsalofttegunda í Bandalaginu og um framkvæmd Kýótóbókunarinnar([2]), einkum öðrum málslið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 6. gr.,

að höfðu samráði við Evrópsku persónuverndarstofnunina,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt 1. mgr. 19. gr. tilskipunar 2003/87/EB skal hafa allar losunarheimildir, sem eru gefnar út frá og með 1. janúar 2012, á skrá Sambandsins á reikningum sem aðildarríkin hafa umsjón með. Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 920/2010 frá 7. október 2010 um staðlað og varið skráningarkerfi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 280/2004/EB([3]) er kveðið á um slíka skrá Sambandsins.

2) Tilskipun 2003/87/EB var breytt í veigamiklum atriðum með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/29/EB([4]) svo gera þarf verulegar breytingar á skráningarkerfinu. Breytingarnar gilda frá og með viðskiptatímabilinu sem hefst árið 2013. Sem stendur er ekki fyrir hendi alþjóðasamningur, sem kemur í stað Kýótóbókunarinnar, sem gildir fyrir aðildarríkin eftir árið 2012. Losunarheimildir vegna flugs verða frá og með árinu 2012 boðnar upp á grundvelli reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1031/2010([5]) á sama hátt og almennar losunarheimildir. Til glöggvunar og vegna þess hversu brýnt málið er skal samþykkja nýja reglugerð skv. 19. gr. tilskipunar 2003/87/EB sem skal gilda um viðskiptatímabilið í kerfi Sambandsins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda, sem hefst 1. janúar 2013, og um síðari tímabil. Hún skal einnig gilda um losunarheimildir vegna flugs sem verða boðnar upp árið 2012.

3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2216/2004 frá 21. desember 2004 um staðlað og varið skráningarkerfi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 280/2004/EB([6]) og reglugerð (ESB) nr. 920/2010 skulu gilda áfram samhliða viðskiptatímabilinu milli áranna 2008 og 2012 og um skuldbindingarnar sem leiða af Kýótóbókuninni. Breyta skal reglugerðum (EB) nr. 2216/2004 og (ESB) nr. 920/2010 til að koma til framkvæmda brýnum öryggisákvæðum og öðrum umbótum og skulu breytingarnar taka gildi umsvifalaust.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 315, 29.11.2011, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 236/2012 frá 7. desember 2012 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32.

([2]) Stjtíð. ESB L 49, 19.2.2004, bls. 1.

([3]) Stjtíð. ESB L 270, 14.10.2010, bls. 1.

([4]) Stjtíð. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 63.

([5]) Stjtíð. ESB L 302, 18.11.2010, bls. 1.

([6]) Stjtíð. ESB L 386, 29.12.2004, bls. 1.

4) Til að tryggja að unnt sé að hafa Kýótóeiningar og losunarheimildir á sömu reikningunum í skrá Sambandsins verður skráin að vera í samræmi við starfrænu og tæknilegu forskriftirnar fyrir upplýsingaskiptastaðla fyrir skráningarkerfi samkvæmt Kýótóbókuninni, sem samþykktar voru með ákvörðun 12/CMP.1 frá þingi aðila að UNFCCC, sem er fundur aðila að Kýótóbókuninni.

5) Samkvæmt 20. gr. tilskipunar 2003/87/EB skal koma á óháðri viðskiptadagbók, viðskiptadagbók Evrópusambandsins (viðskiptadagbók ESB (EUTL)), til að skrá útgáfu, millifærslu og ógildingu losunarheimilda. Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. ákvörðunar nr. 280/2004/EB skulu upplýsingar um útgáfu, handhöfn, millifærslu, kaup, ógildingu og afskráningu eininga úthlutaðs magns, bindingareininga, losunarskerðingareininga og eininga vottaðrar losunarskerðingar og yfirfærslu eininga úthlutaðs magns, losunarskerðingareininga og eininga vottaðrar losunarskerðingar gerðar aðgengilegar fyrir viðskiptadagbókina.

6) Samkvæmt 6. gr. ákvörðunar nr. 280/2004/EB skulu Sambandið og aðildarríki þess, við stofnun og rekstur skráa og viðskiptadagbókar ESB, nota starfrænar og tæknilegar forskriftir fyrir upplýsingaskiptastaðla fyrir skráningarkerfi samkvæmt Kýótóbókuninni sem samþykktar voru með ákvörðun 12/CMP.1.

7) Skrá Sambandsins skal innihalda þá reikninga sem þörf er á til að hrinda kröfum tilskipunar 2003/87/EB í framkvæmd. Stofna skal hvern reikning í samræmi við staðlaðar verklagsreglur til að tryggja heilleika skráningarkerfisins og aðgang almennings að upplýsingum í kerfinu. Losunarheimildir skulu gefnar út í skrá Sambandsins.

8) Viðskipti með losunarheimildir innan skrár Sambandsins skulu eiga sér stað um samskiptatengil (boðleið) sem tengist viðskiptadagbók ESB en viðskipti með Kýótóeiningar skulu eiga sér stað um samskiptatengil sem tengist bæði viðskiptadagbók ESB og alþjóðlegu viðskiptadagbók (ITL) rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (UNFCCC).

9) Til að koma í veg fyrir hvers kyns frávik skal viðskiptadagbók ESB halda uppi sjálfvirku eftirliti með öllum ferlum skráningarkerfisins sem varða losunarheimildir, sannprófaða losun, reikninga og Kýótóeiningar og alþjóðlega viðskiptadagbókin skal halda uppi sjálfvirku eftirliti með ferlum sem varða Kýótóeiningar. Stöðva skal ferli sem ekki standast þetta eftirlit til að tryggja að viðskipti í skráningarkerfum Sambandsins séu í samræmi við kröfurnar í tilskipun 2003/87/EB og kröfurnar sem útfærðar hafa verið samkvæmt UNFCCC og Kýótóbókuninni.

10) Beita skal fullnægjandi og samræmdum kröfum um opnun reikninga, sanngreiningu og aðgangsrétt til að vernda öryggi upplýsinga sem geymdar eru í samþætta skráningarkerfinu og til að koma í veg fyrir svik. Endurskoðun á þessum kröfum skal íhuguð í framtíðinni í því skyni að tryggja skilvirkni þeirra að teknu tilliti til meðalhófs. Halda skal skrár yfir öll ferli, rekstraraðila og aðila í skráningarkerfinu.

11) Yfirstjórnandinn skal sjá til þess að truflun á starfsemi skráningarkerfisins verði í lágmarki með því að gera allar hugsanlegar ráðstafanir til að tryggja aðgengi að skrá Sambandsins og viðskiptadagbók ESB og með því að tryggja traust kerfi og ferli til að vernda upplýsingar sem skipta máli.

12) Þar eð losunarheimildir og Kýótóeiningar eru einungis til á rafrænu formi og eru skiptanlegar skulu réttindi til losunarheimildar eða Kýótóeiningar fyrst myndast þegar þær eru bókfærðar á reikninginn í skrá Sambandsins sem þær eru varðveittar í. Til að draga úr þeirri áhættu sem tengist ógildingu viðskipta, sem eru færð í skrá, og hættu á röskun á kerfinu og markaðnum sem slík ógilding kann þar af leiðandi að valda er ennfremur nauðsynlegt að tryggja að losunarheimildir og Kýótóeiningar séu að fullu skiptanlegar. Ekki er hægt að ógilda viðskipti, afturkalla þau eða binda endi á þau á annan hátt en skilgreint er í reglunum í skránni, eftir þann tímapunkt sem er tilgreindur í þessum reglum. Ekkert í þessari reglugerð skal koma í veg fyrir að reikningshafi eða þriðji aðili neyti réttar eða kröfu, sem leiðir af undirliggjandi viðskiptum, um endurheimt eða skaðabætur sem hann kann að eiga lagalega kröfu til að því er varðar viðskipti sem eru komin inn í kerfi, t.d. ef um er að ræða svik eða tæknilegar villur, svo fremi sem þetta leiðir ekki til þess að viðskiptin séu bakfærð, afturkölluð eða bundinn endi á þau. Ennfremur skal vernda kaup, sem gerð eru í góðri trú, á losunarheimild eða Kýótóeiningu.

13) Þar eð æskilegt kann að reynast að láta í té viðbótargerðir reikninga eða aðrar leiðir sem myndu greiða fyrir vörslu losunarheimilda eða Kýótóeininga fyrir hönd þriðju aðila eða fyrir notkun þeirra sem trygginga skal kanna þessi umfjöllunarefni í tengslum við síðari endurskoðun á þessari reglugerð.

14) Í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/4/EB frá 28. janúar 2003 um almennan aðgang að upplýsingum um umhverfismál og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/313/EBE([7]) og ákvörðun 13/CMP.1 skulu tilteknar skýrslur gerðar opinberar reglubundið til að tryggja að almenningur hafi aðgang að upplýsingum sem geymdar eru í samþætta skráningarkerfinu, með fyrirvara um tilteknar trúnaðarkvaðir.

([7]) Stjtíð. ESB L 41, 14.2.2003, bls. 26.

15) Virða skal löggjöf Sambandsins varðandi vernd einstaklinga m.t.t. meðferðar persónuupplýsinga og frjáls flæðis slíkra upplýsinga, einkum tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ([8]), tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/58/EB frá 12. júlí 2002 um vinnslu persónuupplýsinga og um verndun einkalífs á sviði rafrænna fjarskipta ([9]) og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ([10]), þegar hún á við um upplýsingar sem eru varðveittar og meðhöndlaðar samkvæmt þessari reglugerð.

16) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um loftslagsbreytingar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

EFNI, GILDISSVIÐ OG SKILGREININGAR

1. gr.

Efni

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um almennar kröfur ásamt kröfum um starfrækslu og viðhald varðandi skrá Sambandsins fyrir viðskiptatímabilið sem hefst 1. janúar 2013 og síðari tímabil og varðandi óháðu viðskiptadagbókina sem kveðið er á um í 1. mgr. 20. gr. tilskipunar 2003/87/EB.

Í henni er einnig kveðið á um samskiptakerfi milli skrár Sambandsins og alþjóðlegu viðskiptadagbókarinnar.

2. gr.

Gildissvið

Þessi reglugerð varðar losunarheimildir sem eru stofnaðar fyrir viðskiptatímabilið í kerfi Sambandsins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda, sem hefst 1. janúar 2013, og síðari tímabil.

Hún varðar einnig losunarheimildir vegna flugs, sem verða boðnar upp, sem voru stofnaðar fyrir viðskiptatímabilið sem stendur frá 1. janúar 2012 til 31. desember 2012.

([8]) Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.
([9]) Stjtíð. EB L 201, 31.7.2002, bls. 37.
([10]) Stjtíð. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1.

3. gr.

Skilgreiningar

Hugtök í þessari reglugerð hafa sömu merkingu og samkvæmt tilskipun 2003/87/EB, nema annað sé tekið fram. Ennfremur gilda skilgreiningarnar sem settar eru fram í 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1031/2010 og í 3. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2011/278/ESB([11]). Jafnframt gilda eftirfarandi skilgreiningar:

1) „reikningshafi“: einstaklingur eða lögaðili sem er með reikning í skráningarkerfinu,

2) „yfirstjórnandi“: sá aðili sem framkvæmdastjórnin hefur tilnefnt skv. 20. gr. tilskipunar 2003/87/EB,

3) „lögbært yfirvald“: yfirvald eða yfirvöld sem aðildarríki tilnefnir skv. 18. gr. tilskipunar 2003/87/EB,

4) „ytri vettvangur“: ytra kerfi sem er tengt skrá Sambandsins á öruggan hátt í þeim tilgangi að koma á sjálfvirkni í starfsemi sem tengist skrá Sambandsins,

5) „sannprófandi“: sá sem annast sannprófun eins og skilgreint er í m-lið 5. liðar 2. hluta I. viðauka við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/589/EB([12]),

6) „einingar úthlutaðs magns“: einingar sem eru gefnar út skv. 3. mgr. 7. gr. ákvörðunar nr. 280/2004/EB,

7) „losunarheimildir vegna flugs“: losunarheimildir sem eru stofnaðar skv. 2. mgr. 3. gr. c í tilskipun 2003/87/EB,

8) „almennar losunarheimildir“: allar aðrar losunarheimildir sem eru stofnaðar samkvæmt tilskipun 2003/87/EB,

9) „langtímaeiningar vottaðrar losunarskerðingar“: einingar sem eru gefnar út vegna verkefnistengdrar aðgerðar á sviði nýskógræktar eða endurræktunar skóga samkvæmt kerfi hreinleikaþróunar sem fellur úr gildi, með fyrirvara um ákvörðun 5/CMP.1 frá ráðstefnu aðila sem er jafnframt fundur aðila að Kýótóbókuninni, um leið og bókunartímabili skerðingar á losun vegna verkefnistengdu aðgerðarinnar á sviði nýskógræktar eða endurræktunar skóga samkvæmt kerfi hreinleikaþróunar, sem þær voru gefnar út fyrir, lýkur,

([11]) Stjtíð. ESB L 130, 17.5.2011, bls. 1.
([12]) Stjtíð. ESB L 229, 31.8.2007, bls. 1.

10) „bindingareiningar“: einingar sem eru gefnar út skv. 3. gr. Kýótóbókunarinnar,

11) „bráðabirgðaeiningar vottaðrar losunarskerðingar“: einingar sem eru gefnar út vegna verkefnistengdrar aðgerðar á sviði nýskógræktar eða endurræktunar skóga samkvæmt kerfi hreinleikaþróunar sem, með fyrirvara um ákvörðun 5/CMP.1, falla úr gildi við lok þess skuldbindingartímabils Kýótóbókunarinnar sem tekur við af tímabilinu þegar þær voru gefnar út,

12) „Kýótóeiningar“: einingar úthlutaðs magns (AAU), losunarskerðingareiningar (ERU), einingar vottaðrar losunarskerðingar (CER), bindingareiningar (RMU), langtímaeiningar vottaðrar losunarskerðingar (lCER) og bráðabirgðaeiningar vottaðrar losunarskerðingar (tCER),

13) „ferli“: sjálfvirk, tæknileg aðferð til að framkvæma aðgerð í tengslum við reikning eða einingu í skrá,

14) „viðskipti“: ferli í skrá Sambandsins sem felur í sér færslu losunarheimildar eða Kýótóeiningar frá einum reikningi yfir á annan,

15) „innskil“: það þegar rekstraraðili eða umráðandi loftfars bókfærir losunarheimild eða Kýótóeiningu á móti sannprófaðri losun stöðvar eða loftfars hans,

16) „ógilding“: endanleg ráðstöfun handhafa á Kýótóeiningu án þess að hún sé bókfærð á móti sannprófaðri losun,

17) „niðurfelling“: endanleg ráðstöfun handhafa á Kýótóeiningu án þess að hún sé bókfærð á móti sannprófaðri losun,

18) „innlausn“: það þegar aðili að Kýótóbókuninni bókfærir Kýótóeiningu á móti tilkynntri losun þess aðila,

19) „peningaþvætti“: hugtakið hefur sömu merkingu og í 2. mgr. 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB([13]),

20) „alvarlegt afbrot“: hugtakið hefur sömu merkingu og í 5. lið 3. gr. tilskipunar 2005/60/EB,

21) „fjármögnun hryðjuverka“: hugtakið hefur sömu merkingu og í 4. mgr. 1. gr. tilskipunar 2005/60/EB,

22) „landsstjórnandi“: sá aðili sem ber, fyrir hönd aðildarríkis, ábyrgð á safni notendareikninga í lögsögu aðildarríkis í skrá Sambandsins, tilnefndur í samræmi við 7. gr.,

23) „stjórnarmenn“: tekur til aðila sem í reynd stjórna daglegum rekstri lögaðila,

24) „Mið-Evróputími“: sumartími í Mið-Evrópu þegar sumartíminn, sem er skilgreindur í 1., 2. og 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/84/EB([14]), stendur yfir.

II. KAFLI

SKRÁNINGARKERFIÐ

4. gr.

Skrá Sambandsins

1. Skrá Sambandsins fyrir viðskiptatímabilið í kerfi Sambandsins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda, sem hefst 1. janúar 2013, og síðari tímabil er hér með komið á fót.

2. Yfirstjórnandinn skal reka skrá Sambandsins og halda henni við.

3. Aðildarríkin skulu nota skrá Sambandsins til að uppfylla skuldbindingar sínar skv. 19. gr. tilskipunar 2003/87/EB og til að tryggja nákvæmt bókhald að því er varðar losunarheimildir sem falla undir gildissvið þessarar reglugerðar. Skrá Sambandsins skal veita landsstjórnendum og reikningshöfum aðgang að öllum ferlunum sem sett eru fram í þessari reglugerð.

4. Skrá Sambandsins skal vera í samræmi við starfrænar og tæknilegar forskriftir fyrir upplýsingaskiptastaðla fyrir skráningarkerfi samkvæmt Kýótóbókuninni sem eru útfærðar samkvæmt ákvörðun 12/CMP.1 og uppfylla kröfur um vélbúnað, net, hugbúnað og öryggi sem settar eru fram í upplýsingaskipta- og tækniforskriftunum sem kveðið er á um í 79. gr.

5. gr.

Viðskiptadagbók Evrópusambandsins

1. Viðskiptadagbók ESB, sem skal vera í formi staðlaðs, rafræns gagnasafns, er hér með komið á fót skv. 20. gr. tilskipunar 2003/87/EB fyrir viðskipti sem falla undir gildissvið þessarar reglugerðar. Í viðskiptadagbók ESB skal einnig skrá allar upplýsingar sem varða vörslu og millifærslu Kýótóeininga sem gerðar hafa verið aðgengilegar í samræmi við 2. mgr. 6. gr. ákvörðunar nr. 280/2004/EB.

2. Yfirstjórnandi skal reka og halda viðskiptadagbók ESB í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

([13]) Stjtíð. ESB L 309, 25.11.2005, bls. 15.

([14]) Stjtíð. EB L 31, 2.2.2001, bls. 21.

3. Í viðskiptadagbók ESB skal vera unnt að athuga og skrá öll ferli sem um getur í þessari reglugerð og skal hún vera í samræmi við starfrænu og tæknilegu forskriftirnar fyrir upplýsingaskiptastaðla fyrir skráningarkerfi samkvæmt Kýótóbókuninni í samræmi við ákvörðun 12/CMP.1 og uppfylla kröfur um vélbúnað, net og hugbúnað sem settar eru fram í upplýsingaskipta- og tækniforskriftunum sem kveðið er á um í 79. gr.

4. Í viðskiptadagbók ESB skal vera unnt að skrá öll ferli sem lýst er í III.–V. kafla.

6. gr.

Samskiptatenglar milli skráa, alþjóðlegu viðskiptadagbókar UNFCCC og viðskiptadagbókar ESB

1. Skrá Sambandsins skal viðhalda samskiptatengli við alþjóðlegu viðskiptadagbókina í því skyni að miðla viðskiptum þar sem Kýótóeiningar eru millifærðar.

2. Í viðskiptadagbók ESB skal einnig halda við samskiptatengli við alþjóðlegu viðskiptadagbókina til að skrá og athuga millifærslur sem um getur í 1. mgr.

3. Skrá sambandsins skal einnig halda við beinum samskiptatengli við viðskiptadagbók ESB til að athuga og skrá viðskipti, þar sem losunarheimildir eru millifærðar, og við reikningsstjórnunarferlin sem lýst er í III. kafla. Öll viðskipti, þar sem losunarheimildir koma við sögu, skulu eiga sér stað innan skrár Sambandsins og skulu skráð og athuguð á vegum viðskiptadagbókar ESB.

4. Yfirstjórnandinn getur komið á takmörkuðum samskiptatengli milli viðskiptadagbókar ESB og skrárinnar í inngöngulandi í þeim tilgangi að gera slíkum skrám kleift að hafa samskipti við alþjóðlegu viðskiptadagbókina í gegnum viðskiptadagbók ESB og skrá gögn um sannprófaða losun á vegum rekstraraðila í viðskiptadagbók ESB. Öllum prófunum og frumstillingum, sem gerðar eru á þessum skrám, skal vera lokið að því er varðar þessar skrár áður en þessum samskiptatengli er komið á.

7. gr.

Stjórnendur

1. Hvert aðildarríki skal tilnefna landsstjórnanda. Aðildarríki skal gegnum landsstjórnandann hafa aðgang að eigin reikningum, auk reikninga í skrá Sambandsins sem eru í lögsögu þess.

2. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu tryggja að engir hagsmunaárekstrar séu milli landsstjórnenda, yfirstjórnandans og eigenda reikninga.

3. Hvert aðildarríki skal tilkynna framkvæmdastjórninni um auðkenni landsstjórnandans og samskiptaupplýsingar hans, þ.m.t. neyðarsímanúmer sem skal nota ef um er að ræða váatvik.

4. Framkvæmdastjórnin skal samræma framkvæmd þessarar reglugerðar ásamt landsstjórnendum í hverju aðildarríki um sig og yfirstjórnandanum. Einkum skal framkvæmdastjórnin hafa samráð við vinnuhóp stjórnenda í nefnd um loftslagsbreytingar að því er varðar atriði og verklagsreglur í tengslum við starfrækslu skráa og framkvæmd þessarar reglugerðar. Eigi síðar en 31. mars 2012 skal vinnuhópur stjórnenda vera einhuga um skilmála samstarfs milli yfirstjórnandans og landsstjórnendanna sem skal fela í sér sameiginlegar verklagsreglur varðandi framkvæmd þessarar reglugerðar og breytinga- og atvikastjórnun fyrir skrá Sambandsins og tækniforskriftir fyrir rekstur og áreiðanleika skrár Sambandsins og viðskiptadagbókar ESB. Nefndin um loftslagsbreytingar skal samþykkja starfsreglur fyrir vinnuhóp stjórnenda.

5. Yfirstjórnandinn, lögbær yfirvöld og landsstjórnendur skulu einungis framkvæma ferli sem eru nauðsynleg til að viðkomandi geti sinnt verkefnum sínum.

III. KAFLI

REIKNINGAR

1. ÞÁTTUR

Ákvæði sem eiga við um alla reikninga

8. gr.

Reikningar

1. Í skrá Sambandsins skal vera að finna þá reikninga sem eru tilgreindir í I. viðauka.

2. Þær gerðir eininga sem hver gerð reikninga má geyma eru settar fram í I. viðauka.

9. gr.

Staða reikninga

1. Staða reikninga skal vera ein af eftirfarandi: opinn, frystur, undanskilinn eða lokaður.

2. Ekki má hefja neitt ferli í tengslum við frysta reikninga, nema að því er varðar innskil eininga, skráningu sannprófaðrar losunar og uppfærslu upplýsinga um reikninginn.

3. Ekki má hefja neitt ferli í tengslum við reikninga sem hefur verið lokað. Ekki má opna að nýju reikning sem hefur verið lokað og þar má ekki taka á móti einingum.

4. Þegar stöð er útilokuð frá áætlun Sambandsins skv. 27. gr. tilskipunar 2003/87/EB skal landsstjórnandinn setja stöðuna undanskilinn á viðkomandi vörslureikning rekstraraðila meðan á útilokuninni stendur.

5. Við tilkynningu frá lögbæru yfirvaldi þess efnis að flug umráðanda loftfars falli ekki lengur undir áætlun Sambandsins, í samræmi við I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB, skal landsstjórnandinn setja stöðuna undanskilinn á viðkomandi vörslureikning umráðanda loftfars þar til lögbært yfirvald tilkynnir að flug umráðandans falli aftur undir áætlun Sambandsins.

10. gr.

Stjórnun reikninga

1. Yfir hverjum reikningi skal vera stjórnandi sem ber ábyrgð á stjórnun reikningsins fyrir hönd aðildarríkis eða fyrir hönd Sambandsins.

2. Stjórnandi reiknings er tilgreindur fyrir hverja gerð reiknings eins og sett er fram í I. viðauka.

3. Stjórnandi reiknings ber ábyrgð á því að opna reikning, stöðva aðgang tímabundið, takmarka aðgang eða loka reikningi, samþykkja viðurkennda fulltrúa, leyfa breytingar á upplýsingum um reikning sem þarfnast samþykkis stjórnandans og hefja viðskipti ef reikningshafi óskar þess, í samræmi við 5. mgr. 21. gr.

4. Stjórnandi getur farið fram á að reikningshafar og fulltrúar þeirra samþykki að fara að sanngjörnum skilmálum og skilyrðum sem eru í samræmi við þessa reglugerð.

5. Reikningar falla undir lög og lögsögu aðildarríkis stjórnanda þeirra og einingarnar, sem þar eru geymdar, teljast vera á yfirráðasvæði þess aðildarríkis.

11. gr.

Tilkynningar frá yfirstjórnanda

Yfirstjórnandinn skal tilkynna fulltrúum og stjórnanda reiknings um upphaf og lok eða slit á hverju því ferli sem tengist reikningnum og um breytingar á stöðu reiknings með sjálfvirku fyrirkomulagi sem lýst er í upplýsingaskipta- og tækniforskriftunum sem kveðið er á um í 79. gr.

2. ÞÁTTUR

Stofnun og uppfærsla reikninga

12. gr.

Stofnun rekstrarreikninga

Yfirstjórnandinn skal stofna alla rekstrarreikninga í skrá Sambandsins innan 20 virkra daga frá viðtöku upplýsinganna sem settar eru fram í II. viðauka.

13. gr.

Stofnun afhendingarreiknings fyrir uppboðnar losunarheimildir í skrá Sambandsins

1. Uppboðshaldari, uppboðsvettvangur, greiðslujöfnunarkerfi eða uppgjörskerfi, eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 1031/2010, geta sent landsstjórnanda beiðni um afhendingarreikning fyrir uppboðnar losunarheimildir (*e. auction delivery account*) í skrá Sambandsins. Aðilinn, sem óskar eftir reikningnum, skal veita upplýsingarnar sem settar eru fram í III. viðauka.

2. Innan 20 virkra daga frá viðtöku allra upplýsinganna, í samræmi við 1. mgr. og 22. gr., skal landsstjórnandinn stofna afhendingarreikning fyrir uppboðnar losunarheimildir í skrá Sambandsins eða upplýsa aðilann, sem óskar eftir að stofna reikninginn, um að hann synji honum um stofnun reikningsins skv. 20. gr.

14. gr.

Stofnun vörslureikninga rekstraraðila í skrá Sambandsins

1. Innan 20 virkra daga frá gildistöku leyfis til losunar gróðurhúsalofttegunda skal viðkomandi lögbært yfirvald eða rekstraraðilinn veita viðkomandi landsstjórnanda upplýsingarnar sem settar eru fram í V. viðauka og skal óska eftir því við landsstjórnandann að hann stofni vörslureikning rekstraraðila í skrá Sambandsins.

2. Innan 20 virkra daga frá viðtöku allra upplýsinganna, í samræmi við 1. mgr. og 22. gr., skal landsstjórnandinn stofna vörslureikning rekstraraðila fyrir hverja stöð í skrá Sambandsins eða upplýsa væntanlegan reikningshafa um að hann synji honum um stofnun reikningsins skv. 20. gr.

15. gr.

Stofnun vörslureikninga fyrir umráðendur loftfara í skrá Sambandsins

1. Innan 20 virkra daga frá því að vöktunaráætlun umráðanda loftfars er samþykkt skal lögbært yfirvald eða umráðandi loftfars veita viðkomandi landsstjórnanda upplýsingarnar sem settar eru fram í VI. viðauka og skal óska eftir því við landsstjórnandann að hann stofni vörslureikning fyrir umráðanda loftfara í skrá Sambandsins.

2. Hver umráðandi loftfars skal vera með einn vörslureikning fyrir umráðanda loftfara.

3. Innan 40 virkra daga frá viðtöku allra upplýsinganna, í samræmi við 1. mgr. og 22. gr., skal landsstjórnandinn stofna vörslureikning fyrir umráðanda loftfara fyrir hvern umráðanda loftfara í skrá Sambandsins eða upplýsa væntanlegan reikningshafa um að hann synji honum um stofnun reikningsins skv. 20. gr.

4. Stöðunni á vörslureikningi umráðanda loftfara skal breytt úr frystur í opinn þegar sannprófuð losun hefur verið færð inn skv. 1.–5. mgr. 32. gr. og tala um stöðu reglufylgni, sem er reiknuð út skv. 1. mgr. 34. gr., er hærri eða jöfn og núll. Stöðu reiknings skal einnig breytt í opinn fyrir þann tíma eftir að landsstjórnandinn hefur móttekið beiðni frá reikningshafa þess efnis að viðskiptareikningur hans verði gerður virkur, að því tilskildu að slík beiðni innihaldi a.m.k. allar þær upplýsingar sem krafist er samkvæmt upplýsingaskipta- og tækniforskriftunum sem kveðið er á um í 79. gr.

16. gr.

Stofnun einkavörslureikninga og viðskiptareikninga í skrá Sambandsins

1. Væntanlegur reikningshafi skal senda landsstjórnanda beiðni um stofnun einkavörslureiknings eða viðskiptareiknings í skrá Sambandsins. Væntanlegur reikningshafi skal veita þær upplýsingar sem landsstjórnandinn fer fram á og skal þar vera að finna a.m.k. þær upplýsingar sem settar eru fram í III. viðauka.

2. Aðildarríki landsstjórnandans getur krafist þess, sem skilyrðis fyrir því að opna einkavörslureikning eða viðskiptareikning, að væntanlegir reikningshafar hafi fasta búsetu eða séu skráðir í aðildarríki landsstjórnandans sem stjórnar reikningnum.

3. Aðildarríki landsstjórnandans getur krafist þess, sem skilyrðis fyrir því að opna einkavörslureikning eða viðskiptareikning, að væntanlegir reikningshafar séu virðisaukaskattskráðir í aðildarríki landsstjórnandans sem stjórnar reikningnum.

4. Innan 20 virkra daga frá viðtöku allra upplýsinganna, í samræmi við 1. mgr. og 22. gr., skal landsstjórnandinn stofna einkavörslureikning eða viðskiptareikning í skrá Sambandsins eða upplýsa væntanlegan reikningshafa um að hann synji honum um stofnun reikningsins skv. 20. gr.

17. gr.

Stofnun landsbundinna vörslureikninga í skrá Sambandsins

Lögbært yfirvald aðildarríkis skal gefa landsstjórnandanum fyrirmæli um að opna landsbundinn vörslureikning (*e. national holding account*) í skrá Sambandsins innan 20 virkra daga frá viðtöku upplýsinganna sem settar eru fram í II. viðauka.

18. gr.

Stofnun reikninga fyrir ytri vettvanga í skrá Sambandsins

1. Ytri vettvangar geta lagt fram beiðni um reikning fyrir ytri vettvang í skrá Sambandsins. Þessi beiðni skal lögð fyrir landsstjórnandann. Aðilinn, sem óskar eftir stofnun reikningsins, skal veita þær upplýsingar sem landsstjórnandinn fer fram á. Þessar upplýsingar skulu innihalda a.m.k. þær upplýsingar sem settar eru fram í III. viðauka og gögn því til sönnunar að ytri vettvangurinn tryggi öryggisstig, sem er jafnhátt eða hærra en það öryggi sem tryggt er í skrá Sambandsins, í samræmi við þessa reglugerð.

2. Landsstjórnendur skulu tryggja að ytri vettvangar uppfylli tæknilegu kröfurnar og öryggiskröfurnar sem lýst er í upplýsingaskipta- og tækniforskriftunum sem kveðið er á um í 79.gr.

3. Innan 20 virkra daga frá viðtöku allra upplýsinganna, í samræmi við 1. mgr. og 22. gr., skal landsstjórnandinn stofna reikning fyrir ytri vettvang í skrá Sambandsins eða upplýsa yfirstjórnandann eða aðilann, sem óskar eftir að stofna reikninginn, um að hann synji honum um stofnun reikningsins skv. 20. gr.

4. Ekki skal gerð krafa um samþykki viðurkennds viðbótarfulltrúa skv. 3. mgr. 21. gr. til að hefja viðskipti, að því er varðar viðskipti sem ytri vettvangar með undanþágu hafa hafið. Landsstjórnandinn getur veitt ytri vettvangi undanþágu við skriflega beiðni ef ytri vettvangurinn leggur fram sannanir þess efnis að þar sé öryggisfyrirkomulag fyrir hendi sem veitir a.m.k. verndarstig sem er sambærilegt við það sem næst með kröfunum í 3. mgr. 21. gr. Lágmarkskröfur varðandi tækni og öryggi skulu settar fram í upplýsingaskipta- og tækniforskriftunum sem kveðið er á um í 79. gr. Viðkomandi landsstjórnandi skal tilkynna framkvæmdastjórninni um slíkar beiðnir án tafar. Framkvæmdastjórnin skal birta opinberlega undanþágur samkvæmt þessari málsgrein.

19. gr.

Stofnun sannprófandareikninga í skrá Sambandsins

1. Beiðni um sannprófandareikning í skrá Sambandsins skal lögð fyrir landsstjórnandann. Aðilinn, sem óskar eftir reikningnum, skal veita þær upplýsingar sem landsstjórnandinn fer fram á, þ.m.t. upplýsingarnar sem settar eru fram í II. og IV. viðauka.

2. Innan 20 virkra daga frá viðtöku allra upplýsinganna, í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar og 22. gr., skal landsstjórnandinn stofna sannprófandareikninginn í skrá Sambandsins eða upplýsa væntanlegan reikningshafa um að hann synji honum um stofnun reikningsins skv. 20. gr.

20. gr.

Synjun um stofnun reiknings

1. Landsstjórnandinn skal sannprófa hvort upplýsingarnar og skjölin, sem kveðið er á um vegna stofnunar reiknings, séu fullnægjandi, uppfærð, nákvæm og rétt.

2. Landsstjórnandi getur neitað að opna reikning:

a) ef upplýsingarnar og skjölin sem lögð eru fram eru ófullgerð, úrelt eða með öðrum hætti ónákvæm eða röng,

b) ef væntanlegur reikningshafi eða, ef um lögaðila er að ræða, einhver stjórnarmannanna sætir rannsókn eða hefur, næstliðin fimm ár, verið dæmdur fyrir svik þar sem losunarheimildir eða Kýótóeiningar koma við sögu, peningaþvætti, fjármögnun hryðjuverka eða önnur alvarlegt afbrot þar sem unnt er að nota reikninginn,

c) ef landsstjórnandinn hefur gilda ástæðu til að ætla að reikningarnir verði notaðir við svik þar sem losunarheimildir eða Kýótóeiningar koma við sögu, peningaþvætti, fjármögnun hryðjuverka eða önnur alvarlegt afbrot,

d) af ástæðum sem settar eru fram í landslögum.

3. Ef landstjórnandinn synjar um stofnun reiknings getur aðilinn, sem óskaði eftir stofnun reikningsins, andmælt við lögbært yfirvald samkvæmt landslögum og skal yfirvaldið þá annaðhvort gefa landsstjórnandanum fyrirmæli um að stofna reikninginn eða staðfesta synjunina með rökstuddri ákvörðun með fyrirvara um kröfur í landslögum um lögmæt markmið, sem stefnt er að, sem eru samrýmanleg við þessa reglugerð og hófleg.

21. gr.

Viðurkenndir fulltrúar

1. Fyrir hvern reikning, að undanskildum sannprófandareikningnum, skulu vera a.m.k. tveir viðurkenndir fulltrúar. Fyrir sannprófandareikning skal vera a.m.k. einn viðurkenndur fulltrúi. Viðurkenndu fulltrúarnir skulu hefja viðskipti og önnur ferli fyrir hönd reikningshafans.

2. Til viðbótar við viðurkenndu fulltrúana, sem eru tilgreindir í 1. mgr., mega einnig vera viðurkenndir fulltrúar fyrir reikninga sem eru einungis með skoðunaraðgang að reikningnum.

3. Fyrir reikninga mega vera einn eða fleiri viðurkenndir viðbótarfulltrúar. Gerð er krafa um samþykki viðurkennds viðbótarfulltrúa til að hefja viðskipti, auk samþykkis viðurkennds fulltrúa, að undanskildum:

a) millifærslum á reikning reikningshafa, sem er á skrá yfir áreiðanlega reikninga í skrá Sambandsins, og

b) viðskiptum sem ytri vettvangar, sem njóta undanþágu skv. 4. mgr. 18. gr., hefja.

4. Reikningshafar geta komið því þannig fyrir að aðgangur að reikningum þeirra verði um ytri vettvang. Slíkir reikningshafar skulu tilnefna, sem viðurkenndan fulltrúa, aðila sem er þegar viðurkenndur fulltrúi fyrir reikning ytri vettvangs.

5. Ef viðurkenndur fulltrúi getur ekki farið inn í skrá Sambandsins af tæknilegum ástæðum eða öðrum ástæðum getur landsstjórnandinn hafið viðskipti fyrir hönd viðurkennda fulltrúans ef hann óskar eftir því, að því tilskildu að landsstjórnandinn heimili slíkar beiðnir og að aðgangi hafi ekki verið lokað tímabundið í samræmi við þessa reglugerð.

6. Upplýsingaskipta- og tækniforskriftir geta ákvarðað hámarksfjölda viðurkenndra fulltrúa og viðurkenndu viðbótarfulltrúanna fyrir hverja gerð reiknings.

7. Viðurkenndir fulltrúar og viðurkenndir viðbótarfulltrúar skulu vera einstaklingar sem eru eldri en 18 ára. Enginn viðurkenndu fulltrúanna eða viðurkenndra viðbótarfulltrúa hvers reiknings má vera sami maðurinn en sami maðurinn getur verið viðurkenndur fulltrúi eða viðurkenndur viðbótarfulltrúi fleiri en eins reiknings. Aðildarríki landsstjórnandans getur krafist þess að a.m.k. einn viðurkenndur fulltrúi reiknings, að undanskildum sannprófandareikningum, hafi fasta búsetu í því aðildarríki.

22. gr.

Tilnefning og samþykki viðurkenndra fulltrúa og viðurkenndra viðbótarfulltrúa

1. Þegar óskað er eftir stofnun reiknings skal væntanlegur reikningshafi tilnefna nokkra viðurkennda fulltrúa og viðurkennda viðbótarfulltrúa í samræmi við 21. gr.

2. Þegar reikningshafinn tilnefnir viðurkenndan fulltrúa eða viðurkennda viðbótarfulltrúa skal hann veita þær upplýsingar sem stjórnandinn krefst. Þær upplýsingar skulu a.m.k. innihalda upplýsingarnar sem settar eru fram í VII. viðauka.

3. Innan 20 virkra daga frá viðtöku allra upplýsinganna, sem krafist er í samræmi við 2. mgr., skal landsstjórnandinn samþykkja viðurkenndan fulltrúa eða viðurkenndan viðbótarfulltrúa eða tilkynna reikningshafa um að hann samþykki hann ekki. Ef þörf er á lengri tíma til að meta upplýsingar um tilnefnda aðilann getur stjórnandinn framlengt matsferlið um allt að 20 virka daga til viðbótar og skal hann þá tilkynna reikningshafanum um framlenginguna.

4. Landsstjórnandinn skal sannprófa hvort upplýsingarnar og skjölin, sem kveðið er á um vegna tilnefningar á viðurkenndum fulltrúa eða viðurkenndum viðbótarfulltrúa, séu fullnægjandi, uppfærð, nákvæm og rétt.

5. Landsstjórnandinn getur neitað að samþykkja viðurkenndan fulltrúa eða viðurkenndan viðbótarfulltrúa:

a) ef upplýsingarnar og skjölin sem lögð eru fram eru ófullgerð, úrelt eða með öðrum hætti ónákvæm eða röng,

b) ef væntanlegur fulltrúi sætir rannsókn eða hefur, næstliðin fimm ár, verið dæmdur fyrir svik þar sem losunarheimildir eða Kýótóeiningar koma við sögu, peningaþvætti, fjármögnun hryðjuverka eða önnur alvarlegt afbrot þar sem unnt er að nota reikninginn,

c) af ástæðum sem settar eru fram í landslögum.

6. Hafi landstjórnandinn neitað að samþykkja viðurkenndan fulltrúa eða viðurkenndan viðbótarfulltrúa getur reikningshafinn andmælt með milligöngu lögbærs yfirvalds samkvæmt landslögum og skal yfirvaldið þá annaðhvort gefa landsstjórnandanum fyrirmæli um að samþykkja fulltrúann eða staðfesta synjunina með rökstuddri ákvörðun með fyrirvara um kröfur í landslögum um lögmæt markmið, sem stefnt er að, sem eru samrýmanleg við þessa reglugerð og hófleg.

23. gr.

Uppfærsla upplýsinga um reikninga og viðurkennda fulltrúa

1. Allir reikningshafar skulu tilkynna landsstjórnandanum innan 10 virkra daga um breytingar á upplýsingunum sem lagðar voru fram vegna stofnunar reiknings, Auk þess skulu reikningshafar staðfesta við landsstjórnandinn, eigi síðar en 31. desember ár hvert, að upplýsingarnar, sem varða reikninginn þeirra, séu áfram fullnægjandi, uppfærðar og réttar.

2. Umráðendur loftfara skulu tilkynna það stjórnanda reiknings síns innan 10 virkra daga ef þeir hafa verið aðilar að samruna tveggja eða fleiri umráðenda loftfara eða skiptingu í tvo eða fleiri umráðendur loftfara.

3. Með tilkynningu um breytingar skulu fylgja þær upplýsingar sem landsstjórnandinn krefst í samræmi við þennan þátt. Innan 15 virkra daga frá viðtöku slíkrar tilkynningar og upplýsingum því til stuðnings skal viðkomandi landsstjórnandi samþykkja uppfærslu á upplýsingunum. Stjórnandinn getur neitað að uppfæra upplýsingarnar í samræmi við 4. og 5. mgr. 22. gr. Reikningshafa skal tilkynnt um slíka synjun. Unnt er að koma andmælum við slíkri synjun á framfæri við lögbært yfirvald eða viðeigandi yfirvald samkvæmt landslögum í samræmi við 20. gr.

4. Landsstjórnandinn skal, a.m.k. einu sinni á þriggja ára fresti, endurskoða hvort upplýsingarnar, sem lagðar voru fram vegna stofnunar reiknings, séu áfram fullnægjandi, uppfærðar, nákvæmar og réttar og skal gera þá kröfu að reikningshafi tilkynni um hvers kyns breytingar, eins og við á.

5. Reikningshafi vörslureiknings rekstraraðila má eingöngu selja eða afhenda rekstraraðila eignarhald á vörslureikningi sínum með stöðinni sem vörslureikningurinn tengist.

6. Reikningshafi má hvorki selja né afhenda eignarhald á reikningi sínum til annars aðila, með fyrirvara um 5. mgr.

7. Viðurkenndur fulltrúi eða viðurkenndur viðbótarfulltrúi má ekki færa þá stöðu sína yfir á annan aðila.

8. Reikningshafi getur farið þess á leit að viðurkenndur fulltrúi sé fjarlægður af reikningi. Við viðtöku beiðni skal landsstjórnandinn loka aðgangi viðurkennds fulltrúa eða viðurkennds viðbótarfulltrúa tímabundið. Innan 10 virkra daga frá viðtöku beiðninnar skal viðkomandi stjórnandi víkja viðurkennda fulltrúanum frá.

9. Reikningshafi getur tilnefnt nýja viðurkennda fulltrúa eða viðurkennda viðbótarfulltrúa í samræmi við 22. gr.

10. Ef skipt er um aðildarríki sem stjórnar umráðanda loftfars í samráði við verklagsregluna sem fram er sett í 18. gr. a í tilskipun 2003/87/EB eða ef skipti verða í kjölfar stækkunar Sambandsins skal yfirstjórnandinn uppfæra landsstjórnanda viðkomandi vörslureiknings fyrir umráðanda loftfara. Ef skipt er um stjórnanda vörslureiknings umráðanda loftfara getur nýi stjórnandinn krafist þess að umráðandinn leggi fram upplýsingarnar í tengslum við stofnun reiknings í samræmi við 15. gr. og upplýsingarnar um viðurkennda fulltrúa sem hann krefst í samræmi við 21. gr.

11. Ekki skal skipta um aðildarríki sem ber ábyrgð á stjórnun reiknings, með fyrirvara um 10. gr.

24. gr.

Skrá yfir áreiðanlega reikninga

1. Í skrá Sambandsins er heimilt að taka saman skrá yfir áreiðanlega reikninga fyrir afhendingarreikninga fyrir uppboðnar losunarheimildir, vörslureikninga og viðskiptareikninga.

2. Reikningar, sem eru í eigu sama reikningshafa, skulu sjálfkrafa færðir í skrána yfir áreiðanlega reikninga.

3. Hefja skal breytingar á skránni yfir áreiðanlega reikninga og ljúka við þær með málsmeðferðinni, sem sett er fram í 36. gr., fyrir millifærslur sem eru tilgreindar í 6. þætti V. kafla. Viðurkenndir viðbótarfulltrúar skulu staðfesta breytinguna eða, ef viðurkenndir viðbótarfulltrúar hafa ekki verið tilnefndir, annar viðurkenndur fulltrúi. Fresturinn, sem er tilgreindur í 4. mgr. 36. gr., gildir ekki um niðurfellingu reikninga af skránni yfir áreiðanlega reikninga; að því er varðar aðrar breytingar á skránni yfir áreiðanlega reikninga skal fresturinn vera sjö dagar.

3. ÞÁTTUR

Lokun reikninga

25. gr.

Lokun reikninga

Stjórnandi skal loka reikningi, með fyrirvara um 1. mgr. 29. gr., innan 10 virkra daga frá viðtöku beiðni frá reikningshafa reiknings, annarra en þeirra sem eru tilgreindir í 26., 27. og 28. gr.

26. gr.

Lokun vörslureikninga fyrir rekstraraðila

1. Lögbært yfirvald skal tilkynna landsstjórnandanum um afturköllun eða tímabundna niðurfellingu leyfis fyrir losun gróðurhúsalofttegunda eða vitneskju um lokun stöðvar innan 10 virkra daga. Landsstjórnandinn skal skrá viðeigandi dagsetningu í skrá Sambandsins innan 10 virkra daga frá slíkri tilkynningu.

2. Landsstjórnandinn getur lokað vörslureikningi rekstraraðila eigi síðar en 30. júní árið eftir það ár sem stöðinni var lokað eða leyfi fyrir losun gróðurhúsalofttegunda var afturkallað eða fellt tímabundið niður ef viðkomandi stöð hefur skilað inn fjölda losunarheimilda sem svarar til eða er meiri en sannprófuð losun stöðvarinnar.

27. gr.

Lokun vörslureikninga fyrir umráðendur loftfara

Landsstjórnandinn skal einungis loka vörslureikningum fyrir umráðendur loftfara ef hann hefur fengið um það fyrirmæli frá lögbæru yfirvaldi í kjölfar þess að lögbæra yfirvaldið fékk vitneskju um að tiltekinn umráðandi hafi sameinast öðrum umráðanda eða að tiltekinn umráðandi hafi hætt til frambúðar allri starfsemi sem fellur undir I. viðauka tilskipunar 2003/87/EB, annaðhvort með tilkynningu frá reikningshafanum eða með hjálp annarra gagna.

28. gr.

Lokun sannprófandareikninga

1. Innan 10 virkra daga frá viðtöku beiðni frá sannprófanda um lokun reiknings hans skal landsstjórnandinn loka reikningnum.

2. Lögbært yfirvald getur einnig gefið landsstjórnandanum fyrirmæli um að loka sannprófandareikningi ef annað eftirfarandi skilyrða er uppfyllt:

a) faggilding sannprófandans er runnin út eða hefur verið afturkölluð,

b) sannprófandinn hefur hætt starfsemi.

29. gr.

Jákvæð staða á reikningum sem á að loka

1. Ef staða losunarheimilda eða Kýótóeininga er jákvæð á reikningi sem stjórnandi á að loka í samræmi við 25., 26. og 27. gr. skal stjórnandinn fyrst fara fram á það við reikningshafann að hann tilgreini annan reikning og þessar losunarheimildir eða Kýótóeiningar skulu færðar yfir á hann. Ef reikningshafinn hefur ekki brugðist við beiðni stjórnandans innan 40 virkra daga skal stjórnandinn færa losunarheimildirnar eða Kýótóeiningarnar á landsbundinn vörslureikning sinn.

2. Ef jákvæð staða losunarheimilda eða Kýótóeininga er á reikningi, sem lokað hefur verið fyrir aðgang að tímabundið í samræmi við 31. gr., getur lögbæra yfirvaldið krafist þess að losunarheimildirnar og Kýótóeiningarnar séu tafarlaust færðar yfir á reikning viðkomandi lands.

30. gr.

Lokun reikninga og brottvikning viðurkennds fulltrúa að frumkvæði stjórnandans

1. Ef ástandið, sem veldur tímabundinni lokun aðgangs að reikningum skv. 31. gr., hefur ekki verið bætt innan hæfilegs frests þrátt fyrir ítrekaðar tilkynningar getur lögbært yfirvald gefið landsstjórnandanum fyrirmæli um að loka þeim reikningum, sem lokað hefur verið fyrir aðgang að, eða, ef um er að ræða vörslureikning umráðanda eða vörslureikning umráðanda loftfars, að frysta reikninginn þar til lögbært yfirvald ákvarðar að ástandið, sem olli tímabundnu lokuninni, sé ekki lengur fyrir hendi.

2. Ef staðan á einkavörslureikningi eða viðskiptareikningi er núll og engin viðskipti hafa verið skráð í eitt ár getur landsstjórnandinn tilkynnt reikningshafanum um að einkavörslureikningnum eða viðskiptareikningnum verði lokað innan 40 virkra daga nema landsstjórnandanum berist beiðni þess efnis að reikningnum verði haldið opnum. Ef landsstjórnandanum berst engin slík beiðni frá reikningshafanum getur hann lokað reikningnum.

3. Landsstjórnandinn skal loka vörslureikningi rekstraraðila samkvæmt fyrirmælum lögbærs yfirvalds á grundvelli þess að ekki sé útlit fyrir að fleiri losunarheimildum verði skilað inn.

4. Landsstjórnandinn getur vikið viðurkenndum fulltrúa eða viðurkenndum viðbótarfulltrúa frá ef hann telur að synja hefði átt beiðni um að samþykkja viðurkennda fulltrúann eða viðurkenndan viðbótarfulltrúa skv. 3. mgr. 22. gr., einkum ef hann uppgötvar að skjölin og auðkennisupplýsingarnar, sem lögð voru fram við tilnefninguna, voru ófullgerð, úrelt eða með öðrum hætti ónákvæm eða röng.

5. Reikningshafinn getur andmælt breytingu á stöðu reiknings í samræmi við 1. mgr. eða brottvikningu viðurkennds fulltrúa eða viðurkennds viðbótarfulltrúa í samræmi við 4. mgr. við lögbært yfirvald samkvæmt landsslögum innan 30 almanaksdaga og skal yfirvaldið þá annaðhvort gefa landsstjórnandanum fyrirmæli um að opna reikninginn að nýju eða endurskipa viðurkennda fulltrúann eða viðurkennda viðbótarfulltrúann eða staðfesta breytinguna á stöðu reikningsins eða brottvikninguna með rökstuddri ákvörðun, með fyrirvara um kröfur í landslögum um lögmæt markmið, sem stefnt er að, sem eru samrýmanleg við þessa reglugerð og hófleg.

4. ÞÁTTUR

Tímabundin lokun aðgangs að reikningum

31. gr.

Tímabundin lokun aðgangs að reikningum

1. Stjórnandi getur lokað fyrir aðgang viðurkennds fulltrúa eða viðurkennds viðbótarfulltrúa tímabundið að öllum reikningnum í skránni eða að ferlum sem viðurkenndi fulltrúinn hefði að öðru jöfnu haft aðgang að ef stjórnandinn hefur gilda ástæðu til að ætla að viðurkenndi fulltrúinn hafi:

a) reynt að fá aðgang að reikningum eða ferlum sem hann hefur ekki leyfi fyrir,

b) hvað eftir annað reynt að fá aðgang að reikningi eða ferli með því að nota rangt notandanafn og lykilorð,

c) reynt að stofna örygginu, tiltækileikanum, heilleikanum eða trúnaðinum í skrá Sambandsins eða í viðskiptadagbók ESB eða gögnunum, sem þar eru meðhöndluð eða geymd, í hættu.

2. Stjórnandi getur lokað fyrir aðgang allra viðurkenndra fulltrúa eða viðurkenndra viðbótarfulltrúa að tilteknum reikningi ef eitt eftirfarandi skilyrða hefur verið uppfyllt:

a) reikningshafinn er látinn og löglegur arftaki ekki fyrir hendi eða reikningshafinn er ekki lengur lögaðili,

b) reikningshafinn greiddi ekki gjöld,

c) reikningshafinn hefur brotið gegn skilmálunum og skilyrðunum sem gilda um reikninginn,

d) reikningshafinn hefur ekki samþykkt breytingarnar á skilmálunum og skilyrðunum sem landsstjórnandinn eða yfirstjórnandinn hafa ákveðið,

e) reikningshafinn hefur ekki tilkynnt um breytingar á upplýsingum um reikning eða lagt fram gögn til sönnunar varðandi breytingar á upplýsingum um reikning eða varðandi kröfur um upplýsingar varðandi nýjan reikning,

f) reikningshafinn hefur ekki séð til þess að reikningurinn haldi þeim lágmarksfjölda viðurkenndra fulltrúa sem krafist er,

g) reikningshafinn hefur ekki uppfyllt kröfu aðildarríkisins þess efnis að hann skuli vera með viðurkenndan fulltrúa sem er með fasta búsetu í aðildarríki landsstjórnandans,

h) reikningshafinn hefur ekki uppfyllt kröfur aðildarríkisins þess efnis að hann skuli hafa fasta búsetu eða vera skráður í aðildarríki stjórnanda reikningsins.

3. Stjórnandi getur lokað fyrir aðgang allra viðurkenndra fulltrúa eða viðurkenndra viðbótarfulltrúa að tilteknum reikningi og möguleikann á að hefja ferli frá þeim reikningi:

a) í að hámarki tvær vikur ef stjórnandinn hefur gilda ástæðu til að ætla að reikningurinn hafi verið notaður eða verði notaður við svik, peningaþvætti, fjármögnun hryðjuverka eða önnur alvarlegt afbrot eða

b) á grundvelli og í samræmi við ákvæði landslaga um lögmæt markmið sem stefnt er að.

4. Landsstjórnandinn getur lokað fyrir aðgang að reikningi ef hann telur að synja hefði átt um stofnun reikningsins í samræmi við 20. gr. eða ef reikningshafinn uppfyllir ekki lengur kröfurnar sem varða stofnun reikningsins.

5. Stjórnandi reikningsins skal bakfæra lokunina að aðganginum um leið og málið sem olli henni hefur verið leyst.

6. Reikningshafinn getur andmælt lokun aðgangs síns innan 30 almanaksdaga við lögbært yfirvald eða viðeigandi yfirvald samkvæmt landslögum, í samræmi við 1. og 3. mgr., og skal yfirvaldið þá annaðhvort gefa landsstjórnandanum fyrirmæli um að opna fyrir aðganginn að nýju eða staðfesta lokunina með rökstuddri ákvörðun, með fyrirvara um kröfur í landslögum um lögmæt markmið, sem stefnt er að, sem eru samrýmanleg við þessa reglugerð og hófleg.

7. Lögbært yfirvald eða framkvæmdastjórnin geta einnig gefið landsstjórnandanum eða yfirstjórnandanum fyrirmæli um að láta tímabundna lokun koma til framkvæmda.

8. Landsbundið löggæsluyfirvald í aðildarríki stjórnandans getur einnig farið þess á leit við stjórnandann að hann láti tímabundna lokun koma til framkvæmda á grundvelli landslaga og í samræmi við þau.

9. Þegar aðgangur að reikningi ytri vettvangs er stöðvaður tímabundið skal stjórnandinn einnig stöðva tímabundið aðgang ytri vettvangsins að notandareikningum í samræmi við 4. mgr. 21. gr. Þegar aðgangi viðurkenndra fulltrúa og viðurkenndra viðbótarfulltrúa fyrir reikning ytri vettvangs er lokað tímabundið skal stjórnandinn einnig loka tímabundið aðgangi þessara fulltrúa á vegum reikningshafa að ytri vettvanginum í samræmi við 4. mgr. 21. gr.

10. Ef handhafi vörslureiknings fyrir rekstraraðila eða vörslureiknings fyrir umráðanda loftfara getur ekki sinnt innskilum á þeim tíu virku dögum fyrir lokadag tímamarkanna, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. a og 3. mgr. 12. gr. í tilskipun 2003/87/EB, vegna tímabundinnar lokunar í samræmi við þessa grein skal landsstjórnandinn, ef reikningshafinn fer fram á það, skila inn þeim fjölda losunarheimilda sem reikningshafinn tilgreinir.

IV. KAFLI

SANNPRÓFUÐ LOSUN OG REGLUFYLGNI

32. gr.

Gögn um sannprófaða losun fyrir stöð eða umráðanda loftfars

1. Hver rekstraraðili og umráðandi loftfars skal velja sannprófanda af skrá yfir sannprófendur sem eru skráðir hjá landsstjórnandanum sem stjórnar reikningi hans. Ef rekstraraðili eða umráðandi loftfars er einnig sannprófandi má hann ekki velja sjálfan sig sem sannprófanda.

2. Landsstjórnandi, lögbært yfirvald eða, samkvæmt ákvörðun lögbærs yfirvalds, reikningshafi eða sannprófandi skal, eigi síðar en 31. mars, færa inn losunargögn fyrir næstliðið ár.

3. Árleg losunargögn skulu lögð fram á því sniði sem sett er fram í VIII. viðauka.

4. Sannprófandinn eða lögbært yfirvald skal samþykkja árlega, sannprófaða losun eftir að hafa sannprófað á fullnægjandi hátt, í samræmi við 1. mgr. 15. gr. tilskipunar 2003/87/EB, skýrslu rekstraraðila um losun frá stöð á næstliðnu ári eða skýrslu umráðanda loftfars um losun frá allri flugstarfsemi á hans vegum á næstliðnu ári.

5. Landsstjórnandinn eða lögbæra yfirvaldið skal merkja losunina, sem samþykkt hefur verið í samræmi við 4. mgr., í skrá Sambandsins þannig að hún sé sannprófuð. Lögbært yfirvald getur ákveðið að í stað landsstjórnandans beri sannprófandinn ábyrgð á að merkja losun þannig að hún sé sannprófuð í skrá Sambandsins.

6. Lögbært yfirvald getur gefið landsstjórnandanum fyrirmæli um að leiðrétta árlega, sannprófaða losun fyrir stöð eða umráðanda loftfars til að tryggja samræmi við kröfurnar í 14. og 15. gr. tilskipunar 2003/87/EB með því að færa leiðrétta, sannprófaða eða áætlaða losun fyrir stöðina eða umráðanda loftfars fyrir tiltekið ár inn í skrá Sambandsins.

7. Ef engin tala fyrir sannprófaða losun hefur verið færð í skrá Sambandsins 1. maí ár hvert fyrir stöð eða umráðanda loftfars fyrir næstliðið ár eða ef staðfest hefur verið að talan um sannprófaða losun er röng skal í staðinn tilgreina áætlaða tölu um losun sem er reiknuð svo nákvæmlega sem framast er unnt í samræmi við 14. og 15. gr. tilskipunar 2003/87/EB.

33. gr.

Frysting reikninga vegna þess að gögn um sannprófaða losun hafa ekki verið lögð fram

1. Ef sannprófuð losun fyrir stöð eða umráðanda loftfars fyrir næstliðið ár hefur ekki verið færð í skrá Sambandsins 1. apríl ár hvert skal skrá Sambandsins frysta viðkomandi vörslureikning rekstraraðila eða vörslureikning umráðanda loftfara.

2. Þegar öll sannprófuð losun, sem er færð of seint, frá stöð eða vegna umráðanda loftfars hefur verið færð í skrá Sambandsins skal skrá Sambandsins opna aðganginn að reikningnum.

34. gr.

Útreikningur talna um stöðu reglufylgni

1. Hinn 1. maí ár hvert skal skrá Sambandsins ákvarða tölu um stöðu reglufylgni fyrir næstliðið ár fyrir hverja stöð og hvern umráðanda loftfars, hvort sem aðgangur að vörslureikningi rekstraraðila eða vörslureikningi umráðanda loftfars er opinn eða reikningurinn hefur verið frystur, með því að reikna summu allra losunarheimilda, sem skilað er inn fyrir yfirstandandi tímabil, að frádreginni summu allrar sannprófaðrar losunar á yfirstandandi tímabili til og með yfirstandandi ári, ásamt leiðréttingarstuðli.

2. Leiðréttingarstuðullinn, sem um getur í 1. mgr., skal vera núll ef tala um stöðu reglufylgni fyrir síðasta ár næstliðins tímabils var hærri en núll en skal vera hinn sami og tala um stöðu reglufylgni fyrir síðasta ár næstliðins tímabils ef sú tala er núll eða lægri.

3. Skrá Sambandsins skal færa inn tölu um stöðu reglufylgni fyrir hverja stöð og hvern umráðanda loftfars fyrir hvert ár.

V. KAFLI

VIÐSKIPTI

35. gr.

Einungis þau viðskipti, sem skýrt er kveðið á um í þessari reglugerð fyrir hverja tegund reiknings, skulu hefjast með þeirri tegund reiknings.

36. gr.

Framkvæmd millifærslna

1. Að því er varðar öll viðskipti, sem eru tilgreind í V. kafla, sem ytri vettvangur hefur ekki hafið skal skrá Sambandsins gera kröfu um staðfestingu um aðra samskiptaleið (*e. out-of-band confirmation*) áður en viðskiptin geta hafist. Einungis skal hefja viðskipti ef viðurkenndur viðbótarfulltrúi, sem krafa er gerð um að samþykki þau skv. 3. mgr. 21. gr., hefur staðfest viðskiptin um aðra samskiptaleið.

2. Að því er varðar allar millifærslur, sem eru tilgreindar í 59. gr. og 6. þætti V. kafla, skulu þær hefjast tafarlaust ef þær eru staðfestar á milli kl. 10:00 og 16:00 að Mið-Evróputíma frá mánudegi til föstudags, að báðum dögum meðtöldum, að undanskildum lögboðnum frídögum í þeim aðildarríkjum sem ákveða að nýta ekki frestunina skv. 3. mgr. Millifærsla, sem er staðfest á öðrum tíma, skal hefjast næsta dag, frá mánudegi til föstudags, kl. 10:00 að Mið-Evróputíma.

3. Að því er varðar allar millifærslur á losunarheimildum og Kýótóeiningum, sem eru tilgreindar í 59. og 60. gr., og allar millifærslur, sem eru tilgreindar í 61. gr., á reikninga sem eru ekki á skránni yfir áreiðanlega reikninga hjá handhafa viðskiptareikninga, gildir 26 klukkustunda frestun frá því að millifærsla hefst og þar til tilkynnt er um að það megi ljúka við hana skv. 78. gr. Þessi frestun skal numin úr gildi tímabundið á laugardögum og sunnudögum milli kl. 00:00 og 24:00 að Mið-Evróputíma. Aðildarríkin geta ákveðið að nema þessa frestun einnig úr gildi tímabundið á lögboðnum frídögum á tilteknu ári, milli kl. 00:00 og 24:00 að Mið-Evróputíma, að því tilskildu að sú ákvörðun hafi verið birt eigi síðar en 1. desember á næstliðnu ári.

4. Ef reikningsfulltrúi (*e. account representative*) hefur grun um að millifærsla hafi verið hafin í sviksamlegum tilgangi getur reikningsfulltrúinn, eigi síðar en tveimur klukkustundum áður en fresturinn, sem kveðið er á um í 3. mgr., rennur út, óskað eftir því við landsstjórnandann að hann ógildi færsluna fyrir hönd reikningsfulltrúans áður en tilkynnt er um að það megi ljúka við færsluna. Í kjölfar beiðninnar skal reikningshafinn tafarlaust tilkynna lögbæru löggæsluyfirvaldi um að grunur leiki á svikum. Sú skýrsla skal send landsstjórnanda innan sjö daga.

5. Þegar millifærslur hefjast skv. 1. og 2. mgr. skal senda tilkynningu til allra reikningsfulltrúa um fyrirhugað upphaf millifærslunnar.

37. gr.

Eðli losunarheimilda og endanleiki viðskipta

1. Losunarheimild eða Kýótóeining skal vera skiptanlegur gerningur, sem er einungis til á rafrænu formi, sem unnt er að eiga viðskipti með á markaði.

2. Það eðli losunarheimilda og Kýótóeininga að vera einungis til á rafrænu formi skal fela í sér að færslurnar í skrá Sambandsins mynda að órannsökuðu máli fullnægjandi sannanir fyrir réttindum til losunarheimildar eða Kýótóeiningar og fyrir hverju öðru málefni sem fellur undir þessa reglugerð eða sem unnt er að skrá í skrána samkvæmt henni.

3. Skiptanleiki losunarheimilda og Kýótóeininga skal fela í sér að hvers kyns skuldbindingar vegna endurheimtar eða skila, sem kunna að koma upp samkvæmt landslögum að því er varðar losunarheimild eða Kýótóeiningu, skulu einungis gilda um samskonar losunarheimildir eða Kýótóeiningar. Einkum skal taka tillit til eftirfarandi atriða:

a) með fyrirvara um 64. gr. og afstemmingarferlið, sem gert er ráð fyrir í 77. gr. þessarar reglugerðar, skulu viðskipti verða endanleg og óafturkallanleg við lok þeirra skv. 78. gr. Með fyrirvara um hvers kyns ákvæði eða úrræði til úrbóta samkvæmt landslögum, sem kunna að leiða til kröfu eða reglu um að hefja ný viðskipti í skránni, skulu engin lög, reglugerðir, reglur eða framkvæmd, að því er varðar að fella samninga eða viðskipti úr gildi, leiða til þess að bundinn sé endi á viðskipti í skránni sem eru orðin endanleg og óafturkallanleg samkvæmt þessari reglugerð,

b) ekkert í þessari grein skal koma í veg fyrir að reikningshafi eða þriðji aðili neyti réttar eða kröfu, sem leiðir af undirliggjandi viðskiptum, sem hann kann að eiga lagalega kröfu til, þ.m.t. endurheimt, skil eða skaðabætur, að því er varðar viðskipti sem er lokið í skránni, t.d. ef um er að ræða svik eða tæknilegar villur, svo fremi sem þetta leiðir ekki til þess að viðskiptin séu bakfærð, afturkölluð eða bundinn endi á þau.

4. Kaupandi og handhafi losunarheimildar eða Kýótóeiningar, sem kemur fram í góðri trú, skal öðlast réttindi til losunarheimildar eða Kýótóeiningar án nokkurra ágalla sem eru á eignarheimild framseljandans.

1. ÞÁTTUR

Stofnun losunarheimilda

38. gr.

Stofnun losunarheimilda

1. Yfirstjórnandinn getur stofnað reikning ESB vegna heildarfjölda losunarheimilda (*e. EU Total Quantity Account*), reikning ESB fyrir heildarfjölda losunarheimilda vegna flugs (*e. EU Aviation Total Quantity Account*), uppboðsreikning ESB fyrir losunarheimildir (*e. EU Auction Account*) og/eða uppboðsreikning ESB fyrir losunarheimildir vegna flugs (*e. EU Aviation Auction Account*), eftir því sem við á, og hann skal stofna eða ógilda reikninga og losunarheimildir eins og þörf krefur samkvæmt lögum Sambandsins, þ.m.t. eins og kann að vera krafist með 10. gr. a (8. mgr.) í tilskipun 2003/87/EB, 10. gr. (1. mgr.) reglugerðar (ESB) nr. 1031/2010, 41. gr. (1. mgr.) reglugerðar (ESB) nr. 920/2010 eða með gerðum sem eru samþykktar skv. 3. gr. e (3. mgr.), 9. gr. eða 9. gr. a í tilskipun 2003/87/EB.

2. Framkvæmdastjórnin skal, á viðeigandi tímapunkti eða tímapunktum, gefa yfirstjórnandanum fyrirmæli um að stofna nokkrar almennar losunarheimildir, sem eru samtals jafnmargar þeim fjölda sem er ákvarðaður í samræmi við 1. mgr. 2. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2010/670/ESB ([15]), á reikningum, sem eru stofnaðir vegna 8. mgr. 10 gr. a í tilskipun 2003/87/EB (NER300-reikningur), eða til millifærslu á þessa reikninga.

3. Skrá Sambandsins skal úthluta hverri losunarheimild sérstökum einingarauðkenniskóða við stofnun hennar.

2. ÞÁTTUR

Millifærslur á reikninga fyrir uppboð og úthlutun

39. gr.

Millifærslur á almennum losunarheimildum sem á að bjóða upp

1. Yfirstjórnandinn skal millifæra tímanlega, fyrir hönd viðkomandi uppboðshaldara, sem er tilnefndur í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1031/2010, almennar losunarheimildir af reikningi ESB vegna heildarfjölda losunarheimilda yfir á uppboðsreikning ESB fyrir losunarheimildir, í magni sem samsvarar árlegum fjölda sem er ákvarðaður skv. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1031/2010.

2. Ef um er að ræða breytingar á árlegum fjölda í samræmi við 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1031/2010 skal yfirstjórnandinn millifæra samsvarandi fjölda almennra losunarheimilda af reikningi ESB vegna heildarfjölda losunarheimilda yfir á uppboðsreikning ESB fyrir losunarheimildir eða af uppboðsreikningi ESB fyrir losunarheimildir yfir á reikning ESB vegna heildarfjölda losunarheimilda, eftir því sem við á.

([15]) Stjtíð. ESB L 290, 6.11.2010, bls. 39.

40. gr.

Millifærsla almennra losunarheimilda sem skal úthluta án endurgjalds

Yfirstjórnandinn skal millifæra tímanlega almennar losunarheimildir af reikningi ESB vegna heildarfjölda losunarheimilda yfir á úthlutunarreikning ESB fyrir losunarheimildir í magni, sem samsvarar summu losunarheimilda sem skal úthluta án endurgjalds, í samræmi við töflu hvers aðildarríkis fyrir sig um úthlutun.

41. gr.

Millifærsla almennra losunarheimilda í varasjóð fyrir nýja aðila

1. Yfirstjórnandinn skal millifæra tímanlega almennar losunarheimildir af reikningi ESB vegna heildarfjölda losunarheimilda yfir á reikning ESB vegna varasjóðs fyrir nýja aðila (*e. EU New Entrant Reserve Account*) í magni sem samsvarar 5% af fjölda losunarheimilda í öllu Sambandinu, sem er ákvarðaður með ákvörðunum sem eru samþykktar skv. 9. gr. og 9. gr. a í tilskipun 2003/87/EB, að frádregnum þeim fjölda sem á að stofna skv. 2. mgr. 38. gr.

2. Ef fjöldi losunarheimilda í öllu Sambandinu er aukinn með ákvörðun, sem er samþykkt skv. 9. gr. og 9. gr. a í tilskipun 2003/87/EB, skal yfirstjórnandinn millifæra fleiri almennar losunarheimildir af reikningi ESB vegna heildarfjölda losunarheimilda yfir á reikning ESB vegna varasjóðs fyrir nýja aðila, í magni sem samsvarar 5% af aukningunni á heildarfjölda losunarheimilda í Sambandinu.

3. Ef fjöldi losunarheimilda í öllu Sambandinu er minnkaður með ákvörðun, sem er samþykkt skv. 9. gr. og 9. gr. a í tilskipun 2003/87/EB, skal yfirstjórnandinn fella niður almennar losunarheimildir á reikningi ESB vegna varasjóðs fyrir nýja aðila, í magni sem samsvarar 5% af minnkuninni á fjölda losunarheimilda í öllu Sambandinu.

4. Ef um er að ræða úthlutun til nýrra aðila eða úthlutun til nýrra aðila í kjölfar umtalsverðrar aukningar á afkastagetu skv. 19. og 20. gr. ákvörðunar 2011/278/ESB skal yfirstjórnandinn úthluta endanlegu magni losunarheimilda, sem þannig verður til, sem er úthlutað án endurgjalds til rekstraraðilans fyrir allt viðskiptatímabilið og sem er fært inn í viðskiptadagbók ESB í samræmi við 2. mgr. 49. gr., af reikningi ESB vegna varasjóðs fyrir nýja aðila yfir á úthlutunarreikning ESB fyrir losunarheimildir.

42. gr.

Millifærslur á losunarheimildum, sem á að bjóða upp, vegna flugs

1. Yfirstjórnandinn skal millifæra tímanlega, fyrir hönd viðkomandi uppboðshaldara, sem er tilnefndur í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1031/2010, losunarheimildir vegna flugs af reikningi ESB fyrir heildarfjölda losunarheimilda vegna flugs yfir á uppboðsreikning ESB fyrir losunarheimildir vegna flugs, í magni sem samsvarar árlegum fjölda sem er ákvarðaður skv. 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1031/2010.

2. Ef um er að ræða breytingar á árlegum fjölda í samræmi við 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1031/2010 skal yfirstjórnandinn millifæra samsvarandi fjölda losunarheimilda vegna flugs af reikningi ESB fyrir heildarfjölda losunarheimilda vegna flugs yfir á uppboðsreikning ESB fyrir losunarheimildir vegna flugs eða af uppboðsreikningi ESB fyrir losunarheimildir vegna flugs yfir á reikning ESB fyrir heildarfjölda losunarheimilda vegna flugs, eftir því sem við á.

43. gr.

Millifærsla losunarheimilda vegna flugs sem skal úthluta án endurgjalds

1. Yfirstjórnandinn skal millifæra tímanlega losunarheimildir vegna flugs af reikningi ESB fyrir heildarfjölda losunarheimilda vegna flugs yfir á úthlutunarreikning ESB fyrir losunarheimildir vegna flugs (*e. EU Aviation Allocation Accoun*t) í magni sem samsvarar fjölda losunarheimilda vegna flugs sem skal úthluta án endurgjalds, sem er ákvarðaður með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar sem er samþykkt á grundvelli 3. mgr. 3. gr. e í tilskipun 2003/87/EB.

2. Ef fjöldi losunarheimilda vegna flugs, sem á að úthluta án endurgjalds, er aukinn með ákvörðun skv. 3. mgr. 3. gr. e í tilskipun 2003/87/EB skal yfirstjórnandinn millifæra fleiri losunarheimildir vegna flugs af reikningi ESB fyrir heildarfjölda losunarheimilda vegna flugs yfir á úthlutunarreikning ESB fyrir losunarheimildir vegna flugs í magni sem samsvarar aukningu á fjölda losunarheimilda vegna flugs sem á að úthluta án endurgjalds.

3. Ef fjöldi losunarheimilda vegna flugs, sem á að úthluta án endurgjalds, er minnkaður með ákvörðun skv. 3. mgr. 3. gr. e í tilskipun 2003/87/EB skal yfirstjórnandinn fella niður losunarheimildir vegna flugs á úthlutunarreikningi ESB fyrir losunarheimildir vegna flugs í magni sem samsvarar minnkun á fjölda losunarheimilda vegna flugs sem á að úthluta án endurgjalds.

44. gr.

Millifærslur á losunarheimildum vegna flugs yfir í sérstaka varasjóðinn

1. Yfirstjórnandinn skal millifæra tímanlega losunarheimildir vegna flugs af reikningi ESB fyrir heildarfjölda losunarheimilda vegna flugs yfir á reikning ESB fyrir sérstakan varasjóð (*e. EU Special Reserve Accoun*t) í magni sem samsvarar fjölda losunarheimilda vegna flugs í sérstaka varasjóðnum, sem er ákvarðaður með ákvörðuninni sem er samþykkt skv. 3. mgr. 3. gr. e í tilskipun 2003/87/EB.

2. Ef fjöldi losunarheimilda vegna flugs í sérstaka varasjóðnum er aukinn með ákvörðun sem er samþykkt skv. 3. mgr. 3. gr. e í tilskipun 2003/87/EB skal yfirstjórnandinn millifæra fleiri losunarheimildir vegna flugs af reikningi ESB fyrir heildarfjölda losunarheimilda vegna flugs yfir á reikning ESB vegna sérstaks varasjóðs, í magni sem samsvarar aukningu á fjölda losunarheimilda vegna flugs í sérstaka varasjóðnum.

3. Ef fjöldi losunarheimilda vegna flugs í sérstaka varasjóðnum er minnkaður með ákvörðun sem er samþykkt á grundvelli 3. mgr. 3. gr. e í tilskipun 2003/87/EB skal yfirstjórnandinn fella niður losunarheimildir vegna flugs á reikningi ESB vegna sérstaks varasjóðs, í magni sem samsvarar minnkun á fjölda losunarheimilda í sérstaka varasjóðnum.

4. Ef um er að ræða úthlutun úr sérstaka varasjóðnum skv. 3. gr. f í tilskipun 2003/87/EB skal endanlegt magn losunarheimilda vegna flugs, sem er úthlutað án endurgjalds til umráðanda loftfars fyrir allt viðskiptatímabilið, sem er fært í viðskiptadagbók ESB í samræmi við 2. mgr. 53. gr. þessarar reglugerðar, millifært sjálfkrafa af reikningi ESB vegna sérstaks varasjóðs yfir á úthlutunarreikning ESB fyrir losunarheimildir vegna flugs.

45. gr.

Millifærsla á almennum losunarheimildum yfir á reikning ESB vegna heildarfjölda losunarheimilda

Í lok hvers viðskiptatímabils skal millifæra allar losunarheimildir á úthlutunarreikningi ESB fyrir losunarheimildir og á reikningi ESB vegna varasjóðs fyrir nýja aðila yfir á reikning ESB vegna heildarfjölda losunarheimilda.

46. gr.

Millifærsla á losunarheimildum vegna flugs yfir á reikning ESB fyrir heildarfjölda losunarheimilda vegna flugs

Í lok hvers viðskiptatímabils skal millifæra allar losunarheimildir sem eftir eru á reikningi ESB vegna sérstaks varasjóðs yfir á reikning ESB fyrir heildarfjölda losunarheimilda vegna flugs.

47. gr.

Niðurfelling losunarheimilda vegna flugs

Yfirstjórnandinn skal tryggja að við lok hvers viðskiptatímabils séu allar losunarheimildir, sem eftir eru á úthlutunarreikningi ESB fyrir losunarheimildir vegna flugs, millifærðar yfir á reikning Sambandsins fyrir niðurfelldar losunarheimildir.

3. ÞÁTTUR

Úthlutun til staðbundinna stöðva

48. gr.

Töflur yfir landsbundna úthlutun

Í viðskiptadagbók ESB skal vera ein tafla yfir landsbundna úthlutun fyrir hvert aðildarríki fyrir hvert viðskiptatímabil. Töflur yfir landsbundnar úthlutanir skulu innihalda upplýsingarnar sem settar eru fram í IX. viðauka.

49. gr.

Færsla taflna yfir landsbundna úthlutun í viðskiptadagbók ESB

1. Hvert aðildarríki skal tilkynna töflu sína yfir landsbundna úthlutun til framkvæmdastjórnarinnar eigi síðar en 30. september 2012.

2. Framkvæmdastjórnin skal gefa yfirstjórnandanum fyrirmæli um að færa töfluna yfir landsbundna úthlutun inn í viðskiptadagbók ESB ef framkvæmdastjórnin telur að taflan yfir landsbundna úthlutun sé í samræmi við tilskipun 2003/87/EB og ákvörðun 2011/278/ESB. Að öðrum kosti skal hún hafna töflunni yfir landsbundna úthlutun innan hæfilegs frests og upplýsa aðildarríkið um það án tafar, tilgreina ástæður sínar og setja fram viðmiðanir sem skal uppfylla til þess að síðari tilkynning verði samþykkt. Aðildarríki skal leggja endurskoðaða töflu yfir landsbundna úthlutun fyrir framkvæmdastjórnina innan þriggja mánaða.

50. gr.

Breytingar á töflum yfir landsbundna úthlutun

1. Landsstjórnandinn skal annast breytingar á töflunni yfir landsbundna úthlutun í viðskiptadagbók ESB ef:

a) leyfi stöðvar hefur verið afturkallað eða er runnið út af öðrum orsökum,

b) stöð hættir starfsemi að öllu leyti eða að hluta til,

c) veruleg skerðing hefur orðið á afkastagetu stöðvar,

d) stöð hefur verið skipt upp í tvær eða fleiri stöðvar,

e) tvær eða fleiri stöðvar hafa runnið saman í eina stöð.

2. Aðildarríki skal tilkynna framkvæmdastjórninni um aðrar breytingar á töflu sinni yfir landsbundna úthlutun en þær breytingar sem um getur í 1. mgr., þ.m.t. úthlutun til nýrra aðila eða úthlutun til nýs aðila í kjölfar verulegrar aukningar á afkastagetu. Framkvæmdastjórnin skal gefa yfirstjórnandanum fyrirmæli um að gera samsvarandi breytingar á töflunni yfir landsbundna úthlutun, sem er geymd í viðskiptadagbók ESB, ef framkvæmdastjórnin telur að breytingarnar á töflunni yfir landsbundna úthlutun séu í samræmi við tilskipun 2003/87/EB og ákvörðun 2011/278/ESB. Að öðrum kosti skal hún hafna breytingunum innan hæfilegs frests og upplýsa aðildarríkið um það án tafar, tilgreina ástæður sínar og setja fram viðmiðanir sem skal uppfylla til þess að síðari tilkynning verði samþykkt.

51. gr.

Úthlutun almennra losunarheimilda án endurgjalds

1. Landsstjórnandinn skal tilgreina í töflu yfir landsbundna úthlutun fyrir hvern rekstraraðila, fyrir hvert ár og fyrir hvern lagagrundvöll, sem settur er fram í IX. viðauka, hvort stöð eigi að fá úthlutun fyrir umrætt ár eða ekki.

2. Frá og með 1. febrúar 2013 skal millifæra daglega, skv. 1. mgr., almennar losunarheimildir sjálfvirkt af úthlutunarreikningi ESB fyrir losunarheimildir, í samræmi við viðeigandi töflu yfir landsbundna úthlutun, yfir á viðeigandi opinn eða frystan vörslureikning rekstraraðila.

4. ÞÁTTUR

Úthlutun til umráðenda loftfara

52. gr.

Töflur yfir landsbundna úthlutun vegna flugs

Í viðskiptadagbók ESB skal vera ein tafla yfir landsbundna úthlutun vegna flugs fyrir hvert aðildarríki fyrir hvert tímabil. Töflur yfir landsbundnar úthlutanir vegna flugs skulu innihalda upplýsingarnar sem settar eru fram í X. viðauka.

53. gr.

Færsla taflna yfir landsbundna úthlutun vegna flugs í viðskiptadagbók ESB

1. Eigi síðar en 30. september 2012 skal hvert aðildarríki tilkynna framkvæmdastjórninni um töflu sína yfir landsbundna úthlutun vegna flugs.

2. Framkvæmdastjórnin skal gefa yfirstjórnandanum fyrirmæli um að færa töfluna yfir landsbundna úthlutun vegna flugs inn í viðskiptadagbók ESB ef framkvæmdastjórnin telur að taflan yfir landsbundna úthlutun vegna flugs sé í samræmi við tilskipun 2003/87/EB, einkum í samræmi við úthlutanirnar sem aðildarríkin reiknuðu út og birtu skv. 4. mgr. 3. gr. e í tilskipun 2003/87/EB. Að öðrum kosti skal hún hafna töflunni yfir landsbundna úthlutun vegna flugs innan hæfilegs frests og upplýsa aðildarríkið um það án tafar, tilgreina ástæður sínar og setja fram viðmiðanir sem skal uppfylla til þess að síðari tilkynning verði samþykkt. Aðildarríki skal leggja endurskoðaða töflu yfir landsbundna úthlutun vegna flugs fyrir framkvæmdastjórnina innan þriggja mánaða.

54. gr.

Breytingar á töflum yfir landsbundna úthlutun vegna flugs

1. Landsstjórnandinn skal annast breytingar á töflunni yfir landsbundna úthlutun vegna flugs í viðskiptadagbók ESB ef:

a) umráðandi loftfars hættir starfsemi,

b) umráðanda loftfars hefur verið skipt upp í tvo eða fleiri umráðendur,

c) tveir eða fleiri umráðendur loftfara hafa runnið saman í einn umráðanda.

2. Aðildarríki skal tilkynna framkvæmdastjórninni um aðrar breytingar á töflu sinni yfir landsbundna úthlutun vegna flugs en þær breytingar sem um getur í 1. mgr., þ.m.t. öll úthlutun úr sérstaka varasjóðnum skv. 3. gr. f í tilskipun 2003/87/EB.

3. Framkvæmdastjórnin skal gefa yfirstjórnandanum fyrirmæli um að gera samsvarandi breytingar á töflunni yfir landsbundna úthlutun vegna flugs, sem er geymd í viðskiptadagbók ESB, ef framkvæmdastjórnin telur að breytingarnar á töflunni yfir landsbundna úthlutun vegna flugs séu í samræmi við tilskipun 2003/87/EB, einkum í samræmi við úthlutanirnar sem voru reiknaðar út og birtar skv. 7. mgr. 3. gr. f í tilskipun 2003/87/EB ef um er að ræða úthlutanir úr sérstaka varasjóðnum. Að öðrum kosti skal hún hafna breytingunum innan hæfilegs frests og upplýsa aðildarríkið um það án tafar, tilgreina ástæður sínar og setja fram viðmiðanir sem skal uppfylla til þess að síðari tilkynning verði samþykkt.

4. Ef samruni umráðenda loftfara tekur til umráðenda sem falla undir fleiri en eitt aðildarríki skal landsstjórnandinn, sem stjórnar umráðandanum sem fékk úthlutunina sem renna skal saman við úthlutun annars umráðanda loftfars, hafa frumkvæði að breytingunni skv. c-lið 1. mgr. Áður en breytingin er gerð skal afla samþykkis landsstjórnandans sem stjórnar þeim umráðanda loftfars sem á úthlutunina sem úthlutun samrunna umráðandans rennur saman við.

55. gr.

Úthlutun losunarheimilda án endurgjalds vegna flugs

1. Landsstjórnandinn skal tilgreina fyrir hvern umráðanda loftfars og fyrir hvert ár hvort umráðandinn eigi að fá úthlutun í töflunni yfir landsbundna úthlutun vegna flugs fyrir umrætt ár eða ekki.

2. Frá og með 1. febrúar 2013 skal millifæra daglega, skv. 1. mgr., losunarheimildir vegna flugs sjálfvirkt af úthlutunarreikningi ESB fyrir losunarheimildir vegna flugs, í samræmi við viðeigandi töflu yfir úthlutun, yfir á viðeigandi opinn eða frystan vörslureikning umráðanda loftfara.

5. ÞÁTTUR

Uppboð

56. gr.

Uppboðstöflur

Í viðskiptadagbók ESB skulu vera tvær uppboðstöflur fyrir hvern uppboðsvettvang fyrir hvert almanaksár frá árinu 2012, önnur fyrir uppboð á almennum losunarheimildum og hin fyrir uppboð á losunarheimildum vegna flugs. Uppboðstöflur skulu innihalda upplýsingarnar sem settar eru fram í XI. viðauka.

57. gr.

Færsla uppboðstaflna í viðskiptadagbók ESB

1. Innan eins mánaðar frá því að uppboðsalmanak er ákvarðað og birt skv. 11. gr. (1. mgr.), 13. gr. (1. mgr.), 13. gr. (2. mgr.) eða 32. gr. (4. mgr.) reglugerðar (ESB) nr. 1031/2010 skal viðkomandi uppboðsvettvangur leggja samsvarandi uppboðstöflur fyrir framkvæmdastjórnina skv. 56. gr.

2. Framkvæmdastjórnin skal gefa yfirstjórnandanum fyrirmæli um að færa uppboðstöfluna inn í viðskiptadagbók ESB ef framkvæmdastjórnin telur að uppboðstaflan sé í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1031/2010. Að öðrum kosti skal hún hafna uppboðstöflunni innan hæfilegs frests og upplýsa uppboðsvettvanginn um það án tafar, tilgreina ástæður sínar og setja fram viðmiðanir sem skal uppfylla til þess að síðari tilkynning verði samþykkt. Uppboðsvettvangurinn skal leggja endurskoðaða uppboðstöflu fyrir framkvæmdastjórnina innan þriggja mánaða.

58. gr.

Breytingar á uppboðstöflum

1. Viðkomandi uppboðsvettvangur skal tilkynna framkvæmdastjórninni tafarlaust um allar nauðsynlegar breytingar á uppboðstöflunni.

2. Framkvæmdastjórnin skal gefa yfirstjórnandanum fyrirmæli um að færa endurskoðuðu uppboðstöfluna inn í viðskiptadagbók ESB ef framkvæmdastjórnin telur að endurskoðaða uppboðstaflan sé í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1031/2010. Að öðrum kosti skal hún hafna breytingunum innan hæfilegs frests og upplýsa uppboðsvettvanginn um það án tafar, tilgreina ástæður sínar og setja fram viðmiðanir sem skal uppfylla til þess að síðari tilkynning verði samþykkt.

3. Framkvæmdastjórnin getur gefið yfirstjórnandanum fyrirmæli um að stöðva millifærslur á losunarheimildum tímabundið, eins og tilgreint er í uppboðstöflu, ef henni verður ljóst að gera þarf nauðsynlegar breytingar á uppboðstöflunni sem uppboðsvettvangurinn hefur ekki tilkynnt um.

59. gr.

Uppboð losunarheimilda

1. Framkvæmdastjórnin skal gefa yfirstjórnandanum fyrirmæli um það tímanlega að millifæra, ef viðkomandi uppboðshaldari, sem er tilnefndur í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1031/2010, óskar eftir því, almennar losunarheimildir af uppboðsreikningi ESB fyrir losunarheimildir og/eða losunarheimildir vegna flugs af uppboðsreikningi ESB fyrir losunarheimildir vegna flugs yfir á viðeigandi afhendingarreikning fyrir uppboðnar losunarheimildir í samræmi við uppboðstöflurnar. Að því er varðar losunarheimildir, sem eru stofnaðar vegna uppboða skv. 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1031/2010, skal framkvæmdastjórnin gefa yfirstjórnandanum fyrirmæli um það tímanlega að millifæra losunarheimildir, ef viðkomandi uppboðshaldari óskar eftir því, af reikningnum sem losunarheimildirnar voru stofnaðar á og yfir á reikninginn sem var stofnaður sem afhendingarreikningur fyrir uppboðnar losunarheimildir, eins og tilgreint er í viðkomandi uppboðstöflu. Ákvæðin í uppboðstöflunni, í samræmi við 57. gr., skulu vera forsendur fyrir beiðninni.

2. Reikningshafi viðkomandi afhendingarreiknings fyrir uppboðnar losunarheimildir skal tryggja millifærslu á uppboðnum losunarheimildum til hlutskörpustu bjóðendanna eða síðari handhafa réttindanna í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1031/2010.

3. Í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1031/2010 kann þess að vera krafist að viðurkenndur fulltrúi afhendingarreikningsins fyrir uppboðnar losunarheimildir millifæri allar losunarheimildir, sem voru ekki afhentar af afhendingarreikningi fyrir uppboðnar losunarheimildir, yfir á uppboðsreikning ESB fyrir losunarheimildir.

6. ÞÁTTUR

VIÐSKIPTI

60. gr.

Millifærsla á losunarheimildum eða Kýótóeiningum sem vörslureikningur hefur hafið

Að beiðni reikningshafa vörslureiknings skal skrá Sambandsins annast millifærslu á losunarheimildum eða Kýótóeiningum á reikning reikningshafa, sem er á skrá yfir áreiðanlega reikninga, nema ekki sé unnt að framkvæma millifærsluna vegna stöðu stofnreikningsins eða viðtökureikningsins.

61. gr.

Millifærsla á losunarheimildum eða Kýótóeiningum sem viðskiptareikningur hefur hafið

Að beiðni reikningshafa viðskiptareiknings skal skrá Sambandsins annast millifærslu á losunarheimildum eða Kýótóeiningum á vörslureikning eða viðskiptareikning í skrá Sambandsins nema ekki sé unnt að framkvæma millifærsluna vegna stöðu stofnreikningsins.

7. ÞÁTTUR

Innskil losunarheimilda

62. gr.

Innskil losunarheimilda

1. Rekstraraðili eða umráðandi loftfars skal skila inn losunarheimildum með því að leggja til við skrá Sambandsins að:

a) tiltekinn fjöldi losunarheimilda, sem voru stofnaðar til að fara að tilskildum ákvæðum á sama viðskiptatímabili, verði færður af viðkomandi vörslureikningi rekstraraðila eða vörslureikningi umráðanda loftfara yfir á reikning Sambandsins fyrir niðurfelldar losunarheimildir,

b) í hana verði skráður fjöldi og gerð millifærðra losunarheimilda sem er skilað inn fyrir losun frá stöð rekstraraðilans eða losun á vegum umráðanda loftfars á yfirstandandi tímabili.

2. Umráðendur loftfara einir mega skila inn losunarheimildum vegna flugs.

3. Ekki má skila inn losunarheimild sem þegar hefur verið skilað inn.

8. ÞÁTTUR

Niðurfelling losunarheimilda

63. gr.

Niðurfelling losunarheimilda

1. Skrá Sambandsins skal annast allar beiðnir frá reikningshafa skv. 4. mgr. 12. gr. tilskipunar 2003/87/EB um að fella niður losunarheimildir á reikningum reikningshafans með því að:

a) færa tiltekinn fjölda losunarheimilda af viðkomandi reikningi yfir á reikning Sambandsins fyrir niðurfelldar losunarheimildir og

b) skrá fjölda millifærðra losunarheimilda sem felldar voru niður á viðkomandi ári.

2. Ekki má skrá niðurfelldar losunarheimildir sem heimildir sem hafi verið skilað inn vegna losunar af einhverju tagi.

9. ÞÁTTUR

Bakfærsla viðskipta

64. gr.

Bakfærsla lokinna ferla sem hefjast fyrir mistök

1. Ef reikningshafi eða landsstjórnandi, sem kemur fram fyrir hönd reikningshafans, hóf án ásetnings eða fyrir mistök eitt ferlanna sem talin eru upp í 2. mgr. getur reikningshafinn með skriflegri beiðni lagt til við stjórnanda reikningsins að hann bakfæri viðskiptin sem lokið hefur verið við. Viðurkenndur fulltrúi reikningshafans, einn eða fleiri, sem hefur réttindi til að hefja viðskipti af þeirri tegund sem unnt er að bakfæra skal undirrita beiðnina og skal hún póstlögð innan fimm virkra daga frá því að ferlinu er lokið. Í beiðninni skal vera yfirlýsing þar sem gefið er til kynna að viðskiptin hafi verið hafin fyrir mistök eða án ásetnings.

2. Reikningshafar geta lagt til að eftirtalin viðskipti verði bakfærð:

a) innskil losunarheimilda,

b) niðurfelling losunarheimilda.

3. Ef stjórnandi reikningsins kemst að þeirri niðurstöðu að beiðnin uppfylli skilyrðin skv. 1. mgr. og samþykkir beiðnina getur hann lagt til að viðskiptin verði bakfærð í skrá Sambandsins.

4. Ef landsstjórnandi hóf án ásetnings eða fyrir mistök eitt ferlanna, sem talin eru upp í 5. mgr., getur hann með skriflegri beiðni lagt til við yfirstjórnandann að hann bakfæri viðskiptin sem lokið hefur verið við. Í beiðninni skal vera yfirlýsing þar sem gefið er til kynna að viðskiptin hafi verið hafin fyrir mistök eða án ásetnings.

5. Landsstjórnendur geta lagt til að eftirtalin viðskipti verði bakfærð:

a) úthlutun almennra losunarheimilda,

b) úthlutun losunarheimilda vegna flugs.

6. Yfirstjórnandinn skal tryggja að skrá Sambandsins samþykki tillöguna um bakfærslu, sem gerð er skv. 1. og 4. mgr., frysti einingarnar sem á að bakfæra og framsendi tillöguna til yfirstjórnandans, að því tilskildu að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) viðskiptunum sem á að bakfæra, þar sem losunarheimild var skilað inn eða hún felld niður, lauk innan 30 virkra daga áður en tillaga stjórnanda reikningsins kom fram í samræmi við 3. mgr.,

b) bakfærslan veldur því ekki að neinn rekstraraðili uppfylli ekki kröfur í tengslum við fyrra ár,

c) á móttakandareikningnum í viðskiptunum sem á að bakfæra er enn sá fjöldi eininga og af þeirri tegund sem um var að ræða í viðskiptunum sem á að bakfæra,

d) úthlutun almennra losunarheimilda, sem á að bakfæra, fór fram eftir að gildistími leyfis stöðvarinnar rann út.

7. Yfirstjórnandinn skal tryggja að skrá Sambandsins ljúki bakfærslunni með því að nota aðrar einingar af sömu tegund á móttakandareikningi bakfærðu viðskiptanna.

VI. KAFLI

TÆKNILEGAR KRÖFUR VEGNA SKRÁNINGARKERFISINS

1. ÞÁTTUR

Tiltækileiki

65. gr.

Tiltækileiki og áreiðanleiki skrár Sambandsins og viðskiptadagbókar ESB

1. Yfirstjórnandinn skal gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að:

a) skrá Sambandsins sé aðgengileg reikningsfulltrúum og landsstjórnendum allan sólarhringinn, alla daga vikunnar,

b) samskiptatenglarnir, sem um getur í 6. gr., milli skrár Sambandsins, viðskiptadagbókar ESB og alþjóðlegu viðskiptadagbókarinnar séu virkir allan sólarhringinn, alla daga vikunnar,

c) nauðsynlegur hugbúnaður sé öryggisafritaður og að til sé vélbúnaður til vara ef til þess kæmi að upphaflegi vélbúnaðurinn eða hugbúnaðurinn brygðist,

d) skrá Sambandsins og viðskiptadagbók ESB bregðist umsvifalaust við beiðnum frá reikningshöfum.

2. Yfirstjórnandinn skal sjá til þess að skrá Sambandsins og viðskiptadagbók ESB taki upp traust kerfi og verklagsreglur til að vernda öll viðeigandi gögn og auðvelda skjóta endurheimt á gögnum og koma starfsemi á að nýju ef til bilana kemur eða kerfishrun verður.

3. Yfirstjórnandinn skal sjá til þess að truflanir á starfsemi skrár Sambandsins og viðskiptadagbókar ESB verði í lágmarki.

66. gr.

Þjónustuver

1. Landsstjórnendur skulu veita þeim reikningshöfum og reikningsfulltrúum í skrá Sambandsins, sem þeir stjórna, aðstoð og stuðning í gegnum landsþjónustuver.

2. Yfirstjórnandinn skal veita landsstjórnendum stuðning í gegnum miðlægt þjónustuver til að hjálpa þeim að veita aðstoð í samræmi við 1. mgr.

2. ÞÁTTUR

Öryggi og sannvottun

67. gr.

Sannvottun á skrá Sambandsins

Viðskiptadagbók ESB skal sannvotta auðkenni skrár Sambandsins eins og tilgreint er í upplýsingaskipta- og tækniforskriftunum sem kveðið er á um í 79. gr.

68. gr.

Aðgangur að reikningum í skrá Sambandsins

1. Reikningshafar skulu geta haft aðgang að reikningum sínum í skrá Sambandsins gegnum örugga svæðið í skrá Sambandsins. Aðalstjórnandinn skal tryggja að aðgangur sé að örugga svæðinu á vefsetri skrár Sambandsins gegnum Netið. Vefsetur skrár Sambandsins skal vera aðgengilegt á öllum opinberum tungumálum Sambandsins.

2. Yfirstjórnandinn skal tryggja að reikningar í skrá Sambandsins, þar sem aðgangur er um ytri vettvanga í samræmi við 4. mgr. 21. gr. og þar sem einn viðurkenndur fulltrúi er einnig viðurkenndur fulltrúi reiknings fyrir ytri vettvang, séu aðgengilegir fyrir ytri vettvanginn sem reikningshafi þess reiknings fyrir ytri vettvang starfrækir.

3. Samskipti milli viðurkenndra fulltrúa eða ytri vettvanga og örugga svæðisins í skrá Sambandsins skulu vera dulkóðuð í samræmi við öryggiskröfurnar sem settar eru fram í upplýsingaskipta- og tækniforskriftunum sem kveðið er á um í 79. gr.

4. Yfirstjórnandinn skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að aðgangur að örugga svæðinu í skrá Sambandsins sé háður leyfi.

5. Ef öryggi skilríkja viðurkennds fulltrúa eða viðurkennds viðbótarfulltrúa hefur verið stefnt í hættu skal viðurkenndi fulltrúinn eða viðurkenndi viðbótarfulltrúinn þegar í stað loka fyrir aðgang að viðkomandi reikningi, tilkynna það stjórnanda reikningsins og óska eftir nýjum skilríkjum.

69. gr.

Sannvottun og leyfi viðurkenndra fulltrúa í skrá Sambandsins

1. Skrá Sambandsins skal gefa út notendanafn og lykilorð handa hverjum viðurkenndum fulltrúa og viðurkenndum viðbótarfulltrúa til að sannvotta þá þannig að þeir hafi aðgang að skránni.

2. Viðurkenndur fulltrúi eða viðurkenndur viðbótarfulltrúi skal einungis hafa aðgang að þeim reikningum í skrá Sambandsins sem leyfi hans nær til og hann skal einungis geta beðið um að þau ferli hefjist sem leyfi hans nær til skv. 21. gr. Sá aðgangur eða sú beiðni skal fara um örugga svæðið á vefsetri skrár Sambandsins.

3. Til viðbótar við notendanafnið og lykilorðið, sem um getur í 1. mgr.,skal útbúa aukasannvottun til að fá aðgang að skrá Sambandsins. Þær aðferðir við aukasannvottun, sem nota má til að fá aðgang að skrá Sambandsins, skulu tilgreindar í upplýsingaskipta- og tækniforskriftunum sem kveðið er á um í 79. gr.

4. Stjórnandi reiknings getur gengið út frá því að notandi, sem skrá Sambandsins sannvottaði, sé viðurkenndi fulltrúinn eða viðurkenndi viðbótarfulltrúinn sem sannvottunarskilríkin eru skráð á, nema viðurkenndi fulltrúinn eða viðurkenndi viðbótarfulltrúinn upplýsi stjórnanda reikningsins um að öryggi skilríkja hans sé stefnt í hættu og hann óski eftir nýjum skilríkjum.

5. Viðurkenndur fulltrúi skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að skilríki hans glatist, þeim sé stolið eða öryggi þeirra stefnt í hættu. Viðurkenndur fulltrúi skal þegar í stað tilkynna það til landsstjórnandans ef skilríki hans glatast, þeim er stolið eða öryggi þeirra stefnt í hættu.

70. gr.

Lokun aðgangs vegna öryggisbrots eða öryggisáhættu

1. Framkvæmdastjórnin getur gefið yfirstjórnanda fyrirmæli um að loka tímabundið fyrir aðgang að skrá Sambandsins eða viðskiptadagbók ESB eða hluta þeirra ef framkvæmdastjórnin hefur rökstuddan grun um öryggisbrot í skrá Sambandsins eða viðskiptadagbók ESB eða að fyrir hendi sé alvarleg öryggisáhætta í tengslum við skrá Sambandsins eða viðskiptadagbók ESB sem stefnir heildstæði kerfisins í hættu, þ.m.t. öryggisafritunar- og varabúnaðurinn sem um getur í 65. gr.

2. Ef öryggisbrot á sér stað eða ef öryggisáhætta er fyrir hendi, sem getur leitt til tímabundinnar lokunar aðgangs, skal stjórnandinn, sem uppgötvar brotið eða áhættuna, þegar í stað tilkynna yfirstjórnandanum um hvers kyns áhættu sem er fyrir hendi gagnvart öðrum hlutum af skrá Sambandsins. Yfirstjórnandinn skal upplýsa alla aðra stjórnendur um það.

3. Ef stjórnanda verður ljóst að ástandið er þannig að það krefst tímabundinnar lokunar aðgangs að reikningum sem hann stjórnar í samræmi við þessa reglugerð skal hann tilkynna yfirstjórnandanum og reikningshöfum um lokunina með svo löngum fyrirvara sem aðstæður leyfa. Yfirstjórnandinn skal tilkynna þetta öllum öðrum stjórnendum svo fljótt sem auðið er.

4. Í tilkynningunni, sem um getur í 3. mgr., skulu koma fram líkleg tímamörk á lokuninni og skal hún sjást greinilega á almenna svæðinu á vefsetri viðskiptadagbókar ESB.

71. gr.

Tímabundin lokun aðgangs að losunarheimildum eða Kýótóeiningum ef um er að ræða grun um sviksamleg viðskipti

1. Stjórnandi eða stjórnandi sem kemur fram að beiðni lögbærs yfirvalds getur lokað fyrir aðgang að losunarheimildum eða Kýótóeiningum í þeim hluta af skrá Sambandsins sem hann stjórnar:

a) í að hámarki tvær vikur ef hann grunar að losunarheimildirnar eða Kýótóeiningarnar hafi verið notaðar í viðskiptum sem fela í sér svik, peningaþvætti, fjármögnun hryðjuverka eða önnur alvarlegt afbrot eða

b) á grundvelli og í samræmi við ákvæði landslaga um lögmæt markmið sem stefnt er að.

2. Framkvæmdastjórnin getur gefið yfirstjórnandanum fyrirmæli um að loka fyrir aðgang að losunarheimildum eða Kýótóeiningum í skrá Sambandsins eða viðskiptadagbók ESB í að hámarki tvær vikur ef framkvæmdastjórnina grunar að losunarheimildirnar eða Kýótóeiningarnar hafi verið notaðar í viðskiptum sem fela í sér svik, peningaþvætti, fjármögnun hryðjuverka eða önnur alvarlegt afbrot.

3. Stjórnandinn eða framkvæmdastjórnin skal þegar í stað upplýsa lögbært löggæsluyfirvald um lokunina.

4. Landsbundið löggæsluyfirvald í aðildarríki landsstjórnandans getur einnig gefið stjórnandanum fyrirmæli um að láta lokun koma til framkvæmda á grundvelli landslaga og í samræmi við þau.

72. gr.

Samstarf við lögbær yfirvöld og tilkynning um peningaþvætti, fjármögnun hryðjuverka eða afbrot

1. Landsstjórnandi, stjórnarmenn hans og starfsmenn skulu eiga náið samstarf við viðkomandi lögbær yfirvöld til að koma á fullnægjandi og viðeigandi verklagsreglum til að fyrirbyggja og koma í veg fyrir starfsemi í tengslum við peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka.

2. Landsstjórnandi, stjórnarmenn hans og starfsmenn skulu eiga náið samstarf við peningaþvættisskrifstofuna (FIU), sem um getur í 21. gr. tilskipunar 2005/60/EB, með því að gera eftirfarandi tafarlaust:

a) tilkynna peningaþvættisskrifstofunni, að eigin frumkvæði, þegar vitneskja er um peningaþvætti, fjármögnun hryðjuverka eða að glæpastarfsemi sé stunduð eða hafi verið framin eða gerð tilraun til að fremja hana eða ef grunur leikur á slíku eða gildar ástæður eru fyrir slíkum grun,

b) með því að láta peningaþvættisskrifstofunni þegar í té, að beiðni hennar, allar nauðsynlegar upplýsingar í samræmi við málsmeðferðina í gildandi löggjöf.

3. Upplýsingarnar, sem um getur í 2. mgr., skulu sendar peningaþvættisskrifstofunni í aðildarríki landsstjórnandans. Í landsráðstöfunum til að lögleiða stefnu um stjórnun í tengslum við að uppfylla kröfur og um samskipti, sem um getur í 1. mgr. 34. gr. tilskipunar 2005/60/EB, skal tilnefna aðilann eða aðilana sem ber eða bera ábyrgð á að framsenda upplýsingar samkvæmt þessari grein.

4. Aðildarríki landsstjórnandans skal tryggja að landsráðstafanir til að lögleiða 26.–29. gr., 32. og 35. gr. tilskipunar 2005/60/EB gildi um landsstjórnandann.

73. gr.

Stöðvun ferla

1. Framkvæmdastjórnin getur gefið yfirstjórnandanum fyrirmæli um að stöðva tímabundið staðfestingu viðskiptadagbókar ESB á sumum eða öllum ferlum sem upprunnin eru í skrá Sambandsins, ef hún er ekki starfrækt eða henni er ekki haldið við í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar. Hún skal þegar í stað tilkynna viðkomandi landsstjórnendum um það.

2. Yfirstjórnandinn getur stöðvað tímabundið upphaf eða samþykki sumra eða allra ferla í skrá Sambandsins vegna reglubundins viðhalds eða viðhalds vegna neyðarástands á skrá Sambandsins.

3. Landsstjórnandi getur óskað eftir því við framkvæmdastjórnina að hún hefji á ný ferli sem hafa verið stöðvuð í samræmi við 1. mgr. ef hann telur að úrlausnarefnin sem ollu stöðvuninni hafi verið útkljáð. Ef svo er skal framkvæmdastjórnin gefa yfirstjórnandanum fyrirmæli um að hefja þessi ferli á ný. Að öðrum kosti skal hún hafna beiðninni innan hæfilegs frests og upplýsa landsstjórnandann um það án tafar, tilgreina ástæður sínar og setja fram viðmiðanir sem skal uppfylla til þess að síðari tilkynning verði samþykkt.

3. ÞÁTTUR

Sjálfvirkt eftirlit, skráning og lok ferla

74. gr.

Sjálfvirkt eftirlit með ferlum

1. Öll ferli verða að vera í samræmi við almennu kröfurnar á sviði upplýsingatækni um rafræn boð sem tryggja árangursríkan lestur, eftirlit og skráningu ferlis í skrá Sambandsins. Öll ferli verða að vera í samræmi við sértæku kröfurnar sem varða ferli og settar eru fram í þessari reglugerð.

2. Viðskiptadagbók ESB skal láta fara fram sjálfvirkt eftirlit með öllum ferlum, í samræmi við upplýsinga- og tækniforskriftirnar sem kveðið er á um í 79. gr., til að greina frávik og misræmi sem verða til þess að tillagða ferlið er ekki í samræmi við kröfur tilskipunar 2003/87/EB og þessarar reglugerðar.

75. gr.

Greining á misræmi

1. Ef um er að ræða ferli, sem lokið hefur verið gegnum beina samskiptatengilinn milli skrár Sambandsins og viðskiptadagbókar ESB, sem um getur í 3. mgr. 6. gr., skal viðskiptadagbókin hætta öllum ferlum þar sem hún greinir misræmi við sjálfvirka eftirlitið, sem um getur í 2. mgr. 76. gr., og tilkynna það skrá Sambandsins og stjórnanda reikninganna sem tengjast viðskiptunum sem hefur verið hætt við með því að senda þeim sjálfvirkan svarkóða. Skrá Sambandsins skal þegar í stað upplýsa viðkomandi reikningshafa um að ferlinu hafi verið hætt.

2. Ef um er að ræða viðskipti, sem hefur verið lokið í gegnum alþjóðlegu viðskiptadagbókina sem um getur í 1. mgr. 6. gr., skal alþjóðlega viðskiptadagbókin hætta öllum ferlum þar sem alþjóðlega viðskiptadagbókin eða viðskiptadagbók ESB greinir misræmi við sjálfvirka eftirlitið sem um getur í 2. mgr. 76. gr. Ef alþjóðlega viðskiptadagbókin hefur hætt ferli skal viðskiptadagbók ESB einnig hætta við viðskiptin. Alþjóðlega viðskiptadagbókin upplýsir stjórnendur viðkomandi skráa um stöðvun viðskiptanna með því að senda þeim sjálfvirkan svarkóða. Ef skrá Sambandsins er ein þeirra skráa sem tengist þessu skal hún einnig tilkynna þeim stjórnanda reikninga í skrá Sambandsins, sem tengist viðskiptunum sem hætt var við, með því að senda honum sjálfvirkan svarkóða. Skrá Sambandsins skal þegar í stað upplýsa viðkomandi reikningshafa um að ferlinu hafi verið hætt.

76. gr.

Misræmi sem greinist innan skrár Sambandsins

1. Skrá Sambandsins skal hafa eftirlitskóða fyrir færslur og eftirlitskóða fyrir svör til að tryggja rétta túlkun upplýsinga sem fara á milli í hverju ferli. Eftirlitskóðarnir skulu samsvara þeim sem er að finna í upplýsingaskipta- og tækniforskriftunum sem kveðið er á um í 79. gr.

2. Áður en öll ferli hefjast og meðan á þeim stendur skal skrá Sambandsins láta fara fram viðeigandi, sjálfvirkt eftirlit til að tryggja að misræmi sé greint og röng ferli stöðvuð áður en sjálfvirkt eftirlit fer fram á vegum viðskiptadagbókar ESB.

77. gr.

Afstemming — greining viðskiptadagbókar ESB á ósamræmi

1. Viðskiptadagbók ESB skal reglubundið hefja afstemmingu gagna til að tryggja að skrár hennar um reikninga, handhöfn Kýótóeininga og losunarheimilda séu í samræmi við skrár um slíka handhöfn í skrá Sambandsins. Í því skyni skal viðskiptadagbók ESB skrá öll ferli.

2. Ef viðskiptadagbók ESB greinir ósamræmi meðan á afstemmingu gagna stendur, sem um getur í 1. mgr., þar sem upplýsingar varðandi reikninga, handhöfn Kýótóeininga og losunarheimilda sem skrá Sambandsins veitir og eru hluti af reglubundinni afstemmingu eru frábrugðnar upplýsingunum í viðskiptadagbók ESB skal viðskiptadagbókin sjá til þess að ekki sé lokið við fleiri ferli í tengslum við reikningana, losunarheimildirnar eða Kýótóeiningarnar sem ósamræmið snýst um. Viðskiptadagbók ESB skal þegar í stað upplýsa yfirstjórnandann og stjórnendur viðkomandi reikninga um hvers kyns ósamræmi.

78. gr.

Lok ferla

1. Öllum viðskiptum, sem tilkynnt er um til alþjóðlegu viðskiptadagbókarinnar í samræmi við 1. mgr. 6. gr., telst vera lokið þegar alþjóðlega viðskiptadagbókin tilkynnir viðskiptadagbók ESB að hún hafi lokið við ferlið.

2. Öllum viðskiptum og öðrum ferlum, sem tilkynnt er um til viðskiptadagbókar ESB í samræmi við 3. mgr. 6. gr., telst vera lokið þegar viðskiptadagbókin tilkynnir skrá Sambandsins að hún hafi lokið við ferlið. Viðskiptadagbók ESB skal sjálfkrafa hætta við að ljúka viðskiptum eða ferli ef ekki reynist unnt að ljúka því innan sólarhrings frá því að tilkynnt var um það.

3. Afstemmingarferli gagna, sem um getur í 1. mgr. 77. gr., telst lokið þegar öllu ósamræmi milli upplýsinganna í skrá Sambandsins og upplýsinganna í viðskiptadagbók ESB á tilteknum tíma og degi hefur verið eytt og afstemmingarferli gagna hefur hafist að nýju og því verið lokið á árangursríkan hátt.

4. ÞÁTTUR

Forskriftir og stjórnun breytinga

79. gr.

Upplýsingaskipta- og tækniforskriftir

1. Framkvæmdastjórnin skal hafa tiltækar fyrir landsyfirvöld þær upplýsingaskipta- og tækniforskriftir sem eru nauðsynlegar vegna upplýsingaskipta milli skráa og viðskiptadagbóka, þ.m.t. auðkenniskóðar, sjálfvirkt eftirlit og svarkóðar, auk prófunaraðferða og öryggiskrafna sem eru nauðsynlegar til að hefja upplýsingaskipti.

2. Upplýsingaskipta- og tækniforskriftirnar skulu teknar saman í samráði við vinnuhóp stjórnenda í nefndinni um loftslagsbreytingar og skulu vera í samræmi við starfrænar og tæknilegar forskriftir fyrir upplýsingaskiptastaðla fyrir skráningarkerfi samkvæmt Kýótóbókuninni sem útfærðar voru samkvæmt ákvörðun 12/CMP.1

80. gr.

Stjórnun breytinga og útgáfu

Sé þörf á nýrri útgáfu af hugbúnaði fyrir skrá Sambandsins skal yfirstjórnandinn tryggja að lokið sé við prófunarferlin, sem sett eru fram í upplýsingaskipta- og tækniforskriftunum sem kveðið er á um í 79. gr., áður en samskiptatenglinum er komið á og hann er gerður virkur milli nýju hugbúnaðarútgáfunnar og viðskiptadagbókar ESB eða alþjóðlegu viðskiptadagbókarinnar.

VII. KAFLI

SKRÁNINGARUPPLÝSINGAR, SKÝRSLUR, TRÚNAÐARKVÖÐ OG GJÖLD

81. gr.

Skráningarupplýsingar

1. Skrá Sambandsins og allar aðrar Kýótóbókunarskrár skulu geyma skráningarupplýsingar um öll ferli, ferliskrá (*e. log data*) og reikningshafa í 15 ár eða þar til öll vafaatriði um framkvæmd, sem varða þær, hafa verið útkljáð, hvort sem síðar verður.

2. Landsstjórnendur skulu geta haft aðgang að öllum skráningarupplýsingum í skrá Sambandsins í tengslum við reikninga sem þeir stjórna eða hafa stjórnað, geta leitað í þeim og flutt þær út.

3. Skráningarupplýsingar skulu varðveittar í samræmi við gagnaskráningarkröfurnar sem lýst er í upplýsingaskipta- og tækniforskriftunum sem kveðið er á um í 79.gr.

82. gr.

Skýrslugjöf

1. Yfirstjórnandinn skal sjá til þess að upplýsingarnar, sem tilgreindar eru í XII. viðauka, séu aðgengilegar á gagnsæjan og skipulagðan hátt svo oft, sem kveðið er á um í XII. viðauka, og fyrir þá viðtakendur, sem þar eru tilgreindir, í gegnum vefsetur viðskiptadagbókar ESB. Yfirstjórnandinn skal ekki birta viðbótarupplýsingar úr viðskiptadagbók ESB eða skrá Sambandsins nema það sé leyfilegt skv. 83. gr.

2. Landsstjórnendur geta einnig gert þær upplýsingar, sem tilgreindar eru í XII. viðauka og sem þeir hafa aðgang að í samræmi við 83. gr., svo oft, sem kveðið er á um í XII. viðauka og fyrir þá viðtakendur sem þar eru tilgreindir, aðgengilegar á gagnsæjan og skipulagðan hátt á vefsetri sem er opið almenningi á Netinu. Landsstjórnendur skulu ekki birta viðbótarupplýsingar úr skrá Sambandsins nema það sé leyfilegt skv. 83. gr.

83. gr.

Trúnaðarkvaðir

1. Upplýsingar, þ.m.t. um handhöfn allra reikninga, öll viðskipti sem fara fram, sérstakan einingarauðkenniskóða losunarheimildanna og sérstakan einingarauðkenniskóða fyrir einingarraðnúmer Kýótóeininganna, sem eru geymdar eða sem viðskipti eru höfð með, sem varðveittar eru í viðskiptadagbók ESB og skrá Sambandsins skulu teljast trúnaðarupplýsingar nema gerð sé krafa um annað samkvæmt lögum Sambandsins eða með ákvæðum landslaga um lögmæt markmið, sem stefnt er að, sem eru samrýmanleg við þessa reglugerð og hófleg.

2. Eftirfarandi aðilar geta fengið gögn sem eru varðveitt í skrá Sambandsins og viðskiptadagbók ESB:

a) löggæslu- og skattyfirvöld í tilteknu aðildarríki,

b) Evrópuskrifstofan um aðgerðir gegn svikum,

c) Endurskoðunarrétturinn,

d) Evrópska réttaraðstoðin,

e) lögbær yfirvöld sem um getur í 11. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB ([16]) og í 1. mgr. 37. gr. tilskipunar 2005/60/EB,

f) landsbundin, lögbær eftirlitsyfirvöld,

g) landsstjórnendur aðildarríkja og lögbær yfirvöld sem um getur í 18. gr. tilskipunar 2003/87/EB.

3. Þeir aðilar, sem eru skráðir skv. 2. mgr., geta fengið gögn ef þeir fara fram á það við yfirstjórnandann eða landsstjórnandann ef slíkar beiðnir eru nauðsynlegar til að þeir geti sinnt starfi sínu.

4. Aðili, sem fær upplýsingar í samræmi við 3. mgr., skal tryggja að þær séu aðeins notaðar í þeim tilgangi sem tilgreindur er í beiðninni í samræmi við 3. mgr. og ekki gerðar aðgengilegar, annaðhvort vísvitandi eða fyrir slysni, aðilum sem ekki tengjast fyrirhugaðri notkun upplýsinganna. Þetta ákvæði skal ekki koma í veg fyrir að þessir aðilar geri upplýsingarnar aðgengilegar öðrum aðilum, sem eru tilgreindir í 2. mgr., ef það er nauðsynlegt af þeim ástæðum sem tilgreindar eru í beiðninni sem lögð er fram skv. 3. mgr.

5. Ef aðilarnir, sem tilgreindir eru í 2. mgr., óska eftir því getur yfirstjórnandinn veitt þeim aðgang að nafnlausum upplýsingum um viðskipti til að leita að grunsamlegum viðskiptamynstrum. Aðilar, sem hafa slíkan aðgang, geta tilkynnt öðrum aðilum, sem tilgreindir eru í 2. mgr., um grunsamleg viðskiptamynstur.

([16]) Stjtíð. ESB L 96, 12.4.2003, bls. 16.

6. Evrópulögreglan skal fá varanlegan lesaðgang að gögnum sem eru geymd í skrá Sambandsins og viðskiptadagbók ESB til þess að sinna störfum sínum í samræmi við ákvörðun ráðsins 2009/371/DIM([17]). Evrópulögreglan skal upplýsa framkvæmdastjórnina um notkun sína á gögnunum.

7. Landsstjórnendur skulu, á öruggan hátt, gera öllum öðrum landsstjórnendum og yfirstjórnandanum aðgengileg nöfn og auðkenni aðila, sem þeir hafa synjað um stofnun reiknings í samræmi við a- til c-lið 2. mgr. 20. gr., eða aðila sem þeir höfnuðu að tilnefna sem viðurkennda fulltrúa eða viðurkennda viðbótarfulltrúa í samræmi við a- og b-lið 5. mgr. 22. gr. og nöfn og auðkenni reikningshafa, viðurkennds fulltrúa eða viðurkennds viðbótarfulltrúa reikninga sem aðgangi að hefur verið lokað tímabundið í samræmi við 31. gr. eða reikninga sem hefur verið lokað í samræmi við 30. gr.

8. Landsstjórnendur geta ákveðið að tilkynna löggæslu- og skattyfirvöldum í landinu um öll viðskipti þar sem um er að ræða fjölda eininga sem er meiri en sá sem landsstjórnandinn hefur ákvarðað og tilkynna um alla reikninga sem tengjast fjölda viðskipta á tímabili sem er meiri en sá fjöldi sem landsstjórnandinn hefur ákvarðað.

9. Reikningshafar geta óskað eftir því skriflega við landsstjórnandann að á opinberu vefsetri skrár Sambandsins komi ekki fram einhverjar eða allar þær upplýsingar sem eru í töflu V-II í V. viðauka.

10. Reikningshafar geta óskað eftir því skriflega við landsstjórnandann að á opinberu vefsetri skrár Sambandsins komi fram einhverjar eða allar þær upplýsingar sem eru í 3.-14. röð í töflu VII-I í VII. viðauka.

11. Hvorki viðskiptadagbók ESB né skrá Sambandsins skulu krefjast þess af reikningshöfum að þeir leggi fram upplýsingar um verð í tengslum við losunarheimildir eða Kýótóeiningar.

12. Uppboðsvaktarinn, sem er tilnefndur skv. 24. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1031/2010, skal hafa aðgang að öllum upplýsingum varðandi afhendingarreikninginn fyrir uppboðnar losunarheimildir sem er í skrá Sambandsins.

84. gr.

Gjöld

1. Yfirstjórnandinn skal ekki innheimta nein gjöld af handhöfum reikninga í skrá Sambandsins.

2. Landsstjórnendur geta innheimt sanngjörn gjöld af handhöfum reikninga sem eru undir þeirra stjórn.

([17]) Stjtíð. ESB L 121, 15.5.2009, bls. 37.

3. Landsstjórnendur skulu tilkynna yfirstjórnandanum um innheimtu gjöldin og um allar breytingar á gjöldunum innan tíu virkra daga. Yfirstjórnandinn skal láta öll gjöld koma fram á opinberu vefsetri.

85. gr.

Truflun á starfsemi

Yfirstjórnandinn skal tryggja að truflun á starfsemi skrár Sambandsins verði í lágmarki með því að gera allar hugsanlegar ráðstafanir til að tryggja tiltækileika skrár Sambandsins og viðskiptadagbókar ESB og öryggi þeirra og með því að tryggja traust kerfi og ferli til að vernda allar upplýsingar.

VIII. KAFLI

UMBREYTINGAR- OG LOKAÁKVÆÐI

86. gr.

Framkvæmd

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að reglugerð þessari, einkum að landsstjórnendur uppfylli skyldur sínar um að sannreyna og endurskoða upplýsingar sem lagðar eru fram skv. 20. gr. (1. mgr.), 22. gr. (4. mgr.) og 23. gr. (4. mgr.).

87. gr.

Frekari notkun á reikningum

Reikningar, eins og tilgreint er í III. kafla þessarar reglugerðar, sem eru opnaðir eða notaðir samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 920/2010, skulu notaðir áfram í tengslum við þessa reglugerð. Reikningar fyrir viðskiptavettvanga, sem eru opnaðir samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 920/2010, skulu notaðir áfram sem reikningar fyrir ytri vettvanga í tengslum við þessa reglugerð.

88. gr.

Breytingar á reglugerð (EB) nr. 2216/2004

Reglugerð (EB) nr. 2216/2004 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 1. og 2. mgr. 10. gr. komi eftirfarandi:

„1. Upplýsingar, þ.m.t. um handhöfn allra reikninga, öll viðskipti sem fara fram, sérstakan einingarauðkenniskóða losunarheimildanna og sérstakan einingarauðkenniskóða fyrir einingarraðnúmer Kýótóeininganna, sem eru geymdar eða sem viðskipti eru höfð með, sem varðveittar eru í skránum og í óháðri viðskiptadagbók Bandalagsins, skulu teljast trúnaðarupplýsingar nema gerð sé krafa um annað samkvæmt lögum Sambandsins eða með ákvæðum landslaga um lögmæt markmið, sem stefnt er að, sem eru samrýmanleg við þessa reglugerð og hófleg.

2. Eftirfarandi aðilar geta fengið gögn sem eru varðveitt í skránum og óháðu viðskiptadagbók Bandalagsins:

a) löggæslu- og skattyfirvöld í aðildarríki,

b) Evrópuskrifstofan um aðgerðir gegn svikum,

c) Endurskoðunarrétturinn,

d) Evrópska réttaraðstoðin,

e) lögbær yfirvöld sem um getur í 11. gr. tilskipunar 2003/6/EB og í 1. mgr. 37. gr. tilskipunar 2005/60/EB,

f) landsbundin, lögbær eftirlitsyfirvöld,

g) skrárstjórnendur aðildarríkjanna og lögbæru yfirvöldin sem um getur í 18. gr. tilskipunar 2003/87/EB.“

2) Eftirfarandi 2. mgr. f bætist við í 10. gr.:

„2. mgr. f Evrópulögreglan skal fá varanlegan lesaðgang að gögnum sem eru geymd í skrá Sambandsins og óháðri viðskiptadagbók Bandalagsins til þess að sinna störfum sínum í samræmi við ákvörðun ráðsins 2009/371/DIM. Evrópulögreglan skal upplýsa framkvæmdastjórnina um notkun sína á gögnunum.“

3) Í stað 3. mgr. 21. gr. a komi eftirfarandi:

„3. Ef staða losunarheimilda eða Kýótóeininga er jákvæð á reikningi, sem skrárstjórnandi skal loka eftir stöðvun í samræmi við 67. gr., skal skrárstjórnandinn fyrst biðja reikningshafann um að tilgreina annan reikning, sem sami stjórnandi stýrir, og síðan skal færa slíkar losunarheimildir eða Kýótóeiningar á hann. Ef reikningshafinn hefur ekki brugðist við beiðni stjórnandans innan 40 virkra daga getur stjórnandinn fært losunarheimildirnar eða Kýótóeiningarnar á landsvörslureikning losunarheimilda.“

4) Í stað 69. gr. komi eftirfarandi:

„69. gr.

Framkvæmdastjórnin getur gefið yfirstjórnandanum fyrirmæli um að loka fyrir aðgang að óháðu viðskiptadagbók Bandalagsins tímabundið og skrárstjórnandi getur lokað aðgangi að skrá sinni tímabundið ef hann hefur rökstuddan grun um öryggisbrot eða að fyrir hendi sé öryggisáhætta í tengslum við óháðu viðskiptadagbók Bandalagsins eða tiltekna skrá, sem stefnir heildstæði óháðu viðskiptadagbókar Bandalagsins eða tiltekinnar skrár í hættu, eða heildstæði skráningarkerfisins, þ.m.t. varabúnaðurinn skv. 68. gr.“

5) Í stað 1. og 2. mgr. 70. gr. komi eftirfarandi:

„1. Ef öryggisbrot á sér stað eða ef öryggisáhætta er fyrir hendi í tengslum við óháðu viðskiptadagbók Bandalagsins, sem getur leitt til tímabundinnar lokunar aðgangs, skal yfirstjórnandinn þegar í stað upplýsa skrárstjórnendur um hvers kyns áhættu sem er fyrir hendi gagnvart skrám.

2. Ef öryggisbrot í tengslum við skrá á sér stað eða ef öryggisáhætta er fyrir hendi, sem getur leitt til lokunar aðgangs, skal viðkomandi skrárstjórnandi þegar í stað upplýsa yfirstjórnandann um það og sá síðarnefndi skal þegar í stað upplýsa aðra skrárstjórnendur um hvers kyns áhættu sem er fyrir hendi gagnvart öðrum skrám.“

6) Eftirfarandi 70. gr. a bætist við:

„70 gr. a

Tímabundin lokun aðgangs að losunarheimildum eða Kýótóeiningum ef um er að ræða grun um sviksamleg viðskipti

1. Stjórnandi eða stjórnandi sem kemur fram að beiðni lögbærs yfirvalds getur lokað fyrir aðgang að losunarheimildum eða Kýótóeiningum í þeirri skrá sem hann stjórnar:

a) í að hámarki tvær vikur ef hann grunar að losunarheimildirnar eða Kýótóeiningarnar hafi verið notaðar í viðskiptum sem fela í sér svik, peningaþvætti, fjármögnun hryðjuverka eða önnur alvarlegt afbrot eða

b) á grundvelli og í samræmi við ákvæði landslaga um lögmæt markmið sem stefnt er að.

2. Stjórnandinn skal þegar í stað upplýsa lögbært löggæsluyfirvald um lokunina.

3. Landsbundið löggæsluyfirvald í aðildarríki stjórnandans getur einnig gefið stjórnandanum fyrirmæli um að láta lokun koma til framkvæmda á grundvelli landslaga og í samræmi við þau.“

7) Í stað 3.–7. liðar IV. viðauka komi eftirfarandi:

„3. Gögn sem staðfesta auðkenni einstaklingsins sem óskar eftir stofnun reikningsins og sem geta verið afrit af öðru hvoru af eftirfarandi:

a) kennivottorði sem gefið er út af ríki sem er aðili að Evrópska efnahagssvæðinu eða Efnahags- og framfarastofnuninni,

b) vegabréfi.

4. Gögn sem staðfesta heimilisfang handhafa einkareiknings er hefur fasta búsetu og sem geta verið afrit af einhverju af eftirfarandi:

a) persónuskilríkjunum, sem lögð voru fram skv. 3. lið, ef þar er að finna heimilisfang þess sem hefur fasta búsetu,

b) einhverjum öðrum skilríkjum, sem hið opinbera gefur út, þar sem er að finna heimilisfang þess sem hefur fasta búsetu,

c) yfirlýsingu frá staðaryfirvöldum sem staðfesta fasta búsetu tilnefnda aðilans ef landið, þar sem fasta búsetan er, gefur ekki út persónuskilríki þar sem heimilisfang þess er hefur fasta búsetu er tilgreint,

d) einhverju öðru skjali sem er að öllu jöfnu tekið gilt í aðildarríki stjórnanda reiknings sem sönnun fyrir fastri búsetu tilnefnda aðilans.

5. Eftirfarandi skjöl ef um er að ræða lögaðila sem óskar eftir stofnun reiknings:

a) afrit af gerningunum sem viðurkenna lögaðilann og afrit af skjali sem sannar skráningu lögaðilans,

b) upplýsingar um bankareikning,

c) staðfesting á virðisaukaskattsnúmeri,

d) upplýsingar um raunverulegan eiganda lögaðilans eins og skilgreint er í tilskipun 2005/60/EB,

e) skrá yfir stjórnarmenn,

f) afrit af ársskýrslu eða af síðustu endurskoðuðu reikningsskilum eða, ef endurskoðuð reikningsskil liggja ekki fyrir, afrit af reikningsskilum sem skattyfirvöld eða fjármálastjórinn hafa stimplað.

6. Gögn sem staðfesta skráð heimilisfang handhafa lögaðilareiknings ef það er ekki skýrt samkvæmt skjalinu sem lagt var fram í samræmi við 5. lið.

7. Sakaskrá einstaklingsins sem óskar eftir stofnun reikningsins eða, ef það er lögaðili, sakaskrá stjórnarmanna lögaðilans.

8. Hvers kyns afrit af skjali, sem lagt er fram sem sönnun samkvæmt þessum viðauka, verður lögbókandi eða annar sambærilegur aðili, sem landsstjórnandinn tilgreinir, að votta sem staðfest afrit. Að því er varðar skjöl, sem eru gefin út utan aðildarríkisins sem fer fram á afritið, skal afritið vera löggilt. Dagsetningin á vottuninni eða löggildingunni má ekki vera meira en þremur mánuðum eldri en dagsetningin á umsókninni.

9. Stjórnandi reikningsins getur krafist þess að skjölunum, sem lögð eru fram, fylgi vottuð þýðing á tungumáli sem stjórnandinn tilgreinir. Í stað þess að verða sér úti um skjöl á pappír getur stjórnandi reikningsins notað rafrænar aðferðir til að athuga gögnin sem leggja skal fram í samræmi við þennan viðauka.“

8) Í stað 3.–7. liðar IV. viðauka a komi eftirfarandi:

„3. Gögn sem staðfesta auðkenni tilnefnda aðilans og sem geta verið afrit af öðru hvoru af eftirfarandi:

a) kennivottorði sem gefið er út af ríki sem er aðili að Evrópska efnahagssvæðinu eða Efnahags- og framfarastofnuninni,

b) vegabréfi.

4. Gögn sem staðfesta heimilisfang tilnefnda aðilans er hefur fasta búsetu og sem geta verið afrit af einhverju af eftirfarandi:

a) persónuskilríkjunum, sem lögð voru fram skv. 3. lið, ef þar er að finna heimilisfang þess sem hefur fasta búsetu,

b) einhverjum öðrum skilríkjum, sem hið opinbera gefur út, þar sem er að finna heimilisfang þess sem hefur fasta búsetu,

c) yfirlýsingu frá staðaryfirvöldum sem staðfesta fasta búsetu tilnefnda aðilans ef landið, þar sem fasta búsetan er, gefur ekki út persónuskilríki þar sem heimilisfang þess er hefur fasta búsetu er tilgreint,

d) einhverju öðru skjali sem er að öllu jöfnu tekið gilt í aðildarríki stjórnanda reiknings sem sönnun fyrir fastri búsetu tilnefnda aðilans.

5. Hvers kyns afrit af skjali, sem lagt er fram sem sönnun samkvæmt þessum viðauka, verður lögbókandi eða annar sambærilegur aðili, sem landsstjórnandinn tilgreinir, að votta sem staðfest afrit. Að því er varðar skjöl, sem eru gefin út utan aðildarríkisins sem fer fram á afritið, skal afritið vera löggilt. Dagsetningin á vottuninni eða löggildingunni má ekki vera meira en þremur mánuðum eldri en dagsetningin á umsókninni.

6. Stjórnandi reikningsins getur krafist þess að skjölunum, sem lögð eru fram, fylgi vottuð þýðing á tungumáli sem stjórnandinn tilgreinir.

7. Í stað þess að verða sér úti um skjöl á pappír getur stjórnandi reikningsins notað rafrænar aðferðir til að athuga gögnin sem leggja skal fram í samræmi við þennan viðauka.“

89. gr.

Breytingar á reglugerð (ESB) nr. 920/2010

Reglugerð (ESB) nr. 920/2010 er breytt sem hér segir:

1) Titill reglugerðar (ESB) nr. 920/2010 verði sem hér segir:

„Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 920/2010 frá 7. október 2010 um stofnun skrár Sambandsins yfir tímabilin, sem lýkur 31. desember 2012, í kerfi Sambandsins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 280/2004/EB.“

2) Í stað fyrsta málsliðar 1. gr. komi eftirfarandi:

„Í þessari reglugerð er mælt fyrir um almennar kröfur ásamt kröfum um starfrækslu og viðhald fyrir tímabilin, sem lýkur 31. desember 2012, að því er varðar staðlað og tryggt skráningarkerfi sem samanstendur af skrám og varðandi óháðu viðskiptadagbókina sem kveðið er á um í 1. mgr. 20. gr. tilskipunar 2003/87/EB og 6. gr. ákvörðunar nr. 280/2004/EB.“

3) Eftirfarandi grein bætist við sem 1. gr. a:

„1. gr. a

Gildissvið

Þessi reglugerð varðar losunarheimildir, sem eru stofnaðar í kerfi Sambandsins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda fyrir tímabilin sem lýkur 31. desember 2012, og Kýótóeiningar.“

4) Eftirfarandi 25. og 26. liður bætist við í 2. gr.:

„25. „stjórnarmenn“: tekur til aðila sem í reynd stjórna daglegum rekstri lögaðila,

26. „„Mið-Evróputími“: sumartími í Mið-Evrópu þegar sumartíminn, sem er skilgreindur í 1., 2. og 3. mgr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/84/EB(*), stendur yfir.“

(*) Stjtíð. EB L 31, 2.2.2001, bls. 21.

5) Í stað 2. mgr. 3. gr. komi eftirfarandi:

„2. Skrá Sambandsins vegna viðskiptatímabilsins fyrir kerfi Sambandsins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda, sem lýkur 31. desember 2012, er hér með komið á fót. Til að uppfylla skyldur sínar skv. 19. gr. tilskipunar 2003/87/EB um að tryggja nákvæmt bókhald yfir losunarheimildir skulu aðildarríkin frá og með 1. janúar 2012 nota skrá Sambandsins sem skal einnig gegna hlutverki sem Kýótóbókunarskrá fyrir Evrópubandalagið sem sérstaks aðila að Kýótóbókuninni. Skrá Sambandsins skal veita landsstjórnendum og reikningshöfum hvers lands um sig aðgang að öllum ferlunum sem lýst er í IV.–VI. kafla.“

6) Í stað 1. mgr. 4. gr. komi eftirfarandi:

„1. Viðskiptadagbók Evrópusambandsins (viðskiptadagbók ESB), sem skal vera í formi staðlaðs, rafræns gagnasafns, er hér með komið á fót skv. 20. gr. tilskipunar 2003/87/EB fyrir viðskipti sem falla undir gildissvið þessarar reglugerðar. Í viðskiptadagbók ESB skal einnig skrá allar upplýsingar sem varða vörslu og millifærslu Kýótóeininga í samræmi við 2. mgr. 6. gr. ákvörðunar nr. 280/2004/EB.“

7) Í 13. gr. falli 4. mgr. brott.

8) Eftirfarandi 13. gr. a bætist við:

„13. gr. a

Opnun viðskiptareikninga í skrá Sambandsins

Frá og með 30. júní 2012 er hægt að fara fram á að opnaðir verði viðskiptareikningar í skrá Sambandsins. Með fyrirvara um 43. og 44. gr. gilda reglurnar, sem settar eru fram í þessari reglugerð varðandi einkavörslureikninga, að breyttu breytanda.“

9) Í stað 1. og 2. mgr. 14. gr. komi eftirfarandi:

„1. Viðskiptavettvangur getur lagt fram beiðni um stofnun vörslureiknings fyrir viðskiptavettvang í skrá Sambandsins. Þessi beiðni skal lögð fyrir landsstjórnandann. Aðilinn, sem óskar eftir stofnun reikningsins, skal veita þær upplýsingar sem landsstjórnandinn fer fram á. Þessar upplýsingar skulu innihalda a.m.k. þær upplýsingar sem settar eru fram í III. viðauka og gögn því til sönnunar að viðskiptavettvangurinn tryggi öryggisstig, sem er jafnhátt eða hærra en það öryggi sem tryggt er í skrá Sambandsins, í samræmi við þessa reglugerð.

2. Landsstjórnendur skulu tryggja að ytri vettvangar uppfylli tæknilegu kröfurnar og öryggiskröfurnar sem lýst er í upplýsingaskipta- og tækniforskriftunum sem kveðið er á um í 71.gr.“

10) Í stað 4. mgr. 14. gr. komi eftirfarandi:

„4. Ekki skal gerð krafa um samþykki viðurkenndra viðbótarfulltrúa skv. 2. mgr. 19. gr. að því er varðar viðskipti sem viðskiptavettvangar með undanþágu hafa hafið. Landsstjórnandinn getur veitt viðskiptavettvangi undanþágu við skriflega beiðni ef ytri viðskiptavettvangurinn leggur fram sannanir þess efnis að þar sé öryggisfyrirkomulag fyrir hendi sem veitir a.m.k. sama verndarstig og það sem næst með kröfunum í 2. mgr. 19. gr. Lágmarkskröfur varðandi tækni og öryggi skulu settar fram í upplýsingaskipta- og tækniforskriftunum sem kveðið er á um í 71. gr. Viðkomandi landsstjórnandi skal tilkynna framkvæmdastjórninni um slíkar beiðnir án tafar. Framkvæmdastjórnin skal birta opinberlega undanþágur samkvæmt þessari málsgrein.“

11) Eftirfarandi 4. mgr. bætist við 16. gr.:

„4. Stöðunni á vörslureikningi umráðanda loftfara skal breytt úr frystur í opinn þegar sannprófuð losun hefur verið færð inn skv. 29. gr. og tala um stöðu reglufylgni, sem er reiknuð út skv. 1. mgr. 31. gr., er hærri eða jöfn og núll. Stöðu reiknings skal einnig breytt í opinn fyrir þann tíma eftir að landsstjórnandinn hefur móttekið beiðni frá reikningshafa þess efnis að viðskiptareikningur hans verði gerður virkur, að því tilskildu að slík beiðni innihaldi a.m.k. allar þær upplýsingar sem krafist er samkvæmt upplýsingaskipta- og tækniforskriftunum sem kveðið er á um í 71. gr.“

12) Í stað 18. gr. komi eftirfarandi:

„18. gr.

Synjun um stofnun reiknings

1. Landsstjórnandinn skal sannprófa hvort upplýsingarnar og skjölin, sem kveðið er á um vegna stofnunar reiknings, séu fullnægjandi, uppfærð, nákvæm og rétt.

2. Landsstjórnandi getur neitað að opna reikning:

a) ef upplýsingarnar og skjölin sem lögð eru fram eru ófullgerð, úrelt eða með öðrum hætti ónákvæm eða röng,

b) ef væntanlegur reikningshafi eða, ef um lögaðila er að ræða, einhver stjórnarmannanna sætir rannsókn eða hefur, næstliðin fimm ár, verið dæmdur fyrir svik þar sem losunarheimildir eða Kýótóeiningar koma við sögu, peningaþvætti, fjármögnun hryðjuverka eða önnur alvarlegt afbrot þar sem unnt er að nota reikninginn,

c) ef landsstjórnandinn hefur gilda ástæðu til að ætla að reikningarnir verði notaðir við svik þar sem losunarheimildir eða Kýótóeiningar koma við sögu, peningaþvætti, fjármögnun hryðjuverka eða önnur alvarlegt afbrot,

d) af ástæðum sem settar eru fram í landslögum.

3. Ef landstjórnandinn synjar um stofnun reiknings getur aðilinn, sem óskaði eftir stofnun reikningsins, andmælt við lögbært yfirvald samkvæmt landslögum og skal yfirvaldið þá annaðhvort gefa landsstjórnandanum fyrirmæli um að stofna reikninginn eða staðfesta synjunina með rökstuddri ákvörðun með fyrirvara um kröfur í landslögum um lögmæt markmið, sem stefnt er að, sem eru samrýmanleg við þessa reglugerð og hófleg.“

13) Í stað 1. og 2. mgr. 19. gr. komi eftirfarandi:

„1. Fyrir hvern reikning, að undanskildum sannprófandareikningnum, skulu vera a.m.k. tveir viðurkenndir fulltrúar. Fyrir sannprófandareikning skal vera a.m.k. einn viðurkenndur fulltrúi. Viðurkenndi fulltrúinn skal hefja viðskipti og önnur ferli fyrir hönd reikningshafans.

2. Fyrir reikninga mega vera einn eða fleiri viðurkenndir viðbótarfulltrúar. Gerð er krafa um samþykki viðurkennds viðbótarfulltrúa til að hefja viðskipti, auk samþykkis viðurkennds fulltrúa, að undanskildum:

a) millifærslum á reikning reikningshafa, sem er á skrá yfir áreiðanlega reikninga í skrá Sambandsins,

b) viðskiptum sem viðskiptavettvangar, sem njóta undanþágu skv. 4. mgr. 14. gr., hefja og

c) innskilum á losunarheimildum, losunarskerðingareiningum og einingum vottaðrar losunarskerðingar skv. 3. þætti VI. kafla.“

14) Eftirfarandi 2. mgr. a bætist við 19. gr.:

„2a. Til viðbótar við viðurkenndu fulltrúana, sem eru tilgreindir í 1. mgr., mega vera viðurkenndir fulltrúar fyrir reikninga sem eru einungis með skoðunaraðgang að reikningnum.“

15) Eftirfarandi málsgreinar bætist við í 20. gr.: 3. mgr. a og 3. mgr. b:

„3a. Landsstjórnandinn skal sannprófa hvort upplýsingarnar og skjölin, sem kveðið er á um vegna tilnefningar á viðurkenndum fulltrúa eða viðurkenndum viðbótarfulltrúa, séu fullnægjandi, uppfærð, nákvæm og rétt.

3b. Landsstjórnandinn getur neitað að samþykkja viðurkenndan fulltrúa eða viðurkenndan viðbótarfulltrúa:

a) ef upplýsingarnar og skjölin sem lögð eru fram eru ófullgerð, úrelt eða með öðrum hætti ónákvæm eða röng,

b) ef væntanlegur fulltrúi sætir rannsókn eða hefur, næstliðin fimm ár, verið dæmdur fyrir svik þar sem losunarheimildir eða Kýótóeiningar koma við sögu, peningaþvætti, fjármögnun hryðjuverka eða önnur alvarlegt afbrot þar sem unnt er að nota reikninginn,

c) af ástæðum sem settar eru fram í landslögum.“

16) Eftirfarandi 21. gr. a bætist við:

„21. gr. a

Skrá yfir áreiðanlega reikninga

1. Frá og með 30. júní 2012 er heimilt að taka saman skrá yfir áreiðanlega reikninga fyrir vörslureikninga rekstraraðila, vörslureikninga umráðanda loftfara, einkavörslureikninga og viðskiptareikninga í skrá Sambandsins.

2. Reikningar, sem eru í eigu sama reikningshafa, skulu sjálfkrafa færðir á skrána yfir áreiðanlega reikninga.

3. Hefja skal breytingar á skránni yfir áreiðanlega reikninga og ljúka við þær með málsmeðferðinni, sem sett er fram í 32. gr. a, fyrir viðskipti sem eru tilgreind í VI. kafla. Viðurkenndir viðbótarfulltrúar skulu staðfesta breytinguna eða, ef viðurkenndir viðbótarfulltrúar hafa ekki verið tilnefndir, annar viðurkenndur fulltrúi. Fresturinn, sem er tilgreindur í 4. mgr. 32. gr. a, gildir ekki um niðurfellingu reikninga af skránni yfir áreiðanlega reikninga; að því er varðar aðrar breytingar á skránni yfir áreiðanlega reikninga skal fresturinn vera sjö dagar.“

17) Eftirfarandi 2. mgr. a bætist við 27. gr.:

„2a. Stjórnandi getur lokað fyrir aðgang allra viðurkenndra fulltrúa eða viðurkenndra viðbótarfulltrúa að tilteknum reikningi og möguleikann á að hefja ferli frá þeim reikningi:

a) í að hámarki tvær vikur ef stjórnandinn hefur gilda ástæðu til að ætla að reikningurinn hafi verið notaður eða verði notaður við svik, peningaþvætti, fjármögnun hryðjuverka eða önnur alvarlegt afbrot eða

b) á grundvelli og í samræmi við ákvæði landslaga um lögmæt markmið sem stefnt er að.“

18) Í stað 4. og 5. mgr. 29. gr. komi eftirfarandi:

„4. Sannprófandinn eða lögbært yfirvald skal samþykkja árlega, sannprófaða losun eftir að hafa sannprófað á fullnægjandi hátt, í samræmi við 1. mgr. 15. gr. tilskipunar 2003/87/EB, skýrslu rekstraraðila um losun frá stöð á næstliðnu ári eða skýrslu umráðanda loftfars um losun frá allri flugstarfsemi á hans vegum á næstliðnu ári.

5. Landsstjórnandinn eða lögbæra yfirvaldið skal merkja losunina, sem samþykkt hefur verið í samræmi við 4. mgr., í skrá Sambandsins þannig að hún sé sannprófuð. Lögbært yfirvald getur ákveðið að í stað landsstjórnandans beri sannprófandinn ábyrgð á að merkja losun þannig að hún sé sannprófuð í skrá Sambandsins.“

19) Eftirfarandi 32. gr. a og 32. gr. b bætist við á eftir „VI. kafli VIÐSKIPTI“:

„32. gr. a

Framkvæmd millifærslna

1. Að því er varðar öll viðskipti, sem eru tilgreind í VI. kafla, sem viðskiptavettvangur hefur ekki hafið skal skrá Sambandsins gera kröfu um staðfestingu um aðra samskiptaleið áður en viðskiptin geta hafist. Einungis skal hefja viðskipti ef viðurkenndur viðbótarfulltrúi, sem krafa er gerð um að samþykki þau skv. 2. mgr. 19. gr., hefur staðfest viðskiptin um aðra samskiptaleið.

2. Að því er varðar allar millifærslur á losunarheimildum og Kýótóeiningum, sem eru tilgreindar í 43. og 44. gr., skulu þær hefjast tafarlaust ef þær eru staðfestar á milli kl. 10:00 og 16:00 að Mið-Evróputíma frá mánudegi til föstudags, að báðum dögum meðtöldum, að undanskildum lögboðnum frídögum í þeim aðildarríkjum sem ákveða að nýta ekki frestunina skv. 3. mgr. Millifærsla, sem er staðfest á öðrum tíma, skal hefjast næsta dag, frá mánudegi til föstudags, kl. 10:00 að Mið-Evróputíma.

3. Að því er varðar allar millifærslur á losunarheimildum og Kýótóeiningum, sem eru tilgreindar í 43. og 44. gr., að undanskildum millifærslum af viðskiptareikningi yfir á reikning sem er á skrá yfir áreiðanlega reikninga fyrir þessa reikninga, gildir 26 klukkustunda frestun frá því að millifærsla hefst og þar til tilkynnt er um að það megi ljúka við hana skv. 70. gr. Þessi frestun skal numin úr gildi tímabundið á laugardögum og sunnudögum milli kl. 00:00 og 24:00 að Mið-Evróputíma. Aðildarríkin geta ákveðið að nema þessa frestun einnig úr gildi tímabundið á lögboðnum frídögum á tilteknu ári, milli kl. 00:00 og 24:00 að Mið-Evróputíma, að því tilskildu að sú ákvörðun hafi verið birt eigi síðar en 1. desember á næstliðnu ári.

4. Ef reikningsfulltrúi hefur grun um að millifærsla hafi verið hafin í sviksamlegum tilgangi getur reikningsfulltrúinn, eigi síðar en tveimur klukkustundum áður en fresturinn, sem kveðið er á um í 3. mgr., rennur út, óskað eftir því við landsstjórnandann að hann ógildi færsluna fyrir hönd reikningsfulltrúans áður en tilkynnt er um að það megi ljúka við færsluna. Í kjölfar beiðninnar skal reikningshafinn tafarlaust tilkynna lögbæru löggæsluyfirvaldi um að grunur leiki á svikum. Sú skýrsla skal send landsstjórnanda innan sjö daga.

5. Þegar millifærslur hefjast skv. 1. og 2. mgr. skal senda tilkynningu til allra reikningsfulltrúa um fyrirhugað upphaf millifærslunnar.

32. gr. b

Eðli losunarheimilda og endanleiki viðskipta

1. Losunarheimild eða Kýótóeining skal vera skiptanlegur gerningur, sem er einungis til á rafrænu formi, sem unnt er að eiga viðskipti með á markaði.

2. Það eðli losunarheimilda og Kýótóeininga að vera einungis til á rafrænu formi skal fela í sér að færslurnar í skrá Sambandsins mynda að órannsökuðu máli fullnægjandi sannanir fyrir réttindum til losunarheimildar eða Kýótóeiningar og fyrir hverju öðru málefni sem fellur undir þessa reglugerð eða sem unnt er að skrá í skrána samkvæmt henni.

3. Skiptanleiki losunarheimilda og Kýótóeininga skal fela í sér að hvers kyns skuldbindingar vegna endurheimtar eða skila, sem kunna að koma upp samkvæmt landslögum að því er varðar losunarheimild eða Kýótóeiningu, skulu einungis gilda um samskonar losunarheimildir eða Kýótóeiningar. Einkum skal taka tillit til eftirfarandi atriða:

a) með fyrirvara um 51. gr. og afstemmingarferlið, sem gert er ráð fyrir í 69. gr. þessarar reglugerðar, skulu viðskipti verða endanleg og óafturkallanleg við lok þeirra skv. 70. gr. Með fyrirvara um hvers kyns ákvæði eða úrræði til úrbóta samkvæmt landslögum, sem kunna að leiða til kröfu eða reglu um að hefja ný viðskipti í skránni, skulu engin lög, reglugerðir, reglur eða framkvæmd, að því er varðar að fella samninga eða viðskipti úr gildi, leiða til þess að bundinn sé endi á viðskipti í skránni sem eru orðin endanleg og óafturkallanleg samkvæmt þessari reglugerð,

b) ekkert í þessari grein skal koma í veg fyrir að reikningshafi eða þriðji aðili neyti réttar eða kröfu, sem leiðir af undirliggjandi viðskiptum, sem hann kann að eiga lagalega kröfu til, þ.m.t. endurheimt, skil eða skaðabætur, að því er varðar viðskipti sem er lokið í skránni, t.d. ef um er að ræða svik eða tæknilegar villur, svo fremi sem þetta leiðir ekki til þess að viðskiptin séu bakfærð, afturkölluð eða bundinn endi á þau.

4. Kaupandi og handhafi losunarheimildar eða Kýótóeiningar, sem kemur fram í góðri trú, skal öðlast réttindi til losunarheimildar eða Kýótóeiningar án nokkurra ágalla sem eru á eignarheimild framseljandans.

20) Í stað d-liðar 1. mgr. 34. gr. komi eftirfarandi:

„d) auðkenni viðtakenda úthlutaðra heimilda (ef losunarheimildum hefur verið úthlutað á uppboði skal viðtakandinn vera reikningurinn sem er stofnaður í því skyni með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1193/2011(*)).“

(*) Stjtíð. ESB L 315, 29.11.2011, bls. 1.

21) Í stað 43. og 44. gr. komi eftirfarandi:

„43. gr.

Millifærsla reikningshafa á losunarheimildum

1. Með fyrirvara um 2. mgr. skal skrá Sambandsins, að beiðni reikningshafa, annast allar færslur á losunarheimildum af reikningi skrár Sambandsins yfir á alla aðra reikninga í skrá Sambandsins nema ekki sé unnt að framkvæma færsluna vegna stöðu stofnreikningsins eða gerðar losunarheimildanna sem geyma má á viðtökureikningnum í samræmi við 3. mgr. 8. gr.

2. Frá og með 30. júní 2012 er einungis heimilt að millifæra losunarheimildir af vörslureikningum rekstraraðila, vörslureikningum umráðenda loftfara, einkavörslureikningum og viðskiptavettvöngum yfir á reikninga á skránni yfir áreiðanlega reikninga sem er tekin saman skv. 21. gr. a.

44. gr.

Millifærsla reikningshafa á Kýótóeiningum

1. Með fyrirvara um 2. mgr. skal skrá Sambandsins, að beiðni reikningshafa, annast allar færslur á Kýótóeiningum af reikningum skrár Sambandsins yfir á alla aðra reikninga í skrá Sambandsins eða í tiltekinni Kýótóbókunarskrá nema ekki sé unnt að framkvæma færsluna vegna stöðu stofnreikningsins eða Kýótóeininganna sem geyma má á viðtökureikningnum í samræmi við 3. mgr. 8. gr.

2. Frá og með 30. júní 2012 er einungis heimilt að millifæra Kýótóeiningar af vörslureikningum rekstraraðila, vörslureikningum umráðenda loftfara, einkavörslureikningum og viðskiptavettvöngum yfir á reikninga á skránni yfir áreiðanlega reikninga sem er tekin saman skv. 21. gr. a.“

22) Í stað 50. gr. komi eftirfarandi:

„50. gr.

Ógilding Kýótóeininga

Skrá Sambandsins skal annast allar beiðnir frá reikningshafa skv. 4. mgr. 12. gr. tilskipunar 2003/87/EB um að ógilda Kýótóeiningar á reikningum reikningshafans með því að færa tiltekna tegund og fjölda Kýótóeininga af viðkomandi reikningi yfir á ógildingarreikning í Kýótóbókunarskrá landsstjórnanda reikningsins eða ógildingarreikning í skrá Sambandsins.“

23) Í stað a-liðar 4. mgr. 51. gr. komi eftirfarandi:

„a) viðskiptunum, sem á að bakfæra, lauk innan 30 virkra daga áður en tillaga stjórnanda reikningsins kom fram í samræmi við 3. mgr., að undanskilinni úthlutun á losunarheimildum skv. III. kafla og úthlutun á losunarheimildum skv. II. kafla,“.

24) Eftirfarandi 4. mgr. a bætist við 63. gr.:

„4a. Viðurkenndur fulltrúi skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að skilríki hans glatist, þeim sé stolið eða öryggi þeirra stefnt í hættu. Viðurkenndur fulltrúi skal þegar í stað tilkynna það til landsstjórnandans ef skilríki hans glatast, þeim er stolið eða öryggi þeirra stefnt í hættu.“

25) Í stað 64. gr. komi eftirfarandi:

„64. gr.

Lokað fyrir allan aðgang vegna öryggisbrots eða öryggisáhættu

1. Framkvæmdastjórnin getur gefið yfirstjórnanda fyrirmæli um að loka tímabundið fyrir aðgang að skrá Sambandsins eða viðskiptadagbók ESB eða hluta þeirra ef framkvæmdastjórnin hefur rökstuddan grun um öryggisbrot í skrá Sambandsins eða viðskiptadagbók ESB eða að fyrir hendi sé alvarleg öryggisáhætta í tengslum við skrá Sambandsins eða viðskiptadagbók ESB sem stefnir heildstæði kerfisins í hættu, þ.m.t. öryggisafritunar- og varabúnaðurinn sem um getur í 59. gr.

2. Ef öryggisbrot á sér stað eða ef öryggisáhætta er fyrir hendi, sem getur leitt til tímabundinnar lokunar aðgangs, skal stjórnandinn, sem uppgötvar brotið eða áhættuna, þegar í stað tilkynna yfirstjórnandanum um hvers kyns áhættu sem er fyrir hendi gagnvart öðrum hlutum skráningarkerfisins. Yfirstjórnandinn skal síðan upplýsa alla aðra stjórnendur um það.

3. Ef stjórnanda verður ljóst að staðan er orðin þannig að hún krefst lokunar aðgangs að kerfi hans skal hann tilkynna yfirstjórnandanum og reikningshöfum um lokunina með svo löngum fyrirvara sem aðstæður leyfa. Yfirstjórnandinn mun síðan tilkynna þetta öllum öðrum stjórnendum svo fljótt sem auðið er.

4. Í tilkynningunni, sem um getur í 3. mgr., skulu koma fram líkleg tímamörk á lokuninni og skal hún sjást greinilega á almenna svæðinu á vefsetri viðskiptadagbókar ESB.“

26) Eftirfarandi 64. gr. a bætist við:

„64. gr. a

Tímabundin lokun aðgangs að losunarheimildum eða Kýótóeiningum ef um er að ræða grun um sviksamleg viðskipti

1. Stjórnandi eða stjórnandi sem kemur fram að beiðni lögbærs yfirvalds getur lokað fyrir aðgang að losunarheimildum eða Kýótóeiningum í þeirri skrá sem hann stjórnar:

a) í að hámarki tvær vikur ef hann grunar að losunarheimildirnar eða Kýótóeiningarnar hafi verið notaðar í viðskiptum sem fela í sér svik, peningaþvætti, fjármögnun hryðjuverka eða önnur alvarlegt afbrot eða

b) á grundvelli og í samræmi við ákvæði landslaga um lögmæt markmið sem stefnt er að.

2. Framkvæmdastjórnin getur gefið yfirstjórnandanum fyrirmæli um að loka fyrir aðgang að losunarheimildum eða Kýótóeiningum í skrá Sambandsins eða viðskiptadagbók ESB í að hámarki tvær vikur ef framkvæmdastjórnina grunar að losunarheimildirnar eða Kýótóeiningarnar hafi verið notaðar í viðskiptum sem fela í sér svik, peningaþvætti, fjármögnun hryðjuverka eða önnur alvarlegt afbrot.

3. Stjórnandinn eða framkvæmdastjórnin skal þegar í stað upplýsa lögbært löggæsluyfirvald um lokunina.

4. Landsbundið löggæsluyfirvald í aðildarríki stjórnandans getur einnig gefið stjórnandanum fyrirmæli um að láta lokun koma til framkvæmda á grundvelli landslaga og í samræmi við þau.“

27) Í stað 71. gr. komi eftirfarandi:

„71. gr.

Upplýsingaskipta- og tækniforskriftir

1. Framkvæmdastjórnin skal hafa tiltækar fyrir stjórnendur þær upplýsingaskipta- og tækniforskriftir sem eru nauðsynlegar vegna upplýsingaskipta milli skráa og viðskiptadagbóka, þ.m.t. auðkenniskóðar, sjálfvirkt eftirlit og svarkóðar, auk prófunaraðferða og öryggiskrafna sem eru nauðsynlegar til að hefja upplýsingaskipti.

2. Upplýsingaskipta- og tækniforskriftirnar skulu teknar saman í samráði við vinnuhóp stjórnenda í nefndinni um loftslagsbreytingar og skulu vera í samræmi við starfrænar og tæknilegar forskriftir fyrir upplýsingaskiptastaðla fyrir skráningarkerfi samkvæmt Kýótóbókuninni sem útfærðar voru samkvæmt ákvörðun 12/CMP.1“

28) Ákvæðum 75. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. til 3. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Upplýsingar, þ.m.t. um handhöfn allra reikninga, öll viðskipti sem fara fram, sérstakan einingarauðkenniskóða losunarheimildanna og sérstakan einingarauðkenniskóða fyrir einingarraðnúmer Kýótóeininganna, sem eru geymdar eða sem viðskipti eru höfð með, sem varðveittar eru í viðskiptadagbók ESB, skrá Sambandsins og öllum öðrum Kýótóbókunarskrám, skulu teljast trúnaðarupplýsingar nema gerð sé krafa um annað samkvæmt lögum Sambandsins eða með ákvæðum landslaga um lögmæt markmið, sem stefnt er að, sem eru samrýmanleg við þessa reglugerð og hófleg.

2. Eftirfarandi aðilar geta fengið gögn sem eru varðveitt í skrá Sambandsins og viðskiptadagbók ESB:

a) löggæslu- og skattyfirvöld í aðildarríki,

b) Evrópuskrifstofan um aðgerðir gegn svikum,

c) Endurskoðunarrétturinn,

d) Evrópska réttaraðstoðin,

e) lögbær yfirvöld sem um getur í 11. gr. tilskipunar 2003/6/EB og í 1. mgr. 37. gr. tilskipunar 2005/60/EB,

f) landsbundin, lögbær eftirlitsyfirvöld,

g) landsstjórnendur aðildarríkja og lögbær yfirvöld sem um getur í 18. gr. tilskipunar 2003/87/EB.

3. Þeir aðilar, sem eru skráðir skv. 2. mgr., geta fengið gögn ef þeir fara fram á það við yfirstjórnandann eða landsstjórnandann ef slíkar beiðnir eru nauðsynlegar til að þeir geti sinnt starfi sínu.“

b) Eftirfarandi 5. mgr. a bætist við:

„5a. Evrópulögreglan skal fá varanlegan lesaðgang að gögnum sem eru geymd í skrá Sambandsins og viðskiptadagbók ESB til þess að sinna störfum sínum í samræmi við ákvörðun ráðsins 2009/371/DIM. Evrópulögreglan skal upplýsa framkvæmdastjórnina um notkun sína á gögnunum.“

c) Í stað 6. mgr. komi eftirfarandi:

„6. Landsstjórnendur skulu, á öruggan hátt, gera öllum öðrum landsstjórnendum og yfirstjórnandanum aðgengileg nöfn og auðkenni aðila, sem þeir hafa synjað um stofnun reiknings í samræmi við 3. mgr. 13. gr. eða 3. mgr 14. gr., eða aðila sem þeir höfnuðu að tilnefna sem viðurkennda fulltrúa eða viðurkennda viðbótarfulltrúa í samræmi við 3. mgr. 20. gr. og nöfn og auðkenni reikningshafa, viðurkennds fulltrúa eða viðurkennds viðbótarfulltrúa reikninga sem aðgangi að hefur verið lokað tímabundið í samræmi við 64. gr. og 64. gr. a eða reikninga sem hefur verið lokað í samræmi við 28. gr.“

29) Eftirfarandi 2. mgr. a bætist við 77. gr.:

„2a. Landsstjórnandinn skal athuga einkavörslureikninga áður en flæði á sér stað til að tryggja að upplýsingarnar, sem lagðar eru fram vegna opnunar reikninga, séu fullnægjandi, uppfærðar, nákvæmar og réttar.“

30) Í stað IV. viðauka komi eftirfarandi:

„IV. VIÐAUKI

Upplýsingar varðandi einkavörslureikninga og vörslureikninga fyrir viðskiptavettvang sem leggja skal fyrir landsstjórnandann

1. Upplýsingarnar sem settar eru fram í töflu III-I. (auðkenni reikningsins og alstafakennimerkið skulu vera ótvírætt innan skráningarkerfisins.)

2. Sönnun þess að aðilinn, sem óskar eftir stofnun reikningsins, að umráðendum loftfara undanskildum, eigi opinn bankareikning í aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins.

3. Gögn sem staðfesta auðkenni einstaklingsins sem óskar eftir stofnun reikningsins og sem geta verið afrit af öðru hvoru af eftirfarandi:

   a) kennivottorði sem gefið er út af ríki sem er aðili að Evrópska efnahagssvæðinu eða Efnahags- og framfarastofnuninni,

   b) vegabréfi.

4. Gögn sem staðfesta heimilisfang handhafa einkareiknings er hefur fasta búsetu og sem geta verið afrit af einhverju af eftirfarandi:

   a) persónuskilríkjunum, sem lögð voru fram skv. 3. lið, ef þar er að finna heimilisfang þess sem hefur fasta búsetu,

   b) einhverjum öðrum skilríkjum, sem hið opinbera gefur út, þar sem er að finna heimilisfang þess sem hefur fasta búsetu,

   c) yfirlýsingu frá staðaryfirvöldum sem staðfesta fasta búsetu tilnefnda aðilans ef landið, þar sem fasta búsetan er, gefur ekki út persónuskilríki þar sem heimilisfang þess er hefur fasta búsetu er tilgreint,

   d) einhverju öðru skjali sem er að öllu jöfnu tekið gilt í aðildarríki stjórnanda reiknings sem sönnun fyrir fastri búsetu tilnefnda aðilans.

5. Eftirfarandi skjöl ef um er að ræða lögaðila sem óskar eftir stofnun reiknings:

   a) afrit af gerningunum sem viðurkenna lögaðilann og afrit af skjali sem sannar skráningu lögaðilans,

   b) upplýsingar um bankareikning,

   c) staðfesting á virðisaukaskattsnúmeri,

   d) upplýsingar um raunverulegan eiganda lögaðilans eins og skilgreint er í tilskipun 2005/60/EB,

   e) skrá yfir stjórnarmenn,

   f) afrit af ársskýrslu eða af síðustu endurskoðuðu reikningsskilum eða, ef endurskoðuð reikningsskil liggja ekki fyrir, afrit af reikningsskilum sem skattyfirvöld eða fjármálastjórinn hafa stimplað.

6. Gögn sem staðfesta skráð heimilisfang handhafa lögaðilareiknings ef það er ekki skýrt samkvæmt skjalinu sem lagt var fram í samræmi við 5. lið.

7. Sakaskrá einstaklingsins sem óskar eftir stofnun reikningsins eða, ef það er lögaðili, sakaskrá stjórnarmanna lögaðilans.

8. Hvers kyns afrit af skjali, sem lagt er fram sem sönnun samkvæmt þessum viðauka, verður lögbókandi eða annar sambærilegur aðili, sem landsstjórnandinn tilgreinir, að votta sem staðfest afrit. Að því er varðar skjöl, sem eru gefin út utan aðildarríkisins sem fer fram á afritið, skal afritið vera löggilt. Dagsetningin á vottuninni eða löggildingunni má ekki vera meira en þremur mánuðum eldri en dagsetningin á umsókninni.

9. Stjórnandi reikningsins getur krafist þess að skjölunum, sem lögð eru fram, fylgi vottuð þýðing á tungumáli sem stjórnandinn tilgreinir.

10. Í stað þess að verða sér úti um skjöl á pappír getur stjórnandi reikningsins notað rafrænar aðferðir til að athuga gögnin sem leggja skal fram í samræmi við þennan viðauka.“

31) Í stað IX. viðauka komi eftirfarandi:

IX. VIÐAUKI

Upplýsingar sem leggja skal fyrir stjórnanda reikningsins varðandi viðurkennda fulltrúa og viðurkennda viðbótarfulltrúa

1. Upplýsingarnar sem settar eru fram í töflu IX-I.

Tafla IX-I: Upplýsingar um viðurkenndan fulltrúa

	A	B	C	D	E	F
Númer	Reikningsupplýsingar	Skyldu-bundið eða valkvætt?	Tegund	Unnt að upp-færa?	Þarf samþykki landsstjórn-anda fyrir uppfærslu?	Birt á opinberu vefsetri skrár Sambandsins?
1	Persónuskilríki	S	Frjáls	Nei	Á ekki við	Nei
2	Tegund viðurkennds fulltrúa	S	Val	Já	Nei	Já
3	Eiginnafn	S	Frjáls	Já	Já	Nei(*)
4	Kenninafn	S	Frjáls	Já	Já	Nei(*)
5	Titill	V	Frjáls	Já	Nei	Nei(*)
6	Starfsheiti	V	Frjáls	Já	Nei	Nei(*)
	Heiti fyrirtækis	V	Frjáls	Já	Nei	Nei(*)
	Deild fyrirtækis	V	Frjáls	Já	Nei	Nei(*)
7	Land	S	Fyrirfram ákveðin	Nei	Á ekki við	Nei(*)
8	Svæði eða ríki	V	Frjáls	Já	Já	Nei(*)
9	Borg	S	Frjáls	Já	Já	Nei(*)
10	Póstnúmer	S	Frjáls	Já	Já	Nei(*)
11	Heimilisfang — lína 1	S	Frjáls	Já	Já	Nei(*)
12	Heimilisfang — lína 2	V	Frjáls	Já	Já	Nei(*)
13	Sími 1	S	Frjáls	Já	Nei	Nei(*)
14	Farsími	S	Frjáls	Já	Já	Nei(*)
15	Tölvupóstfang	S	Frjáls	Já	Já	Nei
16	Fæðingardagur	S	Frjáls	Nei	Á ekki við	Nei
17	Fæðingarstaður — borg	S	Frjáls	Nei	Á ekki við	Nei
18	Fæðingarstaður — land	S				
18	Tungumál sem valið er	V	Val	Já	Nei	Nei
19	Stig trúnaðarkvaðar	V	Val	Já	Nei	Nei
20	Réttindi viðurkennds við-bótarfulltrúa	S	Margþætt val	Já	Nei	Nei

(*) Þessar upplýsingar birtast einungis ef reikningshafinn óskar eftir því að þær séu gerðar opinberar í samræmi við 75. gr.

2. Undirrituð yfirlýsing frá reikningshafanum þar sem fram kemur að hann óski eftir að tilnefna tiltekinn aðila sem viðurkenndan fulltrúa eða viðurkenndan viðbótarfulltrúa og þar sem staðfest er að viðurkenndi fulltrúinn hafi rétt til að hefja viðskipti fyrir hönd reikningshafans eða að viðurkenndi viðbótarfulltrúinn hafi rétt til að samþykkja viðskipti fyrir hönd reikningshafans og þar sem tilgreindar eru hvers kyns takmarkanir á þeim rétti.

3. Gögn sem staðfesta auðkenni tilnefnda aðilans og sem geta verið afrit af öðru hvoru af eftirfarandi:

   a) kennivottorði sem gefið er út af ríki sem er aðili að Evrópska efnahagssvæðinu eða Efnahags- og framfarastofnuninni,

   b) vegabréfi.

4. Gögn sem staðfesta heimilisfang tilnefnda aðilans er hefur fasta búsetu og sem geta verið afrit af einhverju af eftirfarandi:

   a) persónuskilríkjunum, sem lögð voru fram skv. 3. lið, ef þar er að finna heimilisfang þess sem hefur fasta búsetu,

   b) einhverjum öðrum skilríkjum, sem hið opinbera gefur út, þar sem er að finna heimilisfang þess sem hefur fasta búsetu,

   c) yfirlýsingu frá staðaryfirvöldum sem staðfesta fasta búsetu tilnefnda aðilans ef landið, þar sem fasta búsetan er, gefur ekki út persónuskilríki þar sem heimilisfang þess er hefur fasta búsetu er tilgreint,

   d) einhverju öðru skjali sem er að öllu jöfnu tekið gilt í aðildarríki stjórnanda reiknings sem sönnun fyrir fastri búsetu tilnefnda aðilans.

5. Sakaskrá tilnefnda aðilans.

6. Hvers kyns afrit af skjali, sem lagt er fram sem sönnun samkvæmt þessum viðauka, verður lögbókandi eða annar sambærilegur aðili, sem landsstjórnandinn tilgreinir, að votta sem staðfest afrit. Að því er varðar skjöl, sem eru gefin út utan aðildarríkisins sem fer fram á afritið, skal afritið vera löggilt. Dagsetningin á vottuninni eða löggildingunni má ekki vera meira en þremur mánuðum eldri en dagsetningin á umsókninni.

7. Stjórnandi reikningsins getur krafist þess að skjölunum, sem lögð eru fram, fylgi vottuð þýðing á tungumáli sem landsstjórnandinn tilgreinir.

8. Í stað þess að verða sér úti um skjöl á pappír getur stjórnandi reikningsins notað rafrænar aðferðir til að athuga gögnin sem leggja skal fram í samræmi við þennan viðauka.“

32) Ákvæðum XIII. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað c-liðar 4. liðar komi eftirfarandi:

„c) magn losunarheimilda eða Kýótóeininga, sem tengdust viðskiptunum, án sérstaka einingarauðkenniskóða losunarheimildanna og sérstaka einingarauðkenniskóðans fyrir einingarraðnúmer Kýótóeininganna,“.

b) Í stað a-liðar 5. liðar komi eftirfarandi:

„a) núverandi handhöfn losunarheimilda og Kýótóeininga án sérstaka einingarauðkenniskóða losunarheimildanna og sérstaka einingarauðkenniskóðans fyrir einingarraðnúmer Kýótóeininganna,“.

90. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. nóvember 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

I. VIÐAUKI

Tafla I-I:Tegundir reikninga og tegundir eininga sem varðveita má í hverri tegund reikninga

Heiti reikningstegundar	Nafn reikningshafa	Stjórnandi reiknings	Fjöldi reikninga af þessari tegund	Losunarheimildir (ekki Kýótó-einingar)		Kýótóeiningar			
				Almennar losunar-heimildir	Losunarheim-ildir vegna flugs	Ein. úthl. magns (AAU)	Ein. vott. los. sk. (CER)	Los.sk.ein. (ERU)	Langt.ein. v. los.sk./ bráðab.ein. v. los.sk./bind. ein. (lCER/ tCER/RMU)
I. Rekstrarreikningar í skrá Sambandsins									
Reikningur ESB vegna heildarfjölda losunarheimilda	ESB	Yfirstjórnandi	1	**Já**	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei
Reikningur ESB fyrir heildarfjölda losunarheimilda vegna flugs	ESB	Yfirstjórnandi	1	Nei	**Já**	Nei	Nei	Nei	Nei
Uppboðsreikningur ESB fyrir losunarheimildir	ESB	Yfirstjórnandi	1	**Já**	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei
Úthlutunarreikningur ESB fyrir losunarheimildir	ESB	Yfirstjórnandi	1	**Já**	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei
Reikningur ESB vegna varasjóðs fyrir nýja aðila	ESB	Yfirstjórnandi	1	**Já**	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei
Uppboðsreikningur ESB fyrir losunarheimildir vegna flugs	ESB	Yfirstjórnandi	1	Nei	**Já**	Nei	Nei	Nei	Nei
Reikningur ESB vegna sérstaks varasjóðs	ESB	Yfirstjórnandi	1	Nei	**Já**	Nei	Nei	Nei	Nei
Úthlutunarreikningur ESB fyrir losunarheimildir vegna flugs	ESB	Yfirstjórnandi	1	Nei	**Já**	Nei	Nei	Nei	Nei
Reikningur Sambandsins fyrir niðurfelldar losunarheimildir	ESB	Yfirstjórnandi	1	**Já**	**Já**	Nei	Nei	Nei	Nei
Afhendingarreikningur fyrir uppboðnar losunarheimildir	Uppboðshaldari, uppboðsvettvangur, greiðslujöfnunar-kerfi eða uppgjör-skerfi	Landsstjórnandi sem hefur opnað reikninginn	Einn eða fleiri fyrir hvern upp-boðsvettvang	**Já**	**Já**	Nei	Nei	Nei	Nei
II. Vörslureikningar í skrá Sambandsins									
Vörslureikningur rekstraraðila	Rekstraraðili	Landsstjórnandi aðildarríkisins þar sem stöðin er	Einn fyrir hverja stöð	**Já**	Nei	Fer eftir aðildarríki(*)	**Já**	**Já**	Fer eftir aðildarríki(*)
Vörslureikningur umráðanda loftfars	Umráðandi loftfars	Landsstjórnandi aðildarríkisins sem stjórnar umráðanda loftfars	Einn fyrir hvern um-ráðanda loftfars	**Já**	**Já**	Fer eftir aðildarríki(*)	**Já**	**Já**	Fer eftir aðildarríki(*)

Heiti reikningstegundar	Nafn reikningshafa	Stjórnandi reiknings	Fjöldi reikninga af þessari tegund	Losunarheimildir (ekki Kýótó-einingar)		Kýótóeiningar			
				Almennar losunar-heimildir	Losunarheim-ildir vegna flugs	Ein. úthl. magns (AAU)	Ein. vott. los. sk. (CER)	Los.sk.ein. (ERU)	Langt.ein. v. los.sk./ bráðab.ein. v. los.sk./bind. ein. (lCER/ tCER/RMU)
Einkavörslureikningur	Aðili	Landsstjórnandi eða yfir-stjórnandi sem hefur opnað reikninginn	Eins og samþykkt er	**Já**	**Já**	Fer eftir aðildarríki(*)	**Já**	**Já**	Fer eftir aðildarríki(*)
Landsbundinn vörslureikningur	Aðildarríki	Landsstjórnandi aðildarríkisins sem á reikninginn	1 eða fleiri fyrir hvert aðildarríki	**Já**	**Já**	**Já**	**Já**	**Já**	**Já**
III. Viðskiptareikningar í skrá Sambandsins									
Viðskiptareikningur	Aðili	Landsstjórnandi eða yfir-stjórnandi sem hefur opnað reikninginn	Eins og samþykkt er	**Já**	**Já**	Fer eftir aðildarríki(*)	Já	Já	Fer eftir aðildarríki(*)
IV. Aðrir reikningar í skrá Sambandsins									
Reikningur fyrir ytri vettvang	Ytri vettvangur	Landsstjórnandi sem hefur opnað reikninginn	Einn fyrir hvert aðildarríki fyrir hvern ytri vettvang	**Já**	**Já**	Fer eftir aðildarríki(*)	**Já**	**Já**	Fer eftir aðildarríki(*)
Sannprófandareikningur	Sannprófandi	Landsstjórnandi sem hefur opnað reikninginn	Einn fyrir hvert aðildarríki fyrir hvern sannprófanda	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei

(*) Landsstjórnandi aðildarríkis getur ákveðið hvort reikningurinn (eða tegund reiknings) getur geymt þessa tegund eininga.

II. VIÐAUKI

Upplýsingar sem leggja skal fram með beiðnum fyrir alla reikninga

1. Upplýsingarnar sem settar eru fram í töflu II-I.

Tafla II-I:Reikningsupplýsingar fyrir alla reikninga

	A	B	C	D	E	F
Núm-er	Reikningsupplýsingar	Skyldubundið eða valkvætt?	Tegund	Unnt að uppfæra?	Þarf samþykki lands-stjórnanda fyrir upp-færslu?	Birt á opinberu vefsetri skrár Sam-bandsins?
1	Auðkenni reiknings (sem skrá Sambandsins gefur út)	S	Fyrir-fram-ákveðin	Nei	Á ekki við	Nei
2	Tegund reiknings	S	Val	Nei	Á ekki við	Já
3	Skuldbindingartímabil	S	Val	Nei	Á ekki við	Já
4	Auðkenni reikningshafa (sem skrá Sambandsins gefur út)	S	Frjáls	Já	Já	Já
5	Nafn reikningshafa	S	Frjáls	Já	Já	Já
6	Kennimerki reikningsins (sem reikningshafi gefur út)	S	Frjáls	Já	Nei	Nei
7	Heimilisfang reikningshafa — land	S	Val	Já	Já	Já
8	Heimilisfang reikningshafa — svæði eða ríki	V	Frjáls	Já	Já	Já
9	Heimilisfang reikningshafa — borg	S	Frjáls	Já	Já	Já
10	Heimilisfang reikningshafa — póstnúmer	S	Frjáls	Já	Já	Já
11	Heimilisfang reikningshafa — lína 1	S	Frjáls	Já	Já	Já
12	Heimilisfang reikningshafa — lína 2	V	Frjáls	Já	Já	Já
13	Skráningarnúmer eða auðkennis-númer fyrirtækis reikningshafa	S	Frjáls	Já	Já	Já
14	Sími 1 hjá reikningshafa	S	Frjáls	Já	Nei	Nei
15	Sími 2 hjá reikningshafa	S	Frjáls	Já	Nei	Nei
16	Tölvupóstfang reikningshafa	S	Frjáls	Já	Nei	Nei
17	Fæðingardagur og -ár (ein-staklingar)	S fyrir ein-staklinga	Frjáls	Nei	Á ekki við	Nei
18	Fæðingarstaður — borg (ein-staklingar)	S fyrir ein-staklinga	Frjáls	Nei	Á ekki við	Nei
19	Fæðingarstaður — land	V	Frjáls	Nei	Á ekki við	Nei

	A	B	C	D	E	F
Núm-er	Reikningsupplýsingar	Skyldubundið eða valkvætt?	Tegund	Unnt að uppfæra?	Þarf samþykki lands-stjórnanda fyrir upp-færslu?	Birt á opinberu vefsetri skrár Sam-bandsins?
20	Virðisaukaskattsnúmer ásamt landskóða	S ef úthlutað	Frjáls	Já	Já	Nei
21	Stofndagur reiknings	S	Fyrir-framá-kveðin	Nei	Á ekki við	Já
22	Lokunardagur reiknings	V	Fyrir-framá-kveðin	Já	Já	Já

2. Kennimerki reikningsins skal vera ótvírætt innan skráningarkerfisins.

III. VIÐAUKI

Upplýsingar sem leggja skal fram varðandi afhendingarreikninga fyrir uppboðnar losunarheimilir, einkavörslureikninga, viðskiptareikninga og reikninga fyrir ytri vettvanga

1. Upplýsingarnar sem settar eru fram í töflu II-I. (auðkenni reikningsins og alstafakennimerkið skulu vera ótvíræð innan skráningarkerfisins.)

2. Sönnun þess að aðilinn, sem óskar eftir stofnun reikningsins, að umráðendum loftfara undanskildum, eigi opinn bankareikning í aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins.

3. Gögn sem staðfesta auðkenni einstaklingsins sem óskar eftir stofnun reikningsins og sem geta verið afrit af öðru hvoru af eftirfarandi:

   a) kennivottorði sem gefið er út af ríki sem er aðili að Evrópska efnahagssvæðinu eða Efnahags- og framfarastofnuninni,

   b) vegabréfi.

4. Gögn sem staðfesta heimilisfang handhafa einkareiknings er hefur fasta búsetu og sem geta verið afrit af einhverju af eftirfarandi:

   a) persónuskilríkjunum, sem lögð voru fram skv. 3. lið, ef þar er að finna heimilisfang þess sem hefur fasta búsetu,

   b) einhverjum öðrum skilríkjum, sem hið opinbera gefur út, þar sem er að finna heimilisfang þess sem hefur fasta búsetu,

   c) yfirlýsingu frá staðaryfirvöldum sem staðfesta fasta búsetu tilnefnda aðilans ef landið, þar sem fasta búsetan er, gefur ekki út persónuskilríki þar sem heimilisfang þess er hefur fasta búsetu er tilgreint,

   d) einhverju öðru skjali sem er að öllu jöfnu tekið gilt í aðildarríki stjórnanda reiknings sem sönnun fyrir fastri búsetu tilnefnda aðilans.

5. Eftirfarandi skjöl ef um er að ræða lögaðila sem óskar eftir stofnun reiknings:

   a) afrit af gerningunum sem viðurkenna lögaðilann og afrit af skjali sem sannar skráningu lögaðilans,

   b) upplýsingar um bankareikning,

   c) staðfesting á virðisaukaskattsnúmeri,

   d) upplýsingar um raunverulegan eiganda lögaðilans eins og skilgreint er í tilskipun 2005/60/EB,

   e) skrá yfir stjórnarmenn,

   f) afrit af ársskýrslu eða af síðustu endurskoðuðu reikningsskilum eða, ef endurskoðuð reikningsskil liggja ekki fyrir, afrit af reikningsskilum sem skattyfirvöld eða fjármálastjórinn hafa stimplað.

6. Gögn sem staðfesta skráð heimilisfang handhafa lögaðilareiknings ef það er ekki skýrt samkvæmt skjalinu sem lagt var fram í samræmi við 5. lið.

7. Sakaskrá einstaklingsins sem óskar eftir stofnun reikningsins eða, ef það er lögaðili, sakaskrá stjórnarmanna lögaðilans.

8. Hvers kyns afrit af skjali, sem lagt er fram sem sönnun samkvæmt þessum viðauka, verður lögbókandi eða annar sambærilegur aðili, sem landsstjórnandinn tilgreinir, að votta sem staðfest afrit. Að því er varðar skjöl, sem eru gefin út utan aðildarríkisins sem fer fram á afritið, skal afritið vera löggilt. Dagsetningin á vottuninni eða löggildingunni má ekki vera meira en þremur mánuðum eldri en dagsetningin á umsókninni.

9. Stjórnandi reikningsins getur krafist þess að skjölunum, sem lögð eru fram, fylgi vottuð þýðing á tungumáli sem stjórnandinn tilgreinir.

10. Í stað þess að verða sér úti um skjöl á pappír getur stjórnandi reikningsins notað rafrænar aðferðir til að athuga gögnin sem leggja skal fram í samræmi við þennan viðauka.

IV. VIÐAUKI

Viðbótarupplýsingar varðandi sannprófendareikninga sem leggja skal fyrir landsstjórnandann

1. Skjal, sem staðfestir að aðilinn, sem óskar eftir stofnun reikningsins, sé viðurkenndur sem sannprófandi í samræmi við 15. gr. tilskipunar 2003/87/EB.

V. VIÐAUKI

Viðbótarupplýsingar varðandi hvern þeirra vörslureikninga fyrir rekstraraðila sem leggja skal fyrir landsstjórnandann

1. Upplýsingarnar sem settar eru fram í töflu II-I.

2. Í upplýsingunum, sem lagðar eru fram í samræmi við töflu II-I, skal rekstraraðili stöðvarinnar tilgreindur sem reikningshafi. Nafn reikningshafans skal vera hið sama og nafn einstaklingsins eða lögaðilans sem er handhafi viðkomandi leyfis fyrir losun gróðurhúsalofttegunda.

3. Upplýsingarnar sem settar eru fram í töflu V-I og töflu V-II

Tafla V-I:Reikningsupplýsingar varðandi vörslureikninga rekstraraðila

	A	B	C	D	E	F
Núm-er	Reikningsupplýsingar	Skyldubundið eða valkvætt?	Tegund	Unnt að uppfæra?	Þarf samþykki lands-stjórnanda fyrir upp-færslu?	Birt á opinberu vefsetri skrár Sam-bandsins?
1	Auðkenni stöðvar	S	Fyrir-fram-ákveðin	Nei	—	Já
2	Auðkenni leyfis	S	Frjáls	Já	Já	Já
3	Dagsetning gildistöku leyfisins	S	Frjáls	Nei	—	Já
4	Lokadagsetning gildistíma leyfisins	V	Frjáls	Já	Já	Já
5	Heiti stöðvar	S	Frjáls	Já	Já	Já
6	Tegund starfsemi í stöðinni	S	Val	Já	Já	Já
7	Heimilisfang stöðvar — land	S	Fyrir-fram-á-kveðin	Já	Já	Já
8	Heimilisfang stöðvar — svæði eða ríki	V	Frjáls	Já	Já	Já
9	Heimilisfang stöðvar — borg	S	Frjáls	Já	Já	Já
10	Heimilisfang stöðvar — póst-númer	S	Frjáls	Já	Já	Já
11	Heimilisfang stöðvar — lína 1	S	Frjáls	Já	Já	Já
12	Heimilisfang stöðvar — lína 2	V	Frjáls	Já	Já	Já
13	Sími 1 hjá stöð	S	Frjáls	Já	Nei	Nei
14	Sími 2 hjá stöð	S	Frjáls	Já	Nei	Nei
15	Tölvupóstfang stöðvar	S	Frjáls	Já	Nei	Nei
16	Móðurfélag	V	Frjáls	Já	Nei	Já
17	Dótturfélag	V	Frjáls	Já	Nei	Já
18	EPRTR-kenninúmer	S ef út-hlutað	Frjáls	Já	Nei	Já
19	Breiddargráða	V	Frjáls	Já	Nei	Já
20	Lengdargráða	V	Frjáls	Já	Nei	Já

Tafla V-II:Upplýsingar um tengilið stöðvar

	A	B	C	D	E	F
Númer	Reikningsupplýsingar	Skyldubundið eða valkvætt?	Tegund	Unnt að uppfæra?	Þarf samþykki landsstjórnanda fyrir uppfærslu?	Birt á opinberu vefsetri skrár Sambandsins?
1	Sannprófandi	V	Val	Já	Nei	Já
	Heiti fyrirtækis	V	Frjáls	Já	Nei	Já(*)
	Deild fyrirtækis	V	Frjáls	Já	Nei	Já(*)
2	Eiginnafn tengiliðar í aðildarríkinu	V	Frjáls	Já	Nei	Nei
3	Kenninafn tengiliðar í aðildarríkinu	V	Frjáls	Já	Nei	Nei
4	Heimilisfang tengiliðar — land	V	Fyrir-framá-kveðin	Já	Nei	Já(*)
5	Heimilisfang tengiliðar — svæði eða ríki	V	Frjáls	Já	Nei	Já(*)
6	Heimilisfang tengiliðar — borg	V	Frjáls	Já	Nei	Já(*)
7	Heimilisfang tengiliðar — póstnúmer	V	Frjáls	Já	Nei	Já(*)
8	Heimilisfang tengiliðar — lína 1	V	Frjáls	Já	Nei	Já(*)
9	Heimilisfang tengiliðar — lína 2	V	Frjáls	Já	Nei	Já(*)
10	Sími 1 hjá tengilið	V	Frjáls	Já	Nei	Nei
11	Sími 2 hjá tengilið	V	Frjáls	Já	Nei	Nei
12	Tölvupóstfang tengiliðar	V	Frjáls	Já	Nei	Nei

(*) Þessar upplýsingar birtast ekki ef reikningshafinn óskar eftir því í samræmi við 83. gr.

VI. VIÐAUKI

Upplýsingar varðandi hvern þeirra vörslureikninga fyrir umráðendur loftfara sem leggja skal fyrir landsstjórnanda

1. Upplýsingarnar sem settar eru fram í töflu II-I og VI-I.

2. Í upplýsingunum, sem lagðar eru fram í samræmi við töflu II-I, skal umráðandi loftfars tilgreindur sem reikningshafi. Nafn reikningshafans, sem skráð er, skal vera hið sama og nafnið í vöktunaráætluninni. Sé nafnið í vöktunaráætluninni úrelt skal nota nafnið í viðskiptaskránni eða nafnið sem Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu notar.

Tafla VI-I:Reikningsupplýsingar varðandi vörslureikninga fyrir umráðendur loftfara

	A	B	C	D	E	F
Númer	Reikningsupplýsingar	Skyldu-bundið eða valkvætt?	Tegund	Unnt að upp-færa?	Þarf samþykki landsstjór-nanda fyrir uppfærslu?	Birt á opinberu vefsetri skrár Sambandsins?
1	Auðkenni umráðanda loftfars (sem skrá Sambandsins úthlutar)	S	Frjáls	Nei	—	Já
2	Sérstakur kóði samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 748/2009	S	Frjáls	Já	Já	Já
3	Kallmerki (kennimerki Alþjóðaflug-málastofnunarinnar)	V	Frjáls	Já	Já	Já
4	Auðkenni vöktunaráætlunar	S	Frjáls	Já	Já	Já
5	Vöktunaráætlun — fyrsta gildisár	S	Frjáls	Nei	—	Já
6	Vöktunaráætlun — síðasta gildisár	V	Frjáls	Já	Já	Já

3. Kallmerkið er kennimerki Alþjóðaflugmálastofnunarinnar í reit 7 á flugáætluninni eða, liggi það ekki fyrir, skrásetningarmerki loftfarsins.

VII. VIÐAUKI

Upplýsingar sem leggja skal fyrir stjórnanda reikningsins varðandi viðurkennda fulltrúa og viðurkennda viðbótarfulltrúa

1. Upplýsingarnar sem settar eru fram í töflu VII-I.

Tafla VII-I:Upplýsingar um viðurkenndan fulltrúa

	A	B	C	D	E	F
Núm-er	Reikningsupplýsingar	Skyldubundið eða valkvætt?	Tegund	Unnt að uppfæra?	Þarf samþykki lands-stjórnanda fyrir upp-færslu?	Birt á opinberu vefsetri skrár Sam-bandsins?
1	Persónuskilríki	S	Frjáls	Nei	Á ekki við	Nei
2	Tegund viðurkennds fulltrúa	S	Val	Já	Nei	Já
3	Eiginnafn	S	Frjáls	Já	Já	Nei(*)
4	Kenninafn	S	Frjáls	Já	Já	Nei(*)
5	Titill	V	Frjáls	Já	Nei	Nei(*)
6	Starfsheiti	V	Frjáls	Já	Nei	Nei(*)
	Heiti fyrirtækis	V	Frjáls	Já	Nei	Nei(*)
	Deild fyrirtækis	V	Frjáls	Já	Nei	Nei(*)
7	Land	S	Fyrir-framá-kveðin	Nei	Á ekki við	Nei(*)
8	Svæði eða ríki	V	Frjáls	Já	Já	Nei(*)
9	Borg	S	Frjáls	Já	Já	Nei(*)
10	Póstnúmer	S	Frjáls	Já	Já	Nei(*)
11	Heimilisfang — lína 1	S	Frjáls	Já	Já	Nei(*)
12	Heimilisfang — lína 2	V	Frjáls	Já	Já	Nei(*)
13	Sími 1	S	Frjáls	Já	Nei	Nei(*)
14	Farsími	S	Frjáls	Já	Já	Nei(*)
15	Tölvupóstfang	S	Frjáls	Já	Já	Nei
16	Fæðingardagur	S	Frjáls	Nei	Á ekki við	Nei
17	Fæðingarstaður — borg	S	Frjáls	Nei	Á ekki við	Nei
18	Fæðingarstaður — land	S				
19	Tungumál sem valið er	V	Val	Já	Nei	Nei
20	Stig trúnaðarkvaðar	V	Val	Já	Nei	Nei
21	Réttindi viðurkennds viðbótar-fulltrúa	S	Marg-þætt val	Já	Nei	Nei

(*) Þessar upplýsingar birtast einungis ef reikningshafinn óskar eftir því að þær séu gerðar opinberar í samræmi við 83. gr.

2. Undirrituð yfirlýsing frá reikningshafanum þar sem fram kemur að hann óski eftir að tilnefna tiltekinn aðila sem viðurkenndan fulltrúa eða viðurkenndan viðbótarfulltrúa og þar sem staðfest er að viðurkenndi fulltrúinn hafi rétt til að hefja viðskipti fyrir hönd reikningshafans eða að viðurkenndi viðbótarfulltrúinn hafi rétt til að samþykkja við-skipti fyrir hönd reikningshafans og þar sem tilgreindar eru hvers kyns takmarkanir á þeim rétti.

3. Gögn sem staðfesta auðkenni tilnefnda aðilans og sem geta verið afrit af öðru hvoru af eftirfarandi:

   a) kennivottorði sem gefið er út af ríki sem er aðili að Evrópska efnahagssvæðinu eða Efnahags- og framfarastofnuninni,

   b) vegabréfi.

4. Gögn sem staðfesta heimilisfang tilnefnda aðilans er hefur fasta búsetu og sem geta verið afrit af einhverju af eftirfarandi:

   a) persónuskilríkjunum sem lögð voru fram skv. 3. lið ef þar er að finna heimilisfang þess sem hefur fasta búsetu,

   b) einhverjum öðrum skilríkjum, sem hið opinbera gefur út, þar sem er að finna heimilisfang þess sem hefur fasta búsetu,

   c) yfirlýsingu frá staðaryfirvöldum sem staðfesta fasta búsetu tilnefnda aðilans ef landið, þar sem fasta búsetan er, gefur ekki út persónuskilríki þar sem heimilisfang þess er hefur fasta búsetu er tilgreint,

   d) einhverju öðru skjali sem er að öllu jöfnu tekið gilt í aðildarríki stjórnanda reiknings sem sönnun fyrir fastri búsetu tilnefnda aðilans.

5. Sakaskrá tilnefnda aðilans.

6. Hvers kyns afrit af skjali, sem lagt er fram sem sönnun samkvæmt þessum viðauka, verður lögbókandi eða annar sambærilegur aðili, sem landsstjórnandinn tilgreinir, að votta sem staðfest afrit. Að því er varðar skjöl, sem eru gefin út utan aðildarríkisins sem fer fram á afritið, skal afritið vera löggilt. Dagsetningin á vottuninni eða löggildingunni má ekki vera meira en þremur mánuðum eldri en dagsetningin á umsókninni.

7. Stjórnandi reikningsins getur krafist þess að skjölunum, sem lögð eru fram, fylgi vottuð þýðing á tungumáli sem landsstjórnandinn tilgreinir.

8. Í stað þess að verða sér úti um skjöl á pappír getur stjórnandi reikningsins notað rafrænar aðferðir til að athuga gögnin sem leggja skal fram í samræmi við þennan viðauka.

VIII. VIÐAUKI

Snið sem nota skal þegar upplýsingar um árlega losun eru lagðar fram

1. Losunarupplýsingar fyrir rekstraraðila skulu fela í sér upplýsingarnar sem settar eru fram í töflu VIII-I.

Tafla VIII-I:Losunarupplýsingar fyrir rekstraraðila

	A	B	C
1	Auðkenni stöðvar:		
2	Skýrslugjafarár		
	Losun gróðurhúsalofttegunda		
		í tonnum	í tonnum koltvísýringsígilda (CO_2eq)
3	CO_2-losun		
4	N_2O-losun		
5	losun á perflúorkolefni		
6	Heildarlosun	—	Σ (C2 + C3 + C4)

2. Lýsa skal rafræna sniðinu fyrir framlagningu upplýsinga um losun í upplýsingaskipta- og tækniforskriftunum sem kveðið er á um í 79. gr.

IX. VIÐAUKI

Tafla yfir landsbundna úthlutun fyrir tímabilið 2013–2020

	Nafn			Fjöldi almennra losunarheimilda sem skal úthluta án endurgjalds					
				Samkvæmt 7. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB	Samkvæmt 10. gr. c í tilskipun 2003/87/EB (framseljanleg)	Samkvæmt 10. gr. c í tilskipun 2003/87/EB (ekki framseljanleg)	Samkvæmt öðru ákvæði í tilskipun 2003/87/EB	Samtals	
	Landskóði aðildarríkis								Handvirk innfærsla
3		Auðkenni reiknings stöðvar A							Handvirk innfærsla
4		Fjöldi sem úthluta skal stöð A:							
5			árið 2013						Handvirk innfærsla
6			árið 2014						Handvirk innfærsla
7			árið 2015						Handvirk innfærsla
8			árið 2016						Handvirk innfærsla
9			…						Handvirk innfærsla
10		Auðkenni reiknings stöðvar B							Handvirk innfærsla
11		Fjöldi sem úthluta skal stöð B:							
12			árið 2013						Handvirk innfærsla
13			árið 2014						Handvirk innfærsla
14			árið 2015						Handvirk innfærsla
15			árið 2016						Handvirk innfærsla

X. VIÐAUKI

Tafla yfir landsbundna úthlutun vegna flugs fyrir tímabilið 2013–2020

Lína nr.	Nafn			Fjöldi losunarheimilda vegna flugs sem skal úthluta án endurgjalds			
				Samkvæmt 3. gr. e í tilskipun 2003/87/EB	Samkvæmt 3. gr. f í tilskipun 2003/87/EB	Samtals	
	Landskóði aðildarríkis						Handvirk innfærsla
3		Auðkenni reiknings umráðanda loftfars A					Handvirk innfærsla
4		Fjöldi sem úthluta skal umráðanda loftfars A:					
5			árið 2013				Handvirk innfærsla
6			árið 2014				Handvirk innfærsla
7			árið 2015				Handvirk innfærsla
8			árið 2016				Handvirk innfærsla
9			…				Handvirk innfærsla
10		Auðkenni reiknings umráðanda loftfars B					Handvirk innfærsla
11		Fjöldi sem úthluta skal umráðanda loftfars B:					
12			árið 2013				Handvirk innfærsla
13			árið 2014				Handvirk innfærsla
14			árið 2015				Handvirk innfærsla
15			árið 2016				Handvirk innfærsla
16			árið 2017				Handvirk innfærsla

XI. VIÐAUKI

Uppboðstafla

Lína nr.	**Upplýsingar um uppboðsvettvanginn**			
	Auðkenniskóði uppboðsvettvangsins			
	Auðkenni uppboðsvaktarans			
	Númer afhendingarreiknings fyrir uppboðnar losunarheimildir			
	Upplýsingar um einstök uppboð (almennar losunarheimildir, losunarheimildir vegna flugs)			
	Fjöldi uppboða í hverju tilviki	Dagsetning og tími afhendingar á afhendingarreikning fyrir uppboðnar losunarheimildir	Auðkenni uppboðshaldara sem tengist hverju uppboði	Handvirk innfærsla
				Handvirk innfærsla
				Handvirk innfærsla
				Handvirk innfærsla
				Handvirk innfærsla
				Handvirk innfærsla
				Handvirk innfærsla
				Handvirk innfærsla
				Handvirk innfærsla
				Handvirk innfærsla
				Handvirk innfærsla
				Handvirk innfærsla
				Handvirk innfærsla
				Handvirk innfærsla
				Handvirk innfærsla

XII. VIÐAUKI

Upplýsingaskylda yfirstjórnandans

Upplýsingar aðgengilegar almenningi

1. Viðskiptadagbók ESB skal birta á opinberu vefsetri sínu eftirfarandi upplýsingar fyrir hvern reikning:

a) allar upplýsingar sem eru tilgreindar þannig að þær skuli „birtar á opinberu vefsetri skrár Sambandsins“ í töflum II-I, V-I, V-II, VI-I og VII-I. Þessar upplýsingar skulu uppfærðar á sólarhrings fresti,

b) losunarheimildir sem úthlutaðar eru einstökum reikningshöfum skv. 40. og 41. gr. Þessar upplýsingar skulu uppfærðar á sólarhrings fresti,

c) stöðuna á reikningnum í samræmi við 1. mgr. 9. gr. Þessar upplýsingar skulu uppfærðar á sólarhrings fresti,

d) fjölda losunarheimilda sem skilað er inn í samræmi við 62. gr.,

e) tölu yfir sannprófaða losun ásamt leiðréttingum fyrir stöðina, sem tengist vörslureikningi rekstaraðila fyrir árið X, sem skal liggja frammi frá og með 1. apríl ársins (X + 1),

f) tákn og yfirlýsingu þar sem tilgreint er hvort stöðin eða umráðandi loftfars, sem tengist viðkomandi vörslureikningi rekstraraðila, hafi skilað inn fjölda losunarheimilda eigi síðar en 30. apríl sem er a.m.k. jafn allri losun stöðvarinnar eða umráðandans á öllum undanförnum árum. Táknin og yfirlýsingarnar, sem leggja skal fram, eru sett fram í töflu XIII-I. Uppfæra skal táknið 1. maí og því skal ekki breytt fyrr en 1. maí á næsta ári, að frátalinni viðbót á * í tilvikum sem tilgreind eru í 5. línu í töflu XIII-I.

Tafla XIII-I: Yfirlýsingar varðandi reglufylgni

Lína nr.	Tala um stöðu reglufylgni skv. 34. gr.	Hefur sannprófuð losun verið skráð fyrir síðasta heila ár?	Tákn	Yfirlýsing
			sem birta skal á opinberu vefsetri viðskiptadagbókar ESB	
1	0 eða jákvæð tala	Já	A	„Fjöldi losunarheimilda, sem skilað er inn eigi síðar en 30. apríl, er jafn eða meiri en sannprófuð losun“
2	neikvæð tala	Já	B	„Fjöldi losunarheimilda, sem skilað er inn eigi síðar en 30. apríl, er minni en sannprófuð losun“
3	tala	Nei	C	„Sannprófuð losun fyrir næstliðið ár var ekki skráð fyrr en 30. apríl“
4	tala	Nei (þar eð ferlið fyrir innskil losunarheimilda og/eða uppfærslu sannprófaðrar losunar var tímabundið stöðvað gagnvart skrá aðildarríkisins)	X	„Ekki var unnt að skrá og/eða skila inn sannprófaðri losun fyrir 30. apríl þar sem ferlið fyrir innskil losunarheimilda og/eða uppfærslu sannprófaðrar losunar var tímabundið stöðvað gagnvart skrá aðildarríkisins“
5	tala	Já eða nei (en síðar uppfært af lögbæru yfirvaldi)	* *[bætt við upphaflegt tákn]*	„Lögbært yfirvald mat eða leiðrétti sannprófaða losun.“

2. Viðskiptadagbók ESB skal birta á opinberu vefsetri sínu eftirfarandi, almennar upplýsingar og uppfæra þær á sólarhrings fresti:

a) töflu yfir landsbundna úthlutun hvers aðildarríkis um sig, þ.m.t. vísbendingar um allar breytingar sem gerðar hafa verið á töflunni í samræmi við 50. gr.,

b) töflu yfir landsbundna úthlutun hvers aðildarríkis um sig vegna flugs, þ.m.t. vísbendingar um allar breytingar sem gerðar hafa verið á töflunni í samræmi við 54. gr.,

c) uppboðstöflur hvers uppboðsvettvangs um sig, þ.m.t. vísbendingar um allar breytingar sem gerðar hafa verið á töflunum í samræmi við 58. gr.,

d) heildarfjölda losunarheimilda, losunarskerðingareininga og eininga vottaðrar losunarskerðingar sem voru í skrá Sambandsins á öllum notendareikningum daginn áður,

e) skrá yfir einingarauðkenni allra losunarheimilda, sem skilað var inn, og skal merkja þær einingar sem færðar voru af reikningnum sem þeim var skilað inn á og sem eru nú á einkavörslureikningum eða vörslureikningum rekstraraðila,

f) skrá yfir tegundir Kýótóeininga, aðrar en einingar vottaðrar losunarskerðingar eða losunarskerðingareiningar, sem geyma má á notendareikningum sem tiltekinn landsstjórnandi stjórnar í samræmi við I. viðauka,

g) gjöldin sem landsstjórnendur innheimta í samræmi við 84. gr.

3. Viðskiptadagbók ESB skal birta á opinberu vefsetri sínu eftirfarandi, almennar upplýsingar hinn 30. apríl ár hvert:

a) hundraðshluta losunarheimilda, sem skilað var inn í hverju aðildarríki á næstliðnu almanaksári, sem var skilað inn af reikningnum sem þeim var úthlutað á,

b) summu sannprófaðrar losunar í hverju aðildarríki sem skráð er fyrir næstliðið almanaksár sem hundraðshluti af summu sannprófaðrar losunar ársins þar á undan,

c) hundraðshlutann, sem tilheyrir reikningum sem tiltekið aðildarríki stjórnar, af fjölda og umfangi allra færsluviðskipta með losunarheimildir og Kýótóeiningar á næstliðnu almanaksári,

d) hundraðshlutann, sem tilheyrir reikningum sem tiltekið aðildarríki stjórnar, af fjölda og umfangi allra færsluviðskipta með losunarheimildir og Kýótóeiningar á næstliðnu almanaksári milli reikninga sem mismunandi aðildarríki stjórna.

4. Viðskiptadagbók ESB skal birta á opinberu vefsetri sínu eftirfarandi upplýsingar um sérhver viðskipti, sem lokið er og skráð hafa verið í viðskiptadagbók ESB, 1. janúar á fimmta ári eftir árið sem upplýsingarnar voru skráðar.

a) nafn handhafa og auðkenni handhafa færslureikningsins,

b) nafn handhafa og auðkenni handhafa viðtökureikningsins,

c) magn losunarheimilda eða Kýótóeininga, sem tengdust viðskiptunum, án sérstaka einingarauðkenniskóða losunarheimildanna og sérstaka einingarauðkenniskóðans fyrir einingarraðnúmer Kýótóeininganna,

d) viðskiptaauðkenniskóða,

e) dagsetningu og tíma þegar viðskiptunum lauk (Mið-Evróputími),

f) tegund viðskiptanna.

Upplýsingar sem eru aðgengilegar reikningshöfum

5. Skrá Sambandsins skal birta eftirfarandi upplýsingar á þeim hluta vefseturs síns sem reikningshafinn hefur einn aðgang að og uppfæra þær á rauntíma:

a) núverandi handhöfn losunarheimilda og Kýótóeininga án sérstaka einingarauðkenniskóða losunarheimildanna og sérstaka einingarauðkenniskóðans fyrir einingarraðnúmer Kýótóeininganna,

b) skrá yfir tillögð viðskipti sem viðkomandi reikningshafi hefur hafið, með eftirfarandi upplýsingum um hver tillögð viðskipti:

i. atriðin í 4. lið,

ii. dagsetningu og tíma þegar viðskiptin voru lögð til (Mið-Evróputími),

iii. núverandi stöðu tillögðu viðskiptanna,

iv. alla svarkóða, sem skilað er inn í kjölfar athugunar á vegum skrárinnar og viðskiptadagbókar ESB,

c) skrá yfir losunarheimildir eða Kýótóeiningar sem bæst hafa á reikninginn í kjölfar viðskipta sem lokið er og skulu atriðin í 4. lið tilgreind fyrir hver viðskipti,

d) skrá yfir losunarheimildir eða Kýótóeiningar, sem færðar hafa verið af reikningnum í kjölfar viðskipta sem lokið er, og skulu atriðin í 4. lið tilgreind fyrir hver viðskipti.

Upplýsingar sem eru aðgengilegar landsstjórnendum

6. Skrá Sambandsins skal birta eftirfarandi upplýsingar á þeim hluta vefseturs síns sem landsstjórnendur hafa einir aðgang að: reikningshafa og viðurkennda fulltrúa sem hafa sætt því að tiltekinn landsstjórnandi hefur lokað fyrir aðgang þeirra að öllum reikningum í skrá Sambandsins í samræmi við 31. gr.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 473/2012 **2013/EES/14/07**

frá 4. júní 2012

um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir spínetóram (XDE-175) í eða á tilteknum afurðum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([1]), einkum 4. mgr. 18. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í A-hluta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 voru fastsett hámarksgildi leifa fyrir spínetóram (XDE-175).

2) Hinn 11. maí 2012 tilkynnti Frakkland til framkvæmdastjórnarinnar, í samræmi við 53 gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuvarnarefna á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([2]), um tímabundna leyfisveitingu fyrir plöntuvarnarefni, sem innihalda virka efnið spínetóram (XDE-175), vegna óvæntrar uppkomu *Drosophila suzukii*, hættu sem var ófyrirsjáanleg og ekki hægt að halda í skefjum með öðrum aðferðum. Af þessum sökum tilkynnti Frakkland hinum aðildarríkjunum, framkvæmdastjórninni og Matvælaöryggisstofnuninni einnig um, í samræmi við 4. mgr. 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005, að það hefði veitt leyfi fyrir því að setja kirsuber, hindber og bláber, sem innihalda meira af varnarefnaleifum en gildandi hámarksgildi leifa segja til um, á markað á frönsku yfirráðasvæði. Sem stendur eru þessi hámarksgildi leifa fastsett við greiningarmörkin í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005.

3) Frakkland lagði fyrir framkvæmdastjórnina viðeigandi mat á áhættu fyrir neytendur og lagði til tímabundin hámarksgildi leifa á grundvelli þess.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin, lagði mat á gögnin sem lögð voru fram og gaf út yfirlýsingu ([3]) um öryggi tillagðra tímabundinna hámarksgilda leifa.

5) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að ólíklegt sé að neyðarnotkun spínetórams (XDE-175) á kirsuber, hindber og bláber leiði til þess að váhrif sem neytendur verða fyrir fari yfir eiturefnafræðileg viðmiðunargildi og er því ekki búist við að hún skapi hættu fyrir lýðheilsu.

6) Frakkland hefur hvorki gefið upplýsingar um vettvangsprófanir undir eftirliti né lokið gæðamati á slíkum prófunum. Matvælaöryggisstofnunin þurfti að byggja yfirlýsingu sína á þeim forsendum að vettvangsprófanir undir eftirliti séu gildar og staðfesti tillögð hámarksgildi leifa. Til að staðfesta að forsendurnar séu réttar skal Frakkland uppfæra matsskýrsluna eins fljótt og unnt er.

7) Á grundvelli yfirlýsingar Matvælaöryggisstofnunarinnar og að teknu tilliti til þeirra þátta sem skipta máli í þessu tilliti uppfylla viðeigandi breytingar á hámarksgildum leifa kröfurnar í 4. mgr. 18 gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005.

8) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 396/2005 til samræmis við það.

9) Þar eð Frakkland hefur þegar heimilað neyðarnotkun plöntuvarnarefna, sem innihalda spínetóram, og bráð þörf er á því í kjölfarið að tryggja öfluga neytendavernd þykir rétt að fastsetja hámarksgildi leifa með því að beita málsmeðferðinni sem um getur í 5. mgr. 45 gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 144, 5.6.2012, bls. 25. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 6/2013 frá 1. febrúar 2013 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([3]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu; Statement on the modification of the existing MRLs for spinetoram in cherries, raspberries and blueberries. Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2012 10(5), 2708. [24 bls.]. doi:10.2903/j.efsa.2012.2708. Aðgengilegt á Netinu: http://www.efsa.europa.eu/efsajournal.htm

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. júní 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Í stað dálksins fyrir spínetóram (XDE-175) í A-hluta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 komi eftirfarandi:

„Varnarefnaleifar og hámarksgildi leifa (mg/kg)

Kenninúmer	Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um ([a])	Spínetóram (XDE-175)
(1)	(2)	(3)
0100000	1. **NÝ EÐA FRYST ALDIN, HNETUR**	
0110000	i. **Sítrusávextir**	0,2
0110010	Greipaldin (pómelónur, sætugreipaldin, tangeló-aldin (að undanskildum minneólum), ljótaldin og aðrir blendingar)	
0110020	Appelsínur (ilmappelsínur, beiskjuappelsínur, myrtuappelsínur og aðrir blendingar)	
0110030	Sítrónur (skrápsítrónur, sítrónur)	
0110040	Súraldin	
0110050	Mandarínur (klementínur, tangarínur, minneólur og aðrir blendingar)	
0110990	Annað	
0120000	ii. **Trjáhnetur (í skurn eða skurnlausar)**	0,05 (*)
0120010	Möndlur	
0120020	Parahnetur	
0120030	Kasúhnetur	
0120040	Kastaníuhnetur	
0120050	Kókoshnetur	
0120060	Heslihnetur (stórheslihnetur)	
0120070	Goðahnetur	
0120080	Pekanhnetur	
0120090	Furuhnetur	
0120100	Pistasíuhnetur	
0120110	Valhnetur	
0120990	Annað	
0130000	iii. **Kjarnaávextir**	0,2
0130010	Epli (skógarepli)	
0130020	Perur (sandperur)	
0130030	Kveði	
0130040	Trjámispilsaldin	
0130050	Dúnepli	
0130990	Annað	
0140000	iv. **Steinaldin**	
0140010	Apríkósur	0,2

(1)	(2)	(3)
0140020	Kirsuber (sætkirsuber, súrkirsuber)	**0,2 (+)**
0140030	Ferskjur (nektarínur og áþekkir blendingar)	0,2
0140040	Plómur (sveskjuplómur, eðalplómur, kirsuberjaplómur, þyrniplómur)	0,05 (*)
0140990	Annað	0,05 (*)
0150000	v. **Ber og smá aldin**	
0151000	a) *Vínber til matar og vínþrúgur*	0,5
0151010	Vínber til matar	
0151020	Vínþrúgur	
0152000	b) *Jarðarber*	0,2
0153000	c) *Klungurber*	
0153010	Brómber	0,05 (*)
0153020	Daggarber (logaber, bersaber og múltuber)	0,05 (*)
0153030	Hindber, (vínhindber, heimskautaber/hindber, (*Rubus arcticus*), mjaðarhindber (*Rubus arcticus x idaeus*))	**0,8 (+)**
0153990	Annað	0,05 (*)
0154000	d) *Önnur smá aldin og ber*	
0154010	Bláber (aðalbláber)	**0,2 (+)**
0154020	Trönuber (rauðber (týtuber)	0,05 (*)
0154030	Rifsber (rauð og hvít) og sólber	0,05 (*)
0154040	Garðaber (þ.m.t. blendingar við aðrar *Ribes*-tegundir)	0,05 (*)
0154050	Rósaldin	0,05 (*)
0154060	Mórber (aldin jarðarberjatrés)	0,05 (*)
0154070	Eplaþyrniber (kívíber (*Actinidia arguta*))	0,05 (*)
0154080	Ylliber (logalaufsber, reyniber, hafþyrnisber (strandþyrnisber), snæþyrnisber, amalber og önnur ber af trjákenndum plöntum)	0,05 (*)
0154990	Annað	0,05 (*)
0160000	vi. **Ýmis aldin**	0,05 (*)
0161000	a) *Ætt hýði*	
0161010	Döðlur	
0161020	Fíkjur	
0161030	Ólífur til átu	
0161040	Gullappelsínur (Marumi gullappelsínur, nagami gullappelsínur, læmhvatar (*Citrus aurantifolia x Fortunella* spp.))	
0161050	Stjörnualdin (bilimbi)	
0161060	Gallaldin	
0161070	Jövuplómur (jövuepli, malajaepli, rósaepli, brasilíukirsuber, surinamkirsuber (grumichama, *Eugenia uniflora*))	
0161990	Annað	
0162000	b) *Óætt hýði, lítið*	
0162010	Kíví	

(1)	(2)	(3)
0162020	Litkaber (tröllígulber, ígulber, gullaldin)	
0162030	Píslaraldin	
0162040	Kaktusfíkjur	
0162050	Stjörnuepli	
0162060	Persimónur (Virginíu-kakí) (svartaldin, mexíkóperur, grænaldin, gulaldin og mjúkaldin)	
0162990	Annað	
0163000	c) *Óætt hýði, stórt*	
0163010	Lárperur	
0163020	Bananar (dvergbananar, mjölbananar, eplabananar)	
0163030	Mangó	
0163040	Papæjualdin	
0163050	Granatepli	
0163060	Morgunberkjur, (kvöldberkjur, sykurepli (sólberkjur), flosberkjur og önnur miðlungsstór aldin af berkjuviðarætt)	
0163070	Gvava (drekaávextir (*Hylocereus undatus*))	
0163080	Ananas	
0163090	Brauðaldin (saðningaraldin)	
0163100	Dáraaldin	
0163110	Nónberkjur	
0163990	Annað	
0200000	2. **NÝTT EÐA FRYST GRÆNMETI**	
0210000	i. **Rótarávextir og hnýði**	0,05 (*)
0211000	a) *Kartöflur*	
0212000	b) *Hitabeltisrótarávextir og -hnýði*	
0212010	Kassava (þerrirætur, japanskar þerrirætur, fílseyru)	
0212020	Sætuhnúðar	
0212030	Mjölrótarhnýði (svarðarhnetur, jíkamaræturr)	
0212040	Örvarrót	
0212990	Annað	
0213000	c) *Aðrir rótarávextir og hnýði, að sykurrófum undanskildum*	
0213010	Rauðrófur	
0213020	Gulrætur	
0213030	Hnúðsilla	
0213040	Piparrót (hvannarætur, skessujurtarrætur, maríuvandarætur)	
0213050	Ætifíflar	
0213060	Nípur	
0213070	Steinseljurót	

(1)	(2)	(3)
0213080	Hreðkur (vetrarhreðkur, japanskar hreðkur, ætihreðkur og svipuð yrki, hnetusveipsef (*Cyperus esculentus*))	
0213090	Hafursrót (svartrót)	
0213100	Gulrófur	
0213110	Næpur	
0213990	Annað	
0220000	ii. **Laukar**	0,05 (*)
0220010	Hvítlaukur	
0220020	Laukur (silfurlaukur)	
0220030	Skalottlaukur	
0220040	Vorlaukur (pípulaukur og svipuð yrki)	
0220990	Annað	
0230000	iii. **Aldingrænmeti**	
0231000	a) *Náttskuggaætt*	0,5
0231010	Tómatar (kirsuberjatómatar, trjátómatar, blæjuber, goðaber, úlfaber (*Lycium barbarum* og *L. chinense*))	
0231020	Paprikur (eldpipar)	
0231030	Eggaldin (melónuperur)	
0231040	Okra	
0231990	Annað	
0232000	b) *Graskersætt — ætt hýði*	0,2
0232010	Gúrkur	
0232020	Smágúrkur	
0232030	Dvergbítar (sumargrasker, grasker (gárugrasker))	
0232990	Annað	
0233000	c) *Graskersætt — óætt hýði*	0,05 (*)
0233010	Melónur (horngúrkur)	
0233020	Risagrasker (vetrargrasker)	
0233030	Vatnsmelónur	
0233990	Annað	
0234000	d) *Sykurmais*	0,05 (*)
0239000	e) *Annað aldingrænmeti*	0,05 (*)
0240000	iv. **Kál**	0,05 (*)
0241000	a) *Blómstrandi kál*	
0241010	Spergilkál (kalabríukál, kínaspergilkál, næpukál)	
0241020	Blómkál	
0241990	Annað	

(1)	(2)	(3)
0242000	b) *Kálhöfuð*	
0242010	Rósakál	
0242020	Höfuðkál (toppkál, rauðkál, blöðrukál, hvítkál)	
0242990	Annað	
0243000	c) *Blaðkál*	
0243010	Kínakál (sinnepskál, blaðkál, rósettukál, blómsturkál, kínakál)	
0243020	Grænkál (sveitakál, portúgalskt grænkál, portúgalskt hvítkál, fóðurkál)	
0243990	Annað	
0244000	d) *Hnúðkál*	
0250000	v. *Blaðgrænmeti og ferskar kryddjurtir*	
0251000	a) *Salat og aðrar salatplöntur, þ.m.t. plöntur af krossblómaætt*	
0251010	Lambasalat (ítalskt vorsalat)	0,05 (*)
0251020	Salat (höfuðsalat, lollo rosso-salat (laufsalat), jöklasalat, bindisalat)	10
0251030	Breiðblaða salatfíflar (breiðblaða vetrarsalat) (villtir kaffifíflar, rauðlaufssalat, hrokkinblaðssalat, sykurbrauðssalat)	0,05 (*)
0251040	Karsi	0,05 (*)
0251050	Vetrarkarsi	0,05 (*)
0251060	Klettasalat (gyltumustarður)	0,05 (*)
0251070	Sinnepskál	0,05 (*)
0251080	Blöð og stilkar af *Brassica* spp. (misunakál, blöð af baunategundum og hreðkum og önnur ungblöð af plöntum af ættkvíslinni *Brassica* (plönturnar eru uppskornar þegar þær eru komnar með allt að 8 eiginleg laufblöð))	0,05 (*)
0251990	Annað	0,05 (*)
0252000	b) *Spínat og áþekkt grænmeti (blöð)*	0,05 (*)
0252010	Spínat (nýsjálenskt spínat, blöð af halategundum (*Amaranthus*))	
0252020	Súpugull (diskgrýta, garðaportúlakki, portúlakki, súrsmæra, strandstjaki, sódaurt)	
0252030	Blaðbeðjur (rauðrófulauf)	
0252990	Annað	
0253000	c) *Vínviðarlauf*	0,05 (*)
0254000	d) *Brunnperla*	0,05 (*)
0255000	e) *Jólasalat*	0,05 (*)
0256000	f) *Kryddjurtir*	0,05 (*)
0256010	Kerfill	
0256020	Graslaukur	
0256030	Sellerílauf (fennikulauf, kóríanderlauf, dilllauf, kúmenlauf, skessujurt, hvönn, spánarkerfill og önnur lauf af sveipjurtaætt)	
0256040	Steinselja	

(1)	(2)	(3)
0256050	Salvía (vetrarsar, sumarsar)	
0256060	Rósmarín	
0256070	Garðablóðberg (meiran, kjarrminta)	
0256080	Basilíka (blöð af hjartafró, mynta, piparminta)	
0256090	Lárviðarlauf	
0256100	Fáfnisgras (ísópur)	
0256990	Annað (æt blóm)	
0260000	vi. **Belgávextir (ferskir)**	
0260010	Baunir (með fræbelg) (grænar baunir (garðbaunir, belgbaunir), glæsibaunir, snittubaunir, spergilbaunir)	0,1
0260020	Baunir (án fræbelgs) (breiðbaunir, flögubaunir, risabaunir, smjörbaunir, augnbaunir)	0,05 (*)
0260030	Ertur (með fræbelg) (sykurertur)	0,1
0260040	Ertur (án fræbelgs) (garðertur, grænar ertur, kjúklingabaunir)	0,05 (*)
0260050	Linsubaunir	0,05 (*)
0260990	Annað	0,05 (*)
0270000	vii. **Stöngulgrænmeti (ferskt)**	0,05 (*)
0270010	Spergill	
0270020	Salatþistlar	
0270030	Sellerí	
0270040	Fennika	
0270050	Ætiþistlar	
0270060	Blaðlaukur	
0270070	Rabarbari	
0270080	Bambussprotar	
0270090	Pálmakjarnar	
0270990	Annað	
0280000	viii. **Sveppir**	0,05 (*)
0280010	Ræktaðir (ætisveppir, ostrusveppir, tókasveppir)	
0280020	Villtir (kantarellur, trufflur, myrklar, kóngssveppir)	
0280990	Annað	
0290000	ix. **Þang og þari**	0,05 (*)
0300000	3. **ÞURRKAÐIR BELGÁVEXTIR**	0,05 (*)
0300010	Baunir (breiðbaunir, bostonbaunir, flögubaunir, risabaunir, smjörbaunir, hestabaunir, augnbaunir)	
0300020	Linsubaunir	
0300030	Ertur (kjúklingabaunir, gráertur, varpabaunir)	
0300040	Úlfabaunir	
0300990	Annað	

(1)	(2)	(3)
0400000	4. **OLÍUFRÆ OG OLÍURÍK ALDIN**	0,05 (*)
0401000	i. **Olíufræ**	
0401010	Hörfræ	
0401020	Jarðhnetur	
0401030	Valmúafræ	
0401040	Sesamfræ	
0401050	Sólblómafræ	
0401060	Repjufræ (arfanæpa, akurfrækál)	
0401070	Sojabaunir	
0401080	Mustarðsfræ	
0401090	Baðmullarfræ	
0401100	Risagraskersfræ (önnur fræ af ættkvíslinni *cucurbitaceae*)	
0401110	Litunarþistill	
0401120	Hjólkrónufræ	
0401130	Akurdoðrufræ	
0401140	Hampfræ	
0401150	Kristpálmafræ	
0401990	Annað	
0402000	ii. **Olíurík aldin**	
0402010	Ólífur til olíuframleiðslu	
0402020	Pálmahnetur (olíupálmakjarnar)	
0402030	Pálmaaldin	
0402040	Dúnviðaraldin	
0402990	Annað	
0500000	5. **KORNTEGUNDIR**	0,05 (*)
0500010	Bygg	
0500020	Bókhveiti (halar, frumbyggjanjóli)	
0500030	Maís	
0500040	Hirsi (mannagrjón, sumarhvingresi)	
0500050	Hafrar	
0500060	Hrísgrjón	
0500070	Rúgur	
0500080	Dúrra	
0500090	Hveiti (spelt, rúghveiti)	
0500990	Annað	
0600000	6. **TE, KAFFI, JURTATE OG KAKÓ**	0,1 (*)
0610000	i. **Te (þurrkuð lauf og stilkar, einnig gerjuð, *Camellia sinensis*)**	

(1)	(2)	(3)
0620000	ii. **Kaffibaunir**	
0630000	iii. **Jurtate (þurrkuð)**	
0631000	a) *Blóm*	
0631010	Kamillublóm	
0631020	Blóm af læknakólfi	
0631030	Rósablöð	
0631040	Jasmínublóm (ylliblóm (*Sambucus nigra*))	
0631050	Lindiblóm	
0631990	Annað	
0632000	b) *Lauf*	
0632010	Jarðarberjalauf	
0632020	Rauðrunnalauf (laufblöð af musteristré)	
0632030	Indíánaþyrniste (Maté)	
0632990	Annað	
0633000	c) *Rætur*	
0633010	Garðabrúðurót	
0633020	Ginsengrót	
0633990	Annað	
0639000	d) *Önnur jurtate*	
0640000	iv. **Kakóbaunir (gerjaðar baunir)**	
0650000	v. **Karób (Jóhannesarbrauð)**	
0700000	7. **HUMLAR (þurrkaðir), þ.m.t. humlakögglar og óþykkt duft**	0,1 (*)
0800000	8. **KRYDD**	0,1 (*)
0810000	i. **Fræ**	
0810010	Anís	
0810020	Ilmfrú	
0810030	Sellerífræ (skessujurtarfræ)	
0810040	Kóríanderfræ	
0810050	Kúmínfræ	
0810060	Dillfræ	
0810070	Fennikufræ	
0810080	Grikkjasmári	
0810090	Múskat	
0810990	Annað	

(1)	(2)	(3)
0820000	ii. **Aldin og ber**	
0820010	Allrahanda	
0820020	Anískorn (kínapipar)	
0820030	Kúmen	
0820040	Kardimommur	
0820050	Einiber	
0820060	Pipar, svartur og hvítur (langpipar, rósapipar)	
0820070	Vanillustangir	
0820080	Tamarind	
0820990	Annað	
0830000	iii. **Börkur**	
0830010	Kanill (kassíukanill)	
0830990	Annað	
0840000	iv. **Rætur eða jarðstönglar**	
0840010	Lakkrísrót	
0840020	Engifer	
0840030	Gullinrót (kúrkúmín)	
0840040	Piparrót	
0840990	Annað	
0850000	v. **Blómknappar**	
0850010	Negull	
0850020	Kapers	
0850990	Annað	
0860000	vi. **Fræni**	
0860010	Saffran	
0860990	Annað	
0870000	vii. **Frækápur**	
0870010	Múskatblóm	
0870990	Annað	
0900000	9. **SYKURPLÖNTUR**	0,05 (*)
0900010	Sykurrófur (rætur)	
0900020	Sykurreyr	
0900030	Kaffifífilsrætur	
0900990	Annað	

(1)	(2)	(3)
1000000	10. **AFURÐIR ÚR DÝRARÍKINU-LANDDÝR**	
1010000	i. **Kjöt, unnar kjötvörur, sláturmatur, blóð, dýrafita; nýtt, kælt eða fryst, saltað, í saltlegi, þurrkað eða reykt eða unnið í fín- eða grófmalað mjöl; aðrar unnar afurðir, t.d. pylsur og tilreidd matvæli gerð úr þessum vörum**	
1011000	a) *Svín*	
1011010	Kjöt	0,2
1011020	Fita, án magurs kjöts	0,01 (*)
1011030	Lifur	0,01 (*)
1011040	Nýru	0,01 (*)
1011050	Ætur sláturmatur	0,01 (*)
1011990	Annað	0,01 (*)
1012000	b) *Nautgripir*	
1012010	Kjöt	0,2
1012020	Fita	0,01 (*)
1012030	Lifur	0,01 (*)
1012040	Nýru	0,01 (*)
1012050	Ætur sláturmatur	0,01 (*)
1012990	Annað	0,01 (*)
1013000	c) *Sauðfé*	
1013010	Kjöt	0,2
1013020	Fita	0,01 (*)
1013030	Lifur	0,01 (*)
1013040	Nýru	0,01 (*)
1013050	Ætur sláturmatur	0,01 (*)
1013990	Annað	0,01 (*)
1014000	d) *Geitur*	
1014010	Kjöt	0,2
1014020	Fita	0,01 (*)
1014030	Lifur	0,01 (*)
1014040	Nýru	0,01 (*)
1014050	Ætur sláturmatur	0,01 (*)
1014990	Annað	0,01 (*)
1015000	e) *Hestar, asnar, múldýr eða múlasnar*	
1015010	Kjöt	0,2
1015020	Fita	0,01 (*)
1015030	Lifur	0,01 (*)

(1)	(2)	(3)
1015040	Nýru	0,01 (*)
1015050	Ætur sláturmatur	0,01 (*)
1015990	Annað	0,01 (*)
1016000	f) *Alifuglar — hænsni, gæsir, endur, kalkúnar og perluhænsn — strútar, dúfur*	0,01 (*)
1016010	Kjöt	
1016020	Fita	
1016030	Lifur	
1016040	Nýru	
1016050	Ætur sláturmatur	
1016990	Annað	
1017000	g) *Önnur húsdýr (kanínur, kengúrur)*	
1017010	Kjöt	0,2
1017020	Fita	0,01 (*)
1017030	Lifur	0,01 (*)
1017040	Nýru	0,01 (*)
1017050	Ætur sláturmatur	0,01 (*)
1017990	Annað	0,01 (*)
1020000	ii. **Mjólk og rjómi, þó ekki þykkt eða með viðbættum sykri eða öðru sætiefni, smjör og önnur fita framleidd úr mjólk, ostur og ystingur**	0,01 (*)
1020010	Nautgripir	
1020020	Sauðfé	
1020030	Geitur	
1020040	Hestar	
1020990	Annað	
1030000	iii. **Fuglsegg, ný, rotvarin eða soðin, skurnlaus egg og eggjarauður; nýtt, þurrkað, soðið í gufu eða vatni, mótað, fryst eða rotvarið með öðrum hætti, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætiefni**	0,01 (*)
1030010	Kjúklingar	
1030020	Endur	
1030030	Gæsir	
1030040	Kornhænur	
1030990	Annað	
1040000	iv. **Hunang (drottningarhunang, frjókorn)**	0,01 (*)
1050000	v. **Froskdýr og skriðdýr (froskalappir, krókódílar)**	0,01 (*)

(1)	(2)	(3)
1060000	vi. **Sniglar**	0,01 (*)
1070000	vii. **Aðrar afurðir landdýra**	0,01 (*)

([a]) Fyrir fullgerða skrá yfir afurðir úr plöntu- og dýraríkinu sem hámarksgildi leifa eiga við um skal vísa í I. viðauka.
(*) Neðri greiningarmörk

Spínetóram (XDE-175)

(+) Hámarksgildi leifa gildir til 31. desember 2014, eftir þá dagsetningu verður hámarksgildi leifa 0,05 (*) nema því verði breytt með reglugerð. Ítarlegar upplýsingar um vettvangsprófanir undir eftirliti skal leggja fyrir Matvælaöryggisstofnunina og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins eigi síðar en 30. júní 2013. Endurmat á gögnum getur leitt til breytinga á hámarksgildum leifa.

0140020 Kirsuber (sætkirsuber, súrkirsuber)

0153030 Hindber, (vínhindber, heimskautaber/hindber, (*Rubus arcticus*), mjaðarhindber (*Rubus arcticus x idaeus*))

0154010 Bláber (aðalbláber)“

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2010/19/ESB **2013/EES/14/08**

frá 9. mars 2010

um breytingu að því er varðar aðlögun að tækniframförum varðandi hjól- og aurhlífabúnað á tilteknum flokkum vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra, á tilskipun ráðsins 91/226/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB frá 5. september 2007 um ramma um viðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki (rammatilskipun) ([1]), einkum 2. mgr. 39. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilskipun ráðsins 91/226/EBE frá 27. mars 1991 um samræmingu laga aðildarríkjanna um fyrirkomulag hjól- og aurhlífa á tilteknum gerðum vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra ([2]) er ein af sértilskipununum í tengslum við EB-gerðarviðurkenningaraðferðina sem tekin var upp samkvæmt tilskipun 2007/46/EB. Ákvæði tilskipunar 2007/46/EB um kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar ökutækja eiga því við um tilskipun 91/226/EBE.

2) Með tilliti til skyldubeitingar EB-gerðarviðurkenningaraðferðarinnar að því er varðar alla ökutækjaflokka sem falla undir tilskipun 2007/46/EB, er nauðsynlegt að kveða á um samræmdar kröfur að því er varðar hjól- og aurhlífar fyrir alla ökutækjaflokka sem falla undir tilskipun 91/226/EBE. Ennfremur er nauðsynlegt að skýra að þessar kröfur eru ekki skyldubundnar að því er varðar torfærutæki. Með tilliti til fenginnar reynslu er að lokum nauðsynlegt að aðlaga tilskipun 91/226/EBE, og þar af leiðandi IV. viðauka við tilskipun 2007/46/EB, að tækniframförum.

3) Því ber að breyta tilskipunum 91/226/EBE og 2007/46/EB til samræmis við það.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit tækninefndarinnar um vélknúin ökutæki.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipun 91/226/EBE er breytt sem hér segir:

1. Skránni yfir viðauka og I., II., og III. viðauka er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa tilskipun.

2. Í stað ótölusetta viðaukans, með fyrirsögninni „Myndir“, komi texti II. viðauka við þessa tilskipun.

2. gr.

Í stað 43. liðar í IV. viðauka og 2. og 4. viðbætis í XI. viðauka við tilskipun 2007/46/EB, komi eftirfarandi:

„43	Hjól- og aurhlífa-búnaður	Tilskipun 91/226/EBE	L 103, 23.4.1991, bls. 5				X	X	X	X	X	X	X"

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 72, 20.3.2010, bls. 17. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/2012 frá 10. febrúar 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins,* nr. 34, 21.6.2012, bls. 13.

([1]) Stjtíð. ESB L 263, 9.10.2007, bls. 1.

([2]) Stjtíð. EB L 103, 23.4.1991, bls. 5.

3. gr.

1. Frá og með 9. apríl 2011 skulu aðildarríki ekki, af ástæðum er varða hjól- og aurhlífabúnað, synja um EB-gerðarviðurkenningu eða landsbundna gerðarviðurkenningu fyrir ökutæki og íhluti sem uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í tilskipun 91/226/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun.

2. Frá og með 9. apríl 2011 skulu aðildarríki af ástæðum er varða hjól- og aurhlífabúnað, synja um EB-gerðarviðurkenningu eða landsbundna gerðarviðurkenningu fyrir ökutæki og íhluti sem uppfylla ekki kröfurnar sem mælt er fyrir um í tilskipun 91/226/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun.

3. Þegar sótt er um EB-gerðarviðurkenningu fyrir ökutæki í heild, samkvæmt tilskipun 2007/46/EB, skulu gerðir ökutækja, sem veitt hefur verið landsbundin eða EB-gerðarviðurkenning sem nær yfir hjól- og aurhlífabúnað, ekki þurfa að uppfylla kröfurnar um hjól- og aurhlífabúnað, sem settar eru fram í tilskipun 91/226/EBE.

4. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 8. apríl 2011. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 9. apríl 2011.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau taka upp um málefni sem tilskipun þessi nær til.

5. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

6. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 9. mars 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel Barroso

forseti.

I. VIÐAUKI

1. Skrá yfir viðauka við tilskipun 91/226/EBE er breytt sem hér segir:

   a) Í stað fyrirsagnar 3. viðbætis við II. viðauka komi eftirfarandi:

   „Upplýsingaskjal fyrir EB-gerðarviðurkenningu íhlutar“,

   b) Í stað fyrirsagnar III. viðauka komi eftirfarandi:

   „III. viðauki,

   1. viðbætir: Upplýsingaskjal fyrir EB-gerðarviðurkenningu ökutækis

   2. viðbætir: Fyrirmynd að EB-gerðarviðurkenningarvottorði“,

   c) Í stað línunnar „MYNDIR: (1 til 9)“ komi eftirfarandi:

   „V. viðauki: Myndir 1 til 9“.

2. Ákvæðum I. viðauka við tilskipun 91/226/EBE er breytt sem hér segir:

   a) Í stað 9., 10. og 11. liðar komi eftirfarandi:

   „9. *Lyftiás*

   „Lyftiás“: ás, eins og hann er skilgreindur í lið 2.15 í I. viðauka við tilskipun 97/27/EB.

   10. *Ökutæki án hleðslu*

   „Ökutæki án hleðslu“: ökutæki tilbúið til aksturs, eins og það er skilgreint í lið 2.6 í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB (*).

   11. *Sóli*

   „Sóli“: sá hluti hjólbarðans eins og hann er skilgreindur í lið 2.8 í II. viðauka við tilskipun 92/23/EBE.

   (*) Stjtíð. ESB L 263, 9.10.2007, bls. 1.“,

   b) eftirfarandi 13., 14. og 15. liður bætist við:

   „13. *Dráttarbifreið fyrir festivagna*

   „Dráttarbifreið fyrir festivagna“: dráttarbifreið eins og hún er skilgreind í lið 2.1.1.2.2 í I. viðauka við tilskipun 97/27/EB.

   14. *Tæknilega leyfilegur hámarksmassi með hleðslu*

   „Tæknilega leyfilegur hámarksmassi með hleðslu“: hámarksmassi ökutækis, eins og hann er skilgreindur í lið 2.6 í I. viðauka við tilskipun 97/27/EB.

   15. *Gerð ökutækis*

   „Gerð ökutækis“: með tilliti til hjól- og aurhlífa, fullbúin eða ófullbúin ökutæki eða ökutæki fullbúin í áföngum, sem ekki eru frábrugðin hvað varðar eftirfarandi atriði:

   — gerð hjól- og aurhlífabúnaðar (uppsett á ökutæki),

   — heiti framleiðanda fyrir gerð hjól- og aurhlífabúnaðar“

3. Ákvæðum II. viðauka við tilskipun 91/226/EBE er breytt sem hér segir:

a) í stað liða 2 til 3.4.3 komi eftirfarandi:

„2. **Umsókn um EB-gerðarviðurkenningu íhlutar**

2.1. Framleiðandi skal leggja fram umsókn um EB-gerðarviðurkenningu íhlutar vegna gerðar hjól- og aurhlífabúnaðar í samræmi við 7. gr. tilskipunar 2007/46/EB.

2.2. Fyrirmynd að upplýsingaskjalinu er sett fram í 3. viðbæti.

2.3. Láta ber tækniþjónustunni, sem annast prófanir vegna gerðarviðurkenningar, eftirfarandi í té:

Fjögur sýnishorn: þrjú þeirra verði notuð við prófanir og hið fjórða geymt á rannsóknarstofunni til sannprófunar síðar. Rannsóknarstofunni er heimilt að fara fram á að fá fleiri sýnishorn.

2.4. Áletranir

Á hverju sýnishorni skal vera skýr og óafmáanleg áletrun er sýni viðskiptaheiti eða vörumerki, tilvísun til gerðar og nægilega stórt pláss fyrir EB-gerðarviðurkenningarmerki íhlutar.

3. **Veiting EB-gerðarviðurkenningar íhlutar**

3.1. EB-gerðarviðurkenning skal veitt, skv. 10. gr. tilskipunar 2007/46/EB, ef viðeigandi kröfum er fullnægt.

3.2. Fyrirmynd að EB-gerðarviðurkenningarvottorðinu er sett fram í 4. viðbæti.

3.3. Allar viðurkenndar gerðir hjól- og aurhlífabúnaðar skulu fá viðurkenningarnúmer í samræmi við ákvæði VII. viðauka tilskipunar 2007/46/EB. Sama aðildarríki skal ekki úthluta annarri gerð hjól- og aurhlífabúnaðar sama númeri.

3.4. Allur sá hjól- og aurhlífabúnaður sem samræmist viðurkenndri gerð samkvæmt þessari tilskipun skal vera með EB-gerðarviðurkenningarmerki íhlutar þannig áfest að það sé óafmáanlegt og auðlæsilegt jafnvel eftir að búnaðurinn hefur verið festur á ökutækið.

3.5. Tákni „A“ fyrir búnað sem byggist á því að gleypa orku eða „S“ fyrir búnað sem byggist á loft-/vatnsskilju skal bætt við viðurkenningarmerkið í samræmi við lið 1.3 í viðbætinum við VII. viðauka við tilskipun 2007/46/EB.“,

b) Í stað 1. til 4. viðbætis komi eftirfarandi:

1. viðbætir

Prófanir á hjól- og aurhlífabúnaði sem byggist á því að gleypa orku

1. *Meginregla*

Markmiðið með þessari prófun er að mæla hæfni búnaðarins til að halda vatni í skefjum sem beint er að honum með nokkrum vantsbunum. Prófunarsamstæðunni er ætlað að líkja eftir aðstæðum þar sem búnaðurinn er uppsettur í ökutæki einkum með tilliti til vatnsmagns og krafts sem frá vatninu stafar þegar hjólbarðasólinn þeytir því upp.

2. *Búnaður*

Sjá lýsingu á prófunarsamstæðunni á mynd 8 í V. viðauka.

3. *Aðstæður við prófun*

3.1. Prófanirnar skulu fara fram í lokuðu herbergi og kyrru lofti.

3.2. Umhverfishiti og hiti prófunarhlutanna skal vera 21 (± 3) °C.

3.3. Nota skal afjónað vatn.

3.4. Prófunarhlutana verður að undirbúa fyrir hverja prófun með vætingu.

4. *Aðferð*

4.1 Festið 500 (+ 0/– 5) mm breitt og 750 mm langt sýnishorn af búnaðinum sem á að prófa við lóðrétta plötu prófunarbúnaðarins og gætið þess að sýnishornið liggi vel innan marka söfnunarílátsins og að engin hindrun geti beint vatninu til hliðar, hvorki áður né eftir að það skvettist á sýnishornið.

4.2. Stillið rennslishraða vatnsins á 0,675 (+/– 0,01) l/s og látið a.m.k. 90 l, í mesta lagi 120 l, buna lárétt á sýnishornið úr 500 (+/– 2) mm fjarlægð (mynd 8 í V. viðauka).

4.3. Látið vatnið drjúpa af sýnishorninu ofan í söfnunarílátið. Reiknið hundraðshluta þess vatns sem safnað er miðað við magn þess vatns sem sprautað var.

4.4. Framkvæmið prófunina fimm sinnum á sýnishorninu í samræmi við liði 4.2 og 4.3. Reiknið út meðaltal hundraðshluta úr röð þessara fimm prófana.

5. *Niðurstöður*

5.1. Meðaltal hundraðshluta reiknað í lið 4.4 verður að vera 70% eða hærra.

5.2. Ef hæsti og lægsti hundraðshluti vatns, sem safnað er í röð fimm prófana, víkur um meira en 5% frá meðaltali hundraðshluta, verður að endurtaka röð prófananna fimm.

Ef hæsti og lægsti hundraðshluti vatns, sem safnað er í annarri röð fimm prófana, víkur aftur frá meðaltali hundraðshluta um meira en 5%, og ef lægra gildið uppfyllir ekki kröfur liðar 5.1, skal synjað um gerðarviðurkenningu.

5.3. Prófið hvort lóðrétt staða búnaðarins hafi áhrif á fengnar niðurstöður. Ef svo er verður að endurtaka aðferðina sem lýst er í liðum 4.1 til 4.4, í þeim stöðum sem gefa hæsta og lægsta hundraðshluta vatns sem safnað er; kröfur liðar 5.2 gilda áfram.

Meðaltal einstakra niðurstaðna skal svo tekið til að gefa meðaltal hundraðshluta. Þetta meðaltal hundraðshluta skal vera 70 eða hærra.

---

2. viðbætir

Prófun á hjól- og aurhlífabúnaði sem byggir á loft-/vatnsskilju

1. *Meginregla*

Þessari prófun er ætlað að ákvarða hæfni gropins efnis, sem á að halda í skefjum vatni sem sprautað hefur verið á það með þrýstiloftsúðara.

Sá búnaður sem notaður er í prófuninni verður að líkja eftir þeim aðstæðum sem eru til staðar þar sem efnið er, að því er varðar magn og kraft þess vatns sem hjólbarðarnir þeyta upp, ef hann væri festur við ökutæki.

2. *Búnaður*

Sjá lýsingu á prófunarsamstæðunni á mynd 9 í V. viðauka.

3. *Aðstæður við prófun*

3.1. Prófanirnar skulu fara fram í lokuðu herbergi og kyrru lofti.

3.2. Umhverfishiti og hiti prófunarhlutanna skal vera 21 (± 3) °C.

3.3. Nota skal afjónað vatn.

3.4. Prófunarhlutana verður að undirbúa fyrir hverja prófun með vætingu.

4. *Aðferð*

4.1. Festið 305 × 100 mm sýnishorn lóðrétt á prófunarsamstæðuna, gætið þess að ekkert rúm sé milli sýnishornsins og efri bogadregnu plötunnar og að bakkanum sé vandlega komið fyrir. Setjið 1 ± 0,005 lítra af vatni á kútinn á úðaranum og komið honum fyrir eins og lýst er á skýringarmyndinni.

4.2. Úðarinn er stilltur sem hér segir:

þrýstingur (við úðarann): 5 bör + 10 %/– 0 %

streymi: 1 lítri/mínútu ± 5 sekúndur

dreifing: hringlaga, 50 ± 5 mm í þvermál í 200 ± 5 mm fjarlægð frá sýnishorni, stútur 5 ± 0,1 mm í þvermál.

4.3. Úðið þar til enginn vatnsúði kemur og skráið tímann sem þetta tekur. Látið vatnið drjúpa af sýnishorninu á bakkann í 60 sekúndur og mælið magn þess vatns sem safnast. Mælið vatnsmagnið sem eftir er í kútnum. Reiknið rúmmálshlutfall þess vatns sem safnað var á móti rúmmálshlutfalli þess vatns sem var úðað.

4.4. Framkvæmið prófunina fimm sinnum og reiknið meðaltal hundraðshluta þess magns sem var safnað. Gætið að því við upphaf hverrar prófunar að bakkinn, úðarakúturinn og mæliílátið séu þurr.

5. *Niðurstöður*

5.1. Meðaltal hundraðshluta reiknað í lið 4.4 verður að vera 85 % eða hærra.

5.2. Ef hæsti og lægsti hundraðshluti vatns, sem safnað er í röð fimm prófana, víkur um meira en 5% frá meðaltali hundraðshluta, verður að endurtaka röð prófananna fimm. Ef hæsti og lægsti hundraðshluti vatns, sem safnað er í annarri röð fimm prófana, víkur aftur frá meðaltali hundraðshluta um meira en 5%, og ef lægra gildið uppfyllir ekki kröfur liðar 5.1, skal synjað um gerðarviðurkenningu.

5.3. Ef lóðrétt staða búnaðarins hefur áhrif á þær niðurstöður sem fást skal endurtaka ferlið sem lýst er í liðum 4.1 til 4.4 í þeim stöðum sem gefa hæsta og lægsta hundraðshluta vatns sem safnað er; kröfur liðar 5.2 gilda áfram.

Kröfur liðar 5.1 gilda þegar niðurstöður hverrar prófunar eru birtar.

---

3. viðbætir

Upplýsingaskjal nr. ... að því er varðar EB-gerðarviðurkenningu íhluta fyrir hjól- og aurhlífabúnað (tilskipun 91/226/EBE).

Eftirfarandi upplýsingar skal gefa í þríriti og með efnisyfirliti ef við á. Teikningar, ef einhverjar eru, skulu vera í hæfilegum hlutföllum og nægilega nákvæmar, í stærðinni A4 eða brotnar saman í þá stærð. Ljósmyndir, ef einhverjar eru, skulu einnig vera nægilega nákvæmar.

Ef kerfi, íhlutir eða aðskildar tæknieiningar eru búnar rafeindastýringu skulu fylgja upplýsingar um hvernig hún vinnur.

0. ALMENNT

0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):

0.2. Gerð:

0.5. Heiti og heimilisfang framleiðanda:

0.7. Staðsetning og aðferð við að festa EB-gerðarviðurkenningarmerkið á, ef um er að ræða íhluti og aðskildar tæknieiningar:

0.8. Heimilisfang samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja:

1. LÝSING Á BÚNAÐINUM

1.1. Tæknilýsing á hjól- og aurhlífabúnaðinum þar sem fram komi hvaða aflfræðilegu aðferð er beitt og hvaða prófun skuli gerð á honum:

1.2. Efni sem notuð eru:

1.3. Nægilega nákvæm(-ar) teikning(-ar) og í hæfilegum hlutföllum svo að hægt sé að bera kennsl á það (eða þau). Teikningin verður að sýna plássið sem ætlað er EBE-gerðarviðurkenningarmerki íhluta:

Dagsetning

Undirskrift

4. viðbætir

FYRIRMYND

(hámarksstærð: A4 (210 x 297mm))

EB-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ

Stimpill gerðarviðurkenningaryfirvalds

Tilkynning um:

– EB-gerðarviðurkenningu

– rýmkun EB-gerðarviðurkenningar

– synjun EB-gerðarviðurkenningar

– afturköllun EB-gerðarviðurkenningar

á gerð ökutækis/íhlutar/aðskilinnar tæknieiningar ([1]) með hliðsjón af tilskipun 91/226/EBE, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/19/ESB ([2])

Gerðarviðurkenningarnúmer:

Ástæða fyrir rýmkun:

I. ÞÁTTUR

0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):

0.2. Gerð:

0.3. Gerðarauðkenni, ef slíkt er á ökutækinu/íhlutnum/aðskildu tæknieiningunni ([1]) ([3])

0.3.1. Staðsetning auðkennisins:

0.4. Ökutækjaflokkur ([4])

0.5. Heiti og heimilisfang framleiðanda:

0.7. Staðsetning og aðferð við að festa EB-gerðarviðurkenningarmerkið á, ef um er að ræða íhluti og aðskildar tæknieiningar:

0.8. Heimilisfang samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja:

II. ÞÁTTUR

1. Frekari upplýsingar (ef við á): sjá viðbót

2. Tækniþjónusta sem annast prófanirnar:

3. Dagsetning prófunarskýrslu:

4. Númer prófunarskýrslu:

5. Athugasemdir (ef einhverjar eru): sjá viðbót

6. Staður:

7. Dagsetning:

8. Undirskrift:

9. Meðfylgjandi er atriðaskrá með upplýsingasafninu, sem viðurkenningaryfirvöld varðveita, en það má fá afhent sé þess óskað.

(1) Strikið yfir það sem á ekki við.
(2) Stjtíð. ESB L 72, 20.3.2010, bls. 17.
(3) Ef í gerðarauðkenni eru rittákn sem varða ekki lýsingu á gerð ökutækis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar sem þetta gerðarviðurkenningarvottorð nær til skal setja spurningarmerki í upplýsingaskjöl í stað rittáknanna: „?“ (t.d. ABC??123??).
(4) Eins og skilgreint er í II. viðauka A við tilskipun 2007/46/EB.

Viðbót

við EB-gerðarviðurkenningarvottorð nr. ... vegna gerðarviðurkenningar íhlutar hjól- og aurhlífabúnaðar samkvæmt tilskipun 91/226/EBE, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 2010/19/ESB

1. Frekari upplýsingar

1.1. Vinnsluháttur búnaðar: gleypir orku/loft-/vatnsskilja ([1]):

1.2. Einkenni hjól- og aurhlífabúnaðar (stutt lýsing, vörumerki eða viðskiptaheiti, númer):

5. Athugasemdir (ef einhverjar eru):

(1) Strikið yfir það sem á ekki við.

---

4. Ákvæðum III. viðauka við tilskipun 91/226/EBE er breytt sem hér segir:

a) Í stað liðar 0.1 og 0.2 komi eftirfarandi:

„GILDISSVIÐ

0.1. Ökutæki í flokki N og O, að undanskildum torfærutækjum, eins og þau eru skilgreind í II. viðauka við tilskipun 2007/46/EB, skulu smíðuð með og/eða vera með áfestum hjól- og aurhlífabúnaði þannig að þau uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessum viðauka. Ef um er að ræða ökutæki sem aðeins eru undirvagn með stýrishúsi er einungis heimilt að beita þessum kröfum að því er varðar hjólin sem stýrishúsið nær yfir.

Að því er varðar ökutæki í flokki N1 og N2, með leyfilegan hámarksmassa með hleðslu sem er ekki meiri en 7,5 tonn, er heimilt að ósk framleiðanda að beita kröfum tilskipunar 78/549/EBE (**) í stað krafna þessarar tilskipunar.

0.2. Kröfur þessa viðauka að því er varðar hjól- og aurhlífabúnað, eins og hann er skilgreindur í 4. lið I. viðauka, eru ekki skyldubundnar fyrir ökutæki í flokkum N, O1 og O2, með leyfilegan hámarksmassa með hleðslu sem er ekki meiri en 7,5 tonn, ökutæki sem eru aðeins undirvagn með stýrishúsi, ökutæki án yfirbyggingar eða ökutæki sem eru þannig gerð að hjól- og aurhlífabúnaður fellur ekki að notkun þeirra. Sé þess háttar búnaður hins vegar settur á þessi ökutæki verður hann að samrýmast kröfum þessarar tilskipunar.

(*) Stjtíð. ESB L 168, 26.6.1978, bls. 45.

b) Í stað 4. liðar komi eftirfarandi:

„4. **Staðsetning ytri kappans**

Fjarlægðin „c“ milli lengdarplans sem liggur samsíða ökutækinu í snertilínu við utanverðan hjólbarðann, að frátalinni bungu á honum við jörð, og innri brúnar kappans, má ekki vera meiri en 100 mm (myndir 1a og 1b í V. viðauka).“,

c) Liðir 4.1 og 4.2 falli brott,

d) Eftirfarandi komi í stað liðar 7.1.1:

„7.1.1 Aurbrettin skulu hylja svæðið beint ofan, framan og aftan við hjólbarðann eða hjólbarðana á eftirfarandi hátt:

a) á eins- eða margása ökutæki, verður fremri brúnin (C) að ná fram að línunni O-Z þar sem θ (þeta) er í mesta lagi 45° ofan við láréttu línuna.

Aftasta brúnin (mynd 2 í V. viðauka) verður að ná niður þannig að hún sé ekki meira en 100 mm ofan við lárétta línu sem hugsast dregin gegnum miðju hjólsins,

b) á margása ökutæki, á hornið θ aðeins við fremsta ásinn og krafan að því er varðar hæð öftustu brúnar á aðeins við aftasta ásinn,

c) aurbrettið verður að vera a.m.k. „q“ breitt (mynd 1a í V. viðauka) og nægilega breitt til að hylja alla breidd hjólbarðans „b“ eða breidd tveggja hjólbarða „t“ ef tvöföld hjól eru á ásunum, að teknu tilliti til ytra máls hjólbarða/hjóla sem framleiðandi gefur upp. Stærðarmálin „b“ og „t“ skulu mæld í nafarhæð, að undanskildum merkingum, rifflum, hlífðarröndum, o.s.frv., á hjólbörðunum utanverðum.“,

e) Í stað liðar 7.1.3 komi eftirfarandi:

„7.1.3. Ef aurbrettin eru gerð úr nokkrum íhlutum skal þess gætt við ísetningu að ekki séu á þeim neinar raufar sem úði kemst í gegnum þegar ökutækið er á hreyfingu. Þessi krafa telst uppfyllt ef buna, sem spýtist út frá hjólinu miðju og yfir alla breidd akstursflatar hjólbarðans og er innan þeirra marka sem aurbrettið hylur, lendir alltaf á hluta hjól- og aurhlífabúnaðar, þegar ökutækið er annað hvort með eða án hleðslu.“,

f) Í stað liða 7.2.1, 7.2.2 og 7.2.3 komi eftirfarandi:

„7.2.1. Ef um er að ræða einn ás skal lægri brún ytri kappa ekki vera utan við eftirfarandi fjarlægðir og radíusa eins og mælt frá miðju hjólsins, nema við lægstu brúnir, sem geta verið ávalar (mynd 2 í V. viðauka).

Loftfjöðrun

a) Ásar með stýrðum hjólum eða sjálfstýrandi hjólum:
Frá frambrún (að framenda ökutækisins) (punktur C)
Til afturbrúnar (að afturenda ökutækisins) (punktur A)
} $Rv \leq 1{,}5\ R$

b) Ásar með óstýrðum hjólum:
Frá frambrún (punktur C)
Til afturbrúnar (punktur A)
} $Rv \leq 1{,}25\ R$

Vélræn fjöðrun

a) almennt } $Rv \leq 1{,}8\ R$

b) óstýrð hjól fyrir ökutæki með tæknilega leyfilegan hámarksmassa með hleðslu meiri en 7,5 t } $Rv \leq 1{,}5\ R$

þar sem R er radíus hjólbarðans á ökutækinu og Rv er fjarlægðin, sýnd sem radíus, niður í neðri brún ytri kappans.

7.2.2. Á margása ökutæki skulu kröfurnar sem mælt er fyrir um í lið 7.2.1 ekki gilda milli lóðréttu þverplananna, sem fara í gegnum miðju fyrsta og aftasta áss, þar sem ytri kappi má vera beinn til þess að tryggja samfelldni hjól- og aurhlífabúnaðar. (Mynd 4 í V. viðauka).

7.2.3. Fjarlægðin milli efsta og lægsta punkts hjól- og aurhlífabúnaðar (aurbretti og ytri kappi), mæld á hvaða þversniði sem er hornrétt á aurbrettið (sjá myndir 1b og 2 í V. viðauka), skal ekki vera minni en 45 mm alls staðar aftan við lóðrétta línu sem hugsast dregin í gegnum miðju hjólsins eða fyrsta hjól, ef um er að ræða margása ökutæki. Draga má úr þessari fjarlægð smám saman fyrir framan þessa línu.“,

g) Eftirfarandi liðir 7.2.5 og 7.2.6 bætist við:

„7.2.5. Mögulegt er að kröfur í liðum 7.2.3 og 7.2.4 séu ekki uppfylltar staðbundið ef kappinn er samsettur úr mismunandi einingum sem hreyfast með tilliti til hver annarrar.

7.2.6. Dráttarbifreiðar fyrir festivagna með lágan undirvagn (skilgreindar í lið 6.20 í ISO-staðli 612 frá árinu 1978), nánar tiltekið, þær dráttarbifreiðar þar sem hæð tengipinna frá jörðu er jöfn eða lægri en 1100 mm, mega vera hannaðar þannig að þær séu undanþegnar kröfum í a-lið liðar 7.1.1., og í liðum 7.1.3 og 7.2.4. Með tilliti til þessa skulu aurbretti og kappar ekki hylja svæðið beint fyrir ofan hjólbarða afturása þegar þessar dráttarbifreiðar eru tengdar við festivagn, til þess að komast hjá því að hjól- og aurhlífabúnaður skemmist. Aurbretti og kappar þessara ökutækja skulu þó vera í samræmi við kröfur framangreindra liða í geirum sem eru meira en 60° frá lóðréttri línu, sem fer í gegnum miðju hjólsins, fyrir framan og aftan þessa hjólbarða.

Þessi ökutæki skulu því vera hönnuð þannig að þau uppfylli kröfurnar sem settar eru fram í fyrstu málsgrein, þegar þau eru notuð án festivagns.

Til að geta uppfyllt þessar kröfur kunna aurbretti og kappar, t.d., að vera hlutur sem hægt er að fjarlægja.“,

h) Í stað liðar 7.3.1 komi eftirfarandi:

„7.3.1. Breidd flapans skal uppfylla kröfurnar að því er varðar „q“ í c-lið liðar 7.1.1, nema þar sem flipinn er innan aurbrettanna, en þá skal hann vera a.m.k. jafn breiður hjólbarðasólanum.

Breidd þess hluta aurflapanna sem er undir aurbrettinu verður að uppfylla skilyrði sem mælt er fyrir um í þessari málsgrein, með allt að 10 mm vikmörk á hvorri hlið.“,

i. Í stað liðar 7.3.3 komi eftirfarandi:

„7.3.3. Hámarkshæð að brún flapans að neðan skal ekki vera meiri en 200 mm (mynd 3 í V. viðauka).

Fjarlægð þessi er aukin í 300 mm ef um er að ræða aftasta ás þar sem fjarlægð frá miðju lægri brúnar ytri kappa, Rv, er ekki meiri en radíuss hjólbarðanna, sem eru á hjólunum á þeim ás.

Hámarkshæð að brún aurflapans að neðan frá jörðu má hækka í 300 mm ef framleiðandi telur það tæknilega viðeigandi, með tilliti til eiginleika fjöðrunar.“,

j) Í lið 7.3.5 komi tilvísun í „Mynd 4 í V. viðauka“ í stað tilvísunar í „Mynd 4b“,

k) Í stað liðar 9.3.2.1 komi eftirfarandi:

„9.3.2.1. Neðri brún hjól- og aurhlífabúnaðarins má ekki vera meira en 200 mm frá jörðu.

Hámarkshæð að brún aurflapans að neðan frá jörðu má hækka í 300 mm ef framleiðandi telur það tæknilega viðeigandi, með tilliti til eiginleika fjöðrunar.“,

l) Eftirfarandi 10. liður bætist við:

„10. Á margása ökutæki kann hjól- og aurhlífabúnaður eins áss, sem ekki er sá aftasti, ekki að hylja alla breidd hjólbarðasólans þegar staðbundinn möguleiki er á truflun milli hjól- og aurhlífabúnaðar og burðarvirkis ásanna eða fjöðrunarinnar eða undirvagnsins.“,

m) Viðbætirinn falli brott.

n) Eftirfarandi 1. og 2. viðbætir bætist við:

1. Viðbætir

UPPLÝSINGASKJAL NR. ... UM EB-GERÐARVIÐURKENNINGU ÖKUTÆKIS MEÐ TILLITI TIL FESTINGAR HJÓL- OG AURHLÍFABÚNAÐAR (TILSKIPUN 91/226/EBE, EINS OG HENNI VAR SÍÐAST BREYTT MEÐ TILSKIPUN 2010/19/ESB) (*)

(Skýringar er að finna í I. viðauka við tilskipun 2007/46/EB).

Eftirfarandi upplýsingar skal gefa í þríriti og með efnisyfirliti ef við á. Teikningar, ef einhverjar eru, skulu vera í hæfilegum hlutföllum og nægilega nákvæmar, í stærðinni A4 eða brotnar saman í þá stærð. Ljósmyndir, ef einhverjar eru, skulu einnig vera nægilega nákvæmar.

Ef kerfi, íhlutir eða aðskildar tæknieiningar eru búnar rafeindastýringu skulu fylgja upplýsingar um hvernig hún vinnur.

0. ALMENNT

0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):

0.2. Gerð:

0.2.1. Verslunarheiti (ef til er):

0.3. Gerðarauðkenni ef slíkt er á ökutækinu ([b]):

0.3.1. Staðsetning auðkennisins:

0.4. Ökutækjaflokkur ([c]):

0.5. Heiti og heimilisfang framleiðanda:

0.8. Heimilisfang samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja:

1. ALMENNIR SMÍÐAEIGINLEIKAR ÖKUTÆKISINS

1.1. Ljósmyndir og/eða teikningar af dæmigerðu ökutæki:

1.3. Fjöldi ása og hjóla:

1.3.1. Fjöldi og staðsetning ása með tvöföldum hjólum:

1.3.2. Fjöldi og staðsetning stýriása

2. MASSAR OG MÁL ([f]) ([g])

(í kg og mm) (Sjá teikningu þar sem við á)

2.1. Hjólhaf (hjólhöf) (við fulla hleðslu) ([g]) ([l]):

2.6. Massi ökutækis, tilbúins til aksturs (hámark og lágmark fyrir hvert afbrigði)

Massi ökutækisins með yfirbyggingu og, ef um dráttarbifreið er að ræða í öðrum flokki en M1, með tengibúnaði, sé hann áfestur af framleiðanda, tilbúins til aksturs, eða massi undirvagns, eða undirvagns með stýrishúsi, án yfirbyggingar og/eða tengibúnaðar ef framleiðandi hefur ekki fest yfirbyggingu og/eða tengibúnað á (með vökvum, verkfærum, varahjóli, ef það fylgir, og ökumanni og, ef um er að ræða hópbifreiðar og langferðabifreiðar, starfsmanni, sé sæti í ökutækinu fyrir starfsmann) ([o]) (hámark og lágmark fyrir hvort afbrigði):

2.6.1. Dreifing massans á ásana og, ef um er að ræða festivagn eða eftirvagn með miðlægum ási, álag á tengipunkt (hámark og lágmark fyrir hvert afbrigði):

2.8. Tæknilega leyfilegur hámarksmassi með hleðslu sem framleiðandi gefur upp ([i]) ([3]):

9. YFIRBYGGING

9.20. Hjól- og aurhlífabúnaður

9.20.0. Til staðar: já/nei/ófullgerður ([1])

9.20.1. Stutt lýsing á ökutækinu með tilliti til hjól- og aurhlífabúnaðar þess og íhluta:

9.20.2. Nákvæmar teikningar af hjól- og aurhlífabúnaðinum og staðsetningu hans á ökutækinu þar sem fram koma stærðir sem tilgreindar eru á myndunum í V. viðauka við tilskipun 91/226/EBE og þar sem tekið er tillit til ystu hluta hjólbarða-/hjólasamsetninga:

9.20.3. Viðurkenningarnúmer hjól-og aurhlífabúnaðar, ef það er fyrir hendi:

Dagsetning, mappa

(*) Nota má upplýsingaskjalið sem sett er fram í II. viðauka við tilskipun 78/549/EBE fyrir ökutæki í flokki N1 og í flokki N2 með tæknilega leyfilegan hámarksmassa með hleðslu sem ekki er meiri en 7,5 tonn, með því að nota undanþáguna í lið 0.1 í III. viðauka við þessa tilskipun.

2. viðbætir

FYRIRMYND

(hámarksstærð: A4 (210 x 297mm))

EB-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ

Stimpill gerðarviðurkenningaryfirvalds

Tilkynning um:

– EB-gerðarviðurkenningu ([1])

– rýmkun EB-gerðarviðurkenningar ([1])

– synjun EB-gerðarviðurkenningar ([1])

– afturköllun EB-gerðarviðurkenningar ([1])

á gerð ökutækis/íhlutar/aðskilinnar tæknieiningar með hliðsjón af tilskipun 91/226/EBE, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 2010/19/ESB ([1])

Gerðarviðurkenningarnúmer:

Ástæða fyrir rýmkun:

I. ÞÁTTUR

0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):

0.2. Gerð:

0.3. Gerðarauðkenni, ef slíkt er á ökutækinu/íhlutnum/aðskildu tæknieiningunni ([1]) ([2])

0.3.1. Staðsetning auðkennisins:

0.4. Ökutækjaflokkur ([2]) ([3])

0.5. Heiti og heimilisfang framleiðanda:

0.7. Staðsetning og aðferð við að festa EB-gerðarviðurkenningarmerkið á, ef um er að ræða íhluti og aðskildar tæknieiningar:

0.8. Heimilisfang samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja:

II. ÞÁTTUR

1. Frekari upplýsingar (ef við á): Sjá viðbót

2. Tækniþjónusta sem annast prófanirnar:

3. Dagsetning prófunarskýrslu:

4. Númer prófunarskýrslu:

5. Athugasemdir (ef einhverjar eru): Sjá viðbót

6. Staður:

7. Dagsetning:

8. Undirskrift:

9. Meðfylgjandi er atriðaskrá með upplýsingasafninu, sem viðurkenningaryfirvöld varðveita, en það má fá afhent sé þess óskað.

1) Strikið yfir það sem á ekki við.
2) Ef í gerðarauðkenni eru rittákn sem varða ekki lýsingu á gerð ökutækis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar sem þetta gerðarviðurkenningarvottorð nær til skal setja spurningarmerki í upplýsingaskjöl í stað rittáknanna: „?“ (t.d. ABC??123??).
3) Eins og skilgreint er í II. viðauka A við tilskipun 2007/46/EB.

Viðbót

VIÐ EB-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ NR. ... VEGNA GERÐARVIÐURKENNINGAR ÖKUTÆKIS SAMKVÆMT TILSKIPUN 91/226/EBE, EINS OG HENNI VAR SÍÐAST BREYTT MEÐ TILSKIPUN 2010/19/ESB

1. Frekari upplýsingar

1.1. Einkenni hjól- og aurhlífabúnaðar (tegund, stutt lýsing, vörumerki eða viðskiptaheiti, gerðarviðurkenningarnúmer íhluta:

5. Athugasemdir (ef einhverjar eru):


II. VIÐAUKI

„V. VIÐAUKI

MYNDIR

Mynd 1a

Breidd (q) aurbrettis (a) og staðsetning kappa (j)



Athugasemd: Myndirnar vísa til samsvarandi liða í III. viðauka.


Mynd 1b

Dæmi um mælingu á ytri kappa



Mynd 2

Mál aurbrettis og ytri kappa




Athugasemd

1. Myndirnar sem vísað er til tengjast samsvarandi liðum í III. viðauka.
2. T: umfang aurbrettis.

Mynd 3


Staðsetning aurbrettis og aurflapa



Athugasemd: Myndirnar sem vísað er til tengjast samsvarandi liðum í III. viðauka.

Mynd 4


Skýringarmynd sem sýnir samsetningu hjól- og aurhlífabúnaðar (aurbretti, aurflapa, ytri kappa) þ.m.t. hjól- og aurhlífabúnað (orkugleypa) fyrir margása ökutæki




Mynd 5

Skýringarmynd sem sýnir samsetningu hjól- og aurhlífabúnaðar, þ.m.t. hjól- og aurhlífabúnað (orkugleypa) fyrir ása með óstýrðum eða sjálfstýrðum hjólum.

(Liður 6.2 og 8 í III. viðauka)




a) Margása ökutæki þar sem fjarlægð milli hjólbarða er minni en 250 mm.



b) Eins- eða margása ökutæki þar sem fjarlægð milli hjólbarða er ekki minni en 250 mm.

Mynd 6

Skýringarmynd sem sýnir samsetningu hjól- og aurhlífabúnaðar, þ.m.t. hjól- og aurhlífabúnað með loft-/vatnsskiljum fyrir ása með stýrðum, sjálfstýrðum eða óstýrðum hjólum




Athugasemd

1. Myndirnar vísa til samsvarandi liða í III. viðauka.
2. T: umfang aurbrettis.

Mynd 7

Skýringarmynd sem sýnir samsetningu hjól- og aurhlífabúnaðar, þ.m.t. hjól- og aurhlífabúnaður (aurbretti, aurflapi, ytri kappi) fyrir margása ökutæki þar sem fjarlægð milli hjólbarða er ekki meiri en 300 mm



$\overline{\text{d} \geq 250}$; aurflapa krafist


Athugasemd

1. Myndirnar vísa til samsvarandi liða í III. viðauka.
2. T: umfang aurbrettis.

Mynd 8

Prófunarsamstæða hjól- og aurhlífabúnaðar sem byggir á því að gleypa orku í III. viðauka.

(1. viðbætir II. viðauka)



Athugasemd

A = vatn kemur frá dælu

B = rennsli í söfnunarílát

C = söfnunarílát með innra mál 500 (+ 5/– 0) mm að lengd og 75 (+ 2/– 0) mm að breidd

D = ryðfrí stálpípa, ytra þvermál 54 mm, þykkt veggjar 1,2 (+/– 0,12) mm hrufutala innra og ytra borðs Ra á bilinu 0,4 og 0,8 µm

E = 12 sívalar geislalægt boraðar holur með köntuðum, gráðuhreinsuðum brúnum. Þvermál þeirra, mælt innan og utan á pípunni er 1,68 (+ 0,010/– 0) mm

F = 500 (+ 0/– 5) mm breitt sýnishorn skal prófað


G = stíf flöt plata


Öll línuleg mál eru sýnd í millimetrum.

Mynd 9

Prófunarsamstæða fyrir hjól- og aurhlífabúnað með loft-/vatnsskilju

(2. viðbætir II. viðauka)





REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 1234/2007 **2013/EES/14/09**

frá 22. október 2007

um sameiginlegt markaðskerfi í landbúnaði og um sértæk ákvæði varðandi tilteknar landbúnaðarvörur (reglugerðin um eitt sameiginlegt markaðskerfi)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 36. og 37. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti Evrópuþingsins ([1]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Starfsemi og þróun sameiginlegs markaðar fyrir landbúnaðarafurðir verður að haldast í hendur við mótun sameiginlegrar landbúnaðarstefnu sem einkum skal taka til sameiginlegs markaðskerfis í landbúnaði sem getur verið með ýmsum hætti skv. 34. gr. sáttmálans eftir því um hvaða afurðir er að ræða.

2) Frá því að ráðið innleiddi sameiginlegu landbúnaðarstefnuna hefur það samþykkt tuttugu og eitt sameiginlegt markaðskerfi fyrir einstakar vörur og vöruflokka sem hvert um sig fellur undir sérstaka grunnreglugerð ráðsins:

– Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 234/68 frá 27. febrúar 1968 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir lifandi tré og aðrar plöntur, lauka, rætur og þess háttar, afskorin blóm og lauf til skrauts ([2]),

– Reglugerð ráðsins (EB) nr. 827/68 frá 28. júní 1968 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir tilteknar afurðir sem eru skráðar í II. viðauka við sáttmálann ([3]),

– Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2759/75 frá 29. október 1975 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir svínakjöt ([4]),

– Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2771/75 frá 29. október 1975 um sameiginlegt skipulag eggjamarkaðarins ([5]),

– Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2777/75 frá 29. október 1975 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir alifuglakjöt ([6]),

– Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2075/92 frá 30. júní 1992 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir hrátóbak ([7]),

– Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 404/93 frá 13. febrúar 1993 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir banana ([8]),

– Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2200/96 frá 28. október 1996 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir aldin og grænmeti ([9]),

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 299, 16.11.2007, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102/2012 frá 30. apríl 2012 um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 50, 13.9.2012, bls. 46.

([1]) Álit frá 24. maí 2007 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum).

([2]) Stjtíð. EB L 55, 2.3.1968, bls. 1 Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 806/2003 (Stjtíð. ESB L 122, 16.5.2003, bls. 1).

([3]) Stjtíð. EB L 151, 30.6.1968, bls. 16 Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 865/2004 (Stjtíð. ESB L 161, 30.4.2004, bls. 97).

([4]) Stjtíð. EB L 282, 1.11.1975, bls. 1 Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1913/2005 (Stjtíð. ESB L 307, 25.11.2005, bls. 2).

([5]) Stjtíð. EB L 282, 1.11.1975, bls. 49 Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 679/2006 (Stjtíð. ESB L 119, 4.5.2006, bls. 1).

([6]) Stjtíð. EB L 282, 1.11.1975, bls. 77 Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 679/2006,

([7]) Stjtíð. EB L 215, 30.7.1992, bls. 70 Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1679/2005 (Stjtíð. ESB L 271, 15.10.2005, bls. 1).

([8]) Stjtíð. EB L 47, 25.2.1993, bls. 1 Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 2013/2006 (Stjtíð. ESB L 384, 29.12.2006, bls. 13).

([9]) Stjtíð. EB L 297, 21.11.1996, bls. 1 Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1182/2007 (Stjtíð. ESB L 273, 17.10.2007, bls. 1).

– Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2201/96 frá 28. október 1996 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir unnar afurðir úr aldinum og grænmeti ([1]),

– Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1254/1999 frá 17. maí 1999 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir nauta- og kálfakjöt ([2]),

– Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1255/1999 frá 17. maí 1999 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir mjólk og mjólkurafurðir ([3]),

– Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1493/1999 frá 17. maí 1999 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir vín ([4]),

– Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1673/2000 frá 27. júlí 2000 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir lín og hamp sem eru ræktuð til trefjaframleiðslu ([5]),

– Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2529/2001 frá 19. desember 2001 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir kinda- og geitakjöt ([6]),

– Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1784/2003 frá 29. september 2003 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir korn ([7]),

– Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1785/2003 frá 29. september 2003 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir hrísgrjón ([8]),

– Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1786/2003 frá 29. september 2003 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir þurrkað fóður ([9]),

– Reglugerð ráðsins (EB) nr. 865/2004 frá 29. apríl 2004 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir ólífuolíu og ólífur til átu ([10]),

– Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1947/2005 frá 23. nóvember 2005 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir fræ ([11]),

– Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1952/2005 frá 23. nóvember 2005 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir humla ([12]),

– Reglugerð ráðsins (EB) nr. 318/2006 frá 20. febrúar 2006 um sameiginlegt markaðskerfi í sykurgeiranum ([13]),

3) Auk þessa hefur ráðið samþykkt þrjár reglugerðir með sértækum reglum fyrir tilteknar afurðir án þess þó að koma á sameiginlegu markaðskerfi fyrir þær afurðir:

– Reglugerð ráðsins (EB) nr. 670/2003 frá 8. apríl 2003 um sértækar ráðstafanir varðandi markaðinn fyrir etanól úr landbúnaði ([14]),

– Reglugerð ráðsins (EB) nr. 797/2004 frá 26. apríl 2004 um ráðstafanir til að bæta almenn skilyrði fyrir framleiðslu býræktarafurða og setningu þeirra á markað ([15]),

– Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1544/2006 frá 5. október 2006 um sérstakar ráðstafanir til að stuðla að silkiormaeldi ([16]).

4) Þessu til viðbótar fylgir framangreindum reglugerðum (hér á eftir nefndar „grunnreglugerðir“) oft röð annarra tilheyrandi reglugerða ráðsins. Flestar grunnreglugerðirnar eru byggðar upp á sama hátt og fjölmörg ákvæða þeirra eru hliðstæð. Þetta gildir einkum um reglur varðandi viðskipti við þriðju lönd og um almennu ákvæðin en einnig að nokkru leyti um reglur sem tengjast innri markaðinum. Í grunnreglugerðunum eru oft mismunandi lausnir á sömu eða líkum vandamálum.

5) Bandalagið hefur í nokkurn tíma unnið að því markmiði að einfalda lagaumhverfi sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar. Af þeim sökum var settur láréttur lagarammi utan um allar beinar greiðslur og fjöldi stuðningskerfa sameinaður í eitt eingreiðslukerfi með samþykkt reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1782/2003 frá 29. september 2003 um sameiginlegar reglur um bein stuðningskerfi samkvæmt sameiginlegu landbúnaðar-

([1]) Stjtíð. EB L 297, 21.11.1996, bls. 29 Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1182/2007.
([2]) Stjtíð. EB L 160, 26.6.1999, bls. 21 Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1913/2005.
([3]) Stjtíð. EB L 160, 26.6.1999, bls. 48 Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1152/2007 (Stjtíð. ESB L 258, 4.10.2007, bls. 3).
([4]) Stjtíð. EB L 179, 14.7.1999, bls. 1 Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1791/2006 (Stjtíð. ESB L 363, 20.12.2006, bls. 1).
([5]) Stjtíð. EB L 193, 29.7.2000, bls. 16 Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 953/2006 (Stjtíð. ESB L 175, 29.6.2006, bls. 1).
([6]) Stjtíð. EB L 341, 22.12.2001, bls. 3 Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1913/2005.
([7]) Stjtíð. ESB L 270, 21.10.2003, bls. 78 Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 735/2007 (Stjtíð. ESB L 169, 29.6.2007, bls. 6).
([8]) Stjtíð. ESB L 270, 21.10.2003, bls. 96 Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 797/2006 (Stjtíð. ESB L 144, 31.5.2006, bls. 1).
([9]) Stjtíð. ESB L 270, 21.10.2003, bls. 114 Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 456/2006 (Stjtíð. ESB L 82, 21.3.2006, bls. 1).
([10]) Stjtíð ESB L 161, 30.4.2004, bls. 97; leiðrétt í Stjtíð. ESB L 206, 9.6.2004, bls. 37.
([11]) Stjtíð. ESB L 312, 29.11.2005, bls. 3 Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1247/2007 (Stjtíð. ESB L 282, 26.10.2007, bls. 1).
([12]) Stjtíð. ESB L 314, 30.11.2005, bls. 1
([13]) Stjtíð. ESB L 58, 28.2.2006, bls. 1 Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1260/2007 (Stjtíð. ESB L 283, 27.10.2007, bls. 1).
([14]) Stjtíð. ESB L 97, 15.4.2003, bls. 6
([15]) Stjtíð. ESB L 125, 28.4.2004, bls. 1
([16]) Stjtíð. ESB L 286, 17.10.2006, bls. 1

stefnunni og um innleiðingu tiltekinna stuðningskerfa fyrir bændur ([1]). Þessari aðferð skal einnig beitt á grunnreglugerðirnar. Skulu þá reglur þeirra sameinaðar í einn lagaramma og í stað ákvæða, sem miðast við einstaka geira, koma lárétt ákvæði þar sem þeim verður við komið.

6) Í ljósi framangreindra sjónarmiða skulu grunnreglugerðirnar felldar úr gildi og í stað þeirra koma aðeins ein reglugerð.

7) Slík einföldun má þó ekki hafa þau áhrif að stefnumótandi ákvarðanir um sameiginlegu landbúnaðarstefnuna á árum áður verði véfengdar. Þessi reglugerð skal því í meginatriðum vera tæknileg einföldun. Reglugerðin skal því ekki fella fyrirliggjandi gerninga úr gildi eða breyta þeim, nema þeir séu orðnir úreltir eða óþarfir eða séu þess eðlis að ekki skuli fjalla um þá á vettvangi ráðsins, né skal í henni kveðið á um nýja gerninga eða ráðstafanir.

8) Með hliðsjón af framangreindu skal þessi reglugerð ekki taka til þeirra þátta í sameiginlegum markaðskerfum sem falla undir umbætur á stefnunni. Þetta gildir um geira aldina og grænmetis, unninna afurða úr aldinum og grænmeti og víngeirann. Ákvæði viðkomandi reglugerða (EB) nr. 2200/96, (EB) nr. 2201/96 og (EB) nr. 1493/1999 skulu þar af leiðandi aðeins felld inn í þessa reglugerð að því leyti sem þau sjálf eru ekki viðfang stefnuumbóta. Efnisákvæðin um þessi sameiginlegu markaðskerfi skulu ekki felld inn fyrr en viðkomandi úrbætur hafa verið samþykktar.

9) Í sameiginlegum markaðskerfum fyrir korn, hrísgrjón, sykur, þurrkað fóður, fræ, ólífuolíu og ólífur til átu, lín og hamp, banana, mjólk og mjólkurvörur og silkiorma er gert ráð fyrir markaðsárum sem miðast fyrst og fremst við líffræðilegt framleiðsluferli hverrar þessara afurða. Því skulu markaðsárin, eins og þau hafa verið skilgreind í þessum geirum, felld inn í þessa reglugerð.

10) Til að koma á stöðugleika á mörkuðum og tryggja viðunandi lífskjör í landbúnaðarsamfélögum hefur verið þróað sundurgreint verðstuðningskerfi fyrir mismunandi geira, samhliða beinum stuðningi og að teknu tilliti til mismunandi þarfa í einstökum geirum annars vegar og víxltengsla mismunandi geira hinsvegar. Þessar ráðstafanir eru í formi opinberrar íhlutunar eða greiðslu aðstoðar vegna einkageymslu á afurðum úr geirum korns, hrísgrjóna, sykurs, ólífuolíu eða ólífa til átu, nauta- og kálfakjöts, mjólkur og mjólkurvöru, svínakjöts og kindakjöts og geitakjöts. Í ljósi markmiðanna með þessari reglugerð er því nauðsynlegt að viðhalda verðstuðningsráðstöfunum sem gert hefur verið ráð fyrir í eldri gerningum án þess þó að gera á þeim mikilvægar breytingar í samanburði við fyrri réttarstöðu.

11) Í þágu skýrleika og gagnsæis skal uppbygging ákvæðanna um þessar ráðstafanir vera sameiginleg en um leið skal viðhaldið þeirri stefnu sem er framfylgt í einstökum geirum. Í þeim tilgangi er rétt að greina á milli viðmiðunarverðs og íhlutunarverðs.

12) Í sameiginlegum markaðskerfum fyrir korn, nauta- og kálfakjöt og mjólk og mjólkurvörur var kveðið á um að ráðið gæti, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 37. gr. sáttmálans, breytt verðlaginu. Þar eð verðkerfið er viðkvæmt skal tekið skýrt fram að sá möguleiki, skv. 2. mgr. 37. gr., að breyta verðlaginu gildir fyrir alla geira sem falla undir þessa reglugerð.

13) Í sameiginlegu markaðskerfi fyrir sykur var auk þess gert ráð fyrir því að endurskoða mætti stöðluð gæði sykurs, eins og þau eru skilgreind nánar í reglugerð (EB) nr. 318/2006, til að taka tillit m.a. til þarfa viðskiptalífsins og framfara í tæknilegri greiningu. Í þeirri reglugerð var því kveðið á um heimildir framkvæmdastjórnarinnar til að breyta viðkomandi viðauka. Sérstök þörf er á því að viðhalda þessum möguleika í því skyni að gera framkvæmdastjórninni kleift að grípa til skjótra aðgerða ef nauðsyn krefur.

14) Til að tryggja áreiðanlegar upplýsingar um markaðsverð Bandalagsins á sykri skal verðtilkynningarkerfið, sem kveðið er á um í sameiginlegu markaðskerfi fyrir sykur, fellt inn í þessa reglugerð og skal þá markaðsverð á hvítum sykri ákvarðað á grundvelli þess.

15) Til að koma í veg fyrir að íhlutunarkerfið fyrir korn, hrísgrjón, smjör og undanrennuduft verði sjálft að söluleið skal áfram vera unnt að takmarka opinbera íhlutun við tiltekin tímabil á ári. Að því er varðar nauta- og kálfakjötsafurðir, svínakjöt og smjör skulu upphaf og lok opinberrar íhlutunar háð markaðsverði á tilteknu tímabili. Að því er varðar maís og sykur skulu takmarkanir á því magni, sem unnt er að kaupa upp innan ramma opinberrar íhlutunar, gilda áfram. Að því er varðar smjör og undanrennuduft þarf að viðhalda heimildum framkvæmdastjórnarinnar til að stöðva venjuleg uppkaup tímabundið þegar tilteknu magni hefur verið náð eða grípa til uppkaupa með útboðsaðferð í staðinn.

16) Verðlagið, sem miða skal við í uppkaupum innan ramma opinberrar íhlutunar, var lækkað áður fyrr í sameiginlegum markaðskerfum fyrir korn, hrísgrjón og nauta- og kálfakjöt og fastsett þegar bein stuðningskerfi voru innleidd í þessum geirum. Náin tengsl eru því milli aðstoðar úr þessum kerfum annars vegar og íhlutunarverðs hins vegar. Fyrir vörur úr mjólkur- og mjólkurafurðageiranum var verðlagið fastsett í þeim tilgangi að stuðla að neyslu viðkomandi afurða og bæta samkeppnishæfni þeirra. Í hrísgrjóna- og sykurgeiranum var verðlag fastsett í þeim tilgangi að stuðla að stöðugleika á markaðinum í tilvikum þegar markaðsverð á gefnu

([1]) Stjtíð. ESB L 270, 21.10.2003, bls. 1 Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 552/2007 (Stjtíð. ESB L 131, 23.5.2007, bls. 10).

markaðsári fer niður fyrir viðmiðunarverðið sem er fastsett fyrir markaðsárið á eftir. Þessar stefnumótandi ákvarðanir ráðsins eru enn í gildi.

17) Líkt og gert var í fyrri sameiginlegum markaðskerfum skal í þessari reglugerð kveðið á um að farga megi afurðum sem eru keyptar upp innan ramma opinberrar íhlutunar. Slíkar ráðstafanir skal gera með þeim hætti sem kemur í veg fyrir röskun á markaði og tryggir jafnan aðgang að vörum og jafna meðferð innkaupsaðila.

18) Þar eð Bandalagið á íhlutunarbirgðir af ýmsum landbúnaðarafurðum á það kost á því að leggja drjúgan skerf af mörkum til að stuðla að velsæld þeirra ríkisborgara sinna sem eru verst staddir. Það er hagur Bandalagsins að nýta þennan kost á haldgóðan hátt með því að grípa til viðeigandi ráðstafana uns birgðastaðan er komin í eðlilegt horf. Í ljósi þessara sjónarmiða hefur verið kveðið á um matvæladreifingu góðgerðafélaga í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3730/87 frá 10. desember 1987 um almennar reglur varðandi afhendingu matvæla úr íhlutunarbirgðum til tilnefndra stofnana til dreifingar til þeirra sem eru verst staddir í Bandalaginu ([1]). Þessari mikilvægu, félagslegu ráðstöfun, sem getur haft umtalsvert gildi fyrir þá sem eru verst staddir, skal viðhaldið og hún felld inn í ramma þessarar reglugerðar.

19) Í sameiginlegu markaðskerfi fyrir mjólk og mjólkurafurðir hefur verið kveðið á um veitingu aðstoðar vegna einkageymslu á rjóma og tilteknum smjör- og ostaafurðum í þeim tilgangi að stuðla að jafnvægi á mjólkurmarkaðinum og koma á stöðugu markaðsverði. Enn fremur hefur framkvæmdastjórninni verið veitt heimild til að taka ákvörðun um veitingu aðstoðar vegna einkageymslu á tilteknum öðrum ostaafurðum sem og hvítum sykri, tilteknum tegundum ólífuolíu og tilteknum nauta- og kálfakjötsafurðum, undanrennudufti, svína- og kindakjöti og geitakjöti. Með hliðsjón af tilganginum með þessari reglugerð skal þessum ráðstöfunum viðhaldið.

20) Í reglugerð ráðsins (EB) nr. 1183/2006 frá 24. júlí 2006 um matskerfi Bandalagsins fyrir flokkun skrokka af fullvöxnum nautgripum ([2]), reglugerð ráðsins (EB) nr. 1186/90 frá 7. maí um útvíkkun á gildissviði matskerfis Bandalagsins fyrir flokkun skrokka af fullvöxnum nautgripum ([3]), reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3220/84 frá 13. nóvember 1984 um ákvörðun á matskerfi Bandalagsins fyrir flokkun svínaskrokka ([4]) og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2137/92 frá 23. júlí 1992 um matskerfi Bandalagsins fyrir flokkun sauðfjárskrokka og um gæðastaðla Bandalagsins fyrir nýja eða kælda sauðfjárskrokka ([5]) er kveðið á um matskerfi Bandalagsins fyrir flokkun skrokka í geirum nauta- og kálfakjöts, svínakjöts og kindakjöts og geitakjöts. Þessi kerfi eru nauðsynleg fyrir verðskráningu og beitingu íhlutunarfyrirkomulags í þessum geirum. Enn fremur fylgja þau því markmiði að auka gagnsæi á markaði. Viðhalda skal slíkum kerfum fyrir flokkun kjötskrokka. Því þykir rétt að fella nauðsynlega þætti þeirra inn í þessa reglugerð ásamt því að veita framkvæmdastjórninni heimild til að setja framkvæmdarreglur í því skyni að koma stjórn á tiltekin atriði sem eru nokkuð tæknileg í eðli sínu.

21) Takmarkanir á frjálsri dreifingu vegna ráðstafana til að hamla útbreiðslu dýrasjúkdóma gætu valdið erfiðleikum á markaðinum að því er varðar tilteknar afurðir í einu eða fleiri aðildarríkjum. Reynslan sýnir að rekja má alvarlega markaðsröskun, s.s. marktækan samdrátt í neyslu eða lækkun verðs, til þess að neytendur hafa glatað tiltrú sinni af ástæðum sem varða áhættu á sviði lýðheilsu eða heilbrigðis dýra.

22) Inn í þessa reglugerð skal fella sérlegar ráðstafanir til stuðnings markaðinum, sem er ætlað að bæta slíkt ástand og sem kveðið er á um í sameiginlegum markaðskerfum fyrir nauta- og kálfakjöt, mjólk og mjólkurafurðir, svínakjöt, kindakjöt og geitakjöt og egg og alifuglakjöt, og skulu þær gilda með sömu skilyrðum og hingað til. Það er framkvæmdastjórnarinnar að gera slíkar sérstakar markaðsstuðningsráðstafanir sem skulu vera í beinum tengslum við ráðstafanir á sviði heilbrigðis dýra og dýraafurða, sem gripið er til í þeim tilgangi að sporna við útbreiðslu sjúkdóma, eða koma í beinu framhaldi af slíkum ráðstöfunum. Gripið skal til slíkra ráðstafana að beiðni aðildarríkis í þeim tilgangi að koma í veg fyrir alvarlega röskun á viðkomandi mörkuðum.

23) Í þessari reglugerð skal viðhaldið þeim möguleika framkvæmdastjórnarinnar að samþykkja sérstakar íhlutunarráðstafanir, þar sem nauðsyn krefur, til að bregðast á skilvirkan og árangursríkan hátt við ógnum um markaðsröskun í korngeiranum og til að koma í veg fyrir stórfellda, opinbera íhlutun í hrísgrjónageiranum á tilteknum svæðum Bandalagsins eða til að bæta úr skorti á hýðishrísgrjónum vegna náttúruhamfara, líkt og kveðið hefur verið á um í sameiginlegum markaðskerfum fyrir korn og hrísgrjón.

24) Fastsetja skal lágmarksverð fyrir kvótasykurrófur af skilgreindum, stöðluðum gæðum í þeim tilgangi að tryggja viðunandi lífskjör fyrir sykurrófu- og sykurreyrræktendur í Bandalaginu.

25) Þörf er á sértækum gerningum til að tryggja sanngjarnt jafnvægi milli réttinda og skyldna sykurfyrirtækja og sykurrófuræktenda. Þar af leiðandi skal viðhalda staðalákvæðum sem gilda um fjölgreinasamninga sem áður féllu undir sameiginlegt markaðskerfi fyrir sykur.

26) Fjölbreytileiki náttúrulegra, efnahagslegra og tæknilegra aðstæðna veldur því að erfitt er að kveða á um samræmda kaupskilmála í gervöllu Bandalaginu fyrir sykurrófur. Samningar innan atvinnugreinarinnar eru nú þegar fyrir hendi milli sambanda sykurrófuræktenda og

([1]) Stjtíð. EB L 352, 15.12.1987, bls. 1 Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr. 2535/95 (Stjtíð. EB L 260, 31.10.1995, bls. 3).
([2]) Stjtíð. ESB L 214, 4.8.2006, bls. 1
([3]) Stjtíð. EB L 119, 11.5.1990, bls. 32 Reglugerðinni var breytt með aðildarlögunum frá 1994.
([4]) Stjtíð. EB L 301, 20.11.1984, bls. 1 Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 3513/93 (Stjtíð. EB L 320, 22.12.1993, bls. 5).
([5]) Stjtíð. EB L 214, 30.7.1992, bls. 1 Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1791/2006.

sykurfyrirtækja. Í rammaákvæðum skal því einungis skilgreina þær lágmarkstryggingar, sem bæði sykurrófuræktendur og sykuriðnaðurinn hafa þörf fyrir til að tryggja eðlilega starfsemi sykurmarkaðarins, og gefa kost á því að víkja frá sumum reglum með skírskotun til samnings innan atvinnugreinarinnar. Áður hefur verið kveðið á um ítarlegri skilmála í sameiginlega sykurmarkaðskerfinu í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 318/2006. Vegna þess hversu tæknilegir þessir skilmálar eru þykir rétt að fjalla um þá á vettvangi framkvæmdastjórnarinnar.

27) Framleiðslugjaldið, sem kveðið var á um í sameiginlega markaðskerfinu fyrir sykur sem framlag til að fjármagna útgjöld innan þess markaðskerfis, skal fellt inn í þessa reglugerð.

28) Til að viðhalda skipulagslegu jafnvægi sykurmarkaðanna þegar verðlag er nálægt viðmiðunarverði skal framkvæmdastjórnin áfram eiga þess kost að ákveða að taka sykur af markaði í jafnlangan tíma og það tekur markaðinn að ná aftur jafnvægi.

29) Í sameiginlegum markaðskerfum fyrir lifandi plöntur, nauta- og kálfakjöt, svínakjöt, kinda- og geitakjöt, egg og alifuglakjöt var kveðið á um þann möguleika að samþykkja ákveðnar ráðstafanir til að auðveldara yrði að laga framboðið að þörfum markaðarins. Slíkar ráðstafanir geta stuðlað að því að koma á jafnvægi á mörkuðunum og tryggja viðunandi lífskjör fyrir hlutaðeigandi landbúnaðarsamfélög. Með markmið þessarar reglugerðar í huga skal þeim möguleika því viðhaldið. Samkvæmt þessum ákvæðum getur ráðið samþykkt almennar reglur varðandi slíkar ráðstafanir í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 37. gr. sáttmálans. Markmiðin, sem stefnt skal að með slíkum ráðstöfunum, eru skýrt afmörkuð og setja því skorður hvers konar ráðstafanir unnt er að samþykkja. Þar af leiðandi þarf ráðið ekki að samþykkja fleiri almennar reglur í þessum geirum og því skal ekki lengur kveðið á um þann kost.

30) Í sykurgeiranum og mjólkur- og mjólkurafurðageiranum hafa magntakmarkanir á framleiðslu, sem settar eru fram í reglugerð (EB) nr. 318/2006 og reglugerð ráðsins (EB) nr. 1788/2003 frá 29. september 2003 um álagningu gjalda í mjólkur- og mjólkurafurðageiranum ([1]), verið nauðsynlegt markaðsstjórntæki í mörg ár. Ástæðurnar, sem áður urðu til þess að Bandalagið samþykkti framleiðslukvótakerfi í báðum geirunum, eru enn gildar.

31) Kveðið var á um sykurkvótakerfið innan ramma sameiginlega markaðskerfisins fyrir sykur en hins vegar var samsvarandi kerfi í mjólkurgeiranum stjórnað með löggerningi sem féll ekki undir sameiginlega markaðskerfið fyrir mjólk og mjólkurafurðir, nánar tiltekið reglugerð (EB) nr. 1788/2003. Vegna mikilvægis þessara kerfa og markmiðanna með þessari reglugerð þykir rétt að fella viðeigandi ákvæði fyrir báða geirana inn í þessa reglugerð, án þess þó að gera miklar breytingar á kerfunum og því hvernig þau starfa, borið saman við fyrri réttarstöðu.

32) Sykurkvótakerfið samkvæmt þessari reglugerð skal því endurspegla ráðstafanir, sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 318/2006, og einkum viðhalda réttarstöðu kvótanna þar eð kvótakerfið er, samkvæmt dómaframkvæmd Evrópudómstólsins, kerfi til að stjórna markaðinum í sykurgeiranum og stefnir að því að tryggja að markmiðum í þágu almannahagsmuna verði náð.

33) Þessi reglugerð skal því einnig gera framkvæmdastjórninni kleift að aðlaga kvótana að sjálfbæru stigi eftir að endurskipulagningarsjóðurinn (e. restructuring fund) verður lagður niður árið 2010 en hann var stofnaður með reglugerð ráðsins (EB) nr. 320/2006 frá 20. febrúar 2006 um tímabundna áætlun um endurskipulagningu sykuriðnaðar í Bandalaginu ([2]).

34) Þar eð þörf er fyrir ákveðinn landsbundinn sveigjanleika í tengslum við skipulagslega aðlögun vinnsluiðnaðaðarins og sykurrófu- og sykurreyrræktunar á því tímabili þegar kvótunum er beitt skal skulu aðildarríkin áfram eiga þess kost að breyta kvótum fyrirtækja innan tiltekinna marka, án þess þó að takmarka hlutverk endurskipulagningarsjóðsins sem stjórntækis.

35) Til að koma í veg fyrir að umframframleiðsla sykurs raskaði sykurmarkaðinum var framkvæmdastjórninni veitt heimild, í sameiginlega markaðskerfinu fyrir sykur og samkvæmt tilteknum viðmiðunum, til að kveða á um að umframsykur, umframísóglúkósi og umframinúlínsýróp skyldu færast yfir á kvótaframleiðsluna á eftirfarandi markaðsári. Ef skilyrðin voru ekki uppfyllt fyrir tiltekið magn var auk þess einnig gert ráð fyrir gjaldi á umframframleiðslu í sameiginlega markaðskerfinu fyrir sykur til að koma í veg fyrir að uppsöfnun þessara afurða ógnaði markaðsaðstæðum. Þessi ákvæði skulu gilda áfram.

36) Megintilgangurinn með mjólkurkvótakerfinu er enn í fullu gildi, þ.e. að draga úr ójafnvæginu milli framboðs og eftirspurnar á viðkomandi mörkuðum og þeirri kerfislægu umframframleiðslu sem af því leiðir og skapa þar með betra markaðsjafnvægi. Því skal viðhalda álagningu gjalds á það magn mjólkur sem er safnað eða selt til beinnar neyslu og er yfir tilteknum, tryggðum mörkum. Í samræmi við tilganginn með þessari reglugerð þarf m.a. að samræma íðorðanotkun milli sykur- og mjólkurkvótakerfanna í einhverjum mæli en halda þó lagalegri stöðu þeirra óbreyttri að fullu. Því þykir rétt að laga íðorðaforðann í mjólkurgeiranum að íðorðaforðanum í sykurgeiranum. Hugtökunum „landsbundið viðmiðunarmagn“ og „einstaklingsbundið viðmiðunarmagn“ í reglugerð (EB) nr. 1788/2003 skal því skipt út fyrir „landsbundinn kvóta“ og „einstaklingsbundinn kvóta“ en þau skulu þó halda þeirri lagalegu merkingu sem skilgreind hefur verið.

37) Efnislega skal mjólkurkvótakerfið í þessari reglugerð mótað samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1788/2003. Skal m.a. viðhalda muninum á afhendingu og beinni sölu og kerfinu skal beitt á grundvelli einstaklingsbundins, dæmigerðs fituinnihalds og landsbundins viðmiðunar-

([1]) Stjtíð. ESB L 270, 21.10.2003, bls. 123 Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1186/2007 (Stjtíð. ESB L 265, 11.10.2007, bls. 22).

([2]) Stjtíð. ESB L 58, 28.2.2006, bls. 42 Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1261/2007 (Stjtíð. ESB L 283, 27.10.2007, bls. 8).

fituinnihalds. Heimila skal bændum, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, að framselja einstaklingsbundinn kvóta sinn tímabundið. Auk þess skal viðhalda þeirri meginreglu að við sölu býlis, leigu eða framsal með arfi færist tilheyrandi kvóti yfir á kaupandann, leigjandann eða erfingjann með viðkomandi jörð en viðhalda skal undantekningum frá meginreglunni um að kvótar séu bundnir við býli svo að hægt sé að halda áfram að endurskipuleggja mjólkurframleiðslu og bæta umhverfið. Í samræmi við hinar ýmsu tegundir kvótaframsals og á grundvelli hlutlægra viðmiðana skal einnig viðhalda ákvæðum sem heimila aðildarríkjum að setja hluta af framseldu magni í landsbundinn varasjóð (e. national reserve).

38) Umframmagnsgjald (e. surplus levy) skal vera nógu hátt til að hafa letjandi áhrif og skal viðkomandi aðildarríki greiða það um leið og farið er yfir landsbundinn kvóta. Aðildarríkið skal þessu næst skipta gjaldinu milli framleiðendanna sem eiga hlut í umframmagninu. Þeir framleiðendur skulu því skyldugir til að greiða aðildarríkinu sinn hluta af gjaldinu í krafti þess að hafa farið yfir magnið sem þeir höfðu til ráðstöfunar. Aðildarríki skulu greiða Ábyrgðarsjóði evrópsks landbúnaðar (EAGF) gjald sem svarar til framleiðslu þeirra umfram landsbundinn kvóta sinn, að frádreginni fastri greiðslu sem nemur 1% svo að tekið sé tillit til gjaldþrota eða algerrar vanhæfni tiltekinna framleiðenda til að borga sinn hlut í gjaldinu sem ber að greiða.

39) Í reglugerð ráðsins (EB) nr. 1290/2005 frá 21. júní 2005 um fjármögnun sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar ([1]) er ágóðinn af viðbótargjaldi í mjólkurgeiranum skilgreindur sem „markaðar tekjur“ sem skulu greiddar í fjárlög Bandalagsins en komi til endurnotkunar skulu þær eingöngu notaðar til að fjármagna útgjöld Ábyrgðarsjóðs evrópsks landbúnaðar eða Dreifbýlisþróunarsjóðs evrópsks landbúnaðar. Ákvæði 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 1788/2003, þar sem litið er svo á að afraksturinn af gjöldunum sé íhlutun til að koma jafnvægi á landbúnaðarmarkaðina og skuli nýttur til að fjármagna útgjöld í mjólkurgeiranum, er því orðið úrelt og skal ekki fellt inn í þessa reglugerð.

40) Í ýmsum sameiginlegum markaðskerfum hefur verið kveðið á um mismunandi tegundir aðstoðarkerfa.

41) Í sameiginlegum markaðskerfum fyrir þurrkað fóður og fyrir lín og hamp var kveðið á um aðstoðargreiðslur til vinnslunnar í þessum geirum til að geta með því móti stýrt innri markaðinum fyrir viðkomandi vörur. Þessi ákvæði skulu gilda áfram.

42) Með tilliti til þeirra sérstöku aðstæðna sem ríkja á markaðinum fyrir korn og kartöflusterkju voru ákvæði í sameiginlegu markaðskerfi fyrir korn sem heimiluðu framleiðsluendurgreiðslur (e. production refund) ef það reyndist nauðsynlegt. Framleiðsluendurgreiðslur skulu vera með þeim hætti að iðnaðurinn, sem notar grunnafurðirnar, geti fengið þær á lægra verði en því sem leiðir af beitingu sameiginlegs verðs. Í sameiginlega markaðskerfinu fyrir sykur var gefinn kostur á veitingu framleiðsluendurgreiðslna ef grípa þyrfti til ráðstafana til að gera tilteknar sykurafurðir aðgengilegar vegna framleiðslu á tilteknum iðnaðar-, efna- eða lyfjavörum. Þessi ákvæði skulu gilda áfram.

43) Til að stuðla að jafnvægi á mjólkurmarkaði og til að halda markaðsverði á mjólk og mjólkurafurðum stöðugu er nauðsynlegt að gera ráðstafanir til að auðveldara verði að losa sig við mjólkurafurðir. Í sameiginlega markaðskerfinu fyrir mjólk og mjólkurafurðir var því kveðið á um veitingu aðstoðar vegna markaðssetningar á tilteknum mjólkurafurðum til sérstakrar notkunar og sérstakra ákvörðunarstaða. Auk þess var í því sameiginlega markaðskerfi kveðið á um að Bandalagið skyldi stuðla að aukinni mjólkurneyslu með því að greiða hluta af kostnaðinum sem hlytist af veitingu aðstoðar vegna dreifingar mjólkur til nemenda í skólum. Þessi ákvæði skulu gilda áfram.

44) Fjármögnun Bandalagsins, sem er sá hundraðshluti beinnar aðstoðar sem aðildarríkjunum er leyft að halda eftir í samræmi við 4. mgr. 110. gr. i í reglugerð (EB) nr. 1782/2003, er nauðsynleg til að hvetja samþykkt atvinnufyrirtæki til að semja vinnuáætlanir í þeim tilgangi að bæta framleiðslugæði ólífuolíu og ólífa til átu. Að því er þetta varðar var í sameiginlegu markaðskerfi fyrir ólífuolíu og ólífur til átu kveðið á um að stuðningi Bandalagsins skyldi ráðstafað í samræmi við forgangsröð aðgerða í viðkomandi vinnuáætlun. Þessi ákvæði skulu gilda áfram.

45) Með reglugerð (EBE) nr. 2075/95 var stofnaður Tóbakssjóður Bandalagsins sem er fjármagnaður með tilteknum hluta af aðstoðinni úr aðstoðarkerfum í þeim geira í því skyni að hrinda ýmsum ráðstöfunum í framkvæmd í geiranum. Árið 2007 er síðasta árið þar sem Tóbakssjóði Bandalagsins stendur til boða fjármagn úr aðstoðarkerfinu sem kveðið er á um í 10. kafla C í IV. bálki reglugerðar (EB) nr. 1782/2003. Þótt fjármögnun sjóðsins falli niður fyrir gildistöku þessarar reglugerðar skal viðhalda 13. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2075/92 sem lagagrundvelli áætlana sem gerðar eru til margra ára og sem Tóbakssjóður Bandalagsins kann að fjármagna.

46) Býrækt er landbúnaðargeiri með mjög mismunandi framleiðsluaðstæðum og afrakstri og dreifðum og ólíkum rekstraraðilum, jafnt á framleiðslustigi sem á markaðsstigi.Með hliðsjón af útbreiðslu varróaveiki (e. varroasis) í nokkrum aðildarríkjum á undanförnum árum og þeim erfiðleikum sem sá sjúkdómur veldur í framleiðslu hunangs er enn þörf fyrir aðgerðir af hálfu Bandalagsins því að ekki er unnt að útrýma varróaveiki

([1]) Stjtíð. ESB L 209, 11.8.2005, bls. 1 Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 378/2007 (Stjtíð. ESB L 95, 5.4.2007, bls. 1).

að fullu og nota verður samþykkt efni við meðferð gegn veikinni. Í ljósi þessara aðstæðna skulu gerðar landsbundnar áætlanir á þriggja ára fresti, sem fela í sér tækniaðstoð, varnir gegn varróaveikinni, hagræðingu á farbúskap, stjórnun á endurnýjun stofna í býflugnabúum í Bandalaginu og samvinnu um rannsóknaráætlanir varðandi býrækt og býræktarafurðir, í því skyni að bæta almenn skilyrði við framleiðslu býræktarafurða og setningu þeirra á markað. Bandalagið skal fjármagna þessar áætlanir að hluta til.

47) Í reglugerð (EB) nr. 1544/2006 var allri landsbundinni aðstoð til silkiormaeldis skipt út fyrir aðstoðarkerfi Bandalagsins fyrir silkiormaeldi þar sem greidd er föst fjárhæð fyrir hvern kassa af silkiormaeggjum sem eru notuð.

48) Þar eð stefnulegar forsendur fyrir innleiðingu framangreindra aðstoðarkerfa í býrækt og silkiormaeldi eru enn við lýði skulu þessi aðstoðarkerfi felld inn í ramma þessarar reglugerðar.

49) Beiting staðla við setningu landbúnaðarafurða á markað getur stuðlað að því að bæta efnahagsleg skilyrði fyrir framleiðslu þessara afurða og setningu þeirra á markað sem og gæði slíkra afurða. Beiting slíkra staðla er því í hag framleiðenda, kaupenda og neytenda. Í samræmi við það voru settir markaðsstaðlar, innan ramma sameiginlegra markaðskerfa fyrir banana, ólífuolíu og ólífur til átu, lifandi plöntur og egg og alifuglakjöt, sem einkum vörðuðu gæði, gæðaflokkun, þyngd, stærðarflokkun, pakkningu, umbúðir, geymslu, flutning, framsetningu, uppruna og merkingu. Rétt þykir að viðhalda þeirri aðferð samkvæmt þessari reglugerð.

50) Framkvæmdastjórninni hefur fram að þessu verið falið að samþykkja ákvæði um markaðsstaðla innan ramma sameiginlegra markaðskerfa fyrir ólífuolíu og ólífur til átu og banana. Þar eð slíkir staðlar eru mjög ítarlegir og tæknilegir og stöðugt er nauðsynlegt að bæta skilvirkni þeirra og aðlaga þá að viðskiptavenjum í sífelldri þróun þá þykir rétt að nota þessa aðferð einnig fyrir geira fyrir lifandi plöntur og skilgreina um leið þær viðmiðanir sem framkvæmdastjórninni ber að taka tillit til þegar hún setur viðeigandi reglur. Enn fremur getur verið nauðsynlegt að samþykkja sérstakar ráðstafanir, einkum að því er varðar uppfærðar greiningaraðferðir og aðrar ráðstafanir til að ákvarða einkenni viðkomandi staðla, svo að koma megi í veg fyrir svik varðandi gæði og ósvikni afurðanna, sem neytendum eru boðnar, og þá miklu röskun markaðanna sem slík svik gætu haft í för með sér.

51) Nokkrir löggerningar hafa verið samþykktir til að setja reglur um setningu mjólkur, mjólkurafurða og fituefna á markað og um heiti þessara vara. Markmiðið með þeim er annars vegar að bæta stöðu mjólkur og mjólkurafurða á markaði og hins vegar að tryggja sanngjarna samkeppni milli smyrjanlegrar fitu, úr mjólk og án mjólkur, jafnt framleiðendum sem neytendum í hag. Tilgangurinn með reglunum í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1898/87 frá 2. júlí 1987 um verndun heita sem notuð eru við setningu mjólkur og mjólkurafurða á markað ([1]) er að vernda neytendur og koma á skilyrðum fyrir samkeppni milli mjólkurafurða og samkeppnisvara þeirra, með tilliti til vöruheita, merkinga og auglýsinga, til að koma í veg fyrir hvers konar rangfærslur. Í reglugerð ráðsins (EB) nr. 2597/97 frá 18. desember 1997 um viðbótarreglur um sameiginlegt markaðskerfi fyrir mjólk og mjólkurafurðir að því er varðar neyslumjólk ([2]) er kveðið á um reglur sem miða að því að tryggja gæði neyslumjólkur og mjólkurafurða, sem uppfylla þarfir og óskir neytenda, skapa þar með jafnvægi á viðkomandi markaði og sjá neytendum fyrir hágæðaneyslumjólk. Í reglugerð ráðsins (EB) nr. 2991/94 frá 5. desember 1994 um staðla fyrir smyrjanlega fitu ([3]) er kveðið á um markaðsstaðla fyrir viðkomandi vörur úr mjólk og án mjólkur og um skýra og aðgreinda flokkun, ásamt reglum um heiti. Í samræmi við markmiðin með núverandi reglugerð skulu þessar reglur gilda áfram.

52) Að því er varðar eggja- og alifuglakjötsgeirana eru þegar fyrir hendi ákvæði um markaðsstaðla og, í tilteknum tilvikum, um framleiðslu. Þessi ákvæði eru í reglugerð ráðsins (EB) nr. 1028/2006 frá 19. júní 2006 um markaðsstaðla fyrir egg ([4]), reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1906/90 frá 26. júní 1990 um tiltekna markaðsstaðla fyrir alifuglakjöt ([5]) og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2782/75 frá 29. október 1975 um framleiðslu og setningu útungunareggja og alifuglaunga í heimilisgörðum á markað ([6]). Nauðsynlegar reglur úr þessum reglugerðum skulu felldar inn í þessari reglugerð.

53) Í reglugerð (EB) nr. 1028/2006 er kveðið á um að markaðsstaðlar fyrir egg skuli að jafnaði gilda um öll egg hæna af tegundinni *Gallus gallus*, sem eru sett á markað í Bandalaginu, og að jafnaði einnig um þau sem ætluð eru til útflutnings til þriðju landa. Í reglugerðinni er einnig gerður greinarmunur á eggjum, sem henta til beinnar neyslu, og eggjum, sem henta ekki til beinnar neyslu, með því að setja upp tvo gæðaflokka fyrir egg og einnig er mælt fyrir um ákvæði til að tryggja viðeigandi upplýsingar til neytenda, að því er varðar gæða- og þyngdarflokka, og upplýsingar um búskaparaðferðina sem er notuð. Enn fremur er í þeirri reglugerð kveðið á um sértækar reglur með tilliti til eggja sem eru flutt inn frá þriðju löndum en samkvæmt þeim reglum geta sérákvæði, sem eru í gildi í tilteknum þriðju

([1]) Stjtíð. EB L 182, 3.7.1987, bls. 36 Reglugerðinni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994.
([2]) Stjtíð. EB L 351, 23.12.1997, bls. 13 Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1153/2007 (Stjtíð. ESB L 258, 4.10.2007, bls. 6).
([3]) Stjtíð. EB L 316, 9.12.1994, bls. 2
([4]) Stjtíð. ESB L 186, 7.7.2006, bls. 1
([5]) Stjtíð. EB L 173, 6.7.1990, bls. 1 Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1029/2006 (Stjtíð. ESB L 186, 7.7.2006, bls. 6).
([6]) Stjtíð. EB L 282, 1.11.1975, bls. 100 Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1791/2006.

löndum, réttlætt undanþágur frá markaðsstöðlunum ef tryggt er að þau séu jafngild löggjöf Bandalagsins.

54) Að því er varðar alifuglakjöt er ákveðið í reglugerð (EBE) nr. 1906/90 að markaðsstaðlar skuli að jafnaði gilda um tilteknar tegundir alifuglakjöts sem eru settar á markað í Bandalaginu og henta til manneldis en að alifuglakjöt, sem er ætlað til útflutnings til þriðju landa, skuli þó undanþegið beitingu markaðsstaðlanna. Í þeirri reglugerð er kveðið á um flokkun alifuglakjöts í tvo flokka eftir holdfyllingu og útliti og þeim skilyrðum sem gilda um sölu kjötsins.

55) Samkvæmt þessum reglugerðum skal aðildarríki geta veitt undanþágu frá beitingu þessara markaðsstaðla fyrir egg og alifuglakjöt, eftir því sem við á, ef um er að ræða tiltekin form beinnar sölu frá framleiðenda til neytanda og magnið er lítið.

56) Í reglugerð (EB) nr. 2782/75 eru settar sérstakar reglur um setningu útungunareggja og alifuglaunga í heimilisgörðum á markað og um flutninga á þeim sem og um útungun útungunareggja. Í þeirri reglugerð er m.a. kveðið á um sérmerkingu allra útungunareggja, sem eru notuð til að koma upp ungum, um pökkunaraðferðir og um tegundir umbúðaefnis fyrir flutninga. Í reglugerðinni eru litlar stofnræktarstöðvar og aðrar ræktarstöðvar þó undanþegnar þeirri skyldu að beita stöðlunum sem þar er mælt fyrir um.

57) Í samræmi við markmiðin með núverandi reglugerð skulu þessar reglur gilda áfram án efnislegra breytinga. Önnur ákvæði í þessum reglugerðum, sem eru tæknilegs eðlis, verða því tekin fyrir í framkvæmdarreglum sem framkvæmdastjórninni er ætlað að samþykkja.

58) Líkt og gert hefur verið fram að þessu í sameiginlega markaðskerfinu fyrir humla skal fylgja gæðastefnu í gervöllu Bandalaginu með því að innleiða ákvæði varðandi vottun ásamt reglum sem banna, að meginreglu til, að setja á markað afurðir, sem ekki hefur verið gefið út vottorð fyrir, eða innfluttar afurðir sem uppfylla ekki kröfur um jafngildi gæðaeinkenna.

59) Í þessari reglugerð skal viðhaldið lýsingum og skilgreiningum á ólífuolíu og heitum hennar sem eru mikilvægur þáttur í uppbyggingu markaðarins þar eð þessi atriði eru grundvöllurinn að gæðastöðlum og veita neytendum viðunandi upplýsingar um afurðina.

60) Eitt af framangreindum aðstoðarkerfum, sem stuðla að jafnvægi markaðar með mjólk og mjólkurafurðir og jafnvægi markaðsverðs í þeim geira, er aðstoðarkerfi sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 1255/1999 fyrir vinnslu á undanrennu í kasein og kaseinöt. Í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2204/90 frá 24. júlí 1990 um almennar viðbótarreglur um sameiginlegt markaðskerfi fyrir mjólk og mjólkurafurðir að því er varðar ost ([1]) var kveðið á um reglur varðandi notkun kaseins og kaseinata til framleiðslu á ostum og var tilgangurinn með reglunum að koma jafnvægi á markaðinn með því að koma í veg fyrir skaðleg áhrif frá aðstoðarkerfinu, að teknu tilliti til þess að ostar eru vara sem er sérlega viðkvæm fyrir útskiptingu með kaseini og kaseinötum. Rétt er að fella þessar reglur inn í þessa reglugerð.

61) Vinnsla etanóls úr tilteknum hráefnum úr landbúnaði er nátengd efnahagslegum áhrifum þessara hráefna. Hún getur stuðlað umtalsvert að því að auka verðmæti þeirra og getur verið sérstaklega mikilvæg í efnahagslegu og félagslegu tilliti fyrir efnahag tiltekinna svæða Bandalagsins eða verið mikilvæg tekjulind fyrir framleiðendur viðkomandi hráefna. Hún gerir einnig kleift að farga afurðum, sem eru ófullnægjandi að gæðum, og umframframleiðslu til skamms tíma sem getur valdið tímabundnum vandamálum í tilteknum geirum.

62) Í geirum humla, ólífuolíu og ólífa til átu, tóbaks og silkiorma leggur löggjöfin áherslu á mismunandi tegundir kerfa til að ná fram stefnumarkmiðum, einkum með það í huga að skapa jafnvægi á viðkomandi mörkuðum og bæta og tryggja gæði viðkomandi vara með sameiginlegum aðgerðum. Ákvæðin, sem gilt hafa um þetta kerfafyrirkomulag hingað til, byggjast á því að aðildarríkin hafi, í samræmi við ákvæði sem framkvæmdastjórnin samþykkir, viðurkennt kerfin eða að framkvæmdastjórnin hafi viðurkennt þau með tilteknum skilyrðum. Viðhalda skal þessu fyrirkomulagi og samræma ákvæðin eins og þau hafa gilt hingað til.

63) Í því skyni að styðja við tilteknar aðgerðir fjölgreinasamtaka, sem eru sérlega áhugaverðar í ljósi núgildandi reglna varðandi sameiginlega markaðskerfið fyrir tóbak, skulu sett ákvæði, að uppfylltum tilteknum skilyrðum, um útvíkkun þeirra reglna sem fjölgreinasamtök hafa samþykkt fyrir aðila sína svo að þær nái einnig til allra framleiðenda og hópa framleiðenda, á einu eða fleiri svæðum, sem eru ekki í samtökunum. Sama skal einnig gilda að því er varðar aðra starfsemi fjölgreinasamtaka sem hefur almenna, efnahagslega og tæknilega þýðingu fyrir tóbaksgeirann svo að allir aðilar, sem eru virkir í viðkomandi geirum, hafi hag af. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu vinna náið saman. Framkvæmdastjórnin skal hafa fastar vöktunarheimildir, einkum að því er varðar samninga og samstilltar aðgerðir sem slík samtök samþykkja.

64) Í tilteknum geirum, að frátöldum þeim þar sem núverandi reglur kveða á um viðurkenningu á samtökum framleiðanda eða fjölgreinasamtökum, kunna aðildarríkin að vilja viðurkenna slík samtök í samræmi við landslög svo framarlega sem það samrýmist lögum Bandalagsins. Því ber að kveða skýrar á um þennan möguleika. Enn fremur skal samþykkja reglur sem kveða á um að viðurkenning á samtökum framleiðanda og fjölgreinasamtökum í samræmi við núgildandi reglugerðir gildi áfram eftir samþykkt þessarar reglugerðar.

([1]) Stjtíð. EB L 201, 31.7.1990, bls. 7 Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 2583/2001 (Stjtíð. EB L 345, 29.12.2001, bls. 6).

65) Innri markaður Bandalagins felur í sér viðskiptakerfi við ytri landamæri Bandalagsins. Þetta viðskiptakerfi skal ná yfir innflutningsgjöld og útflutningsendurgreiðslur (e. export refund) og skal að meginreglu til stuðla að stöðugum Bandalagsmarkaði. Viðskiptakerfið skal byggjast á skuldbindingum samkvæmt Úrúgvælotu marghliða viðskiptaviðræðnanna.

66) Eftirlit með umfangi viðskipta við þriðju lönd með landbúnaðarvörur í sameiginlegum markaðskerfum fyrir geira korns, hrísgrjóna, sykurs, fræs, ólífuolíu og ólífa til átu, líns og hamps, nauta- og kálfakjöts, mjólkur og mjólkurafurða, svínakjöts, kinda- og geitakjöts, eggja, alifuglakjöts, lifandi plantna og etanóls úr landbúnaði, hefur fram að þessu, að því er varðar bæði innflutning og útflutning, annaðhvort fallið undir skyldubundin leyfiskerfi eða kerfi sem heimila framkvæmdastjórninni að setja fram kröfur um leyfi.

67) Vöktun viðskiptaflæðis er fyrst og fremst stjórnunarlegt verkefni sem skal meðhöndlað með sveigjanleika. Með hliðsjón af þessu og í ljósi fenginnar reynslu af sameiginlegum markaðskerfum þar sem stjórnun leyfa er nú þegar í höndum framkvæmdastjórnarinnar þykir rétt að beita þessari aðferð í öllum geirum þar sem innflutnings- og útflutningsleyfi eru notuð. Framkvæmdastjórnin skal taka ákvörðun um hvort innleiða skuli kröfur um leyfi, að teknu tilliti til þess hvort stjórnun hlutaðeigandi markaða, og þá einkum vöktun á innflutningi viðkomandi vara, útheimtir innflutningsleyfi.

68) Í sameiginlegu tollskránni er að mestu leyti mælt fyrir um þá tolla sem gilda um landbúnaðarafurðir samkvæmt samningum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Að því er varðar sumar afurðir í korn- og hrísgrjónageirunum hefur innleiðing viðbótarkerfa þó í för með sér að nauðsynlegt er að kveða á um möguleikann á að samþykkja undanþágur.

69) Til að koma í veg fyrir eða vega upp á móti skaðlegum áhrifum sem innflutningur á tilteknum landbúnaðarafurðum gæti haft á markað Bandalagsins skal innflutningur á þeim afurðum háður greiðslu á viðbótargjaldi svo fremi tiltekin skilyrði séu uppfyllt.

70) Rétt þykir, við sérstakar aðstæður, að veita framkvæmdastjórninni heimildir til að koma á og stjórna innflutningskvótum sem leiðir af alþjóðasamningum, sem gerðir hafa verið í samræmi við sáttmálann, eða af öðrum réttarreglum ráðsins.

71) Með reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2729/75 frá 29. október 1975 um innflutningsálögur á blöndur korns, hrísgrjóna og brotinna hrísgrjóna ([1]) er stefnt að því að tryggja eðlilega virkni gjaldakerfisins fyrir innflutning á blöndum korns, hrísgrjóna og brotinna hrísgrjóna. Rétt er að fella þessar reglur inn í þessa reglugerð.

72) Bandalagið hefur gert nokkra samninga við þriðju lönd um fríðindaaðgang að mörkuðum sem heimila þessum löndum að flytja út reyrsykur til Bandalagsins með góðum kjörum. Í sameiginlega markaðskerfinu fyrir sykur var gert ráð fyrir að meta þyrfti þörf hreinsunarstöðva fyrir sykur til hreinsunar og, að uppfylltum tilteknum skilyrðum, veita sérhæfðum stórnotendendum innflutts, hrás reyrsykurs forgangsrétt til innflutningsleyfa enda teljist þeir hreinsunarstöðvar í fullum rekstri í Bandalaginu. Þessi ákvæði skulu gilda áfram.

73) Til að koma í veg fyrir að ólögleg uppskera raski sameiginlega markaðskerfinu fyrir hamp til trefjaframleiðslu er í reglugerðinni kveðið á um eftirlit með innflutningi hamps og hampfræs til að ganga úr skugga um að ábyrgjast megi þær vörur að tilteknu marki að því er varðar tetrahýdrókannabínólinnihald þeirra. Að auki var innflutningur á hampfræjum til annarrar notkunar en sáningar háður eftirlitskerfi þar sem þess er krafist að viðkomandi innflytjendur séu viðurkenndir. Þessi ákvæði skulu gilda áfram.

74) Gæðastefnu er fylgt í gervöllu Bandalaginu með tilliti til afurða í humlageiranum. Að því er varðar innfluttar afurðir skulu ákvæðin, sem tryggja að einungis séu fluttar inn afurðir með jafngild lágmarksgæðaeinkenni, felld inn í þessa reglugerð.

75) Tollkerfið gerir kleift að falla frá öllum öðrum verndarráðstöfunum við ytri landamæri Bandalagsins. Fyrirkomulagið með innri markað og gjaldakerfi getur reynst ófullnægjandi í undantekningartilvikum. Þegar svo háttar til skal Bandalagið vera fært um að grípa tafarlaust til allra nauðsynlegra ráðstafana til að verja markað Bandalagsins fyrir hvers konar röskun sem af þessu getur leitt. Þessar ráðstafanir skulu vera í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar Bandalagsins.

76) Til að tryggja eðlilega starfsemi sameiginlegra markaðskerfa og einkum til að koma í veg fyrir markaðsröskun var gert ráð fyrir því í sameiginlegum markaðskerfum fyrir ýmsar afurðir að banna mætti fyrirkomulag með innri og ytri aðvinnslu. Þessum möguleika skal viðhaldið. Enn fremur sýnir reynslan að verði röskun á mörkuðum eða skapist hætta á þeirri röskun vegna slíks fyrirkomulags þurfi að grípa til aðgerða án umtalsverðra tafa. Framkvæmdastjórninni skulu af þeim sökum veittar viðeigandi valdheimildir. Því þykir rétt að heimila framkvæmdastjórninni að stöðva tímabundið notkun fyrirkomulags innri og ytri aðvinnslu við slíkar aðstæður.

77) Ákvæði um veitingu endurgreiðslna til þriðju landa, sem byggjast á mismuninum á verði í Bandalaginu og á heimsmarkaði og sem eru innan marka samkvæmt skuldbindingum Bandalagsins við Alþjóðaviðskiptastofnunina, skulu gegna því hlutverki að tryggja þátttöku Bandalagsins í alþjóðaviðskiptum með tilteknar afurðir sem falla undir þessa reglugerð. Setja skal efri mörk fyrir verðmæti og magn niðurgreidds útflutnings.

([1]) Stjtíð. EB L 281, 1.11.1975, bls. 18 Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 3290/94 (Stjtíð. EB L 349, 31.12.1994, bls. 105).

78) Þegar útflutningsendurgreiðslur eru fastsettar skal hafa verið sannreynt, með vöktun greiðslna samkvæmt reglum varðandi Ábyrgðarsjóð evrópsks landbúnaðar, að verðmætamörkin hafi verið virt. Auðvelda má vöktun með því að skyldubinda fyrirframákvörðun útflutningsendurgreiðslna en gefa kost á því um leið, þegar um er að ræða sundurgreindar endurgreiðslur, að breyta tilgreindum ákvörðunarstað á landsvæði þar sem einn fastur endurgreiðslutaxti gildir. Ef breytt er um ákvörðunarstað skal greiða útflutningsendurgreiðsluna sem gildir fyrir hinn raunverulega ákvörðunarstað en þó má fjárhæðin ekki fara upp fyrir mörkin sem gilda fyrir ákvörðunarstaðinn sem var tilgreindur fyrir fram.

79) Tryggja skal, með áreiðanlegu og skilvirku vöktunarkerfi, að magnmörkin séu virt. Til að svo megi verða skal veiting útflutningsendurgreiðslna háð útflutningsleyfi. Útflutningsendurgreiðslur skulu veittar innan settra marka, að teknu tilliti til sérstakra aðstæðna varðandi hverja afurð sem um er að ræða. Undantekningar frá þeirri reglu skulu einungis leyfðar fyrir unnar afurðir sem ekki eru tilgreindar í I. viðauka við sáttmálann og falla ekki undir magntakmarkanir. Kveða skal á um að víkja megi frá kröfunni um að farið sé nákvæmlega eftir stjórnunarreglum ef um er að ræða útflutning sem gefur rétt til útflutningsendurgreiðslna og ólíklegt er að útflutningurinn fari yfir magnið sem mælt er fyrir um.

80) Ef um er að ræða útflutning á lifandi nautgripum skal kveðið á um að útflutningsendurgreiðslur skuli einungis veittar og greiddar út að uppfylltum ákvæðum í löggjöf Bandalagsins varðandi velferð dýra, einkum þeim sem snúa að vernd dýra í flutningi.

81) Landbúnaðarafurðir geta í tilteknum tilvikum fengið sérstaka innflutningsmeðferð í þriðja landi ef afurðirnar eru í samræmi við tilteknar forskriftir og/eða skilyrði um verð. Samvinna á sviði stjórnsýslu milli yfirvalda í þriðja landi, sem er innflutningsland, og Bandalagsins er nauðsynleg til að tryggja rétta beitingu slíks kerfis. Í því skyni skal afurðunum fylgja vottorð sem er útgefið í Bandalaginu.

82) Útflutningur á blómlaukum til þriðja lands hefur umtalsvert efnahagslegt gildi fyrir Bandalagið. Tryggja má framhald og þróun slíks útflutnings með því að gera verðlag í þessum geira stöðugra. Því ber að setja ákvæði um lágmarksútflutningsverð fyrir afurðirnar sem um er að ræða.

83) Í samræmi við 36. gr. sáttmálans skulu ákvæði þess kafla sáttmálans, sem varða reglur um samkeppni, einungis gilda um framleiðslu á landbúnaðarafurðum og viðskipti með þær að því marki sem ráðið ákvarðar innan ramma 2. og 3. gr. 37. gr. sáttmálans og í samræmi við málsmeðferðina sem þar er kveðið er á um. Ákvæðin um ríkisaðstoð höfðu að mestu leyti verið lýst gild í hinum ýmsu sameiginlegu markaðskerfum. Beiting reglna sáttmálans, sem taka til fyrirtækja, var enn fremur skilgreind í reglugerð ráðsins (EB) nr. 1184/2006 frá 24. júlí 2006 um beitingu tiltekinna samkeppnisreglna gagnvart framleiðslu á landbúnaðarvörum og viðskiptum með þær ([1]). Í samræmi við það markmið að móta heildarsafn markaðsstefnureglna þykir rétt að fella viðkomandi ákvæði inn í þessa reglugerð.

84) Reglur um samkeppni, sem varða samninga, ákvarðanir og aðgerðir, sem um getur í 81. gr. sáttmálans, og misnotkun á yfirburðastöðu, skulu gilda gagnvart framleiðslu á landbúnaðarvörum og viðskiptum með þær að svo miklu leyti sem beiting þeirra hindrar ekki starfsemi landsbundins skipulags landbúnaðarmarkaða né kemur í veg fyrir að markmið sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar nái fram að ganga.

85) Rétt er að sýna sérstaka aðgát þegar um er að ræða bændasamtök með sameiginlega framleiðslu landbúnaðarvara eða setningu þeirra á markað eða sameiginlega aðstöðu að aðalmarkmiði nema þessar sameiginlegu aðgerðir komi í veg fyrir samkeppni eða að markmiðin, sem um getur í 33. gr. sáttmálans, nái fram að ganga.

86) Til að tefla þróun sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar ekki í tvísýnu og til að tryggja réttarvissu og meðferð án mismununar fyrir hlutaðeigandi fyrirtæki skal framkvæmdastjórnin ein hafa vald, með fyrirvara um endurskoðunarvald Evrópudómstólsins, til að taka ákvarðanir um hvort samningar, ákvarðanir og aðgerðir, sem um getur í 81. gr. sáttmálans, samrýmist markmiðunum með sameiginlegu landbúnaðarstefnunni.

87) Hætt er við því að innri markaðurinn, sem byggist á sameiginlegu verðlagi, myndi ekki starfa sem skyldi ef veitt yrði ríkisaðstoð. Því skulu ákvæði sáttmálans um ríkisaðstoð almennt gilda um afurðir sem falla undir þessa reglugerð. Undanþágur skulu þó leyfðar við ákveðnar aðstæður. Þar sem slíkar undanþágur gilda skal framkvæmdastjórnin þó vera í aðstöðu til að gera skrá yfir gildandi, nýja eða fyrirhugaða landsbundna aðstoð, leggja viðeigandi athugasemdir fyrir aðildarríkin og gera tillögur að viðeigandi ráðstöfunum.

88) Eftir inngöngu Finnlands og Svíþjóðar hafa þessi ríki mátt veita aðstoð til framleiðslu og setningu á markað á hreindýrum og hreindýraafurðum vegna þeirra sérstöku efnahagslegu aðstæðna sem ríkja á því sviði. Enn fremur hefur Finnland vegna sérstakra veðurfarsskilyrða þar í landi og með fyrirvara um heimild framkvæmdastjórnarinnar mátt veita aðstoð, eftir því sem við á, vegna tiltekins magns af fræi og tiltekins magns af kornfræi sem einungis er framleitt í Finnlandi. Nauðsynlegt er að viðhalda þessum undanþágum.

89) Í aðildarríkjum, þar sem sykurkvótinn hefur verið minnkaður að ráði, standa sykurrófuræktendur frammi fyrir einstaklega erfiðum aðlögunarvanda. Í þeim tilvikum er umbreytingaraðstoð Bandalagsins við sykurrófuræktendur, sem kveðið er á um í 10. kafla f í IV. bálki reglugerðar (EB) nr. 1782/2003, ekki nægileg

([1]) Stjtíð. ESB L 214, 4.8.2006, bls. 7

til að ráða bót á erfiðleikum sykurrófuræktenda. Því skal aðildarríkjum, sem hafa minnkað kvóta sína um meira en 50% af sykurkvótanum, sem var fastsettur 20. febrúar 2006 í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 318/2006, veitt heimild til að veita sykurrófuræktendum ríkisaðstoð á meðan á beitingu umbreytingaraðstoðar Bandalagsins stendur. Til að tryggja að aðildarríki veiti ekki hærri ríkisaðstoð en sykurrófuræktendur hafa þörf fyrir skal ákvörðun um heildarfjárhæð ríkisaðstoðar áfram vera háð samþykki framkvæmdastjórnarinnar nema að því er varðar Ítalíu en þar hefur hámarksþörf afkastamestu sykurrófuræktendanna verið metin 11 evrur á hvert tonn af framleiddum sykurrófum til að þeir geti lagað sig að markaðsaðstæðum eftir umbæturnar. Vegna þeirra sérstöku vandamála, sem búast má við að komi upp á Ítalíu, skal halda ákvæðinu um fyrirkomulag sem gerir sykurrófuræktendum kleift að njóta beint eða óbeint góðs af ríkisaðstoðinni sem er veitt.

90) Í Finnlandi er ræktun sykurrófna háð þeim sérstöku landfræðilegu og veðurfarslegu skilyrðum sem þar ríkja og hafa óhagstæð áhrif á geirann umfram almenn áhrif af umbótunum í sykurgeiranum. Af þessum sökum skal halda ákvæðinu í sameiginlega markaðskerfinu fyrir sykur sem gefur þessu aðildarríki varanlega heimild til að veita sykurrófuræktendum sínum nægilega fjárhæð í ríkisaðstoð.

91) Vegna sérstakra aðstæðna í Þýskalandi, þar sem stórum hópi lítilla áfengisframleiðenda er nú veittur landsbundinn stuðningur innan ramma sértækra skilyrða sem gilda fyrir þýsku áfengiseinkasöluna, er nauðsynlegt að leyfa áframhaldandi veitingu slíks stuðnings á takmörkuðu tímabili. Einnig er nauðsynlegt að kveða á um að framkvæmdastjórnin skuli við lok þess tímabils leggja fram skýrslu um reynsluna af þessari undanþágu ásamt viðeigandi tillögum.

92) Óski aðildarríki eftir að styðja ráðstafanir á yfirráðasvæði sínu sem hvetja til neyslu mjólkur eða mjólkurafurða í Bandalaginu skal gefinn kostur á því að fjármagna slíkar ráðstafanir með sérstökum kynningarálögum á mjólkurframleiðendur á landsgrundvelli.

93) Svo að tekið sé tillit til hugsanlegrar þróunar í framleiðslu þurrkaðs fóðurs skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir ráðið um þann geira, fyrir 30. september 2008, sem byggist á mati á sameiginlega markaðskerfinu fyrir þurrkað fóður. Skýrslunni skulu fylgja viðeigandi tillögur ef nauðsyn krefur. Enn fremur skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu með reglulegu millibili fyrir Evrópuþingið og ráðið um aðstoðarkerfið fyrir býrækt.

94) Þörf er á fullnægjandi upplýsingum um núverandi stöðu humlamarkaðarins í Bandalaginu og um horfur í þróun hans. Því skal kveðið á um skráningu allra vörusamninga varðandi humla sem eru framleiddir í Bandalaginu.

95) Rétt er, við tiltekin skilyrði og fyrir tilteknar afurðir, að kveða á um ráðstafanir sem grípa skal til þegar röskun á sér stað eða er líkleg til að verða vegna umtalsverðra breytinga á verði á innri markaðinum eða á verðskráningu (e. quotations) eða verði á heimsmarkaði.

96) Það er nauðsynlegt að setja ramma um sértækar ráðstafanir fyrir etanól úr landbúnaði svo að hægt sé að safna saman efnahagslegum gögnum og greina tölfræðilegar upplýsingar í þeim tilgangi að vakta markaðinn. Þar eð markaðurinn með landbúnaðaretanól er tengdur markaðinum með etanól almennt er einnig nauðsynlegt að safna upplýsingum varðandi markaðinn með etanól sem kemur ekki úr landbúnaði.

97) Bandalagið skal fjármagna útgjöld aðildarríkjanna vegna skyldna, sem leiðir af beitingu þessarar reglugerðar, í samræmi við reglugerð ráðsins (EB) nr. 1290/1999.

98) Framkvæmdastjórninni skal veitt heimild til að samþykkja nauðsynlegar ráðstafanir til að leysa sértæk vandamál í neyðartilvikum.

99) Þar eð sameiginlegur markaður með landbúnaðarafurðir tekur stöðugum breytingum skulu aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skiptast á upplýsingum um alla þá þróun sem skiptir máli.

100) Til að koma í veg fyrir misnotkun á þeim ávinningum sem kveðið er á um í þessari reglugerð skulu slíkir ávinningar ekki veittir eða þeir skulu dregnir til baka, eftir því sem við á, ef það kemur í ljós að skapaðar hafa verið falskar forsendur til að öðlast þessa ávinninga í bága við markmiðin með þessari reglugerð.

101) Til að tryggja að þeim skyldum sé fullnægt sem kveðið er á um í þessari reglugerð er þörf á eftirliti og ef ekki er farið að reglum þarf að grípa til stjórnsýsluráðstafana og -viðurlaga. Því ber að veita framkvæmdastjórninni heimildir til að samþykkja tilheyrandi reglur, þ.m.t. um endurheimt ótilhlýðilegra greiðslna og um skýrslugjafarkvöð aðildarríkjanna sem leiðir af beitingu þessarar reglugerðar.

102) Nauðsynlegar ráðstafanir til að hrinda þessari reglugerð í framkvæmd skulu að jafnaði samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([1]). Ef tilteknar ráðstafanir samkvæmt þessari reglugerð, sem varða valdheimildir framkvæmdastjórnarinnar, útheimta skjótar aðgerðir eða eru eingöngu stjórnsýslulegs eðlis skal framkvæmdastjórninni þó heimilt að taka ákvörðun að eigin frumkvæði.

([1]) Stjtíð. ESB L 184, 17.7.1999, bls. 23 Ákvörðuninni var breytt með ákvörðun 2006/512/EB (Stjtíð. ESB L 200, 22.7.2006, bls. 11).

103) Þar eð tilteknir þættir sameiginlegra markaðskerfa fyrir aldin og grænmeti, unnar afurðir úr aldinum og grænmeti og vín eru felldir inn í þessa reglugerð skulu gerðar ákveðnar breytingar á þessum sameiginlegu markaðskerfum.

104) Inn í þessa reglugerð eru felld ákvæði varðandi beitingu samkeppnisreglna sáttmálans. Fram að þessu hafa þau ákvæði fallið undir reglugerð (EB) nr. 1184/2006. Gildissviði þeirrar reglugerðar skal breytt svo að ákvæði hennar gildi eingöngu um afurðir sem eru tilgreindar í I. viðauka við sáttmálann en falla ekki undir þessa reglugerð.

105) Inn í þessa reglugerð eru felld ákvæði úr grunnreglugerðum sem eru tilgreindar í 2. og 3. forsendulið, að undanskildum ákvæðum í reglugerð (EB) nr. 2200/96, (EB) nr. 2201/96 og (EB) nr. 1493/1999. Enn fremur eru ákvæði eftirfarandi reglugerða felld inn í þessa reglugerð:

– Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2729/75 frá 29. október 1975 um innflutningsálögur á blöndur korns, hrísgrjóna og brotinna hrísgrjóna,

– Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2763/75 frá 29. október 1975 um almennar reglur varðandi veitingu aðstoðar vegna einkageymslu á svínakjöti ([1]),

– Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2782/75 frá 29. október 1975 um framleiðslu og setningu útungunareggja og alifuglaunga í heimilisgörðum á markað,

– Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 707/76 frá 25. mars 1976 um viðurkenningu á framleiðendasamtökum silkiormaræktenda ([2]),

– Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1055/77 frá 17. maí 1977 um geymslu og flutning á afurðum sem íhlutunarstofnun kaupir upp ([3]),

– Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2931/79 frá 20. desember 1979 um veitingu aðstoðar vegna útflutnings á landbúnaðarafurðum sem geta fengið sérstaka innflutningsmeðferð í þriðja landi ([4]),

– Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3220/84 frá 13. nóvember 1984 um ákvörðun á matskerfi Bandalagsins fyrir flokkun svínaskrokka,

– Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1898/87 frá 2. júlí 1987 um verndun heita sem notuð eru við markaðssetningu á mjólk og mjólkurafurðum,

– Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3730/87 frá 10. desember 1987 um almennar reglur varðandi afhendingu matvæla úr íhlutunarbirgðum til tilnefndra stofnana til dreifingar til þeirra sem eru verst staddir í Bandalaginu,

– Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 386/90 frá 12. febrúar 1990 um vöktun við útflutning á landbúnaðarafurðum sem gefa rétt til endurgreiðslna eða annarra greiðslna ([5]),

– Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1186/90 frá 7. maí 1990 um útvíkkun á gildissviði matskerfis Bandalagsins fyrir flokkun skrokka af fullvöxnum nautgripum,

– Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1906/90 frá 26. júní 1990 um tiltekna markaðsstaðla fyrir alifuglakjöt,

– Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2204/90 frá 24. júlí 1990 um almennar viðbótarreglur um sameiginlegt markaðskerfi fyrir mjólk og mjólkurafurðir að því er varðar ost,

– Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2077/92 frá 30. júní 1992 um fjölgreinasamtök og -samninga í tóbaksgeiranum ([6]),

– Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2137/92 frá 23. júlí 1992 um matskerfi Bandalagsins fyrir flokkun sauðfjárskrokka og um gæðastaðla Bandalagsins fyrir nýja eða kælda sauðfjárskrokka,

– Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2991/94 frá 5. desember 1994 um staðla fyrir smyrjanlega fitu,

– Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2597/97 frá 18. desember 1997 um viðbótarreglur um sameiginlegt markaðskerfi fyrir mjólk og mjólkurafurðir að því er varðar neyslumjólk,

– Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2250/1999 frá 22. október 1999 varðandi innflutningskvóta á smjöri sem er upprunnið í Nýja-Sjálandi ([7]),

([1]) Stjtíð. EB L 282, 1.11.1975, bls. 19
([2]) Stjtíð. EB L 84, 31.3.1976, bls. 1
([3]) Stjtíð. EB L 128, 24.5.1977, bls. 1
([4]) Stjtíð. EB L 334, 28.12.1979, bls. 8
([5]) Stjtíð. EB L 42, 16.2.1990, bls. 6 Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 163/94 (Stjtíð. EB L 24, 29.1.1994, bls. 2).
([6]) Stjtíð. EB L 215, 30.7.1992, bls. 80
([7]) Stjtíð. EB L 275, 26.10.1999, bls. 4

– Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1788/2003 frá 29. september 2003 um álagningu gjalda í mjólkur- og mjólkurafurðageiranum,

– Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1028/2006 frá 19. júní 2006 um markaðsstaðla fyrir egg,

– Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1183/2006 frá 24. júlí 2006 um matskerfi Bandalagsins fyrir flokkun skrokka af fullvöxnum nautgripum,

106) Því ber að fella þessar reglugerðir úr gildi. Í þágu réttarvissu og vegna fjölda þeirra gerða, sem verða felldar úr gildi með þessari reglugerð, og fjölda þeirra gerða, sem hafa verið samþykktar samkvæmt þessum gerðum eða hafa breytt þeim, þykir rétt að kveða skýrt á um að niðurfelling hefur ekki áhrif á gildi löggerninga, sem hafa verið samþykktir á grundvelli niðurfelldrar gerðar, né á gildi breytinga sem þar með hafa orðið á öðrum löggerningum.

107) Þessi reglugerð skal almennt öðlast gildi 1. janúar 2008. Til að tryggja að ný ákvæði þessarar reglugerðar hafi ekki truflandi áhrif á yfirstandandi markaðsár 2007/2008 skal þó kveða á um síðari gildistökudag fyrir þá geira þar sem markaðsárin hafa þegar verið ákveðin. Þessi reglugerð skal þar af leiðandi einungis gilda frá upphafi markaðsársins 2008/2009 fyrir viðkomandi geira. Af þeim sökum skulu reglugerðirnar um þessa geira gilda áfram til loka samsvarandi markaðsárs 2007/2008.

108) Að því er varðar tiltekna aðra geira þar sem markaðsár hafa ekki verið ákveðin skal einnig kveða á um síðari gildistökudag í þeim tilgangi að tryggja hnökralausa umbreytingu frá núgildandi, sameiginlegum markaðskerfum til þessarar reglugerðar. Af þeim sökum skulu reglugerðirnar um núverandi sameiginleg markaðskerfi fyrir þessa geira gilda áfram til þessa síðari gildistökudags sem kveðið er á um í þessari reglugerð.

109) Að því er varðar reglugerð (EB) nr. 386/90 skulu valdheimildir til að samþykkja viðfangsefni þeirrar reglugerðar færðar yfir til framkvæmdastjórnarinnar með þessari reglugerð. Einnig eru reglugerðir (EBE) nr. 3220/84, (EBE) nr. 1186/90, (EBE) nr. 2137/90 og (EB) nr. 1183/2006 felldar úr gildi með þessari reglugerð og eru einungis tiltekin ákvæði þeirra reglugerða felld inn í þessa reglugerð. Því verður að taka á frekari atriðum úr þessum reglugerðum í framkvæmdarreglum sem framkvæmdastjórnin á eftir að samþykkja. Framkvæmdastjórninni skal gefinn lengri tíma til að setja viðkomandi reglur. Reglugerðirnar, sem nefndar voru, skulu þar af leiðandi gilda áfram til 31. desember 2008.

110) Eftirfarandi gerðir ráðsins eru orðnar óþarfar og skulu því felldar úr gildi:

– Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 315/68 frá 12. mars 1968 um setningu gæðastaðla fyrir blómlauka og hnýði ([1]),

– Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 316/68 frá 12. mars 1968 um setningu gæðastaðla fyrir nýafskorin blóm og nýtt lauf til skrauts ([2]),

– Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2517/69 frá 9. desember 1969 um tilteknar ráðstafanir til endurskipulagningar aldinframleiðslu Bandalagsins ([3]),

– Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2728/75 frá 29. október 1975 um aðstoð vegna framleiðslu og viðskipta með kartöflusterkju og kartöflur til sterkjuframleiðslu ([4]),

– Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1358/80 frá 5. júní 1980 um fastsetningu leiðbeinandi verðs og íhlutunarverðs á fullorðnum nautgripum fyrir markaðsárið 1980/81 og um innleiðingu á matskerfi Bandalagsins fyrir flokkun skrokka af fullvöxnum nautgripum ([5]),

– Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4088/87 frá 21. desember 1987 um fastsetningu skilyrða fyrir beitingu forgangstolla gagnvart innflutningi á tilteknum blómum sem eru upprunnin á Kýpur, í Ísrael og í Jórdaníu ([6]),

– Ákvörðun ráðsins 74/583/EBE frá 20. nóvember 1974 um viðskipti með sykur ([7]),

111) Umbreytingin frá fyrirkomulaginu, sem kveðið er á um í ákvæðum og reglugerðum, sem eru felld úr gildi með þessari reglugerð, getur haft í för með sér vandamál sem ekki er fjallað um í þessari reglugerð. Til að leysa slík vandamál skal framkvæmdastjórninni gert kleift að samþykkja umbreytingarráðstafanir.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

([1]) Stjtíð. EB L 71, 21.3.1968, bls. 1 Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EBE) nr. 4112/88 (Stjtíð. EB L 361, 29.12.1988, bls. 7).
([2]) Stjtíð. EB L 71, 21.3.1968, bls. 8 Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EBE) nr. 309/79 (Stjtíð. EB L 42, 17.2.1979, bls. 21).
([3]) Stjtíð. EB L 318, 18.12.1969, bls. 15 Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EBE) nr. 1153/78 (Stjtíð. EB L 144, 31.5.1978, bls. 4).
([4]) Stjtíð. EB L 281, 1.11.1975, bls. 17
([5]) Stjtíð. EB L 140, 5.6.1980, bls. 4.
([6]) Stjtíð. EB L 382, 31.12.1987, bls. 22 Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1300/97 (Stjtíð. EB L 177, 5.7.1997, bls. 1).
([7]) Stjtíð. EB L 317, 27.11.1974, bls. 21

EFNISYFIRLIT

I. HLUTI **INNGANGSÁKVÆÐI** ... 20

II. HLUTI **INNRI MARKAÐUR** ... 21

I. BÁLKUR **MARKAÐSÍHLUTUN** ... 21

I. KAFLI ***Opinber íhlutun og einkageymsla*** ... 21

I. ÞÁTTUR **Almenn ákvæði** ... 21

II. ÞÁTTUR **Opinber íhlutun** ... 22

I. undirþáttur **Almenn ákvæði** ... 22

II. undirþáttur **Upphaf og tímabundin stöðvun uppkaupa** ... 23

III. undirþáttur **Íhlutunarverð** ... 24

IV. undirþáttur **Sala íhlutunarbirgða** ... 24

III. ÞÁTTUR **Einkageymsla** ... 25

I. undirþáttur **Skyldubundin aðstoð** ... 25

II. undirþáttur **Valkvæð aðstoð** ... 26

IV. ÞÁTTUR **Sameiginleg ákvæði** ... 27

II. KAFLI ***Sérstakar íhlutunarráðstafanir*** ... 29

I. ÞÁTTUR **Sérlegar markaðsstuðningsráðstafanir** ... 29

II. ÞÁTTUR **Ráðstafanir í korn- og hrísgrjónageirunum** ... 30

III. ÞÁTTUR **Ráðstafanir í sykurgeiranum** ... 30

IV. ÞÁTTUR **Aðlögun framboðs** ... 31

III. KAFLI ***Kerfi til framleiðslutakmörkunar*** ... 32

I. ÞÁTTUR **Almenn ákvæði** ... 32

II. ÞÁTTUR **Sykur** ... 32

I. undirþáttur **Úthlutun og stjórnun kvóta** ... 32

II. undirþáttur **Magn umfram kvóta** ... 33

III. ÞÁTTUR **Mjólk** ... 34

I. undirþáttur **Almenn ákvæði** ... 34

II. undirþáttur **Úthlutun og stjórnun kvóta** ... 35

III. undirþáttur **Magn umfram kvóta** ... 38

IV. ÞÁTTUR **Málsmeðferðarákvæði** 39

IV. KAFLI ***Aðstoðarkerfi*** 40

I. ÞÁTTUR **Aðstoð vegna vinnslu** 40

I. undirþáttur **Þurrkað fóður** 40

II. undirþáttur **Lín til trefjaframleiðslu** 41

II. ÞÁTTUR **Framleiðsluendurgreiðslur** 42

III. ÞÁTTUR **Aðstoð í mjólkur- og mjólkurafurðageiranum** 42

IV. ÞÁTTUR **Aðstoð í geira ólífuolíu og ólífa til átu** 43

V. ÞÁTTUR **Tóbakssjóður Bandalagsins** 44

VI. ÞÁTTUR **Sérákvæði um býræktargeirann** 44

VII. ÞÁTTUR **Aðstoð í silkiormageiranum** 45

II. BÁLKUR **REGLUR VARÐANDI SETNINGU Á MARKAÐ OG FRAMLEIÐSLU** 45

I. KAFLI ***Markaðsstaðlar og skilyrði fyrir framleiðslu*** 45

I. ÞÁTTUR **Markaðsstaðlar** 45

II. ÞÁTTUR **Skilyrði fyrir framleiðslu** 46

III. ÞÁTTUR **Reglur um málsmeðferð** 47

II. KAFLI ***Samtök framleiðenda, fjölgreinasamtök, samtök rekstraraðila*** 48

I. ÞÁTTUR **Almennar meginreglur** 48

II. ÞÁTTUR **Reglur varðandi fjölgreinasamtök innan tóbaksgeirans** . 49

III. ÞÁTTUR **Reglur um málsmeðferð** 49

III. HLUTI **VIÐSKIPTI VIÐ ÞRIÐJU LÖND** 50

I. KAFLI ***Almenn ákvæði*** 50

II. KAFLI ***Innflutningur*** 50

I. ÞÁTTUR **Innflutningsleyfi** 50

II. ÞÁTTUR **Innflutningsgjöld og –álögur** 51

III. ÞÁTTUR **Stjórnun innflutningskvóta** 52

IV. ÞÁTTUR **Sérákvæði um tilteknar afurðir** 53

I. undirþáttur **Sérákvæði um innflutning í korn- og hrísgrjónageirunum** 53

II. undirþáttur **Fríðindafyrirkomulag á innflutningi sykurs** 54

III. undirþáttur **Sérákvæði um innflutning á hampi** 55

IV. undirþáttur **Sérákvæði um innflutning á humlum** 55

V. ÞÁTTUR **Verndarráðstafanir og innri aðvinnsla** 55

III. KAFLI ***Útflutningur*** 56

I. ÞÁTTUR **Útflutningsleyfi** 56

II. ÞÁTTUR **Útflutningsendurgreiðslur** 56

III. ÞÁTTUR **Stjórnun útflutningskvóta í mjólkur- og mjólkurafurðageiranum** 59

IV. ÞÁTTUR **Sérstök meðferð við innflutning til þriðja landa** 59

V. ÞÁTTUR **Sérákvæði um lifandi plöntur** 59

VI. ÞÁTTUR **Ytri aðvinnsla** 60

IV. HLUTI **SAMKEPPNISREGLUR** 60

I. KAFLI ***Reglur sem gilda um fyrirtæki*** 60

II. KAFLI ***Reglur um ríkisaðstoð*** 61

V. HLUTI **SÉRTÆK ÁKVÆÐI FYRIR EINSTAKA GEIRA** 62

VI. HLUTI **ALMENN ÁKVÆÐI** 64

VII. HLUTI **FRAMKVÆMDAR-, UMBREYTINGAR- OG LOKAÁKVÆÐI** 64

I. KAFLI ***Framkvæmdarákvæði*** 64

II. KAFLI ***Umbreytingar- og lokaákvæði*** 65

I. VIÐAUKI **SKRÁ YFIR AFURÐIR SEM UM GETUR Í 1. mgr. 1. gr.** 67

I. hluti: **Korn** 67

II. hluti: **Hrísgrjón** 69

III. hluti: **Sykur** 69

IV. hluti: **Þurrkað fóður** 70

V. hluti: **Fræ** 70

VI. hluti: **Humlar** 71

VII. hluti: **Ólífuolía og ólífur til átu** 71

VIII. hluti: **Lín og hampur til trefjaframleiðslu** 72

IX. hluti: **Aldin og grænmeti** 72

X. hluti: **Unnar afurðir úr aldinum og grænmeti** 73

XI. hluti: **Bananar** 75

XII. hluti: **Vín** ... 75

XIII. hluti: **Lifandi tré og aðrar plöntur; blómlaukar, rætur og þess háttar; afskorin blóm og lauf til skrauts** ... 76

XIV. hluti: **Hrátóbak** ... 76

XV. hluti: **Nautakjöt og kálfakjöt** ... 76

XVI. hluti: **Mjólk og mjólkurafurðir** ... 76

XVII. hluti: **Svínakjöt** ... 77

XVIII. hluti: **Kindakjöt og geitakjöt** ... 78

XIX. hluti: **Egg** ... 78

XX. hluti: **Alifuglakjöt** ... 78

XXI. hluti: **Aðrar afurðir** ... 79

II. VIÐAUKI **SKRÁ YFIR AFURÐIR SEM UM GETUR Í 1. mgr. 3. GR.** ... 87

I. hluti: **Etanól úr landbúnaði** ... 87

II. hluti: **Býræktarafurðir** ... 87

III. hluti: **Silkiormar** ... 87

III. VIÐAUKI **SKILGREININGAR SEM UM GETUR Í 1. mgr. 2. GR.** ... 88

I. hluti: **Skilgreiningar varðandi hrísgrjónageirann** ... 88

II. hluti: **Skilgreiningar varðandi sykurgeirann** ... 89

III. hluti: **Skilgreiningar varðandi humlageirann** ... 90

IV. hluti: **Skilgreiningar varðandi nauta- og kálfakjötsgeirann** ... 90

V. hluti: **Skilgreiningar varðandi mjólkur- og mjólkurafurðageirann** ... 91

VI. hluti: **Skilgreiningar varðandi eggjageirann** ... 91

VII. hluti: **Skilgreiningar varðandi alifuglakjötsgeirann** ... 91

VIII. hluti: **Skilgreiningar varðandi býræktargeirann** ... 91

IV. VIÐAUKI **STÖÐLUÐ GÆÐI HRÍSGRJÓNA OG SYKURS** ... 93

A. **Stöðluð gæði hýðishrísgrjóna** ... 93

B. **Stöðluð gæði sykurs** ... 93

V. VIÐAUKI **MATSKERFI BANDALAGSINS FYRIR FLOKKUN SKROKKA SEM UM GETUR Í 42. GR.** ... 95

A. **Matskerfi Bandalagsins fyrir flokkun skrokka af fullvöxnum nautgripum** ... 95

B. **Matskerfi Bandalagsins fyrir flokkun skrokka af svínum** ... 96

C. **Matskerfi Bandalagsins fyrir flokkun skrokka af sauðfé** ... 97

VI. VIÐAUKI **LANDSBUNDNIR OG SVÆÐISBUNDNIR KVÓTAR SEM UM GETUR Í 56. GR. OG 59. GR.** ... 99

VII. VIÐAUKI **VIÐBÓTARKVÓTAR FYRIR ÍSÓGLÚKÓSA SEM UM GETUR Í 2. MGR. 58. GR.** ... 99

VIII. VIÐAUKI **ÍTARLEGAR REGLUR VARÐANDI FRAMSAL Á SYKUR- EÐA ÍSÓGLÚKÓSAKVÓTUM Í SAMRÆMI VIÐ 60. GR.** ... 100

IX. VIÐAUKI **LANDSBUNDNIR KVÓTAR OG MAGN Í ENDURSKIPULAGNINGAR-SJÓÐI SEM UM GETUR Í 66. GR.** ... 102

X. VIÐAUKI **VIÐMIÐUNARFITUINNIHALD SEM UM GETUR Í 70. GR.** ... 103

XI. VIÐAUKI ... 104

A **Skipting tryggðs hámarkmagns milli aðildarríkjanna sem um getur í 1. mgr. 94. gr.** ... 104

B. **Skipting tryggðs hámarkmagns milli aðildarríkjanna sem um getur í 89. gr.** ... 104

XII. VIÐAUKI **SKILGREININGAR OG HEITI AÐ ÞVÍ ER VARÐAR MJÓLK OG MJÓLKURAFURÐIR SEM UM GETUR Í 1. mgr. 114. GR.** ... 105

XIII. VIÐAUKI **SETNING MJÓLKUR TIL MANNELDIS, SEM UM GETUR Í 2. MGR. 114. GR., Á MARKAÐ** ... 107

XIV. VIÐAUKI **MARKAÐSSTAÐLAR UM AFURÐIR ÚR EGGJA- OG ALIFUGLA-KJÖTSGEIRUNUM SEM UM GETUR Í 116. GR.** ... 109

A. **Markaðsstaðlar um egg hæna af tegundinni Gallus gallus** ... 109

B. **Markaðsstaðlar um alifuglakjöt** ... 110

C. **Staðlar um framleiðslu og setningu útungunareggja og unga alifugla í heimilisgörðum á markað** ... 111

XV. VIÐAUKI **MARKAÐSSTAÐLAR SEM GILDA UM SMYRJANLEGA FITU SEM UM GETUR Í 115. GR.** ... 112

Viðbætir við XV. viðauka ... 114

XVI. VIÐAUKI **LÝSINGAR OG SKILGREININGAR Á ÓLÍFUOLÍU OG ÓLÍFUHRATOLÍU SEM UM GETUR Í 118. GR.** ... 115

XVII. VIÐAUKI **INNFLUTNINGSGJÖLD Á HRÍSGRJÓN SEM UM GETUR Í 137. OG 139. GR.** ... 116

XVIII. VIÐAUKI **YRKI BASMATI-HRÍSGRJÓNA SEM UM GETUR Í 138. GR.** ... 117

XIX. VIÐAUKI **RÍKI SEM UM GETUR Í 153. GR. (3. MGR.) OG 154. GR. (b-LIÐ 1. mgr.) OG Í 12. LIÐ II. hluta III.VIÐAUKA** ... 118

XX. VIÐAUKI **SKRÁ YFIR VÖRUR ÚR GEIRUM KORNS, HRÍSGRJÓNA, SYKURS, MJÓLKUR OG EGGJA AÐ ÞVÍ ER VARÐAR ii-lið a-liðar 26. GR. OG AÐ ÞVÍ ER VARÐAR VEITINGU ENDURGREIÐSLNA VEGNA ÚTFLUTNINGS SEM UM GETUR Í II. ÞÆTTI III. KAFLA III. hluta** ... 119

I. hluti: Korn ... 119

II. hluti: Hrísgrjón ... 122

III. hluti: Sykur ... 123

IV. hluti: **Mjólk** ... 125

V. hluti: **Egg** ... 127

XXI. VIÐAUKI **SKRÁ YFIR TILTEKNAR VÖRUR, SEM INNIHALDA SYKUR, VEGNA VEITINGAR ÚTFLUTNINGSENDURGREIÐSLNA SEM UM GETUR Í II. ÞÆTTI III. KAFLA III. hluta** ... 128

XXII. VIÐAUKI **SAMSVÖRUNARTÖFLURNAR SEM UM GETUR Í 202. GR.** ... 129

I. HLUTI

INNGANGSÁKVÆÐI

1. gr.

Gildissvið

1. Með þessari reglugerð er komið á sameiginlegu markaðskerfi fyrir vörur í eftirfarandi geirum eins og frekar er kveðið á um í I. viðauka, þ.e. geirum:

a) korns, I. hluti I. viðauka,

b) hrísgrjóna, II. hluti I. viðauka,

c) sykurs, III. hluti I. viðauka,

d) þurrkaðs fóðurs, IV. hluti I. viðauka,

e) fræs, V. hluti I. viðauka,

f) humla, VI. hluti I. viðauka,

g) ólífuolíu og ólífa til átu, VII. hluti I. viðauka,

h) líns og hamps, VIII. hluti I. viðauka,

i) aldina og grænmetis, IX. hluti I. viðauka,

j) unninna afurða úr aldinum og grænmeti, X. hluti I. viðauka,

k) banana, XI. hluti I. viðauka,

l) víns, XII. hluti I. viðauka,

m) lifandi plantna og blómaræktarvara, XIII. hluti I. viðauka (hér á eftir nefndur geiri lifandi plantna),

n) hrátóbaks, XIV. hluti I. viðauka,

o) nauta- og kálfakjöts, XV. hluti I. viðauka,

p) mjólkur og mjólkurafurða, XVI. hluti I. viðauka,

q) svínakjöts, XVII. hluti I. viðauka,

r) kinda- og geitakjöts, XVIII. hluti I. viðauka,

s) eggja, XIX. hluti I. viðauka,

t) alifuglakjöts, XX. hluti I. viðauka,

u) annarra afurða, XXI. hluti I. viðauka.

2. Þegar um er að ræða geira aldina og grænmetis, geira unninna afurða úr aldinum og grænmeti og víngeirann gildir einungis 195. gr. þessarar reglugerðar.

3. Í þessari reglugerð er kveðið á um sértækar ráðstafanir fyrir eftirfarandi geira sem eru tilgreindir og, eftir atvikum, skilgreindir frekar í II. viðauka, þ.e. geira:

a) etanóls úr landbúnaði, I. hluti II. viðauka (hér á eftir nefndur etanólgeiri landbúnaðarins),

b) býræktarafurða, II. hluti II. viðauka (hér á eftir nefndur býræktargeiri),

c) silkiorma, III. hluti II. viðauka.

2. gr.

Skilgreiningar

1. Að því er varðar beitingu þessarar reglugerðar gilda skilgreiningarnar varðandi tiltekna geira sem settar eru fram í III. viðauka.

2. Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „bóndi“: bóndi eins og hann er skilgreindur í reglugerð (EB) nr. 1782/2003,

b) „greiðslustofnun“: aðili eða aðilar sem aðildarríki útnefndir í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1290/2005,

c)„íhlutunarverð“: verð á afurðum í uppkaupum innan ramma opinberrar íhlutunar.

3. gr.

Markaðsár

Eftirfarandi markaðsár skulu fastsett:

a) 1. janúar til 31. desember á tilteknu ári fyrir bananageirann,

b) 1. apríl til 31. mars árið eftir fyrir:

i. geira þurrkaðs fóðurs og

ii. silkiormageirann,

c) 1. júlí til 30. júní árið eftir fyrir:

i. korngeirann,

ii. frægeirann,

iii. geira ólífuolíu og ólífa til átu,

iv. lín- og hampgeirann og

v. mjólkur- og mjólkurafurðageirann,

d) 1. september til 31.ágúst árið eftir fyrir hrísgrjónageirann og

e) 1. október til 30. september árið eftir fyrir sykurgeirann.

4. gr.

Heimildir framkvæmdastjórnarinnar

Ef framkvæmdastjórninni eru veittar valdheimildir skal hún taka ákvörðun í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 195. gr. nema kveðið sé á um annað í þessari reglugerð.

5. gr.

Framkvæmdarreglur

Framkvæmdastjórnin getur samþykkt ítarlegar reglur varðandi beitingu 2. gr.

Framkvæmdastjórnin getur breytt skilgreiningum varðandi hrísgrjón, sem settar eru fram í I. hluta III. viðauka, og skilgreiningunni á „sykri frá AKK-ríkjum (ríkjum í Afríku, Karíbahafi og Kyrrahafi) og Indlandi“ sem sett er fram í 12. lið II. hluta þess viðauka.

Framkvæmdastjórnin getur einnig fastsett umreikningsgengi fyrir hrísgrjón á ýmsum vinnslustigum og vinnslukostnað og verðmæti aukaafurða.

II. HLUTI

INNRI MARKAÐUR

I. BÁLKUR

MARKAÐSÍHLUTUN

I. KAFLI

OPINBER ÍHLUTUN OG EINKAGEYMSLA

I. ÞÁTTUR

ALMENN ÁKVÆÐI

6. gr.

Gildissvið

1. Í þessum kafla er mælt fyrir um reglur um uppkaup innan ramma opinberrar íhlutunar og veitingu aðstoðar vegna einkageymslu, eftir atvikum, að því er varðar geira:

a) korns,

b) hrísgrjóna,

c) sykurs,

d) ólífuolíu og ólífa til átu,

e) nauta- og kálfakjöts,

f) mjólkur og mjólkurafurða,

g) svínakjöts,

h) kinda- og geitakjöts.

2. Í þessum kafla er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „korn“: korn sem er uppskorið í Bandalaginu,

b) „mjólk“: kúamjólk sem er framleidd í Bandalaginu,

c) „undanrenna“: undanrenna sem er fengin beint og eingöngu úr kúamjólk sem er framleidd í Bandalaginu,

d) „rjómi“. rjómi sem er fenginn beint og eingöngu úr mjólk.

7. gr.

Uppruni í Bandalaginu

Með fyrirvara um 2. mgr. 6. gr. skulu aðeins þær afurðir, sem eru upprunnar í Bandalaginu, teljast hæfar fyrir uppkaup innan ramma opinberrar íhlutunar eða til veitingar aðstoðar vegna einkageymslu á þeim.

8. gr.

Viðmiðunarverð

1. Eftirfarandi viðmiðunarverð skal fastsett fyrir afurðir sem falla undir íhlutunarráðstafanirnar sem um getur í 1. mgr. 6. gr.:

a) að því er varðar korngeirann:

101,31 evrur á tonn, sem hækkar mánaðarlega líkt og hér segir:

– í nóvember: um 0,46 evrur á tonn,

– í desember: um 0,92 evrur á tonn,

– í janúar: um 1,38 evrur á tonn,

– í febrúar: um 1,84 evrur á tonn,

– í mars: um 2,30 evrur á tonn,

– í apríl: um 2,76 evrur á tonn,

– í maí: um 3,22 evrur á tonn,

– í júní: um 3,22 evrur á tonn.

Viðmiðunarverðið, sem gildir fyrir maís og dúrru í júní, gildir áfram í júlí, ágúst og september sama ár;

b) að því er varðar hýðishrísgrjón, 150 evrur á tonn fyrir stöðluð gæði sem eru skilgreind í A-lið IV. viðauka,

c) að því er varðar sykur:

i. fyrir hvítan sykur:

– 541,5 evrur á tonn fyrir markaðsárið 2008/2009,

– 404,4 evrur á tonn frá og með markaðsárinu 2009/2010,

ii. fyrir hrásykur:

– 448,8 evrur á tonn fyrir markaðsárið 2008/2009,

– 335,2 evrur á tonn frá og með markaðsárinu 2009/2010.

Viðmiðunarverðið, sem mælt er fyrir um í i. og ii. liðum gildir fyrir ópakkaðan sykur, frá verksmiðju, af stöðluðum gæðum sem eru skilgreind í B-lið IV. viðauka;

d) að því er varðar nauta- og kálfakjötsgeirann: 2224 evrur á tonn af nautsskrokkum í flokki R3 eins og mælt er fyrir um í matskerfi Bandalagsins fyrir flokkun skrokka af fullvöxnum nautgripum sem kveðið er á um í a-lið 1. mgr. 42. gr.,

e) að því er varðar mjólkur- og mjólkurafurðageirann:

i. 246,39 evrur á hver 100 kg af smjöri,

ii. 174,69 evrur á hver 100 kg af undanrennudufti,

f) Að því er varðar svínakjötsgeirann, 1509,39 evrur á hvert tonn af svínaskrokkum af stöðluðum gæðum sem eru skilgreind með tilliti til þyngdar og hlutfalls magurs kjöts í samræmi við matskerfi Bandalagsins fyrir flokkun svínaskrokka, sem kveðið er á um í b-lið 1. mgr. 42. gr., eins og hér segir:

i. skrokkar sem vega frá 60–120 kg: E-flokkur, eins og mælt er fyrir um í B-lið II. hluta V. viðauka,

ii. skrokkar sem vega frá 120–180 kg: R-flokkur, eins og mælt er fyrir um í B-lið II. hluta V. viðauka.

2. Viðmiðunarverðið fyrir korn og hrísgrjón, sem um getur í a- og b-lið 1. mgr., skal varða heildsölustigið þegar um er að ræða vörur sem eru afhentar í vörugeymslu en ekki affermdar. Þetta viðmiðunarverð gildir fyrir allar íhlutunarstöðvar Bandalagsins sem eru tilnefndar í samræmi við 41. gr.

3. Ráðið getur, með ákvörðun í samræmi við málsmeðferðina sem kveðið er á um í 2. mgr. 37. gr. sáttmálans, breytt viðmiðunarverðinu, sem er fastsett í 1. mgr. þessarar greinar, í ljósi þróunar í framleiðslu og á mörkuðum.

9. gr.

Tilkynningar um verð á sykurmarkaði

Framkvæmdastjórnin skal setja upp upplýsingakerfi fyrir verð á sykurmarkaði, þ.m.t. kerfi fyrir birtingu verðlags á sykurmarkaði.

Kerfið skal byggjast á upplýsingum frá fyrirtækjum, sem framleiða hvítan sykur, eða frá öðrum rekstraraðilum í sykurviðskiptum. Farið skal með þessar upplýsingar sem trúnaðarmál.

Framkvæmdastjórnin skal sjá til þess að ekki sé hægt að tengja útgefnar upplýsingar við verð hjá einstaka fyrirtækjum eða rekstraraðilum.

II. ÞÁTTUR

OPINBER ÍHLUTUN

I. UNDIRÞÁTTUR

ALMENN ÁKVÆÐI

10. gr.

Afurðir sem eru hæfar fyrir opinbera íhlutun

1. Beita má opinberri íhlutun að því er varðar eftirfarandi afurðir, að uppfylltum þeim skilyrðum, sem mælt er fyrir um í þessum þætti, og frekari kröfum og skilyrðum sem framkvæmdastjórnin skal ákveða í samræmi við 43. gr.:

a) hveiti, harðhveiti, bygg, maís og dúrru,

b) hýðishrísgrjón,

c) hvítan sykur eða hrásykur, að því tilskildu að sykurinn, sem um er að ræða, hafi verið framleiddur samkvæmt kvóta og úr sykurrófum eða sykurreyr, uppskornum í Bandalaginu,

d) nýtt eða kælt kjöt úr nauta- og kálfakjötsgeiranum sem fellur undir SAT-númerin 02011000 og 02012020 til 02012050,

e) smjör sem er framleitt beint og eingöngu úr gerilsneyddum rjóma hjá viðurkenndu fyrirtæki í Bandalaginu

og inniheldur að lágmarki 82% smjörfitu, miðað við þyngd, og að hámarki 16% vatn miðað við þyngd,

f) úðaþurrkað undanrennuduft í hæsta gæðaflokki sem er framleitt beint og eingöngu úr undanrennu hjá viðurkenndu fyrirtæki í Bandalaginu og inniheldur að lágmarki 35,6% af prótíni miðað við þyngd fitulausra þurrefna.

2. Beita má opinberri íhlutun í svínakjötsgeiranum, að uppfylltum þeim skilyrðum, sem kveðið er á um í þessum þætti, og frekari kröfum og skilyrðum sem framkvæmdastjórnin skal ákveða í samræmi við 43. gr., að því er varðar heila og hálfa skrokka, nýja eða kælda, sem falla undir SAT-númerið 02031110, slög, ný eða kæld, sem falla undir SAT-númer úr 02031915, og óbrædda svínafitu, nýja eða kælda, sem fellur undir SAT-númer úr 02090011.

II. UNDIRÞÁTTUR

UPPHAF OG TÍMABUNDIN STÖÐVUN UPPKAUPA

11. gr.

Korn

1. Þegar um er að ræða korn skal opinber íhlutun fara fram:

a) frá 1. ágúst til 30. apríl, að því er varðar Grikkland, Spán og Ítalíu,

b) frá 1. desember til 30. júní, að því er varðar Svíþjóð,

c) frá 1. nóvember til 31. maí að því er varðar önnur aðildarríki.

Uppkaup á maís innan ramma opinberrar íhlutunar skulu þó einungis vera upp að eftirfarandi mörkum:

a) 700 000 tonn fyrir markaðsárið 2008/2009,

b) 0 tonn frá og með markaðsárinu 2009/2010.

2. Ef íhlutunartímabilið í Svíþjóð leiðir til þess að korni frá öðrum aðildarríkjum er beint til íhlutunar í Svíþjóð skal framkvæmdastjórnin samþykkja ráðstafanir til að ráða bót á því.

12. gr.

Hrísgrjón

Þegar um er að ræða hýðishrísgrjón skal opinber íhlutun fara fram á tímabilinu 1. apríl til 31. júlí. Þó skulu uppkaup innan ramma opinberrar íhlutunar einungis vera upp að mörkum sem eru 75 000 tonn á hverju tímabili.

13. gr.

Sykur

1. Þegar um er að ræða sykur skal opinber íhlutun fara fram á markaðsárunum 2008/2009 og 2009/2010. Þó skal opinber íhlutun einungis vera upp að mörkum sem nema 600 000 tonnum, gefið upp í hvítum sykri, á hverju markaðsári.

2. Sykur, sem er geymdur í samræmi við 1. mgr. á tilteknu markaðsári, skal ekki falla undir aðrar geymsluráðstafanir sem kveðið er á um í 32. gr., 52. gr. eða 63. gr.

14. gr.

Nauta- og kálfakjöt

1. Þegar um er að ræða nauta- og kálfakjöt skal framkvæmdastjórnin hefja opinbera íhlutun, án aðstoðar nefndarinnar sem um getur í 1. mgr. 195. gr., ef meðalmarkaðsverð, sem er skráð á grundvelli matskerfis Bandalagsins fyrir flokkun skrokka, sem kveðið er á um í 1. mgr. 42. gr., fer undir 1560 evrur á tonn í aðildarríki eða á svæði í aðildarríki á samfelldu, tveggja vikna tímabili.

2. Framkvæmdastjórnin skal ljúka opinberri íhlutun, án aðstoðar nefndarinnar sem um getur í 1. mgr. 195. gr., ef skilyrðin, sem kveðið er á um í 1. mgr., hafa ekki verið uppfyllt í a.m.k. viku.

15. gr.

Smjör

1. Þegar um er að ræða smjör skal framkvæmdastjórnin hefja opinbera íhlutun, án aðstoðar nefndarinnar sem um getur í 1. mgr. 195. gr., í hlutaðeigandi aðildarríki eða aðildarríkjum á tímabilinu 1. mars til 31. ágúst ef markaðsverð á smjöri í einu eða fleiri aðildarríkjum er lægra á dæmigerðu tímabili en 92% af viðmiðunarverðinu.

2. Þegar markaðsverð á smjöri í hlutaðeigandi aðildarríki á dæmigerðu tímabili er 92% af viðmiðunarverðinu eða hærra skal framkvæmdastjórnin, án aðstoðar nefndarinnar sem um getur í 1. mgr. 195. gr., stöðva tímabundið uppkaup innan ramma opinberrar íhlutunar.

Ef magnið, sem býðst til íhlutunar á því tímabili, sem mælt er fyrir um í 1. mgr., er meira en 30 000 tonn getur framkvæmdastjórnin auk þess stöðvað tímabundið uppkaup innan ramma opinberrar íhlutunar. Í því tilviki geta uppkaup farið fram á grundvelli útboðsferlis samkvæmt forskriftum sem framkvæmdastjórnin skal ákveða.

3. Framkvæmdastjórnin skal mæla fyrir um ítarlegar reglur um ákvörðun markaðsverðs fyrir smjör.

16. gr.

Undanrennuduft

Þegar um er að ræða undanrennuduft skal opinber íhlutun fara fram á tímabilinu 1. mars til 31. ágúst.

Þó getur framkvæmdastjórnin stöðvað opinbera íhlutun tímabundið um leið og magnið, sem býðst til íhlutunar á því tímabili, fer yfir 109 000 tonn. Í því tilviki geta uppkaup farið fram á grundvelli útboðsferlis samkvæmt forskriftum sem framkvæmdastjórnin skal ákveða.

17. gr.

Svínakjöt

Framkvæmdastjórnin getur ákveðið að hefja opinber uppkaup í svínakjötsgeiranum þegar meðalmarkaðsverð í Bandalaginu fyrir svínaskrokka, sem er fastsett með hliðsjón af verðinu sem er skráð í hverju aðildarríki á dæmigerðum mörkuðum Bandalagsins og vegið með reiknistuðlum sem endurspegla hlutfallslega stærð svínahjarðarinnar í hverju aðildarríki, er lægra en 103% af viðmiðunarverðinu og líklegt er að svo verði áfram.

III. UNDIRÞÁTTUR

ÍHLUTUNARVERÐ

18. gr.

Korn

Íhlutunarverðið fyrir korn skal vera jafnt viðmiðunarverðinu, án þess að það hafi áhrif á verðhækkanir eða verðlækkanir af ástæðum er varða gæði.

19. gr.

Hrísgrjón

Íhlutunarverðið fyrir hrísgrjón skal vera jafnt viðmiðunarverðinu.

Ef gæði vörunnar, sem greiðslustofnuninni stendur til boða, eru önnur en stöðluðu gæðin sem eru skilgreind í A-lið IV. viðauka skal íhlutunarverðið þó hækkað eða lækkað í samræmi við það.

Enn fremur getur framkvæmdastjórnin fastsett hækkun og lækkun íhlutunarverðs til að tryggja að framleiðslan beinist að tilteknum tegundum.

20. gr.

Sykur

Íhlutunarverð fyrir sykur skal vera 80% af fastsettu viðmiðunarverði fyrir markaðsárið á eftir markaðsárinu þegar tilboðið er lagt fram.

Ef gæði sykursins, sem greiðslustofnuninni stendur til boða, eru önnur en stöðluðu gæðin, sem eru skilgreind í B-lið IV. viðauka og sem viðmiðunarverðið er fastsett fyrir, skal íhlutunarverðið hækkað eða lækkað í samræmi við það.

21. gr.

Nauta- og kálfakjöt

1. Framkvæmdastjórnin skal nota útboðsaðferðir til að ákvarða íhlutunarverð fyrir nauta- og kálfakjöt og magnið sem er samþykkt til íhlutunar. Við sérstakar aðstæður má fastsetja það fyrir hvert aðildarríki eða hvert svæði aðildarríkis á grundvelli skráðs meðalmarkaðsverðs.

2. Einungis er hægt að samþykkja tilboð sem eru jöfn eða lægri en meðalmarkaðsverðið sem er skráð í aðildarríki eða á svæði í aðildarríki og hækkað um fjárhæð sem framkvæmdastjórnin skal ákvarða á grundvelli hlutlægra viðmiðana.

22. gr.

Smjör

Með fyrirvara um ákvörðun íhlutunarverðsins með útboðsaðferð í því tilviki, sem um getur í annarri undirgrein 2. mgr. 15. gr., skal íhlutunarverðið fyrir smjör vera 90% af viðmiðunarverðinu.

23. gr.

Undanrennuduft

Með fyrirvara um ákvörðun íhlutunarverðsins með útboðsaðferð í því tilviki, sem um getur í 2. mgr. 16. gr., skal íhlutunarverðið fyrir undanrennuduft vera jafnt viðmiðunarverðinu.

Ef raunverulegt prótíninnihald er minna en lágmarksinnihald prótíns, sem er 35,6% miðað við þyngd og fastsett í f-lið 10. gr., en ekki minna en 31,4% miðað við þyngd af fitulausum þurrefnum skal íhlutunarverðið vera jafnt viðmiðunarverðinu, lækkuðu um 1,75% fyrir hvern hundraðshluta sem prótíninnihaldið er minna en 35,6% miðað við þyngd.

24. gr.

Svínakjöt

1. Framkvæmdastjórnin skal fastsetja íhlutunarverð í svínakjötsgeiranum fyrir svínaskrokka af stöðluðum gæðum. Íhlutunarverðið má ekki vera hærra en 92% né lægra en 78% af viðmiðunarverði.

2. Fyrir afurðir af stöðluðum gæðum, aðrar en svínaskrokka, skal íhlutunarverðið leitt af íhlutunarverðinu fyrir svínaskrokka á grundvelli hlutfallsins milli söluverðmætis þessara afurða og söluverðmætis svínaskrokka.

3. Þegar um er að ræða aðrar afurðir en þær sem eru af stöðluðum gæðum skal íhlutunarverðið leitt af gildandi verði fyrir viðeigandi, stöðluð gæði með hliðsjón af muninum á gæðum í hlutfalli við stöðluðu gæðin. Þessi verð skulu gilda fyrir skilgreind gæði.

IV. UNDIRÞÁTTUR

SALA ÍHLUTUNARBIRGÐA

25. gr.

Almennar meginreglur

Sala afurða, sem eru keyptar upp innan ramma opinberrar íhlutunar, skal vera með þeim hætti að komist verði hjá hvers kyns röskun á markaði, svo að tryggja megi jafnan aðgang að

vörum og jafna meðferð kaupenda, og vera í samræmi við skuldbindingar sem leiðir af samningum sem gerðir eru í samræmi við 300. gr. sáttmálans.

26. gr.

Sala sykurs

Að því er varðar sykur, sem er keyptur upp innan ramma opinberrar íhlutunar, geta greiðslustofnanir einungis selt hann á verði sem er hærra en viðmiðunarverðið sem er fastsett fyrir markaðsárið þegar salan fer fram.

Þó getur framkvæmdastjórnin ákveðið að greiðslustofnanir:

a) megi selja sykur á verði sem er jafnhátt og viðmiðunarverðið, sem um getur í 1. mgr., eða lægra, ef sá sykur er ætlaður til:

   i. notkunar í fóður, eða

   ii. útflutnings, annaðhvort án frekari vinnslu eða eftir vinnslu í afurðir, sem eru tilgreindar í I. viðauka við sáttmálann, eða í afurðir sem eru tilgreindar í III. hluta XX. viðauka við þessa reglugerð,

b) skuli hafa óunninn sykur, sem þær hafa í vörslu sinni og er ætlaður til manneldis á innri markaði Bandalagsins, á boðstólum fyrir góðgerðarfélög, sem hlutaðeigandi aðildarríki viðurkennir eða framkvæmdastjórnin ef viðkomandi aðildarríki hefur ekki viðurkennt nein slík félög, á verði, sem er lægra en gildandi viðmiðunarverð, eða ókeypis ef sykrinum er dreift innan ramma sérstakra neyðaraðstoðaraðgerða.

27. gr.

Dreifing til þeirra sem eru verst staddir í Bandalaginu

1. Afurðir, sem eru hluti af íhlutunarbirgðum, skulu standa tilteknum, tilnefndum fyrirtækjum til boða til að unnt sé að dreifa matvælum, í samræmi við árlega áætlun, til þeirra sem eru verst staddir í Bandalaginu.

Afurðirnar, sem dreift er, skulu vera:

a) ókeypis eða

b) á verði sem má aldrei vera hærra en það verð sem telst réttlætanlegt með tilliti til þess kostnaðar sem tilnefnda fyrirtækið hefur stofnað til við framkvæmd aðgerðarinnar.

2. Útvega má afurð á markaði Bandalagsins:

a) ef hana skortir tímabundið í íhlutunarbirgðir Bandalagsins við framkvæmd árlegu áætlunarinnar, sem um getur í 1. mgr., en aðeins að því marki sem er nauðsynlegt fyrir framkvæmd áætlunarinnar í einu eða fleiri aðildarríkjum og að því tilskildu að kostnaðurinn sé innan marka þess kostnaðar sem gert er ráð fyrir í þessu skyni á fjárlögum Bandalagsins, eða

b) ef framkvæmd áætlunarinnar tekur til flutninga milli aðildarríkja á litlu magni af afurðum sem eru í íhlutunarbirgðum annars aðildarríkis en aðildarríkisins eða -ríkjanna þar sem afurðarinnar er þörf.

3. hlutaðeigandi aðildarríki skulu tilnefna fyrirtækin, sem um getur í 1. mgr., og tilkynna framkvæmdastjórninni um það á tilskildum tíma á hverju ári ef þau óska eftir því að nota þetta fyrirkomulag.

4. Tilnefndu fyrirtækin skulu fá afurðirnar, sem um getur í 1. og 2. mgr., afhentar ókeypis. Bókhaldsverðmæti slíkra afurða skal vera íhlutunarverðið, leiðrétt með reiknistuðlum, ef nauðsyn krefur, til að taka tillit til mismunandi gæða.

5. Með fyrirvara um 190. gr. skulu afurðirnar, sem standa til boða skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar, fjármagnaðar með fjárveitingum undir viðeigandi fjárhagsáætlunarlið fyrir Ábyrgðarsjóð evrópsks landbúnaðar á fjárlögum Evrópubandalaganna. Einnig er hægt að setja ákvæði um að þessi fjármögnun komi á móti kostnaði við flutninga afurða frá íhlutunarstöðvum og umsýslukostnaði tilnefndra fyrirtækja sem fellur til við framkvæmd fyrirkomulagsins sem kveðið er á um í þessari grein, að undanskildum kostnaði sem þeir sem njóta góðs af fyrirkomulaginu bera hugsanlega innan ramma beitingar 1. og 2. mgr.

III. ÞÁTTUR

EINKAGEYMSLA

I. UNDIRÞÁTTUR

SKYLDUBUNDIN AÐSTOÐ

28. gr.

Aðstoðarhæfar afurðir

Veita skal aðstoð til einkageymslu fyrir eftirfarandi afurðir, að uppfylltum þeim skilyrðum, sem kveðið er á um í þessum þætti, og frekari kröfum og skilyrðum sem framkvæmdastjórnin samþykkir í samræmi við 43. gr.:

a) að því er varðar:

   i. rjóma,

   ii. ósaltað smjör sem er framleitt úr rjóma eða mjólk hjá viðurkenndu fyrirtæki í Bandalaginu og er að lágmarki með 82% smjörfituinnihaldi, miðað við þyngd, og að hámarki með 16% vatnsinnihaldi miðað við þyngd,

   iii. saltað smjör sem er framleitt úr rjóma eða mjólk hjá viðurkenndu fyrirtæki í Bandalaginu og er að lágmarki með 80% smjörfituinnihaldi, miðað við þyngd, að hámarki með 16% vatnsinnihaldi, miðað við þyngd, og að hámarki með 2% saltinnihaldi miðað við þyngd,

b) að því er varðar ost:

i. Grana Padano ost sem er a.m.k. níu mánaða gamall,

ii. Parmigiano Reggiano ost sem er a.m.k. 15 mánaða gamall,

iii. Provolone-ost sem er a.m.k. þriggja mánaða gamall.

29. gr.

Skilyrði fyrir aðstoð og umfang aðstoðar vegna rjóma og smjörs

Framkvæmdastjórnin skal ákvarða hvaða landsbundnu gæðaflokkar fyrir smjör uppfylla skilyrði fyrir aðstoð. Smjörið skal merkt samkvæmt því.

Framkvæmdastjórnin skal fastsetja fjárhæð aðstoðar vegna rjóma og smjörs með hliðsjón af geymslukostnaði og líklegri þróun verðs á nýju smjöri og smjöri úr birgðum.

Hafi orðið óhagstæð þróun á markaðinum þegar afurðin er flutt úr geymslu sem ekki var hægt að sjá fyrir þegar afurðin var sett í geymslu er heimilt að auka aðstoðina.

30. gr.

Skilyrði fyrir aðstoð og umfang aðstoðar vegna osts

Framkvæmdastjórnin skal mæla fyrir um skilyrðin fyrir aðstoð og fjárhæð aðstoðar sem greidd er vegna osts. Fjárhæð aðstoðar skal fastsett með hliðsjón af geymslukostnaði og líklegri þróun markaðsverðs.

Greiðslustofnunin, sem er tilnefnd af aðildarríkinu, þar sem umræddir ostar eru framleiddir og þar sem þessir sömu ostar uppfylla skilyrði fyrir merkingu með upprunatákni, skal hrinda í framkvæmd ráðstöfunum framkvæmdastjórnarinnar skv. 1. mgr.

II. UNDIRÞÁTTUR

VALKVÆÐ AÐSTOÐ

31. gr.

Aðstoðarhæfar afurðir

1. Veita má aðstoð til einkageymslu fyrir eftirfarandi afurðir, að uppfylltum þeim skilyrðum, sem kveðið er á um í þessum þætti, og frekari kröfum og skilyrðum sem framkvæmdastjórninni samþykkir í samræmi við 43. gr.,

a) hvítan sykur,

b) ólífuolíu,

c) nýtt eða kælt kjöt af fullvöxnum nautgripum, sem er afgreitt í heilum skrokkum, hálfum skrokkum, fjórðungspörtum (e. compensated quarters), þ.e. frampörtum og afturpörtum, sem er flokkað samkvæmt matskerfi Bandalagsins fyrir flokkun skrokka af fullvöxnum nautgripum sem kveðið er á um í 1. mgr. 42. gr.

d) undanrennuduft í hæsta gæðaflokki sem er framleitt beint og einungis úr undanrennu hjá viðurkenndu fyrirtæki í Bandalaginu,

e) ostar, sem eru látnir þroskast lengi, og ostar sem eru framleiddir úr kinda- og/eða geitamjólk og þurfa að þroskast í a.m.k. sex mánuði,

f) svínakjöt,

g) kinda- og geitakjöt.

Framkvæmdastjórnin getur breytt listanum yfir afurðirnar, sem mælt er fyrir um í c-lið 1. mgr., ef markaðsaðstæður krefjast þess.

2. Framkvæmdastjórnin skal fastsetja aðstoð vegna einkageymslu, sem kveðið er á um í 1 . mgr., fyrir fram eða með útboðsaðferðum.

Þegar um er að ræða afurðirnar sem mælt er fyrir um í d- og e-lið í 1. mgr. skal aðstoðin fastsett með hliðsjón af geymslukostnaði og:

i. líklegri þróun verðs á undanrennudufti,

ii. jafnvæginu sem skal viðhaldið milli osta, sem aðstoð fæst fyrir, og annarra osta sem koma á markaðinn.

32. gr.

Skilyrði fyrir aðstoð vegna hvíts sykurs

1. Ef skráð meðalverð Bandalagsins fyrir hvítan sykur er undir viðmiðunarverði á dæmigerðu tímabili og líklegt er að svo verði áfram, að teknu tilliti til markaðsaðstæðna, getur framkvæmdastjórnin ákveðið að veita aðstoð vegna einkageymslu á hvítum sykri til fyrirtækja sem fá úthlutað sykurkvóta.

2. Sykur, sem er geymdur í samræmi við 1. mgr. á markaðsári, skal ekki falla undir aðrar geymsluráðstafanir sem kveðið er á um í 13. gr., 52. gr. eða 63. gr.

33. gr.

Skilyrði fyrir aðstoð vegna ólífuolíu

Verði alvarleg röskun á markaði á tilteknum svæðum Bandalagins getur framkvæmdstjórnin ákveðið að heimila aðilum, sem bjóða fram nægar ábyrgðir og sem aðildarríkin samþykkja, að gera samninga um geymslu á ólífuolíu sem þeir setja á markað, m.a. þegar skráð meðalverð á markaði á dæmigerðu tímabili er lægra en:

a) 1 779 evrur á tonn af hágæðajómfrúarolíu eða

b) 1 710 evrur á tonn af jómfrúarolíu, eða

c) 1 524 evrur á tonn af bómolíu sem inniheldur 2% óbundnar fitusýrur en þessi fjárhæð skal lækkuð um 36,70 evrur á hvert tonn fyrir hvern hundraðshluta til viðbótar af súrleika.

34. gr.

Skilyrði fyrir aðstoð vegna afurða úr nauta- og kálfakjötsgeiranum

Þegar meðalmarkaðsverð Bandalagsins, sem er skráð á grundvelli matskerfis Bandalagsins fyrir flokkun skrokka af fullvöxnum nautgripum, sem kveðið er á um í 1. mgr. 42. gr., er lægra en 103% viðmiðunarverðsins og líklegt er að svo verði áfram getur framkvæmdastjórnin ákveðið að veita aðstoð vegna einkageymslu.

35. gr.

Skilyrði fyrir aðstoð vegna undanrennudufts

Framkvæmdastjórnin getur ákveðið að veita aðstoð vegna einkageymslu á undanrennudufti, einkum ef þróun verðs og birgðastöðu afurðarinnar bendir til alvarlegs ójafnvægis á markaðinum sem hægt er að koma í veg fyrir eða minnka með árstíðabundinni geymslu.

36. gr.

Skilyrði fyrir aðstoð vegna osta

1. Ef þróun verðs og birgðastaða ostaafurða, sem um getur í e-lið 1. mgr. 31. gr., benda til alvarlegs ójafnvægis á markaðinum sem hægt er að eyða eða minnka með árstíðabundinni geymslu getur framkvæmdastjórnin ákveðið að veita aðstoð vegna einkageymslu.

2. Ef markaðsverð er hærra fyrir osta í geymslu þegar samningur um geymslu rennur út en ríkjandi verð þegar samningurinn var undirritaður getur framkvæmdastjórnin ákveðið að aðlaga fjárhæð aðstoðarinnar að því.

37. gr.

Skilyrði fyrir aðstoð vegna svínakjöts

Þegar meðalmarkaðsverð í Bandalaginu fyrir svínaskrokka, sem er fastsett með hliðsjón af verðinu sem er skráð í hverju aðildarríki á dæmigerðum mörkuðum Bandalagsins og vegið með reiknistuðli sem endurspeglar hlutfallslega stærð svínahjarðarinnar í hverju aðildarríki, er lægra en 103% viðmiðunarverðsins og líklegt er að svo verði áfram getur framkvæmdastjórnin ákveðið að veita aðstoð vegna einkageymslu.

38. gr.

Skilyrði fyrir aðstoð vegna kinda- og geitakjöts

Framkvæmdastjónin getur ákveðið að veita aðstoð vegna einkageymslu þegar um er að ræða sérlega erfiðar aðstæður á markaði fyrir kinda- og geitakjöt á einu eða fleiri eftirtalinna verðskráningarsvæða (e. quotation areas):

a) Stóra-Bretlandi,

b) Norður-Írlandi,

c) öllum öðrum aðildarríkjum, hverju fyrir sig, en Breska konungsríkinu.

IV. ÞÁTTUR

SAMEIGINLEG ÁKVÆÐI

39. gr.

Reglur varðandi geymslu

1. Greiðslustofnanir mega ekki geyma afurðir, sem þær hafa keypt upp, fyrir utan yfirráðasvæði aðildarríkisins sem hefur lögsögu yfir þeim nema þær hafi fengið fyrirframleyfi hjá framkvæmdastjórninni.

Yfirráðasvæði Belgíu og Lúxemborgar skulu teljast eitt aðildarríki að því er varðar þessa grein.

2. Leyfi skal veitt ef geymsla er nauðsynleg og að teknu tilliti til eftirfarandi þátta:

a) geymslumöguleika og geymsluþarfa í aðildarríkinu, sem hefur lögsögu yfir viðkomandi greiðslustofnun, og í öðrum aðildarríkjum,

b) hvers kyns aukakostnaðar vegna geymslu í aðildarríkinu, sem hefur lögsögu yfir greiðslustofnuninni, og vegna flutninga.

3. Leyfi til geymslu í þriðja landi skal einungis veitt ef geymsla í öðru aðildarríki, á grundvelli viðmiðananna sem settar eru fram í 2. mgr., myndi valda umtalsverðum vandræðum.

4. Upplýsingarnar, sem um getur í a-lið 2. mgr., skulu teknar saman eftir samráð við öll aðildarríkin.

5. Tollar og aðrar fjárhæðir, sem eru veittar eða lagðar á innan ramma sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar, gilda ekki um afurðir:

a) sem eru fluttar, að fengnu leyfi sem er veitt skv. 1., 2. og 3. mgr., eða

b) sem eru fluttar frá einni greiðslustofnun til annarrar.

6. Allar greiðslustofnanir, sem hafa nýtt sér 1., 2. og 3. mgr., skulu halda áfram að vera ábyrgar fyrir afurðum sem eru geymdar fyrir utan yfirráðasvæði aðildarríkisins sem hefur lögsögu yfir þeim.

7. Ef afurðir, sem greiðslustofnunin geymir fyrir utan yfirráðasvæði aðildarríkisins sem hefur lögsögu yfir henni, eru ekki fluttar aftur til þess aðildarríkis skulu þær seldar á því verði og með þeim skilyrðum sem hafa verið ákveðin eða verða ákveðin fyrir geymslustaðinn.

40. gr.

Reglur varðandi útboðsferli

Útboðsferli skulu tryggja jafnan aðgang allra hlutaðeigandi aðila.

Við val á tilboðum skulu þau tilboð, sem eru hagstæðust fyrir Bandalagið, hafa forgang. Ekki er víst að útboðsferlið leiði til veitingar samnings, hvað sem öðru líður.

41. gr.

Íhlutunarstöðvar

1. Framkvæmdastjórnin skal útnefna íhlutunarstöðvar í korn- og hrísgrjónageiranum og ákvarða skilyrðin þar að lútandi.

Af því er varðar afurðir úr korngeiranum getur framkvæmdastjórnin tilnefnt íhlutunarstöð fyrir hverja korntegund.

2. Við gerð skrár yfir íhlutunarstöðvar skal framkvæmdastjórnin einkum taka tillit til eftirfarandi þátta:

a) hvort stöðvarnar séu á svæðum með umframframleiðslu á viðkomandi afurðum,

b) hvort þær hafi aðgang að fullnægjandi húsnæði og tæknibúnaði,

c) hvort aðstæður séu hagstæðar með tilliti til flutningstækja.

42. gr.

Flokkun skrokka

1. Matskerfi Bandalagsins fyrir flokkun skrokka gildir, í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um í V. viðauka, í geirum:

a) nauta- og kálfakjöts, að því er varðar flokkun skrokka af fullvöxnum nautgripum,

b) svínakjöts að því er varðar önnur svín en þau sem hafa verið notuð til undaneldis.

Í kinda- og geitakjötsgeiranum getur aðildarríki beitt matskerfi Bandalagsins fyrir flokkun skrokka, þegar um er að ræða kindaskrokka, í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um í C-lið V. viðauka.

2. Skoðunarnefnd Bandalagsins, sem í eru sérfræðingar frá framkvæmdastjórninni og sérfræðingar sem aðildarríkin tilnefna, skulu fara í vettvangsskoðanir með tilliti til flokkunar skrokka af fullvöxnum nautgripum og sauðfé. Þessi nefnd skal skila skýrslu til framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna um skoðanirnar sem hafa verið framkvæmdar.

Bandalagið skal bera þann kostnað sem fellur til vegna skoðana sem hafa verið framkvæmdar.

43. gr.

Framkvæmdarreglur

Með fyrirvara um sértækar heimildir, sem framkvæmdastjórninni eru veittar með ákvæðum þessa kafla, skal framkvæmdastjórnin samþykkja ítarlegar reglur varðandi framkvæmd hans sem einkum kunna að ná yfir:

a) kröfur og skilyrði sem afurðir skulu uppfylla, og einnig skrá yfir afurðir þegar um er að ræða svínakjöt, til að unnt sé að kaupa þær upp innan ramma opinberrar íhlutunar, eins og um getur í 10. gr., eða veita aðstoð til einkageymslu fyrir þær eins og um getur í 28. gr. og 31. gr., einkum með tilliti til gæða, gæðaflokka, flokka, magns, umbúða, þ.m.t. merkingar, hámarksaldurs, geymsluþols, framleiðslustigs afurðarinnar, sem íhlutunarverðið tekur til, og lengd tímabils í einkageymslu,

b) breytingar á B-hluta IV. viðauka,

c) töflu yfir viðeigandi verðhækkanir og -lækkanir eftir atvikum,

d) málsmeðferð og skilyrði fyrir yfirtöku greiðslustofnana innan ramma opinberrar íhlutunar og veitingu aðstoðar vegna einkageymslu, einkum:

   i. að því er varðar niðurstöðu og innihald samninga,

   ii. lengd tímabils í einkageymslu og skilyrðin sem gilda um styttingu og lengingu slíkra tímabila eftir að þau hafa verið skilgreind í samningunum,

   iii. skilyrðin sem segja til um að ákveða megi að setja afurðir, sem falla undir einkageymslusamninga, aftur á markað eða farga þeim,

   iv. aðildarríki þar sem lögð hefur verið fram beiðni um einkageymslu,

e) samþykkt skrárinnar yfir dæmigerða markaði sem um getur í 17. og 37. gr.,

f) reglur að því er varðar skilyrði fyrir sölu afurða sem eru keyptar upp innan ramma opinberrar íhlutunar, einkum að því er varðar söluverð, skilyrði fyrir afhendingu úr geymslu, eftir því sem við á, eftirfylgjandi notkun eða ákvörðunarstað afurða sem eru afhentar með slíkum hætti, eftirlit og, eftir því sem við á, öryggiskerfið sem er notað,

g) gerð árlegrar áætlunar sem um getur í 1. mgr. 27. gr.,

h) skilyrði fyrir útvegun á Bandalagsmarkaði sem um getur í 2. mgr. 27. gr.,

i) reglur varðandi leyfin sem um getur í 39. gr., þ.m.t. þær undanþágur frá viðskiptareglum sem eru nauðsynlegar strangt til tekið,

j) reglur varðandi málsmeðferð sem fylgja skal við notkun á útboðsaðferðum,

k) reglur varðandi tilnefningu íhlutunarstöðva sem um getur í 41. gr.,

l) skilyrðin sem geymslurnar, þar sem afurðirnar eru geymdar, verða að uppfylla,

m) matskerfi Bandalagsins fyrir flokkun skrokka sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 42. gr., einkum að því er varðar:

i. skilgreiningar,

ii. afgreiðslu skrokka vegna verðtilkynninga með tilliti til flokkunar skrokka af fullvöxnum nautgripum,

iii. ef um er að ræða ráðstafanir sem sláturhús grípa til eins og kveðið er á um í III. lið A-liðar V. viðauka:

– allar undanþágur, sem um getur í 5. gr. tilskipunar 88/409/EBE, fyrir sláturhús sem óska eftir að takmarka framleiðslu sína við staðbundinn markað,

– allar undanþágur, sem aðildarríki sem þess óska geta fengið, fyrir sláturhús þar sem fáum nautgripum er slátrað,

iv. leyfi til aðildarríkis til að nota ekki matskerfið fyrir flokkun svínaskrokka og til að nota matsviðmiðanir, auk þyngdar og áætlaðs innihalds af mögru kjöti,

v. reglur varðandi tilkynningar aðildarríkja um verð á tilteknum afurðum.

II. KAFLI

SÉRSTAKAR ÍHLUTUNARRÁÐSTAFANIR

I. ÞÁTTUR

SÉRLEGAR MARKAÐSSTUÐNINGSRÁÐSTAFANIR

44. gr.

Dýrasjúkdómar

1. Til að taka tillit til þeirra takmarkana á viðskiptum innan Bandalagsins og við þriðju lönd, sem getur leitt af beitingu ráðstafana til að hamla útbreiðslu sjúkdóma í dýrum, getur framkvæmdastjórnin samþykkt sérlegar stuðningsráðstafanir fyrir markað sem verður fyrir áhrifum af þessum takmörkunum.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein, skulu gilda um geira:

a) nauta- og kálfakjöts,

b) mjólkur og mjólkurafurða,

c) svínakjöts,

d) kinda- og geitakjöts.

e) eggja,

f) alifuglakjöts.

2. Gripið skal til ráðstafananna, sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein 1. mgr., að beiðni hlutaðeigandi aðildarríkis.

Einungis má grípa til þeirra ef eitt eða fleiri hlutaðeigandi aðildarríki hafa gripið með hraði til ráðstafana, sem varða heilbrigði manna og dýra og dýraafurða, til að uppræta sjúkdóminn og einungis að því marki og í þann tíma sem er nauðsynlegur strangt til tekið til stuðnings viðkomandi markaði.

45. gr.

Skortur á tiltrú neytenda

Að því er varðar geira alifuglakjöts og eggja getur framkvæmdastjórnin samþykkt sérlegar stuðningsráðstafanir í þeim tilgangi að taka tillit til alvarlegrar markaðsröskunar sem rekja má beint til skorts á tiltrú neytenda vegna áhættu á sviði lýðheilsu eða dýraheilbrigðis.

Grípa skal til þessara ráðstafana að beiðni hlutaðeigandi aðildarríkis eða -ríkja.

46. gr.

Fjármögnun

1. Bandalagið skal taka þátt í að fjármagna sérlegar ráðstafanir skv. 44. og 45. gr. með fjárhæð sem samsvarar 50% af kostnaðinum sem aðildarríkin bera.

Í geirum nauta- og kálfakjöts, mjólkur og mjólkurafurða, svínakjöts og kinda- og geitakjöts skal Bandalagið þó taka þátt í fjármögnun með fjárhæð sem samsvarar 60% af slíkum kostnaði ef um er að ræða að ráða niðurlögum gin- og klaufaveiki.

2. Greiði framleiðendur hluta af kostnaði aðildarríkjanna skulu aðildarríkin sjá til þess að það leiði ekki til röskunar á samkeppni milli framleiðenda í hinum ýmsu aðildarríkjum.

3. Ákvæði 87., 88. og 89. gr. sáttmálans gilda ekki um fjárframlög aðildarríkis til sérlegra ráðstafana sem um getur í 44. og 45. gr.

II. ÞÁTTUR

RÁÐSTAFANIR Í KORN- OG HRÍSGRJÓNAGEIRUNUM

47. gr.

Sérstakar markaðsráðstafanir í korngeiranum

1. Framkvæmdastjórnin getur gripið til sérstakra íhlutunarráðstafana að því er varðar korngeirann ef það reynist nauðsynlegt vegna markaðsaðstæðna. Einkum má grípa til slíkra íhlutunarráðstafana ef markaðsverð fellur eða hætt er við að það falli á einu eða fleiri svæðum Bandalagsins miðað við íhlutunarverðið.

2. Framkvæmdastjórnin skal taka ákvörðun um eðli og beitingu sérstakra íhlutunarráðstafana og um skilyrði og málsmeðferð varðandi sölu eða aðra ráðstöfun afurða sem falla undir þessar ráðstafanir.

48. gr.

Sérstakar markaðsráðstafanir í hrísgrjónageiranum

1. Framkvæmdastjórnin getur gripið til sérstakra ráðstafana:

a) til að koma í veg fyrir stórfellda beitingu opinberrar íhlutunar, eins og kveðið er á um í II. þætti I. KAFLa þessa hluta, í hrísgrjónageiranum á tilteknum svæðum Bandalagsins,

b) til að bæta upp skort á hýðishrísgrjónum eftir náttúruhamfarir.

2. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ítarlegar reglur varðandi beitingu þessarar greinar.

III. ÞÁTTUR

RÁÐSTAFANIR Í SYKURGEIRANUM

49. gr.

Lágmarksverð á sykurrófum

1. Lágmarksverð fyrir kvótasykurófur skal vera:

a) 27,83 evrur á tonn fyrir markaðsárið 2008/2009,

b) 26,29 evrur á tonn fyrir markaðsárið 2009/2010.

2. Lágmarksverðið, sem um getur í 1. mgr., gildir fyrir sykurrófur af stöðluðum gæðum sem eru skilgreind í B-hluta IV. viðauka.

3. Fyrirtæki í sykurgeiranum, sem kaupa kvótasykurrófur, sem henta til vinnslu í sykur og eru ætlaðar til vinnslu í kvótasykur, skulu skylduð til að borga a.m.k. lágmarksverð sem er aðlagað með verðhækkunum eða verðlækkunum sem samsvara frávikum frá stöðluðum gæðum.

Beita skal verðhækkunum og verðlækkunum, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við framkvæmdarreglur sem framkvæmdastjórnin mælir fyrir um.

4. Að því er varðar magn sykurrófna, sem samsvarar magni iðnaðarsykurs eða umframsykurs sem fellur undir umframmagnsgjald skv. 64. gr., skal hlutaðeigandi sykurfyrirtæki aðlaga innkaupsverðið svo það sé a.m.k. jafnt lágmarksverðinu fyrir kvótasykurrófur.

50. gr.

Fjölgreinasamningar

1. Fjölgreinasamningar og afhendingarsamningar skulu vera í samræmi við ákvæði 3. mgr. og innkaupsskilmála sem framkvæmdastjórnin skal ákveða, einkum að því er varðar skilyrðin sem gilda um innkaup, afhendingu, yfirtöku og greiðslu fyrir sykurrófur.

2. Skilmálar um kaup á sykurrófum og sykurreyr skulu fastsettir í fjölgreinasamningum milli ræktenda þessara hráefna í Bandalaginu og sykurfyrirtækja Bandalagsins.

3. Í afhendingarsamningum skal gerður greinarmunur á því hvort sykur, sem á að framleiða úr sykurrófum, sé:

a) kvótasykur eða

b) sykur utan kvóta.

4. Hvert sykurfyrirtæki skal veita aðildarríkinu, þar sem það framleiðir sykur, upplýsingar um eftirfarandi:

a) magn sykurrófna, sem um getur í a-lið 3. mgr., sem þau hafa gert afhendingarsamninga um fyrir sáninguna, og sykurinnihaldið sem liggur til grundvallar samningunum,

b) tilheyrandi, áætlaðan afrakstur.

Aðildarríki geta óskað eftir viðbótarupplýsingum.

5. Sykurfyrirtæki sem hafa ekki skrifað undir afhendingarsamning fyrir sáninguna og á lágmarksverðinu á kvótasykurrófum, um það magn sykurrófna sem samsvarar þeirra kvótasykri, skulu borga a.m.k. lágmarksverð á kvótasykurrófum fyrir allar sykurrófur sem þeir vinna í sykur.

6. Að fengnu samþykki hlutaðeigandi aðildarríkis er heimilt að undanþiggja fjölgreinasamninga ákvæðum 3. og 4. mgr.

7. Ef engir fjölgreinasamningar hafa verið gerðir skal hlutaðeigandi aðildarríki grípa til nauðsynlegra ráðstafana, sem samræmast þessari reglugerð, til að vernda hagsmuni hlutaðeigandi aðila.

51. gr.

Framleiðslugjald

1. Framleiðslugjald skal lagt á sykurkvóta, ísóglúkósakvóta og inúlínkvóta fyrirtækja sem framleiða sykur, ísóglúkósa eða inúlín eins og um getur í 2. mgr. 56. gr.

2. Framleiðslugjaldið skal vera 12,00 evrur á hvert tonn af kvótasykri og kvótainúlínsírópi. Fyrir ísóglúkósa skal framleiðslugjaldið vera 50% af gjaldinu sem gildir fyrir sykur.

3. hlutaðeigandi aðildarríki innheimtir allt framleiðslugjaldið, sem greitt er í samræmi við 1. mgr., hjá fyrirtækjunum á yfirráðasvæði sínu í samræmi við kvóta þeirra á viðkomandi markaðsári.

Fyrirtækin skulu inna af hendi greiðslurnar eigi síðar en fyrir lok febrúar á viðkomandi markaðsári.

4. Sykur- og inúlínsírópsfyrirtæki Bandalagsins geta krafist þess að sykurrófu- eða sykurreyrræktendur eða kaffiflöbirgjar beri allt að 50% af viðkomandi framleiðslugjaldi.

52. gr.

Sykur tekinn af markaði

1. Heimilt skal að taka tiltekinn hundraðshluta, sem er sá sami fyrir öll aðildarríkin, af kvótasykri, kvótaísóglúkósa og kvótainúlínsírópi af markaði allt til upphafs eftirfarandi markaðsárs í þeim tilgangi að standa vörð um skipulagslegt jafnvægi markaðarsins þegar verðlag er nálægt viðmiðunarverði, að teknu tilliti til skuldbindinga Bandalagsins sem leiðir af samningum sem gerðir eru í samræmi við 300. gr. sáttmálans.

Í því tilviki skal heföbundin þörf fyrir birgðir innflutts hrásykurs til hreinsunar, sem kveðið er á um í 153. gr., minnkuð um sama hundraðshlutfall fyrir viðkomandi markaðsár.

2. Hundraðshlutinn, sem er tekinn af markaði eins og um getur í 1. mgr., skal ákvarðaður eigi síðar en 31. október á viðkomandi markaðsári á grundvelli væntanlegrar markaðsþróunar á því markaðsári.

3. Hvert fyrirtæki með kvóta skal á tímabili töku af markaði geyma á eigin kostnað þann hluta af sykurframleiðslu sinni innan kvóta á viðkomandi markaðsári sem samsvarar hundraðshlutanum sem er tekinn af markaði skv. 1. gr.

Litið skal á sykurmagnið, sem er tekið af markaði á markaðsári, sem það magn sykurs sem er fyrst framleitt innan kvóta eftirfarandi markaðsárs. Að teknu tilliti til væntanlegrar þróunar sykurmarkaðarins getur framkvæmdastjórnin þó ákveðið, fyrir núverandi og/eða eftirfarandi markaðsár, að líta á allt eða hluta af því magni sykurs, ísóglúkósa eða inúlínsýróps, sem tekið var af markaði, sem:

a) umframsykur, umframísóglúkósa eða umframinúlínsýróp, sem geta orðið iðnaðarsykur, iðnaðarísóglúkósi eða iðnaðarinúlínsýróp, eða

b) tímabundna kvótaframleiðslu sem megi að hluta til ráðstafa til útflutnings til að standa við skuldbindingar Bandalagsins sem leiðir af samningum sem gerðir eru í samræmi við 300. gr. sáttmálans.

4. Ef framboð sykurs í Bandalaginu er ófullnægjandi getur framkvæmdastjórnin ákveðið að tiltekið magn sykurs, ísóglúkósa eða inúlínsýróps, sem tekið var af markaði, megi selja á markaði Bandalagsins áður en tímabil töku af markaði rennur út.

5. Sykur, sem er geymdur í samræmi við þessa grein á markaðsári, skal ekki falla undir aðrar geymsluráðstafanir sem kveðið er á um í 13. gr., 32. gr. eða 63. gr.

53. gr.

Framkvæmdarreglur

Framkvæmdastjórnin getur samþykkt ítarlegar reglur varðandi beitingu þessa þáttar og einkum varðandi:

a) viðmiðanirnar, sem sykurfyrirtækin skulu nota þegar þau úthluta sykurrófnasölum því magni sykurrófna sem falla skulu undir afhendingarsamninga sem gerðir eru fyrir sáningu og um getur í 4. mgr. 50. gr.,

b) hundraðshluta kvótasykurs sem tekinn var af markaði og um getur í 1. mgr. 52. gr.,

c) skilyrðin fyrir greiðslu lágmarksverðs ef sykur, sem hefur verið tekinn af markaði, er seldur á markaði Bandalagsins skv. 4. mgr. 52. gr.

IV. ÞÁTTUR

AÐLÖGUN FRAMBOÐS

54. gr.

Ráðstafanir til að auðvelda aðlögun framboðs að kröfum markaðarins

Til að hvetja til aðgerða af hálfu atvinnulífsins, í því skyni að auðvelda aðlögun framboðs að kröfum markaðarins, að undanskildum aðgerðum varðandi töku af markaði, getur framkvæmdastjórnin gripið til eftirfarandi ráðstafana að því er

varðar geira lifandi plantna, nauta- og kálfakjöts, svínakjöts, kinda- og geitakjöts, eggja og alifuglakjöts:

a) ráðstafana til að auka gæði,

b) ráðstafana sem stuðla að bættu skipulagi framleiðslu, vinnslu og markaðssetningar,

c) ráðstafana sem auðvelda skráningu á þróun markaðsverðs,

d) ráðstafana sem heimila gerð skammtíma- og langtímaspáa á grundvelli þeirra framleiðslutækja sem eru notuð.

III. KAFLI

KERFI TIL FRAMLEIÐSLUTAKMÖRKUNAR

I. ÞÁTTUR

ALMENN ÁKVÆÐI

55. gr.

Kvótakerfi

1. Kvótakerfi gildir um eftirfarandi afurðir:

a) mjólk og aðrar mjólkurafurðir sem skilgreindar eru í a- og b-liðum 65. gr.,

b) sykur, ísóglúkósa og inúlínsýróp.

2. Ef framleiðandi fer yfir viðeigandi kvóta og nýtir ekki, að því er varðar sykur, umframmagnið eins og kveðið er á um í 61. gr. skal sett umframmagnsgjald á það magn með skilyrðunum sem sett eru fram í II. og III. þætti.

3. Þessi reglugerð skal gilda með fyrirvara um beitingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1868/94 um stofnun kvótakerfis í tengslum við framleiðslu á kartöflusterkju.([1])

II. ÞÁTTUR

SYKUR

I. UNDIRÞÁTTUR

ÚTHLUTUN OG STJÓRNUN KVÓTA

56. gr.

Úthlutun kvóta

1. Kvótarnir fyrir framleiðslu sykurs, ísóglúkósa og inúlínsýróps á lands- og svæðisvísu eru fastsettir í VI. viðauka.

2. Aðildarríki skal úthluta kvóta til hvers fyrirtækis sem framleiðir sykur, ísóglúkósa eða inúlínsýróp, starfar á yfirráðasvæði þess og er samþykkt í samræmi við 57. gr.

Úthlutaður kvóti fyrir hvert fyrirtæki skal vera jafn kvótanum samkvæmt reglugerð (EB) nr. 318/2006 sem fyrirtækinu var úthlutað fyrir markaðsárið 2007/2008.

3. Þegar um er að ræða úthlutun kvóta til sykurfyrirtækja sem eru með meira en eina framleiðslueiningu skulu aðildarríki samþykkja þær ráðstafanir sem þau telja nauðsynlegar til að taka tilhlýðilegt tillit til hagsmuna sykurrófu- og sykurreyrræktenda.

57. gr.

Samþykkt fyrirtæki

1. Aðildarríkin skulu, að fenginni beiðni þar að lútandi, veita samþykki fyrir fyrirtækjum, sem framleiða sykur, ísóglúkósa eða inúlínsýróp, eða fyrirtækjum sem vinna vörur, sem um getur í skránni í 2. mgr. 62. gr., úr þessum afurðum, að því tilskildu að viðkomandi fyrirtæki:

a) sanni faglega framleiðslugetu sína,

b) samþykki að veita allar upplýsingar og að lúta eftirliti, tengdu þessari reglugerð,

c) hafi ekki verið svift leyfi né leyfi þeirra verið afturkölluð.

2. Samþykkt fyrirtæki skulu veita aðildarríkinu, þar sem uppskera sykurrófna eða sykurreyrs eða hreinsun fer fram, upplýsingar um eftirfarandi:

a) magn sykurrófna eða sykurreyrs, sem fellur undir afhendingarsamning, og tilheyrandi, áætlaðan afrakstur af sykurrófum eða sykurreyr á hektara og sykri á hektara,

b) gögn varðandi áætlað magn og raunverulegt magn sykurrófna, sykurreyrs og hrásykurs, sem er afhent, og varðandi sykurframleiðslu og sykurbirgðir,

c) magn hvíts sykurs sem hefur verið seldur og tilheyrandi verð og skilyrði.

(1) Stjtíð. EB L 197, 30.7.1994, bls. 4 Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 671/2007 (Stjtíð. ESB L 156, 16.6.2007, bls. 1).

58. gr.

Viðbótarkvóti og viðbótarkvóti fyrir ísóglúkósa

1. Á markaðsárinu 2008/2009 skal bæta 100 000 tonna viðbótarkvóta af ísóglúkósa við kvóta fyrra markaðsárs. Þessi aukning varðar ekki Búlgaríu og Rúmeníu.

Á markaðsárinu 2008/2009 skal bæta viðbótarkvóta af ísóglúkósa, sem nemur 11 045 tonnum fyrir Búlgaríu og 1 966 tonnum fyrir Rúmeníu, við kvóta fyrra markaðsárs.

Aðildarríkin skulu úthluta viðbótarkvótum til fyrirtækja í réttu hlutfalli við ísóglúkósakvótana sem er úthlutað í samræmi við 2. mgr. 56. gr.

2. Ítalía, Litháen og Svíþjóð mega úthluta viðbótarkvóta fyrir ísóglúkósa á sínu yfirráðasvæði á markaðsárinu 2008/2009 og 2009/2010, að beiðni fyrirtækis sem er stofnað á því yfirráðasvæði. Hámarksviðbótarkvótar eru fastsettir fyrir hvert aðildarríki í VII. viðauka.

3. Gjald, sem er 730 evru eingreiðsla, skal lagt á kvóta sem hefur verið úthlutað til fyrirtækja í samræmi við 2. mgr. Gjaldið skal innheimt fyrir hvert tonn af aukakvóta sem hefur verið úthlutað.

59. gr.

Stjórnun kvóta

1. Framkvæmdastjórnin skal aðlaga kvótana, sem eru tilgreindir í VI. viðauka, í síðasta lagi fyrir lok febrúar á fyrra markaðsári fyrir hvert markaðsáranna 2008/2009, 2009/2010 og 2010/2011. Aðlögunin leiðir af beitingu 2. mgr. þessarar greinar og 58. gr. þessarar reglugerðar og 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 320/2006.

2. Framkvæmdastjórnin skal, að teknu tilliti til endurskipulagningarinnar, sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 320/2006, og í síðasta lagi fyrir 28. febrúar 2010, fastsetja þann sameiginlega hundraðshluta sem þarf til að minnka núverandi sykur-, ísóglúkósa- og inúlínsýrópskvóta einstakra aðildarríkja eða svæða svo að koma megi í veg fyrir ójafnvægi á markaði á markaðsárunum frá og með 2010/2011.

3. Aðildarríkin skulu aðlaga kvóta hvers fyrirtækis til samræmis við þetta.

60. gr.

Endurúthlutun landsbundins kvóta

1. Aðildarríki er heimilt að draga úr sykur- eða ísóglúkósakvóta, sem hefur verið úthlutað til fyrirtækis sem er stofnað á yfirráðasvæði þess, um allt að 10% fyrir hvert markaðsár.

2. Aðildarríki getur framselt kvóta milli fyrirtækja í samræmi við reglur sem mælt er fyrir um í VIII. viðauka og að teknu tilliti til hagsmuna hvers hlutaðeigandi aðila, einkum sykurrófu- og sykurreyrræktenda.

3. hlutaðeigandi aðildarríki skal úthluta því magni, sem leiðir af beitingu 1. og 2. mgr., til eins eða fleiri fyrirtækja á yfirráðasvæði sínu, án tillits til þess hvort viðkomandi fyrirtæki er með kvóta eða ekki.

II. UNDIRÞÁTTUR

MAGN UMFRAM KVÓTA

61. gr.

Gildissvið

Sykur, ísóglúkósa eða inúlínsýróp, sem eru framleidd á tilteknu markaðsári umfram kvótann sem um getur í 56. gr., má:

a) nota til vinnslu á tilteknum afurðum eins og um getur í 62. gr.,

b) færa yfir á framleiðslukvóta næsta markaðsárs í samræmi við 63. gr.,

c) nota fyrir sértæka birgðafyrirkomulagið fyrir ystu svæðin í samræmi við II. bálk reglugerðar ráðsins (EB) nr. 247/2006 ([1]) eða

d) flytja út í magni sem er undir hámarki sem framkvæmdastjórnin fastsetur til að standa við skuldbindingar sem leiðir af samningum sem gerðir eru í samræmi við 300. gr. sáttmálans.

Annað magn fellur undir umframmagnsgjaldið sem um getur í 64. gr.

62. gr.

Iðnaðarsykur

1. Iðnaðarsykur, iðnaðarísóglúkósi og iðnaðarinúlínsýróp skulu frátekin fyrir framleiðslu á einni af afurðunum sem um getur í 2. gr.:

a) ef þau falla undir afhendingarsamning sem framleiðandi og notandi, sem hafa báðir fengið samþykki í samræmi við 57. gr., gera sín á milli fyrir lok markaðsársins, og

b) ef þau hafa verið afhent notanda eigi síðar en 30. nóvember næsta markaðsárs.

([1]) Stjtíð. ESB L 42, 14.2.2006, bls. 1.

2. Framkvæmdastjórnin skal gera skrá yfir afurðir þar sem framleiðslan útheimtir iðnaðarsykur, iðnaðarísóglúkósa eða iðnaðarinúlínsýróp.

Skráin skal einkum ná yfir:

a) lífetanól, alkóhól, romm, lifandi ger og smyrjanlegt síróp og síróp til vinnslu á Rinse appelstroop,

b) tilteknar iðnaðarvörur sem innihalda ekki sykur en nota þarf sykur, ísóglúkósa eða inúlínsýróp við framleiðslu þeirra,

c) tilteknar afurðir úr efna- eða lyfjaiðnaðinum sem innihalda sykur, ísóglúkósa eða inúlínsýróp.

63. gr.

Yfirfærsla umframsykurs

1. Hvert fyrirtæki getur ákveðið að yfirfæra, í heild eða að hluta, framleiðslu sína umfram sykurkvóta, ísóglúkósakvóta eða inúlínsýrópskvóta sinn og meðhöndla hana sem hluta af framleiðslu næsta markaðsárs. Með fyrirvara um 3. mgr. skal sú ákvörðun vera óafturkræf.

2. Fyrirtæki, sem taka ákvörðunina sem um getur í 1. mgr., skulu:

a) upplýsa hlutaðeigandi aðildarríki fyrir tiltekinn dag, sem aðildarríkið skal fastsetja:

   – milli 1. febrúar og 30. júní viðkomandi markaðsárs, um það magn reyrsykurs sem er yfirfært,

   – milli 1. febrúar og 15. apríl viðkomandi markaðsárs, um það magn annars sykurs eða inúlínsýróps sem er yfirfært,

b) skuldbinda sig til að geyma þetta magn á eigin kostnað til loka viðkomandi markaðsárs.

3. Ef endanleg framleiðsla fyrirtækis á umræddu markaðsári er minni en áætlað var þegar ákvörðunin skv. 1. mgr. var tekin má aðlaga yfirfærða magnið afturvirkt en eigi síðar en 31. október næsta markaðsár.

4. Litið skal á yfirfærða magnið sem fyrsta magnið sem er framleitt innan kvóta eftirfarandi markaðsárs.

5. Sykur, sem er geymdur í samræmi við þessa grein á markaðsári, skal ekki falla undir aðrar geymsluráðstafanir sem kveðið er á um í 13. gr., 32. gr. eða 52. gr.

64. gr.

Umframmagnsgjald

1. Umframmagnsgjald skal lagt á magn sem:

a) er umframsykur, umframísóglúkósi og umframinúlínsýróp sem eru framleidd á ótilteknu markaðsári, að undanskildu magni, sem er fært yfir á kvótaframleiðslu eftirfarandi markaðsárs og geymt í samræmi við 63. gr., eða magni sem um getur í c-, og d-liðum 61. gr.,

b) er iðnaðarsykur, iðnaðarísóglúkósi og iðnaðarinúlínsýróp sem ekki hefur verið sannað fyrir tiltekinn dag, sem framkvæmdastjórnin skal ákveða, að hafi verið notuð í eina af afurðunum sem um getur í 2. mgr. 62. gr.,

c) er sykur, ísóglúkósi og inúlínsýróp sem tekin hafa verið af markaði í samræmi við 52. gr. og sem skyldur skv. 3. mgr. 52. gr. hafa ekki verið uppfylltar fyrir.

2. Framkvæmdastjórnin skal fastsetja nógu hátt umframmagnsgjald til að koma megi í veg fyrir uppsöfnun magns sem um getur 1. mgr.

3. hlutaðeigandi aðildarríki skal skuldfæra umframmagnsgjaldið, sem um getur í 1. mgr., á fyrirtækin á yfirráðasvæði sínu í samræmi við framleiðslumagnið, sem um getur í 1. mgr., sem hefur verið staðfest hjá fyrirtækjunum á hlutaðeigandi markaðsári.

III. ÞÁTTUR

MJÓLK

I. UNDIRÞÁTTUR

ALMENN ÁKVÆÐI

65. gr.

Skilgreiningar

Í þessum þætti er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „mjólk“: afurð sem fæst með því að mjólka eina eða fleiri kýr,

b) „aðrar mjólkurafurðir“: allar mjólkurafurðir aðrar en mjólk, einkum undanrenna, rjómi, smjör, jógúrt og ostur, sem umreikna skal, þegar við á, í „mjólkurígildi“ með reiknistuðlum sem framkvæmdastjórnin skal ákveða,

c) „framleiðandi“: bóndi á bújörð á landfræðilegu yfirráðasvæði aðildarríkis sem framleiðir og markaðssetur mjólk eða býr sig undir að gera það í náinni framtíð,

d) „bújörð“: bújörð eins og hún er skilgreind í 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1782/2003,

e) „kaupandi“: fyrirtæki eða fyrirtækjasamstæður sem kaupa mjólk frá framleiðendum:

– til að safna henni, pakka henni, geyma hana, kæla eða vinna, þ.m.t. samkvæmt samningi,

– til að selja hana til eins eða fleiri fyrirtækja sem meðhöndla eða vinna mjólk eða aðrar mjólkurafurðir.

Sem kaupendur teljast einnig hópar kaupenda á sama landsvæði sem fyrir hönd aðila sinna annast stjórnunar- og bókhaldsstörf sem eru nauðsynleg til greiðslu á umframmagnsgjaldinu. Að því er varðar fyrstu málsgrein þessarar undirgreinar skal Grikkland teljast eitt landsvæði og getur ákveðið að líta á opinberan aðila sem hóp kaupenda,

f) „afhending“: öll afhending mjólkur, að öllum öðrum mjólkurafurðum undanskildum, frá framleiðanda til kaupanda, án tillits til þess hvort það er framleiðandinn, kaupandi, fyrirtæki, sem vinnur eða meðhöndlar slíkar afurðir, eða þriðji aðili sem annast flutninginn,

g) „bein sala“: öll sala framleiðanda eða flutningur á mjólk beint til neytenda sem og öll sala framleiðanda eða flutningur á öðrum mjólkurafurðum. Framkvæmdastjórnin getur, samhliða því að virða skilgreininguna á afhendingu í f-lið, aðlagað skilgreininguna á beinni sölu í þeim tilgangi m.a. að tryggja að ekkert magn mjólkur eða mjólkurafurða, sem sett er á markað, sé undanþegið kvótafyrirkomulagi,

h) „setning á markað“: afhending mjólkur eða bein sala á mjólk eða öðrum mjólkurafurðum,

i) „einstaklingsbundinn kvóti:“ kvóti framleiðenda 1. apríl á hverju tólf mánaðatímabili,

j) „landsbundinn kvóti“: kvóti sem um getur í 66. gr. og er fastsettur fyrir hvert aðildarríki,

k) „kvóti til ráðstöfunar“: kvóti sem framleiðendur hafa til ráðstöfunar 31. mars á því tólf mánaða tímabili sem umframmagnsgjaldið er reiknað fyrir, að teknu tilliti til hvers konar framsals, sölu, umbreytinga (e. conversion) og tímabundinna endurúthlutana sem kveðið er á um í þessari reglugerð og hefur átt sér stað á því tólf mánaða tímabili.

II. UNDIRÞÁTTUR

ÚTHLUTUN OG STJÓRNUN KVÓTA

66. gr.

Landsbundnir kvótar

1. Landsbundnir kvótar fyrir framleiðslu mjólkur og annarra mjólkurafurða, sem eru settar á markað á sjö samfelldum tólf mánaða tímabilum sem hefjast 1. apríl 2008 (hér á eftir nefnd „tólf mánaða tímabil“), eru fastsettir í 1. lið IX. viðauka.

2. Kvótunum, sem um getur í 1. mgr., skal skipt á milli framleiðenda í samræmi við 67. gr. og greint skal á milli afhendingar og beinnar sölu. Magn, sem er umfram landsbundnu kvótana, skal reiknað á landsgrundvelli í hverju aðildarríki í samræmi við þennan þátt og greint skal á milli afhendingar og beinnar sölu.

3. Landsbundnir kvótar, sem kveðið er á um í 1. lið IX. viðauka, skulu fastsettir með fyrirvara um hugsanlega endurskoðun í ljósi almennra markaðsaðstæðna og séraðstæðna í tilteknum aðildarríkjum.

4. Að því er varðar Búlgaríu og Rúmeníu skal stofna sérstakan endurskipulagningarsjóð skv. 2. lið IX. viðauka. Þessi sjóður skal látinn laus frá og með 1. apríl 2009 í þeim mæli sem neysla mjólkur og mjólkurafurða á býlum í þessum löndum hefur dregist saman frá 2002.

Framkvæmdastjórnin tekur ákvörðunina um að láta sjóðinn lausan og skipta honum á milli afhendingar- og beinsölukvóta á grundvelli skýrslu sem Búlgaría og Rúmenía leggja fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 31. desember 2008. Í þessari skýrslu skal lýsa nákvæmlega árangrinum af endurskipulagningarferlinu, sem á sér stað í mjólkurgeira hvers lands, og þróun þess og einkum umskiptunum frá framleiðslu fyrir neyslu á býli til framleiðslu fyrir markaði.

5. Landsbundnir kvótar fyrir Búlgaríu, Tékkland, Eistland, Kýpur, Lettland, Litháen, Ungverjaland, Möltu, Póllland, Rúmeníu, Slóveníu og Slóvakíu skulu ná yfir alla mjólk eða mjólkurígildi sem eru afhent kaupanda eða seld beint, án tillits til þess hvort mjólkin eða mjólkurígildin séu framleidd eða sett á markað innan ramma umbreytingarráðstöfunar í þessum löndum.

67. gr.

Einstaklingsbundnir kvótar

1. Einstaklingsbundinn kvóti eða -kvótar framleiðenda 1. apríl 2008 skulu jafngilda einstaklingsbundnu viðmiðunarmagni þeirra 31. mars 2008, sbr. þó framsal, sölu og umbreytingu kvóta sem öðlast gildi 1. apríl 2008.

2. Framleiðendur geta verið með annaðhvort einn eða tvo einstaklingsbundna kvóta, annan fyrir afhendingu og hinn fyrir beina sölu. Enginn nema lögbært yfirvald aðildarríkis getur umbreytt kvóta framleiðenda í annan kvóta, að rökstuddri beiðni framleiðandans.

3. Ef framleiðandi er með tvo kvóta skal hlutur hans í umframmagnsgjaldinu reiknaður fyrir hvorn þeirra um sig.

4. Framkvæmdastjórninni er heimilt að auka þann hluta af landsbundnum kvóta Finna, sem var úthlutað vegna afhendingar, um allt að 200 000 tonn sem uppbót til finnskra

framleiðenda sem greiða umframmagnsgjald fyrir mjólk (e. SLOM-producer, SLOM: Supplementary Levy on Milk). Þessi varasjóður, sem skal ráðstafað í samræmi við löggjöf Bandalagsins, skal einvörðungu notaður í þágu framleiðenda ef réttur þeirra til að hefja framleiðslu á ný hefur orðið fyrir áhrifum vegna aðildarinnar.

5. Einstaklingsbundum kvótum skal breytt, eftir því sem við á, fyrir hvert viðkomandi tólf mánaða tímabil svo að samtala einstaklingsbundinna afhendingarkvóta og beinsölukvóta fyrir hvert aðildarríki fari ekki yfir samsvarandi hluta landsbundna kvótans sem er aðlagaður í samræmi við 69. gr., að teknu tilliti til hvers konar skerðinga vegna úthlutunar til landsbundna varasjóðsins sem kveðið er á um í 71. gr.

68. gr.

Úthlutun kvóta úr landsbundnum varasjóði

Aðildarríkin skulu samþykkja reglur sem gera kleift að úthluta framleiðendum öllum kvótunum eða hluta af kvótunum í landsbundna varasjóðnum, sem kveðið er á um í 71. gr., á grundvelli hlutlægra viðmiðana sem tilkynna ber framkvæmdastjórninni.

69. gr.

Stjórnun kvóta

1. Fyrir hvert aðildarríki og fyrir hvert tímabil skal framkvæmdastjórnin, fyrir lok viðkomandi tímabils, aðlaga skiptingu landsbundinna kvóta milli „afhendingar“ og „beinnar sölu“ með hliðsjón af umbreytingum milli einstaklingsbundinna afhendingarkvóta og beinsölukvóta sem framleiðendur hafa óskað eftir.

2. Aðildarríkin skulu framsenda framkvæmdastjórninni á hverju ári, fyrir tiltekna daga og samkvæmt tilteknum reglum sem framkvæmdastjórnin fastsetur í samræmi við 2. mgr. 192. gr., þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar:

a) til að framkvæma aðlögunina sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar,

b) til að reikna út umframmagnsgjaldið sem þeim ber að greiða.

70. gr.

Fituinnihald

1. Fyrir hvern framleiðanda skal ákveða viðmiðunarfituinnihald sem gilda skal um einstaklingsbundna afhendingarkvótann sem honum hefur verið úthlutað.

2. Þegar um er að ræða kvóta, sem er úthlutað til framleiðenda 31. mars 2008 í samræmi við 1. mgr. 67. gr., skal viðmiðunarfituinnihaldið, sem um getur í 1. mgr., vera það sama og viðmiðunarfituinnihaldið sem gildir um þann kvóta á þeim degi.

3. Viðmiðunarfituinnihaldinu skal breytt við umbreytinguna, sem um getur í 2. mgr. 67. gr., og þegar kvóta er aflað eða hann er framseldur, varanlega eða tímabundið, í samræmi við reglur sem framkvæmdastjórnin setur.

4. Þegar um er að ræða nýja framleiðendur með einstaklingsbundinn afhendingarkvóta sem þeim hefur einvörðungu verið úthlutað úr landsbundnum varasjóði skal fituinnihaldið fastsett í samræmi við reglur sem framkvæmdastjórnin setur.

5. Einstaklingsbundið viðmiðunarfituinnihald, sem um getur í 1. mgr., skal aðlagað, eftir því sem við á, við gildistöku þessarar reglugerðar og þaðan í frá við upphaf hvers tólf mánaða tímabils, eftir því sem þarf, svo að vegið meðaltal dæmigerðs, einstaklingsbundins fituinnihalds, fyrir hvert aðildarríki, fari ekki meira en sem nemur 0,1 grammi á kíló yfir viðmiðunarfituinnihaldið sem er fastsett í X. viðauka.

Að því er varðar Rúmeníu skal viðmiðunarfituinnihaldið, sem er fastsett í X. viðauka, endurskoðað á grundvelli talnanna fyrir allt árið 2004 og ef nauðsyn krefur skal framkvæmdastjórnin aðlaga það.

71. gr.

Landsbundinn varasjóður

1. Hvert aðildarríki skal stofna landsbundinn varasjóð innan ramma landsbundnu kvótanna sem eru fastsettir í IX. viðauka, einkum í því skyni að úthluta skv. 68. gr. Landsbundinn varasjóður skal endurnýjaður, eins og við á, með því að afturkalla ákveðið magn, eins og kveðið er á um í 72. gr., eða halda aftur hluta framsala, eins og kveðið er á um í 76. gr., eða með allsherjarlækkun allra einstaklingsbundinna kvóta. Kvótarnir, sem um er að ræða, skulu þjóna áfram sínum upprunalega tilgangi sem er afhending eða bein sala.

2. Allur viðbótarkvóti, sem aðildarríki er úthlutað, skal sjálfkrafa settur í landsbundinn varasjóð og skipt milli afhendingar og beinnar sölu eftir fyrirsjáanlegum þörfum.

3. Ekki skal skilgreina viðmiðunarinnihald fyrir kvóta sem eru settir í landsbundinn varasjóð.

72. gr.

Athafnaleysi

1. Þegar einstaklingur eða lögaðili með einstaklingsbundinn kvóta uppfyllir ekki lengur skilyrðin, sem um getur í c-lið 65. gr., á tólf mánaða tímabili skal tilheyrandi magn fært í landsbundna varasjóðinn eigi síðar en 1. apríl eftirfarandi almanaksárs nema viðkomandi aðili gerist aftur framleiðandi í skilningi c-liðar 65. gr. fyrir þann dag.

Ef þessi einstaklingur eða lögaðili gerist aftur framleiðandi eigi síðar en fyrir lok annars tólf mánaða tímabilsins eftir afturköllun skal allur eða hluti af einstaklingsbundna kvótanum, sem var afturkallaður, renna til þess einstaklings eigi síður en 1. apríl eftir umsóknardaginn.

2. Ef framleiðendur setja ekki á markað magn, sem jafngildir a.m.k. 70% af einstaklingsbundnum kvóta þeirra, á a.m.k. einu tólf mánaða tímabili geta aðildarríkin ákveðið hvort og með hvaða skilyrðum allur eða hluti þessa ónýtta kvóta skuli renna í landsbundna varasjóðinn.

Aðildarríkin geta ákveðið með hvaða skilyrðum skuli endurúthluta kvóta til hlutaðeigandi framleiðenda ef hann hefur á ný setningu á markað.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki við óviðráðanlegar aðstæður og í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum sem lögbært yfirvald viðurkennir sem slík og hafa tímabundin áhrif á framleiðslugetu hlutaðeigandi framleiðenda.

73. gr.

Tímabundið framsal

1. Fyrir lok hvers tólf mánaða tímabils skulu aðildarríkin veita leyfi, fyrir hlutaðeigandi tímabil, fyrir tímabundnu framsali hluta eða alls einstaklingsbundins kvóta sem framleiðendur, sem eiga tilkall til hans, ætla sér ekki að nota.

Aðildarríkin geta sett reglur um framsal eftir flokkum framleiðenda eða mjólkurframleiðslufyrirkomulaginu, sem um er að ræða, og geta bundið framsal við kaupandastig eða við svæði, leyft algert framsal í tilvikum, sem um getur í 3. mgr. 72. gr., og ákvarðað að hve miklu leyti framseljandi getur endurtekið framsal.

2. Hvaða aðildarríki sem er getur ákveðið að framkvæma ekki ákvæði 1. mgr. samkvæmt annarri eða báðum eftirfarandi viðmiðunum:

a) þörfinni á að stuðla að skipulagsbreytingum og aðlögun,

b) brýnum stjórnsýslulegum þörfum.

74. gr.

Framsal kvóta ásamt landi

1. Einstaklingsbundnir kvótar skulu framseldir ásamt bújörðinni til framleiðandans, sem yfirtekur hana við sölu, leigu, framsal með arfi, einnig væntanlegum arfi, eða við annað framsal, sem hefur sambærileg réttaráhrif fyrir framleiðandann, í samræmi við ítarlegar reglur sem aðildarríkin skulu setja með hliðsjón af svæðunum, sem eru notuð til mjólkurframleiðslu, eða öðrum hlutlægum viðmiðunum og, eftir atvikum, hvers konar samningum milli aðila. Hafi hluti kvótans ekki verið framseldur með bújörðinni skal þeim hluta bætt við landsbundna varasjóðinn.

2. Þegar kvótar hafa verið framseldir eða eru framseldir, í samræmi við 1. mgr., með leigu á jörð eða með öðrum hætti sem hefur sambærileg réttaráhrif geta aðildarríkin ákveðið, á grundvelli hlutlægra viðmiðana og með það að markmiði að tryggja að kvótum sé einvörðungu ráðstafað til framleiðenda, að kvótinn skuli ekki framseldur með bújörðinni.

3. Þegar land er framselt til opinberra yfirvalda og/eða notað í almannaþágu eða þegar ástæður fyrir framsali tengjast ekki landbúnaði skulu aðilarríkin sjá til þess að gripið verði til nauðsynlegra ráðstafana til að vernda lögmæta hagsmuni allra aðila og einkum að framleiðendur, sem láta frá sér slíkt land, séu í aðstöðu til að halda áfram mjólkurframleiðslu óski þeir þess.

4. Ef ekkert samkomulag er milli aðila þegar leiga rennur út án möguleika á endurnýjun með svipuðum skilmálum, eða við aðstæður sem hafa sambærileg réttaráhrif, skulu einstaklingsbundnu kvótarnir, sem um er að ræða, framseldir í heild eða að hluta til framleiðendanna, sem yfirtaka þá, í samræmi við ákvæði sem aðildarríkin samþykkja að teknu tilliti til lögmætra hagsmuna allra aðila.

75. gr.

Sérstakar framsalsráðstafanir

1. Vilji aðildarríkin endurskipuleggja mjólkurframleiðslu með góðum árangri eða bæta umhverfið geta þau, í samræmi við ítarlegar reglur, sem þau setja, og að teknu tilliti til lögmætra hagsmuna allra hlutaðeigandi aðila:

a) veitt bætur, í einni eða fleiri árlegum greiðslum, til framleiðenda sem skuldbinda sig til að hætta allri mjólkurframleiðslu sinni eða hluta af henni til frambúðar og láta einstaklingsbundnu kvótana, sem losna við það, renna í landsbundna varasjóðinn,

b) ákvarðað, á grundvelli hlutlægra viðmiðana, skilyrðin fyrir því að framleiðendur geti við upphaf tólf mánaða tímabils fengið, gegn borgun, endurúthlutað frá lögbæru yfirvaldi eða aðila, sem það yfirvald útnefnir, einstaklingsbundnum kvóta sem aðrir framleiðendur hafa látið endanlega frá sér við lok fyrra tólf mánaða tímabils á móti bótum, í einni eða fleiri árlegum greiðslum, sem jafngilda framangreindri borgun,

c) miðstýrt og haft umsjón með framsali kvóta án lands,

d) kveðið á um, þegar um er að ræða land sem er framselt með það að markmiði að bæta umhverfið, að viðkomandi, einstaklingsbundnum kvóta verði úthlutað til framleiðandans sem lætur frá sér landið en óskar eftir því að halda áfram mjólkurframleiðslu,

e) ákvarðað, á grundvelli hlutlægra viðmiðana, á hvaða svæðum eða söfnunarsvæðum skuli heimila varanlegt framsal kvóta án framsals tilheyrandi lands, með það að markmiði að bæta skipulag mjólkurframleiðslu,

f) heimilað, að beiðni framleiðanda til lögbærs yfirvalds eða aðila, sem það yfirvald útnefnir, endanlegt framsal kvóta án framsals tilheyrandi lands, eða öfugt, með það að markmiði að bæta skipulag mjólkurframleiðslu á bújörðum eða til að gefa svigrúm til dreifræktunar.

2. Heimilt er að framkvæma ákvæði 1. mgr. á landsgrundvelli, á stigi viðeigandi yfirráðasvæðis eða á tilgreindum söfnunarsvæðum.

76. gr.

Kvóta haldið eftir

1. Ef um er að ræða framsal, eins og um getur í 74. og 75. gr., geta aðildarríkin, á grundvelli hlutlægra viðmiðana, haldið eftir hluta af einstaklingsbundna kvótanum fyrir landsbundna varasjóðinn.

2. Þegar kvótar hafa verið framseldir eða eru framseldir, í samræmi við 74. og 75. gr., með eða án tilheyrandi lands, með leigu á jörð eða með öðrum hætti sem hefur sambærileg réttaráhrif geta aðildarríkin ákveðið, á grundvelli hlutlægra viðmiðana og með það að markmiði að tryggja að kvótum sé einvörðungu ráðstafað til framleiðenda, hvort og með hvaða skilyrðum allur eða hluti framselda kvótans skuli renna í landsbundna varasjóðinn.

77. gr.

Aðstoð vegna yfirtöku kvóta

Opinber yfirvöld mega ekki veita neins konar fjárhagsaðstoð sem tengist beint yfirtöku kvóta, hvort sem það er til sölu, framsals eða úthlutunar kvóta samkvæmt þessum þætti.

III. UNDIRÞÁTTUR

MAGN UMFRAM KVÓTA

78. gr.

Umframmagnsgjald

1. Greiða skal umframmagnsgjald fyrir mjólk og aðrar mjólkurafurðir sem eru settar á markað í magni umfram landsbundna kvótann sem er fastsettur í samræmi við II. undirþátt.

Gjaldið skal vera 27,83 evrur á hver 100 kílógrömm af mjólk.

2. Aðildarríkin skulu greiða Bandalaginu umframmagnsgjaldið vegna framleiðslu umfram landsbundinn kvóta, sem er ákvarðaður á landsgrundvelli og skipt milli afhendingar og beinnar sölu, og skulu þau greiða 99% af fjárhæðinni, sem greiða skal, til Ábyrgðarsjóðs evrópsks landbúnaðar á milli 16. október og 30. nóvember eftir viðkomandi tólf mánaða tímabil.

3. Hafi umframmagnsgjaldið, sem kveðið er á um í 1. mgr., ekki verið greitt fyrir gjalddaga skal framkvæmdastjórnin, að höfðu samráði við nefndina um landbúnaðarsjóði, draga fjárhæð, sem samsvarar ógreiddu umframmagnsgjaldi, frá mánaðarlegum greiðslum í skilningi 14. gr. og 2. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1290/2005. Áður en framkvæmdastjórnin tekur ákvörðun sína skal hún gera hlutaðeigandi aðildarríki viðvart og skal það gera afstöðu sína kunna innan einnar viku. Ákvæði 14. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2040/2000 ([1]) gilda ekki.

4. Framkvæmdastjórnin ákveður tilhögun á beitingu þessarar greinar.

79. gr.

Hlutur framleiðenda í umframmagnsgjaldinu sem greiða skal

Umframmagnsgjaldinu skal skipt til fulls, í samræmi við 80. og 83. gr., milli framleiðenda sem hafa átt þátt í framleiðslunni umfram landsbundnu kvótana sem um getur í 2. mgr. 66. gr.

Með fyrirvara um 80. gr. (3. mgr.) og 83. gr. (1. mgr.) skal framleiðendum skylt að borga aðildarríkinu sinn hluta af umframmagnsgjaldinu, sem greiða skal og er reiknað í samræmi við 69., 70. og 80. gr., fyrir það eitt að hafa farið yfir kvótann sem þeir höfðu til ráðstöfunar.

80. gr.

Umframmagnsgjald á afhendingu

1. Við útreikning á endanlegu umframmagnsgjaldi skal magnið, sem hver framleiðandi afhendir, aukið eða minnkað til að endurspegla hvers kyns mun á raunverulegu fituinnihaldi og viðmiðunarfituinnihaldi og skal það gert með reiknistuðlum og samkvæmt skilmálum sem framkvæmdastjórnin mælir fyrir um.

2. Ef samtala afhendinga, sem hafa verið aðlagaðar í samræmi við 1. mgr., er lægri á landsgrundvelli en samtala afhendinga sem hafa í raun átt sér stað skal reikna umframmagnsgjaldið miðað við raunverulegar afhendingar. Þegar svo háttar til skal hver aðlögun, sem er lækkun, skert hlutfallslega svo að samtala aðlagaðra afhendinga verði í samræmi við raunverulegar afhendingar.

Ef samtala afhendinga, sem hafa verið aðlagaðar í samræmi við 1. mgr., er hærri en samtala afhendinga sem hafa í raun átt sér stað skal reikna umframmagnsgjaldið miðað við aðlagaðar afhendingar.

3. Hlutur hvers framleiðanda í greiðslu umframmagnsgjaldsins skal fastsettur með ákvörðun aðildarríkis eftir að öllum ónýttum hlutum landsbundins kvóta, sem er úthlutað fyrir afhendingar, hefur verið eða ekki verið endurúthlutað í hlutfalli við einstaklingsbundna kvóta hvers framleiðenda eða í samræmi við hlutlægar viðmiðanir sem aðildarríkin setja:

a) annaðhvort á landsgrundvelli, með hliðsjón af því magni hjá hverjum framleiðanda sem er umfram kvóta,

b) eða fyrst á kaupandastigi og síðan á landsgrundvelli eftir því sem við á.

81. gr.

Hlutverk kaupenda

1. Kaupendur skulu ábyrgir fyrir að innheimta hjá framleiðendum þá hluta umframmagnsgjaldsins, sem viðkomandi framleiðendum ber að borga, og skulu greiða lögbærum aðila

([1]) Stjtíð. EB L 244, 29.9.2000, bls. 27

viðkomandi aðildarríkis fyrir tiltekinn dag og samkvæmt málsmeðferð, sem framkvæmdastjórnin mælir fyrir um, fjárhæð þessara hluta sem dregin var frá mjólkurverðinu, sem greitt var til framleiðendanna sem báru ábyrgð á umframframleiðslunni eða, hafi það ekki gengið eftir, innheimt með öðrum hætti.

2. Ef kaupandi kemur í stað eins eða fleiri kaupenda að nokkru eða öllu leyti skal taka tillit til einstaklingsbundinna kvóta sem framleiðendur hafa til ráðstöfunar það sem eftir lifir af tólf mánaða tímabilinu eftir að magnið, sem hefur þegar verið afhent, hefur verið dregið frá og tillit tekið til fituinnihaldsins í því magni. Þessi málsgrein skal einnig gilda ef framleiðandi flytur sig frá einum kaupanda til annars.

3. Ef magnið, sem framleiðandi afhendir, fer á viðmiðunartímabilinu yfir kvótann sem hann hefur til ráðstöfunar getur hlutaðeigandi aðildarríki ákveðið að kaupandinn skuli, í samræmi við ítarlegar reglur sem aðildarríkið mælir fyrir um, draga frá hluta af verði mjólkur í öllum afhendingum þessa framleiðanda, sem eru umfram afhendingarkvótann, sem fyrirframgreiðslu á hlut framleiðandans í umframmagnsgjaldinu. Aðildarríkin geta komið á sérstöku fyrirkomulagi sem gerir kaupendum kleift að draga þessa fyrirframgreiðslu frá þegar framleiðendur eru með afhendingar til fleiri en eins kaupanda.

82. gr.

Samþykki

Starfsemi kaupanda skal háð fyrirframsamþykki aðildarríkis í samræmi við viðmiðanir sem framkvæmdastjórnin setur.

Framkvæmdastjórnin ákveður skilyrðin, sem framleiðandi þarf að uppfylla, og upplýsingarnar, sem hann þarf að veita, þegar um beina sölu er að ræða.

83. gr.

Umframmagnsgjald á beina sölu

1. Þegar um beina sölu er að ræða skal framlag hvers framleiðanda til greiðslu umframmagnsgjaldsins fastsett með ákvörðun viðkomandi aðildarríkis eftir að ónýttum hluta landsbundna kvótans, sem var úthlutað til beinnar sölu, hefur eða hefur ekki verið endurúthlutað á viðeigandi vettvangi yfirráðasvæðis eða á landsvettvangi.

2. Aðildarríkin skulu ákveða reiknigrunninn fyrir framlag framleiðenda til umframmagnsgjaldsins, sem greiða skal, út frá heildarmagni mjólkur sem er seld, afhent eða notuð til framleiðslu á mjólkurafurðum sem eru seldar eða afhentar, og skulu nota til þess viðmiðanir sem framkvæmdastjórnin setur.

3. Ekki skal taka tillit til leiðréttinga vegna fituinnihalds við lokaútreikning umframmagnsgjalds.

4. Framkvæmdastjórnin skal ákvarða hvernig og hvenær umframmagnsgjaldið skuli greitt til þar til bærs aðila aðildarríkis.

84. gr.

Ofgreiddar eða ógreiddar fjárhæðir

1. Þegar greiða skal umframmagnsgjald vegna afhendingar eða beinnar sölu og framlagið, sem er innheimt hjá framleiðendum, er hærra en gjaldið getur aðildarríki:

a) notað alla ofgreiðsluna eða hluta hennar til að fjármagna ráðstafanirnar samkvæmt a-lið 1. mgr. 75. gr. og/eða

b) endurúthlutað henni, í heild eða að hluta, til framleiðenda sem:

– falla í forgangsflokka, sem aðildarríkin skilgreina á grundvelli hlutlægra viðmiðana og innan tímabils sem framkvæmdastjórnin skal mæla fyrir um, eða

– verða fyrir áhrifum vegna óvenjulegra aðstæðna sem leiðir af landsreglum sem eru ótengdar kvótakerfinu fyrir mjólk og mjólkurafurðir sem sett er fram í þessum kafla.

2. Þegar staðfest hefur verið að ekki skuli greiða umframmagnsgjald skulu allar fyrirframgreiðslur, sem kaupendur eða aðildarríkið hafa innheimt, endurgreiddar eigi síðar en í lok næsta tólf mánaða tímabils.

3. Þegar kaupandi rækir ekki þá skyldu að innheimta hlut framleiðenda í umframmagnsgjaldinu í samræmi við 81. gr. getur viðkomandi aðildarríki innheimt ógreiddar fjárhæðir beint frá framleiðendum án þess að það hafi áhrif á viðurlög sem ríkið getur beitt kaupanda í vanskilum.

4. Þegar framleiðandi eða kaupandi virðir ekki tímamörk fyrir greiðslu skal greiða viðkomandi ríki dráttarvexti sem framkvæmdastjórnin ákveður.

IV. ÞÁTTUR

MÁLSMEÐFERÐARÁKVÆÐI

85. gr.

Framkvæmdarreglur

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ítarlegar reglur varðandi beitingu þessa kafla, einkum varðandi:

a) viðbótarupplýsingar, sem samþykkt fyrirtæki, sem um getur í 57. gr., skulu leggja fram, sem og viðmiðanir fyrir stjórnsýsluviðurlögum og tímabundinni sviptingu og afturköllun samþykkis fyrir fyrirtækjum,

b) ákvörðun og upplýsingar um fjárhæðirnar, sem um getur í 58. gr., og umframmagnsgjaldið sem um getur í 64. gr.,

c) undanþágur frá dagsetningunum sem mælt er fyrir um í 63. gr.

IV. KAFLI

AÐSTOÐARKERFI

I. ÞÁTTUR

AÐSTOÐ TIL VINNSLU

I. UNDIRÞÁTTUR

ÞURRKAÐ FÓÐUR

86. gr.

Aðstoðarhæf fyrirtæki

1. Aðstoð vegna vinnslu afurða í geira þurrkaðs fóðurs skal veitt fyrirtækjum sem vinna afurðir í þeim geira og tilheyra a.m.k. einum af eftirfarandi flokkum:

a) vinnsluaðilum sem hafa gert samninga við framleiðendur fóðurs til þurrkunar. Ef samningur er sérpöntunarsamningur um vinnslu fóðurs sem framleiðendi afhendir skal hann innihalda ákvæði um að vinnslufyrirtækjunum beri skylda til að greiða framleiðandanum aðstoðina sem þau fá fyrir það magn sem er unnið samkvæmt samningnum;

b) fyrirtækjum sem hafa unnið sína eigin uppskeru eða, ef um er að ræða framleiðendahóp, uppskeru meðlima sinna,

c) fyrirtækjum sem hafa fengið birgðir sínar frá einstaklingum eða lögaðilum sem hafa gert samning við framleiðendur fóðurs til þurrkunar.

2. Aðstoðin, sem kveðið er á um í 1. gr., skal greidd fyrir þurrkað fóður sem er farið frá vinnslustöðinni og uppfyllir eftirfarandi kröfur:

a) hámarksrakainnihald þess er frá 11–14% sem getur verið breytilegt eftir því í hvaða formi varan er afgreidd,

b) lágmarksinnihald hráprótíns í þurru efni er ekki minna en:

   i. 15%, þegar um er að ræða afurðir, sem um getur í a-lið og öðrum undirlið b-liðar IV. hluta I. viðauka,

   ii. 45%, þegar um er að ræða afurðir, sem um getur í fyrsta undirlið b-liðar IV. hluta I. viðauka,

c) það er af áreiðanlegum og sanngjörnum sölugæðum.

87. gr.

Fyrirframgreiðsla

1. Vinnslufyrirtæki skulu eiga rétt á fyrirframgreiðslu sem nemur 19,80 evrum á tonn en 26,40 evrum á tonn ef þau hafa lagt fram tryggingu sem nemur 6,60 evrum á tonn.

Aðildarríki skal viðhafa nauðsynlegt eftirlit til að sannreyna rétt til aðstoðar. Þegar réttur til aðstoðar hefur verið staðfestur skal fyrirframgreiðslan greidd út.

Þó má greiða fyrirframgreiðsluna út áður en réttur hefur verið staðfestur, að því tilskildu að vinnsluaðili leggi fram tryggingu sem jafngildir fjárhæð fyrirframgreiðslunnar, að viðbættum 10%. Þessi trygging skal einnig þjóna sem trygging vegna fyrstu undirgreinar. Tryggingin skal lækkuð niður í fjárhæðina, sem um getur í fyrstu undirgrein, um leið og réttur til aðstoðar hefur verið staðfestur og skal endurgreidd að fullu þegar afgangurinn af aðstoðinni hefur verið greiddur út.

2. Ekki er hægt að greiða út fyrirframgreiðslu fyrr en þurrkaða fóðrið er farið frá vinnslufyrirtækinu.

3. Þegar fyrirframgreiðsla hefur verið greidd út skal afgangurinn, sem jafngildir mismuninum milli fjárhæðar fyrirframgreiðslunnar og heildaraðstoðarinnar, sem greiða skal til vinnslufyrirtækisins, greiddur út með fyrirvara um beitingu 2. mgr. 88. gr.

4. Ef fyrirframgreiðslan er hærri en heildarupphæðin sem vinnslufyrirtækið á rétt á eftir beitingu 2. mgr. 88. gr. skal vinnsluaðilinn, að fenginni beiðni þar að lútandi, endurgreiða umframfjárhæðina til lögbærs yfirvalds viðkomandi aðildarríkis.

88. gr.

Aðstoðarhlutfall

1. Aðstoðin, sem kveðið er á um í 86. gr., skal vera 33 evrur á tonn.

2. Ef magn þurrkaðs fóðurs, sem sótt er um aðstoð fyrir, fer á tilteknu markaðsári yfir tryggða hámarksmagnið sem kveðið er á um í 89. gr. skal aðstoðin minnkuð, þrátt fyrir 1. mgr., í hverju því aðildarríki, þar sem framleiðslan er umfram tryggt, landsbundið magn, með því að lækka útgjöldin í hlutfalli við hlut viðkomandi aðildarríkis í samanlögðu umframmagni.

Framkvæmdastjórnin skal fastsetja lækkunina á þann veg að tryggt sé að útgjöld samkvæmt áætlun verði ekki hærri en orðið hefði ef ekki hefði verið farið yfir tryggt hámarksmagn.

89. gr.

Tryggt magn

Hér með er fastsett tryggt hámarksmagn sem nemur 4 960 723 tonnum á hverju markaðsári af vatnssneyddu og/eða

sólþurrkuðu fóðri sem veita má aðstoð fyrir skv. 86. gr. Því magni skal skipt á milli hlutaðeigandi aðildarríkja sem tryggðu, landsbundnu magni í samræmi við B-lið XI. viðauka.

90. gr.

Framkvæmdarreglur

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ítarlegar reglur um beitingu þessa undirþáttar sem kunna m.a. að varða:

a) yfirlýsingar sem fyrirtæki skulu leggja fram þegar þau sækja um aðstoð,

b) skilyrði sem þarf að uppfylla til að öðlast aðstoðarhæfi, einkum að því er varðar gerð birgðaskráa og annarra stoðgagna,

c) veitingu aðstoðar, sem kveðið er á um í þessum undirþætti, og fyrirframgreiðslu sem og endurgreiðslu tryggingarinnar, sem kveðið er á um í 1 . mgr. 87. gr.,

d) skilyrðin og viðmiðanirnar sem fyrirtækin, sem um getur í 86. gr., skulu uppfylla og, ef fyrirtæki fá birgðir sínar frá einstaklingi eða lögaðila, reglur varðandi ábyrgðir sem þessir aðilar skulu leggja fram,

e) skilmála aðildarríkjanna fyrir því að samþykkja kaupendur fóðurs til þurrkunar,

f) viðmiðanir við ákvörðun krafnanna sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 86. gr.,

g) viðmiðanir, sem uppfylla skal fyrir gerð samninga, og upplýsingar sem samningarnir skulu innihalda,

h) beitingu tryggða hámarksmagnsins, sem kveðið er á um í 89. gr.,

i) frekari kröfur til viðbótar þeim sem mælt er fyrir um í 86. gr., einkum að því er varðar karótín og trefjainnihald.

II. UNDIRÞÁTTUR

LÍN TIL TREFJAFRAMLEIÐSLU

91. gr.

Aðstoðarhæfi

1. Aðstoð vegna vinnslu á hálmi af líni, sem er ræktað til trefjaframleiðslu, skal veitt viðurkenndum frumvinnsluaðilum á grundvelli þess magns af trefjum sem í raun fæst úr hálmi sem gerður hefur verið sölusamningur um við bónda.

Í tilvikum þar sem bændur halda eignarhaldi yfir hálminum, sem þeir láta vinna samkvæmt samningi við viðurkenndan forvinnsluaðila, og sanna að þeir hafi sett trefjarnar, sem fengust, á markað skal aðstoðin þó veitt bændunum.

Ef viðurkenndur frumvinnsluaðili og bóndinn eru einn og sami aðilinn skal í stað sölusamnings koma skuldbinding viðkomandi aðila um að hann muni sjálfur annast vinnsluna.

2. Að því er varðar þennan undirþátt merkir „viðurkenndur vinnsluaðili“ einstakling eða lögaðila eða hóp einstaklinga eða lögaðila, óháð réttarstöðu hópsins samkvæmt landslögum eða réttarstöðu meðlima hans, sem hefur hlotið viðurkenningu lögbærs yfirvald í hlutaðeigandi aðildarríki enda sé aðstaða vinnsluaðilans til framleiðslu líntrefja á yfirráðasvæði þess ríkis.

92. gr.

Aðstoðarhlutfall

1. Fjárhæð aðstoðar til vinnslu, sem kveðið er á um í 91. gr., skal vera 200 evrur á tonn af löngum líntrefjum.

2. Magn aðstoðarhæfra trefja skal takmarkað á grundvelli svæðanna sem falla undir einn eða fleiri af samningunum eða skuldbindingunum sem um getur í 91. gr.

Aðildarríkin skulu setja mörkin, sem um getur í fyrstu undirgrein, á þann veg að þau séu í samræmi við tryggt, landsbundið magn sem um getur í 94. gr.

93. gr.

Fyrirframgreiðsla

Að beiðni viðurkennds frumvinnsluaðila skal greiða fyrir fram upp í aðstoðina, sem um getur í 91. gr., á grundvelli magns trefjanna.

94. gr.

Tryggt magn

1. Fastsetja skal tryggt hámarksmagn, sem nemur 80 878 tonnum á markaðsári, fyrir langar líntrefjar sem veita má aðstoð fyrir. Því magni skal skipt á milli tiltekinna aðildarríkja sem tryggðu, landsbundnu magni í samræmi við A-lið XI. viðauka.

2. Ef trefjar, sem eru unnar í aðildarríki, eru upprunnar úr hálmi sem er framleiddur í öðru aðildarríki skal reikna magn umræddra trefja með í tryggðu, landsbundnu magni aðildarríkisins þar sem hálmurinn var uppskorinn. Aðildarríkið, þar sem trefjarnar eru reiknaðar með í tryggða, landsbundna magninu, skal greiða aðstoðina.

95. gr.

Framkvæmdarreglur

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ítarlegar reglur varðandi beitingu þessa undirþáttar sem kunna m.a. að varða:

a) skilyrði fyrir viðurkenningu á frumvinnsluaðila sem um getur í 91. gr.,

b) skilyrði sem viðurkenndir frumvinnsluaðilar skulu uppfylla að því er varðar sölusamninga og skuldbindingar sem um getur í 1. mgr. 91. gr.,

c) kröfur sem bændur skulu uppfylla í því tilviki sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 91. gr.,

d) viðmiðanir sem langar líntrefjar skulu uppfylla,

e) skilyrði fyrir veitingu aðstoðar og fyrirframgreiðslu og einkum sannanir fyrir vinnslu hálms,

f) skilyrði fyrir setningu þeirra takmarkana sem um getur í 2. mgr. 92. gr.

II. ÞÁTTUR

FRAMLEIÐSLUENDURGREIÐSLUR

96. gr.

Framleiðsluendurgreiðslur fyrir sterkju

1. Veita má framleiðsluendurgreiðslur:

a) fyrir sterkju úr maís, hveiti eða kartöflum og fyrir tilteknar, afleiddar afurðir sem eru notaðar í framleiðslu tiltekinna vara og skal framkvæmdastjórnin taka saman skrá yfir þær vörur,

b) ef ekki er fyrir hendi umtalsverð landsframleiðsla á öðru korni til framleiðslu á sterkju: fyrir eftirfarandi magn af sterkju sem fæst á hverju markaðsári í Finnlandi og Svíþjóð úr byggi og höfrum, svo fremi að það leiði ekki til aukinnar framleiðslu á sterkju úr þessum tveimur korntegundum:

   i. 50 000 tonn fyrir Finnland,

   ii. 10 000 tonn fyrir Svíþjóð.

2. Framkvæmdastjórnin ákveður reglulega endurgreiðslurnar sem um getur í 1. mgr.

97. gr.

Framleiðsluendurgreiðslur í sykurgeiranum

1. Veita má framleiðsluendurgreiðslur fyrir afurðir úr sykurgeiranum, sem eru tilgreindar í b- til e-lið III. hluta I. viðauka, ef ekki er unnt að fá umframsykur eða innfluttan sykur, umframísóglúkósa eða umframinúlínsýróp á verði, sem samsvarar heimsverði, til framleiðslu afurðanna sem um getur í b- og c-liðum 2. mgr. 62. gr.

2. Framleiðsluendurgreiðslurnar, sem um getur í 1. mgr., skulu ákveðnar með hliðsjón m.a. af kostnaðinum, sem atvinnugreinin þyrfti að bera ef hún notaði innfluttan sykur af heimsmarkaðinum, verðinu á umframsykrinum, sem er fáanlegur á markaði Bandalagsins, eða viðmiðunarverðinu ef enginn umframsykur er fáanlegur.

98. gr.

Skilyrði fyrir veitingu

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja skilyrði fyrir veitingu þeirra framleiðsluendurgreiðslna, sem um getur í þessum þætti, sem og fjárhæð þessara endurgreiðslna og, að því er varðar framleiðsluendurgreiðslur fyrir sykur, sem kveðið er á um í 97. gr., magnið sem gefur rétt til endurgreiðslna.

III. ÞÁTTUR

AÐSTOÐ Í MJÓLKUR- OG MJÓLKURAFURÐAGEIRANUM

99. gr.

Aðstoð vegna undanrennu og undanrennudufts sem er notað sem fóður

1. Veita skal aðstoð vegna undanrennu og undanrennudufts, sem er ætlað til notkunar sem fóður, samkvæmt skilyrðum og vörustöðlum sem framkvæmdastjórnin skal ákveða.

Að því er varðar þessa grein skal líta á áfir og áfaduft sem undanrennu og undanrennuduft.

2. Framkvæmdastjórnin skal ákveða fjárhæðir aðstoðar með hliðsjón af eftirfarandi þáttum:

a) viðmiðunarverðinu sem er fastsett fyrir undanrennuduft í ii-lið e-liðar 1. mgr. 8. gr.,

b) þróun birgðastöðu, að því er varðar undanrennu og undanrennuduft, og þróun í notkun þess í fóður,

c) þróun verðs á kálfum,

d) þróun markaðsverðs á prótíngjöfum, sem keppa við undanrennuduft, í samanburði við verð á undanrennudufti.

100. gr.

Aðstoð vegna undanrennu sem er unnin í kasein og kaseinöt

1. Aðstoð skal veitt fyrir undanrennu, sem er unnin í kasein og kaseinöt í Bandalaginu, samkvæmt skilyrðum og afurðastöðlum sem framkvæmdastjórnin skal ákveða fyrir slíka mjólk og fyrir kasein og kaseinöt sem eru framleidd úr henni.

2. Framkvæmdastjórnin ákveður fjárhæð aðstoðar með hliðsjón af eftirfarandi þáttum:

a) viðmiðunarverði á undanrennudufti eða markaðsverði á úðaþurrkuðu undanrennudufti í fyrsta gæðaflokki ef það er hærra en viðmiðunarverðið,

b) markaðsverði á kaseini og kaseinötum á Bandalags- og heimsmarkaði.

Aðstoðin getur verið mismunandi eftir því hvort undanrennan er unnin í kasein eða kaseinöt og eftir gæðum þeirra afurða.

101. gr.

Aðstoð vegna kaupa á rjóma, smjöri og smjörþykkni á niðursettu verði

Safnist upp umframbirgðir mjólkurafurða eða ef líklegt er að þær muni safnast upp getur framkvæmdastjórnin ákveðið, með skilyrðum sem hún skal setja, að veita skuli aðstoð til að gera kleift að kaupa rjóma, smjör og smjörþykkni á niðursettu verði:

a) þegar um er að ræða stofnanir og samtök sem eru ekki rekin í hagnaðarskyni,

b) þegar um er að ræða herafla og einingar með sambærilega stöðu og herafli í aðildarríki,

c) þegar um er að ræða framleiðendur sætabrauðs og íss,

d) þegar um er að ræða framleiðendur annarra matvæla og skal framkvæmdastjórnin tilgreina matvælin,

e) þegar um er að ræða beina neyslu á smjörþykkni.

102. gr.

Aðstoð vegna dreifingar á mjólkurafurðum til nemenda

1. Veita skal aðstoð Bandalagsins, með skilyrðum sem framkvæmdastjórnin skal ákveða, til að dreifa tilteknum, unnum mjólkurafurðum, sem framkvæmdastjórnin skal tilgreina og falla undir SAT-númerin 0401, 0403, 040490 og 0406 eða SAT-númerið 220290, til nemenda í menntastofnunum.

2. Þrátt fyrir 180. gr. geta aðildarríkin veitt landsbundna aðstoð, til viðbótar við aðstoð Bandalagsins, til dreifingar á afurðunum, sem um getur í 1. mgr., til nemenda í menntastofnunum. Aðildarríki geta fjármagnað landsbundna aðstoð sína með álögum á mjólkurgeirann eða með annars konar framlagi frá mjólkurgeiranum.

3. Þegar um er að ræða nýmjólk skal aðstoð Bandalagsins vera 18,15 evrur á hver 100 kg.

Þegar um er að ræða aðrar mjólkurafurðir skal framkvæmdastjórnin taka ákvörðun um fjárhæð aðstoðarinnar með hliðsjón af mjólkurinnihaldi viðkomandi afurða.

4. Aðstoðin, sem um getur í 1. mgr., skal veitt fyrir að hámarki 0,25 lítra mjólkurígildis á nemanda á dag.

IV. ÞÁTTUR

AÐSTOÐ Í GEIRA ÓLÍFUOLÍU OG ÓLÍFA TIL ÁTU

103. gr.

Aðstoð til samtaka rekstraraðila

1. Bandalagið skal fjármagna, með þeim fjárhæðum sem aðildarríkin halda eftir í samræmi við 4. mgr. 110. gr. i í reglugerð (EB) nr. 1782/2003, þriggja ára vinnuáætlanir sem samtök rekstraraðila, sem kveðið er á um í 125. gr., semja á eftirfarandi sviðum:

a) markaðseftirfylgni og rekstur stjórnsýslu í geira ólífuolíu og ólífa til átu,

b) úrbætur með tilliti til umhverfisáhrifa á ólífuræktunarsvæðum,

c) úrbætur með tilliti til framleiðslugæða ólífuolíu og ólífa til átu,

d) rekjanleikakerfi, vottun og vernd gæða ólífuolíu og ólífa til átu, einkum vöktun á gæðum ólífuolíu sem er seld neytendum, undir umsjón landsbundins stjórnvalds,

e) útbreiðslu upplýsinga um aðgerðir sem samtök rekstraraðila framkvæma í því skyni að bæta gæði ólífuolíu.

2. Hámarksfjárframlag Bandalagsins til vinnuáætlananna, sem um getur í 1. mgr., skal jafngilda þeim hluta fjárhæðanna sem aðildarríkin heldur eftir. Þessi fjármögnun nær yfir aðstoðarhæfan kostnað og er að hámarki:

a) 100% fyrir aðgerðir á sviðum, sem um getur í a- og b-liðum 1. mgr.,

b) 100% fyrir fjárfestingar í fastafjármunum og 75% fyrir aðrar aðgerðir á því sviði sem um getur í c-lið 1. mgr.,

c) 75% fyrir vinnuáætlanir, sem viðurkennd samtök rekstraraðila framkvæma í a.m.k. þremur löndum eða í aðildarríki, sem er ekki framleiðandi, á sviðum, sem um getur í d- og e-liðum 1. mgr., og 50% fyrir aðrar aðgerðir á þessum sviðum.

Viðkomandi aðildarríki skal tryggja viðbótarfjármögnun sem nemur allt að 50% þess kostnaðar sem fellur ekki undir fjármögnun Bandalagsins.

Framkvæmdastjórnin skal ákveða ítarlegar reglur um beitingu þessarar greinar og einkum um málsmeðferð við samþykki aðildarríkis fyrir vinnuáætlunum og hvers konar aðgerðir eru aðstoðarhæfar innan ramma þessara áætlana.

3. Með fyrirvara um sértæk ákvæði, sem framkvæmdastjórnin kann að samþykkja í samræmi við 194. gr., skulu aðildarríkin sannreyna að skilyrðin fyrir fjárframlögum Bandalagsins séu uppfyllt. Með það fyrir augum skulu þau

gera úttekt á vinnuáætlunum og semja eftirlitsáætlun sem felur í sér úrtak sem er ákvarðað á grundvelli áhættugreiningar og samanstendur af a.m.k. 30% af samtökum framleiðenda á ári og öllum öðrum rekstraraðilasamtökum sem þiggja fjárframlög Bandalagsins samkvæmt þessari grein.

V. ÞÁTTUR

TÓBAKSSJÓÐUR BANDALAGSINS

104. gr.

Tóbakssjóður

1. Setja skal á stofn tóbakssjóð Bandalagsins (hér á eftir nefndur Tóbakssjóðurinn) til að fjármagna ráðstafanir er varða eftirfarandi svið:

a) að auka vitund almennings um skaðleg áhrif hvers konar tóbaksnotkunar, einkum með upplýsingum og fræðslu, styrkjum til gagnaöflunar til að kortleggja mynstur tóbaksnotkunar og gera faraldsfræðilegar rannsóknir á nikótínfíkn í Bandalaginu og rannsókn á því hvernig er hægt að fyrirbyggja nikótínfíkn,

b) sértækar ráðstafanir til að aðstoða tóbaksræktendur við að skipta yfir í aðrar nytjaplöntur eða aðra atvinnustarfsemi, sem skapar störf, og rannsóknir á möguleikum tóbaksræktenda til að gera svo.

2. Tóbakssjóðurinn skal fjármagnaður:

a) fyrir uppskeruna 2002, með því að halda eftir 2%, og fyrir uppskeruna 2003, 2004 og 2005, með því að halda eftir 3% af framlaginu, sem kveðið er á um í I. bálki reglugerðar (EBE) nr. 2075/92, eftir því sem við á, fram til og að meðtalinni uppskerunni 2005, til fjármögnunar hvers konar ráðstafana sem kveðið er á um í 1. mgr.,

b) fyrir almanaksárin 2006 og 2007, í samræmi við 110. gr. m í reglugerð (EB) nr. 1782/2003.

3. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ítarlegar reglur varðandi beitingu þessarar greinar.

VI. HLUTI.

SÉRÁKVÆÐI UM BÝRÆKTARGEIRANN

105. gr.

Gildissvið

1. Aðildarríkin geta gert landsbundna áætlun fyrir þriggja ára tímabil (hér á eftir nefnd býræktaráætlunin) með það að markmiði að bæta almenn skilyrði við framleiðslu á býræktarafurðum og setningu þeirra á markað.

2. Þrátt fyrir 180. gr. skulu 87., 88. og 89. gr. sáttmálans ekki gilda um:

a) fjárframlög aðildarríkjanna til ráðstafana, sem falla undir stuðning Bandalagsins í samræmi við þennan þátt,

b) sértæka, landsbundna aðstoð til verndar býflugnabúum sem eiga undir högg að sækja vegna skipulagslegra eða náttúrulegra aðstæðna eða heyra undir hagþróunaráætlanir, að undanskilinni aðstoð til framleiðslu eða viðskipta.

Aðildarríkin skulu tilkynna aðstoðina, sem um getur í b-lið, til framkvæmdastjórnarinnar um leið og þau senda henni býræktaráætlunina í samræmi við 109. gr.

106. gr.

Aðstoðarhæfar ráðstafanir

Áætlun um býrækt getur náð yfir eftirfarandi ráðstafanir:

a) tækniaðstoð við býræktendur og hópa býræktenda,

b) varnir gegn varróaveiki,

c) hagræðingu farbúskapar,

d) ráðstafanir til stuðnings rannsóknarstofum sem framkvæma greiningar á eðlisefnafræðilegum eiginleikum hunangs,

e) ráðstafanir til stuðnings endurnýjunar stofna í býflugnabúum í Bandalaginu,

f) samstarf við sérfræðiaðila um framkvæmd sérhæfðra rannsóknaráætlana á sviði býræktar og býræktarafurða.

Ráðstafanir, sem Dreifbýlisþróunarsjóður evrópsks landbúnaðar fjármagnar í samræmi við reglugerð ráðsins (EB) nr. 1698/2005 ([1]), skulu undanþegnar býræktaráætluninni.

107. gr.

Rannsókn á skipulagi framleiðslu og setningar á markað í býræktargeiranum

Aðildarríkin þurfa að gera rannsókn á uppbyggingu framleiðslu og setningar á markað í býræktargeiranum á yfirráðasvæði sínu til að öðlast hæfi til samfjármögnunarinnar sem kveðið er á um í 1. mgr. 108. gr.

([1]) Stjtíð. ESB L 277, 21.10.2005, bls. 1

108. gr.

Fjármögnun

1. Bandalagið skal taka þátt í að fjármagna býræktaráætlanir með fjárhæð sem samsvarar 50% af kostnaðinum sem aðildarríkin bera.

2. Aðildarríkin skulu greiða útgjöld, sem varða ráðstafanir sem gripið er til samkvæmt býræktaráætlunum, fyrir 15. október hvers árs.

109. gr.

Samráð

Býræktaráætlunin skal gerð í nánu samráði við fulltrúasamtök og samvinnufélög um býrækt. Hún skal lögð fyrir framkvæmdastjórnina til samþykkis.

110. gr.

Framkvæmdarreglur

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ítarlegar reglur varðandi beitingu þessa hluta.

VII. ÞÁTTUR

AÐSTOÐ Í SILKIORMAGEIRANUM

111. gr.

Aðstoð sem er ætluð ræktendum silkiorma

1. Aðstoð skal veitt vegna silkiorma, sem eru ræktaðir í Bandalaginu og falla undir SAT-númer úr 01069000, og vegna silkiormaeggja sem falla undir SAT-númer úr 05119985.

2. Ræktendum silkiorma skal veitt aðstoð fyrir hvern kassa af silkiormaeggjum, sem eru notuð, með því skilyrði að kassarnir innihaldi það lágmarksmagn eggja, sem ákveðið verður, og að ræktun ormanna hafi heppnast.

3. Aðstoð á hvern kassa af silkiormaeggjum, sem er notaður, skal vera 133,26 evrur.

112. gr.

Framkvæmdarreglur

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ítarlegar reglur varðandi beitingu þessa hluta sem skulu m.a. taka til lágmarksmagns eggja sem um getur í 2. mgr. 111. gr.

II. HLUTI

REGLUR VARÐANDI SETNINGU Á MARKAÐ OG FRAMLEIÐSLU

I. KAFLI

MARKAÐSSTAÐLAR OG SKILYRÐI FYRIR FRAMLEIÐSLU

I. ÞÁTTUR

MARKAÐSSTAÐLAR

113. gr.

Markaðsstaðlar

1. Framkvæmdastjórnin getur kveðið á um markaðsstaðla fyrir eina eða fleiri afurðir í eftirfarandi geirum:

a) geira ólífuolíu og ólífa til átu, að því er varðar afurðir sem um getur í a-lið VII. hluta I. viðauka,

b) bananageiranum,

c) geira lifandi plantna.

2. Staðlarnir sem um getur í 1. mgr.:

a) skulu einkum settir með hliðsjón af:

i. sérhæfni afurðanna sem um er að ræða,

ii. nauðsyn þess að tryggja skilyrði fyrir hnökralausri sölu þessara afurða á markaði,

iii. hagsmunum neytenda með tilliti til þess að fá viðunandi og gagnsæjar vöruupplýsingar,

iv. breytingum á aðferðum sem eru notaðar til þess að ákvarða eðlisfræðilega og efnafræðilega eiginleika og skynmatseinkenni að því er varðar ólífuolíurnar sem um getur í a-lið VII. hluta I. viðauka,

b) geta einkum varðað gæði, flokkun, þyngd, stærð, pökkun, umbúðir, geymslu, flutning, framsetningu, uppruna og merkingar.

3. Einungis er heimilt að setja afurðir, sem markaðsstaðlar hafa verið settir fyrir, á markað í Bandalaginu í samræmi við þessa staðla nema framkvæmdastjórnin kveði á um annað í samræmi við viðmiðanirnar sem um getur í a-lið 2. mgr.

Með fyrirvara um sértæk ákvæði, sem framkvæmdastjórnin kann að samþykkja í samræmi við 194. gr., skulu aðildarríkin kanna hvort afurðirnar uppfylli þessa staðla og beita viðlögum eftir því sem við á.

114. gr.

Markaðsstaðlar fyrir mjólk og mjólkurafurðir

1. Einungis má setja matvæli, sem eru ætluð til manneldis, á markað sem mjólk og mjólkurafurðir ef þær eru í samræmi við skilgreiningarnar og heitin sem mælt er fyrir um í XII. viðauka.

2. Með fyrirvara um undanþágur, sem kveðið er á um í lögum Bandalagsins, og ráðstafanir til verndar lýðheilsu má einungis setja mjólk, sem fellur undir SAT-númerið 0401 og er ætluð til manneldis, á markað í Bandalaginu í samræmi við XIII. viðauka og einkum í samræmi við skilgreiningarnar í I. lið hans.

115. gr.

Markaðsstaðlar fyrir fitu

Með fyrirvara um 1. mgr. 114. gr. og önnur ákvæði, sem eru samþykkt á sviði dýraheilbrigðis og matvæla til að tryggja að afurðir uppfylli staðla á sviði hollustuhátta og heilbrigðis og til að vernda heilbrigði dýra og manna, gilda staðlarnir, sem kveðið er á um í XV. viðauka, um eftirfarandi afurðir sem eru með fituinnihaldi, sem er a.m.k. 10% en minna en 90%, miðað við þyngd, og eru ætlaðar til manneldis:

a) mjólkurfitu sem fellur undir SAT-númer 0405 og SAT-númer úr 2106,

b) fitu sem fellur undir SAT-númer úr 1517,

c) fitu úr afurðum úr jurta- og/eða dýraríkinu sem falla undir SAT-númer úr 1517 og úr 2106.

Fituinnihald án viðbætts salts skal a.m.k. vera tveir þriðju hlutar þurrefnis.

Þó skulu þessir staðlar einungis gilda um afurðir sem eru í föstu formi við 20 °C og henta sem smurálegg.

116. gr.

Markaðsstaðlar fyrir afurðir úr eggja- og alifuglakjötsgeirunum

Afurðir úr eggja- og alifuglakjötsgeirunum skulu settar á markað í samræmi við ákvæðin sem um getur í XIV. viðauka.

117. gr.

Vottun humla

1. Afurðir í humlageiranum, sem eru uppskornar eða unnar í Bandalaginu, skulu fá vottunarmeðferð.

2. Einungis er heimilt að gefa út vottorð fyrir afurðir með gæðaeinkenni sem eru tilgreind sem lágmarksgæðakröfur fyrir tiltekið sölustig. Þegar um er að ræða humla í duftformi, humla í duftformi með háu lúpulíninnihaldi, humlakjarna og humlablöndur er einungis heimilt að gefa út vottorð ef alfasýruinnihald þessara afurða er ekki lægra en humlanna sem þær eru unnar úr.

3. Í vottorðunum skal a.m.k. tilgreina:

a) framleiðslustað humlanna,

b) uppskeruár,

c) yrki.

4. Einungis má setja afurðir í humlageiranum á markað eða flytja þær út ef vottorðið, sem um getur í 1., 2. og 3. mgr., hefur verið gefið út.

Ef um er að ræða innfluttar afurðir í humlageiranum skal litið svo á að staðfestingin, sem kveðið er á um í 2. mgr. 158. gr., sé jafngild vottorðinu.

5. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt ráðstafanir sem víkja frá 4. mgr.:

a) til að uppfylla viðskiptakröfur tiltekinna þriðju landa eða

b) þegar um er að ræða afurðir sem eru ætlaðar til sérstakrar notkunar.

Ráðstafanirnar, sem um getur í fyrstu undirgrein, skulu:

a) ekki hafa skaðleg áhrif á eðlilega setningu afurða á markað ef gefið hefur verið út vottorð fyrir afurðirnar,

b) hafa meðfylgjandi ábyrgðir sem er ætlað að tryggja að ekki komi til ruglings við þessar afurðir.

118. gr.

Markaðsstaðlar fyrir ólífuolíu og ólífuhratolíu

1. Skylt er að nota lýsingar og skilgreiningar á ólífuolíu og ólífuhratolíu, sem settar eru fram í XVI. viðauka, við setningu viðkomandi afurða á markað í Bandalaginu og einnig í viðskiptum við þriðju lönd, svo fremi sem þær samræmast alþjóðlegum, skyldubundnum reglum.

2. Einungis má setja olíur, sem um getur í a- og b-lið 1. liðar og 3. og 6. lið XVI. viðauka, á markað á smásölustigi.

II. ÞÁTTUR

SKILYRÐI FYRIR FRAMLEIÐSLU

119. gr.

Notkun kaseins og kaseinata í framleiðslu á osti

Notkun kaseins og kaseinata í framleiðslu á osti skal háð fyrirframleyfi sem skal einungis veitt ef sú notkun er nauðsynleg til framleiðslu afurðarinnar.

120. gr.

Framleiðsluaðferð fyrir etanól úr landbúnaði

Framkvæmdastjórnin getur mælt fyrir um framleiðsluaðferð fyrir etanól, unnu úr tiltekinni landbúnaðarafurð sem er tilgreind í I. viðauka við sáttmálann, og eiginleika þess.

III. ÞÁTTUR

REGLUR UM MÁLSMEÐFERÐ

121. gr.

Samþykkt staðla, framkvæmdarreglna og undanþágna

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ítarlegar reglur varðandi beitingu þessa kafla, einkum varðandi:

a) markaðsstaðla sem um getur í 113. gr., þ.m.t. reglur um undanþágur frá stöðlunum, um framsetningu upplýsinga sem krafist er í stöðlunum og um beitingu staðlanna gagnvart afurðum, sem eru fluttar inn í Bandalagið, og afurðum sem eru fluttar út úr Bandalaginu,

b) þegar um er að ræða skilgreiningar og heiti sem nota má við markaðssetningu á mjólk og mjólkurafurðum í samræmi við 1. mgr. 114. gr.:

   i. samantekt og, ef nauðsyn krefur, viðbætur við skrána yfir afurðir sem um getur í öðrum undirlið 1. liðar III. liðar XII. viðauka, á grundvelli skránna sem aðildarríkin senda framkvæmdastjórninni,

   ii. viðbætur, ef nauðsyn krefur, við skrána yfir heiti sem eru tilgreind í a-lið annarrar undirgreinar 2. liðar II. liðar XII. viðauka,

c) að því er varðar staðlana fyrir smyrjanlega fitu sem um getur í 115. gr.:

   i. skrá yfir afurðir sem um getur í a-lið þriðja undirliðar 2. liðar I. liðar XV. viðauka, á grundvelli skránna sem aðildarríkin senda framkvæmdastjórninni,

   ii. greiningaraðferðir sem eru nauðsynlegar til að sannreyna samsetningu og framleiðslusérkenni afurðanna sem um getur í 115. gr.,

   iii. ítarlegar reglur varðandi sýnatöku,

   iv. ítarlegar reglur um öflun tölfræðilegra upplýsinga á mörkuðum fyrir afurðirnar sem um getur í 115. gr.,

d) að því er varðar ákvæðin varðandi setningu eggja á markað, sem kveðið er á um í A. hluta XIV. viðauka:

   i. skilgreiningar,

   ii. söfnunartíðni, afhendingu, geymslu og meðhöndlun eggja,

   iii. gæðaviðmiðanir, einkum útlit skurnarinnar, þéttleika eggjahvítunnar og rauðunnar og hæð loftrúmsins,

   iv. þyngdarflokkun, þ.m.t. undantekningar,

   v. merkingu eggja og upplýsingar á umbúðum, þ.m.t. undantekningar og þ.m.t. reglur fyrir pökkunarstöðvar,

   vi. viðskipti við þriðju lönd,

   vii. búskaparhætti,

e) að því er varðar ákvæðin varðandi markaðssetningu alifuglakjöts sem kveðið er á um í B. hluta XIV. viðauka:

   i. skilgreiningar,

   ii. skrána yfir alifuglaskrokka, hluta af slíkum skrokkum og innmat, þ.m.t. fituríkt lifur sem fellur undir B. hluta XIV. viðauka,

   iii. viðmiðanir fyrir flokkun í skilningi 1. liðar III. liðar B. hluta XIV. viðauka,

   iv. reglur um frekari upplýsingar sem birtar skulu í viðskiptafylgiskjölum, merkingum, kynningu og auglýsingum á alifuglakjöti, sem ætlað er neytendum, og söluheiti slíkrar afurðar í skilningi 1. liðar 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 2000/13/EB,

   v. valfrjálsar vísbendingar um kæliaðferðir og tegund búskapar,

   vi. undanþágur sem beita má þegar um er að ræða afhendingar til stykkjunar- eða vinnslustöðva,

   vii. reglurnar, sem gilda að því er varðar hlutfall vatnsupptöku við vinnslu nýrra, frosinna og hraðfrystra skrokka og kjötstykkja úr þeim, sem og upplýsingar sem veita skal í þessum efnum,

f) að því er varðar ákvæði um staðla fyrir framleiðslu og setningu útungunareggja og alifuglaunga í heimilisgörðum á markað sem sett eru fram í C. hluta XIV. viðauka:

   i. skilgreiningar,

   ii. skráningu fyrirtækja sem framleiða eða setja útungunaregg eða unga alifugla í heimilisgörðum á markað,

iii. upplýsingar sem skulu standa á útungunareggjum, þ.m.t. þau sem eru flutt inn frá þriðju löndum eða út til þriðju landa, og á umbúðunum, sem og reglur varðandi unga sem eru upprunnir í þriðju löndum,

iv. skrár sem útungunarstöðvar skulu halda,

v. notkun útungunareggja, sem tekin eru úr hitakassa, til annars en manneldis,

vi. tilkynningar frá útungunarstöðvum og öðrum stöðvum til lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna,

vii. fylgiskjöl,

g) lágmarksgæðaeinkenni afurða humlageirans sem um getur í 117. gr.,

h) greiningaraðferðir sem nota skal, eftir atvikum,

i) þegar um er að ræða notkun á kaseini og kaseinötum sem um getur í 119. gr.:

i. skilyrði aðildarríkjanna fyrir veitingu leyfa og ákvörðun hámarkshundraðshluta til íblöndunar, á grundvelli hlutlægra viðmiðana og með hliðsjón af því sem er tæknilega nauðsynlegt,

ii. skyldurnar sem fyrirtæki með leyfi í samræmi við i. lið þurfa að uppfylla.

II. KAFLI

SAMTÖK FRAMLEIÐENDA, FJÖLGREINASAMTÖK, SAMTÖK REKSTRARAÐILA

I. ÞÁTTUR

ALMENNAR MEGINREGLUR

122. gr.

Samtök framleiðenda

Aðildarríkin skulu viðurkenna samtök framleiðenda sem:

a) framleiðendur í einum af eftirfarandi geirum hafa stofnað:

i. humlageiranum,

ii. geira ólífuolíu og ólífa til átu,

iii. silkiormageiranum,

b) eru stofnuð að frumkvæði framleiðenda,

c) hafa tiltekið markmið, sem getur m.a. varðað:

i. að efla framboð á afurðum aðilanna og að setja afurðirnar á markað,

ii. að laga framleiðsluna í sameiningu að kröfum markaðarins og að bæta afurðina,

iii. að stuðla að hagræðingu og vélvæðingu framleiðslunnar.

123. gr.

Fjölgreinasamtök

Aðildarríkin skulu viðurkenna fjölgreinasamtök sem:

a) í eru fulltrúar atvinnulífsins sem tengjast framleiðslu á afurðum í eftirfarandi geirum, viðskiptum með þær og/eða vinnslu þeirra:

i. geira ólífuolíu og ólífa til átu,

ii. tóbaksgeiranum,

b) eru stofnuð að frumkvæði allra eða sumra þeirra samtaka eða sambanda sem stofnuðu þau,

c) hafa tiltekið markmið, sem getur m.a. varðað:

i. að efla framboð á afurðum aðilanna og samræma setningu afurðanna á markað,

ii. að laga framleiðsluna og vinnsluna í sameiningu að kröfum markaðarins og að bæta afurðina,

iii. að stuðla að hagræðingu og vélvæðingu framleiðslunnar og vinnslunnar,

iv. að framkvæma rannsóknir um sjálfbærar aðferðir og markaðsþróun.

Þegar fjölgreinasamtök stunda starfsemi sína á yfirráðasvæði nokkurra aðildarríkja skal framkvæmdastjórnin viðurkenna þau, án aðstoðar nefndarinnar sem um getur í 1. mgr. 195. gr.

124. gr.

Sameiginleg ákvæði varðandi framleiðenda- og fjölgreinasamtök

1. Ákvæði 122. gr. og 123. gr. (1. mgr.) gilda með fyrirvara um þá viðurkenningu, sem aðildarríkin taka ákvörðun um á grundvelli landslaga og í samræmi við lög Bandalagsins, á framleiðendasamtökum og fjölgreinasamtökum, eftir því sem við á, í öllum geirum sem um getur í 1. gr., að undanskildum geirunum sem um getur í 122. gr. og fyrstu málsgrein 123. gr.

2. Samtök framleiðenda, sem eru viðurkennd eða samþykkt í samræmi við reglugerðir (EB) nr. 865/2004, (EB) nr. 1952/2005 og (EB) nr. 1544/2006, skulu teljast viðurkennd samtök framleiðenda skv. 122. gr. þessarar reglugerðar.

Fjölgreinasamtök, sem eru viðurkennd eða samþykkt í samræmi við reglugerðir (EBE) nr. 2077/92 og (EB) nr. 865/2004, skulu teljast viðurkennd fjölgreinasamtök skv. 123. gr. þessarar reglugerðar.

125. gr.

Samtök rekstraraðila

Að því er varðar þessa reglugerð taka samtök rekstraraðila til viðurkenndra samtaka framleiðenda, viðurkenndra fjölgreinasamtaka eða viðurkenndra samtaka annarra rekstraraðila í geira ólífuolíu og ólífa til átu eða sambanda þeirra.

II. ÞÁTTUR

REGLUR VARÐANDI FJÖLGREINASAMTÖK INNAN TÓBAKSGEIRANS

126. gr.

Áskriftargreiðslur aðila utan samtakanna

1. Ef viðurkennd fjölgreinasamtök í tóbaksgeiranum standa að einni eða fleiri af þeim aðgerðum sem um getur í 2. mgr. og þær hafa almenna efnahagslega þýðingu fyrir aðila sem stunda starfsemi sem varðar eina eða fleiri af þeim afurðum, sem um er að ræða, getur aðildarríkið, sem veitti viðurkenninguna, eða framkvæmdastjórnin, án aðstoðar nefndarinnar sem um getur í 1. mgr. 195. gr., ef það er hún sem veitti viðurkenninguna, ákveðið að einstaklingar eða hópar, sem ekki eiga aðild að samtökunum en njóta góðs af þessum aðgerðum, skuli greiða alla áskriftina, sem aðilar samtakanna borga, eða hluta hennar, að því marki sem þessum áskriftum er ætlað að greiða beinan kostnað sem stofnað er til við framkvæmd þessara aðgerða, en þó engan umsýslukostnað.

2. Aðgerðirnar, sem um getur í 1. mgr., skulu tengjast einu eða fleiri eftirfarandi markmiða:

a) rannsóknum til að auka virði afurðanna, einkum með nýrri notkun sem ógnar ekki lýðheilsu,

b) rannsóknum til að auka gæði tóbakslaufa eða tóbaksbagga,

c) rannsóknum á aðferðum við ræktun sem draga úr notkun plöntuvarnarefna og tryggja vernd jarðvegs og umhverfis.

3. hlutaðeigandi aðildarríki skal tilkynna framkvæmdastjórninni um ákvarðanir sem það hyggst taka skv. 1. mgr. Slíkar ákvarðanir geta ekki öðlast gildi fyrir lok þriggja mánaða frests sem hefst við tilkynninguna til framkvæmdastjórnarinnar. Framkvæmdastjórnin getur óskað eftir synjun, innan þessa þriggja mánaða frests, á öllum drögunum að ákvörðuninni eða hluta af þeim ef svo virðist sem rökin fyrir almennri efnahagslegri þýðingu séu ekki traust.

4. Ef aðgerðir fjölgreinasamtaka, sem framkvæmdastjórnin viðurkennir í samræmi við þennan kafla, hafa almenna efnahagslega þýðingu skal framkvæmdastjórnin tilkynna hlutaðeigandi aðildarríkjum um drögin að ákvörðun sinni og hafa þau þá tvo mánuði til athugasemda.

III. ÞÁTTUR

REGLUR UM MÁLSMEÐFERÐ

127. gr.

Framkvæmdarreglur

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ítarlegar reglur varðandi beitingu þessa kafla, einkum varðandi skilyrði og málsmeðferð við viðurkenningu á framleiðendum, fjölgreinasamtökum og samtökum rekstraraðila í einstökum geirum, þ.m.t.:

a) tilgreind markmið sem slík samtök skulu framfylgja,

b) samþykktir þessara samtaka,

c) aðgerðir slíkra samtaka,

d) undanþágur frá kröfum sem mælt er fyrir um í 122., 123. og 125.gr.,

e) eftir atvikum, öll áhrif sem leiðir af viðurkenningunni sem fjölgreinasamtök.

III. HLUTI

VIÐSKIPTI VIÐ ÞRIÐJU LÖND

I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

128. gr.

Almennar meginreglur

Eftirfarandi skal bannað í viðskiptum við þriðju lönd nema kveðið sé á um annað í þessari reglugerð eða í ákvæðum sem eru samþykkt samkvæmt henni:

a) að leggja á gjöld sem hafa samsvarandi áhrif og tollar,

b) að beita magntakmörkunum eða ráðstöfunum sem hafa samsvarandi áhrif.

129. gr.

Sameinuð tollnafnaskrá

Almennar reglur um túlkun á sameinuðu tollnafnaskránni, sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2658/87 frá 23. júlí 1987 um tollskrár- og hagtöluflokkunarkerfið og sameiginlegu tollskrána ([1]) (hér á eftir nefnd „sameinaða tollnafnaskráin“), og sérstakar reglur um beitingu hennar gilda um tollflokkun vara sem falla undir þessa reglugerð. Tollnafnaskráin, sem leiðir af beitingu þessarar reglugerðar, þ.m.t., eftir atvikum, skilgreiningarnar í III. viðauka, skal tekin inn í sameiginlegu tollskrána.

II. KAFLI

INNFLUTNINGUR

I. ÞÁTTUR

INNFLUTNINGSLEYFI

130. gr.

Innflutningsleyfi

1. Með fyrirvara um tilvik, þar sem krafist er innflutningsleyfa í samræmi við þessa reglugerð, getur framkvæmdastjórnin gert framvísun innflutningsleyfis að skilyrði við innflutning einnar eða fleiri afurða úr eftirfarandi geirum inn í Bandalagið, þ.e. geirum:

a) korns,

b) hrísgrjóna,

c) sykurs,

d) fræs,

e) ólífuolíu og ólífa til átu, með tilliti til afurða sem falla undir SAT-númerin 1509, 151000, 07099039, 07112090, 23069019, 15220031 og 15220039,

f) líns og hamps, að því er varðar hamp,

g) banana,

h) lifandi plantna,

i) nauta- og kálfakjöts,

j) mjólkur og mjólkurafurða,

k) svínakjöts,

l) kinda- og geitakjöts,

m) eggja,

n) alifuglakjöts,

o) etanóls út landbúnaði.

2. Við beitingu 1. mgr. skal framkvæmdastjórnin taka tillit til þess hvort þörf sé á innflutningsleyfum vegna stjórnunar viðkomandi markaða og einkum vegna vöktunar á innflutningi afurðanna sem um er að ræða.

131. gr.

Útgáfa leyfa

Aðildarríki skulu gefa út innflutningsleyfi til allra umsækjenda, án tillits til staðfestustaðar þeirra í Bandalaginu, nema kveðið sé á um annað í reglugerð ráðsins eða annarri gerð ráðsins og án þess að það hafi áhrif á ráðstafanir sem gripið er til vegna beitingar þessa kafla.

(1) Stjtíð. EB L 256, 7.9.1987, bls. 1 Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 733/2007 (Stjtíð. ESB L 169, 29.6.2007, bls. 1).

132. gr.

Gildi

Innflutningsleyfin gilda allstaðar í Bandalaginu.

133. gr.

Trygging

1. Kveði framkvæmdastjórninni ekki á um annað skulu leyfin gefin út með fyrirvara um útgáfu tryggingar fyrir því að afurðirnar séu fluttar inn á gildistíma leyfisins.

2. Sé ekki um óviðráðanleg atvik að ræða telst tryggingunni fyrirgert, í heild eða að hluta, ef innflutningur fer ekki fram á gildistíma leyfisins eða fer aðeins fram að hluta til á gildistíma leyfisins.

134. gr.

Framkvæmdarreglur

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ítarlegar reglur varðandi beitingu þessa þáttar, þ.m.t. um gildistíma leyfa og um tryggingarhlutfall.

II. ÞÁTTUR

INNFLUTNINGSGJÖLD OG -ÁLÖGUR

135. gr.

Innflutningsgjöld

Ef ekki er kveðið á um annað samkvæmt þessari reglugerð gilda taxtar innflutningsgjalda í sameiginlegu tollskránni fyrir afurðirnar sem um getur í 1. gr.

136. gr.

Útreikningur innflutningsgjalda á korn

1. Þrátt fyrir 135. gr. skal innflutningsgjald á afurðir sem falla undir SAT-númerin 10011000, 10019091, SAT-númer úr 10019099 (venjulegt hveiti af háum gæðum), 10020000, 10051090, 10059000 og 10070090, aðrar en blendinga til sáningar, jafngilda íhlutunarverðinu sem gildir fyrir slíkar afurðir við innflutning, að viðbættum 55%, mínus cif-innflutningsverðið (cif: kostnaður, vátryggingar og flutningur) fyrir viðkomandi vörusendingu. Þó má þessi tollur ekki fara yfir hefðbundna taxta sem ákvarðaðir eru á grundvelli sameinuðu tollnafnaskrárinnar.

2. Til að reikna út innflutningsgjaldið, sem um getur í 1. mgr., skal reglubundið ákveða dæmigert cif-innflutningsverð fyrir afurðirnar sem um getur í þeirri málsgrein.

137. gr.

Útreikningur innflutningsgjalda á afhýdd hrísgrjón

1. Þrátt fyrir 135. gr. skal framkvæmdastjórnin fastsetja innflutningsgjald á afhýdd hrísgrjón, sem falla undir SAT-númerið 100620, án aðstoðar nefndarinnar, sem um getur í 1. mgr. 195. gr., og innan 10 daga frá lokum viðeigandi viðmiðunartímabils í samræmi við 1. lið XVII. viðauka.

Framkvæmdastjórnin skal ákveða nýtt, viðeigandi innflutningsgjald, án aðstoðar nefndarinnar sem um getur í 1. mgr. 195. gr., ef útreikningar samkvæmt þeim viðauka gefa til kynna að breyta þurfi gjaldinu. Fyrra innflutningsgjald gildir uns nýtt, viðeigandi gjald hefur verið ákveðið.

2. Við útreikning á innflutningi skv. 1. lið XVII. viðauka skal tillit tekið til þess magns sem gefið hefur verið út innflutningsleyfi fyrir vegna afhýddra hrísgrjóna undir SAT-númerinu 1006 20 á samsvarandi viðmiðunartímabili, að undanskildum innflutningsleyfum fyrir basmati-hrísgrjón sem um getur í 138. gr.

3. Árlegt viðmiðunarmagn skal vera 449 678 tonn. Hlutaviðmiðunarmagn fyrir hvert markaðsár skal samsvara helmingi árlegs viðmiðunarmagns.

138. gr.

Útreikningur innflutningsgjalda á afhýdd basmati-hrísgrjón

Þrátt fyrir 135. gr. skulu afhýdd basmati-hrísgrjón, sem falla undir SAT-númerin 10062017 og 10062098, sem tilgreind eru í XVIII. viðauka, bera núllinnflutningsgjald með skilyrðum sem framkvæmdastjórnin setur.

139. gr.

Útreikningur innflutningsgjalda á möluð hrísgrjón

1. Þrátt fyrir 135. gr. skal framkvæmdastjórnin fastsetja innflutningsgjald á möluð hrísgrjón, sem falla undir SAT-númerið 100630, án aðstoðar nefndarinnar, sem um getur í 1. mgr. 195. gr., og innan tíu daga frá lokum viðeigandi viðmiðunartímabils í samræmi við 2. lið XVII. viðauka.

Framkvæmdastjórnin skal fastsetja nýtt, viðeigandi innflutningsgjald, án aðstoðar nefndarinnar sem um getur í 1. mgr. 195. gr., ef útreikningar samkvæmt þeim viðauka gefa til kynna að breyta þurfi gjaldinu. Fyrra gjald gildir uns nýtt, viðeigandi gjald hefur verið ákveðið.

2. Við útreikning á innflutningi skv. 2. lið XVII. viðauka skal tillit tekið til þess magns sem gefið hefur verið út innflutningsleyfi fyrir vegna hálfslípaðra og fullslípaðra hrísgrjóna sem falla undir SAT-númerið100630 á samsvarandi viðmiðunartímabili.

140. gr.

Útreikningur innflutningsgjalda á brotin hrísgrjón

Þrátt fyrir 135. gr. skal innflutningsgjaldið á brotin hrísgrjón, sem falla undir SAT-númerið 10064000, vera 65 evrur á tonn.

141. gr.

Viðbótarinnflutningsgjöld

1. Leggja skal viðbótarinnflutningsgjald, samkvæmt þeim töxtum, sem mælt er fyrir um í 135. gr. til 140. gr. a, á eina eða fleiri tegundir afurða úr geirum korns, hrísgrjóna, nauta- og kálfakjöts, mjólkur og mjólkurafurða, svínakjöts, kinda- og geitakjöts, eggja, alifuglakjöts og banana í því skyni að koma í veg fyrir eða vega upp á móti skaðlegum áhrifum, sem þessi innflutningur gæti haft á markað Bandalagsins, ef:

a) verð innflutnings er lægra en það sem Bandalagið tilkynnti til Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (markverð (e. trigger price)), eða

b) magn innflutnings á ári er umfram tiltekið magn (markmagn (e. trigger volume)).

Markmagn skal reiknað út frá tækifærum til markaðsaðgangs sem eru skilgreind, eftir atvikum, sem innflutningur sem er tiltekinn hundraðshluti samsvarandi innlendrar neyslu síðustu þriggja ára.

2. Viðbótarinnflutningsgjöld skulu ekki lögð á ef um er að ræða innflutning sem ólíklegt er að raski markaði Bandalagsins eða ef áhrifin yrðu í ósamræmi við fyrirhugað markmið.

3. Að því er varðar a-lið 1. mgr. skal innflutningsverð ákvarðað á grundvelli cif-innflutningsverðs viðkomandi sendingar.

Cif-innflutningsverðið skal sannreynt með samanburði við dæmigert verð fyrir umrædda afurð á heimsmarkaði eða á innflutningsmarkaði Bandalagsins fyrir afurðina.

142. gr.

Tímabundin niðurfelling innflutningsgjalda í sykurgeiranum

Framkvæmdastjórnin getur fellt tímabundið niður innflutningsgjöld í heild sinni eða að hluta fyrir tiltekið magn, þegar um er að ræða eftirfarandi afurðir, til að tryggja nauðsynlegt framboð til framleiðslu afurðanna sem um getur í 2. mgr. 62. gr.:

a) sykur sem fellur undir SAT-númer 1701,

b) ísóglúkósa sem fellur undir SAT-númerin 17023010, 17024010, 17026010 og 17029030.

143. gr.

Framkvæmdarreglur

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ítarlegar reglur varðandi beitingu þessa þáttar, einkum:

a) að því er varðar 136. gr.:

i. lágmarkskröfur fyrir venjulegt hveiti af háum gæðum,

ii. verðskráningu sem taka þarf tillit til,

iii. þann kost, eftir því sem við á í sértilvikum, að veita rekstraraðilum tækifæri til að fá vitneskju um gildandi innflutningsgjald, áður en viðkomandi vörusending kemur.

b) að því er varðar 141. gr., afurðirnar, sem viðbótarinnflutningsgjöld skulu lögð á, og aðrar nauðsynlegar viðmiðanir til að tryggja beitingu 1. mgr. þeirrar greinar.

III. ÞÁTTUR

STJÓRNUN INNFLUTNINGSKVÓTA

144. gr.

Innflutningskvótar

1. Framkvæmdastjórnin skal, í samræmi við ítarlegar reglur, sem hún hefur samþykkt, koma á og úthluta innflutningskvótum fyrir afurðirnar sem um getur í 1. gr. og leiðir af alþjóðasamningum sem gerðir eru í samræmi við 300. gr. sáttmálans eða aðrar gerðir ráðsins.

2. Innflutningskvótum skal stýrt á þann hátt sem mismunar ekki hlutaðeigandi rekstraraðilum, þ.e. með því að nota eina af eftirfarandi aðferðum eða sambland þessara aðferða eða aðra viðeigandi aðferð:

a) aðferð sem byggist á þeirri tímaröð sem umsóknir voru lagðar fram í (meginreglan um að fyrstir koma, fyrstir fá),

b) aðferð sem miðar að því að skipta kvótanum í hlutfalli við það magn sem óskað var eftir þegar umsóknirnar voru lagðar fram (aðferð með „samhliða umfjöllun“),

c) aðferð sem byggist á því að taka tillit til hefðbundinna viðskiptaferla (með aðferðinni „hefðbundnir/nýir aðilar“).

3. Stjórnsýsluaðferðin sem er notuð skal, eftir því sem við á, gefa þörfinni fyrir birgðir á markaði Bandalagsins og þörfinni á að varðveita jafnvægi á þeim markaði tilhlýðilegt vægi.

145. gr.

Upphaf innflutningskvóta

Framkvæmdastjórnin skal kveða á um árlega innflutningskvóta sem er deilt niður á árið á viðeigandi hátt ef nauðsyn krefur og skal framkvæmdastjórnin einnig ákvarða stjórnunaraðferðina sem skal notuð.

146. gr.

Sértækar reglur

1. Að því er varðar 54 703 tonna innflutningskvótann fyrir frosið nauta- og kálfakjöt, sem fellur undir SAT-númerin 02022030, 020230 og 02062991 og er ætlað til vinnslu, getur ráðið, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 37. gr. sáttmálans, mælt fyrir um að allur kvótinn eða hluti hans skuli ná yfir samsvarandi magn gæðakjöts og að nota skuli umreikningsgengið 4,375.

2. Þegar um er að ræða innflutningskvóta fyrir innflutning til Spánar á 2 000 000 tonnum af maís og 300 000 tonnum af dúrru og innflutningskvóta fyrir innflutning til Portúgals á 500 000 tonnum af maís skulu ítarlegu reglurnar, sem um getur í 148. gr., einnig fela í sér ákvæði sem eru nauðsynleg fyrir innflutning samkvæmt innflutningskvóta og, eftir því sem við á, opinbera geymslu á því magni, sem greiðslustofnanir hlutaðeigandi aðildarríkja flytja inn, og sölu þess á mörkuðum þessara aðildarríkja.

147. gr.

Tollskrártaxti fyrir banana

Þessi kafli skal gilda með fyrirvara um reglugerð ráðsins (EB) nr. 1964/2005. ([1])

148. gr.

Framkvæmdarreglur

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ítarlegar reglur varðandi beitingu þessa þáttar, einkum um:

a) ábyrgðir varðandi tegund, upprunastað og uppruna afurðarinnar,

b) viðurkenningu á skjalinu sem notað er til sannprófunar á ábyrgðunum sem um getur í a-lið,

c) skilyrði fyrir útgáfu innflutningsleyfa og gildistíma þeirra.

([1]) Stjtíð. ESB L 316, 2.12.2005, bls. 1

IV. ÞÁTTUR

SÉRÁKVÆÐI UM TILTEKNAR AFURÐIR

I. UNDIRÞÁTTUR

SÉRÁKVÆÐI UM INNFLUTNING Í KORN- OG HRÍSGRJÓNAGEIRUNUM

149. gr.

Innflutningur á blöndum mismunandi tegunda korns

Innflutningsgjöld á blöndur korns, sem fellur undir a- og b-lið I. hluta I. viðauka, skulu ákveðin sem hér segir:

a) ef blandan er samsett úr tveimur slíkum korntegundum skal innflutningsgjaldið vera gjaldið sem gildir:

   i. fyrir þá korntegund sem vegur þyngst í blöndunni, svo fremi hún vegi a.m.k. 90% af þyngd blöndunnar,

   ii. fyrir þá korntegund sem ber hærra innflutningsgjald, svo fremi hvorug korntegundanna í blöndunni vegi a.m.k. 90% af þyngd blöndunnar,

b) ef blandan er samsett úr fleiri en tveimur slíkum korntegundum og margar korntegundanna vega hver um sig meira en 10% af þyngd blöndunnar skal hæsta innflutningsgjaldið, sem gildir fyrir þessar korntegundir, gilda fyrir blönduna jafnvel þótt innflutningsgjaldið sé það sama fyrir tvær eða fleiri þessara korntegunda.

   Vegi aðeins ein korntegundin meira en 10% af þyngd blöndunnar skal innflutningsgjaldið, sem gildir fyrir þá korntegund, gilda fyrir blönduna,

c) þegar um er að ræða tilvik, sem a- og b-liður ná ekki yfir, skal innflutningsgjaldið vera hæsta innflutningsgjaldið sem er í gildi fyrir þær korntegundir sem eru í viðkomandi blöndu jafnvel þótt innflutningsgjaldið sé það sama fyrir tvær eða fleiri þessara korntegunda.

150. gr.

Innflutningur á blöndum korns og hrísgrjóna

Innflutningsgjaldið, sem gildir fyrir blöndur sem samanstanda af einni eða fleiri korntegundum, sem falla undir a- og b-lið I. hluta I. viðauka, og einni eða fleiri afurðum, sem falla undir a- og b-lið II. hluta I. viðauka, skal vera innflutningsgjaldið sem gildir fyrir þá korntegund eða afurð í blöndunni sem ber hæsta innflutningsgjaldið.

151. gr.

Innflutningur á blöndum hrísgrjóna

Innflutningsgjaldið fyrir blöndur, sem samanstanda annaðhvort af hrísgrjónum í mismunandi vinnsluflokkum eða á mismunandi vinnslustigum eða af hrísgrjónum í einum eða fleiri mismunandi vinnsluflokkum eða á einu eða fleiri vinnslustigum annars vegar og brotnum hrísgrjónum hinsvegar, skal vera gjaldið sem gildir:

a) fyrir þann þátt sem vegur þyngst í blöndunni, svo fremi hann vegi a.m.k. 90% af þyngd blöndunnar,

b) fyrir þann þátt blöndunnar sem ber hæsta innflutningsgjaldið, svo fremi enginn þáttur hennar vegi a.m.k. 90% af þyngd hennar.

152. gr.

Gildissvið tollflokkunar

Ef ekki er hægt að beita aðferðunum við fastsetningu innflutningsgjalds sem kveðið er á um í 149.–150. gr. skal gjaldið, sem gilda skal fyrir blöndurnar sem um getur í þessum greinum, ráðast af tollflokkun blandnanna.

II. UNDIRÞÁTTUR

FRÍÐINDAFYRIRKOMULAG Á INNFLUTNINGI SYKURS

153. gr.

Hefðbundin þörf fyrir birgðir til hreinsunar

1. Þrátt fyrir 1. mgr. 52. gr. skal fastsetja hefðbundna þörf fyrir birgðir sykurs til hreinsunar í Bandalaginu við 2 424 735 tonn á hverju markaðsári, gefið upp í hvítum sykri.

Á markaðsárinu 2008/2009 skal skipta hefðbundinni þörf fyrir birgðir eins og hér segir:

a) 198 748 tonn fyrir Búlgaríu,

b) 296 627 tonn fyrir Frakkland,

c) 100 000 tonn fyrir Ítalíu,

d) 291 633 tonn fyrir Portúgal,

e) 329 636 tonn fyrir Rúmeníu,

f) 19 585 tonn fyrir Slóveníu,

g) 59 925 tonn fyrir Finnland,

h) 1 128 581 tonn fyrir Breska konungsríkið.

2. Hefðbundin þörf fyrir birgðir, sem um getur í 1. undirgrein 1. mgr., skal aukin um 65 000 tonn. Þetta magn skal taka til hrás reyrsykurs og skal frátekið fyrir markaðsárið 2008/2009 fyrir einu sykurrófuvinnsluna í rekstri í Portúgal árið 2005. Sú vinnslustöð telst hreinsunarstöð í fullum rekstri.

3. Einungis skal veita hreinsunarstöðvum í fullum rekstri innflutningsleyfi fyrir sykur til hreinsunar svo fremi að magnið, sem um er að ræða, fari ekki yfir magnið sem flytja má inn innan ramma hefðbundinnar birgðaþarfar skv. 1. mgr. Leyfin má einungis framselja milli hreinsunarstöðva í fullum rekstri og gildistími þeirra rennur út við lok markaðsársins sem þau voru gefin út fyrir.

Þessi málsgrein skal gilda fyrir markaðsárið 2008/2009 og fyrir fyrstu þrjá mánuði hvers komandi markaðsárs.

4. Beiting innflutningsgjalda á reyrsykur til hreinsunar, sem fellur undir SAT-númerið 17011110 og er upprunninn í ríkjunum sem um getur í XIX. viðauka, skal stöðvuð tímabundið fyrir það viðbótarmagn sem þarf til að hreinsunarstöðvar í fullum rekstri fái nægar birgðir fyrir markaðsárið 2008/2009.

Framkvæmdastjórnin skal fastsetja viðbótarmagnið með hliðsjón af sambandinu milli hefðbundinnar þarfar fyrir birgðir, sem um getur í 1. mgr., og forspár um birgðir sykurs til hreinsunar fyrir hlutaðeigandi markaðsár. Framkvæmdastjórnin getur endurmetið þetta samband á markaðsárinu og getur byggt á fyrri forspám um hrásykur sem er ætlaður til neyslu.

154. gr.

Tryggt verð

1. Tryggt verð, sem er fastsett fyrir sykur frá AKK-ríkjum og Indlandi, gildir fyrir innflutning á hrásykri og hvítum sykri af stöðluðum gæðum frá:

a) löndum, sem eru skemmst á veg komin í þróun, samkvæmt fyrirkomulagi sem um getur í 12. og 13. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 980/2005 ([1]),

b) ríkjum, sem um getur í XIX. viðauka, fyrir viðbótarmagnið sem um getur í 4. mgr. 153. gr.

2. Umsóknum um innflutningsleyfi fyrir sykur, sem fellur undir tryggt verð, skal fylgja útflutningsleyfi, sem yfirvöld í útflutningslandinu gefa út, þar sem vottað er að sykurinn sé í samræmi við reglurnar sem kveðið er á í viðkomandi samningum.

155. gr.

Skuldbindingar samkvæmt bókuninni um sykur

Framkvæmdastjórnin getur samþykkt ráðstafanir til að tryggja að sykur frá AKK-ríkjum og Indlandi sé fluttur inn í Bandalagið með þeim skilyrðum sem eru sett í bókun 3 við V. viðauka við samstarfssamninginn milli AKK-ríkjanna og Evrópubandalagsins og samninginn um reyrsykur milli Evrópubandalagsins og Lýðveldisins Indlands. Þessar ráðstafanir mega, ef nauðsyn krefur, víkja frá 153. gr. þessarar reglugerðar.

([1]) Stjtíð. ESB L 169, 30.6.2005, bls. 1

156. gr.

Framkvæmdarreglur

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ítarlegar reglur um beitingu þessarar undirgreina, einkum til að uppfylla alþjóðasamninga. Þær mega fela í sér breytingar á XIX. viðauka.

III. UNDIRÞÁTTUR

SÉRÁKVÆÐI UM INNFLUTNING Á HAMPI

157. gr.

Innflutningur á hampi

1. Eftirfarandi afurðir má einungis flytja inn í Bandalagið ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) hráan hamp, sem fellur undir SAT-númerið 53021000 og uppfyllir skilyrðin sem mælt er fyrir um í 52. gr. reglugerðar (EB) nr. 1782/2003,

b) fræ til sáningar á hampyrkjum sem falla undir SAT-númer úr 12079915, ásamt meðfylgjandi sönnun þess að tetrahýdrókannabínólinnihald fræsins sé ekki yfir því sem er fastsett í samræmi við 52. gr. reglugerðar (EB) nr. 1782/2003,

c) hampfræ, til annars en sáningar, sem fellur undir SAT-númerið 12079991 og sem einungis innflytjendur, með leyfi frá viðkomandi aðildarríki, mega flytja inn til að tryggja að fræið verði ekki notað til sáningar.

2. Með fyrirvara um sértæk ákvæði, sem framkvæmdastjórnin kann að samþykkja í samræmi við 149. gr., skal innflutningur inn í Bandalagið á afurðum, sem eru tilgreindar í a- og b-lið 1. mgr., sæta eftirliti til að sannreyna hvort skilyrðin, sem kveðið er á um í 1. mgr., séu uppfyllt.

3. Þessi grein skal gilda með fyrirvara um strangari ákvæði, sem aðildarríkin samþykkja í samræmi við sáttmálann, og skyldurnar sem leiðir af samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um landbúnað.

IV. UNDIRÞÁTTUR

SÉRÁKVÆÐI UM INNFLUTNING Á HUMLUM

158. gr.

Innflutningur á humlum

1. Einungis má flytja inn afurðir úr humlageiranum frá þriðju löndum ef gæðaeinkenni þeirra eru a.m.k. jafngild þeim sem hafa verið samþykkt fyrir samsvarandi afurðir sem eru uppskornar í Bandalaginu eða framleiddar úr slíkum afurðum.

2. Afurðir skulu teljast ná þeim gæðastaðli sem um getur í 1. mgr. ef þeim fylgir staðfesting sem yfirvöld í upprunalandinu hafa gefið út og er viðurkennd sem jafngild vottorðinu sem um getur í 117. gr.

Þegar um er að ræða humla í duftformi, humla í duftformi með háu lúpulíninnihaldi, humlakjarna og humlablöndur er einungis heimilt að viðurkenna staðfestinguna sem jafngilda vottorðinu ef alfasýruinnihald þessara afurða er ekki lægra en humlanna sem þær voru unnar úr.

Jafngildi þessara staðfestinga skal sannreynt í samræmi við ítarlegar reglur sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt.

V. ÞÁTTUR

VERNDARRÁÐSTAFANIR OG INNRI AÐVINNSLA

159. gr.

Verndarráðstafanir

1. Framkvæmdastjórnin skal grípa til verndarráðstafana, í samræmi við reglugerð ráðsins (EB) nr. 519/94 ([1]) og (EB) nr. 3285/94 ([2]), gegn innflutningi inn í Bandalagið, sbr. þó 3. mgr. þessarar greinar.

2. Ef ekki er kveðið á um annað samkvæmt öðrum gerðum ráðsins skal framkvæmdastjórnin, í samræmi við 3. mgr. þessarar greinar, grípa til verndarráðstafana gegn innflutningi inn í Bandalagið sem kveðið er á um í alþjóðasamningum sem gerðir eru í samræmi við 300. gr. sáttmálans.

3. Framkvæmdastjórnin getur gripið til þeirra ráðstafana sem um getur í 1. og 2. mgr., án aðstoðar nefndarinnar sem um getur í 1. mgr. 195. gr., að beiðni aðildarríkis eða að eigin frumkvæði. Berist framkvæmdastjórninni beiðni frá aðildarríki skal hún taka ákvörðun um hana innan fimm virkra daga frá viðtöku beiðninnar.

Tilkynna skal aðildarríkjunum um slíkar ráðstafanir og skulu þær öðlast gildi strax.

Aðildarríki geta vísað ákvörðunum, sem framkvæmdastjórnin tekur skv. 1. og 2. mgr., til ráðsins innan fimm virkra daga frá því að tilkynnt er um þær. Ráðið skal koma saman án tafar. Ráðið getur, með auknum meirihluta atkvæða, breytt viðkomandi ákvörðun eða fellt hana úr gildi innan eins mánaðar frá því að henni var vísað til ráðsins.

4. Telji framkvæmdastjórnin að einhverjar þeirra verndarráðstafana, sem gripið var til í samræmi við 1. og 2. mgr., skuli afturkallaðar eða felldar niður eða þeim breytt skal hún fylgja eftirfarandi málsmeðferð:

a) hafi ráðið samþykkt ráðstöfunina skal framkvæmdastjórnin legga tillögu fyrir ráðið um að hún verði afturkölluð eða henni breytt. Ráðið skal taka ákvörðun með auknum meirihluta atkvæða;

([1]) Stjtíð. EB L 67, 10.3.1994, bls. 89
([2]) Stjtíð. EB L 349, 31.12.1994, bls. 53

b) í öllum öðrum tilvikum skal framkvæmdastjórnin afturkalla verndarráðstafanir Bandalagsins eða breyta þeim, án aðstoðar nefndarinnar sem um getur í 1. mgr. 195. gr.

160. gr.

Tímabundin stöðvun fyrirkomulags með innri aðvinnslu

1. Verði markaður Bandalagsins fyrir röskun eða séu líkur á röskun hans vegna fyrirkomulags með innri aðvinnslu getur framkvæmdastjórnin, að beiðni aðildarríkis eða að eigin frumkvæði, stöðvað tímabundið, að nokkru eða öllu leyti, notkun fyrirkomulags með innri aðvinnslu fyrir afurðir úr geirum korns, hrísgrjóna, sykurs, ólífuolíu og ólífa til átu, nauta- og kálfakjöts, mjólkur og mjólkurafurða, svína- og kindakjöts, geitakjöts, eggja, alifuglakjöts, og etanóls úr landbúnaði.Berist framkvæmdastjórninni beiðni frá aðildarríki skal hún taka ákvörðun um hana innan fimm virkra daga frá viðtöku beiðninnar.

Tilkynna skal aðildarríkjunum um slíkar ráðstafanir og skulu þær öðlast gildi strax.

Aðildarríki geta vísað ráðstöfunum, sem framkvæmdastjórnin tekur ákvörðun um samkvæmt fyrstu undirgrein, til ráðsins innan fimm virkra daga frá því að tilkynnt er um þær. Ráðið skal koma saman án tafar. Ráðið getur, með auknum meirihluta atkvæða, breytt viðkomandi ráðstöfunum eða fellt þær úr gildi innan eins mánaðar frá því að þeim var vísað til ráðsins.

2. Ráðið getur, eftir því sem þurfa þykir fyrir eðlilega starfsemi sameiginlega markaðskerfisins og í samræmi við málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 37. gr. sáttmálans, bannað að nokkru eða öllu leyti notkun fyrirkomulags með innri aðvinnslu fyrir afurðirnar sem um getur í 1. mgr.

III. KAFLI

ÚTFLUTNINGUR

I. ÞÁTTUR

ÚTFLUTNINGSLEYFI

161. gr.

Útflutningsleyfi

1. Með fyrirvara um tilvik, þar sem krafist er útflutningsleyfa í samræmi við þessa reglugerð, getur framkvæmdastjórnin gert framvísun útflutningsleyfis að skilyrði við útflutning einnar eða fleiri afurða úr eftirfarandi geirum inn í Bandalagið, þ.e. geirum:

a) korns,

b) hrísgrjóna,

c) sykurs,

d) ólífuolíu og ólífa til átu, að því er varðar ólífuolíu sem um getur í a-lið VII. hluta I. viðauka,

e) nauta- og kálfakjöts,

f) mjólkur og mjólkurafurða,

g) svínakjöts,

h) kinda- og geitakjöts,

i) eggja,

j) alifuglakjöts,

k) etanóls út landbúnaði.

Við beitingu fyrstu undirgreinar skal framkvæmdastjórnin taka tillit til þess hvort þörf sé á útflutningsleyfum vegna stjórnunar viðkomandi markaða og einkum vegna vöktunar á innflutningi á afurðunum sem um er að ræða.

2. Ákvæði 131.–133. gr. gilda að breyttu breytanda.

3. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ítarlegar reglur varðandi beitingu 1. og 2. mgr., þ.m.t. um gildistíma leyfa og um tryggingarhlutfall.

II. ÞÁTTUR

ÚTFLUTNINGSENDURGREIÐSLUR

162. gr.

Gildissvið útflutningsendurgreiðslna

1. Heimilt er, eftir því sem þarf til að stuðla að útflutningi á grundvelli verðskráningar eða verðs á heimsmarkaði og innan þeirra marka sem leiðir af samningum sem gerðir eru í samræmi við 300. gr. sáttmálans, að láta útflutningsendurgreiðslur jafna mismuninn milli verðskráningar eða verðs á heimsmarkaði og verðs í Bandalaginu fyrir:

a) afurðir í eftirfarandi geirum sem eru fluttar út án frekari vinnslu, þ.e. geirum:

   i. korns,

   ii. hrísgrjóna,

   iii. sykurs, með tilliti til afurðanna sem eru tilgreindar í b-, c-, d- og g-liðum III. hluta I. viðauka,

iv. nauta- og kálfakjöts,

v. mjólkur og mjólkurafurða,

vi. svínakjöts,

vii. eggja,

viii. alifuglakjöts,

b) afurðirnar sem eru tilgreindar í liðum i., ii., iii., v. og vii. í a-lið og skulu fluttar út sem vörur sem tilgreindar eru í XX. og XXI. viðauka.

Að því er varðar mjólk og mjólkurafurðir, sem eru fluttar út sem vörur sem eru tilgreindar í IV. hluta XX. viðauka, er aðeins unnt að veita útflutningsendurgreiðslur fyrir afurðirnar sem eru tilgreindar í a- til e-lið og g-lið XVI. hluta I. viðauka.

2. Útflutningsendurgreiðslur fyrir afurðir, sem eru fluttar út sem unnar vörur og tilgreindar í XX. og XXI. viðauka, mega ekki vera hærri en þær sem gilda um sömu afurðir sem eru fluttar út án frekari vinnslu.

3. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja viðmiðanir fyrir veitingu útflutningsendurgreiðslna, sem um getur í 1. og 2. mgr., og aðferð við sannprófun sem hæfir þessum sérstöku aðstæðum, svo fremi það sé nauðsynlegt til að taka tillit til séreinkenna framleiðslunnar á tilteknum brenndum drykkjum úr korni.

163. gr.

Skipting útflutningsendurgreiðslna

Magninu, sem flytja má út með útflutningsendurgreiðslu, skal úthlutað með aðferð:

a) sem hentar best fyrir þá tegund afurðar, sem um er að ræða, og aðstæður á viðkomandi markaði svo að tiltækt fjármagn sé notað á eins skilvirkan hátt og unnt er, að teknu tilliti til skilvirkni og skipulags á útflutningi Bandalagsins en án þess þó að mismunur skapist milli hlutaðeigandi rekstraraðila, einkum milli stórra og lítilla rekstraraðila,

b) sem í rekstrarlegu tilliti íþyngir rekstraraðilum minnst, að teknu tilliti til rekstrarkrafna,

c) sem kemur í veg fyrir hvers konar mismunun milli hlutaðeigandi rekstraraðila.

164. gr.

Fastsetning útflutningsendurgreiðslna

1. Útflutningsendurgreiðslur skulu vera þær sömu alls staðar í Bandalaginu. Þær geta verið breytilegar eftir ákvörðunarstað, einkum ef nauðsyn krefur vegna aðstæðna á heimsmarkaði, sértækra þarfa tiltekinna markaða eða skyldna sem leiðir af samningum sem gerðir eru í samræmi við 300. gr. sáttmálans.

2. Framkvæmdastjórnin ákveður endurgreiðslurnar.

Endurgreiðslur má ákveða:

a) með reglulegu millibili,

b) með útboði fyrir afurðir sem falla undir málsmeðferð sem var ákveðin fyrir þær fyrir gildistökudag þessarar reglugerðar í samræmi við 2. mgr. 204. gr.

Skrána yfir afurðir, sem falla undir útflutningsendurgreiðslur, og fjárhæð útflutningsendurgreiðslna skal fastsetja a.m.k. einu sinni á hverjum þremur mánuðum nema þær hafi verið fastsettar með útboði. Fjárhæð endurgreiðslu getur þó verið sú sama í meira en þrjá mánuði og getur framkvæmdastjórnin, ef nauðsyn krefur, aðlagað hana á því tímabili, án aðstoðar nefndarinnar sem um getur í 1. mgr. 195. gr., annaðhvort að beiðni aðildarríkis eða að eigin frumkvæði.

3. Hafa skal hliðsjón af einum eða fleiri eftirfarandi þátta þegar endurgreiðslur fyrir tiltekna afurð eru ákveðnar:

a) núverandi aðstæðum og framtíðarhorfum að því er varðar:

– verð og framboð á afurðinni á markaði Bandalagsins,

– verð á afurðinni á heimsmarkaði,

b) markmiðum sameiginlega markaðskerfisins, þ.e. að tryggja jafnvægi og eðlilega þróun verðs og viðskipta á þessum markaði,

c) þeirri nauðsyn að koma í veg fyrir röskun sem er líkleg til að valda langvarandi ójafnvægi milli framboðs og eftirspurnar á markaði Bandalagsins,

d) efnahagslegum þætti fyrirhugaðs útflutnings,

e) takmörkunum sem leiðir af samningum sem gerðir eru í samræmi við 300. gr. sáttmálans,

f) þeirri nauðsyn að koma á jafnvægi milli notkunar grunnafurða Bandalagsins í framleiðslu á unnum afurðum til útflutnings til þriðju landa og notkunar á afurðum þriðju landa sem eru fluttar inn samkvæmt fyrirkomulagi með aðvinnslu,

g) hagstæðasta markaðs- og flutningskostnaði frá markaði Bandalagsins til hafna Bandalagsins eða annarra útflutningsstaða þess, sem og sendingarkostnaði til viðtökulandanna,

h) eftirspurn á markaði Bandalagsins,

i) og, að því er varðar geira svínakjöts eggja og alifuglakjöts, hliðsjón af mismuninum á milli verðs innan Bandalagsins og verðs á heimsmarkaði fyrir það magn fóðurkorns sem þarf til að framleiða afurðir í þessum geirum í Bandalaginu.

4. Framkvæmdastjórnin getur ákveðið leiðréttingarfjárupphæð fyrir útflutningsendurgreiðslu að því er varðar korn- og hrísgrjónageirana. Þó getur framkvæmdastjórnin, ef nauðsyn krefur, breytt leiðréttingarfjárhæðum, án aðstoðar nefndarinnar sem um getur í 1. mgr. 195. gr.

Einnig má beita ákvæðum fyrstu undirgreinar gagnvart afurðum sem eru fluttar út sem afurðir sem eru tilgreindar í XX. viðauka.

165. gr.

Útflutningsendurgreiðslur fyrir malt í geymslu

Fyrstu þrjá mánuði markaðsársins skal endurgreiðsla fyrir útflutning á malti, sem var í geymslu í lok fyrra markaðsárs eða er gert úr byggi, sem var í geymslu á þeim tíma, vera sú sama og hefði verið í gildi, að því er varðar viðkomandi útflutningsleyfi, fyrir útflutning á síðasta mánuði fyrra markaðsárs.

166. gr.

Leiðrétting útflutningsendurgreiðslna fyrir korn

Framkvæmdastjórnin skal aðlaga endurgreiðslur fyrir afurðir, sem eru tilgreindar í a- og b-liðum I. hluta I. viðauka, sem hafa verið ákveðnar í samræmi við 2. mgr. 167. gr., til samræmis við mánaðarlegu hækkanirnar, sem gilda um íhlutunarverð, og breytingar á því verði, eftir því sem við á, nema framkvæmdastjórnin kveði á um annað.

Beita má ákvæðum fyrstu málsgreinar, í heild eða að hluta, gagnvart afurðum, sem eru tilgreindar í c- og d-liðum I. hluta I. viðauka, sem og afurðum sem um getur í I. hluta I. viðauka og eru fluttar út sem vörur sem um getur í I. hluta XX. viðauka. Í því tilviki skal aðlögunin, sem um getur í fyrstu undirgrein, leiðrétt með því að beita reikningsstuðli á mánaðarlegu hækkunina sem sýnir hlutfallið milli magns grunnafurðar og þess magns grunnafurðarinnar sem er í útfluttu, unnu vörunni eða er notað í vörurnar sem eru fluttar út.

167. gr.

Veiting útflutningsendurgreiðslna

1. Endurgreiðslur vegna afurða, sem kveðið er á um í a-lið 1. mgr. 162. gr. og eru fluttar út sem slíkar, án frekari vinnslu, skulu einungis veittar að fenginni umsókn þar að lútandi og við framvísun útflutningsleyfis.

2. Endurgreiðslan fyrir afurðir, sem um getur í 1. gr., skal vera sú endurgreiðsla sem er í gildi daginn sem sótt er um leyfið eða, eftir atvikum, endurgreiðslan sem leiðir af viðkomandi útboðsferli og, ef um sundurgreinda endurgreiðslu er að ræða, sú endurgreiðsla sem er í gildi sama dag:

a) fyrir ákvörðunarstaðinn, sem er tilgreindur í leyfinu, eða

b) þar sem við á, fyrir raunverulegan ákvörðunarstað ef hann er annar en sá sem er tilgreindur í leyfinu en í því tilviki skal fjárhæðin ekki fara yfir þá fjárhæð sem gildir fyrir ákvörðunarstaðinn sem er tilgreindur í leyfinu.

Gera má viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir misnotkun vegna sveigjanleikans sem gert er ráð fyrir í þessari málsgrein.

3. Þrátt fyrir 1. mgr. getur framkvæmdastjórnin ákveðið, þegar um er að ræða útungunaregg og eins dags gamla unga, að veita útflutningsleyfið eftir á.

4. Heimilt er að ákveða, í samræmi við málsmeðferðina, sem um getur í 2. mgr. 16. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 3448/93 ([1]), að láta 1. mgr. og 2. mgr. gilda um vörurnar sem um getur í b-lið 1. mgr. 162. gr. þessarar reglugerðar.

5. Framkvæmdastjórnin skal veita undanþágur frá 1. og 2. mgr. þegar um er að ræða afurðir sem falla undir útflutningsendurgreiðslur innan ramma matvælaaðstoðar.

6. Endurgreiðslan skal greidd út við framlagningu sönnunar á því:

a) að afurðirnar hafi verið fluttar út frá Bandalaginu,

b) ef um er að ræða sundurgreindar endurgreiðslur, að afurðirnar hafi náð þeim ákvörðunarstað, sem er tilgreindur í leyfinu, eða öðrum ákvörðunarstað sem endurgreiðsla var fastsett fyrir, sbr. þó b-lið 2. mgr.

Þó getur framkvæmdastjórnin leyft undantekningar frá þessari reglu, að því tilskildu að sett séu skilyrði sem gefa kost á jafngildum ábyrgðum.

7. Framkvæmdastjórnin getur sett frekari skilyrði fyrir veitingu útflutningsendurgreiðslna fyrir eina eða fleiri afurðir. Þær geta falið í sér:

a) að endurgreiðslur séu einungis greiddar fyrir afurðir sem eru upprunnar í Bandalaginu,

b) að fjárhæð endurgreiðslna vegna innfluttra afurða skuli takmarkast við gjöld sem eru innheimt við innflutning ef þau gjöld eru lægri en gildandi endurgreiðsla.

168. gr.

Útflutningsendurgreiðslur í nauta- og kálfakjötsgeirunum fyrir dýr á fæti

Að því er varðar afurðir úr nauta- og kálfakjötsgeirunum skal veiting og greiðsla endurgreiðslna vegna útflutnings á dýrum á fæti vera með fyrirvara um samræmi við ákvæði í löggjöf Bandalagsins varðandi velferð dýra og þá einkum vernd dýra í flutningi.

([1]) Stjtíð. EB L 318, 20.12.1993, bls. 18

169. gr.

Útflutningstakmarkanir

Tryggja skal, með hjálp útflutningsleyfa, sem eru gefin út fyrir viðmiðunartímabilin sem gilda fyrir viðkomandi afurðir, að staðið sé við skuldbindingar varðandi magn sem leiðir af samningum sem gerðir eru í samræmi við 300. gr. sáttmálans. Þegar um er að ræða að uppfylla skyldurnar, sem leiðir af samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um landbúnað, skulu lok viðmiðunartímabils ekki hafa áhrif á gildistíma útflutningsleyfa.

170. gr.

Framkvæmdarreglur

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ítarlegar reglur varðandi beitingu þessa þáttar, einkum varðandi:

a) endurúthlutun útflytjanlegs magns sem ekki hefur verið úthlutað eða nýtt,

b) gæði og aðrar sértækar kröfur og skilyrði varðandi afurðir sem uppfylla skilyrði fyrir útflutningsendurgreiðslum,

c) vöktun á því hvort aðgerðir, sem veita rétt til endurgreiðslna og allra annarra fjárhæða, að því er varða útflutningsviðskipti, hafi í raun átt sér stað og verið rétt framkvæmdar, þ.m.t. eftirlit með ástandi sem og grannskoðun skjala.

Framkvæmdastjórnin skal gera allar nauðsynlegar breytingar á XX. viðauka, með hliðsjón af þeim viðmiðunum sem um getur í fyrstu undirgrein 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 3448/93.

Þó skulu ítarlegar reglur varðandi beitingu 167. gr. gagnvart afurðum, sem um getur í 162. gr. (b-lið 1. mgr.), samþykkar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 16. gr. (2. mgr.) reglugerðar (EB) nr. 3448/93.

III. ÞÁTTUR

STJÓRNUN ÚTFLUTNINGSKVÓTA Í MJÓLKUR- OG MJÓLKURAFURÐAGEIRANUM

171. gr.

Stjórnun innflutningskvóta þriðju landa

1. Innihaldi samningur, sem er gerður í samræmi við 300. gr. sáttmálans, ákvæði um stjórnun, í heild eða að hluta, á innflutningskvóta þriðja lands, að því er varðar mjólk og mjólkurafurðir, skal framkvæmdastjórnin ákveða hvaða stjórnunaraðferð skuli nota og ítarlegar reglur varðandi þá aðferð.

2. Innflutningskvótunum, sem um getur í 1. mgr., skal stýrt á þann hátt sem mismunar ekki hlutaðeigandi rekstraraðilum og tryggir fulla nýtingu þeirra kosta sem bjóðast með viðkomandi kvóta, þ.e. með því að nota eina af eftirfarandi aðferðum eða sambland þessara aðferða eða aðra viðeigandi aðferð:

a) aðferð sem byggist á þeirri tímaröð sem umsóknir voru lagðar fram í (meginreglan um að fyrstir koma, fyrstir fá),

b) aðferð sem miðar að því að skipta kvótanum í hlutfalli við það magn sem óskað var eftir þegar umsóknirnar voru lagðar fram (aðferð með „samhliða umfjöllun“),

c) aðferð sem byggist á því að taka tillit til hefðbundinna viðskiptamynstra (með aðferðinni „hefðbundnir /nýir aðilar“).

IV. ÞÁTTUR

SÉRSTÖK MEÐFERÐ VIÐ INNFLUTNING TIL ÞRIÐJU LANDA

172. gr.

Vottorð fyrir afurðir sem fá sérstaka meðferð við innflutning til þriðja lands

1. Við útflutning afurða, sem kunna, í samræmi við samninga sem Bandalagið hefur gert í samræmi við 300. gr. sáttmálans, að skapa rétt til sérstakrar meðferðar við innflutning til þriðja lands ef tiltekin skilyrði eru uppfyllt, skulu lögbær yfirvöld viðkomandi aðildarríkis, að fenginni beiðni þar að lútandi og að loknu viðeigandi eftirliti, gefa út skjal til vottunar á því að skilyrðin séu uppfyllt.

2. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ítarlegar reglur varðandi beitingu þessarar greinar.

V. ÞÁTTUR

SÉRÁKVÆÐI UM LIFANDI PLÖNTUR

173. gr.

Lágmarksútflutningsverð

1. Framkvæmdastjórnin getur ákveðið á hverju ári, með góðum fyrirvara áður en markaðstímabilið hefst, eitt eða fleiri lágmarksverð fyrir útflutning til þriðju landa fyrir hverja afurð úr geira lifandi plantna sem fellur undir SAT-númer 060110.

Útflutningur slíkra afurða skal einungis leyfður á verði sem er jafnhátt og lágmarksverðið, sem fastsett er fyrir viðkomandi afurð, eða hærra.

2. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ítarlegar reglur varðandi beitingu 1. mgr., með hliðsjón af skyldum sem leiðir af samningum sem gerðir eru í samræmi við 2. mgr. 300. gr. sáttmálans.

VI. ÞÁTTUR

YTRI AÐVINNSLA

174. gr.

Tímabundin stöðvun fyrirkomulags með ytri aðvinnslu

1. Verði markaður Bandalagsins fyrir röskun eða séu líkur á röskun hans vegna fyrirkomulags með ytri aðvinnslu getur framkvæmdastjórnin, að beiðni aðildarríkis eða að eigin frumkvæði, stöðvað tímabundið, að nokkru eða öllu leyti, notkun fyrirkomulags með ytri aðvinnslu fyrir afurðir úr geirum korns, hrísgrjóna, nauta- og kálfakjöts, svínakjöts, kinda- og geitakjöts og alifuglakjöts. Berist framkvæmdastjórninni beiðni frá aðildarríki skal hún taka ákvörðun um hana innan fimm virkra daga frá viðtöku beiðninnar.

Tilkynna skal aðildarríki um slíkar ráðstafanir sem öðlast gildi strax.

Aðildarríki geta vísað ráðstöfunum, sem framkvæmdastjórnin tekur ákvörðun um samkvæmt fyrstu undirgrein, til ráðsins innan fimm virkra daga frá því að tilkynnt er um þær. Ráðið skal koma saman án tafar. Ráðið getur, með auknum meirihluta atkvæða, breytt viðkomandi ráðstöfunum eða fellt þær úr gildi innan eins mánaðar frá því að þeim var vísað til ráðsins.

2. Ráðið getur, eftir því sem þurfa þykir fyrir eðlilega starfsemi sameiginlega markaðskerfisins og í samræmi við málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 37. gr. sáttmálans, bannað að nokkru eða öllu leyti notkun fyrirkomulags með ytri aðvinnslu fyrir afurðirnar sem um getur í 1. mgr.

IV. HLUTI

SAMKEPPNISREGLUR

I. KAFLI

REGLUR SEM GILDA UM FYRIRTÆKI

175. gr.

Beiting 81. – 86. gr. sáttmálans

Ef ekki er kveðið á um annað í þessari reglugerð skulu 81.–86. gr. sáttmálans og framkvæmdarákvæði hans skv. 176. gr. þessarar reglugerðar gilda um alla samninga, ákvarðanir og aðgerðir sem um getur í 81. gr. (1. mgr.) og í 82. gr. sáttmálans og varða framleiðslu afurða, sem um getur í 1. gr. (a- til h-liðum, k-lið og m- til u-liðum 1. mgr.) og 1. gr. (3. mgr.) þessarar reglugerðar, og viðskipti með þær.

176. gr.

Undantekningar

1. Ákvæði 81. gr. (1. mgr.) sáttmálans skulu ekki gilda um samninga, ákvarðanir og aðgerðir sem um getur í 175. gr. þessarar reglugerðar og eru óaðskiljanlegur hluti af markaðskerfi í aðildarríki eða eru nauðsynlegar til að ná markmiðum sem eru sett fram í 33. gr. sáttmálans.

Ákvæði 1. mgr. 81. gr. sáttmálans skulu m.a. ekki gilda um samninga, ákvarðanir eða aðgerðir bænda, bændasamtaka eða sambanda slíkra samtaka sem tilheyra aðeins einu aðildarríki og varða framleiðslu eða sölu á landbúnaðarafurðum eða notkun sameiginlegrar aðstöðu til geymslu, meðhöndlunar eða vinnslu á landbúnaðarafurðum og hafa ekki í för með sér skyldur um að setja upp sama verð, nema framkvæmdastjórnin komist að þeirri niðurstöðu að samkeppni sé þar með útilokuð eða að uppfyllingu markmiða 33. gr. sáttmálans sé teflt í tvísýnu.

2. Framkvæmdastjórnin skal, að höfðu samráði við aðildarríkin og eftir skýrslugjöf hlutaðeigandi fyrirtækja eða samtaka fyrirtækja og allra annarra aðila eða lögaðila sem hún telur við hæfi, ein hafa vald, með fyrirvara um endurskoðunarvald Evrópudómstólsins, til að ákvarða, með ákvörðun, sem skal birt, hvaða samningar, ákvarðanir og aðgerðir uppfylla skilyrðin sem eru tilgreind í 1. mgr.

Framkvæmdastjórnin skal taka slíkar ákvarðanir, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni lögbærs yfirvalds aðildarríkis eða fyrirtækis, sem á hagsmuna að gæta, eða samtaka fyrirtækja.

3. Við birtingu ákvörðunarinnar, sem um getur í fyrstu undirgrein 2. mgr., skal tilgreina nöfn aðila ásamt megininntaki ákvörðunarinnar. Við birtingu skal taka tillit til lögmætra hagsmuna fyrirtækja sem vilja varðveita viðskiptaleyndarmál sín.

177. gr.

Samningar og samstilltar aðgerðir í tóbaksgeiranum

1. Ákvæði 1. mgr. 81. gr. sáttmálans skulu ekki gilda um samninga og samstilltar aðgerðir viðurkenndra fjölgreinasamtaka í tóbaksgeiranum sem ætlað er að framkvæma markmiðin sem um getur í c-lið 123. gr. þessarar reglugerðar, að því tilskildu:

a) að samningarnir og samstilltu aðgerðirnar hafi ekki verið tilkynntar framkvæmdastjórninni,

b) að framkvæmdastjórnin hafi komist að þeirri niðurstöðu, innan þriggja mánaða frá viðtöku allra nauðsynlegra upplýsinga, að þessir samningar eða samstilltu aðgerðir uppfylli ekki samkeppnisreglur Bandalagsins.

Ekki má beita samningunum og samstilltu aðgerðunum á þessu þriggja mánaða tímabili.

2. Því skal lýst yfir að samningar og samstilltar aðgerðir stríði gegn samkeppnisreglum Bandalagins í eftirfarandi tilvikum ef samningarnir og samstilltu aðgerðirnar:

a) kunna á einhvern hátt að leiða til skiptingar á mörkuðum innan Bandalagsins,

b) kunna að hafa áhrif á trausta starfsemi markaðskerfisins,

c) kunna að valda röskunum á samkeppni sem eru ekki nauðsynlegar til að ná þeim markmiðum sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar sem ráðstöfun fjölgreinasamtakanna miðar að,

d) fela í sér ákvörðun verðs eða kvóta, án þess þó að það hafi áhrif á ráðstafanir sem fjölgreinasamtök grípa til við beitingu sértækra ákvæða í reglum Bandalagsins,

e) kunna að skapa mismunun eða draga úr samkeppni að því er varðar stóran hluta þeirra afurða sem um er að ræða.

3. Komist framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu, að loknu þriggja mánaða tímabilinu, sem um getur í b-lið 1. mgr., að skilyrðin fyrir beitingu þessa kafla hafi ekki verið uppfyllt skal hún, án aðstoðar nefndarinnar sem um getur í 195. gr. (1. mgr.), taka ákvörðun þar sem því er lýst yfir að 81. gr. (1. mgr.) sáttmálans gildi um viðkomandi samning eða samstillta aðgerð.

Sú ákvörðun skal ekki öðlast gildi áður en hlutaðeigandi fjölgreinasamtök fá tilkynningu um hana nema þau fjölgreinasamtök hafi gefið rangar upplýsingar eða misnotað undanþáguna sem kveðið er á um í 1. mgr.

178. gr.

Bindandi samningar og samstilltar aðgerðir þeirra sem ekki eru aðilar að samtökum í tóbaksgeiranum

1. Fjölgreinasamtök í tóbaksgeiranum geta óskað eftir því að tilteknir samningar þeirra eða samstilltar aðgerðir á þeim sviðum þar sem þau starfa verði bindandi í takmarkaðan tíma fyrir einstaklinga og hópa í viðkomandi atvinnuvegi sem eru ekki aðilar að samtökum sem eru í fjölgreinasamtökunum.

Til að unnt sé að víkka út reglur fjölgreinasamtaka skulu þau vera í fyrirsvari fyrir a.m.k. tvo þriðju hluta framleiðslunnar og/eða atvinnugreinarinnar sem um er að ræða. Ef fyrirhuguð útvíkkun reglna tekur til margra svæða skulu fjölgreinasamtök sanna að þau annist a.m.k. lágmarksfyrirsvar fyrir hverja viðkomandi atvinnugrein á hverju viðkomandi svæði.

2. Reglur, sem óskað er eftir að fái útvíkkað gildissvið, skulu hafa verið í gildi í a.m.k. eitt ár og tengjast einu af eftirfarandi markmiðum:

a) þekkingu á framleiðslunni og markaðinum,

b) skilgreiningu á lágmarksgæðum,

c) notkun ræktunaraðferða sem samrýmast umhverfisvernd,

d) skilgreiningu á lágmarksstöðlum fyrir umbúðir og framsetningu,

e) notkun vottaðs fræs og vöktun vörugæða.

3. Útvíkkun þessara reglna skal háð samþykki framkvæmdastjórnarinnar.

179. gr.

Framkvæmdarreglur að því er varðar samninga og samstilltar aðgerðir í tóbaksgeiranum

Framkvæmdastjórnin skal mæla fyrir um ítarlegar reglur varðandi beitingu 177. og 178. gr., þ.m.t. reglur varðandi tilkynningar og birtingu.

II. KAFLI

REGLUR UM RÍKISAÐSTOÐ

180. gr.

Beiting 87., 88. og 89. gr. sáttmálans

Ef ekki er kveðið á um annað í þessari reglugerð, sbr. einkum 182. gr. þessarar reglugerðar um ríkisaðstoð, skulu 87., 88. gr. og 89. gr. sáttmálans gilda um framleiðslu afurða, sem um getur í 1. gr. (a- til h-liðum, k-lið og m- til u-liðum 1. mgr.) og 1. gr. (3. mgr.) þessarar reglugerðar, og um viðskipti með þær.

181. gr.

Sértæk ákvæði fyrir mjólkur- og mjólkurafurðageirann

Með fyrirvara um 2. mgr. 87. gr. sáttmálans skal aðstoð bönnuð ef fjárhæð hennar er ákvörðuð á grundvelli verðs eða magns afurðanna sem eru tilgreindar í XVI. hluta I. viðauka við þessa reglugerð.

Landsbundnar ráðstafanir skulu einnig bannaðar ef þær leyfa útjöfnun milli verðs afurðanna sem eru tilgreindar í XVI. hluta I. viðauka við þessa reglugerð.

182. gr.

Sértæk innlend ákvæði

1. Veiti framkvæmdastjórnin leyfi til þess geta Finnland og Svíþjóð veitt aðstoð vegna framleiðslu og setningar á markað á hreindýraafurðum (SAT-númer úr 0208 og úr 0210), svo fremi aðstoðin leiði ekki til aukinnar framleiðslu.

2. Veiti framkvæmdastjórnin leyfi til þess getur Finnland veitt aðstoð vegna tiltekins magns af fræi, m.a. tiltekins magns af fræi korntegunda, sem einungis er framleitt í Finnlandi, vegna sérstakra loftlagsskilyrða þar.

3. Aðildarríki, sem minnka sykurkvóta sinn um meira en 50% af sykurkvótanum, sem var fastsettur 20. febrúar 2006 í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 318/2006, mega veita tímabundna ríkisaðstoð á tímabilinu þegar sykurrófuræktendur fá greidda umbreytingaraðstoð í samræmi við 10. kafla f í IV. bálki reglugerðar (EB) nr. 1782/2003. Framkvæmdastjórnin skal, á grundvelli umsóknar frá hlutaðeigandi aðildarríki, ákveða heildarfjárhæð ríkisaðstoðar sem unnt er að veita til þessarar ráðstöfunar.

Að því er varðar Ítalíu skal tímabundna aðstoðin, sem um getur í fyrstu undirgrein og er veitt sykurrófubændum og vegna flutninga á sykurrófum, ekki fara yfir 11 evrur á hvert markaðsár á hvert tonn af sykurrófum.

Finnland getur veitt aðstoð til sykurrófuræktenda sem nemur allt að 350 evrum á hvern hektara á hverju markaðsári.

Hlutaðeigandi aðildarríki skal tilkynna framkvæmdastjórninni, innan 30 daga frá lokum hvers markaðsárs, um fjárhæð ríkisaðstoðar sem veitt var á því markaðsári.

4. Með fyrirvara um beitingu 1. mgr. 88. gr. og fyrsta málsliðar 3. mgr. 88. gr. sáttmálans getur Þýskaland veitt aðstoð, innan ramma þýsku áfengiseinkasölunnar, til 31. desember 2010 vegna afurða sem einkasalan setur á markað, eftir frekari umbreytingu, sem etanól úr landbúnaði sem er tilgreint í I. viðauka við sáttmálann. Heildarfjárhæð aðstoðarinnar má ekki fara yfir 110 milljónir evra á ári.

Þýskaland skal legga skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina fyrir 30. júní á hverju ári um starfsemi kerfisins.

V. HLUTI

SÉRTÆK ÁKVÆÐI FYRIR EINSTAKA GEIRA

183. gr.

Kynningarálögur í mjólkur- og mjólkurafurðageiranum

Með fyrirvara um beitingu 87., 88. og 89. gr. sáttmálans, eins og kveðið er á um í 180. gr. þessarar reglugerðar, getur aðildarríki lagt kynningarálögur á mjólkurframleiðendur, að því er varðar magn mjólkur eða mjólkurígilda sem eru sett á markað, í þeim tilgangi að fjármagna neysluhvetjandi ráðstafanir í Bandalaginu, stækka markaði fyrir mjólk og mjólkurafurðir og bæta gæðin.

184. gr.

Skýrslugjöf að því er varðar tiltekna geira

Framkvæmdastjórnin skal leggja skýrslu:

1) fyrir ráðið, fyrir 30. september 2008, um geira þurrkaðs fóðurs, á grundvelli mats á ákvæðum þessarar reglugerðar, sérstaklega þeim sem snúa að þróun belgjurta- og grænfóðurs, framleiðslu þurrkaðs fóðurs og þeim sparnaði í notkun jarðefnaeldsneytis sem náðst hefur. Skýrslunni skulu fylgja tillögur ef nauðsyn krefur;

2) á hverjum þremur árum og í fyrsta sinn eigi síðar en 31. desember 2010, fyrir Evrópuþingið og ráðið um framkvæmd ráðstafana varðandi býræktargeirann sem settar eru fram í VI. þætti IV. kafla I. bálks II. hluta,

3) fyrir 31. desember 2009, fyrir Evrópuþingið og ráðið um beitingu undanþágunnar, sem kveðið er á um í 4. mgr. 182. gr., að því er varðar þýsku áfengiseinkasöluna, þ.m.t. mat á aðstoð, sem er veitt innan ramma þeirrar einkasölu, ásamt öllum viðeigandi tillögum.

185. gr.

Skráning samninga í humlageiranum

1. Aðilar, sem hvert aðildarríki, sem er framleiðsluríki, tilnefnir til þess verks, skulu skrá alla samninga sem gerðir eru

milli framleiðanda eða samtaka framleiðenda annars vegar og kaupanda hins vegar um afhendingu humla sem eru framleiddir í Bandalaginu.

2. Samningar, sem varða afhendingu tiltekins magns á umsömdu verði fyrir tímabil sem nær yfir eitt eða fleiri uppskerutímabil og eru gerðir fyrir 1. ágúst á ári fyrsta viðkomandi uppskerutímabils, skulu kallast „fyrirframsamningar“. Þeir skulu skráðir sér.

3. Einungis má nota gögnin, sem skráning byggist á, vegna beitingar þessarar reglugerðar.

4. Framkvæmdastjórnin skal mæla fyrir um ítarlegar reglur varðandi skráningu samninga um afhendingu humla.

186. gr.

Röskun að því er varðar verð á innri markaðinum

Framkvæmdastjórnin getur gripið til nauðsynlegra ráðstafana við eftirfarandi aðstæður ef þær aðstæður eru líklegar til að vara áfram og raska þar með mörkuðum eða skapa hættu á slíkri röskun:

a) að því er varðar afurðir úr geirum sykurs, humla, nauta- og kálfakjöts og kinda- og geitakjöts: þegar verð á markaði Bandalagsins á einhverjum af þessum afurðum hækkar eða lækkar umtalsvert,

b) að því er varðar afurðir úr geirum svínakjöts, eggja og alifuglakjöts og að því er varðar ólífuolíu: þegar verð á markaði Bandalagsins á einhverjum af þessum afurðum hækkar umtalsvert.

187. gr.

Raskanir vegna verðskráningar eða verðs á heimsmarkaði

Að því er varðar afurðir í geirum korns, hrísgrjóna, sykurs, mjólkur og mjólkurafurða getur framkvæmdastjórnin gripið til nauðsynlegra ráðstafana í viðkomandi geira ef verðskráning eða verð á heimsmarkaði á einni eða fleiri af þessum afurðum nær því marki að valdi röskun á framboði á markaði Bandalagsins eða skapi hættu á slíkri röskun og ef ástandið er líklegt til að vara áfram eða versna. Hún getur m.a. fellt innflutningsgjöld tímabundið niður, að nokkru eða öllu leyti, fyrir tiltekið magn.

188. gr.

Skilyrði fyrir beitingu ráðstafana vegna röskunar og framkvæmdarreglur

1. Ráðstafirnar, sem kveðið er á um í 186. og 187. gr., skulu samþykktar:

a) svo fremi að allar aðrar ráðstafanir samkvæmt þessari reglugerð virðist ófullnægjandi,

b) með hliðsjón af skyldum sem leiðir af samningum sem gerðir eru í samræmi við 2. mgr. 300. gr. sáttmálans.

2. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt ítarlegar reglur varðandi beitingu 186. og 187. gr.

189. gr.

Upplýsingamiðlun í etanólgeiranum

1. Að því er varðar afurðir úr etanólgeiranum skulu aðildarríkin veita framkvæmdastjórninni upplýsingar um eftirfarandi:

a) framleiðslu etanóls úr landbúnaði, tilgreindri í hektólítrum af hreinum vínanda og sundurliðaðri eftir afurðunum sem eru notaðar til alkóhólframleiðslunnar,

b) magn etanóls úr landbúnaði sem er selt, tilgreindu í hektólítrum af hreinum vínanda og sundurliðuðu eftir viðtökugeira,

c) tiltækar birgðir etanóls úr landbúnaði í viðkomandi aðildarríki í lok fyrra árs,

d) framleiðsluspá fyrir núverandi ár.

Framkvæmdastjórnin skal setja reglur um miðlun þessara upplýsinga og einkum um tíðni miðlunar og skilgreiningu á viðtökugeirunum.

2. Á grundvelli upplýsinganna, sem um getur í 1. mgr., og allra annarra fyrirliggjandi upplýsinga skal framkvæmdastjórnin, án aðstoðar nefndarinnar sem um getur í 1. mgr. 195. gr., gera Bandalagsuppgjör fyrir markaðinn fyrir etanól úr landbúnaði fyrir árið á undan og bráðabirgðauppgjör fyrir markaðinn fyrir árið sem er að líða.

Bandalagsuppgjörið skal einnig innihalda upplýsingar um etanól sem er ekki úr landbúnaði. Framkvæmdastjórnin skal tilgreina nákvæmlega inntak slíkra upplýsinga og aðferðir við öflun þeirra.

Að því er varðar þessa málsgrein skal „etanól sem er ekki úr landbúnaði“ merkja afurðir sem falla undir SAT-númerin 2207, 22089091 og 22089099 og eru ekki fengnar úr sérstakri landbúnaðarafurð sem er tilgreind í I. viðauka við sáttmálann.

3. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna aðildarríkjunum um uppgjörin sem um getur í 2. mgr.

VI. HLUTI

ALMENN ÁKVÆÐI

190. gr.

Fjárhagsákvæði

Reglugerð (EB) nr. 1290/2005 og framkvæmdarákvæði hennar gilda um útgjöld aðildarríkis sem stofnað er til við uppfyllingu þeirra skyldna sem um getur í þessari reglugerð.

191. gr.

Neyðartilvik

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ráðstafanir sem eru bæði nauðsynlegar og réttlætanlegar í neyðartilvikum til að leysa tiltekin vandamál við framkvæmd.

Slíkar ráðstafanir mega víkja frá ákvæðum þessarar reglugerðar en þó einungis að því marki og í þann tíma sem nauðsyn krefur, strangt til tekið.

192. gr.

Skipti á upplýsingum milli aðildarríkis og framkvæmdastjórnarinnar

1. Aðildarríki og framkvæmdastjórnin skulu veita hvert öðru allar upplýsingar sem þarf til að beita þessari reglugerð eða vakta og greina markaðinn og til að uppfylla alþjóðlegar skyldur varðandi afurðir sem um getur í 1. gr.

2. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ítarlegar reglur til að fastsetja hvaða upplýsingar þurfi til að beita 1. mgr., sem og reglur um form upplýsinganna, inntak, tímasetningu og fresti og um fyrirkomulag á því að senda upplýsingar og skjöl eða gera þau aðgengileg.

193. gr.

Sniðgönguákvæði

Með fyrirvara um hvers konar sértæk ákvæði skal enginn ávinningur, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, veittur til að hygla aðila eða lögaðila ef staðfest er að þeir hafi á óeðlilegan hátt skapað þær aðstæður, sem þarf til að njóta ávinnings, í bága við markmiðin með þessari reglugerð.

194. gr.

Eftirlits- og stjórnsýsluráðstafanir og stjórnsýsluviðurlög og tilkynningar þeirra

Framkvæmdastjórnin skal ákvarða:

a) reglur varðandi stjórnsýslueftirlit og ástandseftirlit sem aðildarríki skal hafa með höndum til að sannreyna að skyldur, sem leiðir af beitingu þessarar reglugerðar, hafi verið uppfylltar,

b) kerfi til að beita stjórnsýsluráðstöfunum og stjórnsýsluviðurlögum þegar upp kemst að skyldur, sem leiðir af beitingu þessarar reglugerðar, hafi ekki verið uppfylltar,

c) reglur varðandi endurheimt ótilhlýðilegra greiðslna sem leiðir af beitingu þessarar reglugerðar,

d) reglur um tilkynningar um allt eftirlit sem er framkvæmt og um niðurstöður þess.

Stjórnsýsluviðurlögin, sem um getur í b-lið, skulu miðast við alvarleika brotanna, umfang þeirra og varanleika og endurtekningu á brotunum.

VII. HLUTI

FRAMKVÆMDAR-, UMBREYTINGAR-, OG LOKAÁKVÆÐI

I. KAFLI

FRAMKVÆMDARÁKVÆÐI

195. gr.

Nefndin

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar stjórnar-nefndarinnar um sameiginlegt markaðskerfi í landbúnaði (hér á eftir nefnd „nefndin“).

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 4. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 4. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera einn mánuður.

196. gr.

Skipulag nefndarinnar

Við skipulagningu á fundum nefndarinnar, sem um getur í 195. gr., skal einkum hafa hliðsjón af ábyrgðarsviði hennar, eðli þess erindis, sem fjalla á um, og þörfinni á viðeigandi sérþekkingu.

II. KAFLI

UMBREYTINGAR- OG LOKAÁKVÆÐI

197. gr.

Breytingar á reglugerð (EB) nr. 1493/1999

Ákvæði 74.–76. gr. reglugerðar (EB) nr. 1493/1999 falli brott.

198. gr.

Breytingar á reglugerð (EB) nr. 2200/96

Ákvæði 46.–47. gr. reglugerðar (EB) nr. 2200/96 falli brott.

199. gr.

Breytingar á reglugerð (EB) nr. 2201/96

Ákvæði 29.–30. gr. reglugerðar (EB) nr. 2201/96 falli brott.

200. gr.

Breytingar á reglugerð (EB) nr. 1184/2006

Reglugerð (EB) nr. 1184/2006 er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi komi í stað titils reglugerðarinnar:

„Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1184/2006 frá 24. júlí 2006 um beitingu tiltekinna samkeppnisreglna gagnvart framleiðslu á landbúnaðarafurðum og viðskiptum með þær“,

2. Í stað 1. gr. komi eftirfarandi:

„1. gr.

Í þessari reglugerð skal mælt fyrir um reglur varðandi gildissvið 81.–86. gr. og tiltekinna ákvæða 88. gr. sáttmálans í tengslum við framleiðslu afurða eða viðskipti með afurðir sem eru tilgreindar í I. viðauka við sáttmálann, að undanskildum afurðunum sem um getur í 1. gr. (a- til h-liðum, k-lið og m- til u-liðum 1. mgr.) og 1. gr. (3. mgr.) reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1234/2007. (*)

1. gr. a

Ákvæði 81.–86. gr. sáttmálans og ákvæðin um framkvæmd þeirra skulu gilda um alla samninga, ákvarðanir og aðgerðir sem um getur í 81. gr. (1. mgr.) og í 82. gr. sáttmálans og varða framleiðslu afurða, sem um getur í 1. gr., eða viðskipti með þær, sbr. þó 2. gr. þessarar reglugerðar.“

3. Í stað fyrsta undirliðar 1. mgr. 2. gr. komi eftirfarandi:

„1. Ákvæði 81. gr. (1. mgr.) sáttmálans skulu ekki gilda um samninga, ákvarðanir og aðgerðir sem um getur í 1. gr. a í þessari reglugerð og eru óaðskiljanlegur hluti af markaðskerfi í aðildarríki eða eru nauðsynlegar til að ná markmiðum sem eru sett fram í 33. gr. sáttmálans.“

4. Í stað 3. gr. komi eftirfarandi:

„3. gr.

Ákvæði 88. gr. (1. mgr.) og 88. gr. (fyrsta málsliðar 3. mgr.) sáttmálans skulu gilda um aðstoð sem er veitt vegna framleiðslu á afurðunum, sem um getur í 1. gr., og vegna viðskipta með þær.“

201. gr.

Niðurfelling

1. Með fyrirvara um 3. mgr. skulu eftirfarandi reglugerðir falla úr gildi:

a) reglugerðir (EBE) nr. 234/68, (EBE) nr. 827/68, (EBE) nr. 2517/69, (EBE) nr. 2728/75, (EBE) nr. 1055/77, (EBE) nr. 2931/79, (EBE) nr. 1358/80, (EBE) nr. 3730/87, (EBE) nr. 4088/87, (EBE) nr. 404/93, (EB) nr. 670/2003 og (EB) nr. 797/2004, frá og með 1. janúar 2008,

b) reglugerðir (EBE) nr. 707/76, (EB) nr. 1786/2003, (EB) nr. 1788/2003 og (EB) nr. 1544/2006, frá og með 1. apríl 2008,

c) reglugerðir (EBE) nr. 315/68, (EBE) nr. 316/68, (EBE) nr. 2729/75, (EBE) nr. 2759/75, (EBE) nr. 2763/75, (EBE) nr. 2771/75, (EBE) nr. 2777/75, (EBE) nr. 2782/75, (EBE) nr. 1898/87, (EBE) nr. 1906/90, (EBE) nr. 2204/90, (EBE) nr. 2075/92, (EBE) nr. 2077/92, (EBE) nr. 2991/94, (EB) nr. 2597/97, (EB) nr. 1254/1999, (EB) nr. 1255/1999, (EB) nr. 2250/1999, (EB) nr. 1673/2000, (EB) nr. 2529/2001, (EB) nr. 1784/2003, (EB) nr. 865/2004 og (EB) nr. 1947/2005, (EB) nr. 1952/2005 og (EB) nr. 1028/2006, frá og með 1. júlí 2008,

d) reglugerð (EB) nr. 1785/2003, frá og með 1. september 2008,

e) reglugerð (EB) nr. 318/2006, frá og með 1. október 2008,

f) reglugerðir (EBE) nr. 3220/84, (EBE) nr. 386/90, (EBE) nr. 1186/90, (EBE) nr. 2137/92 og (EB) nr. 1183/2006, frá og með 1. janúar 2009.

2. Tilskipun 74/583/EBE skal felld úr gildi frá og með 1. janúar 2008.

([1]) Stjtíð. ESB L 299, 16.11.2007, bls. 1,

3. Niðurfelling reglugerðanna, sem um getur í 1. mgr., hefur hvorki áhrif á:

a) áframhaldandi gildi þeirra gerða Bandalagsins, sem eru samþykktar á grundvelli þessara reglugerða, né

b) áframhaldandi gildi breytinga sem gerðar eru með þessum reglugerðum á öðrum gerðum og lögum Bandalagsins sem falla ekki úr gildi með þessari reglugerð.

202. gr.

Tilvísanir

Líta ber á tilvísanir í ákvæði og reglugerðir, sem hefur verið breytt eða felld úr gildi með 197.–201. gr., sem tilvísanir í þessa reglugerð og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunum í XXII. viðauka.

203. gr.

Umbreytingarreglur

Framkvæmdastjórnin getur samþykkt ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að auðvelda umbreytinguna frá ákvæðum samkvæmt reglugerðunum, sem var breytt eða voru felldar úr gildi með 197. –201. gr., til ákvæðanna sem eru sett í þessari reglugerð.

204. gr.

Gildistaka.

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

2. Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2008.

Hún skal þó gilda:

a) frá 1. júlí 2008 að því er varðar geira korns, fræs, humla, ólífuolíu og ólífa til átu, líns og hamps, hrátóbaks, nauta- og kálfakjöts, svínakjöts, kinda- og geitakjöts, eggja og alifuglakjöts,

b) frá 1. september 2008 að því er varðar hrísgrjónageirann,

c) frá 1. október 2008 að því er varðar sykurgeirann, að undanskilinni 59. gr. sem gildir frá 1. janúar 2008,

d) frá 1. apríl 2008 að því er varðar geira þurrkaðs fóðurs og silkiormageirann,

e) frá 1. ágúst 2008 að því er varðar víngeirann sem og 197. gr.,

f) frá 1. júlí 2008 að því er varðar mjólkur-og mjólkurafurðageirann, að undanskildum ákvæðunum sem eru sett fram í III. KAFLa I. bálks II. hluta,

g) frá 1. apríl 2008 að því er varðar kerfið fyrir takmörkun mjólkurframleiðslu sem kveðið er á um í III. KAFLa I. bálks II. hluta,

h) frá 1. janúar 2009 að því er varðar matskerfi Bandalagsins fyrir flokkun skrokka sem um getur í 1. mgr. 42. gr.

Ákvæði 27., 39. og 172. gr. skulu gilda frá 1. janúar 2008 og 149.–152. gr. frá 1. júlí 2008 fyrir allar viðkomandi afurðir.

3. Að því er varðar sykurgeirann skal I. bálkur II. hluta gilda til loka markaðsársins 2014/2015 fyrir sykur.

4. Ákvæðin, sem tengjast kerfinu fyrir takmörkun mjólkurframleiðslu, sem kveðið var á um í III. KAFLa I. bálks II. hluta, skulu gilda til 31. mars 2015 í samræmi við 66. gr.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Lúxemborg 22. október 2007.

Fyrir hönd ráðsins,

J. SILVA

forseti.

I. VIÐAUKI

SKRÁ YFIR AFURÐIR SEM UM GETUR Í 1. mgr. 1. gr.

I. HLUTI: KORN

Að því er varðar korn skal þessi reglugerð ná yfir afurðirnar sem eru tilgreindar í eftirfarandi töflu:

	SAT-númer	Lýsing
a)	07099060	Sykurmaís, nýr eða kældur
	07129019	Þurrkaður sykurmaís, heill, skorinn, sneiddur, brotinn eða steyttur í duft, en ekki frekar unninn, annað en blendingar til sáningar
	10019091	Hveiti og blandað sáðkorn hveitis og rúgs (e. meslin seed)
	10019099	Spelt, hveiti, og blandað korn hveitis og rúgs (e. meslin) annað en til sáningar
	10020000	Rúgur
	100300	Bygg
	100400	Hafrar
	10051090	Maísfræ önnur en blendingar
	10059000	Maís annar en fræ
	10070090	Dúrra, önnur en blendingar til sáningar
	1008	Bókhveiti, hirsi og kanarífræ; annað korn
b)	100110	Harðhveiti
c)	11010000	Hveiti eða mjöl úr kornblöndu hveitis og rúgs (e. meslin flour)
	11021000	Rúgmjöl
	110311	Klíðislaust korn og hveitimjöl
	1107	Malt, einnig brennt
d)	0714	Kassavarót, örvarrót, saleprót, ætifífill, sætuhnúðar og áþekkar rætur og hnýði sem innihalda mikið af sterkju eða inúlíni, nýtt, kælt, fryst eða þurrkað, einnig sneitt eða í kögglum; sagómergur
úr	1102	Mjöl úr korni, fínmalað, annað en úr hveiti eða meslíni:
	110220	– Maísmjöl
	110290	– Annað:
	11029010	– – Byggmjöl
	11029030	– – Haframjöl
	11029090	– – Annað
úr	1103	Klíðislaust korn og kögglar, að undanskildu klíðislausu korni og hveitimjöli (undirliður 110311), klíðislaust korn og mjöl úr hrísgrjónum (undirliður 11031950) og kögglar úr hrísgrjónum (undirliður 11032050)
úr	1104	Korn unnið á annan hátt (t.d. afhýtt, valsað, flagað, perlað, sneitt eða kurlað), þó ekki ris í nr. 1006 og flöguð hrísgrjón; kornfrjóangar, heilir, valsaðir, flagaðir eða malaðir
	110620	Mjöl, fín- eða grófmalað, og duft úr sagó eða rótum eða hnýðum í lið 0714
úr	1108	Sterkja; inúlín:
		– Sterkja:
	11081100	– – Hveitisterkja
	11081200	– – Maíssterkja
	11081300	– – Kartöflusterkja
	11081400	– – Maníókasterkja (cassava)

SAT-númer		Lýsing
úr	110819	– – Önnur sterkja:
	11081990	– – – Annað
	11090000	Hveitiglúten, einnig þurrkað
	1702	Annar sykur, þar með talinn kemískt hreinn laktósi, maltósi, glúkósi og frúktósi, í föstu formi; sykursíróp sem inniheldur hvorki bragðefni né litarefni; gervihunang, einnig blandað náttúrlegu hunangi; karamel:
úr	170230	– Glúkósi og glúkósasíróp sem inniheldur ekki frúktósa eða inniheldur sem þurrefni minna en 20% af frúktósa miðað við þyngd:
		– – Annað:
		– – – Annað:
	17023091	– – – – Sem hvítt, kristallað duft, einnig í kekkjum
	17023099	– – – – Annað
úr	170240	– Glúkósi og glúkósasíróp sem inniheldur sem þurrefni að minnsta kosti 20% en þó minna en 50% af frúktósa miðað við þyngd, þó ekki einsykrur (invert sugar):
	17024090	– – Annað
úr	170290	– Annað, þar með taldar einsykrur (invert sugar) og aðrar sykur- og sykursírópsblöndur, sem inniheldur sem þurrefni 50% af frúktósa miðað við þyngd:
	17029050	– – Maltódextrín og maltódextrínsíróp
		– – Karamel:
		– – – Annað:
	17029075	– – – – Sem duft, einnig í kekkjum
	17029079	– – – – Annað
	2106	Matvæli, ót.a.:
úr	210690	– Annað
		– – Bragðbætt eða litað sykursíróp:
		– – – Annað
	21069055	– – – – Glúkósasíróp og maltódextrínsíróp
úr	2302	Klíð, hrat og aðrar leifar, einnig í kögglum, sem fellur til við sáldun, mölun eða vinnslu korns
úr	2303	Leifar frá sterkjugerð og áþekkar leifar, rófudeig, bagasse og annar úrgangur frá sykurframleiðslu, hrosti og úrgangur frá bruggun eða eimingu, einnig í kögglum:
	230310	– Leifar frá sterkjugerð og áþekkar leifar
	23033000	– Hrosti og úrgangur frá bruggun eða eimingu
úr	2306	Olíukökur og aðrar fastar leifar, einnig muldar eða í kögglum, frá kjörnun jurtafeiti eða jurtaolíu, þó ekki í nr. 2304 eða 2305:
		– Annað
	23069005	– – Úr maískími
úr	2308	Jurtaefni og jurtaúrgangur, jurtaleifar og aukaafurðir, einnig í kögglum, sem notað er til dýraeldis, ót.a.:
	23080040	– Akörn og hestakastaníur; mauk eða hrat úr aldinum, öðrum en vínberjum
	2309	Framleiðsla til dýraeldis:
úr	230910	– Hunda- og kattafóður í smásöluumbúðum:
	23091011	– – Inniheldur sterkju, glúkósa, glúkósasíróp, maltódextrín eða maltódextrínsíróp úr undirliðum 17023051 til 17023099, 17024090, 17029050 og 21069055 eða mjólkurafurðir að undanskildum efnablöndum og fóðri sem innihalda 50% eða meira af mjólkurafurðum miðað við þyngd
	23091013	
	23091031	
	23091033	
	23091051	
	23091053	

SAT-númer	Lýsing
úr 230990	Annað:
23099020	– Afurðir sem um getur í viðbótarathugasemd 5 við 23. kafla sameinuðu tollnafnaskrárinnar
	– Annað, þ.m.t. forblöndur:
23099031 23099033 23099041 23099043 23099051 23099053	– – Annað sem inniheldur sterkju, glúkósa, glúkósasíróp, maltódextrínsíróp úr undirliðum 17023051 til 17023099, 17024090, 17029050 og 21069055 eða mjólkurafurðir( ) að undanskildum efnablöndum og fóðri sem innihalda 50% eða meira af mjólkurafurðum miðað við þyngd

Að því er varðar þennan undirlið eru „mjólkurafurðir“ afurðir sem falla undir lið 0401 til 0406 sem og undir undirliði 170211, 170219 og 21069051.

II. HLUTI: HRÍSGRJÓN

Að því er varðar hrísgrjón skal þessi reglugerð ná yfir afurðirnar sem eru tilgreindar í eftirfarandi töflu:

	SAT-númer	Lýsing
a)	10061021 til 10061098	Rís með ytra hýði (ekru- eða hrárís) annað en til sáningar
	100620	Afhýddur (brúnn) rís
	100630	Hálf- eða fullslípaður rís, einnig fægður eða gljáhúðaður
b)	10064000	Brotinn rís
c)	11029050	Rísmjöl
	11031950	Klíðislaus hrísgrjón og -mjöl
	11032050	Hrísgrjónakögglar
	11041991	Flöguð hrísgrjón
úr	11041999	Völsuð hrísgrjón
	11081910	Rissterkja

III. HLUTI: SYKUR

Að því er varðar sykur skal þessi reglugerð ná yfir afurðirnar sem eru tilgreindar í eftirfarandi töflu:

	SAT-númer	Lýsing
a)	121291	Sykurrófur
	12129920	Sykurreyr
b)	1701	Reyr- eða rófusykur og kemískt hreinn súkrósi, í föstu formi
c)	170220	Hlynsykur og hlynsíróp
	17026095 og 17029099	Annar sykur í föstu formi og sykursíróp, sem inniheldur hvorki bragðefni eða litunarefni, þó ekki laktósi, glúkósi, maltódextrín og ísóglúkósi
	17029060	Hunangslíki, einnig blandað náttúrulegu hunangi
	17029071	Karamel sem inniheldur 50% eða meira af súkrósa í þurru efni miðað við þyngd
	21069059	Bragðbætt eða litað sykursíróp annað en ísóglúkósa-, laktósa-, glúkósa- og maltódextrínsíróp
d)	17023010	Ísóglúkósi
	17024010	
	17026010	
	17029030	

	SAT-númer	Lýsing
e)	17026080 17029080	Inúlínsíróp
f)	1703	Melassi unninn með kjörnun eða hreinsun sykurs
g)	21069030	Ísóglúkósasíróp með bragðefnum eða litarefnum
h)	230320	Rófumauk, kraminn sykurreyr og annar úrgangur frá sykurframleiðslu

IV. HLUTI: ÞURRKAÐ FÓÐUR

Að því er varðar þurrkað fóður skal þessi reglugerð ná yfir afurðirnar sem eru tilgreindar í eftirfarandi töflu:

	SAT-númer	Lýsing
a)	úr 12141000	– Mjöl og kögglar úr refasmára, þurrkuð með heitu lofti
		– Mjöl og kögglar úr refasmára, þurrkaðir á annan hátt og malaðir
	úr 12149090	– Refasmári, ösnugras, smári, úlfabaunir, flækja og áþekkar fóðurafurðir, þurrkuð með heitu lofti, að undanskildu heyi og fóðurkáli og afurðum sem innihalda hey
		– Refasmári, ösnugras, smári, úlfabaunir, flækja, mánasteinssmári, varpabaun og maríuskór, þurrkað á annan hátt og malað
b)	úr 23099099	– Prótínþykkni fengið úr safa úr refasmára og grasi
		– Vatnssneyddar afurðir eingöngu unnar úr föstum leifum og safa sem fæst við vinnslu á framangreindu þykkni

V. HLUTI: FRÆ

Að því er varðar fræ skal þessi reglugerð ná yfir afurðirnar sem eru tilgreindar í eftirfarandi töflu:

SAT-númer	Lýsing
07129011	Sykurmaísblendingur:
	– til sáningar
07131010	Ertur (Pisum sativum):
	– til sáningar
úr 07132000	Hænsnabaunir (garbanzos):
	– til sáningar
úr 07133100	Belgbaunir af tegundinni Vigna mungo (L.) Hepper eða Vigna radiata (L.) Wilczek:
	– til sáningar
úr 07133200	Litlar rauðar (Adzuki) baunir (Phaseolus eða Vigna angularis):
	– til sáningar
07133310	Nýrnabaunir, þar með taldar hvítar belgbaunir (Phaseolus vulgaris):
	– til sáningar
úr 07133900	Aðrar baunir:
	– til sáningar
úr 07134000	Linsubaunir:
	– til sáningar
úr 07135000	Breiðbaunir (Vicia faba var. major) og hestabaunir (Vicia faba var. equina, Vicia faba var. minor):
	– til sáningar

	SAT-númer	Lýsing
úr	07139000	Aðrir þurrkaðir belgávextir:
		– til sáningar
	10019010	Spelt:
		– til sáningar
úr	100510	Blönduð maísfræ
	10061010	Rís með ytra hýði (ekru- eða hráris):
		– til sáningar
	10070010	Dúrrublendingar:
		– til sáningar
	12010010	Sojabaunir, einnig sundurskornar:
		– til sáningar
	12021010	Jarðhnetur, ekki steiktar eða soðnar á annan hátt, í skel:
		– til sáningar
	12040010	Linfræ, einnig sundurskorið:
		– til sáningar
	12051010 og	Repju- eða kolsafræ, einnig sundurskorin, til sáningar
úr	12059000	– Annað
	12060010	Sólblómafræ, einnig sundurskorið:
		– til sáningar
úr	1207	Önnur olíufræ og olíurík aldin, einnig sundurskorin:
		– til sáningar
	1209	Fræ, aldin og sporar:
		– til sáningar

VI. HLUTI: HUMLAR

1. Að því er varðar humla skal þessi reglugerð ná yfir afurðirnar sem eru tilgreindar í eftirfarandi töflu

SAT-númer	Lýsing
1210	Humall, nýr eða þurrkaður, einnig mulinn, sem duft eða kögglar; humalmjöl (lúpulín)

2. Reglurnar í þessari reglugerð um setningu á markað og viðskipti við þriðju lönd skulu einnig gilda um eftirfarandi afurðir:

SAT-númer	Lýsing
13021300	Jurtasafar og humlakjarnar

VII.HLUTI: ÓLÍFUOLÍA OG ÓLÍFUR TIL ÁTU

Að því er varðar ólífuolíu og ólífur til átu skal þessi reglugerð ná yfir afurðirnar sem eru tilgreindar í eftirfarandi töflu:

	SAT-númer	Lýsing
a)	1509	Ólífuolía og þættir hennar, einnig hreinsað en ekki efnafræðilega umbreytt
	151000	Aðrar olíur og þættir þeirra, unnið eingöngu úr ólífum, einnig hreinsað en ekki efnafræðilega umbreytt, þar með taldar blöndur þessara olía eða þátta og olía og þátta í nr. 1509

	SAT-númer	Lýsing
b)	07099031	Ólífur, nýjar eða kældar, til annarrar notkunar en til framleiðslu á olíu
	07099039	Aðrar ólífur, nýjar eða kældar
	07108010	Ólífur (ósoðnar eða soðnar með gufu eða í vatni), frystar
	071120	Ólífur, varðar skemmdum til bráðabirgða (t.d. með brennisteinstvíildisgasi, saltlegi, brennisteinssýrlingi eða öðrum verndandi upplausnum), en óhæfar í því ástandi til manneldis:
úr	07129090	Þurrkaðar ólífur, heilar, skornar, sneiddar, muldar eða steyttar í duft, en ekki frekar unnar
	20019065	Ólífur, unnar eða varðar skemmdum með ediki eða ediksýru
úr	20049030	Ólífur, unnar eða varðar skemmdum á annan hátt en með ediki eða ediksýru, frystar
	200570	Ólífur, unnar eða varðar skemmdum á annan hátt en með ediki eða ediksýru, ekki frystar
c)	15220031	Leifar sem falla til við meðhöndlun á feitiefnum eða dýra- eða jurtavaxi sem inniheldur olíu sem hefur sömu eiginleika og ólífuolía
	15220039	
	23069011	Olíukökur og aðrar leifar frá kjörnun ólífuolíu
	23069019	

VIII. HLUTI: HÖR OG HAMPUR SEM ERU RÆKTUÐ TIL TREFJAFRAMLEIÐSLU

Að því er varðar hör og hamp sem eru ræktuð til trefjaframleiðslu skal þessi reglugerð ná yfir afurðirnar sem eru tilgreindar í eftirfarandi töflu:

SAT-númer	Lýsing
5301	Hör óunninn eða forunninn en ekki spunninn; hörruddi og hörúrgangur (þ.m.t. garnúrgangur og tætt hráefni)
5302	Hampur (Cannabis sativa L), óunninn eða forunninn en ekki spunninn; hampruddi og hampúrgangur (þ.m.t. garnúrgangur og tætt hráefni)

IX. HLUTI: ALDIN OG GRÆNMETI

Að því er varðar aldin og grænmeti skal þessi reglugerð ná yfir afurðirnar sem eru tilgreindar í eftirfarandi töflu:

	SAT-númer	Lýsing
	07020000	Tómatar, nýir eða kældir
	0703	Laukur, skalottlaukur, hvítlaukur, blaðlaukur og aðrar skyldar matjurtir, nýjar eða kældar
	0704	Hvítkál, blómkál, hnúðkál, fóðurmergkál og áþekkt ætt kál, nýtt eða kælt
	0705	Salat (Lactuca sativa) og síkoría (Cichorium spp.) nýtt eða kælt
	0706	Gulrætur, næpur, rauðrófur, hafursrót, seljurót, radísur og áþekkar ætar rætur, nýjar eða kældar
	070700	Gúrkur og reitagúrkur, nýjar eða kældar
	0708	Belgávextir, með eða án hýðis, nýir eða kældir
úr	0709	Aðrar matjurtir, nýjar eða kældar, að undanskildu grænmetinu úr undirliðum 07096091, 07096095, 07096099, 07099031, 07099039 og 07099060
úr	0802	Aðrar hnetur, nýjar eða þurrkaðar, einnig afhýddar eða flysjaðar, að undanskildum betelhnetum og kólahnetum sem falla undir undirlið 08029020
	08030011	Nýir mjölbananar
úr	08030090	Þurrkaðir mjölbananar

SAT-númer	Lýsing
08042010	Nýjar fíkjur
08043000	Ananas
08044000	Lárperur
08045000	Guavaber, mangóaldin og mangóstínaldin
0805	Sítrusávextir, nýir eða þurrkaðir
08061010	Ný vínber
0807	Melónur (þar með taldar vatnsmelónur) og pápáaldin (papayas), nýtt
0808	Epli, perur og kveður, nýtt
0809	Apríkósur, kirsuber, ferskjur (þar með taldar nektarínur), plómur og þyrniplómur, nýtt
0810	Aðrir ávextir, nýir
08135031	Blöndur sem eingöngu innihalda þurrkaðar hnetur í liðum 0801 og 0802
08135039	
091020	Safran
úr 091099	Timían, nýtt eða kælt
úr 12119085	Basilíka, hjartafró, minta, origanum vulgare (kjarrminta/villt meiran), rósmarín, salvía, ný eða kæld
12129930	Jóhannesar (eða karób) baunir

X. HLUTI: UNNIN ALDIN OG VÖRUR ÚR JURTARÍKINU

Að því er varðar unnin aldin og vörur úr jurtaríkinu skal þessi reglugerð ná yfir afurðirnar sem eru tilgreindar í eftirfarandi töflu:

	SAT-númer	Lýsing
a)	úr 0710	Matjurtir (ósoðnar eða soðnar með gufu eða í vatni), frystar, að undanskildum sykurmaís úr undirlið 07104000, ólífum úr undirlið 07108010 og ávöxtum af ættinni Capsicum eða ættinni Pimenta úr undirlið 07108059
	úr 0711	Matjurtir, varðar skemmdum til bráðabirgða (t.d. með brennisteinstvíildisgasi, saltlegi, brennisteinssýrlingi eða öðrum verndandi upplausnum), en óhæfar í því ástandi til manneldis, að undanskildum ólífum úr undirlið 071120, ávöxtum af ættinni Capsicum eða ættinni Pimenta úr undirlið 07119010 og sykurmaís úr undirlið 07119030
	úr 0712	Þurrkaðar matjurtir, heilar, skornar, sneiddar, muldar eða steyttar í duft, en ekki frekar unnar, að undanskildum kartöflum, sem eru þurrkaðar með heitu lofti og eru óhæfar til manneldis, sem falla undir undirliðina úr 07129005, sykurmaís sem fellur undir undirliðina úr 07129011 og 07129019 og ólífum sem falla undir undirliðinn úr 07129090
	08042090	Þurrkaðar fíkjur
	080620	Þurrkaðar þrúgur
	úr 0811	Ávextir og hnetur, ósoðið eða soðið í gufu eða vatni, fryst, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætiefni, að undanskildum frosnum banönum sem falla undir undirlið úr 08119095
	úr 0812	Ávextir og hnetur, varið skemmdum til bráðabirgða (t.d. með brennisteinstvíildisgasi, saltlegi, brennisteinssýrlingi eða öðrum verndandi upplausnum), en óhæfar í því ástandi til manneldis, að undanskildum banönum, vörðum skemmdum sem falla undir undirlið úr 08129098
	úr 0813	Ávextir, þurrkaðir, aðrir en í nr. 0801-0806; blöndur af hnetum eða þurrkuðum ávöxtum í þessum kafla, að undanskildum blöndum sem eingöngu innihalda hnetur í liðum 0801 og 0802, sem falla undir undirliðlið 08135031 og 08135039
	08140000	Hýði af sítrusávöxtum eða melónum (þar með talið af vatnsmelónum), nýtt, fryst, þurrkað eða varið skemmdum til bráðabirgða með saltlegi, brennisteinssýrlingi eða öðrum verndandi upplausnum
	09042010	Þurrkaðar paprikur, hvorki pressaðar né muldar

b) úr 0811	Ávextir og hnetur, ósoðið eða soðið í gufu eða vatni, fryst, með viðbættum sykri eða öðru sætuefni
úr 130220	Pektínefni og pektínöt
úr 2001	Matjurtir, ávextir, hnetur og aðrir plöntuhlutar til manneldis, unnið eða varið skemmdum með ediki eða ediksýru, að undanskildum: – ávöxtum af ættkvíslinni Capsicum öðrum en paprikum úr undirlið 20019020 – sykurmaís (Zea mays var. saccharata) úr undirlið 20019030 – kínverskum kartöflum, sætum kartöflum og öðrum svipuðum ætum plöntuhlutum sem innihalda 5% eða meira af sterkju miðað við þyngd, úr undirlið 20019040 – pálmakjörnum úr undirlið 20019060 – ólífum úr undirlið 20019065 – vínviðarlaufum, humlasprotum og öðrum svipuðum ætum plöntuhlutum sem falla undir undirlið úr 20019099
2002	Tómatar, unnir eða varðir skemmdum á annan hátt en með ediki eða ediksýru
2003	Sveppir og jarðsveppir, unnið eða varið skemmdum á annan hátt en með ediki eða ediksýru
úr 2004	Aðrar matjurtir, unnar eða varðar skemmdum á annan hátt en með ediki eða ediksýru, frystar, þó ekki vörur í nr. 2006, að undanskildum sykurmaís (Zea mays var. saccharata) úr undirlið úr 20049010, ólífum úr undirlið úr 20049030 og kartöflum, sem eru unnar eða geymdar sem mjöl, gróft mjöl eða flögur, úr undirlið 20041091
úr 2005	Aðrar matjurtir, unnar eða varðar skemmdum á annan hátt en með ediki eða ediksýru, ófrystar, þó ekki vörur í nr. 2006, að undanskildum ólífum úr undirlið 200570, sykurmaís (Zea mays var. saccharata) úr undirlið 20058000 og aldinum af ættkvíslinni Capsicum öðrum en paprikum eða chilipipar úr undirlið 20059910 og kartöflum, sem eru unnar eða geymdar sem mjöl, gróft mjöl eða flögur, úr undirlið 20052010
úr 200600	Ávextir, hnetur, ávaxtahýði og aðrir plöntuhlutar, varið skemmdum með sykri (gegndreypt, gljásykrað eða kristallað) að undanskildum banönum sem eru varðir skemmdum með sykri og falla undir liðina úr 20060038 og úr 20060099
úr 2007	Sulta, ávaxtahlaup, mauk, ávaxta- eða hnetudeig, fengið með suðu, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætiefni, að undanskildu(m): jafnblandaðri framleiðslu úr banönum úr undirlið úr 200710 – sultum, hlaupi, ávaxtamauki, mauki eða deigi úr banönum úr undirliðum úr 20079939, úr 20079957 og úr 20079998
úr 2008	Ávextir, hnetur og aðrir ætir plöntuhlutar, unnið eða varið skemmdum á annan hátt, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætiefni eða áfengi, ót.a., að undanskildu(m): – hnetusmjöri úr undirlið 20081110 – pálmakjörnum úr undirlið 20089100 – maís úr undirlið 20089985 – kínverskum kartöflum, sætum kartöflum og öðrum svipuðum ætum plöntuhlutum, sem innihalda 5% eða meira af sterkju miðað við þyngd, úr undirlið 20089991 – vínviðarlaufum, humlasprotum og öðrum svipuðum ætum plöntuhlutum sem falla undir undirlið úr 20089999 – blöndum úr banönum, sem eru unnir eða varðir skemmdum á annan hátt, úr undirliðum úr 20089259, úr 20089278, úr 20089293 og úr 20089298 – banönum, sem eru unnir eða varðir skemmdum á annan hátt, úr undirliðum úr 20089949, úr 20089967 og úr 20089999
úr 2009	Ávaxtasafi (að undanskildum þrúgusafa og þrúguþykkni úr undirliðum 200961 og 200969 og bananasafa úr undirlið úr 200980) og matjurtasafi, ógerjaður og án viðbætts áfengis, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætiefni

XI. HLUTI: BANANAR

Að því er varðar banana skal þessi reglugerð ná yfir afurðirnar sem eru tilgreindar í eftirfarandi töflu:

SAT-númer	Lýsing
08030019	Nýir bananar, að undanskildum mjölbanönum
úr 08030090	Þurrkaðir bananar, að undanskildum mjölbanönum
úr 08129098	Bananar varðir skemmdum til bráðabirgða
úr 08135099	Blöndur sem innihalda þurrkaða banana
11063010	Mjöl, fín eða grófmalað og duft úr þurrkuðum banönum
úr 20060099	Bananar varðir skemmdum með sykri
úr 20071099	Jafnblönduð framleiðsla úr banönum
úr 20079939	Sultur, hlaup, ávaxtamauk, mauk og deig úr banönum
úr 20079957	
úr 20079998	
úr 20089259	Blöndur sem innihalda banana, unna eða varða skemmdum á annan hátt, án viðbætts áfengis
úr 20089278	
úr 20089293	
úr 20089298	
úr 20089949	Bananar, unnir eða varðir skemmdum á annan hátt
úr 20089967	
úr 20089999	
úr 20098035	Bananasafi
úr 20098038	
úr 20098079	
úr 20098086	
úr 20098089	
úr 20098099	

XII. HLUTI: VÍN

Að því er varðar vín skal þessi reglugerð ná yfir afurðirnar sem eru tilgreindar í eftirfarandi töflu:

SAT-númer	Lýsing
a) 200961	Þrúgusafi (þar með talið þrúguþykkni)
200969	
22043092	Annað þrúguþykkni, annað en það sem er í gerjun eða þar sem gerjun er stöðvuð með öðrum hætti en með íblöndun alkóhóls
22043094	
22043096	
22043098	
b) úr 2204	Vín úr nýjum þrúgum, einnig vín blönduð vínanda; þrúguþykkni annað en í nr. 2009, að undanskildu öðru þrúguþykkni í undirliðum 22043092, 22043094, 22043096 og 22043098
c) 08061090	Ferskar þrúgur aðrar en vínber
22090011	
22090019	Vínedik
d) 22060010	Piquette-vín
23070011	Víndreggjar
23070019	
23080011	Þrúguhrat
23080019	

XIII. HLUTI: LIFANDI TRÉ OG AÐRAR PLÖNTUR; LAUKAR, RÆTUR OG ÞESS HÁTTAR; AFSKORIN BLÓM OG LAUF TIL SKRAUTS

Að því er varðar lifandi tré og aðrar plöntur, lauka, rætur og þess háttar, afskorin blóm og lauf til skrauts skal þessi reglugerð ná yfir allar afurðir sem falla undir 6. kafla sameinuðu tollnafnaskrárinnar.

XIV. HLUTI: HRÁTÓBAK

Að því er varðar hrátóbak skal þessi reglugerð ná yfir hrátóbak eða tóbak sem ekki er framleitt og tóbaksúrgang sem fellur undir lið 2401 í sameinuðu tollnafnaskránni.

XV. HLUTI: NAUTA- OG KÁLFAKJÖT

Að því er varðar nauta- og kálfakjöt skal þessi reglugerð ná yfir afurðirnar sem eru tilgreindar í eftirfarandi töflu:

	SAT-númer	Lýsing
a)	01029005 til 01029079	Lifandi dýr af nautgripakyni, önnur en hreinræktuð dýr til undaneldis
	0201	Kjöt af dýrum af nautgripakyni, nýtt eða kælt
	0202	Kjöt af dýrum af nautgripakyni, fryst
	02061095	Þind og þindarvöðvi, ný eða kæld
	02062991	Þind og þindarvöðvi, fryst
	021020	Kjöt af dýrum af nautgripakyni, saltað, í saltlegi, þurrkað eða reykt
	02109951	Þind og þindarvöðvi, söltuð, í saltlegi, þurrkuð eða reykt
	02109990	Ætt mjöl, einnig fínmalað, úr kjöti eða hlutum af dýrum
	16025010	Annað kjöt eða kjötinnmatur úr dýrum af nautgripakyni, unnið eða varið skemmdum , ósoðið; blöndur af soðnu kjöti eða sláturmat og ósoðnu kjöti eða sláturmat
	16029061	Annað kjöt eða sláturmatur úr dýrum af nautgripakyni, sem inniheldur kjöt úr nautgripum, ósoðið; blöndur af soðnu kjöti eða sláturmat og ósoðnu kjöti eða sláturmat
b)	010210	Lifandi hreinræktuð dýr af nautgripakyni til undaneldis
	02061091	Ætir hlutar af af dýrum af nautgripakyni, að þind og þindarvöðva undanskildum, nýir eða kældir, annað en það sem er notað í framleiðslu á lyfjum
	02061099	
	02062100	Ætur innmatur úr dýrum af nautgripakyni, að þind og þindarvöðva undanskildum, frystir, annað en það sem er notað í framleiðslu á lyfjum
	02062200	
	02062999	
	02109959	Ætir hlutar af dýrum af nautgripakyni, saltaðir, í saltlegi, þurrkaðir eða reyktir, annað en þind og þindarvöðvi
úr	15020090	Fita af dýrum af nautgripaætt, þó ekki vörur í nr. 1503
	16025031 til 16025080	Annað kjöt eða kjötinnmatur af dýrum af nautgripakyni, unninn eða varinn skemmdum, annað en ósoðið kjöt eða kjötinnmatur og blöndur af soðnu kjöti eða sláturmat og soðnu kjöti eða sláturmat
	16029069	Annað kjöt, unnið eða varið skemmdum, sem inniheldur kjöt eða sláturmat úr dýrum af nautgripakyni, annað en ósoðið, og blöndur af soðnu kjöti eða sláturmat og ósoðnu kjöti eða sláturmat

XVI. HLUTI: MJÓLK OG MJÓLKURAFURÐIR

Að því er varðar mjólk og mjólkurafurðir skal þessi reglugerð ná yfir afurðirnar sem eru tilgreindar í eftirfarandi töflu:

	SAT-númer	Lýsing
a)	0401	Mjólk og rjómi, þó ekki kjarnað eða með viðbættum sykri eða öðru sætiefni
b)	0402	Mjólk og rjómi, kjarnað eða með viðbættum sykri eða öðru sætiefni

	SAT-númer	Lýsing
c)	04031011 til 04031039 04039011 til 04039069	Áfir, hleypt mjólk og rjómi, jógúrt, kefir og önnur gerjuð eða sýrð mjólk og rjómi, einnig kjarnað eða með viðbættum sykri eða öðru sætiefni, hvorki bragðbætt né með ávöxtum, hnetum eða kakaói
d)	0404	Mysa, einnig kjörnuð eða með viðbættum sykri eða öðru sætiefni; vörur úr náttúrlegum efnisþáttum mjólkur, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætiefni, ót.a.
e)	úr 0405	Smjör og önnur fita og olía fengin úr mjólk; mjólkurviðbit með fituinnihald sem er meira en 75% en minna en 80%
f)	0406	Ostur og ystingur
g)	17021900	Laktósi og laktósasíróp sem innihalda hvorki bragðefni né litarefni, sem innihalda miðað við þyngd þurrefnis minna en 99% af laktósa, sem nefndur er vatnsfrír laktósi
h)	21069051	Laktósasíróp með bragðefnum eða litarefnum
i)	úr 2309	Framleiðsla til dýraeldis: – Efnablöndur og fóður sem innihalda afurðir sem þessi reglugerð gildir um, beint eða samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1667/2006, að undanskildum efnablöndum og fóðri sem falla undir I. hluta þessa viðauka.

XVII. HLUTI: SVÍNAKJÖT

Að því er varðar svínakjöt skal þessi reglugerð ná yfir afurðirnar sem eru tilgreindar í eftirfarandi töflu:

	SAT-númer	Lýsing
a)	úr 0103	Lifandi svín sem teljast til húsdýra, önnur en hreinræktuð dýr til undaneldis
b)	úr 0203	Kjöt af alisvínum, nýtt, kælt eða fryst
	úr 0206	Ætir hlutar af alisvínum, aðrir en þeir sem eru notaðir í framleiðslu á lyfjum, nýtt, kælt eða fryst
	úr 020900	Svínafita án magurs kjöts, ekki brædd eða úrdregin á annan hátt, ný, kæld, fryst, söltuð, í saltlegi, þurrkuð eða reykt
	úr 0210	Kjöt og ætir hlutar af alisvínum, saltað, í saltlegi, þurrkað eða reykt
	15010011 15010019	Svínafeiti (þar með talin hreinsuð svínafeiti (Lard))
c)	160100	Pylsur og þess háttar vörur úr kjöti, hlutum af dýrum eða blóði; matvæli gerð aðallega úr þessum vörum
	16021000	Jafnblönduð matvæli úr kjöti, kjötinnmatur eða blóð
	16022090	Unnar vörur eða tilreiddar úr lifur dýra, annarra en gæsa eða anda
2. Ef nokkrir sykurrófu- eða sykurreyrsræktendur, sem verða fyrir beinum áhrifum frá einhverri þeirra aðgerða sem um getur í 1. mgr., láta skýrt í ljóst vilja sinn til að afhenda sykurframleiðslufyrirtæki, sem er ekki aðili að þessum aðgerðum, sykurrófur sínar eða sykurreyr getur aðildarríki innt af hendi úthlutun á grundvelli þeirrar framleiðslu, sem fyrirtækið, sem ræktendurnir ætla sér að úthluta sykurrófunum eða sykurreyrnum til, hefur yfirtekið.

3. Ef um er að ræða lokun, við aðrar aðstæður en þær sem um getur í 1. mgr., á:

   a) sykurframleiðslufyrirtæki,

   b) einni eða fleiri verksmiðju sykurframleiðslufyrirtækis,

   getur aðildarríki úthlutað þeim hluta af kvótanum sem tengist slíkri lokun til eins eða fleiri sykurframleiðslufyrirtækja.

   Í því tilviki sem um getur í b-lið fyrri undirgreinar, ef einhverjir af viðkomandi framleiðendum láta skýrt í ljós vilja sinn til að afhenda tilteknu sykurframleiðslufyrirtæki sykurrófur sinn eða sykurreyr, getur aðildarríkið einnig úthlutað hluta af kvótunum, sem samsvara viðkomandi sykurrófum eða sykurreyr, til fyrirtækisins sem framleiðendur ætla sér að úthluta þessum afurðum til.

4. Ef undanþágan, sem um getur í 6. mgr. 50. gr., er nýtt getur hlutaðeigandi aðildarríki gert þá kröfu að hlutaðeigandi sykurrófuræktendur og sykurfyrirtæki, sem undanþágan varðar, hafi sérstaka skilmála í samningum sínum innan geirans sem gera aðildarríkinu kleift að beita 2. og 3. mgr. þessa liðar.

5. Ef um er að ræða leigu á verksmiðju sem er í eigu sykurframleiðslufyrirtækis getur aðildarríki minnkað kvóta fyrirtækisins sem býður verksmiðjuna til leigu og úthlutað þeim hluta, sem kvótinn var minnkaður um, til fyrirtækisins sem tekur verksmiðjuna á leigu í þeim tilgangi að framleiða þar sykur.

   Ef leigunni er sagt upp á þriggja ára markaðsáratímabilinu ,sem um getur í d-lið I. liðar, skal aðildarríkið fella aðlögunina á kvótanum samkvæmt fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar úr gildi afturvirkt frá og með þeim degi sem leigan tók gildi. Ef leigunni er sagt upp vegna óviðráðanlegs atviks skal aðildarríkið þó ekki skuldbundið til að fella aðlögunina úr gildi.

6. Ef sykurframleiðslufyrirtæki getur ekki lengur tryggt að það uppfylli skuldbindingar sínar gagnvart hlutaðeigandi sykurrófu- eða sykurreyrsframleiðendum samkvæmt löggjöf Bandalagsins og ef lögbær yfirvöld hlutaðeigandi aðildarríkis hafa gengið úr skugga um að staðan sé þannig getur aðildarríkið úthlutað, fyrir eitt eða fleiri markaðsár, hluta af kvótunum sem um ræðir til eins eða fleiri sykurframleiðslufyrirtækis í hlutfalli við yfirtekna framleiðslu.

7. Ef aðildarríki veitir sykurframleiðslufyrirtæki verð- og söluábyrgðir varðandi vinnslu á etanóli úr sykursrófum getur aðildarríkið, í samráði við fyrirtækið og hlutaðeigandi sykurrófuræktendur, úthlutað öllum sykurframleiðslukvótanum eða hluta af honum til eins eða fleiri annarra fyrirtækja fyrir eitt eða fleiri markaðsár.

III

Ef um er að ræða samruna eða framsal á fyrirtækjum eða verksmiðju sem framleiðir ísóglúkósa getur aðildarríkið úthlutað kvótunum, sem um ræðir til framleiðslu á ísóglúkósa, til eins eða fleiri annarra fyrirtækja, hvort sem þau hafa framleiðslukvóta eða ekki.

IV

Ráðstafanirnar, sem gripið er til skv. II. og III. lið, mega einungis öðlast gildi ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) tekið er tillit til hagsmuna allra aðila sem eiga í hlut,

b) hlutaðeigandi aðildarríki telur að þær séu líklegar til að bæta skipulagið í sykurrófu-, sykurreyrs- og sykurframleiðslugeirunum,

c) þær varða fyrirtæki sem eru með staðfestu á sama yfirráðasvæði og kvótinn í VI. viðauka er ákvarðaður fyrir.

V

Ef samruninn eða framsalið á sér stað milli 1. október og 30. apríl á næsta ári á eftir skulu ráðstafanirnar, sem um getur í II. og III. lið, öðlast gildi fyrir núverandi markaðsár.

Ef samruninn eða framsalið á sér stað milli 1. maí og 30. september á sama ár skulu ráðstafanirnar, sem um getur í II. og III. lið, öðlast gildi fyrir næsta markaðsár.

VI

Ef 3. mgr. 59. gr. er beitt skulu aðildarríkin úthluta aðlöguðum kvótum, eigi síðar en fyrir lok febrúar, í því skyni að nota þá á næsta markaðsári.

VII

Þar sem II. og III. liður á við skulu aðildarríkin upplýsa framkvæmdastjórnina um aðlagaða kvóta, eigi síðar en 15 dögum eftir að tímabilið, sem um getur í V. lið, rennur út.

IX. VIÐAUKI

LANDSBUNDNIR KVÓTAR OG MAGN Í ENDURSKIPULAGNINGARSJÓÐI SEM UM GETUR Í 66. GR.

1. *LANDSBUNDNIR KVÓTAR*

Aðildarríki	Tonn
Belgía	3360087,000
Búlgaría	979000,000
Tékkland	2737931,000
Danmörk	4522176,000
Þýskaland	28281784,697
Eistland	646368,000
Grikkland	820513,000
Spánn	6116950,000
Frakkland	24599335,000
Írland	5395764,000
Ítalía	10530060,000
Kýpur	145200,000
Lettland	728648,000
Litháen	1704839,000
Lúxemborg	273084,000
Ungverjaland	1990060,000
Malta	48698,000
Holland	11240814,000
Austurríki	2791645,558
Pólland	9380143,000
Portúgal	1948550,000
Rúmenía	3057000,000
Slóvenía	576638,000
Slóvakía	1040788,000
Finnland	2443069,324
Svíþjóð	3352545,000
Breska konungsríkið	14828597,000

2. *MAGN Í SÉRSTÖKUM ENDURSKIPULAGNINGARSJÓÐI*

Aðildarríki	Tonn
Búlgaría	39180
Rúmenía	188400

X. VIÐAUKI

VIÐMIÐUNARFITUINNIHALD SEM UM GETUR Í 70. GR.

Aðildarríki	g/kg
Belgía	36,91
Búlgaría	39,10
Tékkland	42,10
Danmörk	43,68
Þýskaland	40,11
Eistland	43,10
Grikkland	36,10
Spánn	36,37
Frakkland	39,48
Írland	35,81
Ítalía	36,88
Kýpur	34,60
Lettland	40,70
Litháen	39,90
Lúxemborg	39,17
Ungverjaland	38,50
Holland	42,36
Austurríki	40,30
Pólland	39,00
Portúgal	37,30
Rúmenía	38,50
Slóvenía	41,30
Slóvakía	37,10
Finnland	43,40
Svíþjóð	43,40
Breska konungsríkið	39,70

XI. VIÐAUKI

A. Skipting tryggðs hámarkmagns milli aðildarríkjanna sem um getur í 1. mgr. 94. gr:

Aðildarríki	Tonn
Belgía	13800
Búlgaría	13
Tékkland	1923
Þýskaland	300
Eistland	30
Spánn	50
Frakkland	55800
Lettland	360
Litháen	2263
Holland	4800
Austurríki	150
Pólland	924
Portúgal	50
Rúmenía	42
Slóvakía	73
Finnland	200
Svíþjóð	50
Breska konungsríkið	50

B. Skipting tryggðs hámarkmagns milli aðildarríkjanna sem um getur í 89. gr.

Aðildarríki	Tonn
Efnahagssamband Belgíu og Lúxemborgar	8000
Tékkland	27942
Danmörk	334000
Þýskaland	421000
Grikkland	37500
Spánn	1325000
Frakkland	1605000
Írland	5000
Ítalía	685000
Litháen	650
Ungverjaland	49593
Holland	285000
Austurríki	4400
Pólland	13538
Portúgal	30000
Slóvakía	13100
Finnland	3000
Svíþjóð	11000
Breska konungsríkið	102000

XII. VIÐAUKI

SKILGREININGAR OG HEITI AÐ ÞVÍ ER VARÐAR MJÓLK OG MJÓLKURAFURÐIR SEM UM GETUR Í 1. mgr. 114. GR.

I. ***SKILGREININGAR***

Í þessum viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „að setja á markað“: að geyma eða sýna með það í huga að selja, að bjóða til sölu, selja, afhenda, eða einhver önnur aðferð til að setja á markað,

b) „heiti“: nafnið sem er notað á öllum stigum setningar á markað.

II. *NOTKUN Á HUGTAKINU „MJÓLK“*

1. Hugtakið „mjólk“ á einungis við um eðlilega mjólkurseytingu sem fæst við einar eða fleiri mjaltir, án þess að nokkru sé bætt við né nokkuð fjarlægt.

Þó má nota hugtakið „mjólk“:

a) yfir mjólk sem hefur verið meðhöndluð, án þess að samsetningu hennar hafi verið breytt, og yfir mjólk með staðlað fituinnihald skv. 2. mgr. 114. gr. í tengslum við XIII. viðauka,

b) ásamt öðru orði eða orðum til að tilgreina tegund, gæði, uppruna og/eða fyrirhugaða notkun mjólkurinnar eða til að lýsa eðlisfræðilegri meðhöndlun hennar eða breytingu á samsetningu hennar, að því tilskildu að sú breyting felist eingöngu í því að bæta við náttúruleg innihaldsefni mjólkurinnar og/eða fjarlægja þau.

2. Að því er varðar þennan viðauka merkir hugtakið „mjólkurafurðir“ afurðir sem eru eingöngu unnar úr mjólk í þeim skilningi að bæta má við efnum sem eru nauðsynleg til framleiðslu afurðanna, svo fremi að þessi efni séu ekki notuð til að koma að einhverju eða öllu leyti í staðinn fyrir innhaldsefni mjólkur.

Eftirfarandi á eingöngu við um mjólkurafurðir.

a) eftirfarandi heiti:

i. mysa,

ii. rjómi,

iii. smjör,

iv. áfir,

v. smjörolía,

vi. kasein,

vii. vatnsfrí mjólkurfita,

viii. ostur,

ix. jógúrt,

x. kefir,

xi. kúmis,

xii. víli/fil,

xiii. smetana,

xiv. fil,

b) heiti eða nöfn, í skilningi 5. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB frá 20. mars 2000 um samræmingu laga aðildarríkjanna um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla ([1]), sem eru í raun notuð yfir mjólkurafurðir.

3. Hugtakið „mjólk“ og heitin, sem eru notuð yfir mjólkurafurðir, má einnig nota ásamt öðru orði eða orðum til að tilgreina samsettar afurðir, þ.e. afurðir þar sem enginn efnishluti kemur eða er ætlað að koma í stað innihaldsefna mjólkur og þar sem mjólk eða mjólkurvara er mikilvægur þáttur, annaðhvort að því er varðar magn eða einkenni afurðarinnar.

4. Tilgreina skal uppruna mjólkur og mjólkurafurða, sem framkvæmdastjórnin skal skilgreina, ef mjólkin eða mjólkurafurðirnar eru ekki úr kúm.

III. *NOTKUN HEITA FYRIR SAMKEPPNISVÖRUR*

1. Ekki má nota heitin, sem um getur í II. lið þessa viðauka, fyrir aðrar afurðir en þær sem tilgreindar eru í þeim lið.

Þó gildir þetta ákvæði ekki um heiti afurða sem nákvæmlega er vitað hvers eðlis eru vegna hefðbundinnar notkunar þeirra og/eða ef heitin eru greinilega notuð til að lýsa einkennandi eiginleikum afurðarinnar.

2. Að því er varðar afurðir, aðrar en þær sem lýst er í II. lið þessa viðauka, má ekki nota merkimiða, viðskiptaskjöl, kynningarefni né annað form auglýsinga, eins og þær eru skilgreindar í 1. mgr. 2. gr. tilskipunar ráðsins 84/450/EBE frá 10. september 1984 um villandi auglýsingar og samanburðarauglýsingar ([2]), eða annað form kynningar þar sem fullyrt er eða látið að því liggja eða gefið í skyn að afurðin sé mjólkurafurð.

Þegar um er að ræða afurð sem inniheldur mjólk eða mjólkurafurðir er þó einungis heimilt að nota heitið „mjólk“ eða heitin, sem um getur í öðrum undirlið 2. liðar II. liðar þessa viðauka, til að lýsa grunnhráefnum og til að telja upp innihaldsefnin í samræmi við tilskipun 2000/13/EB.

IV. *AFURÐASKRÁR OG SAMSKIPTI*

1. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni viðmiðunarskrá yfir afurðir á yfirráðasvæði sínu sem þau telja að svari til afurðanna sem um getur í öðrum undirlið 1. liðar III. liðar.

Ef nauðsyn krefur skulu aðildarríkin bæta við þessa skrá síðar og tilkynna framkvæmdastjórninni um það.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni skýrslu fyrir 1. október ár hvert um þróun markaðarins fyrir mjólkurafurðir og samkeppnisvörur í tengslum við framkvæmd þessa viðauka svo að framkvæmdastjórnin geti gefið ráðinu skýrslu fyrir 1. mars næsta árs.

([1]) Stjtíð. EB L 109, 6.5.2000, bls. 29. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2003/89/EB (Stjtíð. ESB L 308, 25.11.2003, bls. 15).
([2]) Stjtíð. EB L 250, 19.9.1984, bls. 17. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2005/29/EB (Stjtíð. ESB L 149, 11.6.2005, bls. 22).

XIII. VIÐAUKI

SETNING MJÓLKUR TIL MANNELDIS, SEM UM GETUR Í 2. MGR. 114. GR., Á MARKAÐ

I. *SKILGREININGAR*

Í þessum viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „mjólk“: afurð sem fæst með því að mjólka eina eða fleiri kýr,

b) „neyslumjólk“: afurð sem um getur í III. lið og er ætluð til afhendingar til neytenda án frekari vinnslu,

c) „fituinnihald“: mjólkurfituinnihald mjólkur sem massahlutfall í hundraðshlutum,

d) „prótíninnihald“: prótíninnihald mjólkur sem massahlutfall í hundraðshlutum (fengið með því að margfalda heildarköfnunarefnisinnihald mjólkur, sem er gefið upp sem hundraðshluti af massa, með 6,38).

II. *AFHENDING EÐA SALA TIL NEYTENDA*

1. Einungis má afhenda eða selja mjólk án vinnslu til neytenda, annaðhvort beint eða í gegnum milliliði sem eru veitingastaðir, sjúkrahús, mötuneyti eða önnur svipuð stóreldhús, ef mjólkin uppfyllir kröfurnar sem mælt er fyrir um fyrir neyslumjólk.

2. Vörulýsingarnar, sem nota skal fyrir þessar afurðir, skulu vera þær sömu og eru tilgreindar í III. lið þessa viðauka. Þær lýsingar skulu einungis notaðar fyrir afurðir sem um getur í þeim lið, án þess að það hafi áhrif á notkun þeirra í samsettum lýsingum.

3. Aðildarríkin skulu samþykkja ráðstafanir í því skyni að upplýsa neytendur um eðli og samsetningu viðkomandi afurða ef líklegt er að skortur á slíkum upplýsingum valdi ruglingi.

III. *NEYSLUMJÓLK*

1. Eftirfarandi afurðir skulu teljast til neyslumjólkur:

a) hrámjólk: mjólk sem hefur ekki verið hituð í meira en 40 °C né fengið aðra meðferð sem hefur samsvarandi áhrif,

b) nýmjólk: hitameðhöndluð mjólk sem uppfyllir eftirfarandi kröfur að því er varðar fituinnihald:

i. stöðluð nýmjólk: mjólk með fituinnihaldi sem er a.m.k. 3,50% (massahlutfall). Þó geta aðildarríkin kveðið á um viðbótarflokk fyrir nýmjólk með fituinnihaldi sem er a.m.k. 4,00% (massahlutfall),

ii. óstöðluð nýmjólk: mjólk með fituinnihaldi sem hefur ekki verið breytt frá mjöltum með því að bæta mjólkurfitu við eða fjarlægja hana eða með blöndun við mjólk þar sem náttúrulegu fituinnihaldi hefur verið breytt. Þó má fituinnihaldið ekki vera lægra en 3,50% (massahlutfall),

c) léttmjólk: hitameðhöndluð mjólk með fituinnihaldi sem hefur verið lækkað niður í minnst 1,50% (massahlutfall) og mest 1,80% (massahlutfall),

d) undanrenna: hitameðhöndluð mjólk með fituinnihaldi sem hefur verið lækkað niður í mest 0,50% (massahlutfall).

2. Með fyrirvara um ii. lið b-liðar 1. mgr. skal einungis leyfilegt að gera eftirfarandi breytingar:

a) til að uppfylla kröfur varðandi fituinnihald neyslumjólkur: að breyta náttúrulegu fituinnihaldi með því að fjarlægja rjóma eða bæta honum við eða með því að bæta nýmjólk, léttmjólk eða undanrennu við,

b) að bæta mjólkurprótínum, ólífrænum söltum eða vítamínum við mjólkina,

c) að skerða laktósainnihald með ummyndun í glúkósa og galaktósa.

Breytingarnar á samsetningu mjólkur, sem um getur í b- og c-lið, skulu því aðeins leyfðar að þær séu tilgreindar á umbúðum vörunnar með óafmáanlegu letri sem er auðsjáanlegt og auðlæsilegt. Þó að slíkar upplýsingar séu tilgreindar veitir það ekki lausn undan skyldunni um næringarmerkingu sem kveðið er á um í tilskipun ráðsins 90/496/EB frá 24. september 1990 um merkingu næringarinnihalds matvæla ([1]). Ef prótínum er bætt við skal prótíninnihald mjólkurinnar vera minnst 3,8% (massahlutfall).

Þó geta aðildarríkin takmarkað eða bannað breytingarnar á samsetningu mjólkur sem um getur í b- og c-lið.

3. Neyslumjólk skal uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) frostmark hennar skal vera nálægt meðalfrostmarkinu sem er skráð fyrir hrámjólk á upprunasvæði mjólkurinnar sem safnað var,

b) massi hennar skal ekki vera minni en 1028 grömm á hvern lítra af mjólk, sem inniheldur 3,5% (massahlutfall) af fitu við 20 °C, eða þyngd hennar skal jafngilda því á hvern lítra af mjólk með öðru fituinnihaldi,

c) hún skal að lágmarki innihalda 2,9% (massahlutfall) af prótíni, þegar um er að ræða mjólk sem inniheldur 3,5% (massahlutfall) af fitu, eða prótínstyrkur hennar skal jafngilda því ef fituinnihald mjólkurinnar er annað.

IV. *INNFLUTTAR AFURÐIR*

Afurðir, sem eru fluttar inn í Bandalagið til sölu sem neyslumjólk, skulu vera í samræmi við þessa reglugerð.

V. Tilskipun 2000/13/EB gildir, einkum að því er varðar ákvæði landslaga um merkingu neyslumjólkur.

VI. *EFTIRLIT OG VIÐURLÖG OG TILKYNNINGAR ÞAR AÐ LÚTANDI*

Með fyrirvara um sértæk ákvæði sem framkvæmdastjórnin kann að samþykkja í samræmi við 194. gr. þessarar reglugerðar skulu aðildarríkin samþykkja allar viðeigandi ráðstafanir til að vakta beitingu þessarar reglugerðar, beita viðurlögum við brotum og stemma stigu við svikum.

Slíkar ráðstafanir og hvers kyns breytingar á þeim skulu tilkynntar til framkvæmdastjórnarinnar í mánuðinum eftir samþykkt þeirra.

([1]) Stjtíð. EB L 276, 6.10.1990, bls. 40. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003 (Stjtíð. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

XIV. VIÐAUKI

MARKAÐSSTAÐLAR UM AFURÐIR ÚR EGGJA- OG ALIFUGLAKJÖTSGEIRUNUM SEM UM GETUR Í 116. GR.

A. MARKAÐSSTAÐLAR UM EGG HÆNA AF TEGUNDINNI *GALLUS GALLUS*

I. *Gildissvið*

1. Með fyrirvara um C-hluta þessa viðauka, að því er varðar ákvæði um framleiðslu og setningu á markað á útungunareggjum og ungum alifugla í heimilisgörðum, skal þessi hluti gilda í tengslum við setningu á markað í Bandalaginu á eggjum sem eru framleidd í Bandalaginu, innflutt frá þriðju löndum eða ætluð til útflutnings utan Bandalagsins.

2. Aðildarríkin geta veitt undanþágu frá kröfunum sem kveðið er á um í þessum hluta þessa viðauka, að undanskildum 3. lið III. liðar, fyrir egg sem framleiðandi selur beint til neytenda:

   a) á framleiðslustað eða

   b) á staðbundnum, almennum markaði eða við sölu við húsdyr eða í heimahúsum á framleiðslusvæði hlutaðeigandi aðildarríkis.

Þegar slík undanþága er veitt skal hver framleiðandi eiga kost á vali milli þess að nýta sér hana eður ei. Þegar þessi undanþága er nýtt má ekki nota neins konar gæða- og þyngdarflokkun.

Aðildarríki getur, samkvæmt landslögum, fastsett skilgreiningar á hugtökunum „staðbundinn, almennur markaður“, „sala við húsdyr og í heimahúsum“ og „framleiðslusvæði“.

II. *Gæða- og þyngdarflokkun*

1. Egg skulu flokkuð eftir gæðum á eftirfarandi hátt:

   – A-flokkur eða „ný egg“,

   – B-flokkur.

2. Egg í A-flokki skulu einnig flokkuð eftir þyngd. Þó skal ekki krafist flokkunar eftir þyngd þegar um er að ræða egg sem eru afhent fyrirtækjum í matvælaiðnaði eða öðrum iðnaði en matvælaiðnaðinum.

3. Egg í B-flokki skulu einungis afhent fyrirtækjum í matvælaiðnaði eða öðrum iðnaði en matvælaiðnaðinum.

III. *Merking eggja*

1. Egg í A-flokki skulu merkt með kóða framleiðanda.

   Egg í B-flokki skulu merkt með kóða framleiðanda og/eða með öðrum upplýsingum.

   Aðildarríkin mega undanþiggja egg í B-flokki þessari kröfu ef þau egg eru eingöngu sett á markað á þeirra eigin yfirráðasvæði.

2. Merking eggja í samræmi við 1. lið skal fara fram á framleiðslustað eða á fyrstu pökkunarstöðinni þar sem eggin eru afhent.

3. Egg, sem framleiðandi selur neytendum á staðbundnum, almennum markaði á framleiðslusvæði hlutaðeigandi aðildarríkis, skulu merkt í samræmi við 1. lið.

Þó getur aðildarríki undanþegið framleiðendur með allt að 50 varphænur þessari kröfu, að því tilskildu að nafn og heimilisfang framleiðandans sé gefið upp á sölustað.

IV. *Innflutningur á eggjum*

1. Framkvæmdastjórnin skal meta markaðsstaðla um egg, sem eru í gildi í þriðju löndum sem eru útflutningslönd, að beiðni hlutaðeigandi lands og án aðstoðar nefndarinnar sem um getur í 1. mgr. 195. gr. Þetta mat skal ná yfir reglur um merkingar og merkimiða, búskaparaðferðir, eftirlit og framkvæmd. Komist framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að nægjanleg trygging sé fyrir því að gildandi reglur séu jafngildar löggjöf Bandalagsins skulu egg, sem eru flutt inn frá hlutaðeigandi löndum, merkt með auðkennisnúmeri sem jafngildir kóða framleiðanda.

2. Framkvæmdastjórnin skal annast samningaviðræður við þriðju lönd, ef nauðsyn krefur og án aðstoðar nefndarinnar sem um getur í 1. mgr. 195. gr., í þeim tilgangi að finna viðeigandi leiðir til að bjóða upp á þær tryggingar, sem um getur í 1. lið, og gera samninga um slíkar tryggingar.

3. Ef ekki eru settar fram nægjanlegar tryggingar fyrir jafngildi reglna skulu innflutt egg frá hlutaðeigandi þriðja landi bera kóða, sem segir til um upprunaland, ásamt ábendingu um að búskaparaðferðin sé „ótilgreind“.

B. **MARKAÐSSTAÐLAR UM ALIFUGLAKJÖT**

I. *Gildissvið*

1. Með fyrirvara um C-hluta þessa viðauka, að því er varðar ákvæði um framleiðslu og setningu á markað á útungunareggjum og ungum alifugla í heimilisgörðum, skal þessi hluti gilda í tengslum við setningu á markað í Bandalaginu, með viðskiptum eða verslun, á tilteknum tegundum og framsetningu alifuglakjöts af eftirfarandi tegundum sem um getur í XX. hluta I. viðauka:

   – Gallus domesticus,

   – endur,

   – gæsir,

   – kalkúna,

   – perluhænsn.

2. Þessi hluti gildir ekki um:

   a) alifuglakjöt til útflutnings frá Bandalaginu,

   b) alifugla sem frestað hefur verið að taka innan úr eins og um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu ([1]).

3. Aðildarríkin mega víkja frá kröfunum í þessari reglugerð þegar um er að ræða framleiðendur með ársframleiðslu undir 10 000 fuglum og beina afhendingu á litlu magni af alifuglakjöti eins og um getur í d-lið 3. mgr. 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 853/2004.

II. *Skilgreiningar*

Með fyrirvara um frekari skilgreiningar, sem framkvæmdastjórnin skal mæla fyrir um, gilda eftirfarandi skilgreiningar að því er varðar beitingu þessa hluta:

1. „alifuglakjöt“: alifuglakjöt sem hentar til manneldis og hefur ekki fengið aðra meðhöndlun en kuldameðhöndlun,

2. „nýtt alifuglakjöt“: alifuglakjöt sem hefur ekki stífnað við kuldameðferð og skal geymt við hitastig sem er ekki lægra en –2 °C og ekki hærra en 4 °C. Þó getur aðildarríki sett aðrar kröfur um hitastig við stykkjun og geymslu á nýju alifuglakjöti sem á sér stað í smásöluverslunum og á athafnasvæðum við sölustaði þar sem stykkjun og geymsla tengjast eingöngu beinni afhendingu til neytenda á viðkomandi stað;

3. „fryst alifuglakjöt“: alifuglakjöt sem skal fryst eins fljótt og hefðbundið slátrunarferli leyfir og skal geymt við hitastig sem er ekki hærra en –12 C. Framkvæmdastjórnin getur þó fastsett tiltekin vikmörk;

([1]) Stjtíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55 Leiðrétt útgáfa í Stjtíð. ESB C 226, 25.6.2004, bls. 22. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1791/2006 (Stjtíð. ESB L 363, 20.12.2006, bls. 1).

4. „hraðfryst alifuglakjöt“: alifuglakjöt sem skal geymt við hitastig sem er aldrei hærra en –18 C, með þeim vikmörkum sem kveðið er á um í tilskipun ráðsins 89/108/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu aðildarríkjanna varðandi hraðfryst matvæli til manneldis ([1]).

III. *Gæða- og þyngdarflokkun*

1. Alifuglakjöt skal flokkað eftir gæðum í annaðhvort A- eða B-flokk, eftir holdfyllingu og útliti skrokksins eða stykkjanna.

   A-flokki skal skipt niður í A 1 og A 2 í samræmi við viðmiðanir sem framkvæmdastjórnin skal ákveða.

   Þessi flokkun skal einkum miðast við holdfyllingu, fitustig og hversu mikið er um galla og mar.

2. Við setningu á markað skal alifuglakjöt vera:

   – nýtt,

   – fryst eða

   – hraðfryst.

3. Flokka má forpakkað, fryst eða hraðfryst alifuglakjöt í þyngdarflokka.

C. MARKAÐSSTAÐLAR UM FRAMLEIÐSLU OG SETNINGU ÚTUNGUNAREGGJA OG UNGA ALIFUGLA Í HEIMILISGÖRÐUM Á MARKAÐ

I. *Gildissvið*

1. Þessi hluti skal gilda um setningu útungunareggja og unga á markað og um flutninga á þeim sem og um útungun útungunareggja í tengslum við verslun innan Bandalagsins eða í atvinnuskyni.

2. Stofnræktarstöðvar og aðrar ræktunarstöðvar með færri en 100 fugla og útungunarstöðvar með minni afköst en 1000 útungunaregg eru þó ekki bundnar af þessum hluta.

II. *Merkingar og umbúðir útungunareggja*

1. Útungunaregg, sem eru notuð til ungaframleiðslu, skulu merkt hvert fyrir sig.

2. Útungunaregg skulu flutt í algjörlega hreinum umbúðum sem innihalda einungis útungunaregg alifugla af sömu tegund, í sama flokki og af sama afbrigði og úr einni og sömu stöðinni.

3. Umbúðir útungunareggja, sem eru ætluð til útflutnings frá þriðju löndum, skulu einungis innihalda útungunaregg alifugla af sömu tegund, í sama flokki og af sama afbrigði frá sama upprunalandi og sama sendanda.

III. *Umbúðir alifuglaunga*

1. Ungunum skal pakkað eftir tegund, afbrigði og flokki alifugla.

2. Kassarnir skulu einungis innihalda unga úr sömu útungunarstöðinni og skulu a.m.k. bera auðkennisnúmer útungunarstöðvarinnar.

3. Ekki má flytja inn alifuglaunga með uppruna í þriðju löndum nema þeir séu flokkaðir í samræmi við 1. lið. Kassarnir skulu einungis innihalda alifuglaunga frá sama upprunalandi og sama sendanda.

([1]) Stjtíð. EB L 40, 11.2.1989, bls. 51. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2006/107/EB (Stjtíð. ESB L 363, 20.12.2006, bls. 411).

XV. VIÐAUKI

MARKAÐSSTAÐLAR SEM GILDA UM SMYRJANLEGA FITU SEM UM GETUR Í 115. GR.

I. *VÖRULÝSINGAR*

1. Hvorki má afhenda né flytja afurðirnar, sem um getur í 115. gr., óunnar til neytanda, hvort sem það er gert beint eða gegnum veitingastaði, sjúkrahús, mötuneyti eða svipaðar starfsstöðvar, nema afurðirnar standist kröfurnar sem eru settar fram í viðbætinum.

2. Vörulýsingar á þessum afurðum skulu vera þær sem eru tilgreindar í viðbætinum, sbr. þó 2. lið II. liðar eða 2. og 3. lið. III. liðar þessa viðauka.

   Vörulýsingarnar í viðbætinum eiga aðeins við um afurðirnar sem eru skilgreindar þar.

   Þessi liður gildir hins vegar ekki um:

   a) heiti afurða sem nákvæmlega er vitað hvers eðlis eru vegna hefðbundinnar notkunar þeirra og/eða ef heitin eru greinilega notuð til að lýsa einkennandi eiginleikum afurðarinnar,

   b) þykktar afurðir (smjör, smjörlíki og fitublöndur) með fituinnihaldi sem er 90% eða meira.

II. *MERKING OG KYNNING*

1. Auk þeirra reglna, sem mælt er fyrir um í tilskipun 2000/13/EB, skulu eftirfarandi upplýsingar gefnar upp í merkingum og kynningu afurðanna sem um getur í 1. lið I. liðar þessa viðauka:

   a) vörulýsingar samkvæmt viðbætinum,

   b) heildarfituinnihald í hundraðshlutum, miðað við þyngd, á framleiðslutímanum, fyrir afurðirnar sem um getur í viðbætinum,

   c) innihald fitu úr dýraríkinu eða mjólkurfitu eða annarrar dýrafitu í lækkandi röð eftir hundraðshluta af heildarþyngd á framleiðslutímanum, fyrir samsetta fitu sem um getur í C-hluta viðbætisins,

   d) saltinnihald í hundraðshlutum skal tilgreint á sérlega auðlæsilegan hátt í skránni yfir innihaldsefni þegar um er að ræða afurðirnar sem um getur í viðbætinum.

2. Þrátt fyrir a-lið 1. liðar. má nota vörulýsinguna „mínarín“ eða „hálfarín“ fyrir afurðir sem um getur í 3. lið B-hluta viðbætisins.

3. Nota má vörulýsingar, sem um getur í a-lið 1. liðar, ásamt einu eða fleiri hugtökum til að skilgreina plöntu- og/eða dýrategundir, sem afurðirnar eru framleiddar úr, eða fyrirhugaða notkun afurðanna, sem og með öðrum hugtökum varðandi framleiðsluaðferðir, að svo miklu leyti sem slík hugtök eru ekki í mótsögn við önnur ákvæði Bandalagsins, einkum reglugerð ráðsins (EB) nr. 509/2006 frá 20. mars 2006 um landbúnaðarafurðir og matvæli sem hefðbundnar afurðir eða matvæli sem viðurkennt er að hafi tiltekin sérkenni ([1]).

   Einnig má tilgreina landfræðilegan uppruna, sbr. þó reglugerð ráðsins (EB) nr. 510/2006 frá 20. mars 2006 um vernd landfræðilegra merkinga og upprunatáknana fyrir landbúnaðarafurðir og matvæli.([2]).

4. Hugtakið „grænmeti“ má nota ásamt vörulýsingum úr B-hluta viðbætisins, að því tilskildu að afurðin innihaldi einungis fitu úr jurtaríkinu en þó má dýrafita vera allt að 2% af fituinnihaldinu. Þessi vikmörk gilda einnig þegar vísað er til tiltekinnar plöntutegundar.

5. Upplýsingarnar, sem um getur í 1. 2. og 3. lið, skulu vera auðskiljanlegar og tilgreindar á áberandi stað svo að þær sjáist greinilega og séu auðlæsilegar og óafmáanlegar.

([1]) Stjtíð. ESB L 93, 31.3.2006, bls. 1.
([2]) Stjtíð. ESB L 93, 31.3.2006, bls. 12.

6. Framkvæmdastjórnin getur gert sérstakar ráðstafanir varðandi upplýsingarnar, sem um getur í a- og b-lið 1. liðar, í tengslum við tiltekin form auglýsinga.

III. *ORÐSKÝRINGAR*

1. Hugtakið „hefðbundinn“ má nota ásamt heitinu „smjör“, sem kveðið er á um í 1. lið A-hluta viðbætisins, ef afurðin er fengin beint úr mjólk eða rjóma.

   Að því er varðar þennan lið merkir hugtakið „rjómi“ afurð sem er fengin úr mjólk í formi ýrulausnar, af þeirri gerð sem er olía í vatni, með a.m.k. 10% mjólkurfituinnihaldi.

2. Þegar um er að ræða afurðir, sem um getur í viðbætinum, er bannað að nota önnur hugtök til að tilgreina, láta í ljós eða gefa til kynna fituinnihald heldur en hugtökin sem um getur í þeim viðbæti.

3. Þrátt fyrir ákvæði 2. liðar má þó nota eftirfarandi hugtök til viðbótar:

   a) hugtakið „fituskertur“ (e. reduced-fat) má nota yfir afurðir, sem um getur í viðbætinum, með fituinnihaldi yfir 41% en ekki yfir 62%,

   b) hugtökin „fitulítill“ eða „léttur“ má nota yfir afurðir, sem um getur í viðbætinum, með fituinnihaldi sem er 41% eða minna.

   Hugtakið „fituskertur“ og hugtökin „fitulítill“ (e. low-fat) eða „léttur“ (e. light) mega þó koma í stað hugtakanna „þrír fjórðu feitt“ eða „hálffeitt“ sem eru notuð í viðbætinum.

IV. *LANDSREGLUR*

1. Með fyrirvara um ákvæði þessa viðauka geta aðildarríkin samþykkt eða viðhaldið landsreglum þar sem mælt er fyrir um mismunandi gæðastig. Slíkar reglur skulu gera kleift að meta þessi gæðastig á grundvelli viðmiðana sem varða einkum hráefnin, sem eru notuð, skynmatseinkenni, eiginleika afurðanna og efnislegan og örverufræðilegan stöðugleika þeirra.

   Aðildarríki, sem nýta sér þennan kost, skulu sjá til þess, þegar um er að ræða afurðir annarra aðildarríkja sem uppfylla viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í þessum reglum, að nota megi, með skilyrðum án mismununar, hugtök um afurðirnar sem tilgreina á grundvelli reglnanna að þessar viðmiðanir séu uppfylltar.

2. Við vörulýsingarnar, sem um getur í a-lið 1. liðar II. liðar, má bæta vísun í gæðastig viðkomandi afurðar.

3. Aðildarríkin skulu grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja að eftirlit sé viðhaft með beitingu allra viðmiðana til ákvörðunar á gæðastigunum, sbr. annan undirlið 1. liðar. Reglulegt og títt eftirlit skal ná alla leið til lokaafurðarinnar og vera í höndum eins eða fleiri aðila sem heyra undir opinberan rétt og sem viðkomandi aðildarríki hefur útnefnt eða í höndum viðurkennds aðila sem aðildarríkið hefur umsjón með. Aðildarríkin skulu afhenda framkvæmdastjórninni skrá yfir aðila sem þau hafa útnefnt.

V. *INNFLUTTAR AFURÐIR*

Afurðir, sem eru fluttar inn í Bandalagið, skulu vera í samræmi við ákvæði þessa viðauka í þeim tilvikum sem um getur í 1. lið I. liðar.

VI. *VIÐURLÖG*

Með fyrirvara um sértæk ákvæði, sem framkvæmdastjórnin kann að samþykkja í samræmi við 194. gr., skulu aðildarríkin setja skilvirk viðurlög sem beita skal við brotum á 115. gr. og þessum viðauka og, þar sem við á, gera viðeigandi landsbundar ráðstafanir varðandi framfylgd reglugerðarinnar og upplýsa framkvæmdastjórnina þar um.

Viðbætir við XV. viðauka

Fituefnaflokkur Skilgreiningar	Vörulýsing	Vöruflokkar Frekari lýsing á flokknum með tilgreiningu á fituinnihaldi í hundraðshlutum miðað við þyngd
A. Mjólkurfita Afurðir sem eru í formi fastrar, smyrjanlegrar ýrulausnar, aðallega af þeirri gerð sem er vatn í olíu, eru eingöngu unnar úr mjólk og/eða tilteknum mjólkurafurðum og fitan er mikilvægasta innihaldsefnið með tilliti til virðis. Þó er heimilt að bæta við öðrum efnum sem eru nauðsynleg til framleiðslu afurðanna, að því tilskildu að þessi efni séu ekki notuð að einhverju eða öllu leyti í stað innihaldsefna mjólkur.	1. Smjör 2. Þrír fjórðu feitt smjör (*) 3. Hálffeitt smjör (**) 4. Mjólkurviðbit X%	Afurð með mjólkurfituinnihaldi sem er ekki minna en 80% en minna en 90%, vatnsinnihaldi sem er 16% að hámarki og fitulausu mjólkurþurrefni sem er að hámarki 2%. Afurð með mjólkurfituinnihaldi sem er ekki minna en 60% en ekki meira en 62% Afurð með mjólkurfituinnihaldi sem er ekki minna en 39% en ekki meira en 41%. Afurð með eftirfarandi mjólkurfituinnihaldi: — minna en 39%, — meira en 41% en minna en 60%, — meira en 62% en minna en 80%,
B. Fita Afurðir sem eru í formi fastrar, smyrjanlegrar ýrulausnar, aðallega af þeirri gerð sem er vatn í olíu, eru eingöngu unnar úr fastri og/eða fljótandi fitu úr jurta- og eða dýrarríkinu, sem er hæf til manneldis, og mjólkurfituinnihald þeirra er ekki yfir 3% af fituinnihaldinu.	1. Smjörlíki 2. Þrír fjórðu feitt smjörlíki(***) 3. Hálffeitt smjörlíki (****) 4. Smyrja X%	Afurð sem er unnin úr fitu úr jurta- og/eða dýraríkinu og með fituinnihaldi sem er ekki minna en 80% en minna en 90%. Afurð sem er unnin úr fitu úr jurta- og/eða dýraríkinu og með fituinnihaldi sem er ekki minna en 60% en ekki meira en 62%. Afurð sem er unnin úr fitu úr jurta- og/eða dýraríkinu og með fituinnihaldi sem er ekki minna en 39% en ekki meira en 41%. Afurð sem er unnin úr fitu úr jurta- og eða dýraríkinu og með eftirfarandi fituinnihaldi: — minna en 39%, — meira en 41% en minna en 60%, — meira en 62% en minna en 80%,
C. Fita úr plöntu- og/eða dýraafurðum: Afurðir sem eru í formi fastrar, smyrjanlegrar ýrulausnar, aðallega af þeirri gerð sem er vatn í olíu, eru eingöngu unnar úr fastri og/eða fljótandi fitu úr jurta- og eða dýrarríkinu, sem er hæf til manneldis, og mjólkurfituinnihald þeirra er á milli 10% og 80% af fituinnihaldinu.	1. Fitublanda 2. Þrír fjórðu feit fitublanda (*****) 3. Hálffeit fitublanda (******) 4. Blandað viðbit X%	Afurð sem er unnin úr blöndu af fitu úr jurta- og/eða dýraríkinu og með fituinnihaldi sem er ekki minna en 80% en minna en 90%. Afurð sem er unnin úr blöndu af fitu úr jurta- og/eða dýraríkinu og með fituinnihaldi sem er ekki minna en 60% en ekki meira en 62%. Afurð sem er unnin úr blöndu af fitu úr jurta- og/eða dýraríkinu og með fituinnihaldi sem er ekki minna en 39% en ekki meira en 41%. Afurð sem er unnin úr blöndu af fitu úr jurta- og eða dýraríkinu og með eftirfarandi fituinnihaldi: — minna en 39%, — meira en 41% en minna en 60%, — meira en 62% en minna en 80%,

(*) Samsvarar „smør 60“ á dönsku.
(**) Samsvarar „smør 40“ á dönsku.
(***) Samsvarar „margarine 60“ á dönsku.
(****) Samsvarar „margarine 60“ á dönsku.
(*****) Samsvarar „blandingsprodukt 60“ á dönsku.
(******) Samsvarar „blandingsprodukt 40“ á dönsku.

Athugasemd: Einungis er heimilt að breyta mjólkurfituþætti afurðanna, sem eru tilgreindar í þessum viðbæti, með eðlisfræðilegum aðferðum.

XVI. VIÐAUKI

LÝSINGAR OG SKILGREININGAR Á ÓLÍFUOLÍU OG ÓLÍFUHRATOLÍU SEM UM GETUR Í 118. GR.

1. JÓMFRÚAROLÍA

Olía sem er fengin úr aldinum ólífutrjáa, eingöngu með vélrænum aðferðum eða öðrum eðlisrænum aðferðum við skilyrði sem valda ekki breytingum á olíunni, og hefur ekki fengið aðra meðhöndlun en þvott, afhellingu, skiljun eða síun, að undanskilinni olíu sem er fengin með notkun leysiefna eða með hjálparefnum, sem hafa efnafræðilega eða lífefnafræðilega virkni, eða með endurresterun eða hvers kyns blöndun við annars konar olíur.

Jómfrúarolía er eingöngu flokkuð og henni lýst eins og hér segir:

a) *Hágæðajómfrúarolía*

Jómfrúarolía sem inniheldur óbundna sýru, gefin upp sem olíusýra, að hámarki 0,8 g á hver 100 g, og hefur aðra eiginleika sem eru í samræmi við eiginleikana sem mælt er fyrir um fyrir þennan flokk.

b) *Jómfrúarolía*

Jómfrúarolía sem inniheldur óbundna sýru, gefin upp sem olíusýra, að hámarki 2 g á hver 100 g, og hefur aðra eiginleika sem eru í samræmi við eiginleikana sem mælt er fyrir um fyrir þennan flokk.

c) *Bómolía*

Jómfrúarolía sem inniheldur óbundna sýru, gefin upp sem olíusýra, yfir 2 g á hver 100 g, og/eða hefur aðra eiginleika sem eru í samræmi við eiginleikana sem mælt er fyrir um fyrir þennan flokk.

2. HREINSUÐ ÓLÍFUOLÍA

Ólífuolía sem er fengin með því að hreinsa jómfrúarolíu og inniheldur óbundna sýru, gefin upp sem olíusýra, að hámarki 0,3 g á hver 100 g, og hefur aðra eiginleika sem eru í samræmi við eiginleikana sem mælt er fyrir um fyrir þennan flokk.

3. ÓLÍFUOLÍA — SAMANSETT ÚR HREINSAÐRI ÓLÍFUOLÍU OG JÓMFRÚAROLÍU

Ólífuolía sem er fengin með því að blanda saman hreinsaðri ólífuolíu og jómfrúarolíu, en þó ekki bómolíu, og inniheldur óbundna sýru, gefin upp sem olíusýra, að hámarki 1 g á hver 100 g, og hefur aðra eiginleika sem eru í samræmi við eiginleikana sem mælt er fyrir um fyrir þennan flokk.

4. ÓUNNIN ÓLÍFUHRATOLÍA

Olía sem fæst úr ólífuhrati með meðhöndlun með leysiefnum eða með eðlisrænum aðferðum eða olía sem, að undanskildum tilteknum eiginleikum, samsvarar bómolíu, en þó ekki olíu sem er fengin með endurresterun og blöndun við aðrar tegundir af olíum, og hefur aðra eiginleika sem eru í samræmi við eiginleikana sem mælt er fyrir um fyrir þennan flokk.

5. HREINSUÐ ÓLÍFUHRATOLÍA

Olía sem er fengin með því að hreinsa óunna ólífuhratolíu og inniheldur óbundna sýru, gefin upp sem olíusýra, að hámarki 0,3 g á hver 100 g, og hefur aðra eiginleika sem eru í samræmi við eiginleikana sem mælt er fyrir um fyrir þennan flokk.

6. ÓLÍFUHRATOLÍA

Olía, sem er fengin með því að blanda saman hreinsaðri ólífuhratolíu og jómfrúarolíu, en þó ekki bómolíu, og inniheldur óbundna sýru, gefin upp sem olíusýra, að hámarki 1 g á hver 100 g, og hefur aðra eiginleika sem eru í samræmi við eiginleikana sem mælt er fyrir um fyrir þennan flokk.

XVII. VIÐAUKI

INNFLUTNINGSGJÖLD Á HRÍSGRJÓN SEM UM GETUR Í 137. OG 139. GR.

1. *INNFLUTNINGSGJÖLD Á AFHÝDD HRÍSGRJÓN*

a) 30 evrur á tonn í eftirfarandi tilvikum:

i. ef í ljós kemur að innflutningur á afhýddum hrísgrjónum á heilu markaðsári, sem er nýlokið, náði ekki árlegu viðmiðunarmagni sem um getur í fyrstu undirgrein 3. mgr. 137. gr., lækkað um 15%,

ii. ef í ljós kemur að innflutningur á afhýddum hrísgrjónum á fyrstu sex mánuðum markaðsársins nær ekki hlutaviðmiðunarmagninu sem um getur í annarri undirgrein 3. mgr. 127. gr., lækkað um 15%,

b) 42,5 evrur á tonn í eftirfarandi tilvikum:

i. ef í ljós kemur að innflutningur á afhýddum hrísgrjónum á heilu markaðsári, sem er nýlokið, var meiri en sem svarar árlegu viðmiðunarmagni sem um getur í fyrstu undirgrein 3. mgr. 137. gr., lækkað um 15%, en ekki meiri en sama árlega viðmiðunarmagn, aukið um 15%,

ii. ef í ljós kemur að innflutningur á afhýddum hrísgrjónum á fyrstu sex mánuðum markaðsársins var meiri en sem svarar hlutaviðmiðunarmagni sem um getur í annarri undirgrein 3. mgr. 137. gr., lækkað um 15%, en ekki meiri en sama árlega viðmiðunarmagn, aukið um 15%,

c) 65 evrur á tonn í eftirfarandi tilvikum:

i. ef í ljós kemur að innflutningur á afhýddum hrísgrjónum á heilu markaðsári, sem er nýlokið, var meiri en sem svarar árlegu viðmiðunarmagni sem um getur í fyrstu undirgrein 3. mgr. 137. gr., aukið um 15%,

ii. ef í ljós kemur að innflutningur á afhýddum hrísgrjónum á fyrstu sex mánuðum markaðsársins var meiri en sem svarar hlutaviðmiðunarmagninu sem um getur í annarri undirgrein 3. mgr. 127. gr., aukið um 15%.

2. *INNFLUTNINGSGJÖLD Á SLÍPUÐ HRÍSGRJÓN*

a) 175 evrur á tonn í eftirfarandi tilvikum:

i. ef í ljós kemur að innflutningur á hálfslípuðum og fullslípuðum hrísgrjónum á markaðsári, sem er nýlokið, var meiri en 387 743 tonn,

ii. ef í ljós kemur að innflutningur á hálfslípuðum og fullslípuðum hrísgrjónum á fyrstu sex mánuðum markaðsársins var meiri en 182 239 tonn,

b) 145 evrur á tonn í eftirfarandi tilvikum:

i. ef í ljós kemur að innflutningur á hálfslípuðum og fullslípuðum hrísgrjónum á markaðsári, sem er nýlokið, var ekki meiri en 387 743 tonn,

ii. ef í ljós kemur að innflutningur á hálfslípuðum og fullslípuðum hrísgrjónum á fyrstu sex mánuðum markaðsársins var ekki meiri en 182 239 tonn.

XVIII. VIÐAUKI

YRKI BASMATI-HRÍSGRJÓNA SEM UM GETUR Í 138. GR.

Basmati 217

Basmati 370

Basmati 386

Kernel (Basmati)

Pusa Basmati

Ranbir Basmati

Super Basmati

Taraori Basmati (HBC-19)

Type-3 (Dehradun)

XIX. VIÐAUKI

RÍKI SEM UM GETUR Í 153. GR. (3. MGR.) OG 154. GR. (B-LIÐ 1. mgr.) OG Í 12. LIÐ II. hluta III.VIÐAUKA

Barbados

Belís

Fílabeinsströndin

Lýðveldið Kongó

Fídjieyjar

Gvæjana

Indland

Jamaíka

Kenía

Madagaskar

Malaví

Máritíus

Mósambík

Sankti Kitts og Nevis — Angvilla

Súrínam

Svasíland

Tansanía

Trínidad og Tóbagó

Úganda

Sambía

Simbabve

XX. VIÐAUKI

SKRÁ YFIR VÖRUR ÚR GEIRUM KORNS, HRÍSGRJÓNA, SYKURS, MJÓLKUR OG EGGJA AÐ ÞVÍ ER VARÐAR II-LIÐ A-LIÐAR 26. GR. OG AÐ ÞVÍ ER VARÐAR VEITINGU ENDURGREIÐSLNA VEGNA ÚTFLUTNINGS SEM UM GETUR Í II. ÞÆTTI III. KAFLA III. hluta

I. HLUTI: KORN

SAT-númer	Lýsing
úr 0403	Áfir, hleypt mjólk og rjómi, jógúrt, kefir og önnur gerjuð eða sýrð mjólk og rjómi, einnig kjarnað eða með viðbættum sykri eða öðru sætiefni, eða bragðbætt eða með ávöxtum, hnetum eða kakaói:
040310	– Jógúrt:
04031051 til	
04031099	– – Bragðbætt eða blönduð með ávöxtum, hnetum eða kakaói
040390	– Annað:
04039071 til	
04039099	– – Bragðbætt eða blönduð með ávöxtum, hnetum eða kakaói
úr 0710	Matjurtir (ósoðnar eða soðnar með gufu eða í vatni), frystar:
07104000	– Sykurmaís
úr 0711	Matjurtir, varðar skemmdum til bráðabirgða (t.d. með brennisteinstvíildisgasi, saltlegi, brennisteinssýrlingi eða öðrum verndandi upplausnum), en óhæfar í því ástandi til manneldis:
07119030	– Sykurmaís
úr 1704	Sætindi (þar með talið hvítt súkkulaði)
	án kakaóinnihalds, að undanskildum lakkrískjarna sem fellur undir undirlið 17049010
1806	Súkkulaði eða önnur matvæli sem innihalda kakaó
úr 1901	Maltkjarni; framleiðsla úr mjöli, fín- eða grófmöluðu, klíðislausu korni, sterkju eða maltkjarna, sem ekki inniheldur kakaó eða inniheldur minna en 40% miðað við þyngd af kakaói reiknað út frá algerlega fitusneyddum grunni, ót.a.; matvæli úr vörum í nr. 0401-0404 sem ekki innihalda kakaó eða innihalda minna en 5%, miðað við þyngd, af kakaói reiknað út frá algerlega fitusneyddum grunni, ót.a.:
19011000	– Barnamatur, í smásöluumbúðum
19012000	– Blöndur og deig til framleiðslu á brauðvörum í nr. 1905
190190	– Annað:
19019011 til	
19019019	– – Maltkjarni
	– – Annað:
19019099	– – – Annað
úr 1902	Pasta, einnig soðin eða fyllt (með kjöti eða öðrum efnum) eða unnin á annan hátt, svo sem spaghettí, makkarónur, núðlur, lasagne, gnocchi, ravíólí, kannellóní; couscous, einnig unnið:
	– Ósoðin pasta, ekki fyllt eða unnin á annan hátt:
19021100	– – Með eggjainnihaldi
190219	– – Annað
úr 190220	– Fyllt pasta, einnig soðin eða unnin á annan hátt:
	– – Annað:
19022091	– – – Soðið
19022099	– – – Annað
190230	– Önnur pasta
190240	– Couscous

SAT-númer	Lýsing
19030000	Tapíókamjöl og tapíókalíki úr sterkju, sem flögur, grjón, perlur, sáldur eða í áþekkri mynd
1904	Matvæli úr belgdu eða steiktu korni eða kornvörum (t.d. kornflögur); korn (annað en maís), sem grjón eða sem flögur eða önnur unnin grjón (þó ekki mjöl, fín- eða grófmalað og klíðislaust korn), forsoðið eða unnið á annan hátt, ót.a.:
1905	Brauð, sætabrauð, kökur, kex og aðrar brauðvörur, einnig með kakaói; altarisbrauð, lyfjahylki, innsiglunaroblátur, rísþynnur og áþekkar vörur
úr 2001	Matjurtir, ávextir, hnetur og aðrir plöntuhlutar til manneldis, unnið eða varið skemmdum með ediki eða ediksýru:
	– Annað:
20019030	– – Sykurmaís (Zea mays var. saccharata)
20019040	– – Kínverskar kartöflur, sætar kartöflur og aðrir svipaðir ætir plöntuhlutar sem innihalda 5% eða meira af sterkju miðað við þyngd
úr 2004	Aðrar matjurtir, unnar eða varðar skemmdum á annan hátt en með ediki eða ediksýru, frystar, þó ekki vörur í nr. 2006:
200410	– Kartöflur:
	– – Annað:
20041091	– – – Fín- eða grófmalaðar eða flögur
200490	– Aðrar matjurtir og matjurtablöndur:
20049010	– – Sykurmaís (Zea mays var. saccharata)
úr 2005	Aðrar matjurtir, unnar eða varðar skemmdum á annan hátt en með ediki eða ediksýru, ófrystar, þó ekki vörur í nr. 2006:
200520	– Kartöflur:
20052010	– – Fín- eða grófmalaðar eða flögur
20058000	– Sykurmaís (Zea mays var. saccharata)
úr 2008	Ávextir, hnetur og aðrir ætir plöntuhlutar, unnið eða varið skemmdum á annan hátt, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætiefni eða áfengi, ót.a.:
	– Annað, þar með taldar blöndur, aðrar en í undirlið 200819:
200899	– – Annað:
	– – – Án viðbætts áfengis:
	– – – – Án viðbætts sykurs:
20089985	– – – – – Maís (korn) annað en sykurmaís (Zea mays var. saccharata)
20089991	– – – – – Kínverskar kartöflur, sætar kartöflur og aðrir svipaðir ætir plöntuhlutar sem innihalda 5% eða meira af sterkju miðað við þyngd
úr 2101	Kjarni, kraftur og seyði úr kaffi, tei eða maté og framleiðsla að stofni til úr þessum vörum eða að stofni til úr kaffi, tei eða maté; brenndar síkóríurætur og annað brennt kaffilíki, og kjarni, kraftur og seyði úr þeim:
210112	– – Framleiðsla að stofni til úr þessum kjarna, krafti eða seyði eða að stofni til úr kaffi:
21011298	– – – Annað
210120	– Kjarni, kraftur og seyði úr tei eða maté, og framleiðsla að stofni til úr þessum kjarna, krafti eða seyði eða að stofni til úr tei eða maté:
21012098	– – – Annað
210130	Brenndar síkóríurætur og annað brennt kaffilíki, og kjarni, kraftur eða seyði úr þeim:
	– – Brenndar síkóríurætur og annað brennt kaffilíki:
21013019	– – – Annað
	– – Kjarni, kraftur og seyði úr brenndum síkóríurótum og annað brennt kaffilíki:
21013099	– – – Annað
úr 2102	Ger (lifandi eða dautt); aðrar einfruma örverur, dauðar (þó ekki bóluefni í nr. 3002); unnið bökunarduft:
210210	– Lifandi ger
21021031 og	
21021039	– – Ger til baksturs

	SAT-númer	Lýsing
	210500	Rjómaís og annar ís til manneldis, einnig með kakaóinnihaldi:
úr	2106	Matvæli, ót.a.:
	210690	– Annað:
		– – Annað:
	21069092	– – – Inniheldur enga mjólkurfitu, súkrósa, ísóglúkósa eða sterkju eða inniheldur minna en 1,5% af mjólkufitu, 5% af súkrósa eða ísóglúkósa, 5% af glúkósa eða sterkju, miðað við þyngd
	21069098	– – – Annað
	2202	Vatn, þar með talið ölkelduvatn og loftblandað vatn, með viðbættum sykri eða öðru sætuefni eða bragðbætt, og aðrar óáfengar drykkjarvörur, þó ekki ávaxtasafar eða matjurtasafar í nr. 2009
	2205	Vermút og annað vín úr nýjum þrúgum bragðbætt með plöntum eða ilmefnum
úr	2208	Ómengað etylalkóhól að alkóhólstyrkleika minna en 80% miðað við rúmmál; áfengir vökvar, líkjörar og aðrir brenndir drykkir:
	220830	– Viskí:
	22083032 til	
	22083088	– – Annað en búrbonviskí
	220850	– Gin og genever
	220860	– Vodka
	220870	– Líkjörar og áfengisblöndur (cordials)
	220890	– Annað:
		– – Önnur brennd vín og aðrir brenndir drykkir, í ílátum sem taka:
		– – – 2 lítra eða minna:
	22089041	– – – – Ouzo
		– – – – Annað:
		– – – – – Brenndir drykkir (að undanskildum líkjörum):
		– – – – – – Annað:
	22089052	– – – – – – – Korn
	22089054	– – – – – – – Tequila
	22089056	– – – – – – – Annað
	22089069	– – – – – Aðrir brenndir drykkir
		– – – Meira en 2 lítra:
		– – – – Brenndir drykkir (að undanskildum líkjörum):
	22089075	– – – – – Tequila
	22089077	– – – – – Annað
	22089078	– – – – Aðrir brenndir drykkir
	29054300	– – Mannitól
	290544	– – D-glúkitól (sorbitól)
úr	3302	Blöndur af ilmandi efnum og blöndum (þar með taldar alkóhólupplausnir) að meginstofni úr einu eða fleiri þessara efna, til nota sem hráefni til iðnaðar; önnur framleiðsla að stofni til úr ilmandi efnum, til nota við framleiðslu á drykkjarvörum:
	330210	– Til nota í matvæla- eða drykkjarvöruiðnaði:
		– – Til nota í drykkjarvöruiðnaði:
		– – – Framleiðsla sem inniheldur öll bragðefni sem einkenna drykkjarvöru:
		– – – – Annað:
	33021029	– – – – – Annað
	3505	Dextrín og önnur umbreytt sterkja (t.d. forgelatíneruð eða esteruð sterkja); lím að meginstofni úr sterkju eða dextríni eða annarri umbreyttri sterkju:
úr	3809	Áferðar- og íburðarefni (finishing agents), litberar til að hraða litun eða festingu litunarefna og aðrar vörur og blöndur (t.d. fyllir og litfestir) sem notað er í spuna-, pappírs-, leður- eða skyldum iðnaði, ót.a.:
	380910	– Að stofni til úr sterkjukenndum efnum
	382460	– Sorbitól, annað en í nr. 290544

II. HLUTI: HRÍSGRJÓN

SAT-númer	Lýsing
úr 0403	Áfir, hleypt mjólk og rjómi, jógúrt, kefír og önnur gerjuð eða sýrð mjólk og rjómi, einnig kjarnað eða með viðbættum sykri eða öðru sætiefni, eða bragðbætt eða með ávöxtum, hnetum eða kakaói:
040310	– Jógúrt:
04031051 til	
04031099	– – Bragðbætt eða blönduð með ávöxtum, hnetum eða kakaói
040390	– Annað:
04039071 til	
04039099	– – Bragðbætt eða blönduð með ávöxtum, hnetum eða kakaói
úr 1704	Sætindi (þar með talið hvítt súkkulaði)
	án kakaóinnihalds:
17049051 til	
17049099	– – Annað
úr 1806	Súkkulaði eða önnur matvæli sem innihalda kakaó að undanskildum vörum sem falla undir undirliði 180610, 18062070, 18069060, 18069070 og 18069090
úr 1901	Maltkjarni; framleiðsla úr mjöli, fín- eða grófmöluðu, klíðislausu korni, sterkju eða maltkjarna, sem ekki inniheldur kakaó eða inniheldur minna en 40% miðað við þyngd af kakaói reiknað út frá algerlega fitusneyddum grunni, ót.a.; matvæli úr vörum í nr. 0401-0404 sem ekki innihalda kakaó eða innihalda minna en 5%, miðað við þyngd, af kakaói reiknað út frá algerlega fitusneyddum grunni, ót.a.:
19011000	– Barnamatur, í smásöluumbúðum
19012000	– Blöndur og deig til framleiðslu á brauðvörum í nr. 1905
190190	– Annað:
19019011 til	
19019019	– – Maltkjarni
	– – Annað:
19019099	– – – Annað
úr 1902	Pasta, einnig soðin eða fyllt (með kjöti eða öðrum efnum) eða unnin á annan hátt, svo sem spaghettí, makkarónur, núðlur, lasagne, gnocchi, ravíólí, kannellóní; couscous, einnig unnið:
190220	– Fyllt pasta, einnig soðin eða unnin á annan hátt:
	– – Annað
19022091	– – – Soðið
19022099	– – – Annað
190230	– Önnur pasta
190240	– Couscous:
19024090	– – Annað
1904	Matvæli úr belgdu eða steiktu korni eða kornvörum (t.d. kornflögur); korn (annað en maís), sem grjón eða sem flögur eða önnur unnin grjón (þó ekki mjöl, fín- eða grófmalað og klíðislaust korn), forsoðið eða unnið á annan hátt, ót.a.:
úr 1905	Brauð, sætabrauð, kökur, kex og aðrar brauðvörur, einnig með kakaói; altarisbrauð, lyfjahylki, innsiglunaroblátur, rísþynnur og áþekkar vörur:
19059020	– – Altarisbrauð, lyfjahylki, innsiglunaroblátur, rísþynnur og áþekkar vörur:
úr 2004	Aðrar matjurtir, unnar eða varðar skemmdum á annan hátt en með ediki eða ediksýru, frystar, þó ekki vörur í nr. 2006:
200410	– Kartöflur:
	– – Annað:
20041091	– – – Fín- eða grófmalaðar eða flögur
2) Aðildarríki, sem eru með viðurkennd sjúkdómslaus svæði eða samþykktar varnar- eða útrýmingaráætlanir samkvæmt ákvörðun 2004/453/EB, geta krafist viðbótarábyrgða vegna sendinga af lifandi lagareldisfiski af tegundum sem eru smitnæmar fyrir viðkomandi sjúkdómum, sem eru ætlaðar til eldis, sem á að flytja inn á þessi svæði. Þessar viðbótarábyrgðir fela í sér þá kröfu að sendingarnar séu upprunnar á svæði þar sem heilbrigðisástandið er sambærilegt og á viðtökustaðnum.

3) Tilskipun 2006/88/EB fellir úr gildi og kemur í stað tilskipunar ráðsins 91/67/EBE frá 28. janúar 1991 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu fiskeldistegunda og -afurða ([3]). Hins vegar er í tilskipun 2006/88/EB kveðið á um að ákvörðun 2004/453/EB gildi áfram að því er varðar tilskipun 2006/88/EB, á meðan beðið er samþykktar á nauðsynlegum ákvæðum í samræmi við þá tilskipun, sem á að samþykkja eigi síðar en þremur árum eftir gildistöku hennar.

4) Í 43 gr. tilskipunar 2006/88/EB er kveðið á um að aðildarríki geti gripið til ráðstafana til að koma í veg fyrir að sjúkdómar, sem ekki eru skráðir í II. hluta IV. viðauka við tilskipunina, sem skapa verulega áhættu fyrir heilbrigðisástand lagareldisdýra eða villtra lagardýra í því aðildarríki, berist þangað eða til að verjast þeim. Þessar ráðstafanir mega ekki fara yfir mörk þess sem er viðeigandi og nauðsynlegt til að koma í veg fyrir að slíkir sjúkdómar berist eða breiðist út.

5) Þau aðildarríki sem hafa fengið heimild til að krefjast viðbótarábyrgða samkvæmt ákvörðun 2004/453/EB hafa látið framkvæmdastjórninni í té upplýsingar um sjúkdómsástand að því er varðar þá sjúkdóma sem sjúkdómslaus svæði þeirra eru viðurkennd sem laus við eða eru með samþykktar varnar- eða útrýmingaráætlanir fyrir. Þau hafa sýnt fram á að það er viðeigandi og nauðsynlegt að framfylgja landsráðstöfunum áfram í formi krafna varðandi setningu á markað, innflutning og umflutning, í samræmi við 43. gr. tilskipunar 2006/88/EB.

6) Þar af leiðandi skal heimila þeim aðildarríkjunum, sem hafa fengið heimild til að krefjast viðbótarábyrgða, í samræmi við ákvörðun 2004/453/EB, vegna aðflutnings á lagareldisdýrum af smitnæmum tegundum inn á viðurkennd sjúkdómslaus svæði eða svæði sem falla undir samþykktar varnar- eða útrýmingaráætlanir, að beita þessum ráðstöfunum áfram sem landsráðstöfunum sem eru samþykktar í samræmi við 43. gr. tilskipunar 2006/88/EB.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 98, 20.4.2010, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 61/2011 frá 1. júlí 2011 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins,* nr. 54, 6.10.2011, bls. 13.

([1]) Stjtíð. ESB L 328, 24.11.2006, bls. 14.

([2]) Stjtíð. ESB L 156, 30.4.2004, bls. 5.

([3]) Stjtíð. EB L 46, 19.2.1991, bls. 1.

7) Auk þess hefur Finnland veitt upplýsingar sem styðja þá niðurstöðu að það sé ekki lengur nauðsynlegt að líta á tiltekin vatnasvið sem sóttvarnabelti til að vernda sjúkdómslausu stöðuna að því er varðar vorveiru í vatnakarpa og brisdrep.

8) Til að einfalda löggjöf Sambandsins skulu sértækar kröfur varðandi setningu á markað, innflutning og umflutning á sendingum lagareldisdýra og villtra lagardýra, sem eru ætluð fyrir svæði sem falla undir samþykktar landsráðstafanir, koma fram í ákvæðunum og fyrirmyndum að dýraheilbrigðisvottorðunum, sem mælt er fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1251/2008 frá 12. desember 2008 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 2006/88/EB að því er varðar skilyrði og kröfur um útgáfu heilbrigðisvottorða við setningu lagareldisdýra og afurða þeirra á markað og innflutning þeirra í Bandalagið og um skrá yfir tegundir smitferja ([1]).

9) Landsráðstöfununum, sem eru samþykktar með þessari ákvörðun, skal einungis beitt svo lengi sem þær eru viðeigandi og nauðsynlegar. Því skulu aðildarríkin senda framkvæmdastjórninni árlega skýrslu um framkvæmd landsráðstafananna.

10) Leiki grunur á að viðkomandi sjúkdóm sé að finna á svæðum, sem eru skráð sem sjúkdómslaus í I. viðauka við þessa ákvörðun, ber að rannsaka það og meðan á rannsókn stendur skal beita takmörkunum á flutninga til að vernda önnur aðildarríki með samþykktar landsráðstafanir að því er varðar sama sjúkdóminn. Auk þess skal tilkynna framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjum um öll síðari sjúkdómstilfelli sem eru staðfest til að auðvelda nauðsynlegt endurmat á samþykktum landsráðstöfunum.

11) Útrýmingaráætlanirnar ættu að leiða til umbóta á sjúkdómsástandinu innan hæfilegs tíma. Á seinni helmingi ársins 2011 skal endurmeta sjúkdómsástandið á svæðunum, sem falla undir slíkar áætlanir, og hvort landsráðstafanirnar séu enn viðeigandi. Þar af leiðandi skal í þessari ákvörðun kveðið á um að þessar ráðstafanir gildi einungis til 31. desember 2011.

12) Til að tryggja gagnsæi í löggjöf Sambandsins skal fella ákvörðun 2004/453/EB úr gildi með ótvíræðum hætti.

13) Til að komast hjá röskun á viðskiptum skal heimilt að setja sendingar lagareldisdýra, sem hafa meðfylgjandi dýraheilbrigðisvottorð sem er gefið út í samræmi við III. viðauka við ákvörðun 2004/453/EB, á markað til 30. júní 2010 með sérstökum skilyrðum.

14) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

Með þessari ákvörðun eru samþykktar landsráðstafanirnar aðildarríkja, sem eru skráð í I. og II. viðauka við hana, til að takmarka áhrif tiltekinna sjúkdóma í lagareldisdýrum og villtum lagardýrum í samræmi við 2. mgr. 43. gr. tilskipunar 2006/88/EB.

2. gr.

Samþykki fyrir tilteknum landsráðstöfunum til að takmarka áhrif tiltekinna sjúkdóma sem eru ekki skráðir í II. hluta IV. viðauka við tilskipun 2006/88/EB.

1. Þau aðildarríki og hlutar þeirra sem eru skráð í öðrum og fjórða dálki töflunnar í I. viðauka skulu teljast laus við sjúkdómana sem eru skráðir í fyrsta dálki töflunnar (sjúkdómslaus svæði).

2. Þau aðildarríki sem um getur í 1. gr. mega krefjast þess að eftirfarandi sendingar, sem eru fluttar inn á sjúkdómslaust svæði, uppfylli þær kröfur sem settar eru fram í a- og b-lið að því er varðar þá sjúkdóma sem það telst vera laust við:

a) lagareldisdýr sem eru ætluð til eldis, á umlagningarsvæði, í sleppivötn, í opna aðstöðu fyrir skrautlagardýr og til endurnýjunar stofna þurfa að uppfylla:

i. kröfurnar varðandi setningu á markað sem mælt er fyrir um í 8. gr. a í reglugerð (EB) nr. 1251/2008,

ii. kröfurnar varðandi innflutning sem mælt er fyrir um í 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1251/2008,

iii. kröfurnar varðandi umflutning og geymslu sem mælt er fyrir um í 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 1251/2008,

([1]) Stjtíð. ESB L 337, 16.12.2008, bls. 41.

b) skrautlagardýr sem eru ætluð í lokaða aðstöðu fyrir skrautlagardýr þurfa að uppfylla:

i. kröfurnar varðandi innflutning sem mælt er fyrir um í 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 1251/2008,

ii. kröfurnar varðandi umflutning og geymslu sem mælt er fyrir um í 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 1251/2008.

3. gr.

Samþykki fyrir landsbundnum útrýmingaráætlunum sem varða tiltekna sjúkdóma sem eru ekki skráðir í II. hluta IV. viðauka við tilskipun 2006/88/EB.

1. Þær útrýmingaráætlanir, sem eru samþykktar af þeim aðildarríkjum sem eru skráð í annan dálk töflunnar í II. viðauka, fyrir þá sjúkdóma sem eru skráðir í fyrsta dálk þessarar töflu, að því er varðar þau svæði sem eru skráð í fjórða dálk töflunnar (útrýmingaráætlanir), eru samþykktar.

2. Á tímabili sem stendur til 31. desember 2011 er þeim aðildarríkjum sem eru skráð í töfluna í II. viðauka heimilt að krefjast þess að sendingar lagareldisdýra, sem um getur í a- og b-lið 2. mgr. 2. gr., sem eru fluttar inn á svæði sem fellur undir útrýmingaráætlun, uppfylli kröfurnar sem settar eru fram í þessum liðum að því er varðar sjúkdómana sem falla undir þá útrýmingaráætlun.

4. gr.

Skýrslugjöf

1. Eigi síðar en 30. apríl ár hvert skulu aðildarríkin, sem eru skráð í I. og II. viðauka, leggja skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina um samþykktu landsráðstafanirnar sem um getur í 2. og 3. gr.

2. Skýrslan, sem kveðið er á um í 1. gr., skal a.m.k. innihalda uppfærðar upplýsingar um:

a) verulega áhættu sem sjúkdómarnir, sem falla undir landsráðstafanirnar, hafa í för með sér fyrir heilbrigðisástand lagareldisdýra eða villtra lagardýra og hvort þessar ráðstafanir séu nauðsynlegar og viðeigandi,

b) landsráðstafanir sem gripið er til í því skyni að viðhalda sjúkdómslausri stöðu, þ.m.t. allar framkvæmdar prófanir; veita skal upplýsingar varðandi slíkar prófanir með því að nota fyrirmynd að eyðublaði sem sett er fram í VI. viðauka við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/177/EB ([1]),

c) þróun útrýmingaráætlunarinnar, þ.m.t. allar framkvæmdar prófanir; veita skal upplýsingar varðandi slíkar prófanir með því að nota fyrirmynd að eyðublaði sem sett er fram í VI. viðauka við ákvörðun 2009/177/EB.

5. gr.

Grunur um og greining á sjúkdómum á sjúkdómslausum svæðum

1. Ef grunsemdir vakna í aðildarríki, sem er skráð í I. viðauka við þessa ákvörðun, um að sjúkdómur sé fyrir hendi á svæði, sem er skráð sem sjúkdómslaust svæði að því er varðar þann sjúkdóm í þeim viðauka, skal aðildarríkið grípa til ráðstafana sem eru a.m.k. jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í 28. gr., 29. gr. (2., 3. og 4. mgr.) og 30. gr. tilskipunar 2006/88/EB.

2. Ef dýrafarsóttarrannsóknir staðfesta greiningu sjúkdómsins sem um getur í 1. mgr. skal hlutaðeigandi aðildarríki upplýsa framkvæmdastjórnina og hin aðildarríkin um það og um allar ráðstafanir sem gripið er til í því skyni að hindra þennan sjúkdóm og verjast honum.

6. gr.

Niðurfelling

Ákvörðun 2004/453/EB er felld úr gildi.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu ákvörðunina sem tilvísanir í þessa ákvörðun.

7. gr.

Umbreytingarákvæði

Á umbreytingartímabili sem stendur til 31. júlí 2010 er heimilt að setja sendingar lagareldisdýra, sem hafa meðfylgjandi dýraheilbrigðisvottorð í samræmi við III. viðauka við ákvörðun 2004/453/EB, á markað að því tilskildu að þau verði komin á lokaviðtökustað fyrir þá dagsetningu.

8. gr.

Gildissvið

Ákvörðun þessi gildir frá 15. maí 2010.

9. gr.

Viðtakendur

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 15. apríl 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

John DALLI

framkvæmdastjóri.

([1]) Stjtíð. ESB L 63, 7.3.2009, bls. 15.

I. VIÐAUKI

Aðildarríki og hlutar þeirra sem teljast laus við sjúkdómana sem eru skráðir í töflunni og þar sem landsráðstafanir til að koma í veg fyrir að þessir sjúkdómar berist þangað hafa verið samþykktar í samræmi við 2. mgr. 43. gr. tilskipunar 2006/88/EB

Sjúkdómur	Aðildarríki	Kóði	Landfræðileg afmörkun svæðisins sem fellur undir samþykktar landsráðstafanir
Vorveira í vatnakarpa (SVC)	Danmörk	DK	Allt yfirráðasvæðið
	Írland	IE	Allt yfirráðasvæðið
	Finnland	FI	Allt yfirráðasvæðið
	Svíþjóð	SE	Allt yfirráðasvæðið
	Breska konungsríkið	UK	Norður-Írland, Mön, Jersey og Guernsey
Nýrnaveiki (BKD)	Írland	IE	Allt yfirráðasvæðið
	Breska konungsríkið	UK	Norður-Írland, Mön og Jersey
Brisdrep (IPN)	Finnland	FI	Svæði inn til landsins á yfirráðasvæði þess
	Svíþjóð	SE	Svæði inn til landsins á yfirráðasvæði hennar
	Breska konungsríkið	UK	Mön
Sýking af völdum roðflyðrusýkils (GS)	Írland	IE	Allt yfirráðasvæðið
	Finnland	FI	Vatnasvið Tenojoki og Näätämönjoki en vatnasvið Paatsjoki, Luttojoki og Uutuanjoki teljast sóttvarnabelti
	Breska konungsríkið	UK	Stóra-Bretland, Norður-Írland, Mön, Jersey og Guernsey

II. VIÐAUKI

Aðildarríki og hlutar þeirra sem hafa innleitt útrýmingaráætlanir að því er varðar tiltekna sjúkdóma í lagareldisdýrum og þar sem landsráðstafanir til að verjast þessum sjúkdómum hafa verið samþykktar í samræmi við 2. mgr. 43. gr. tilskipunar 2006/88/EB.

Sjúkdómur	Aðildarríki	Kóði	Landfræðileg afmörkun svæðisins sem fellur undir samþykktar landsráðstafanir
Vorveira í vatnakarpa (SVC)	Breska konungsríkið	UK	Stóra-Bretland
Nýrnaveiki (BKD)	Finnland	FI	Svæði inn til landsins á yfirráðasvæði þess
	Svíþjóð	SE	Svæði inn til landsins á yfirráðasvæði hennar
	Breska konungsríkið	UK	Stóra-Bretland
Brisdrep (IPN)	Svíþjóð	SE	Strandsvæði á yfirráðasvæði hennar

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2013/EES/14/11**

frá 20. apríl 2009

um tæknilegar viðmiðunarreglur vegna innleiðingar á fjárhagslegri tryggingu í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/21/EB um meðhöndlun úrgangs frá námuiðnaði (*)

(tilkynnt með númeri C(2009) 2798)

(2009/335/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/21/EB frá 15. mars 2006 um meðhöndlun úrgangs frá námuiðnaði og um breytingu á tilskipun 2004/35/EB ( ), einkum c-lið 1. mgr. 22 gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Til að tryggja sameiginlega stefnu meðal aðildarríkjanna þegar fjárhagslegu tryggingunni, sem um getur í 14. gr. tilskipunar 2006/21/EB, er komið á skal skilgreina sameiginlegan lágmarksgrundvöll til að reikna út tryggginguna og einkum að því er varðar upplýsingar sem taka skal tillit til og reikniaðferðina fyrir tryggginguna.

2) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót í samræmi við 2. mgr. 23. gr. tilskipunar 2006/21/EB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

1. Aðildarríkin og lögbær yfirvöld skulu byggja útreikning á fjárhagslegu tryggingunni, sem um getur í 14. gr. tilskipunar 2006/21/EB, á eftirfarandi þáttum:

a) líklegum umhverfisáhrifum og áhrifum á heilbrigði manna sem úrgangsstöðin hefur í för með sér,

b) skilgreiningunni á hreinsun, þ.m.t. notkun úrgangsstöðvarinnar eftir hreinsun,

c) gildandi umhverfisstöðlum og umhverfismarkmiðum , þ.m.t. eðlisrænum stöðugleika úrgangsstöðvarinnar, lágmarkskröfum um gæði jarðvegs- og vatnsauðlinda og hámarkslosunarhraða aðskotaefna,

d) tæknilegum ráðstöfunum sem nauðsynlegar eru til að ná umhverfismarkmiðum, einkum þeim sem miða að því að tryggja stöðugleika úrgangsstöðvarinnar og takmarka umhverfistjón,

e) þeim ráðstöfunum sem nauðsynlegar eru til að ná markmiðum við lokun og eftir lokun, þ.m.t. hreinsun lóðarinnar, meðhöndlun eftir lokun og vöktun ef þörf krefur og, ef við á, ráðstöfunum til að endurreisa líffræðilega fjölbreytni,

f) áætluðum tímamörkum áhrifa og nauðsynlegum ráðstöfunum til að draga úr áhættu,

g) mati á nauðsynlegum kostnaði til að tryggja hreinsun lóðarinnar, lokun og ráðstafanir eftir lokun, þ.m.t. möguleg vöktun eftir lokun eða meðhöndlun aðskotaefna.

2. Óháðir þriðju aðilar með tilskilin starfsréttindi skulu vinna matið sem um getur í g-lið og þeir skulu taka tillit til möguleikans á því að ófyrirséð lokun fari fram eða lokun fari fram of snemma.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 20. apríl 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Stavros Dimas

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 101, 21.4.2009, bls. 25. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 71/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins,* nr. 43, 2.8.2012, bls. 61.

([1]) Stjtíð. ESB L 102, 11.4.2006, bls. 15.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 87/2011 **2013/EES/14/12**

frá 2. febrúar 2011

um tilnefningu á tilvísunarrannsóknarstofu ESB fyrir rannsóknir á heilbrigði býflugna, um frekari skyldur og verkefni fyrir þá rannsóknarstofu og um breytingu á VII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt ([1]), einkum 5. og 6. mgr. 32. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 882/2004 er mælt fyrir um almenn verkefni, skyldur og kröfur sem varða tilvísunarrannsóknarstofur ESB fyrir matvæli og fóður og fyrir heilbrigði dýra. Tilvísunarrannsóknarstofur ESB fyrir rannsóknir á heilbrigði dýra og lifandi dýrum eru tilgreindar í II. hluta VII. viðauka við þá reglugerð.

2) Að valferlinu loknu skal sú rannsóknarstofnun sem varð fyrir valinu, Agence Nationale de Sécurité Sanitaire de l´alimentation, de l´environment et du travail (ANSES), ásamt rannsóknarstofu sinni á sviði býflugnasjúkdóma, Sophia-Antipolis rannsóknarstofunni í Frakklandi, tilnefnd sem tilvísunarrannsóknarstofa ESB á sviði heilbrigðis býflugna, til fimm ára frá 1. apríl 2011.

3) Til viðbótar við almennt hlutverk og skyldustörf, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 32. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004, skulu tilteknar, sértækar skyldur og verkefni, sem tengjast eiginleikum áhrifavalda sem líklegir eru til að hafa áhrif á heilbrigði býflugna, fara fram á vettvangi Sambandsins til að tryggja aukna samræmingu. Því skal, í þessari reglugerð, mæla fyrir um þessar viðbættu sértæku skyldur og -verkefni fyrir tilvísunarrannsóknarstofu ESB á sviði heilbrigðis býflugna.

4) Því ber að breyta II. hluta VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 882/2004 til samræmis við það.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Agence Nationale de Sécurité Sanitaire de l'alimentation, de l'environnement et du travail (ANSES) ásamt rannsóknarstofu hennar á sviði býflugnasjúkdóma í Sophia-Antipolis, Frakklandi, er hér með tilnefnd sem tilvísunarrannsóknarstofa ESB á sviði heilbrigðis býflugna, á tímabilinu frá 1. apríl 2011 til 31. mars 2016.

Tilteknar skyldur og verkefni fyrir þá rannsóknarstofu eru sett fram í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Í II. hluta VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 882/2004 bætist við eftirfarandi 18. liður:

„18. Tilvísunarrannsóknarstofa ESB fyrir rannsóknir á heilbrigði býflugna

Agence Nationale de Sécurité Sanitaire de l'alimentation, de l'environnement et du travail
Sophia-Antipolis Laboratory
Les Templiers
105 route des Chappes
BP 111
06902 Sophia-Antipolis
France."

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 29, 3.2.2011, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 123/2012 frá 13. júlí 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins,* nr. 63, 8.11.2012, p.1.

([1]) Stjtíð. ESB L 165, 30.4.2004, bls. 1.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. febrúar 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

VIÐAUKI

Tilteknar skyldur og verkefni tilvísunarrannsóknarstofu ESB fyrir rannsóknir á heilbrigði býflugna

Til viðbótar við almenn hlutverk og skyldustörf tilvísunarrannsóknarstofa ESB á sviði dýraheilbrigðis skv. 2. mgr. 32. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004 skal tilvísunarrannsóknarstofa ESB fyrir heilbrigði býflugna sinna eftirfarandi skyldum og verkefnum:

1. Samræma, í samráði við framkvæmdastjórnina, aðferðir sem eru notaðar í aðildarríkjunum við greiningu viðkomandi býflugnasjúkdóma, einkum með því að:

   a) tegundargreina, geyma og, þegar við á, útvega stofna viðkomandi sjúkdómsvalda til að auðvelda greiningarþjónustu í Sambandinu,

   b) tegundargreina og lýsa eiginleikum ónæmisvaka og genamengis sjúkdómsvalda, ef við á og nauðsynlegt er, til dæmis fyrir faraldsfræðilega eftirfylgni eða til að sannprófa greiningu.

   c) útvega landsbundnum tilvísunarrannsóknarstofum staðalsermi og önnur viðmiðunarprófefni til að hægt sé að staðla prófunina og prófefnin sem eru notuð í hverju aðildarríki fyrir sig, ef gerð er krafa um sermiprófanir,

   d) skipuleggja reglubundnar samanburðarprófanir á greiningaraðferðum á vettvangi Sambandsins með landsbundnu tilvísunarrannsóknastofunum, til þess að afla upplýsinga um greiningaraðferðir sem eru notaðar í Sambandinu og niðurstöður prófana sem þar eru gerðar,

   e) viðhalda sérþekkingu á Tropilaelaps mítlum og litlu býkúpubjöllunni (Aethina tumida) og öðrum sjúkdómsvöldum sem máli skipta svo unnt sé að gera skjóta samanburðargreiningu,

   f) sanngreina hvaða sjúkdómsvaldur orsakar sjúkdóminn, ef nauðsyn krefur í nánu samstarfi við svæðisbundnar tilvísunarrannsóknarstofur sem Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunin (OIE) hefur tilnefnt,

   g) koma upp og viðhalda uppfærðu safni af sjúkdómsvöldum og stofnum þeirra og uppfærðu safni af sértæku sermi og öðrum prófefnum gegn sjúkdómsvöldum sem orsaka sjúkdóma í býflugum, þegar eða ef þeir eru tiltækir,

   h) vera falið að skrá þær aðferðir sem nú eru notaðar hjá hinum ýmsu rannsóknarstofum,

   i) leggja til staðlaðar prófanir og prófunaraðferðir eða viðmiðunarprófefni vegna innra gæðaeftirlits,

   j) vera framkvæmdastjórninni til ráðgjafar um vísindalega þætti í tengslum við heilbrigði býflugna.

2. Tilvísunarrannsóknastofa ESB skal:

   a) veita virka aðstoð við greiningu á uppkomum viðkomandi sjúkdóms í aðildarríkjum með því að taka á móti einangrum sýkla til staðfestinga á sjúkdómsgreiningum, lýsinga á eiginleikum og rannsókna á dýrafarsóttum, og tilkynna framkvæmdastjórninni, aðildarríkjunum og viðkomandi landsbundnum tilvísunarrannsóknarstofum án tafar um niðurstöður allra rannsókna,

   b) stuðla að þjálfun eða endurþjálfun sérfræðinga í rannsóknarstofugreiningu með það fyrir augum að samhæfa greiningartækni í gervöllu Sambandinu,

   c) skipuleggja vinnufundi í þágu landsbundinna tilvísunarrannsóknarstofa eins og samþykkt var í vinnuáætluninni, þ.m.t. þjálfun sérfræðinga frá aðildarríkjum og, eins og við á, frá þriðju löndum, í nýjum greiningaraðferðum,

   d) veita framkvæmdastjórninni tækniaðstoð og, að beiðni hennar, taka þátt í umræðu á alþjóðavettvangi. einkum um stöðlun greiningaraðferða og framkvæmd þeirra,

   e) þróa vöktunarstarfsemi og samræma, hvenær sem þess er kostur, starfsemi sem miðar að bættu heilbrigðisástandi býflugna í Sambandinu, einkum með því að:

      i. framkvæma eða hafa samstarf við viðkomandi landsbundnar tilvísunarrannsóknarstofur um prófanir á fullgildingarprófunum,

      ii. veita framkvæmdastjórninni vísindalegan og tæknilegan stuðning og safna upplýsingum og skýrslum í tengslum við starfsemi tilvísunarrannsóknarstofu ESB,

      iii. koma á og samræma könnun á skyndidauða býflugnabúa í Sambandinu að því er varðar að fastsetja "eðlilega" grunnviðmiðun fyrir árstíðabundna dánartíðni býflugna,

f) hafa samstarf við viðkomandi lögbærar rannsóknarstofur í þriðju löndum þar sem þessir sjúkdómar eru algengir, að því er varðar greiningaraðferðir fyrir býflugnasjúkdóma,

g) hafa samstarf við viðkomandi svæðisbundnar rannsóknarstofur sem eru tilnefndar af Alþjóðadýraheilbrigðisstofnuninni að því er varðar framandi sjúkdóma (Tropilaelaps mítla og litlu býkúpubjöllu (Aethina tumida) og alla aðra framandi sjúkdóma í Sambandinu),

h) bera saman og upplýsingar og senda þær til framkvæmdastjórnarinnar og til landsbundinna tilvísunarrannsóknarstofa fyrir rannsóknir á framandi og landlægum sjúkdómum eða skaðvöldum sem kunna að koma upp og gætu haft áhrif á Sambandið, þ.m.t. um skyndidauða býflugnabúa.

3. Tilvísunarrannsóknastofa ESB skal einnig:

a) framkvæma, í samráði við framkvæmdastjórnina, tilraunir og vettvangsrannsóknir sem miða að bættum vörnum gegn tilteknum sjúkdómum í býflugum,

b) endurskoða viðeigandi reglur um prófanir, sem mælt er fyrir um í heilbrigðisreglum um landdýr frá Alþjóðadýraheilbrigðisstofnuninni og í handbók fyrir greiningarprófanir og bóluefni fyrir landdýr, á árlegum fundi landsbundinna tilvísunarrannsóknarstofa,

c) aðstoða framkvæmdastjórnina við að endurskoða tillögur Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar í heilbrigðisreglum um landdýr og handbók um greiningarprófanir og bóluefni fyrir landdýr.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2013/EES/14/13**

frá 8. júní 2010

um breytingu á ákvörðun 2007/589/EB að því er varðar að fella inn í hana viðmiðunarreglur um vöktun og skýrslugjöf vegna losunar gróðurhúsalofttegunda frá föngun, flutningi og geymslu koltvísýrings í jörðu (*)

(tilkynnt með númeri C(2010) 3310)

(2010/345/ESB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB ([1]), einkum 1. mgr. 14. gr. og 3. mgr. 24. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2003/87/EB er komið á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins (hér á eftir nefnd „kerfi Bandalagsins“). Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/29/EB frá 23. apríl 2009 um breytingu á tilskipun 2003/87/EB til að bæta og víkka út kerfi Bandalagsins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda ([2]) breytir tilskipun 2003/87/EB þannig að hún taki einnig til föngunar, flutnings og geymslu koltvísýrings í jörðu (hér á eftir nefnt „koltvísýringur“) innan kerfis Bandalagsins frá og með árinu 2013.

2) Samkvæmt 1. mgr. 14. gr. tilskipunar 2003/87/EB skal framkvæmdastjórnin samþykkja viðmiðunarreglur um vöktun og skýrslugjöf vegna losunar gróðurhúsalofttegunda í tengslum við starfsemi sem fellur undir kerfi Bandalagsins.

3) Fyrir 2013 mega aðildarríkin skv. 1. mgr. 24. gr. tilskipunar 2003/87/EB taka starfsemi við föngun, flutning og geymslu koltvísýrings í jörðu einhliða með í kerfi Bandalagsins.

4) Í 3. mgr. 24. gr. tilskipunar 2003/87/EB er kveðið á um lagagrundvöll fyrir Bandalagið til að samþykkja viðmiðunarreglur fyrir starfsemi sem fellur ekki enn undir I. viðauka við tilskipunina.

5) Framkvæmdastjórnin skal samþykkja viðmiðunarreglur um vöktun og skýrslugjöf vegna losunar gróðurhúsalofttegunda sem stafar af starfsemi við föngun, flutning og geymslu koltvísýrings í jörðu með það í huga að slík starfsemi verði tekin með í kerfi Bandalagsins frá 2013, og að mögulegt verði að taka hana einhliða með í kerfi Bandalagsins fyrir 2013.

6) Því ber að breyta ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/589/EB ([3]) til samræmis við það.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndar um loftslagsbreytingar sem um getur í 23. gr. tilskipunar 2003/87/EB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun 2007/589/EB er breytt sem hér segir:

1. Í stað 1. gr. komi eftirfarandi:

„1. gr.

Viðmiðunarreglur um vöktun og skýrslugjöf vegna losunar gróðurhúsalofttegunda frá þeirri starfsemi, sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB, og þeirri starfsemi sem fellur undir 1. mgr. 24. gr. þeirrar tilskipunar, eru settar fram í I. til XIV. og XVI. til XVIII. viðauka við þessa ákvörðun. Viðmiðunarreglur um vöktun og skýrslugjöf á upplýsingum um tonnkílómetra vegna flugstarfsemi í tengslum við umsókn skv. 3. gr. e eða 3. gr. f í tilskipun 2003/87/EB eru settar fram í XV. viðauka.

Viðmiðunarreglurnar byggjast á meginreglunum sem settar eru fram í IV. viðauka við fyrrgreinda tilskipun.

2. Töflunni yfir viðaukana er breytt sem hér segir:

a) Í stað færslunnar fyrir XII. viðauka komi eftirfarandi:

„XII. viðauki: Viðmiðunarreglur til að ákvarða losun eða magn af fluttum gróðurhúsalofttegundum með kerfi fyrir samfelldar mælingar“,

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 155, 22.6.2010, bls. 34. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 152/2012 frá 26. júlí 2012 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins,* nr. 63, 8.11.2012, bls. 43.

([1]) Stjtíð. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32.

([2]) Stjtíð. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 63.

([3]) Stjtíð. ESB L 229, 31.8.2007, bls. 1.

b) Eftirfarandi fyrirsagnir nýrra viðauka XVI., XVII. og XVIII, bætist við:

„XVI. viðauki: Sértækar viðmiðunarreglur fyrir ákvörðun á losun gróðurhúsalofttegunda frá starfsemi í tengslum við föngun koltvísýrings til að flytja hann og geyma í jörðu á geymslusvæði sem hefur fengið til þess leyfi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/31/EB (*).

XVII. viðauki: Sértækar viðmiðunarreglur fyrir ákvörðun á losun gróðurhúsalofttegunda frá flutningi á koltvísýringi um leiðslur til geymslu í jörðu á geymslusvæði sem hefur fengið til þess leyfi samkvæmt tilskipun 2009/31/EB.

XVIII. viðauki: Sértækar viðmiðunarreglur um geymslu koltvísýrings í jörðu á geymslusvæði sem hefur fengið til þess leyfi samkvæmt tilskipun 2009/31/EB.

(*) Stjtíð. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 114.

3. Ákvæðum I. viðauka er breytt eins og sett er fram í A-hluta viðaukans við þessa ákvörðun.

4. Í stað XII. viðauka komi textinn í B-hluta viðaukans við þessa ákvörðun.

5. Ákvæðum XVI. viðauka er bætt við eins og sett er fram í C-hluta viðaukans við þessa ákvörðun.

6. Ákvæðum XVII. viðauka er bætt við eins og sett er fram í D-hluta viðaukans við þessa ákvörðun.

7. Ákvæðum XVIII. viðauka er bætt við eins og sett er fram í E-hluta viðaukans við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 8. júní 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Connie HEDEGAARD

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

A. Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

1. Í 1. lið komi „II.–XI. og XIII.–XVIII. viðauka“ í stað „II.–XI. og XIII.-XV. viðauka“.

2. Ákvæðum 2. liðar er breytt sem hér segir:

a) Í inngangshluta komi „II.–XVIII. viðauka“ í stað „II.–XV. viðauka“.

b) Eftirfarandi j-liður bætist við í 3. mgr.:

„j) „mælipunktur“: upptök losunar þar sem losun er mæld með kerfi fyrir samfellda mælingu á losun (CEMS) eða þversnið leiðslukerfis þar sem flæði koltvísýrings er ákvarðað með því að nota kerfi fyrir samfelldar mælingar.“

c) Eftirfarandi 7. mgr. bætist við:

„7. Eftirfarandi skilgreiningar skulu gilda í tengslum við losun gróðurhúsalofttegunda frá starfsemi við föngun, flutning og geymslu á gróðurhúsalofttegundum í jörðu:

a) „geymsla koltvísýrings í jörðu“: „geymsla koltvísýrings í jörðu“ í skilningi 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 2009/31/EB,

b) „geymslusvæði“: geymslusvæði í skilningi 3. mgr. 3. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/31/EB,

c) „geymslusamstæða“: geymslusamstæða í skilningi 6. mgr. 3. gr. tilskipunar 2009/31/EB,

d) „flutningur koltvísýrings“: flutningur koltvísýrings um leiðslur til geymslu í jörðu á geymslusvæði sem hefur fengið til þess leyfi samkvæmt tilskipun 2009/31/EB,

e) „flutninganet“: flutninganet í skilningi 22. mgr. 3. gr. tilskipunar 2009/31/EB,

f) „föngun koltvísýrings“: föngun koltvísýrings úr gasstreymi sem annars væri losaður, í þeim tilgangi að flytja hann og geyma í jörðu á geymslusvæði sem hefur fengið til þess leyfi samkvæmt tilskipun 2009/31/EB,

g) „föngunarstöð“: stöð sem annast föngun koltvísýrings,

h) „dreifð losun“: óregluleg eða óviljandi losun frá upptökum sem ekki eru staðbundin eða of ólík eða of smá til að hægt sé að vakta þau hver fyrir sig, s.s. losun frá þéttum sem eru óskaddaðir að öðru leyti, lokum, milliþjöppustöðvum (e. *intermediate compressor stations*) og millistigsgeymsluaðstöðu,

i) „loftuð losun“ (e. *vented emissions*): losun sem sleppt er vísvitandi frá stöðinni á skilgreindum losunarpunkti,

j) „vatnssúla“: vatnssúla í skilningi 2. mgr. 3. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/31/EB,

k) „aukin endurheimt vetniskolefna“: vetniskolefni sem endurheimtast umfram það sem er dregið út með vatnsinndælingu eða með öðrum aðferðum,

l) „leki“ í tengslum við geymslu í jörðu: „leki“ í skilningi 5. mgr. 3. gr. tilskipunar 2009/31/EB.“

3. Ákvæðum 4. liðar er breytt sem hér segir:

a) Í lið 4.1. bætist eftirfarandi málsgrein við á eftir annarri málsgrein:

„Þegar leki frá geymslusamstæðu samkvæmt tilskipun 2009/31/EB er greindur og leiðir til losunar eða sleppingar koltvísýrings í vatnssúluna skal hann talinn með sem upptök losunar í viðkomandi stöð og vaktaður í samræmi við það eins og krafist er samkvæmt ákvæðum XVIII. viðauka. Undanskilja má lekann sem upptök losunar að fengnu samþykki lögbærs yfirvalds þegar ráðstafanir til úrbóta skv. 16. gr. tilskipunar 2009/31/EB hafa verið gerðar og losun eða slepping í vatnssúluna vegna lekans er ekki lengur greinanleg.“

b) Í lið 4.3 bætist eftirfarandi undirliðir við á eftir fjórðu málsgrein:

„o) staðsetning búnaðar fyrir hita- og þrýstingsmælingar í flutninganeti, þar sem við á,

p) verklagsreglur til að koma í veg fyrir, greina og magnákvarða lekaatvik frá flutninganetum, þar sem við á,

q) ef um er að ræða flutninganet: verklagsreglur sem tryggja á skilvirkan hátt að koltvísýringur sé einungis fluttur til stöðva sem hafa gild leyfi til losunar gróðurhúsalofttegunda eða þangað sem allur losaður koltvísýringur er vaktaður með skilvirkum hætti og gerð grein fyrir honum í samræmi við lið 5.7 í þessum viðauka,

r) ef koltvísýringur er fluttur samkvæmt lið 5.7 í þessum viðauka: auðkenning á viðtöku- og flutningsstöðvum. Að því er varðar stöðvar sem hafa leyfi til losunar gróðurhúsalofttegunda er þetta auðkenniskóði stöðvarinnar eins og skilgreint er í reglugerðinni skv. 19. gr. tilskipunar 2003/87/EB,

s) lýsing á kerfum fyrir samfelldar mælingar, þar sem við á, sem eru notuð á þeim stöðum þar sem koltvísýringur er fluttur milli stöðva sem flytja koltvísýring samkvæmt lið 5.7 í þessum viðauka,

t) þar sem við á, magnákvörðunaraðferðir fyrir losun eða sleppingu koltvísýrings í vatnssúluna frá mögulegum leka sem og magnákvörðunaraðferðir, sem hafa verið notaðar og hugsanlega aðlagaðar fyrir raunverulega losun eða sleppingu koltvísýrings í vatnssúluna frá leka, eins og tilgreint er í XVIII. viðauka.“

c) Í stað sjöttu málsgreinar í lið 4.3. komi eftirfarandi:

„Veruleg breyting á vöktunaraðferðinni, þegar hún er hluti af vöktunaráætluninni, skal háð samþykki lögbærs yfirvalds ef hún varðar:

— breytingu á flokkun stöðvarinnar eins og mælt er fyrir um í töflu 1,

— skipti milli reiknimiðuðu aðferðarinnar og mælimiðuðu aðferðarinnar til að ákvarða losun,

— aukna óvissu í gögnum um starfsemi eða í öðrum breytum (eftir því sem við á) sem hefur í för með sér breytingu á aðferðarþrepi,

— notkun eða aðlögun á magnákvörðunaraðferð fyrir losun vegna leka á geymslusvæðum.“

4. Ákvæðum 5. liðar er breytt sem hér segir:

a) Í lið 5.1 undir fyrirsögninni „losun við vinnslu“, í síðustu málsgrein, komi „II.–XI. og XVI., XVII. og XVIII. viðauka“ í stað „II.–XI. viðauka“ í allri málsgreininni,

b) í fyrsta málslið í lið 5.2 komi „II.–XI. viðauka og XIV.–XVIII. viðauka“ í stað „II.–XI. viðauka og XIV. og XV. viðauka“.

5. Í stað liðar 5.7 komi eftirfarandi:

„5,7 FLUTTUR KOLTVÍSÝRINGUR

Með fyrirvara um samþykki lögbærs yfirvalds getur rekstraraðili dregið frá reiknaðri losun stöðvarinnar allan þann koltvísýring sem er ekki losaður frá stöðinni heldur fluttur þaðan:

— sem hreint efni, eða notaður beint og bundinn í vörur eða hráefni eða

— til annarrar stöðvar sem hefur leyfi til losunar gróðurhúsalofttegunda nema aðrar kröfur, sem settar eru fram í XVII. eða XVIII. viðauka, eigi við,

að því tilskildu að frádrátturinn endurspeglist í samsvarandi skerðingu að því er varðar starfsemina og stöðina, sem viðkomandi aðildarríki skráir í landsskránni sem það leggur fyrir skrifstofu rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar. Viðkomandi magn koltvísýrings skal skráð sem minnisatriði fyrir hverja stöð, sem koltvísýringur hefur verið fluttur til eða móttekinn frá, í árlegri losunarskýrslu flutningsstöðvarinnar sem og viðtökustöðvarinnar.

Ef um er að ræða flutning til annarrar stöðvar skal viðtökustöðin bæta mótteknum koltvísýringi við reiknaða losun sína nema aðrar kröfur, sem settar eru fram í XVII. eða XVIII. viðauka, eigi við.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um flutningsstöðvar sem og um viðtökustöðvar, eftir því sem við á, skv. 21. gr. tilskipunar 2003/87/EB. Ef um er að ræða flutning til stöðvar sem fellur undir þá tilskipun skal flutningsstöðin tilgreina viðtökustöðina í árlegri losunarskýrslu sinni með því að greina frá auðkenniskóða viðtökustöðvarinnar eins og skilgreint er í reglugerðinni skv. 19. gr. þeirrar tilskipunar. Viðtökustöðin skal auðkenna flutningsstöðina á sama hátt.

Fluttur koltvísýringur frá stöð getur m.a. verið:

— hreinn koltvísýringur sem er notaður til að kolsýra drykkjarvörur,

— hreinn koltvísýringur sem er notaður sem þurrís til kælingar,

— hreinn koltvísýringur sem er notaður sem slökkviefni eða kælimiðill eða sem lofttegund á rannsóknarstofum,

— hreinn koltvísýringur sem er notaður til varna gegn skaðvöldum í korni,

— hreinn koltvísýringur sem er notaður sem leysir í matvæla- eða efnaiðnaði,

— koltvísýringur sem er notaður og bundinn í afurðir eða hráefni í efnaiðnaði og pappírsdeigsiðnaði (t.d. fyrir þvagefni eða útfelld karbónöt),

— karbónöt, sem eru bundin í úðaþurrkaða, ídræga vöru frá hálfþurri hreinsun útblásturs.

— koltvísýringur sem er fluttur til föngunarstöðva,

— koltvísýringur frá föngunarstöðvum sem er fluttur til flutninganeta,

— koltvísýringur frá flutninganetum sem er fluttur til geymslusvæða.

Massi koltvísýrings eða karbónats, sem er fluttur árlega, skal ákvarðaður með hámarksóvissu sem er undir 1,5%, annaðhvort beint með því að nota rúmmáls- eða massastreymismæla eða með vigtun eða óbeint út frá massa viðkomandi vöru (t.d. karbónata eða þvagefnis), eftir því sem við á, nema aðrar kröfur í sértækum viðaukum eigi við.

Í þeim tilvikum sem magn af fluttum koltvísýringi er bæði mælt í flutningsstöð og viðtökustöð skal magnið af fluttum koltvísýringi annars vegar og mótteknum koltvísýringi hins vegar vera það sama. Ef frávik milli mæligilda eru innan marka, sem unnt er að útskýra með óvissu mælikerfanna, skal nota meðalgildi beggja mæligilda í losunarskýrslum bæði á flutningsstöðinni og viðtökustöðinni. Losunarskýrslan skal innihalda yfirlýsingu þess efnis að þetta gildi hafi verið samræmt við gildi flutningsstöðvarinnar eða viðtökustöðvarinnar, eftir því sem við á. Mæligildið skal talið með sem minnisatriði.

Ef ekki er unnt að útskýra frávikið milli mæligildanna með óvissubili í mælikerfunum skulu rekstraraðilar þeirra stöðva sem um ræðir samræma mældu gildin með varfærnislegum leiðréttingum (þ.e. forðast að vanmeta losunina). Þeir sannprófendur sem annast sannprófanir á flutnings- og viðtökustöðvunum skulu sannprófa þessa samræmingu sem skal háð samþykki lögbærs yfirvalds.

Ef hluti af fluttum koltvísýringi er úr lífmassa, eða ef stöðin fellur aðeins að hluta til undir tilskipun 2003/87/EB, skal rekstraraðilinn eingöngu draga frá þann hluta af massa flutts koltvísýrings sem er úr jarðefnaeldsneyti og efnum í tengslum við starfsemi sem fellur undir tilskipunina. Þær aðferðir, sem notaðar eru til ákvörðunar, skulu vera varfærnislegar og háðar samþykki lögbærs yfirvalds.

Ef mælimiðaðri aðferð er beitt á flutningsstöðinni skulu bæði flutnings- og viðtökustöðin gera grein fyrir heildarmagni flutts eða móttekins koltvísýrings, sem er tilkominn vegna notkunar lífmassa, sem minnisatriði. Viðtökustöðinni skal ekki skylt að framkvæma eigin mælingar í þessum tilgangi en ber að greina frá magni koltvísýrings úr lífmassa sem flutningsstöðin hefur tekið á móti.“

6. Í 3. lið undirliðar c í lið 6.3 komi „II.–XI. viðauka og XVI., XVII. og XVIII. viðauka“ í stað „II.–XI. viðauka“.

7. Í 5. lið liðar 7.1 komi orðin „II.–XI. viðauka og XIV.–XVIII. viðauka“ í stað „II.–XI. viðauka og XIV. og XV. viðauka“.

8. Ákvæðum 8. liðar er breytt sem hér segir:

a) Í 6. undirgrein 5. liðar komi „I.–XI. viðauka og XVI., XVII og XVIII. viðauka“ í stað „I.–XI. viðauka“.

b) Í 5. lið bætist ný undirgrein við aftast:

„10) þar sem við á, magn koltvísýrings sem flutt er til eða móttekið frá öðrum stöðvum og tilgreina auðkenniskóða stöðvarinnar eins og skilgreint er í reglugerðinni skv. 19. gr. tilskipunar 2003/87/EB.“

c) Eftirfarandi nýr 6. liður bætist við:

„Lögbært yfirvald má leyfa rekstraraðilum geymslusvæða fyrir koltvísýring, eftir að þeim hefur verið lokað, að afhenda einfaldaðar losunarskýrslur, sem innihalda a.m.k. þá þætti sem taldir eru upp í 1. og 9. undirgrein, ef ekki er getið um nein upptök losunar í leyfi til losunar gróðurhúsalofttegunda.“

9. Eftirfarandi nýr liður bætist við í lok 9. liðar:

„Varðveita skal eftirfarandi viðbótarupplýsingar vegna starfsemi við föngun, flutning og geymslu koltvísýrings í jörðu:

— þar sem við á, gögn um magn koltvísýrings sem stöðvar, sem annast geymslu koltvísýrings í jörðu, sprauta inn í geymslusamstæðuna,

— þar sem við á, lýsandi uppsöfnuð gögn um þrýsting og hitastig frá flutninganeti,

— þar sem við á, afrit af geymsluleyfinu, þ.m.t. samþykkt vöktunaráætlun, skv. 9. gr. tilskipunar 2009/31/EB,

— þar sem við á, skýrslur sem lagðar eru fram skv. 14. gr. tilskipunar 2009/31/EB,

— þar sem við á, skýrslur um niðurstöður skoðana sem voru framkvæmdar skv. 15. gr. tilskipunar 2009/31/EB,

— þar sem við á, gögn um ráðstafanir til úrbóta sem gripið var til skv. 16. gr. tilskipunar 2009/31/EB.“

B. Í stað XII. viðauka komi eftirfarandi:

„XII. VIÐAUKI

Viðmiðunarreglur til að ákvarða losun eða magn af fluttum gróðurhúsalofttegundum með kerfi fyrir samfelldar mælingar

1. **MÖRK OG HEILLEIKI**

Ákvæði þessa viðauka gilda um losun gróðurhúsalofttegunda frá allri starfsemi sem tilskipun 2003/87/EB nær yfir. Losun getur komið frá mörgum upptökum losunar í stöð.

Ákvæði þessa viðauka gilda enn fremur um kerfi fyrir samfelldar mælingar sem eru notuð til að ákvarða flæði koltvísýrings í leiðslum, einkum þegar þær eru notaðar til flutnings á koltvísýringi milli stöðva, s.s. fyrir föngun, flutning og geymslu koltvísýrings í jörðu. Í þessum tilgangi skal túlka tilvísanir í losun í 6. lið og lið 7.2 í I. viðauka sem tilvísanir í magn af koltvísýringi sem flutt er í samræmi við lið 5.7 í I. viðauka.

2. **ÁKVÖRÐUN Á LOSUN GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDA**

Aðferðarþrep 1

Fyrir hvern mælipunkt skal ná heildaróvissu fyrir alla losun eða flæði koltvísýrings á skýrslutímabilinu sem er undir ± 10%.

Aðferðarþrep 2

Fyrir hvern mælipunkt skal ná heildaróvissu fyrir alla losun eða flæði koltvísýrings á skýrslutímabilinu sem er undir ± 7,5 %.

Aðferðarþrep 3

Fyrir hvern mælipunkt skal ná heildaróvissu fyrir alla losun eða flæði koltvísýrings á skýrslutímabilinu sem er undir ± 5 %.

Aðferðarþrep 4

Fyrir hvern mælipunkt skal ná heildaróvissu fyrir alla losun eða flæði koltvísýrings á skýrslutímabilinu sem er undir ± 2,5 %.

Almenn aðferð

Nota skal eftirfarandi formúlu til að ákvarða heildarlosun gróðurhúsalofttegundar frá tilteknum upptökum losunar eða það magn koltvísýrings sem leitt er gegnum mælipunktinn á skýrslutímabilinu. Ef upptök losunar eru á nokkrum stöðum í tiltekinni stöð og ekki er unnt að mæla þau sem ein upptök skal mæla losun frá þessum upptökum sérstaklega og leggja hana við heildarlosun viðkomandi lofttegundar á skýrslutímabilinu í allri stöðinni.

$$\text{Gróðurhúsalofttegund}_{\text{alls á ári}}\,[\text{t}] = \sum_{i=1}^{\text{rekstrarstundir á ári}} \text{Styrkur gróðurhúsalofttegunda}_i * \text{útblástursstreymi}_i$$

Ákvörðun á mæliþáttunum styrkur gróðurhúsalofttegunda og útblástursstreymi skal framkvæmd samkvæmt ákvæðum 6. liðar I. viðauka. Að því er varðar mælingar á fluttum koltvísýringi í leiðslum gilda ákvæði 6. liðar I. viðauka eins og ef mælipunkturinn væri upptök losunar, eftir því sem við á. Ekki þarf sérstaka útreikninga samkvæmt undirlið c í lið 6.3 til að staðfesta slíka mælipunkta.

Styrkur gróðurhúsalofttegunda

Styrkur gróðurhúsalofttegunda í útblæstrinum er ákvarðaður með samfelldri mælingu á dæmigerðum mælipunkti. Unnt er að mæla styrk gróðurhúsalofttegunda með tveimur aðferðum:

AÐFERÐ A

Styrkur gróðurhúsalofttegundar er mældur beint.

AÐFERÐ B

Þegar styrkur gróðurhúsalofttegundar er mjög hár, t.d. í flutninganetum, má reikna styrk gróðurhúsalofttegundar með massajöfnun, að teknu tilliti til mældra styrkgilda fyrir alla aðra þætti gasstreymisins, eins og mælt er fyrir um í vöktunaráætlun stöðvarinnar:

$$\textit{Styrkur gróðurhúsalofttegundar}\,[\%] = 100\% - \sum_{i} \textit{Styrkur þáttar}\,[\%]$$

Útblástursstreymi

Unnt er að ákvarða magn þurrs útblástursstreymis með því að nota aðra hvora eftirtalinna aðferða:

AÐFERÐ A

Útblástursstreymið Q_e er reiknað með massajöfnunaraðferð, með tilliti til allra mikilvægra þátta, s.s. magns ílagsefna, inntaksloftstreymis, vinnslugetu og, að því er varðar frálag, framleiðsluvöru, styrks súrefnis, brennisteinsdíoxíðs og köfnunarefnisoxíða.

Reiknimiðaða aðferðin sem notuð er skal samþykkt af lögbæru yfirvaldi sem hluti af mati á vöktunaráætluninni og vöktunaraðferðinni sem í henni er að finna.

AÐFERÐ B

Útblástursstreymið Q_e er ákvarðað með samfelldri mælingu á dæmigerðum mælipunkti.“

C. Eftirfarandi XVI. viðauki bætist við:

„XVI. viðauki

Sértækar viðmiðunarreglur fyrir ákvörðun á losun gróðurhúsalofttegunda frá starfsemi í tengslum við föngum koltvísýrings til að flytja hann og geyma í jörðu á geymslusvæði sem hefur fengið til þess leyfi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2009/31/EB

1. MÖRK OG HEILLEIKI

Sértæku viðmiðunarreglurnar í þessum viðauka gilda um vöktun á losun frá starfsemi í tengslum við föngun koltvísýrings.

Föngun koltvísýrings getur annað hvort farið fram á sérhæfðum stöðvum, sem taka við koltvísýringi sem fluttur er frá öðrum stöðvum, eða á stöðvum sem annast þá starfsemi sem losar koltvísýringinn, sem skal fanga, samkvæmt sama leyfinu til losunar gróðurhúsalofttegunda. Allir hlutar stöðvarinnar sem tengjast föngun koltvísýrings, millistigsgeymslu, flutningi í flutninganet fyrir koltvísýring eða á stað fyrir geymslu koltvísýrings, sem er losaður sem gróðurhúsalofttegund, í jörðu skulu teljast með í leyfinu til losunar gróðurhúsalofttegunda. Ef stöðin sinnir annarri starfsemi sem fellur undir tilskipun 2003/87/EB skal losun frá þeirri starfsemi vöktuð í samræmi við viðeigandi viðauka við þessar viðmiðunarreglur.

2. **LOSUN FRÁ STARFSEMI Í TENGSLUM VIÐ FÖNGUN KOLTVÍSÝRINGS**

Við starfsemi í tengslum við föngun koltvísýrings geta möguleg upptök losunar á koltvísýringi m.a. verið:

— koltvísýringur sem er fluttur til föngunarstöðvar,

— bruni og önnur tengd starfsemi í stöðinni (sem tengist föngun) t.d. notkun á eldsneyti og ílagsefnum.

3. **MAGNÁKVÖRÐUN Á FLUTTU OG LOSUÐU MAGNI KOLTVÍSÝRINGS**

3.1. MAGNÁKVÖRÐUN INNAN STÖÐVAR

Losun er reiknuð með því að nota fullkomið massajafnvægi að teknu tilliti til mögulegrar losunar koltvísýrings frá allri starfsemi viðkomandi losun í stöðinni sem og þess koltvísýringsmagns sem er fangað og flutt í flutninganetið.

Reikna skal losun frá stöðinni með eftirfarandi formúlu:

$$E_{föngunarstöð} = T_{ílag} + E_{án\ föngunar} - T_{til\ geymslu}$$

þar sem:

$E_{föngunarstöð}$ = heildarlosun gróðurhúsalofttegunda í föngunarstöðinni

$T_{ílag}$= magn koltvísýrings sem er flutt til föngunarstöðvarinnar, ákvarðað í samræmi við XII. viðauka og lið 5.7. í I. viðauka. Ef rekstraraðili getur sýnt lögbæru yfirvaldi með fullnægjandi hætti fram á að heildarlosun á koltvísýringi í stöðinni sem losar sé flutt til föngunarstöðvarinnar getur lögbæra yfirvaldið heimilað rekstraraðilanum að nota þá losun losunarstöðvarinnar sem er ákvörðuð skv. I. til XII. viðauka í stað þess að nota kerfi fyrir samfellda mælingu á losun.

$E_{án\ föngunar}$ = losun stöðvarinnar ef koltvísýringurinn er ekki fangaður, þ.e. samtala losunarinnar frá allri annarri starfsemi stöðvarinnar, sem vöktuð er í samræmi við viðeigandi viðauka.

$T_{til\ geymslu}$ = magn koltvísýrings sem flutt er til flutninganets eða á geymslusvæði, ákvarðað í samræmi við XII. viðauka og lið 5.7 í I. viðauka.

Ef föngun koltvísýrings fer fram í sömu stöð og fangaði koltvísýringurinn er upprunanlega frá er $T_{ílag}$ núll.

Þegar um er að ræða sjálfstæðar föngunarstöðvar er $E_{án\ föngunar}$ magn losunar sem stafar frá öðrum upptökum en koltvísýringurinn sem fluttur er til stöðvarinnar til föngunar, s.s. losun frá bruna í hverflum, þjöppum og hiturum. Þessa losun má ákvarða með útreikningum eða mælingum í samræmi við viðeigandi sértæka viðauka.

Ef um er að ræða sjálfstæðar föngunarstöðvar skal stöðin, sem flytur koltvísýring til föngunarstöðvarinnar, draga magn $T_{ílags}$ frá sinni eigin losun.

3.2. ÁKVÖRÐUN Á FLUTTUM KOLTVÍSÝRINGI

Ákvarða skal magn koltvísýrings, sem er flutt til og frá föngunarstöðinni, í samræmi við lið 5.7 í I. viðauka með því að nota kerfi fyrir samfellda mælingu á losun í samræmi við XII. viðauka. Beita skal að lágmarki aðferðarþrepi 4 eins og það er skilgreint í XII. viðauka. Aðeins má nota næsta aðferðarþrep fyrir neðan fyrir viðkomandi upptök losunar ef lögbæru yfirvaldi hefur verið sýnt með fullnægjandi hætti fram á að ekki sé tæknilega framkvæmanlegt að nota þetta aðferðaþrep.“

D. Eftirfarandi XVII. viðauki bætist við:

"XVII. VIÐAUKI

Sértækar viðmiðunarreglur fyrir ákvörðun á losun gróðurhúsalofttegunda frá flutningi koltvísýrings um leiðslur til geymslu í jörðu á geymslusvæði sem hefur fengið til þess leyfi samkvæmt tilskipun 2009/31/EB

1. **MÖRK OG HEILLEIKI**

Mælt er fyrir um mörkin fyrir vöktun og skýrslugjöf vegna losunar frá flutningi koltvísýrings um leiðslur í leyfi flutninganetsins til losunar gróðurhúsalofttegunda, þ.m.t allar stöðvar sem eru rekstrarlega tengdar flutninganetinu, þ.m.t. þjöppunarstöðvar og hitarar. Sérhvert flutninganet hefur að lágmarki einn upphafspunkt og einn endapunkt sem hvor um sig er tengdur við aðrar stöðvar sem annast eina eða fleiri af eftirfarandi starfsemi: föngun, flutning eða geymslu koltvísýrings í jörðu. Upphafs- og endapunktar geta náð yfir kvíslun í flutninganetinu og landamæri. Mæla skal fyrir um upphafs- og endapunkta og stöðvarnar sem þeir tengjast í leyfinu til losunar gróðurhúsalofttegunda.

2. **MAGNÁKVÖRÐUN Á LOSUN KOLTVÍSÝRINGS**

Á meðan á flutningi koltvísýrings um leiðslur stendur geta möguleg upptök losunar á koltvísýringi m.a. verið:

— bruni og annað ferli í stöðvum sem eru rekstrarlega tengdar flutninganetinu, þ.m.t. þjöppunarstöðvar,

— dreifð losun frá flutninganetinu,

— loftuð losun úr flutninganetinu,

— losun frá lekaatvikum í flutninganetinu.

Flutninganet sem notar aðferð B hér á eftir skal ekki bæta koltvísýringi, sem fenginn er frá annarri stöð í viðskiptakerfinu fyrir losunarheimildir, við reiknaða losun sína og skal ekki draga þann koltvísýring, sem er fluttur til annarrar stöðvar í viðskiptakerfinu fyrir losunarheimildir, frá reiknaðri losun sinni.

2.1. MAGNÁKVÖRÐUNARAÐFERÐIR

Rekstraraðilar flutninganets geta valið aðra af eftirfarandi aðferðum:

AÐFERÐ A

Losun flutninganetsins er ákvörðuð með massajöfnun samkvæmt eftirfarandi formúlu:

$$\text{Losun } [tCO_2] = E_{\text{eigin starfsemi}} + \sum_i T_{IN,i} - \sum_j T_{OUT,j}$$

þar sem:

Losun = Heildarlosun koltvísýrings frá flutninganetinu (t CO_2).

$E_{\text{eigin starfsemi}}$ = losun frá eigin starfsemi flutninganetsins (þ.e. ekki vegna koltvísýrings sem er fluttur), t.d. frá eldsneyti sem er notað í þjöppunarstöðvum, sem er vöktuð í samræmi við viðeigandi viðauka við þessar viðmiðunarreglur.

$T_{IN,i}$ = magn koltvísýrings sem flutt er til flutninganetsins á inntakspunkti i, ákvarðað í samræmi við XII. viðauka og lið 5.7 í I. viðauka.

$T_{OUT,j}$ = magn koltvísýrings sem flutt er út úr flutninganetinu á úttakspunkti j, ákvarðað í samræmi við XII. viðauka og lið 5.7 í I. viðauka.

AÐFERÐ B

Losun skal reiknuð með því að taka tillit til mögulegrar losunar á koltvísýringi frá öllum ferlum í stöðinni, sem skipta máli að því er varðar losun, sem og þess koltvísýringsmagns sem er fangað og flutt til flutningsaðstöðunnar, með eftirfarandi formúlu:

$$\text{Losun } (tCO_2) = CO_{2\ \text{dreifð}} + CO_{2\ \text{loftuð}} + CO_{2\ \text{lekaatvik}} + CO_{2\ \text{stöðvar}}$$

þar sem:

Losun = Heildarlosun koltvísýrings frá flutninganetinu (tCO_2).

$CO_{2\ \text{dreifð losun}}$ = magn dreifðar losunar (tCO_2) frá koltvísýringi sem er fluttur í flutninganetinu, þ.m.t. frá þéttum, lokum, milliþjöppustöðvum og millistigsgeymsluaðstöðu.

$CO_{2\ \text{loftuð}}$= magn loftaðrar losunar (tCO_2) frá koltvísýringi sem fluttur er í flutninganetinu.

$CO_{2\ \text{lekaatvik}}$ = magn koltvísýrings (tCO_2), sem er flutt í flutninganetinu, sem er losað vegna bilunar í einum eða fleiri íhlutum flutninganetsins.

$CO_{2\ \text{stöðvar}}$ = magn koltvísýrings (tCO2) sem er losað frá brennslu eða öðrum ferlum sem tengjast rekstrarlega flutningi um leiðslur flutninganetsins, vaktað í samræmi við viðeigandi viðauka við þessar viðmiðunarreglur.

2.2. KRÖFUR UM MAGNÁKVÖRÐUN

Þegar rekstraraðili velur annaðhvort aðferð A eða B skal hann sýna lögbæru yfirvaldi fram á að valin aðferðafræði muni leiða til áreiðanlegri niðurstaðna með minni óvissu um heildarlosunina og notuð sé besta fáanlega tækni og þekking á þeim tíma sem umsóknin um leyfi til losunar gróðurhúsaloftegunda er lögð fram, án þess að það leiði til óhóflegs kostnaðar. Þegar aðferð B er valin skal rekstraraðilinn sýna lögbæru yfirvaldi með fullnægjandi hætti fram á að heildaróvissa, að því er varðar árlega losun gróðurhúsalofttegunda fyrir flutninganet rekstraraðilans, fari ekki yfir 7,5%.

2.2.1. SÉRKRÖFUR FYRIR AÐFERÐ A

Ákvarða skal magn koltvísýrings, sem flutt er til og frá flutninganetinu, í samræmi við lið 5.7 í I. viðauka með því að nota kerfi fyrir samfellda mælingu á losun í samræmi við XII. viðauka. Beita skal að lágmarki aðferðarþrepi 4 eins og það er skilgreint í XII. viðauka. Aðeins má nota næsta aðferðarþrep fyrir neðan fyrir viðkomandi upptök losunar ef lögbæru yfirvaldi hefur verið sýnt með fullnægjandi hætti fram á að ekki sé tæknilega framkvæmanlegt að nota þetta aðferðarþrep.

2.2.2. SÉRKRÖFUR FYRIR AÐFERÐ B

2.2.2.1. Losun við brennslu

Vakta skal mögulega losun við brennslu vegna eldsneytisnotkunar í samræmi við II. viðauka.

2.2.2.2. Dreifð losun frá flutninganetinu

Dreifð losun er m.a. losun frá eftirfarandi tegundum búnaðar:

— þéttum,

— mælingabúnaði,

— lokar,

— milliþjöppustöðvum,

— millistigsgeymsluaðstöðu.

Rekstaraðilinn skal ákvarða meðallosunarstuðla EF (gefnir upp sem g koltvísýrings/tímaeiningu) fyrir hvern hluta búnaðar/hvert tilvik þar sem búast má við dreifðri losun við upphaf rekstrar og eigi síðar en við lok fyrsta skýrslugjafarárs sem flutninganetið er í rekstri. Rekstaraðilinn skal endurskoða þessa stuðla a.m.k. á fimm ára fresti í ljósi bestu, fáanlegrar tækni á þessu sviði.

Heildarlosun skal reiknuð með því að margfalda fjölda hluta búnaðar í hverjum flokki með losunarstuðlinum og leggja saman niðurstöðurnar fyrir einstaka flokka eins og sýnt er í jöfnunni hér á eftir:

$$\text{Dreifð losun } [tCO_2] = \left(\sum_{\text{flokkur}} EF[gCO_2/\text{tilvik}]_i \times \text{fjöldi tilvika}_j \right)/1\,000\,000$$

Fjöldi tilvika er fjöldi hluta í tilteknum búnaði í hverjum flokki, margfaldað með fjölda tímaeininga á ári.

2.2.2.3. Losun frá lekaatvikum

Rekstraraðili flutninganetsins skal færa sönnur á heildstæði netsins með notkun dæmigerðra gagna (tengd tíma og rúmi) um hita og þrýsting. Ef gögnin gefa til kynna að leki hafi átt sér stað skal rekstraraðilinn reikna magn koltvísýrings sem lak með viðeigandi aðferðum, sem skjalfestar eru í vöktunaráætluninni og byggjast á bestu starfsvenjum í iðnaði, t.d. með því að nota mismuninn í gögnum um hita og þrýsting samanborið við meðalgildi þrýstings og hita í tengslum við heildstæði.

2.2.2.4. Loftuð losun

Rekstraraðilinn skal leggja fram í vöktunaráætluninni greiningu varðandi mögulegar aðstæður loftaðrar losunar, þ.m.t. vegna viðhalds eða í neyðarástandi, og leggja fram viðeigandi skjalfestar aðferðir til að reikna út magn loftaðs koltvísýrings miðað við bestu starfsvenjur í iðnaði.

2.2.2.5. Fullgilding á niðurstöðum útreikninga fyrir dreifða losun og losun vegna leka

Að því gefnu að vöktun á koltvísýringi, sem er fluttur til og frá flutninganetinu, verði í öllum tilvikum framkvæmd í viðskiptalegum tilgangi skal rekstraraðili flutninganetsins nota aðferð A fyrir fullgildingu niðurstaðna aðferðar B a.m.k. einu sinni á ári. Í þessu tilliti er heimilt að nota lægri aðferðaþrep, sem skilgreind eru í XII. viðauka, til að mæla fluttan koltvísýring.“

E Eftirfarandi XVIII. viðauki bætist við:

“XVIII. VIÐAUKI

Sértækar viðmiðunarreglur fyrir geymslu koltvísýrings í jörðu á geymslusvæði sem hefur fengið til þess leyfi samkvæmt tilskipun 2009/31/EB

1. **MÖRK**

Mörk fyrir vöktun og skýrslugjöf vegna losunar frá geymslu koltvísýrings í jörðu skulu vera staðarsértæk og byggjast á afmörkun geymslusvæðisins og geymslusamstæðunnar eins og tilgreint er í leyfinu samkvæmt tilskipun 2009/31/EB. Öll upptök losunar frá inndælingarstöð koltvísýrings skulu teljast með í leyfinu til losunar gróðurhúsalofttegunda. Þegar leki greinist frá geymslusamstæðunni, sem leiðir til losunar eða sleppingar koltvísýrings í vatnssúluna, skal hann talinn með sem upptök losunar í viðkomandi stöð þar til ráðstafanir til úrbóta skv. 16. gr. tilskipunar 2009/31/EB hafa verið gerðar og losun eða slepping í vatnssúluna vegna lekans er ekki lengur greinanleg.

2. **ÁKVÖRÐUN Á LOSUN KOLTVÍSÝRINGS**

Möguleg upptök losunar á koltvísýringi vegna geymslu koltvísýrings í jörðu geta m.a. verið:

— notkun eldsneytis á þjöppunarstöðvum og önnur brennslustarfsemi, t.d. orkuver á staðnum,

— loftun frá inndælingu eða aukinni endurheimt vetniskolefna,

— dreifð losun frá inndælingu,

— koltvísýringur sem sleppur í gegn frá aukinni endurheimt vetniskolefna,

— leki.

Geymslusvæði skal ekki bæta koltvísýringi, sem fenginn er frá annarri stöð, við reiknaða losun sína og skal ekki draga þann koltvísýring. sem er fluttur til annarrar stöðvar eða geymdur í jörðu á geymslusvæðinu, frá reiknaðri losun sinni.

2.1. LOSUN VEGNA ELDSNEYTISNOTKUNAR

Losun við brennslu vegna starfsemi ofan jarðar skal ákvörðuð í samræmi við II. viðauka.

2.2. LOFTUÐ OG DREIFÐ LOSUN FRÁ INNDÆLINGU

Loftuð og dreifð losun skal ákvörðuð á eftirfarandi hátt:

$$CO_2 \text{ losað } [tCO_2] = V\ CO_2\ [tCO_2] + F\ CO_2\ [tCO_2]$$

Með

V CO_2 = magn loftaðs koltvísýrings

F CO_2 = magn koltvísýrings frá dreifðri losun

Ákvarða skal V CO_2 með því að nota kerfi fyrir samfellda mælingu á losun koltvísýrings samkvæmt XII. viðauka við þessar viðmiðunarreglur. Ef notkun kerfis fyrir samfellda mælingu á losun myndi leiða til óhóflegs kostnaðar getur rekstraraðilinn tekið með í vöktunaráætluninni viðeigandi aðferðir sem byggja á bestu starfsvenjum í iðnaði, með fyrirvara um samþykki lögbærs yfirvalds.

F CO_2 skal teljast sem ein upptök sem þýðir að kröfurnar um óvissu í XII. viðauka og lið 6.2 í I. viðauka eiga við um heildargildi og ekki um einstaka losunarpunkta. Rekstraraðilinn skal leggja fram greiningu í vöktunaráætluninni varðandi möguleg upptök dreifðrar losunar og leggja fram viðeigandi skjalfestar aðferðir til að reikna eða mæla magn F CO_2 miðað við bestu starfsvenjur í iðnaði. Við ákvörðun á F CO_2 er heimilt að nota gögn sem safnað er skv. 13. gr. og undirliðum e til h í lið 1.1 í II. viðauka við tilskipun 2009/31/EB fyrir inndælingarstöðina, þar sem þau samræmast kröfunum í þessum viðmiðunarreglum.

2.3. LOFTUÐ OG DREIFÐ LOSUN FRÁ AUKINNI ENDURHEIMT VETNISKOLEFNA

Þegar aukin endurheimt vetniskolefna (EHR) fer saman við geymslu koltvísýrings í jörðu er líklegt að fram komi viðbótarefnisstraumur losunar, nánar tiltekið koltvísýringur sem sleppur í gegn með unnu vetniskolefnunum. Viðbótarupptök losunar frá starfsemi í tengslum við aukna endurheimt vetniskolefna eru m.a.:

— einingar fyrir aðskilnað á olíu og gasi og gasendurvinnslustöðvar þar sem dreifð losun koltvísýrings gæti átt sér stað,

— afgaslogareykháfur þar sem losun gæti átt sér stað vegna notkunar samfelldra, jákvæðra loftunarkerfa og við þrýstingsléttingu í stöðinni sem framleiðir vetniskolefni,

— loftunarkerfi fyrir koltvísýring til að koma í veg fyrir að mikill koltvísýringsstyrkur slökkvi afgaslogann.

Allri dreifðri losun sem á sér stað er yfirleitt beint með gasaflokunarkerfi til afgaslogakerfis eða loftunarkerfis fyrir koltvísýring. Öll slík dreifð eða loftuð losun koltvísýrings, t.d. úr loftunarkerfi fyrir koltvísýring, skal ákvörðuð í samræmi við lið 2.2 í þessum viðauka.

Losun úr afgaslogareykháfi skal ákvörðuð í samræmi við II. viðauka með tilliti til mögulegs innifalins koltvísýrings í afgasloganum.

3. **LEKI FRÁ GEYMSLUSAMSTÆÐUNNI**

Vöktun skal hefjast ef um er að ræða einhvern leka sem leiðir til losunar eða sleppingar í vatnssúluna. Losun sem á sér stað vegna sleppingar koltvísýrings í vatnssúluna skal teljast jöfn magninu sem sleppt er í vatnssúluna.

Vöktun losunar eða sleppingar í vatnssúluna frá leka skal haldið áfram þar til ráðstafanir til úrbóta skv. 16. gr. tilskipunar 2009/31/EB hafa verið gerðar og losun eða slepping í vatnssúluna greinist ekki lengur.

Losun og sleppingu í vatnssúluna skal magngreina með eftirfarandi hætti:

$$CO_2 \text{ losað } [tCO_2] = \sum_{T_{upphaf}}^{T_{lok}} L\ CO_2\ [tCO_2/d]$$

Með

$L\ CO_2$ = massi koltvísýrings sem er losaður eða sleppt hvern almanaksdag vegna lekans. Fyrir hvern almanaksdag sem lekinn er vaktaður skal hann reiknaður sem meðaltal þess massa sem lekur á klukkustund (tCO_2/h) margfaldað með 24. Ákvarða skal massann, sem lekur á hverri klukkustund, samkvæmt ákvæðunum í samþykktu vöktunaráætluninni fyrir geymslusvæðið og lekann. Fyrir hvern almanaksdag fyrir upphaf vöktunar skal miða við að massinn sem lak hvern dag jafngildi massa lekans hvern dag á fyrsta degi vöktunarinnar.

T_{upphaf} = það sem á sér síðast stað:

a) síðasti dagurinn þar sem engin losun eða slepping í vatnssúluna frá þeim upptökum sem um ræðir er skráð,

b) dagurinn er inndæling koltvísýrings hófst,

c) annar dagur þegar liggja fyrir gögn sem sýna lögbæru yfirvaldi með fullnægjandi hætti fram á að losunin eða sleppingin í vatnssúluna geti ekki hafa byrjað fyrir þann dag.

T_{lok} = sá dagur þegar gripið var til ráðstafana til úrbóta í samræmi við 16. gr. tilskipunar 2009/31/EB og losun eða slepping í vatnssúluna greinist ekki lengur.

Nota má aðrar aðferðir til að magngreina losun eða sleppingu í vatnssúluna vegna leka ef lögbært yfirvald samþykkir þær á grundvelli þess að þær séu nákvæmari en aðferðin hér að framan.

Magngreina skal losun, sem hefur lekið frá geymslusamstæðunni, fyrir hvert lekaatvik með heildaróvissu að hámarki ± 7,5% á skýrslutímabilinu. Ef heildaróvissa þeirra aðferða sem beitt er við magnákvörðun er meiri en ± 7,5% skal aðlaga aðferðirnar á eftirfarandi hátt:

$$CO_{2\text{'tilkynnt}}\ [tCO_2] = CO_{2,\text{magngreint}}\ [tCO_2] \times (1 + (\text{óvissa}_{\text{kerfi}}\ [\%]/100) - 0{,}075)$$

Með

$CO_{2,\text{tilkynnt}}$: magn koltvísýrings sem telja á með í skýrslu um árlega losun að því er varðar lekaatvikið sem um ræðir,

$CO_{2\text{magngreint}}$: magn koltvísýrings sem er ákvarðað með þeirri aðferð magnákvörðunar sem notuð er fyrir lekaatvikið sem um ræðir,

$\text{Óvissa}_{\text{kerfi}}$: óvissustig sem tengist aðferð við magnákvörðun sem notuð er fyrir lekaatvikið sem um ræðir, ákvarðað skv. 7. lið I. viðauka við þessar viðmiðunarreglur.“

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) nr. 954/2011 **2013/EES/14/14**

frá 14. september 2011

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2006/2004 um samvinnu milli innlendra yfirvalda sem bera ábyrgð á framkvæmd laga um neytendavernd (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar bandalaganna ([1]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna löggjafarmeðferð ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 2006/2004 ([3]) er mælt fyrir um við hvaða aðstæður lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum, sem eru tilnefnd ábyrg fyrir framkvæmd laga til verndar hagsmunum neytenda, skuli hafa samstarf sín á milli og við framkvæmdastjórnina til að tryggja að farið sé að þessum lögum og til að tryggja snurðulausa starfsemi innri markaðarins og til að auka fjárhagslega vernd neytenda.

2) Í a-lið 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 2006/2004 eru „lög til verndar hagsmunum neytenda“ skilgreind sem tilskipanir eins og þær eru leiddar í landslög aðildarríkjanna og reglugerðir sem eru tilgreindar í viðaukanum við reglugerðina („viðaukanum“).

3) Frá því reglugerð (EB) nr. 2006/2004 öðlaðist gildi hafa margar lagagerðir, sem eru tilgreindar í viðaukanum, verið felldar úr gildi og ný löggjöf samþykkt.

4) Tilskipun 84/450/EBE ([4]) hefur verið felld úr gildi og í stað hennar kemur tilskipun 2006/114/EB ([5]). Því er rétt að tilvísun til tilskipunar 84/450/EBE falli brott úr viðaukanum og í stað hennar komi tilvísun til þeirra sértæku greina tilskipunar 2006/114/EB sem miða að því að vernda hagsmuni neytenda.

5) Tilskipun 87/102/EBE ([6]) hefur verið felld úr gildi og í stað hennar kemur tilskipun 2008/48/EB ([7]), en þar er ekki sérstaklega kveðið á um að tilvísanir til tilskipunar 87/102/EBE, sem hefur verið felld úr gildi, beri að túlka sem tilvísanir til tilskipunar 2008/48/EB. Með skírskotun

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 259, 4.10.2011, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 182/2012 frá 28. september 2012 um breytingu á XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins,* nr. 70, 13.12.2012, bls. 44.

([1]) Stjtíð. ESB C 218, 23.7.2011, bls. 69.

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 5. júlí 2011 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 27. júlí 2011.

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2006/2004 frá 27. október 2004 um samvinnu milli innlendra yfirvalda sem bera ábyrgð á framkvæmd laga um neytendavernd (reglugerð um samvinnu um neytendavernd) (Stjtíð. ESB L 364, 9.12.2004, bls. 1).

([4]) Tilskipun ráðsins 84/450/EBE frá 10. september 1984 um villandi auglýsingar og samanburðarauglýsingar (Stjtíð. EB L 250, 19.9.1984, bls. 17).

([5]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/114/EB frá 12. desember 2006 um villandi auglýsingar og samanburðarauglýsingar (Stjtíð. ESB L 376, 27.12.2006, bls. 21).

([6]) Tilskipun ráðsins 87/102/EBE frá 22. desember 1986 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi neytendalán (Stjtíð. EB L 42, 12.2.1987, bls. 48).

([7]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/48/EB frá 23. apríl 2008 um lánssamninga fyrir neytendur og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 87/102/EBE (Stjtíð. ESB L 133, 22.5.2008, bls. 66).

til réttarvissu er því rétt að í stað tilvísunar til tilskipunar 87/102/EBE í viðaukanum komi tilvísun til tilskipunar 2008/48/EB.

6) Tilskipun 89/552/EBE ([1]) hefur verið felld úr gildi og í stað hennar kemur tilskipun 2010/13/ESB ([2]). Samkvæmt annarri málsgrein 34. gr. í tilskipun 2010/13/ESB ber að túlka tilvísanir til tilskipunar 89/552/EBE sem tilvísanir til tilskipunar 2010/13/ESB. Fyrir skýrleika sakir er þó rétt að í stað tilvísunar til tilskipunar 89/552/EBE í viðaukanum komi tilvísun til viðeigandi greina tilskipunar 2010/13/ESB.

7) Tilskipun 93/13/EBE ([3]) var ekki breytt með ákvörðun 2002/995/EB ([4]). Því er rétt að tilvísun til þeirrar ákvörðunar falli brott úr viðaukanum.

8) Tilskipun 94/47/EB ([5]) hefur verið felld úr gildi og í stað hennar kemur tilskipun 2008/122/EB ([6]). Samkvæmt annarri málsgrein 18. gr. í tilskipunar 2008/122/EB ber að túlka tilvísanir til tilskipunar 94/47/EB sem tilvísanir til tilskipunar 2008/122/EB. Fyrir skýrleika sakir er þó rétt að í stað tilvísunar til tilskipunar 94/47/EB í viðaukanum komi tilvísun til tilskipunar 2008/122/EB.

9) Tilskipun 97/55/EB ([7]) er tilskipun til breytingar á niðurfelldri tilskipun 84/450/EBE. Því er rétt að tilvísun til tilskipunar 97/55/EB falli brott úr viðaukanum.

10) Viðaukanum skal breyta til samræmis við það.

11) Nauðsynlegt er að meta skilvirkni reglugerðar (EB) nr. 2006/2004 og beitingu hennar í raun, og gera ítarlega athugun á því hvort þurfi hugsanlega að fella inn í viðaukann fleiri lög sem vernda hagsmuni neytenda, með tilliti til hugsanlegrar endurskoðunar á þeirri reglugerð í því skyni að tryggja löggæsluyfirvöldum aukin úrræði til að greina með skilvirkum hætti brot sem ná yfir landamæri og sem skaða almenna hagsmuni neytenda, rannsaka slík brot og sjá til þess að þau verði stöðvuð eða bönnuð. Í því skyni skal framkvæmdastjórnin, eins fljótt og unnt er og eigi síðar en fyrir árslok 2014, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið, ásamt tillögu að nýrri löggjöf eftir því sem við á.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 2006/2004 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi grein bætist við:

„21. gr. a

Endurskoðun

Eigi síðar en 31. desember 2014 skal framkvæmdastjórnin leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið skýrslu þar sem lagt er mat á skilvirkni þessarar reglugerðar og beitingu hennar í raun, og þar sem gerð er ítarleg athugun á því að fella hugsanlega inn í viðaukann fleiri lög til verndar hagsmunum neytenda. Skýrsluna skal byggja á ytra mati og ítarlegu samráði við alla viðkomandi hagsmunaaðila, og henni skal fylgja tillaga að nýrri löggjöf eftir því sem við á.“

2) Viðaukanum er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 89/552/EBE frá 3. október 1989 um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu (tilskipun um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu) (Stjtíð. EB L 298, 17.10.1989, bls. 23).

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/13/ESB frá 10. mars 2010 um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu (tilskipun um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu) (Stjtíð. ESB L 95, 15.4.2010, bls. 1).

([3]) Tilskipun ráðsins 93/13/EBE frá 5. apríl 1993 um óréttmæta skilmála í neytendasamningum (Stjtíð. EB L 95, 21.4.1993, bls. 29).

([4]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/995/EB frá 9. desember 2002 um bráðabirgðaverndarráðstafanir varðandi innflutning afurða úr dýraríkinu til einkaneyslu (Stjtíð. EB L 353, 30.12.2002, bls. 1).

([5]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/47/EB frá 26. október 1994 um verndun kaupenda vegna tiltekinna þátta í samningum um kaup á réttindum til að nýta fasteignir á skiptileigugrunni (Stjtíð. EB L 280, 29.10.1994, bls. 83).

([6]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/122/EB frá 14. janúar 2009 um neytendavernd að því er varðar tiltekna þætti skiptileigusamninga, langtímasamninga um orlofstilboð, endursölu- og skiptasamninga (Stjtíð. ESB L 33, 3.2.2009, bls. 10).

([7]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/55/EB frá 6. október 1997 um breytingu á tilskipun 84/450/EBE varðandi villandi auglýsingar þannig að hún taki einnig til samanburðarauglýsinga Stjtíð. EB L 290, 23.10.1997, bls. 18).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 14. september 2011.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
J. BUZEK	M. DOWGIELEWICZ
forseti.	*forseti.*

VIÐAUKI

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2006/2004 er hér með breytt sem hér segir:

1) Í stað 1. nmgr. komi eftirfarandi:

„([1]) Í tilskipunum nr. 6, 8 og 13 er að finna sértæk ákvæði.“

2) Í stað 1. liðar komi eftirfarandi:

„1. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/114/EB frá 12. desember 2006 um villandi auglýsingar og samanburðarauglýsingar (Stjtíð. ESB L 376, 27.12.2006, bls. 21): 1. gr., 2. gr. (c-liður) og 4.-8. gr.“

3) Eftirfarandi komi í stað 3. og 4. liðar:

„3. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/48/EB frá 23. apríl 2008 um lánssamninga fyrir neytendur og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 87/102/EBE (Stjtíð. ESB L 133, 22.5.2008, bls. 66).

4. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/13/ESB frá 10. mars 2010 um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu (tilskipun um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu) (Stjtíð. ESB L 95, 15.4.2010, bls. 1): 9., 10., og 11. gr. og 19.-26. gr.“

4) Eftirfarandi komi í stað 6. og 7. liðar:

„6. Tilskipun ráðsins 93/13/EBE frá 5. apríl 1993 um óréttmæta skilmála í neytendasamningum (Stjtíð. EB L 95, 21.4.1993, bls. 29).

7. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/122/EB frá 14. janúar 2009 um neytendavernd að því er varðar tiltekna þætti skiptileigusamninga, langtímasamninga um orlofstilboð, endursölu- og skiptasamninga (Stjtíð. ESB L 33, 3.2.2009, bls. 10).“

5) 9. liður. falli brott.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2013/EES/14/15

frá 8. desember 2011

um breytingu á ákvörðun 2010/221/ESB að því er varðar landsráðstafanir til að koma í veg fyrir að tilteknir lagardýrasjúkdómar berist til hluta Írlands, Finnlands og Svíþjóðar (*)

(tilkynnt með númeri C(2011) 9002)

(2011/825/ESB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2006/88/EB frá 24. október 2006 um heilbrigðiskröfur að því er varðar lagareldisdýr og afurðir þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum ([1]), einkum 2. mgr. 43. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/221/ESB frá 15. apríl 2010 um samþykki á landsráðstöfunum til að takmarka áhrif tiltekinna sjúkdóma í lagareldisdýrum og villtum lagardýrum í samræmi við 43. gr. tilskipunar ráðsins 2006/88/EB ([2]) er tilteknum aðildarríkjum heimilað að beita takmörkunum á sendingar af þessum dýrum til að koma í veg fyrir aðflutning á tilteknum sjúkdómum inn á yfirráðasvæði þeirra, að því tilskildu að þau hafi annaðhvort sýnt fram á að yfirráðasvæði þeirra, eða tiltekin afmörkuð svæði á yfirráðasvæði þeirra, séu laus við slíka sjúkdóma, eða komið á útrýmingar- eða eftirlitsáætlun til að verða laus við slíka sjúkdóma.

2) Svæði inn til landsins á yfirráðasvæði Finnlands og Svíþjóðar eru skráð í II. viðauka við ákvörðun 2010/221/ESB sem yfirráðasvæði sem hafa innleitt samþykkta útrýmingaráætlun að því er varðar nýrnaveiki.

3) Strandsvæði á yfirráðasvæði Svíþjóðar eru skráð í II. viðauka við ákvörðun 2010/221/ESB sem svæði sem hafa innleitt samþykkta útrýmingaráætlun að því er varðar brisdrep (IPN).

4) Í samræmi við það eru samþykktar tilteknar landsráðstafanir í ákvörðun 2010/221/ESB sem Finnland og Svíþjóð hafa gripið til varðandi sendingar af lagareldisdýrum af smitnæmum tegundum til þessara svæða. Svo að hægt sé að endurmeta hvort þessar landsráðstafanir séu viðeigandi er þó eingöngu leyft að beita þessum ráðstöfunum til 31. desember 2011.

5) Finnland hefur lagt skýrslur fyrir framkvæmdastjórnina um framkvæmd landsbundinnar útrýmingaráætlunar sinnar varðandi nýrnaveiki þar sem fram kemur að enn hafi ekki tekist að útrýma nýrnaveiki. Þó að árangur hafi náðst á mörgum svæðum er smit af völdum nýrnaveiki enn til staðar á sumum svæðum. Finnland hefur af þessum sökum óskað eftir því að landfræðileg afmörkun áætlunarinnar verði takmörkuð við tvö samfelld svæði sem ná yfir 19 vatnasvið. Á þessum tveimur svæðum sæta einungis fjórar eldisstöðvar takmörkunum í tengslum við nýrnaveiki og þær eru allar í því ferli að eyða sýktum fiski og hreinsa og sótthreinsa aðstöðuna.

6) Svíþjóð hefur lagt skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina um framkvæmd landsbundinna útrýmingaráætlana sinna varðandi nýrnaveiki og brisdrep. Tilkynntum tilfellum hefur fækkað umtalsvert og báðum sjúkdómunum hefur nánast verið útrýmt á svæðunum sem áætlanirnar ná til. Svæði inn til landsins í Svíþjóð eru nú þegar laus við brisdrep og landsbundna útrýmingaráætlunin varðandi strandsjó gegnir af þessum sökum einnig hlutverki höggdeyfis (e. *buffer*) til að vernda þau svæði sem þegar hafa verið lýst laus við sjúkdóminn.

7) Á grundvelli upplýsinganna sem Finnland og Svíþjóð lögðu fram er rétt að halda þessum landsráðstöfunum áfram. Endurmeta þarf tímanlega hvort landsráðstafanirnar séu enn viðeigandi og nauðsynlegar í ljósi þess að útrýming hefur enn ekki tekist þó að landsbundnum útrýmingaráætlunum hafi verið beitt í nokkur ár. Því ber að takmarka heimild til beitingar þessara landsráðstafana við tvö ár í viðbót, til 31. desember 2013.

8) Í III. viðauka við ákvörðun 2010/221/ESB eru sem stendur skráð níu hólf á yfirráðasvæði Írlands, sem hafa innleitt samþykkta eftirlitsáætlun að því er varðar ostruherpesveiru 1 µvar (OsHV-1 µvar).

9) Írland hefur tilkynnt framkvæmdastjórninni um að OsHV-1 µvar hafi greinst í tveimur þessara hólfa, þ.e.a.s. í Gweendore Bay innan hólfs 1 og Ballinakill Bay innan hólfs 4. Af þessum sökum ber að breyta landfræðilegri afmörkun þessara tveggja hólfa í III. viðauka við ákvörðun 2010/221/ESB.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 328, 10.12.2011, bls. 53. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 192/2012 frá 26. október 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins,* nr. 6, 24.1.2013, bls. 3.

([1]) Stjtíð. ESB L 328, 24.11.2006, bls. 14.

([2]) Stjtíð. ESB L 98, 20.4.2010, bls. 7.

10) Því ber að breyta ákvörðun 2010/221/ESB til samræmis við það.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra,

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun 2010/221/ESB er breytt sem hér segir:

1) Í 2. mgr. 3. gr. komi dagsetningin „31. desember 2013“ í stað „31. desember 2011“.

2) Í stað II. og III. viðauka komi texti viðaukans við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 8. desember 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

John DALLI

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

„II. VIÐAUKI

Aðildarríki og hlutar þeirra sem hafa innleitt útrýmingaráætlanir að því er varðar tiltekna sjúkdóma í lagareldisdýrum og þar sem landsráðstafanir til að verjast þessum sjúkdómum hafa verið samþykktar í samræmi við 2. mgr. 43. gr. tilskipunar 2006/88/EB.

Sjúkdómur	Aðildarríki	Kóði	Landfræðileg afmörkun svæðisins sem fellur undir samþykktar landsráðstafanir
Nýrnaveiki (BKD)	Finnland	FI	Eftirfarandi vatnasvið: Kymijoki, Juustilanjoki, Hounijoki, Tervajoki, Vilajoki, Urpalanjoki, Vaalimaanjoki, Virojoki, Vehkajoki, Summajoki, Vuoksi, Jänisjoki, Kiteenjoki-Tohmajoki, Hiitolanjoki, Tenojoki, Näätämöjoki, Uutuanjoki, Paatsjoki, Tuulomajoki
	Svíþjóð	SE	Svæði inn til landsins á yfirráðasvæði hennar
Brisdrep (IPN)	Svíþjóð	SE	Strandsvæði á yfirráðasvæði hennar

III. VIÐAUKI

Aðildarríki og svæði sem hafa innleitt eftirlitsáætlanir að því er varðar ostruherpesveiru 1 µvar (OsHV-1 µvar) og þar sem landsráðstafanir til að verjast þessum sjúkdómi hafa verið samþykktar í samræmi við 2. mgr. 43. gr. tilskipunar 2006/88/EB.

Sjúkdómur	Aðildarríki	Kóði	Landfræðileg afmörkun svæða sem hafa innleitt samþykktar landsráðstafanir (aðildarríki, svæði og hólf)
Ostruherpesveira 1 µvar (OsHV-1 µvar)	Írland	IE	Hólf 1: Sheephaven Bay Hólf 2: Gweebara Bay Hólf 3: Drumcliff Bay, Killala Bay, Broadhaven Bay og Blacksod Bay Hólf 4: Streamstown Bay Hólf 5: Bertraghboy Bay og Galway Bay Hólf 6: Shannon Estuary og Poulnasharry Bay, Askeaton Bay og Ballylongford Bay Hólf 7: Kenmare Bay Hólf 8: Dunmanus Bay Hólf 9: Kinsale Bay og Oysterhaven Bay
	Breska konungsríkið	UK	Yfirráðasvæði Bretlands, að undanskildu Whitstable Bay, Kent Yfirráðasvæði Norður-Írlands, að undanskildum Killough Bay, Lough Foyle og Carlingford Lough Yfirráðasvæði Guernsey“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 623/2012 **2013/EES/14/16**

frá 11. júlí 2012

um breytingu á II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB frá 7. september 2005 um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi ([1]), einkum annarri málsgrein 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Pólland hefur lagt fram rökstudda beiðni um breytingu á II. viðauka við tilskipun 2005/36/EB.

2) Pólland hefur farið fram á breytingu á inntaki starfsmenntunar afgreiðslustjóra járnbrauta („dyżurny ruchu"), starfsgreinar sem nú þegar er getið í II. viðauka við tilskipun 2005/36/EB. Þessar námsáætlanir uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í ii. lið c-liðar 11. gr. tilskipunar 2005/36/EB þar sem er gert ráð fyrir námi sem er jafngilt því námsstigi sem kveðið er á um í i. lið c-liðar 11. gr. sömu tilskipunar, tryggir sambærileg fagleg gæði og undirbýr nemann undir sambærilega ábyrgð og verkefni, samkvæmt eftirfarandi löggjöf: lög um framkvæmd endurbóta á menntakerfinu frá 8. janúar 1999 (Stjórnartíðindi Lýðveldisins Póllands frá 1999, nr. 12, 96. liður), lög um flutninga með járnbrautum frá 28. mars 2003 (Stjórnartíðindi Lýðveldisins Póllands frá 2003, nr. 86, 789. liður), reglugerð grunnvirkjaráðherra frá 16. ágúst 2004, um skrá starfa sem tengjast beint stjórnun járnbrautaumferðar og öryggi hennar, og um skilyrði sem einstaklingar í þeim störfum og við stjórn járnbrautarvagna skulu uppfylla (Stjórnartíðindi Lýðveldisins Póllands frá 2004, nr. 212, 2152. liður), reglugerð grunnvirkjaráðherra frá 18. júlí 2005 um almenn skilyrði fyrir stjórnun járnbrautaumferðar og merkjasendingar (Stjórnartíðindi Lýðveldisins Póllands frá 2005, nr. 172, 1444. liður).

3) Pólland hefur einnig farið fram á að bætt sé við starfi umsjónarmanns járnbrauta („kierownik pociągu") (e. train manager) í II. viðauka við tilskipun 2005/36/EB. Námsáætlanirnar fyrir þessa starfsgrein uppfylla skilyrðin, sem sett eru fram í ii. lið c-liðar 11. gr. þeirrar tilskipunar, þar sem er gert ráð fyrir námi sem er jafngilt því námsstigi, sem kveðið er á um í i. lið c-liðar 11. gr. sömu tilskipunar, tryggir sambærileg fagleg gæði og undirbýr nemann undir sambærilega ábyrgð og verkefni, samkvæmt eftirfarandi löggjöf: lög um framkvæmd endurbóta á menntakerfinu frá 8. janúar 1999 (Stjórnartíðindi Lýðveldisins Póllands frá 1999, nr. 12, 96. liður), lög um flutninga á járnbrautum frá 28. mars 2003 (Stjórnartíðindi Lýðveldisins Póllands frá 2003 nr. 86, 789. liður), reglugerð grunnvirkjaráðherra frá 16. ágúst 2004 um skrá starfa sem tengjast beint stjórnun járnbrautaumferðar og öryggi hennar og um skilyrði sem einstaklingar í þeim störfum og við stjórn járnbrautarvagna skulu uppfylla (Stjórnartíðindi Lýðveldisins Póllands frá 2004 nr. 212, 2152. liður), reglugerð grunnvirkjaráðherra frá 18. júlí 2005 um almenn skilyrði fyrir stjórnun járnbrautaumferðar og merkjasendingar (Stjórnartíðindi Lýðveldisins Póllands frá 2005 nr. 172, 1444. liður).

4) Pólland hefur einnig farið fram á að bætt sé við starfsgrein vélstjóra á skipgengum vatnaleiðum („mechanik statkowy żeglugi śródlądowej") (e. inland navigation engineer) í II. viðauka við tilskipun 2005/36/EB. Námsáætlanirnar fyrir þessa starfsgrein uppfylla skilyrðin, sem sett eru fram í ii. lið c-liðar 11. gr. þeirrar tilskipunar, þar sem er gert ráð fyrir námi sem er jafngilt því námsstigi, sem kveðið er á um í i. lið c-liðar 11. gr. sömu tilskipunar, tryggir sambærileg fagleg gæði og undirbýr nemann undir sambærilega ábyrgð og verkefni, samkvæmt eftirfarandi löggjöf: lög um framkvæmd endurbóta á menntakerfinu frá 8. janúar 1999 (Stjórnartíðindi Lýðveldisins Póllands frá 1999, nr. 12, 96. liður), reglugerð grunnvirkjaráðherra frá 23. janúar 2003 um starfsmenntun og samsetningu áhafna á skipum á vatnaleiðum (Stjórnartíðindi Lýðveldisins Póllands frá 2003 nr. 50, 427. liður).

5) Því ber að breyta tilskipun 2005/36/EB til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndar um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við tilskipun 2005/36/EB er breytt eins og sett er fram í viðaukanum við þessa reglugerð.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 180, 12.7.2012, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 222/2012 frá 7. desember 2012 um breytingu á VII. viðauka (Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins,* bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 255, 30.9.2005, bls. 22.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. júlí 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

VIÐAUKI

4. lið II. viðauka við tilskipun 2005/36/EB er breytt undir fyrirsögninni „í Póllandi“ sem hér segir:

1) Í stað fjórða undirliðar komi eftirfarandi:

„— afgreiðslustjóra járnbrauta („dyżurny ruchu“),

sem felur í sér:

i. átta ára grunnskólanám og fjögurra ára starfsnám á framhaldsskólastigi með sérhæfingu í járnbrautarflutningum, auk 45 daga undirbúningsnámskeiðs fyrir starf sem afgreiðslustjóri járnbrauta og að standast hæfnisprófið, eða

ii. átta ára grunnskólanám og fimm ára starfsnám á framhaldsskólastigi með sérhæfingu í járnbrautarflutningum, auk 63 daga undirbúningsnámskeiðs fyrir starf sem afgreiðslustjóri járnbrauta og að standast hæfnisprófið, eða

iii. átta ára grunnskólanám og fimm ára starfsnám á framhaldsskólastigi, með sérhæfingu í járnbrautarflutningum, auk 29 daga undirbúningsnámskeiðs fyrir starf sem afgreiðslustjóri járnbrauta, fimm daga reynslutímabil undir eftirliti og að standast hæfnisprófið, eða

iv. sex ára grunnskólanám, þriggja ára almennt framhaldsskólanám, þriggja ára starfsnám á framhaldsskólastigi með sérhæfingu í járnbrautarflutningum, auk 29 daga undirbúningsnámskeiðs fyrir starf sem afgreiðslustjóri járnbrauta, þriggja daga reynslutímabil undir eftirliti og að standast hæfnispróf.“

2) Eftirfarandi fjórði og fimmti undirliður bætist við:

„— umsjónarmann járnbrauta (kierownik pociągu),

sem felur í sér:

i. átta ára grunnskólanám og fimm ára starfsnám á framhaldsskólastigi með sérhæfingu í járnbrautarflutningum, auk 22 daga undirbúningsnámskeiðs fyrir starf sem umsjónarmaður járnbrauta, þriggja daga reynslutímabil undir eftirliti og að standast hæfnispróf, eða

ii. sex ára grunnskólanám, þriggja ára almennt framhaldsskólanám, þriggja ára sérhæft framhaldsskólanám með sérhæfingu í járnbrautarflutningum, auk 22 daga undirbúningsnámskeiðs fyrir starf sem umsjónarmaður járnbrauta, þriggja daga reynslutímabil undir eftirliti og að standast hæfnispróf.

— vélstjóri á skipgengum vatnaleiðum (mechanik statkowy żeglugi śródlądowej),

sem felur í sér:

i. átta ára grunnskólanám og fimm ára sérhæft framhaldsskólanám með sérhæfingu í vélstjórn skipa á vatnaleiðum, auk 24 mánaða starfsreynslu, þ.m.t. að lágmarki 18 mánuðir á vélknúnum skipum á vatnaleiðum með hjálparkerfum og sex mánuðir sem geta falið í sér reynslu af viðgerðum á brunahreyflum í skipasmíðastöðvum eða á þjónustuverkstæðum og að standast hæfnispróf, eða

ii. sex ára grunnskólanám, þriggja ára almennt framhaldsskólanám, fjögurra ára sérhæft framhaldsskólanám með sérhæfingu í vélstjórn skipa á vatnaleiðum, auk 24 mánaða starfsreynslu, þ.m.t. að lágmarki 18 mánuðir á vélknúnum skipum með hjálparkerfum og sex mánuðir sem geta falið í sér reynslu af viðgerðum á brunahreyflum í skipasmíðastöðvum eða á þjónustuverkstæðum og að standast hæfnispróf.“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 593/2012 **2013/EES/14/17**

frá 5. júlí 2012

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2042/2003 um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB ([1]), einkum 5. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í því skyni að viðhalda samræmdu öryggi á háu stigi í almenningsflugi í Evrópu var reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1702/2003 frá 24. september 2003 um framkvæmdarreglur varðandi lofthæfi- og umhverfisvottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, hluta og búnaðar og varðandi vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja ([2]) breytt þannig að einföld vélknúin loftför, tómstundaloftför og tilheyrandi framleiðsluvörur, hlutar og búnaður falli undir ráðstafanir sem eru í réttu hlutfalli við einfalda hönnun þeirra og tegund starfrækslu.

2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003 frá 20. nóvember 2003 um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði ([3]) skal breytt til að halda samræmi við breytingarnar sem gerðar eru á reglugerð (EB) nr. 1702/2003, einkum að því er varðar nýja skilgreiningu á ELA1-loftförum og möguleikann á að samþykkja ísetningu tiltekinna hluta, sem eru ekki mikilvægir með tilliti til öryggis, án EASA-eyðublaðs nr. 1.

3) Flugöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Flugöryggisstofnunin“) útbjó drög að framkvæmdarreglum og lagði þau fram til framkvæmdastjórnarinnar sem álit sitt nr. 01/2011 um „ELA-ferlið og staðlaðar breytingar og viðgerðir“ í samræmi við 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 65. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 2042/2003 er breytt sem hér segir:

1) Í stað k-liðar í 2. gr. komi eftirfarandi:

„k) „ELA1-loftfar“: eftirfarandi mönnuð létt evrópsk loftför:

i. flugvél með hámarksflugtaksmassa (MTOM) sem er 1200 kg eða minni og flokkast ekki sem flókið, vélknúið loftfar,

ii. sviffluga eða vélsviffluga með hámarksflugtaksmassa sem er 1200 kg eða minni,

iii. loftbelgur sem er hannaður þannig að hámarksrúmmál burðargass eða hitalofts er ekki meira en 3400 m3 í hitaloftbelg, 1050 m3 í gasbelg og 300 m3 í tjóðruðum gasbelg,

iv. loftskip sem er ætlað fjórum eða færri og er hannað þannig að hámarksrúmmál burðargass eða hitalofts er ekki meira en 3400 m3 fyrir hitaloftskip og 1000 m3 fyrir gasloftskip.“,

2) Ákvæðum I. viðauka (M-hluta) og II. viðauka (145. hluta) er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 176, 6.7.2012, bls. 38. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 224/2012 frá 7. desember 2012 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins,* bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 79, 19.3.2008, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 243, 27.9.2003, bls. 6.

([3]) Stjtíð. ESB L 315, 28.11.2003, bls. 1.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. júlí 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

VIÐAUKI

1) Ákvæðum I. viðauka (M-hluta) við reglugerð (EB) nr. 2042/2003 er breytt sem hér segir:

a) Í stað d-liðar í M.A.302 komi eftirfarandi:

„d) Viðhaldsáætlunin fyrir loftför skal vera í samræmi við:

i. leiðbeiningar sem lögbært yfirvald gefur út,

ii. leiðbeiningar um áframhaldandi lofthæfi:

— sem gefnar eru út af handhöfum tegundarvottorðs, takmarkaðs tegundarvottorðs, viðbótartegundarvottorðs, samþykkis fyrir hönnun meiri háttar viðgerðar, evrópskrar tækniforskriftarheimildar eða hvers konar annarra viðeigandi samþykkja sem eru gefin út samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1702/2003 og viðauka hennar (21. hluta), og

— sem tilgreindar eru í vottunarforskriftunum sem um getur í lið 21A.90B eða 21A.431B í viðauka (21. hluta) við reglugerð (EB) nr. 1702/2003, ef við á,

iii. viðbótarleiðbeiningar eða aðrar leiðbeiningar, sem eru lagðar fram af eigandanum eða fyrirtækinu sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, eftir að það hefur hlotið samþykki í samræmi við M.A.302, að undanskildum tímabilum milli öryggistengdra verkefna, eins og um getur í e-lið, sem gætu aukist, að því tilskildu að endurskoðanir séu framkvæmdar með fullnægjandi hætti í samræmi við g-lið og aðeins þegar hlotist hefur beint samþykki í samræmi við b-lið M.A.302.“

b) Í stað M.A.304 komi eftirfarandi:

„M.A.304 Gögn í tengslum við breytingar og viðgerðir

Við mat á skemmdum og við breytingar og viðgerðir skal styðjast við eftirfarandi, eins og við á:

a) gögn sem Flugöryggisstofnunin samþykkir, eða

b) gögn sem hönnunarfyrirtæki með samþykki skv. 21. hluta samþykkir, eða

c) gögn sem finna má í vottunarforskriftunum sem um getur í 21A.90B eða 21A.431B í viðaukanum (21. hluta) við reglugerð (EB) nr. 1702/2003.“,

c) M.A.502 er breytt sem hér segir:

i. í stað a-liðar komi eftirfarandi:

„a) Viðhaldsfyrirtæki sem hafa viðeigandi samþykki í samræmi við F-kafla A-þáttar þessa viðauka (M-hluta) eða í samræmi við II. viðauka (145. hluta) skulu annast viðhald íhluta, að undanskildum þeim íhlutum sem um getur í c-lið 21A.307 í viðaukanum (21. hluta) við reglugerð (EB) nr. 1702/2003.“

ii. nýjum e-lið er bætt við:

„e) Viðhald íhluta sem um getur í c-lið 21A.307 í viðaukanum (21. hluta) við reglugerð (EB) nr. 1702/2003 skal framkvæmt af viðhaldsfyrirtækjum með heimild í A-flokki, sem samþykkt eru í samræmi við F-kafla A-þáttar þessa viðauka (M-hluta) eða í samræmi við 145. hluta, af afhendingarvottum, sem um getur í 2. lið b-liðar M.A.801 eða af flugmanninum sem er í senn eigandi loftfarsins, sem um getur í 3. lið b-liðar M.A.801, ef íhluturinn er fastur á loftfarinu eða hann fjarlægður tímabundið til að bæta aðgengi. Að því er varðar viðhald íhluta sem fram fer í samræmi við þennan lið er ekki heimilt að gefa út EASA-eyðublað nr. 1 og skal það falla undir kröfur M.A.801 um afhendingarvottorð.“

d) Í stað a-liðar M.A.613 komi eftirfarandi:

„a) Þegar öllu nauðsynlegu viðhaldi á íhlutum er lokið í samræmi við þennan kafla skal afhendingarvottorð fyrir íhluti gefið út í samræmi við M.A.802. Gefa skal út EASA-eyðublað nr. 1 nema þegar um er að ræða íhluti sem er haldið við samkvæmt b-, d- eða e-lið M.A.502 eða þegar um er að ræða íhluti sem eru framleiddir í samræmi við c-lið M.A.603.“

e) Í stað b-liðar M.A.614 komi eftirfarandi:

„b) Samþykkt viðhaldsfyrirtæki skal láta eiganda loftfarsins í té afrit af öllum afhendingarvottorðum (viðhaldsvottorðum) ásamt afriti af öllum gögnum um sérstakar viðgerðir eða breytingar sem hafa verið notuð í tengslum við viðgerðir eða breytingar sem hafa farið fram.“

f) Í stað a-liðar M.A.710 komi eftirfarandi:

„a) Til að uppfylla kröfurnar um staðfestingu samkvæmt M.A.901 á lofthæfi loftfars skal samþykkt fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, annast fullkomlega skjalfesta endurskoðun á skrám loftfarsins í því skyni að ganga úr skugga um að:

1. flugtími flugskrokks, hreyfils og loftskrúfu og notkunarskipti þeirra í flugi hafi verið rétt skráð og

2. flughandbókin gildi fyrir útfærslu loftfarsins með hliðsjón af síðustu endurskoðun og

3. allt viðhald á loftfari samkvæmt samþykktri viðhaldsáætlun hafi farið fram og

4. allar bilanir, sem vitað var um, hafi verið lagfærðar eða, þegar við á, að viðgerð hafi verið frestað undir eftirliti og

5. öllum gildandi lofthæfifyrirmælum hafi verið beitt og þau rétt skráð og

6. allar breytingar og viðgerðir, sem gerðar hafa verið á loftfarinu, hafi verið skráðar og eru í samræmi við viðaukann (21. hluta) við reglugerð (EB) nr. 1702/2003 og

7. allir íhlutir með tiltekinn endingartíma, sem eru settir í loftfarið, séu rétt auðkenndir og skráðir og að samþykktur endingartími þeirra sé ekki runninn út og

8. gefið hafi verið út afhendingarvottorð í samræmi við I. viðauka (M-hluta) og

9. gildandi massa- og jafnvægisskýrsla endurspegli útfærslu loftfarsins og sé í gildi og

10. loftfarið sé í samræmi við síðustu endurskoðun á tegundarhönnun þess sem Flugöryggisstofnunin hefur samþykkt og

11. ef þess er krafist, loftfarið hafi hljóðstigsvottorð sem samsvarar núverandi útfærslu loftfarsins í samræmi við I-kafla í viðaukanum (21. hluta) við reglugerð (EB) nr. 1702/2003.“

g) Í stað b-liðar M.A.802 komi eftirfarandi:

„b) Opinbert afhendingarvottorð, sem er eyðublað Flugöryggisstofnunar Evrópu nr. 1, telst vera afhendingarvottorð fyrir íhluti nema þegar viðhald á íhlutum loftfars hefur farið fram samkvæmt b-, d- eða e-lið M.A.502 en þá er viðhaldið háð verklagsreglum fyrir afhendingarvottun loftfars samkvæmt M.A.801.“

h) Í stað b-liðar M.A.902 komi eftirfarandi:

„b) Ekki má fljúga loftfari ef lofthæfivottorðið er ógilt eða ef:

1. lofthæfi loftfarsins eða ísetts íhlutar uppfyllir ekki kröfurnar í þessum hluta, eða

2. loftfarið er ekki í samræmi við þá tegundarhönnun sem Flugöryggisstofnunin samþykkti eða

3. loftfarið hefur verið starfrækt utan takmarkana í samþykktu flughandbókinni eða lofthæfivottorðinu án þess að gerðar hafi verið viðeigandi ráðstafanir eða

4. loftfarið hefur lent í slysi eða flugatviki sem hefur áhrif á lofthæfi loftfarsins án þess að gerðar hafi verið viðeigandi ráðstafanir í kjölfarið til að endurheimta lofthæfi eða

5. breyting eða viðgerð er ekki í samræmi við viðaukann (21. hluta) í reglugerð (EB) nr. 1702/2003.“

i) Í stað 8. liðar í b-lið VIII. viðbætis (Verkefni) í I. viðauka (M-hluta) komi eftirfarandi:

„8) er skráð í VII. viðbæti eða er viðhaldsverkefni á íhlut í samræmi við a-, b-, c- eða d-lið M.A.502.“

2) Ákvæðum II. viðauka (145. hluta) við reglugerð (EB) nr. 2042/2003 er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum 145.A.42 er breytt sem hér segir:

i. í stað a-liðar komi eftirfarandi:

„a) Allir íhlutir skulu flokkaðir og aðskildir á tilhlýðilegan hátt í eftirfarandi undirflokka:

1. Íhlutir sem eru í viðunandi ástandi og hafa fengið afhendingarvottorð á EASA-eyðublaði nr. 1 eða sambærilegu eyðublaði og verið merktir í samræmi við Q-kafla viðauka (21. hluta) við reglugerð (EB) nr. 1702/2003.

2. Ónothæfir íhlutir sem skulu fá viðhald í samræmi við þennan þátt.

3. Óendurnýtanlegir íhlutir sem eru flokkaðir í samræmi við d-lið 145.A.42.

4. Staðlaðir hlutir, sem notaðir eru í loftfar, hreyfil, loftskrúfu eða annan íhlut loftfars, ef þeir eru tilgreindir í myndskýrðri hlutaskrá framleiðanda eða í viðhaldsgögnum.

5. Bæði hráefni og rekstrarefni, sem notuð eru við viðhald, ef fyrirtækið er þess fullvisst að efnið uppfylli tilskilda forskrift og að rekja megi feril þess á viðeigandi hátt. Öllu efni skulu fylgja gögn sem varða greinilega viðkomandi efni og innihalda yfirlýsingu um að forskriftum sé fylgt auk upplýsinga um framleiðanda og birgi.

6. Íhlutir sem um getur í c-lið 21A.307 í viðaukanum (21. hluta) við reglugerð (EB) nr. 1702/2003.“

ii. Eftirfarandi nýr e-liður bætist við:

„e) Íhlutir sem um getur í c-lið 21A.307 í viðaukanum (21. hluta) við reglugerð (EB) nr. 1702/2003 skulu aðeins settir í ef eigandi loftfars telur þá hæfa til ísetningar í eigin loftför.“

b) Í stað d-liðar 145.A.50 komi eftirfarandi:

„d) Afhendingarvottorð skal gefið út í lok viðhalds á íhlut á meðan íhluturinn er utan loftfarsins. Opinbert afhendingarvottorð „EASA-eyðublað nr. 1“, sem um getur í II. viðbæti við I. viðauka (M-hluta), telst vera afhendingarvottorð fyrir íhlutinn, nema ef annað er tilgreint í b- eða e-lið M.A.502. Ef fyrirtæki hefur íhlut til eigin nota er ef til vill ekki þörf á EASA-eyðublaði nr. 1, með hliðsjón af innri verklagsreglum fyrirtækisins um útgáfu afhendingarvottorða sem eru skilgreindar í starfsemislýsingu þess.“

c) í stað b-liðar 145.A.55 komi eftirfarandi:

„b) Fyrirtækið skal láta umráðanda loftfarsins í té afrit af öllum afhendingarvottorðum (viðhaldsvottorðum) ásamt afriti af öllum gögnum um sérstakar, viðgerðir eða breytingar sem hafa verið notuð í tengslum við viðgerðir eða breytingar sem hafa farið fram.“

d) í stað b-liðar 145.A.65 komi eftirfarandi:

„b) Fyrirtækið skal setja verklagsreglur, sem lögbæra yfirvaldið getur fallist á, þar sem höfð er hliðsjón af mannlega þættinum og mannlegri getu til að tryggja góðar viðhaldsvenjur og að stöðin uppfylli kröfurnar í þessum hluta, þ.m.t. verklagsreglur um skýra verkbeiðni eða verksamning þannig að unnt sé að gefa út afhendingarvottorð (viðhaldsvottorð) fyrir loftför og íhluti loftfara í samræmi við 145A.50.

1. Verklagsreglur um viðhald samkvæmt þessum lið gilda um liði 145.A.25 til 145.A.95.

2. Verklagsreglur um viðhald, sem fyrirtækið setur eða ber að setja samkvæmt þessum lið, skulu taka til allra þátta sem varða framkvæmd viðhaldsins, þ.m.t. að veita og hafa eftirlit með sérhæfðri þjónustu og ákveða staðlana sem fyrirhugað er að fyrirtækið starfi eftir.

3. Að því er varðar leiðar- og aðalviðhald loftfara skal fyrirtækið setja verklagsreglur til að draga úr hættu á margföldum mistökum, til að finna mistök í nauðsynlegum kerfum og til að tryggja að sami starfsmaðurinn sé ekki látinn annast bæði framkvæmd og skoðun viðhaldsverkefnis sem felst að einhverju leyti í því að taka í sundur og setja aftur saman marga íhluti af sömu tegund sem settir eru í fleira en eitt kerfi á sama loftfarinu í viðkomandi viðhaldsskoðun. Ef fyrirtækið hefur aðeins einum starfsmanni á að skipa til að vinna þessi verkefni skal á vinnukortum eða vinnublöðum fyrirtækisins gera ráð fyrir sérstökum áfanga þar sem þessi starfsmaður skoðar verkið aftur eftir að hafa lokið öllum sams konar verkum.

4. Setja skal verklagsreglur um viðhald til að tryggja að stuðst sé við gögn sem tilgreind eru í M.A.304 þegar skemmdir eru metnar og breytingar og viðgerðir framkvæmdar.“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 360/2012 2013/EES/14/18

frá 25. apríl 2012

um beitingu 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart minniháttaraðstoð sem veitt er fyrirtækjum sem veita þjónustu er hefur almenna efnahagslega þýðingu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 994/98 frá 7. maí 1998 um beitingu 92. og 93. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins gagnvart tilteknum flokkum þverlægrar ríkisaðstoðar ([1]), einkum 1. mgr. 2. gr.,

að birtum drögum að þessari reglugerð ([2]),

að höfðu samráði við ráðgjafarnefndina um ríkisaðstoð,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð (EB) nr. 994/98 er framkvæmdastjórninni heimilað að setja reglugerð þar sem mörk fyrir aðstoðarráðstafanir eru ákveðin og ráðstafanir undir þeim mörkum teljast ekki standast allar viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 107. gr. sáttmálans og falla því ekki undir málsmeðferð við tilkynningar sem kveðið er á um í 3. mgr. 108. gr. sáttmálans.

2) Á grundvelli þeirrar reglugerðar hefur framkvæmdastjórnin einkum samþykkt reglugerð (EB) 1998/2006 frá 15. desember 2006 um beitingu 87. gr. og 88. gr. sáttmálans varðandi minni háttar aðstoð ([3]), sem setur efri mörk minniháttaraðstoðar við 200 000 evrur á aðstoðarþega á tímabili sem tekur til þriggja reikningsára.

3) Reynsla framkvæmdastjórnarinnar af því að beita reglum um ríkisaðstoð á fyrirtæki sem veita þjónustu í almannaþágu er hefur almenna efnahagslega þýðingu, í skilningi 2. mgr. 160. gr. sáttmálans, hefur sýnt fram á að efri mörk ávinningsins sem veittur er til slíkra fyrirtækja og teljast ekki hafa áhrif á viðskipti milli aðildarríkja og/eða raska þeim eða eru til þess fallin að raska samkeppni, geta í sumum tilvikum verið ólík almenna efra marki minniháttaraðstoðar sem komið var á með reglugerð (EB) nr. 1998/2006. Reyndar er líklegt að a.m.k. nokkrir þessara ávinninga séu líklegir til að teljast til bóta vegna viðbótarkostnaðar sem tengist ákvæðunum um þjónustu í almannaþágu er hefur almenna efnahagslega þýðingu. Ennfremur hafa margar aðgerðir, sem uppfylla skilyrðin um þjónustu í almannaþágu er hefur almenna efnahagslega þýðingu, takmörkuð gildissvæði. Því er við hæfi að taka upp, samsíða reglugerð (EB) nr. 1998/2006, reglugerð sem felur í sér sérstakar reglur um minniháttar aðstoð fyrir fyrirtæki sem veita þjónustu í almannaþágu er hefur almenna efnahagslega þýðingu. Fastsetja skal fjárhæðina fyrir efri mörk minniháttaraðstoðar sem hvert fyrirtæki getur fengið á tilteknu tímabili.

4) Í ljósi reynslu framkvæmdastjórnarinnar telst aðstoð sem veitt er til fyrirtækja sem veita þjónustu í almannaþágu er hefur almenna efnahagslega þýðingu hvorki hafa áhrif á viðskipti milli aðildarríkja né raska eða vera til þess fallin að raska samkeppni að því tilskildu að heildarfjárhæð veittrar aðstoðar fyrir veitingu þjónustu í almannaþágu er hefur almenna efnahagslega þýðingu sem fyrirtækið sem fær aðstoðina tekur á móti sé ekki hærri en 500 000 evrur á sérhverju tímabili sem tekur til þriggja reikningsára. Í ljósi þróunar á farþegaflutningum á vegum og þess að þjónusta í almannaþágu er hefur almenna efnahagslega þýðingu er að mestu staðbundins eðlis, á þessu sviði, er ekki viðeigandi að beita neðri mörkum í þessum geira og efri mörkin, 500 000 evrur, skulu gilda.

5) Árin sem taka skal tillit til í þeim tilgangi að ákvarða hvort efri mörkin séu virt skulu vera reikningsárin sem notuð eru í skattalegum tilgangi af fyrirtækinu í hlutaðeigandi aðildarríki. Umrætt þriggja ára tímabil er metið jafnóðum þannig að við hverja nýja veitingu minniháttaraðstoðar þarf að ákvarða heildarfjárhæð minniháttaraðstoðar sem hefur verið veitt á viðkomandi reikningsári og tveimur næstliðnum reikningsárum. Í þessu samhengi skal taka tillit til aðstoðar, sem aðildarríki veitir, jafnvel þótt hún sé fjármögnuð að öllu leyti eða að hluta til með fjármunum sem koma frá Sambandinu. Ekki á að vera hægt að sundurliða aðstoð, sem er umfram efri mörk minniháttaraðstoðar, í nokkra minni hluta með það fyrir augum að þeir hlutar geti rúmast innan gildissviðs þessarar reglugerðar.

6) Þessi reglugerð skal aðeins gilda um aðstoð sem veitt er fyrir veitta þjónustu í almannaþágu er hefur almenna efnahagslega þýðingu. Því skal fela fyrirtækinu sem fær aðstoð með skriflegum hætti þjónustuna í almannaþágu er hefur almenna efnahagslega þýðingu að því er varðar veitta aðstoð. Í umboðinu skulu koma fram upplýsingar til fyrirtækisins um þjónustuna í almannaþágu er hefur almenna efnahagslega þýðingu sem því hefur verið falið, þó þarf það ekki nauðsynlega að fela í sér allar nákvæmu upplýsingarnar sem settar eru fram í ákvörð

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 114, 26.4.2012, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 225/2012 frá 7. desember 2012 um breytingu á XV. viðauka (Ríkisaðstoð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins,* bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. EB L 142, 14.5.1998, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 8, 11.1.2012, bls. 23.

([3]) Stjtíð. ESB L 379, 28.12.2006, bls. 5.

un framkvæmdastjórnarinnar 2012/21/ESB frá 20. desember 2011 um beitingu 2. mgr. 106. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart ríkisaðstoð í formi bóta til tiltekinna fyrirtækja sem veita opinbera þjónustu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu ([1]).

7) Í ljósi sérreglna, sem gilda í atvinnugreinunum frumframleiðsla landbúnaðarafurða, fiskveiðar, lagareldi og vöruflutningar á vegum varðandi þá staðreynd að fyrirtækjum í þessum geirum er sjaldan falin þjónustu er hefur almenna efnahagslega þýðingu, og vegna þeirrar áhættu að lægri fjárhæðir aðstoðar en þær sem eru settar fram í þessari reglugerð gætu uppfyllt viðmiðanirnar í 1. mgr. 107. gr. sáttmálans í þessum atvinnugreinum skal þessi reglugerð ekki gilda um fyrrnefndar atvinnugreinar. Starfi fyrirtæki við atvinnugreinarnar frumframleiðsla landbúnaðarafurða, fiskveiðar, lagareldi eða vöruflutningar á vegum og jafnframt í öðrum atvinnugreinum eða við aðra starfsemi, skal þessi reglugerð gilda um hinar atvinnugreinarnar eða starfsemi (svo sem t.d. sorptínslu á sjó) að því tilskildu að aðildarríkin tryggi, með viðeigandi hætti svo sem með aðskilnaði starfseminnar eða með því að skilja kostnaðinn frá, að starfsemin í undandskildu atvinnugreinunum njóti ekki góðs af minniháttaraðstoðinni samkvæmt þessari reglugerð. Aðildarríki geta einkum uppfyllt þessa skyldu með því að takmarka fjárhæð minniháttaraðstoðarinnar til að bæta fyrir kostnaðinn við veitingu aðstoðarinnar, þ.m.t. sanngjarns hagnaðar. Þessi reglugerð gildir ekki um kolavinnslu, í ljósi sérstakra einkenna hennar og þeirrar staðreyndar að fyrirtæki í þessum geirum er sjaldan falin þjónusta í almannaþágu er hefur almenna efnahagslega þýðingu.

8) Að teknu tilliti til þess hve margt er líkt með vinnslu og markaðssetningu landbúnaðarafurða annars vegar og afurða sem eru ekki úr landbúnaði hins vegar skal þessi reglugerð gilda um vinnslu og markaðssetningu landbúnaðarafurða að því tilskildu að tiltekin skilyrði séu uppfyllt. Hvorki starfsemi á bújörðum, sem er nauðsynleg fyrir tilreiðslu afurða fyrir fyrstu sölu, s.s. uppskera, skera og þreskja korn, pökkun eggja, né fyrsta sala til endurseljanda eða vinnsluaðila skal teljast til vinnslu eða markaðssetningar í þessu tilliti.

9) Þegar lögfest hefur verið í Sambandinu að taka upp sameiginlega skipulagningu markaðarins í tiltekinni grein landbúnaðar eru aðildarríkin skuldbundin, samkvæmt ákvörðun Dómstólsins ([2]), til að gera engar þær ráðstafanir sem gætu orðið til þess að grafa undan eða víkja frá henni. Af þessum sökum gildir þessi reglugerð ekki um aðstoð þar sem fjárhæðin er ákvörðuð á grundvelli verðs eða magns afurða, sem eru keyptar eða settar á markað. Hún skal heldur ekki gilda um minniháttarstuðning sem bundinn er því skilyrði að aðstoðinni sé skipt á milli frumframleiðenda.

10) Þessi reglugerð gildir ekki um minniháttar útflutningsaðstoð eða minniháttaraðstoð þar sem innlendum vörum aðildarríkja er ívilnað á kostnað innfluttra.

11) Þessi reglugerð gildir ekki um fyrirtæki sem eiga í erfiðleikum í skilningi viðmiðunarreglna Bandalagsins um ríkisaðstoð til björgunar og endurskipulagningar fyrirtækjum sem eiga í erfiðleikum ([3]) þar sem það er ekki viðeigandi að veita fyrirtækjum sem eiga í erfiðleikum aðra rekstraraðstoð fyrir utan endurskipulagningaráætlun og það er erfiðleikum bundið að ákvarða ígildi bráttóstyrkveitingar fyrir aðstoð sem er veitt til slíkra fyrirtækja.

12) Í samræmi við meginreglurnar um aðstoð, sem fellur undir 1. mgr. 107. gr. sáttmálans, skal líta svo á að minniháttaraðstoð sé veitt á þeim tíma þegar fyrirtæki fær lagalegan rétt til aðstoðar samkvæmt gildandi lagareglum í viðkomandi ríki.

13) Til að hindra það að farið sé í kringum reglur um hámarksumfang aðstoðar, sem kveðið er á um í hinum ýmsu gerningum Sambandsins, skal ekki sameina minniháttaraðstoð og ríkisaðstoð að því er varðar sama aðstoðarhæfa kostnaðinn ef slík sameining leiðir til aukinnar aðstoðar umfram það sem ákveðið var fyrir sérstakar aðstæður í hverju tilviki með reglugerð um hópundanþágu eða ákvörðun sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt.

14) Þessi reglugerð skal ekki takmarka beitingu reglugerðar (EB) nr. 1998/2006 gagnvart fyrirtækjum sem veita þjónustu í almannaþágu er hefur almenna efnahagslega þýðingu. Aðildarríkjum skal vera frjálst að nota þessa reglugerð eða reglugerð (EB) nr. 1998/2006 að því er varðar aðstoð sem veitt er fyrir veitingu þjónustu í almannaþágu er hefur almenna efnahagslega þýðingu.

15) Í dómi Dómstólsins í Altmark-málinu ([4]) voru tilgreind þau skilyrði sem þarf að uppfylla svo bætur fyrir veitingu þjónustu í almannaþágu er hefur almenna efnahagslega þýðingu feli ekki í sér ríkisaðstoð. Þessi skilyrði tryggja að bæturnar sem eru takmarkaðar við hreinan kostnað fyrirtækja sem rekin eru með hagkvæmum hætti, vegna veitingu þjónustu í almannaþágu er hefur almenna efnahagslega þýðingu, feli ekki í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 107. gr. sáttmálans.

([1]) Stjtíð. ESB L 7, 11.1.2012, bls. 3.
([2]) Mál C-456/00 Lýðveldið Frakkland gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna dómasafn EB 2002 I-11949.
([3]) Stjtíð. ESB C 244, 1.10.2004, bls. 2.
([4]) Mál C-280/00 Altmark Trans GmbH og Regierungspräsidium Magdeburg gegn Nahverkehrsgesellschaft Altmark GmbH og Oberbundesanwalt beim Bundesverwaltungsgericht dómasafn EB 2003, I-7747.

Bætur sem eru umfram hreina kostnaðinn fela í sér ríkisaðstoð sem lýsa má yfir að sé samrýmanleg á grundvelli gildandi Sambandsreglna. Til að hindra það að farið sé í kringum skilyrðin sem tilgreind eru í Altmark-dómnum, og í því skyni að forðast að minniháttaraðstoð sem veitt er samkvæmt þessari reglugerð hafi áhrif á viðskipti vegna uppsöfnunar ásamt öðrum bótum fyrir sömu þjónustu í almannaþágu er hefur almenna efnahagslega þýðingu skal minniháttaraðstoð samkvæmt þessari reglugerð ekki bætast við aðrar bætur að því er varðar sömu þjónustu, án tillits til þess hvort að þær fela í sér ríkisaðstoð samkvæmt Altmark-dómnum eða séu samrýmanlegar ríkisaðstoð samkvæmt ákvörðun 2012/21/ESB eða falli undir orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar — rammi Evrópusambandsins um ríkisaðstoð í formi bóta vegna opinberrar þjónustu (2011) ([1]). Því skal þessi reglugerð ekki gilda um bætur sem fengnar eru fyrir veitingu þjónustu í almannaþágu er hefur almenna efnahagslega þýðingu að því er varðar hvaða aðrar bætur eru einnig veittar, nema ef hinar bæturnar eru minniháttaraðstoð samkvæmt öðrum reglugerðum um minniháttaraðstoð og að farið sé að reglunum um uppsöfnun sem settar eru fram í þessari reglugerð.

16) Til að tryggja gagnsæi, jafna meðferð og rétta beitingu efri marka um minniháttaraðstoð þurfa öll aðildarríkin að beita sömu aðferð við útreikninga. Til að auðvelda slíka útreikninga, og í samræmi við núgildandi venju við beitingu reglunnar um minniháttar aðstoð, skal umreikna fjárhæðir, sem veitt er til aðstoðar, sem eru ekki í formi úthlutunar í reiðufé, yfir í jafngildi brúttófjárhæðarinnar sem er veitt til aðstoðar. Við útreikning á styrkígildi gagnsærrar aðstoðar, sem er ekki styrkur, eða aðstoðar sem greiða má í nokkrum afborgunum, er nauðsynlegt að nota markaðsvexti sem eru í gildi þegar slík aðstoð er veitt. Til að tryggja samræmda, gagnsæja og einfalda beitingu reglna um ríkisaðstoð skal líta svo á að markaðsvextir, að því er varðar þessa reglugerð, séu viðmiðunarvextir eins og segir í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um endurskoðun á aðferðunum við að ákveða viðmiðunarvexti og afvöxtunarstuðla ([2]).

17) Til að tryggja gagnsæi, jafna meðferð og skilvirkt eftirlit skal þessi reglugerð aðeins gilda um gagnsæja minniháttaraðstoð. Gagnsæ aðstoð er aðstoð þar sem hægt er að reikna nákvæmlega ígildi brúttóstyrkveitingar fyrir fram án þess að nauðsynlegt sé að gera áhættumat. Hægt er að gera slíka nákvæma útreikninga t.d. fyrir fjárstyrki, vaxtastyrki og takmarkaðar undanþágur frá skatti. Aðstoð í formi fjármagnsinnspýtingar skal ekki teljast gagnsæ minniháttaraðstoð nema heildarfjárhæð innspýtingar af hálfu hins opinbera sé innan efri marka minniháttaraðstoðarinnar. Aðstoð sem felst í ráðstöfunum er varða áhættufjármagn, eins og um getur í viðmiðunarreglum Bandalagsins um ríkisaðstoð til að stuðla að fjárfestingum með áhættufjármagni í litlum og meðalstórum fyrirtækjum ([3]), skal ekki teljast gagnsæ minniháttaraðstoð nema áhættufjármagnið, sem veitt er á grundvelli viðkomandi áætlunar sé innan efri marka minniháttaraðstoðarinnar fyrir hvert fyrirtæki sem um er að ræða. Fara skal með aðstoð í formi lána sem gagnsæja minniháttaraðstoð þegar ígildi brúttóstyrkveitingar hefur verið reiknað á grundvelli gildandi markaðsvaxta á þeim tíma sem aðstoð er veitt.

18) Skapa þarf réttaröryggi með tilliti til ábyrgðarkerfa sem ekki eru til þess fallin að hafa áhrif á viðskipti og raska samkeppni og nægar upplýsingar eru til um til að unnt sé að leggja áreiðanlegt mat á hugsanleg áhrif. Með þessari reglugerð skulu því tekin upp sérstök efri mörk minniháttaraðstoðar sem eru 500 000 evrur, sem byggjast á ábyrgðarfjárhæð þess tiltekna láns sem liggur til grundvallar slíkri ábyrgð, sem efri mörk fyrir minniháttaraðstoð. Þessi sérstöku efri mörk skulu reiknuð samkvæmt aðferðafræði þar sem mat er lagt á það hvaða fjárhæð ríkisaðstoðar er innifalin í ábyrgðarkerfum sem ná yfir lán til lífvænlegra fyrirtækja. Í aðferðafræðinni og gögnunum, sem notuð eru til að reikna sérstöku efri mörk aðstoðar, skal útiloka fyrirtæki sem eiga í erfiðleikum eins og um getur í viðmiðunarreglum Bandalagsins um ríkisaðstoð til björgunar og endurskipulagningar fyrirtækjum sem eiga í erfiðleikum. Þessi sérstöku efri mörk gilda því ekki um staka aðstoð, sem veitt er utan gildissviðs ábyrgðarkerfis, aðstoð til fyrirtækja sem eiga í erfiðleikum eða um ábyrgðir sem tengjast viðskiptum sem liggja til grundvallar án þess að um lán sé að ræða, s.s. ábyrgðir vegna viðskipta með eigið fé. Sérstöku efri mörkin skulu ákvörðuð á grundvelli þess að líta megi svo á að ábyrgð, sem nemur 3 750 000 evrum, sé ígildi brúttóstyrkveitingar sem samsvarar 500 000 evra efri mörkum minniháttaraðstoðar ef miðað er við 13% hámarkshlutfall (nettóvanskilahlutfall), þ.e. verstu hugsanlega stöðu fyrir ábyrgðarkerfi í Sambandinu. Sérstöku efri mörkin skulu einungis taka til þeirra ábyrgða sem eru allt að 80% af því láni sem liggur til grundvallar. Aðildarríkin geta einnig beitt aðferðafræði, sem framkvæmdastjórnin samþykkir að fenginni tilkynningu um slíka aðferðafræði á grundvelli reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar um ríkisaðstoð, með það fyrir augum að meta ígildi brúttóstyrkveitingar, sem felst í ábyrgð, ef aðferðin, sem samþykkt hefur verið, varðar beint þá tegund ábyrgðar og viðskipta sem um er að ræða í tengslum við beitingu þessarar reglugerðar.

19) Að fenginni tilkynningu frá aðildarríki getur framkvæmdastjórnin rannsakað hvort aðstoðarráðstöfun, sem er ekki styrkur, lán, ábyrgð, fjármagnsinnspýting, áhættufjármagnsráðstöfun eða undanþágur frá skatti

([1]) Stjtíð. ESB L 8, 11.1.2012, bls. 15.
([2]) Stjtíð. ESB L 14, 19.1.2008, bls. 6.
([3]) Stjtíð. ESB L 194, 18.8.2006, bls. 2.

leiði til ígildis bróttóstyrkveitingar sem fer ekki yfir efri mörk minniháttaraðstoðar og rúmast því innan ákvæða þessarar reglugerðar.

20) Framkvæmdastjórninni ber skylda til að tryggja að farið sé að reglum um ríkisaðstoð og einkum að aðstoðin, sem er veitt samkvæmt reglum um minniháttaraðstoð, sé í samræmi við skilyrðin sem þar eru sett. Í samræmi við meginregluna um samstarf, sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 4. gr. sáttmálans um Evrópusambandið skulu aðildarríkin auðvelda efndir þessa verkefnis með því að koma á fót nauðsynlegum tækjum til að tryggja að heildarfjárhæð minniháttaraðstoðar, sem veitt er sama fyrirtæki vegna þjónustu í almannaþágu er hefur almenna efnahagslega þýðingu, fari ekki yfir heimil efri mörk í heild sinni. Þess vegna og til að tryggja að farið sé að ákvæðunum um uppsöfnun minniháttaraðstoðar samkvæmt öðrum reglugerðum um minniháttaraðstoð, er rétt að aðildarríkin greini viðkomandi fyrirtæki frá fjárhæð aðstoðarinnar þegar þau veita minniháttaraðstoð og frá því að um sé að ræða minniháttaraðstoð, með tilvísun í þessa reglugerð. Auk þess skulu viðkomandi aðildarríki, áður en þau veita slíka aðstoð, fá yfirlýsingu hjá fyrirtækinu um aðra minniháttaraðstoð samkvæmt þessari reglugerð eða öðrum reglugerðum um minniháttaraðstoð sem það hefur fengið á viðkomandi reikningsári og tveimur næstliðnum reikningsárum. Að öðrum kosti á að vera hægt að tryggja að efri mörkin séu virt með því að taka saman miðlæga skrá.

21) Þessi reglugerð gildir með fyrirvara um kröfur í löggjöf Sambandsins á sviði opinberra innkaupa eða viðbótarkröfur í sáttmálanum eða löggjöf Sambandsins um einstakar atvinnugreinar.

22) Þessi reglugerð skal gilda um veitta aðstoð áður en hún tekur gildi til fyrirtækja sem veita þjónustu í almannaþágu er hefur almenna efnahagslega þýðingu.

23) Framkvæmdastjórnin hyggst láta fara fram endurskoðun á þessari reglugerð fimm árum eftir gildistöku hennar,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Gildissvið og skilgreiningar

1. Reglugerð þessi gildir um aðstoð sem er veitt fyrirtækjum sem veita þjónustu í almannaþágu er hefur almenna efnahagslega þýðingu í skilningi 2. mgr. 106. gr. sáttmálans.

2. Þessi reglugerð gildir ekki um:

a) aðstoð sem veitt er fyrirtækjum sem starfa á sviði fiskveiða og lagareldis sem falla undir reglugerð ráðsins (EB) nr. 104/2000 ([1]),

b) aðstoð sem veitt er fyrirtækjum sem starfa í frumframleiðslu landbúnaðarafurða,

c) aðstoð sem veitt er fyrirtækjum sem starfa að vinnslu og markaðssetningu landbúnaðarafurða, í eftirfarandi tilvikum:

i. þegar fjárhæð aðstoðar er ákveðin á grundvelli verðs eða magns þeirra afurða sem keyptar eru af frumframleiðendum eða settar á markað af hlutaðeigandi fyrirtækjum,

ii. þegar aðstoðin er háð því skilyrði að hún sé að hluta til eða eingöngu veitt frumframleiðendum,

d) aðstoð við starfsemi sem tengist útflutningi til þriðju landa eða aðildarríkja, einkum aðstoð sem tengist beint útflutningsmagni, stofnun og rekstri dreifingarnets eða öðrum tilfallandi útgjöldum í tengslum við útflutning,

e) aðstoð sem er skilyrt þannig að innlendar vörur séu teknar fram yfir innfluttar vörur,

f) aðstoð sem veitt er fyrirtækjum sem starfa á sviði kolavinnslu, eins og skilgreint er í reglugerð ráðsins 2010/787/ESB ([2]),

g) aðstoð sem veitt er fyrirtækjum sem annast vöruflutninga á vegum gegn gjaldi,

h) aðstoð til fyrirtækja sem eiga í erfiðleikum.

Starfi fyrirtæki á sviðunum sem um getur í a-, b-, c- eða g-liðum fyrstu undirgreinar og á sviðum sem eru ekki undanþegin gildissviði þessarar reglugerðar, gildir þessi reglugerð einungis um aðstoð sem veitt er að því er varðar þessi önnur svið eða starfsemi, að því tilskildu að aðildarríkin tryggi að starfsemin á undanskildu sviðunum njóti ekki góðs af minniháttaraðstoðinni samkvæmt þessari reglugerð, með viðeigandi hætti svo sem aðskilnaði starfseminnar eða með því að skilja kostnaðinn frá.

3. Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „landbúnaðarafurðir“: afurðir sem eru skráðar í I. viðauka við sáttmálann, að undanskildum fiskafurðum,

b) „vinnsla landbúnaðarafurða“: öll starfsemi er varðar landbúnaðarafurðir ef afrakstur hennar er afurð sem einnig er landbúnaðarafurð, þó ekki starfsemi á bújörðum sem er nauðsynleg við undirbúning dýra- eða plöntuafurða til fyrstu sölu,

c) „markaðssetning landbúnaðarafurða“: að geyma eða sýna með það í huga að selja, bjóða til sölu, afhenda eða einhver önnur aðferð til að markaðssetja, þó ekki fyrsta sala frumframleiðanda til endurseljenda eða vinnsluaðila og öll starfsemi sem felst í að undirbúa afurð fyrir slíka fyrstu sölu; sala frumframleiðanda til neytenda skal teljast markaðssetning ef hún fer fram á sérstökum stað sem notaður er í þeim tilgangi.

([1]) Stjtíð. EB L 17, 21.1.2000, bls. 22.

([2]) Stjtíð. ESB L 336, 21.12.2010, bls. 24.

2. gr.

Minniháttaraðstoð

1. Aðstoð sem veitt er fyrirtækjum sem veita þjónustu í almannaþágu er hefur almenna efnahagslega þýðingu, sem uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2. til 8. mgr. þessarar greinar, telst ekki standast allar viðmiðanirnar í 1. mgr. 107. gr. sáttmálans og fellur því ekki undir tilkynningaskylduna sem um getur í 3. mgr. 108. gr. sáttmálans.

2. Heildarfjárhæð minniháttaraðstoðar, sem er veitt einu fyrirtæki sem veitir þjónustu í almannaþágu er hefur almenna efnahagslega þýðingu, skal ekki fara yfir 500 000 evrur á tímabili sem tekur til þriggja reikningsára.

Þessi efri mörk skulu gilda óháð því í hvaða formi minniháttaraðstoðin er og án tillits til þess hvort aðstoðin, sem aðildarríkið veitir, er fjármögnuð alfarið eða að hluta til með fjármunum Sambandsins. Tímabilið skal ákvarðað með tilliti til reikningsáranna sem fyrirtækið notar í aðildarríkinu sem um er að ræða.

3. Efri mörkin, sem mælt er fyrir um í 2. mgr., skulu tilgreind sem úthlutun í reiðufé. Allar tölur, sem eru notaðar, skulu vera brúttótölur, þ.e. án frádráttar vegna staðgreiðslu skatta eða annarra álaga. Þegar aðstoð er veitt í öðru formi en sem styrkur skal fjárhæðin, sem veitt er til aðstoðarinnar, jafngilda brúttóaðstoð í formi styrks.

Aðstoð, sem er greidd með nokkrum afborgunum, skal reiknuð til núvirðis á þeim tíma þegar hún er veitt. Vextirnir, sem nota skal við afvöxtunarreikning, skulu vera gildandi afvöxtunarstuðull á þeim tíma sem aðstoðin er veitt.

4. Þessi reglugerð gildir aðeins um aðstoð ef hægt er að reikna nákvæmlega ígildi brúttóstyrkveitingar hennar fyrirfram án þess að nauðsynlegt sé að gera áhættumat („gagnsæ aðstoð“). Einkum skal taka tillit til eftirfarandi atriða:

a) fara skal með aðstoð í formi lána sem gagnsæja minniháttaraðstoð þegar ígildi brúttóstyrkveitingar hefur verið reiknað á grundvelli gildandi viðmiðunarvaxta þegar lánið er veitt,

b) aðstoð í formi fjármagnsinnspýtingar skal ekki teljast gagnsæ minniháttaraðstoð nema heildarfjárhæð innspýtingar af hálfu hins opinbera fari ekki yfir efri mörk minniháttaraðstoðar,

c) aðstoð sem felst í ráðstöfunum um áhættufjármagn skal ekki teljast gagnsæ minniháttaraðstoð nema áhættufjármagnið, sem veitt er á grundvelli viðkomandi áætlunar sé innan efri marka minniháttaraðstoðarinnar fyrir hvert fyrirtæki sem um er að ræða,

d) fara skal með staka aðstoð, sem veitt er samkvæmt ábyrgðarkerfi til fyrirtækja sem eiga ekki í erfiðleikum, sem gagnsæja minniháttaraðstoð þegar sá hluti lánsfjárhæðar sem nýtur ábyrgðar, og er veittur samkvæmt slíku kerfi fer ekki yfir 3 750 000 evrur hjá hverju fyrirtæki. Ef sá hluti lánsfjárhæðar sem liggur til grundvallar, sem nýtur ábyrgðar er aðeins tiltekinn hluti af efri mörkunum telst ígildi brúttóstyrkveitingar þeirrar ábyrgðar samsvara sama hluta af gildandi efri mörkum og mælt er fyrir um í 2. mgr. Ábyrgðin skal ekki vera umfram 80% af láninu sem liggur til grundvallar. Ábyrgðarkerfi skulu einnig teljast gagnsæ ef:

i. aðferðin við að reikna út ígildi brúttóstyrkveitingar, sem felst í ábyrgðunum, hefur, áður en kerfið kemur til framkvæmda, verið samþykkt af framkvæmdastjórninni í kjölfar tilkynningar um aðferðina samkvæmt annarri reglugerð sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt á sviði ríkisaðstoðar, og

ii. samþykkta aðferðin varðar beint þá tegund ábyrgðar og viðskipta sem liggja til grundvallar, sem um er að ræða í tengslum við beitingu þessarar reglugerðar.

5. Fari heildarfjárhæð minniháttaraðstoðar, sem er veitt samkvæmt þessari reglugerð til fyrirtækis sem veitir þjónustu í almannaþágu er hefur almenna efnahagslega þýðingu, yfir efri mörkin sem mælt er fyrir um í 2. mgr. gildir þessi reglugerð ekki um þá fjárhæð, ekki heldur sá hluti hennar sem fer ekki yfir efri mörkin. Í slíku tilviki er ekki hægt að krefjast ávinnings samkvæmt þessari reglugerð vegna þessara aðstoðarráðstafana.

6. Minniháttaraðstoð samkvæmt þessari reglugerð skal ekki bætt við ríkisaðstoð að því er varðar sama aðstoðarhæfa kostnaðinn leiði slík sameining til aukinnar aðstoðar umfram það sem ákveðið var fyrir sérstakar aðstæður í hverju tilviki með reglugerð um hópundanþágu eða ákvörðun sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt.

7. Sameina má minniháttaraðstoð, samkvæmt þessari reglugerð, minniháttaraðstoð samkvæmt öðrum reglugerðum um minniháttaraðstoð, upp að efri mörkunum sem mælt er fyrir um í 2. mgr.

8. Minniháttaraðstoð samkvæmt þessari reglugerð skal ekki sameinuð öðrum bótum að því er varðar sömu þjónustu í almannaþágu er hefur almenna efnahagslega þýðingu, án tillits til þess hvort þær fela í sér ríkisaðstoð.

3. gr.

Eftirlit

1. Hyggist aðildarríki veita fyrirtæki minniháttaraðstoð samkvæmt þessari reglugerð skal það tilkynna fyrirtækinu skriflega um fyrirhugaða fjárhæð aðstoðarinnar, gefna upp sem ígildi brúttóstyrkveitingar sem veitt er til þjónustu í almannaþágu, er hefur almenna efnahagslega þýðingu og það í hverju minniháttaraðstoðin er fólgin ásamt því að vísa með skýrum hætti í þessa reglugerð og tilgreina titil hennar og tilvísun í birtingu hennar í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins. Sé minniháttaraðstoð samkvæmt þessari reglugerð veitt ólíkum fyrirtækjum, á grundvelli aðstoðarkerfis og mismunandi fjárhæðir stakrar aðstoðar veittar þessum fyrirtækjum, samkvæmt aðstoðarkerfinu, geta hlutaðeigandi

aðildarríki uppfyllt þessa skyldu með því að tilkynna fyrirtækjunum um fasta fjárhæð sem samsvarar þeirri fjárhæð hámarksaðstoðar sem hægt er að veita samkvæmt aðstoðarkerfinu. Í því tilviki skal nota föstu fjárhæðina til að ákvarða hvort efri mörkin, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 2. gr. séu virt. Áður en aðstoðin er veitt skulu aðildarríkin einnig fá yfirlýsingu hjá fyrirtækinu, sem veitir þjónustu í almannaþágu er hefur almenna efnahagslega þýðingu, skriflega eða á rafrænu formi, um alla aðra minniháttaraðstoð sem það hefur fengið samkvæmt þessari reglugerð á tveimur næstliðnum reikningsárum og yfirstandandi reikningsári.

Aðildarríkin skulu einungis veita nýja minniháttaraðstoð samkvæmt þessari reglugerð eftir að þau hafa gengið úr skugga um að það leiði ekki til þess að heildarfjárhæð minniháttaraðstoðar, sem hlutaðeigandi fyrirtæki hefur fengið, fari yfir efri mörkin sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 2. gr. og farið sé að reglunum um uppsöfnun í 6., 7. og 8. mgr. 2. gr.

2. Hafi aðildarríki komið upp miðlægri skrá yfir minniháttaraðstoð, sem í eru tæmandi upplýsingar um alla minniháttaraðstoð sem yfirvöld í því aðildarríki hafa veitt fyrirtækjum sem veita þjónustu í almannaþágu er hefur almenna efnahagslega þýðingu, gildir fyrsta undirgrein 1. mgr. ekki lengur en til þess tíma þegar skráin nær yfir þriggja ára tímabil.

3. Aðildarríkin skulu skrá og taka saman allar upplýsingar varðandi beitingu þessarar reglugerðar. Í slíkum skrám skulu koma fram allar nauðsynlegar upplýsingar til að sýna fram á að skilyrðin í þessari reglugerð séu uppfyllt. Halda skal skrár varðandi staka minniháttaraðstoð í 10 reikningsár frá þeim degi sem hún er veitt. Halda skal skrár varðandi aðstoðarkerfi minniháttaraðstoðar í 10 ár frá þeim degi sem síðasta, staka aðstoðin var veitt samkvæmt slíku kerfi. Hlutaðeigandi aðildarríki skal láta framkvæmdastjórninni í té, samkvæmt skriflegri beiðni og innan 20 virkra daga eða lengri tíma, sem er tilgreindur í beiðninni, allar upplýsingar sem framkvæmdastjórnin telur nauðsynlegt að hafa til að geta metið hvort skilyrðin í þessari reglugerð hafi verið uppfyllt, einkum heildarfjárhæð þeirrar minniháttaraðstoðar sem fyrirtæki hefur fengið.

4. gr.

Bráðabirgðaráðstafanir

Þessi reglugerð gildir um minniháttaraðstoð sem var veitt fyrir gildistöku hennar til fyrirtækja sem veita þjónustu í almannaþágu, er hefur almenna efnahagslega þýðingu, uppfylli aðstoðin öll skilyrðin sem mælt er fyrir um í 1. og 2. gr. Meta skal alla aðstoð sem veitt er vegna veitingar þjónustu í almannaþágu, er hefur almenna efnahagslega þýðingu, sem uppfyllir ekki þessi skilyrði, í samræmi við viðkomandi ákvarðanir, ramma, viðmiðunarreglur, orðsendingar og tilkynningar.

Við lok gildistíma þessarar reglugerðar má framkvæma löglega alla minniháttaraðstoð sem uppfyllir skilyrðin í þessari reglugerð í sex mánuði til viðbótar.

5. gr.

Gildistaka og gildistími

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Hún gildir til 31. desember 2018.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. apríl 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2009/19/EB **2013/EES/14/19**

frá 12. mars 2009

um breytingu á tilskipun ráðsins 72/245/EBE að því er varðar rafsegultruflanir (rafsegulsviðssamhæfi) í ökutækjum í því skyni að laga hana að tækniframförum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB frá 5. september 2007 um ramma um viðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki (rammatilskipun) ([1]), einkum 2. mgr. 39. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilskipun ráðsins 72/245/EBE frá 20. júní 1972 að því er varðar rafsegulstruflanir (rafsegulsviðssamhæfi) í ökutækjum ([2]) er ein sértilskipananna í tengslum við EB-gerðarviðurkenningaraðferðina sem komið var á fót með tilskipun ráðsins 70/156/EBE frá 6. febrúar 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra ([3]). Ákvæði tilskipunar 70/156/EBE um kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar ökutækja gilda því um tilskipun 72/245/EBE.

2) Samkvæmt lið 3.2.9. í I. viðauka við tilskipun 72/245/EBE þarf ekki að gerðarviðurkenna íhluti, sem seldir eru sem búnaður á eftirmarkaði og ætlaðir eru til uppsetningar í vélknúnum ökutækjum, ef þeir tengjast ekki virkni sem varðar ónæmi. Kveðið er á um fjögurra ára aðlögunartímabil sem hefst 3. desember 2004 en á meðan á því stendur skal tækniþjónusta ákvarða hvort íhlutur sem á að setja á markað varðar ónæmi eða ekki og þarf að gefa út staðfestingu samkvæmt dæminu sem sýnt er í III. viðauka C. Aðildarríkjum er skylt að tilkynna framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna um öll tilfelli synjunar á grundvelli öryggis. Þetta ákvæði gerir þá kröfu til framkvæmdastjórnarinnar að áður en að aðlögunartímabili lýkur taki hún ákvörðun, byggða á fenginni reynslu af kröfunni og skýrslum frá aðildarríkjum, um það hvort enn eigi að krefjast þessarar staðfestingar til viðbótar við samræmisyfirlýsinguna.

3) Eins og mælt er fyrir um í lið 3.2.9. í I. viðauka við tilskipun 72/245/EBE og að teknu tilliti til þeirrar staðreyndar að framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna hefur ekki borist nein skýrsla frá aðildarríkjum varðandi synjun á staðfestingu er nú lagt til að afnema þátttöku tækniþjónustunnar, ef um er að ræða íhluti sem seldir eru sem búnaður á eftirmarkaði og ætlaðir eru til uppsetningar í vélknúnum ökutækjum, ef þeir tengjast ekki virkni sem varðar ónæmi, og að ekki verði lengur krafist staðfestingar í samræmi við dæmið í III. viðauka C, eins sett er fram í lið 3.2.9. í I. viðauka.

4) Því ber að breyta tilskipun 72/245/EBE til samræmis við það.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit tækninefndarinnar um vélknúin ökutæki.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipun 72/245/EBE er breytt sem hér segir:

1. Í skrá yfir viðauka falli eftirfarandi tilvísun í III. viðauka C brott:

„III. viðauki C	Fyrirmynd að staðfestingu að því er varðar lið 3.2.9. í I viðauka.“

2. Í lið 3.2.9 í I. viðauka falli önnur undirgrein brott.

3. III. viðauki C falli brott.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. október 2009. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 70, 14.3.2009, bls. 17. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/2013 frá 1. febrúar 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins,* bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 263, 9.10.2007, bls. 1.

([2]) Stjtíð. EB L 152, 6.7.1972, bls. 15.

([3]) Stjtíð. EB L 42, 23.2.1970, bls. 1.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 2. október 2009.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni texta helstu ákvæða í landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 12. mars 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Günter VERHEUGEN

varaforseti.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2008/92/EB

2013/EES/14/20

frá 22. október 2008

um starfsreglur Bandalagsins til að auka gagnsæi verðlagningar á gasi og rafmagni til endanlegra notenda í atvinnurekstri (endurútgefin) (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 285. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([1]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilskipun ráðsins 90/377/EBE frá 29. júní 1990 um starfsreglur Bandalagsins til að auka gagnsæi verðlagningar á gasi og rafmagni til endanlegra notenda í atvinnuskyni ([2]) hefur verið breytt umtalsvert nokkrum sinnum ([3]). Þar eð nú er verið að gera frekari breytingar á tilskipuninni er æskilegt, til glöggvunar, að endurútgefa viðkomandi ákvæði.

2) Mikilvægt er að verðlagning á orku sé gagnsæ til að innri orkumarkaður geti komist á og starfað snurðulaust enda efli það þær aðstæður sem koma í veg fyrir röskun á samkeppni á hinum sameiginlega markaði.

3) Gagnsæ verðlagning getur komið í veg fyrir að notendum sé mismunað með því að auka frelsi þeirra til að velja á milli mismunandi orkugjafa og mismunandi birgja.

4) Eins og málum er nú háttað er gagnsæi verðlagningar mismunandi eftir því hvaða orkugjafa er um að ræða og einnig eftir aðildarríkjum eða landssvæðum í Bandalaginu og hindrar slíkt að innri orkumarkaður komist á.

5) Hins vegar er verð það sem atvinnufyrirtæki í Bandalaginu greiða fyrir orku einn af þeim þáttum sem samkeppnishæfni þeirra ræðst af og ætti því áfram að vera háð trúnaðarkvöð.

6) Flokkun sú á notendum sem Hagstofa Evrópubandalaganna (Eurostat) notar við birtingu á verðupplýsingum og það verðkerfi sem tekið er upp fyrir stærstu rafmagnsnotendur í atvinnurekstri mun tryggja að gagnsæi verðlagningar spilli ekki trúnaði í þessum efnum.

7) Nauðsynlegt er að þeir flokkar sem Hagstofa Evrópubandalaganna fellir notendur undir verði færðir út að því marki að þeir séu dæmigerðir.

8) Með þessu móti yrði verðlagning til endanlegra notenda gagnsæ án þess að rofinn væri sá trúnaður sem nauðsynlegur er í samningum. Ef trúnaður í meðferð upplýsinga á að haldast verða að vera a.m.k. þrír í hverjum flokki notenda til að hægt sé að birta verð.

9) Þessar upplýsingar sem snerta gas og rafmagn til endanlegra orkunotenda í atvinnurekstri gera það að verkum að einnig verður hægt að gera samanburð við aðra orkugjafa (olíu, kol, jarðefnaeldsneyti og endurnýjanlega orkugjafa) og aðra notendur.

10) Fyrirtæki sem afhenda gas og rafmagn og gas- og rafmagnsnotendur í atvinnurekstri lúta áfram samkeppnisreglum sáttmálans, hvað sem beitingu þessarar tilskipunar líður, og því getur framkvæmdastjórnin krafist upplýsinga um verð og söluskilmála.

11) Einn þáttur í því að gera verðlagningu gagnsæja er að þekkja það verðkerfi sem er í gildi hverju sinni.

12) Þá stuðlar það einnig að gagnsærri verðlagningu að þekkja flokkun notenda og markaðshlutdeild þeirra hvers um sig.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 298, 7.11.2008, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 13/2013 frá 1. febrúar 2013 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins,* bíður birtingar.

([1]) Álit Evrópuþingsins frá 17. júní 2008 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 25. september 2008.

([2]) Stjtíð. EB L 185, 17.7.1990, bls. 16.

([3]) Sjá A-hluta III. viðauka.

13) Sé Hagstofu Evrópubandalaganna greint frá verði og söluskilmálum til notenda og þeim verðkerfum sem eru við lýði svo og frá flokkun notenda ætti framkvæmdastjórninni að vera kleift að ákveða eftir atvikum viðeigandi aðgerðir eða tillögur í ljósi framvindunnar á hinum innri orkumarkaði.

14) Upplýsingarnar sem Hagstofu Evrópubandalaganna eru sendar verða áreiðanlegri ef fyrirtækin sjálf taka þær saman.

15) Til að tryggja gagnsæi verðlagningar er mikilvægt að mönnum sé kunnugt um hvaða skattar eða skattatengd gjöld eru við lýði í hverju aðildarríki.

16) Það verður að vera unnt að ganga úr skugga um áreiðanleika þeirra upplýsinga sem sendar eru Hagstofu Evrópubandalaganna.

17) Það er sjálfgefið að eigi verðlagning að verða gagnsæ verður að birta upplýsingar um verðlagningu og söluskilmála og tryggja sem mesta útbreiðslu þeirra meðal notenda.

18) Þegar verið er að koma á gagnsærri verðlagningu ætti hún að byggjast á haldgóðri sérþekkingu og þeim aðferðum sem Hagstofa Evrópubandalaganna hefur þróað og beitt við vinnslu, eftirlit og birtingu gagna.

19) Þar sem fyrirsjáanlegt er að innri orkumarkaður muni senn komast á verður fyrirkomulagið um gagnsæi verðlagningar að komast á laggirnar sem fyrst.

20) Forsenda þess að unnt sé að beita ákvæðum þessarar tilskipunar á sama hátt í öllum aðildarríkjunum er að til sé nægilega þróaður jarðgasmarkaður, einkum með tilliti til grunnvirkja.

21) Nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari tilskipun skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([1]).

22) Framkvæmdastjórnin skal einkum hafa umboð til þess að gera nauðsynlegar breytingar á I. og II. viðauka með hliðsjón af sérstökum vandamálum sem upp koma. Þar eð þessar ráðstafanir eru almenns eðlis og ætlað að breyta veigaminni þáttum tilskipunar þessarar verður að samþykkja þær í samræmi við þá reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem kveðið er á um í grein 5a í ákvörðun 1999/468/EB.

23) Þar eð nýju atriðin sem innleidd eru í þessari tilskipun varða eingöngu nefndarmeðferð þurfa aðildarríkin ekki að lögleiða þau.

24) Þessi tilskipun skal ekki hafa áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna varðandi fresti til lögleiðingar tilskipananna sem eru settir fram í B-hluta III. viðauka.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Aðildarríkin skulu gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að tryggja að fyrirtæki sem selja gas og rafmagn til notenda í atvinnurekstri, eins og þeir eru skilgreindir í I. og II. viðauka, sendi Hagstofu Evrópubandalaganna eftirtaldar upplýsingar í því formi sem kveðið er á um í 3. gr.:

1. verð og söluskilmála fyrir gas og rafmagn við sölu til endalegra notenda í atvinnurekstri,

2. verðkerfi sem eru við lýði,

3. flokkun notenda og notkun í hverjum flokki þannig að tryggt sé að notkun í hverjum flokki sé dæmigerð á landsvísu.

2. gr.

1. Fyrirtækin sem um getur í 1. gr. skulu safna þeim upplýsingum sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 1. gr 1. janúar og 1. júlí ár hvert.

Þessar upplýsingar, settar fram í samræmi við ákvæðin sem um getur í 3. gr., skulu sendar Hagstofu Evrópubandalaganna og lögbærum yfirvöldum í aðildarríkjunum innan tveggja mánaða.

2. Í maí og nóvember á ári hverju birtir Hagstofa Evrópubandalaganna upplýsingar með viðeigandi sniði um verð á gasi og rafmagni til notenda í atvinnurekstri í aðildarríkjunum og verðlagningarkerfi sem þær byggjast á, á grundvelli þeirra gagna sem um getur í 1. mgr.

3. Upplýsingarnar sem kveðið er á um í 3. mgr. 1. gr. skulu sendar annað hvert ár til Hagstofu Evrópubandalaganna og lögbærra yfirvalda í aðildarríkjunum.

Ekki skal birta þessar upplýsingar.

3. gr.

Í I. og II. viðauka er greint frá framkvæmdarákvæðum um snið, inntak og annað er varðar upplýsingarnar sem kveðið er á um í 1. gr.

([1]) Stjtíð. EB L 184, 17. 7. 1999, bls. 23.

4. gr.

Hagstofa Evrópubandalaganna skal ekki birta þær upplýsingar sem henni berast skv. 1. gr. sem kynnu að vera viðskiptaleyndarmál eðli málsins samkvæmt. Einungis starfsmenn Hagstofu Evrópubandalaganna skulu hafa aðgang að hagskýrslugögnum sem henni berast og háð eru trúnaði og þau má aðeins nota við hagskýrslugerð.

Fyrsta málsgreinin skal þó ekki hindra að útdráttur slíkra gagna verði birtur enda verði ekkert af honum ráðið um einstök viðskipti.

5. gr.

Komist Hagstofa Evrópubandalaganna að því að tölfræðilega marktæk frávik eða ósamræmi í gögnum þeim sem send eru samkvæmt þessari tilskipun getur hún farið þess á leit við stofnanirnar í aðildarríkjunum að henni verði gert kleift að kanna sundurliðaðar upplýsingar og hvaða reiknireglur og matsaðferðir voru notaðar til að draga upplýsingarnar saman til að meta eða jafnvel betrumbæta þær upplýsingar sem misfarist hafa.

6. gr.

Framkvæmdastjórnin gerir, eftir því sem við á, nauðsynlegar breytingar á I. og II. viðauka við þessa tilskipun með hliðsjón af sérstökum vandamálum sem upp koma. Samþykkja skal þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar, í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 2. mgr. 7. gr.

Slíkar breytingar skulu þó aðeins ná til tæknilegra þátta I. og II. viðauka og skulu ekki vera þess eðlis að þær breyti heildaruppbyggingu kerfisins.

7. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 1.-4. mgr. 5. gr. a og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

8. gr.

Einu sinni á ári leggur framkvæmdastjórnin yfirlitsskýrslu um framkvæmd þessarar tilskipunar fyrir Evrópuþingið, ráðið og efnahags-og félagsmálanefndina.

9. gr.

Að því er varðar jarðgas kemur þessi tilskipun ekki til framkvæmda í aðildarríki fyrr en fimm árum eftir að sá orkugjafi er boðinn fram á viðkomandi markaði.

Viðkomandi ríki ber sérstaklega að tilkynna framkvæmdastjórninni án tafar hvaða dag sá orkugjafi er fyrst boðinn fram á landsbundnum markaði.

10. gr.

Tilskipun 90/377/EB, eins og henni var breytt með gerðunum sem eru tilgreindar í A-hluta III. viðauka, er felld úr gildi með fyrirvara um skuldbindingar aðildarríkjanna, að því er varðar þá fresti til lögleiðingar tilskipananna, sem settir eru fram í B-hluta III. viðauka.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í IV. viðauka.

11. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

12. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 22. október 2008.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
H.-G. PÖTTERING	J.-P. JOUYET
forseti.	*forseti.*

I. VIÐAUKI

VERÐ Á GASI

Verð á gasi til endanlegra notenda í atvinnurekstri ([1]) sem ber að safna og taka saman samkvæmt eftirfarandi aðferðafræði:

a) Verð sem ber að tilgreina er verð sem endanlegir notendur í atvinnurekstri greiða fyrir kaup á jarðgasi sem dreift er um gasveitu til eigin nota.

b) Öll notkun á gasi í atvinnurekstri er talin með. Hins vegar undanskilur kerfið þá neytendur sem nota gas:

– til raforkuframleiðslu í orkuverum eða í samþættri varma- og orkuvinnslu

– ekki til orkunotkunar (t.d. í efnaiðnaði),

– meira en 4 000 000 gígajúl (GJ) á ári.

c) Skráð verð ber að miða við kerfi staðlaðra notkunarþrepa sem skilgreind eru út frá árlegri gasnotkun.

d) Verðsöfnun á sér stað tvisvar á ári, í upphafi hvers sex mánaða tímabils (janúar og júlí) og er vísað til þess meðalverðs sem endanlegir notendur í atvinnurekstri hafa greitt fyrir gas undanfarna sex mánuði. Fyrsta tilkynning um verðupplýsingar til Hagstofu Evrópubandalaganna skal fjalla um stöðuna hinn 1. janúar 2008.

e) Tilgreina skal verð í gjaldmiðli hvers ríkis á hvert gígajúl. Orkueiningin sem er notuð er mæld á grundvelli heildarvarmagildis (GCV).

f) Öll gjöld skulu innifalin í verði: tengigjöld að viðbættri orkunotkun að frádregnum afslætti, auk annarra gjalda (mælaleigu, fastra afnotagjalda o.s.frv.). Stofngjöld skulu ekki talin með.

g) Verð ber að skrá sem landsbundið meðalverð.

h) Aðildarríkin þróa og koma í framkvæmd hagkvæmum verklagsreglum til að tryggja gagnasöfnunarkerfi fyrir dæmigerð gögn sem byggist á eftirtöldum reglum:

– Í verði skal felast vegið meðalverð þar sem markaðshlutdeild fyrirtækjanna, sem afhenda gas, er notuð sem vægisstuðull. Verð miðað við meðalgildi er aðeins tilgreint þegar ekki er hægt að reikna vegnar tölur. Hvort heldur sem er skulu aðildarríkin sjá til þess að dæmigerður hluti landsbundna markaðarins falli undir könnunina.

– Markaðshlutdeild skal byggjast á magni gass sem fyrirtækin, sem afhenda gas, reikningsfæra á endanlega notendur í atvinnurekstri. Ef unnt er skal reikna markaðshlutdeild sérstaklega fyrir hvert þrep. Aðildarríkin skulu taka tillit til trúnaðarreglna við meðferð þeirra upplýsinga sem notaðar eru við útreikninga á vegnu meðalverði.

– Af trúnaðarástæðum skal aðeins birta verðupplýsingar ef í viðkomandi aðildarríki eru minnst þrír notendur í hverjum flokki sem um getur í j-lið.

i) Birta skal þrenns konar verð:

– Verð án skatta og álagðra gjalda.

– Verð án VSK og annarra endurheimtanlegra skatta.

– Verð með öllum sköttum, álögðum gjöldum og VSK.

([1]) Meðal notenda í atvinnurekstri geta verið aðrir endanlegir notendur sem ekki eru heimilisnotendur

j) Kanna skal verð á gasi í eftirtöldum flokkum endanlegra notenda í atvinnurekstri:

Endanlegur notandi í atvinnurekstri	Árleg gasnotkun (GJ)	
	Minnst	Mest
Þrep-I1		< 1 000
Þrep-I2	1 000	< 10 000
Þrep-I3	10 000	< 100 000
Þrep-I4	100 000	< 1 000 000
Þrep-I5	1 000 000	<= 4 000 000

k) Annað hvert ár, samtímis því að verð er tilkynnt í janúar, eru upplýsingar um söfnunarkerfið, sem notað er, sendar til Hagstofu Evrópubandalaganna, einkum: lýsing á könnuninni og umfangi hennar (fjölda afhendingarfyrirtækja sem voru könnuð, uppsöfnuð prósenta af markaðnum, sem kannaður er, o.s.frv.) og viðmiðanirnar sem notaðar eru til að reikna vegið meðalverð auk uppsafnaðs notkunarmagns í hverju þrepi. Fyrsta tilkynningin varðandi söfnunarkerfið mun fjalla um stöðuna hinn 1. janúar 2008.

l) Einu sinni á ári, samtímis því að verð er tilkynnt í janúar, eru upplýsingar um helstu meðaltalseiginleika og þætti sem hafa áhrif á verðið, sem tilkynnt er fyrir hvert notkunarþrep, sendar til Hagstofu Evrópubandalaganna.

Upplýsingarnar skulu taka til:

– Meðalálagsstuðla fyrir notendur í atvinnurekstri sem samsvara hverju notkunarþrepi sem reiknaðir eru á grundvelli heildarmagns afhentrar orku og meðaltali hámarkseftirspurnar.

– Lýsingar á afslætti sem er veittur vegna rjúfanlegrar afhendingar.

– Lýsingar á föstu gjaldi, mælaleigu eða öðrum gjöldum sem eiga við á landsvísu.

m) Einu sinni á ári, samtímis tilkynningunni í janúar, skal einnig tilgreina taxta og aðferð við útreikninga auk lýsingar á sköttum sem lagðir eru á sölu gass til endanlegra notenda í atvinnurekstri. Lýsingin skal taka til allra álaga annarra en skatta sem ná yfir kerfiskostnað og skyldur um opinbera þjónustu.

Lýsingin á sköttum, sem skila á, tekur til þriggja skýrt aðgreindra þátta:

– Skatta, álagðra gjalda, álagðra gjalda annarra en skatta, gjalda og annarrar skattheimtu sem ekki er auðkennd á reikningum til endanlegra notenda í atvinnurekstri. Atriðin, sem lýst er í þessum lið, verða tekin með í tilkynntum tölum í verðþrepinu: „Verð án skatta og álagðra gjalda“,

– Skatta og álagðra gjalda sem auðkennd eru á reikningum til endanlegra notenda í atvinnurekstri og teljast ekki vera endurheimtanleg. Atriðin, sem lýst er í þessum lið, verða því tekin með í tilkynntum tölum í verðþrepinu: „Verð án VSK og annarra endurheimtanlegra skatta“,

– Virðisaukaskatts (VSK) og annarra endurheimtanlegra skatta sem auðkenndir eru á reikningunum til endanlegra notenda í atvinnurekstri. Atriðin, sem lýst er í þessum lið, verða tekin með í tilkynntum tölum í verðþrepinu: „Verð með öllum sköttum, álögðum gjöldum og VSK.“

Eftirfarandi er yfirlit yfir ýmsa skatta, álögð gjöld, álögð gjöld önnur en skatta, gjöld og aðra skattheimtu sem við eiga:

– Virðisaukaskattur.

– Sérleyfisgjöld. Þetta á yfirleitt við um leyfi og gjöld fyrir notkun á landi og eignir í opinberri eigu og einkaeigu undir dreifikerfi og annan búnað,

– Umhverfisskattar eða -álögur. Þetta á yfirleitt við um eflingu á endurnýjanlegum orkugjöfum eða samþætta varma- og orkuvinnslu eða álögur á CO2, SO2 eða losun annarra efna sem tengjast loftlagsbreytingum.

– Aðrir skattar eða álögur sem tengjast orkugeiranum: skyldur um/gjöld vegna opinberrar þjónustu, álögð gjöld til fjármögnunar orkueftirlitsyfirvalda o.s.frv.

– aðrir skattar eða álögur sem tengjast ekki orkugeiranum: skattar á landsvísu, í sveitarfélagi eða héraði sem lagðir eru á orkunotkun, skattar á gasdreifingu o.s.frv.

Ekki verður tekið tillit til tekjuskatts, eignaskatts, olíu fyrir bifreiðar, vegaskatta, skatta á leyfi fyrir fjarskipti, hljóðvarp, auglýsingar, leyfisgjalda, skatta á úrgang o.s.frv. og eru þeir undanskildir þessari lýsingu þar eð þeir eru án efa hluti af rekstrarkostnaði og eiga einnig við um aðrar atvinnugreinar eða starfsemi.

n) Í aðildarríkjum þar sem eitt fyrirtæki fer með alla sölu til atvinnurekstrar er því fyrirtæki heimilt að senda upplýsingarnar. Í aðildarríkjum þar sem fleiri en eitt fyrirtæki eru starfandi skal senda upplýsingarnar frá sjálfstæðri hagskýrslustofnun.

II. VIÐAUKI

VERÐ Á RAFMAGNI

Verð á rafmagni til endanlegra notenda í atvinnurekstri ( ) sem ber að safna og taka saman samkvæmt eftirfarandi aðferðafræði:

a) Verð, sem ber að tilgreina, er verð sem notendur í atvinnurekstri greiða fyrir kaup á rafmagni til eigin nota.

b) Öll notkun á rafmagni í atvinnurekstri er talin með.

c) Skráð verð ber að miða við kerfi staðlaðra notkunarþrepa sem skilgreind eru út frá árlegri rafmagnsnotkun.

d) Verðsöfnun á sér stað tvisvar á ári, í upphafi hvers sex mánaða tímabils (janúar og júlí) og er vísað til þess meðalverðs sem endanlegir notendur í atvinnurekstri greiða fyrir rafmagn undanfarna sex mánuði. Fyrsta tilkynning um verðupplýsingar til Hagstofu Evrópubandalaganna skal fjalla um stöðuna hinn 1. janúar 2008.

e) Tilgreina skal verð í gjaldmiðli hvers ríkis á hverja kílóvattstund (kWh).

f) Öll gjöld skulu innifalin í verði: tengigjöld að viðbættri orkunotkun að frádregnum afslætti, auk annarra gjalda (aflgjalds, markaðssetningar, mælaleigu, o.s.frv.). Stofngjöld skulu ekki talin með.

g) Verð ber að skrá sem landsbundið meðalverð.

h) Aðildarríkin þróa og koma í framkvæmd hagkvæmum verklagsreglum til að tryggja gagnasöfnunarkerfi fyrir dæmigerð gögn sem byggist á eftirtöldum reglum:

– Í verði skal felast vegið meðalverð þar sem markaðshlutdeild rafmagnsveitnanna er notuð sem vægisstuðull. Verð miðað við meðalgildi er aðeins tilgreint þegar ekki er hægt að reikna vegnar tölur. Hvort heldur sem er skulu aðildarríkin sjá til þess að dæmigerður hluti landsbundna markaðarins falli undir könnunina.

– Markaðshlutdeild skal byggjast á magni rafmagns sem rafmagnsveiturnar reikningsfæra á endanlega notendur í atvinnurekstri. Ef unnt er skal reikna markaðshlutdeild sérstaklega fyrir hvert þrep. Aðildarríkin skulu taka tillit til trúnaðarreglna við meðferð þeirra upplýsinga sem notaðar eru við útreikninga á vegnu meðalverði.

– Af trúnaðarástæðum skal aðeins birta verðupplýsingar ef í viðkomandi aðildarríki eru minnst þrír notendur í hverjum flokki sem um getur í j-lið.

i) Birta skal þrenns konar verð:

– - Verð án skatta og álagðra gjalda.

– - Verð án VSK og annarra endurheimtanlegra skatta,

– - Verð með öllum sköttum, álögðum gjöldum og VSK.

j) Kanna skal verð á rafmagni í eftirtöldum flokkum endanlegra notenda í atvinnurekstri:

Endanlegur notandi í atvinnurekstri	Árleg rafmagnsnotkun (MWh)	
	Minnst	Mest
Þrep IA		< 20
Þrep IB	20	< 500
Þrep IC	500	< 2000
Þrep ID	2000	< 20 000
Þrep IE	20 000	< 70 000
Þrep IF	70 000	<= 150 000

(1) Meðal notenda í atvinnurekstri geta verið aðrir endanlegir notendur sem ekki eru heimilisnotendur

k) Annað hvert ár, samtímis því að verð er tilkynnt í janúar, eru upplýsingar um söfnunarkerfið sem notað er, sendar til Hagstofu Evrópubandalaganna, einkum: lýsing á könnuninni og umfangi hennar (fjölda afhendingarfyrirtækja sem voru könnuð, uppsöfnuð prósenta af markaðnum, sem kannaður er o.s.frv.) og viðmiðanirnar sem notaðar eru til að reikna vegið meðalverð auk uppsafnaðs notkunarmagns í hverju þrepi. Fyrsta tilkynningin varðandi söfnunarkerfið mun fjalla um stöðuna hinn 1. janúar 2008.

l) Einu sinni á ári, samtímis því að verð er tilkynnt í janúar, eru upplýsingar um helstu meðaltalseiginleika og þætti sem hafa áhrif á verðið, sem tilkynnt er fyrir hvert notkunarþrep, sendar til Hagstofu Evrópubandalaganna.

Upplýsingarnar sem sendar eru skulu taka til:

– Meðalálagsstuðla fyrir notendur í atvinnurekstri sem samsvara hverju notkunarþrepi sem reiknaðir eru á grundvelli heildarmagns afhentrar orku og meðaltali hámarkseftirspurnar.

– Töflu með spennutakmörkunum í hverju landi.

– Lýsingar á föstu gjaldi, mælaleigu eða öðrum gjöldum sem eiga við á landsvísu.

m) Einu sinni á ári, samtímis tilkynningunni í janúar, skal einnig tilgreina taxta og aðferð við útreikninga auk lýsingar á sköttum sem lagðir eru á sölu rafmagns til endanlegra notenda í atvinnurekstri. Lýsingin skal taka til allra álaga annarra en skatta sem ná yfir kerfiskostnað og skyldur um opinbera þjónustu.

Lýsingin á sköttum, sem skila á, tekur til þriggja skýrt aðgreindra þátta:

– Skatta, álagðra gjalda, álagðra gjalda annarra en skatta, gjalda og annarrar skattheimtu sem ekki er auðkennd á reikningum til endanlegra notenda í atvinnurekstri. Atriðin, sem lýst er í þessum lið, verða tekin með í tilkynntum tölum í verðþrepinu: „Verð án skatta og álagðra gjalda“,

– Skatta og álagðra gjalda sem auðkennd eru á reikningum til endanlegra notenda í atvinnurekstri og teljast ekki vera endurheimtanleg. Atriðin, sem lýst er í þessum lið, verða tekin með í tilkynntum tölum í verðþrepinu: „Verð án VSK og annarra endurheimtanlegra skatta“,

– Virðisaukaskatts (VSK) og annarra endurheimtanlegra skatta sem auðkenndir eru á reikningunum til endanlegra notenda í atvinnurekstri. Atriðin, sem lýst er í þessum lið, verða tekin með í tilkynntum tölum í verðþrepinu: „Verð með öllum sköttum, álögðum gjöldum og VSK.“

Eftirfarandi er yfirlit yfir ýmsa skatta, álögð gjöld, álögð gjöld önnur en skatta, gjöld og aðra skattheimtu sem kann að eiga við:

– Virðisaukaskattur,

– Sérleyfisgjöld. Þetta á yfirleitt við um leyfi og gjöld fyrir notkun á landi og eignir í opinberri eigu og einkaeigu undir dreifikerfi og annan búnað.

– Umhverfisskattar eða -álögur. Þetta á yfirleitt við um eflingu á endurnýjanlegum orkugjöfum eða samþætta varma- og orkuvinnslu eða álögur á CO2, SO2 eða losun annarra efna sem tengjast loftlagsbreytingum.

– Skattar á kjarnorku og aðrir skoðunarskattar: gjöld vegna ónýtingar kjarnorku, skoðanagjöld og gjöld fyrir kjarnorkuvirki o.s.frv.

– Aðrir skattar eða álögur sem tengjast orkugeiranum: skyldur um/gjöld vegna opinberrar þjónustu, álögð gjöld til fjármögnunar orkueftirlitsyfirvalda o.s.frv.

– Aðrir skattar eða álögur sem tengjast ekki orkugeiranum: skattar á landsvísu, í sveitarfélagi eða héraði, sem lagðir eru á orkunotkun, skattar á rafmagnsdreifingu o.s.frv.

Ekki verður tekið tillit til tekjuskatts, eignaskatts, vörugjalds á olíuvörur og eldsneyti til annars en raforkuframleiðslu, olíu fyrir bifreiðar, vegaskatta, skatta á leyfi fyrir fjarskipti, hljóðvarp, auglýsingar, leyfisgjalda, skatta á úrgang o.s.frv. og eru þeir undanskildir í þessari lýsingu þar eð þeir eru án efa hluti af rekstrarkostnaði og eiga við um aðrar atvinnugreinar og starfsemi.

n) Einu sinni á ári, samtímis tilkynningunni í janúar, skal senda upplýsingar um sundurliðun á rafmagnsverði í helstu þætti til Hagstofu Evrópubandalaganna. Sundurliðunin á rafmagnsverði í helstu þætti verður byggð á eftirfarandi aðferðafræði:

Fullt verð fyrir rafmagn í hverju notkunarþrepi getur verið heildarsumma „dreifikerfisverðs“, „orku- og afhendingarverðs“ (þ.e. framleiðslu til sölu, að undanskildu dreifikerfi) og allra skatta og álagðra gjalda.

– „dreifikerfisverð“ er hlutfallið á milli tekna sem tengjast flutnings- og dreifingargjöldum og (ef hægt er) samsvarandi fjölda kílóvattstunda (kWh) í hverju notkunarþrepi. Ef sundurliðaður fjöldi kílóvattstunda (kWh) í hverju þrepi er ekki tiltækur skal leggja fram mat.

– „orku- og afhendingarverð“ er heildarverð að frádregnu „dreifikerfisverði“ og að frádregnum öllum sköttum og álögðum gjöldum.

– skattar og álögð gjöld. Fyrir þennan þátt skal tilgreina frekari sundurliðun:

– skattar og álögð gjöld á „dreifikerfisverð“.

– skattar og álögð gjöld á „orku- og afhendingarverð“.

– VSK og aðrir endurheimtanlegir skattar.

Ath.: Ef viðbótarþjónusta er tilgreind sérstaklega er hægt að setja hana undir annan af tveim meginþáttunum sem hér segir:

– Til „dreifikerfisverðs“ telst eftirtalinn kostnaður: flutnings- og dreifingargjöld, flutnings- og dreifingartap, kostnaður við dreifikerfi, viðhaldsþjónusta, kostnaður við viðhald kerfisins og mælaleiga.

– Til „orku- og afhendingarverðs“ telst eftirtalinn kostnaður: framleiðsla, söfnun, jöfnun orku, kostnaður við afhenta orku, þjónusta við viðskiptavini, stjórnun eftir sölu, mælingar og annar kostnaður við afhendingu.

– Annar sérstakur kostnaður. Í þessum lið er kostnaður sem er hvorki dreifikerfiskostnaður né orku- og afhendingarkostnaður né skattar. Ef þess háttar kostnaður er fyrir hendi skal tilgreina hann sérstaklega.

o) Í aðildarríkjum þar sem eitt fyrirtæki fer með alla sölu til atvinnurekstrar er því fyrirtæki heimilt að senda upplýsingarnar. Í aðildarríkjum þar sem fleiri en eitt fyrirtæki eru starfandi skal senda upplýsingarnar frá sjálfstæðri hagskýrslustofnun.

III. VIÐAUKI

A-HLUTI

Niðurfelld tilskipun með skrá yfir síðari breytingar hennar

(sem um getur í 10. gr.)

Tilskipun ráðsins 90/377/EBE Stjtíð. EB L 185, 17. 7. 1990, bls. 16.	
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 93/87/EBE (Stjtíð. EB L 277, 10. 11.1993, bls. 32)	
I. viðauki við aðildarlögin frá 1994 (Stjtíð. EB C 241, 29.8.1994, bls. 21)	
Ákvæði a- og b-liðar 3. liðar í 12. lið A í II. viðauka við aðildarlögin frá 2003. (Stjtíð. ESB L 236, 23.9.2003, bls. 33)	
Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtíð. EB L 284, 31.10. 2003, bls. 1)	Einungis 3. liður í I. viðauka.
Tilskipun ráðsins 2006/108/EB (Stjtíð. EB L 363, 20.12. 2006, bls. 414)	Einungis að því er varðar tilvísanir í tilskipun 90/377/EBE í 1. gr. og a- og b-lið 1. liðar í I. viðauka
Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/394/EB (Stjtíð. EB L 148, 9.6. 2007, bls. 11)	

B-HLUTI

Skrá yfir fresti til lögleiðingar í aðildarríkjunum

(sem um getur í 10. gr.)

Tilskipun	Frestur til lögleiðingar
90/377/EBE	30. júlí 1991
93/87/EBE	—
2006/108/EB	1. janúar 2007

IV. VIÐAUKI

Samsvörunartafla

Tilskipun 90/377/EBE	Þessi tilskipun
1. gr.	1. gr.
Fyrsti málsliður 1. mgr. 2. gr.	Fyrsta undirgrein 1. mgr. 2. gr.
Annar málsliður 1. mgr. 2. gr.	Önnur undirgrein 1. mgr. 2. gr.
2.	mgr. 2. gr.
2. mgr. 2. gr.	
Fyrsti málsliður 3. mgr. 2. gr.	Fyrsta undirgrein 3. mgr. 2. gr.
Annar málsliður 3. mgr. 2. gr.	—
Þriðji málsliður 3. mgr. 2. gr.	Önnur undirgrein 3. mgr. 2. gr.
3.–5. gr.	3.–5. gr.
Fyrsti málsliður 6. gr.	Fyrsti málsliður 1. mgr. 6. gr.
—	Annar málsliður 1. mgr. 6. gr.
Annar málsliður 6. gr.	Önnur málsgrein 6. gr.
1. og 2. mgr. 7. gr.	7. gr.
3. mgr. 7. gr.	—
8. gr.	8. gr.
1. mgr. 9. gr.	—
Fyrsti málsliður 2. mgr. 9. gr.	1. mgr. 9. gr.
Annar málsliður 2. mgr. 9. gr.	Önnur málsgrein 9. gr.
—	10. og 11. gr.
10. gr.	12. gr.
I. og II. viðauki	I. og II. viðauki
—	III. viðauki
—	IV. viðauki

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2013/EES/14/21

nr. 711/2012

frá 3. ágúst 2012

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 185/2010 um ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd að því er varðar aðferðir við skimun annarra einstaklinga en farþega og hluta sem þeir bera á sér (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 300/2008 frá 11. mars 2008 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningsflugi og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 2320/2002 ([1]), einkum 3. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 272/2009 frá 2. apríl 2009 um viðbætur við sameiginlegar grunnkröfur um flugvernd í almenningsflugi, sem mælt er fyrir um í viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins ([2]) nr. 300/2008, er kveðið á um að framkvæmdarreglurnar, sem á að samþykkja skv. 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008, heimili notkun snefilgreiningartækis fyrir sprengiefni (ETD) og sprengjuleitarhunda við skimun annarra einstaklinga en farþega og hluta sem þeir bera á sér.

2) Nauðsynlegt er að samþykkja ítarleg ákvæði um notkun snefilgreiningartækis fyrir sprengiefni og sprengjuleitarhunda við skimun annarra einstaklinga en farþega og hluta sem þeir bera á sér.

3) Notkun snefilgreiningartækis fyrir sprengiefni og sprengjuleitarhunda við skimun annarra einstaklinga en farþega og hluta, sem þeir bera á sér, getur auðveldað og bætt skilvirkni skimunarferlisins og skal fara fram með hliðsjón af þeim sérstöku aðstæðum sem gilda um skimun starfsfólks.

4) Endurskoða skal ákvæðin sem varða málmleitarhlið (WTMD), sem mælt er fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 185/2010 frá 4. mars 2010 um ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd ([3]), í samræmi við þróun þeirrar ógnar sem steðjar að almenningsflugi og áhættunnar sem stafar af mismunandi hópum einstaklinga.

5) Því ber að breyta reglugerð (ESB) nr. 185/2010 til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um flugvernd í almenningsflugi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 185/2010 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 209, 4.8.2012, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 23/2013 frá 1. febrúar 2013 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins,* bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 97, 9.4.2008, bls. 72.

([2]) Stjtíð. ESB L 91, 3.4.2008, bls. 7.

([3]) Stjtíð. ESB L 55, 5.3.2010, bls. 1.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. ágúst 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

VIÐAUKI

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 185/2010 er breytt sem hér segir:

1. Í stað liðar 1.3.1 komi eftirfarandi:

„1.3.1 **Skimun annarra einstaklinga en farþega og hluta sem þeir bera á sér**

1.3.1.1 Skimun annarra einstaklinga en farþega skal fara fram með einni af eftirfarandi aðferðum:

a) handleit,

b) málmleitarhliði,

c) sprengjuleitarhundum,

d) snefilgreiningartæki fyrir sprengiefni,

e) öryggisskönnum sem nota ekki jónandi geislun.

1.3.1.2 Liðirnir 4.1.1.3 – 4.1.1.6 og liður 4.1.1.10 gilda um skimun annarra einstaklinga en farþega.

1.3.1.3 Aðeins er heimilt að nota sprengjuleitarhunda og snefilgreiningartæki fyrir sprengiefni sem viðbótarúrræði við skimun eða sem annan ófyrirsjáanlegan kost í stað handleitar, málmleitarhliðs eða öryggisskanna.

1.3.1.4 Skimun hluta sem aðrir einstaklingar en farþegar bera á sér skal fara fram með einni af eftirfarandi aðferðum:

a) handleit,

b) röntgenbúnaði,

c) búnaði til greiningar sprengiefnis,

d) sprengjuleitarhundum,

e) snefilgreiningartæki fyrir sprengiefni.

1.3.1.5 Liðirnir 4.1.2.4–4.1.2.7 gilda um skimun hluta sem einstaklingar aðrir en farþegar bera á sér.

1.3.1.6 Aðeins er heimilt að nota sprengjuleitarhunda og snefilgreiningartæki fyrir sprengiefni sem viðbótarúrræði við skimun eða sem annan ófyrirsjáanlegan kost í stað handleitar, röntgenbúnaðar eða búnaðar til greiningar sprengiefnis.

1.3.1.7 Einstaklingi er aðeins heimilt að hafa meðferðis hluti, sem skráðir eru í fylgiskjali 4-C, ef hann hefur til þess heimild í því skyni að sinna verkefnum sem eru nauðsynleg fyrir starfrækslu flugvallar eða loftfars eða til að sinna skylduverkum um borð.

1.3.1.8 Ef framkvæma þarf úrtaksskimun, sem fer fram að staðaldri, hjá öðrum einstaklingum en farþegum, ásamt hlutum, sem þeir bera á sér, skal viðeigandi yfirvald ákveða tíðni úrtaksskimunar á grundvelli áhættumats.

1.3.1.9 Skimun annarra einstaklinga en farþega og hluta, sem þeir bera á sér, fellur einnig undir viðbótarákvæðin sem mælt er fyrir um í sérstakri ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar.“

2. Í stað liðar 12.1.2 komi eftirfarandi:

„12.1.2 S**taðlar sem gilda um málmleitarhlið**

12.1.2.1 Tveir staðlar gilda um málmleitarhlið. Mælt er fyrir um ítarlegar kröfur fyrir þessa staðla í sérstakri ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar.

12.1.2.2 Öll málmleitarhlið, sem eru eingöngu notuð við skimun annarra einstaklinga en farþega, skulu uppfylla staðal 1.

12.1.2.3 Öll málmleitarhlið, sem eru notuð við skimun farþega, skulu uppfylla staðal 2.“

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2012/6/ESB **2013/EES/14/22**

frá 14. mars 2012

um breytingu á tilskipun ráðsins 78/660/EBE um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð að því er varðar smáeiningar (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 1. mgr. 50. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi ([3])*:*

1) Í niðurstöðum leiðtogaráðsins frá 8. og 9. mars 2007 var mikilvægi þess að draga úr stjórnsýsluálagi til að efla hagkerfi Evrópu undirstrikað, og nauðsyn þess að Evrópusambandið grípi til öflugra, sameiginlegra ráðstafana til að draga úr stjórnsýsluálagi.

2) Bent hefur verið á að unnt sé að draga úr stjórnsýsluálagi á sviði reikningshalds hjá félögum innan Sambandsins.

3) Örfyrirtæki, lítil og meðalstór fyrirtæki eru skilgreind í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2003/361/EB(). Á viðræðufundum við aðildarríki hefur þó komið í ljós að stærðarviðmiðunin fyrir örfyrirtæki, í þeim tilmælum, gæti verið of há að því er varðar reikningshald. Því skal taka í notkun undirflokk örfyrirtækja svo kallaða „smáeiningu“ sem tekur til félaga sem hafa lægri stærðarviðmið um niðurstöðutölu efnahagsreiknings og hreina veltu en þau sem sett eru fram fyrir örfyrirtæki.

4) Smáeiningar stunda í flestum tilvikum viðskipti á staðeða svæðisbundnum vettvangi og hafa nánast enga eða takmarkaða starfsemi sem nær yfir landamæri. Að auki gegna þær mikilvægu hlutverki við sköpun nýrra starfa, stuðla að rannsóknum og þróunarstarfsemi og sköpun nýrrar efnahagslegrar starfsemi.

5) Smáeiningar hafa takmarkaðar tekjulindir til að uppfylla strangar kröfur samkvæmt reglum. Þær falla þó oft undir sömu reikningsskilareglur og stærri félög. Þessar reglur leggja byrðar á þær sem eru ekki í réttu hlutfalli við stærð þeirra og eru því óhóflegar fyrir minnstu fyrirtækin samanborið við þau sem stærri eru. Því ætti að vera mögulegt að undanskilja smáeiningar frá tilteknum skyldum sem gætu lagt á þau óþarflega íþyngjandi stjórnsýsluálag. Smáeiningar skulu þó enn falla undir allar landsbundnar skuldbindingar um að halda skrár sem sýna viðskiptafærslur þeirra og efnahag.

6) Þar eð fjöldi félaga sem stærðarviðmiðunin sem sett er fram í þessari tilskipun mun gilda um kemur til með að vera ákaflega mismunandi frá einu aðildarríki til annars og starfsemi smáeininga hefur engin eða takmörkuð áhrif á viðskipti yfir landamæri eða starfsemi innri markaðarins skulu aðildarríki taka tillit til ólíkra áhrifa þessara viðmiðana við framkvæmd þessarar tilskipunar á landsvísu.

7) Aðildarríki skulu taka tillit til sérstakra skilyrða og þarfa eigin markaða við ákvarðanatöku varðandi það hvort eða hvernig framkvæma á fyrirkomulagið varðandi smáeiningar með tilliti til tilskipunar ráðsins 78/660/EBE ([4]).

8) Smáeiningar verða að taka tillit til tekna og gjalda að því er varðar fjárhagsárið án tillits til viðtöku- eða greiðsludags slíkra tekna eða gjalda. Útreikningar á fyrirframgreiðslum og áföllnum tekjum og áföllnum gjöldum og fyrirframgreiddum tekjum geta verið íþyngjandi fyrir smáeiningar. Af þessum sökum skal heimila aðildarríkjunum að undanskilja smáeiningar frá því að reikna út og leggja fram þessa þætti, að svo miklu leyti sem undanþágan snýr að öðrum gjöldum en kostnaði vegna hráefnis- og hjálparefna, virðisbreytinga og starfsmanna- og skattakostnaði. Á þennan hátt má draga úr stjórnsýsluálagi sem felst í því að reikna út tiltölulega lítinn jöfnuð.

9) Birting ársreikninga getur verið íþyngjandi fyrir smáeiningar. Á sama tíma þurfa aðildarríki að tryggja að farið sé að ákvæðum þessarar tilskipunar. Til samræmis við það skal heimila aðildarríkjum að undanskilja smáeiningar frá almennum kröfum um birtingu, að því tilskildu að upplýsingar í efnahagsreikningnum séu skráðar á viðeigandi hátt í samræmi við landslög hjá a.m.k. einu tilnefndu lögbæru yfirvaldi og upplýsing

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 81, 21.3.2012, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 29/2013 frá 1. febrúar 2013 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins,* bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 317, 23.12.2009, bls. 67.

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 10. mars 2010 (Stjtíð. ESB C 349 E, 22.12.2010, bls. 111) og afstaða ráðsins eftir fyrstu umræðu frá 12. september 2011 (Stjtíð. ESB C 337 E, 18.11.2011, bls. 1). Afstaða Evrópuþingsins frá 13. desember 2011 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 21. febrúar 2012.

([3]) Stjtíð. ESB L 124, 20.5.2003, bls. 36.

([4]) Stjtíð. EB L 222, 14.8.1978, bls. 11.

arnar séu sendar til fyrirtækjaskrárinnar svo hægt sé að fá eintak ef óskað er eftir því. Í slíkum tilvikum myndi skyldan sem mælt er fyrir um í 47. gr. tilskipunar 78/660/EBE um að birta öll bókhaldsgögn í samræmi við 5. mgr. 3. gr. tilskipunar 2009/101/EB ([1]) ekki gilda.

10) Markmiðið með þessari tilskipun er að gera aðildarríkjunum kleift að búa til einfalt reikningskilaumhverfi fyrir smáeiningar. Notkun gangvirðis getur leitt til þess að þörf sé á ítarlegum upplýsingum til að útskýra grundvöllinn sem gangviðri tiltekinna liða hefur verið ákvarðað á. Þar eð fyrirkomulagið fyrir smáeiningar gerir ráð fyrir afar takmörkuðum upplýsingum í skýringunum með ársreikningunum, vita notendur reikninga smáeininga ekki hvort fjárhæðin sem sett er fram í efnahagsreikningnum og rekstrarreikningnum feli í sér gangvirði. Til að veita þessum notendum vissu, hvað þetta varðar, skulu aðildarríki hvorki heimila né krefjast þess að smáeiningar, sem nota undanþágurnar sem þeim eru veittar samkvæmt þessari tilskipun, noti grundvöllinn fyrir gangvirðið við gerð reikninga sinna. Smáeiningar sem óska eftir eða þurfa að nota gangvirði geta haldið því áfram með því að nota annað fyrirkomulag innan ramma þessarar tilskipunar, ef aðildarríki heimilar eða krefst slíkrar notkunar.

11) Við ákvörðun á því hvernig eða hvort framkvæma skuli fyrirkomulagið varðandi smáeiningar sem fellur undir gildisvið tilskipunar 78/660/EBE skulu aðildarríki tryggja að smáeiningar sem mynda eiga samstæðu samkvæmt tilskipun ráðsins 83/349/EBE ([2]) um samstæðureikninga geti nýtt sér nægilega ítarleg bókhaldsgögn til þess og að undanþágur í þessari tilskipun séu með fyrirvara um skylduna að útbúa samstæðureikninga í samræmi við tilskipun 83/349/EBE.

12) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar tilskipunar, sem er að draga úr stjórnsýsluálagi fyrir smáeiningar og því verður betur náð á vettvangi Evrópusambandsins, vegna umfangs og áhrifa aðgerðarinnar, er Evrópusambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessu markmiði.

13) Því ber að breyta tilskipun 78/660/EBE til samræmis við það,

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á tilskipun 78/660/EBE

Tilskipun 78/660/EBE er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi grein bætist við:

„1. gr. a

1. Aðildarríki geta kveðið á um undanþágur frá tilteknum skyldum samkvæmt þessari tilskipun í samræmi við 2. og 3. mgr. að því er varðar félög sem, á dagsetningum efnahagsreikningsins, fara ekki fram úr tveimur af þremur eftirfarandi viðmiðunarmörkum (smáeiningar):

a) niðurstöðutala efnahagsreiknings: 350 000 evrur,

b) hrein velta: 700 000 evrur,

c) meðaltalsfjöldi starfsmanna á fjárhagsárinu: 10.

2. Aðildarríki geta undanþegið félög, sem um getur í 1. mgr., frá einni eða öllum eftirfarandi skyldum:

a) skyldunni að leggja fram „fyrirframgreiðslur og áfallnar tekjur“ og „áfallin gjöld og fyrirframgreiddar tekjur“ í samræmi við 18. og 21. gr.,

b) noti aðildarríki valkostinn í a-lið þessarar málsgreinar gæti það heimilað þessum félögum, einungis að því er varðar aðrar breytingar sem um getur í vi.-lið b-liðar 3. mgr., að víkja frá d-lið 1. mgr. 31. gr., að því er varðar viðurkenningu á „fyrirframgreiðslum og áföllnum tekjum“ og „áföllnum gjöldum og fyrirframgreiddum tekjum“, að því tilskildu að þessar staðreyndir komi fram í skýringunum með ársreikningunum, eða í samræmi við c-lið þessarar málsgreinar, fyrir neðan efnahagsreikninginn,

c) skyldunni að útbúa skýringar með ársreikningunum í samræmi við 43.–45. gr. að því tilskildu að upplýsingarnar, sem krafist er í 14. gr. og 13. lið 1. mgr. 43. gr. þessarar tilskipunar og 2. mgr. 22. gr. tilskipunar 77/91/EBE(*), komi fram fyrir neðan efnahagsreikninginn,

d) skyldunni að gera ársskýrslu í samræmi við 46. gr. þessarar tilskipunar, að því tilskildu að upplýsingarnar, sem farið er fram á í 2. mgr. 22. gr. tilskipunar 77/91/EBE, komi fram í skýringunum með ársreikningunum eða, í samræmi við c-lið þessarar málsgreinar, fyrir neðan efnahagsreikninginn,

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/101/EB frá 16. september 2009 um samræmingu verndarráðstafana sem ætlað er að vera jafngildar og aðildarríki krefjast af félögum í skilningi annarrar málsgreinar 54. gr. sáttmálans, til að vernda hagsmuni félagsmanna og þriðju aðila (Stjtíð. ESB L 258, 1.10.2009, bls. 11). Athugasemd ritstjórnar: Titli tilskipunar nr. 2009/101/ESB hefur verið breytt til að taka tillit til númerabreytinga á greinum í stofnsáttmála Evrópubandalagsins í samræmi við 5. gr. Lissabonsáttmálans, en upphaflega tilvísunin var í aðra málsgrein 48. gr. sáttmálans.

([2]) Stjtíð. EB L 193, 18.7.1983, bls. 1.

e) skyldunni að birta ársreikninga í samræmi við 47.–50. gr. a, að því tilskildu að upplýsingarnar um efnahagsreikninginn séu skráðar á viðeigandi hátt í samræmi við landslög hjá a.m.k. einu lögbæru yfirvaldi sem hlutaðeigandi aðildarríki tilnefnir. Þegar lögbæra yfirvaldið er ekki aðalskráin, fyrirtækjaskráin eða félagaskráin, eins og um getur í 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 2009/101/EB(**), er þess krafist að lögbæra yfirvaldið afhendi skránni skráðu upplýsingarnar.

3. Aðildarríki geta heimilað félögum sem um getur í 1. mgr. að:

a) gera styttan efnahagsreikning sem sýnir a.m.k. þessa liði sem byrja á bókstöfum í 9. og 10. gr. á aðskilinn hátt þar sem það á við. Í þeim tilvikum þegar a-liður 2. mgr. gildir, skulu E-liður undir „Eignir“ og D-liður undir „Skuldir“ í 9. gr. eða E- og K-liðir í 10. gr. undanþegnir frá efnahagsreikningnum,

b) gera styttan rekstrarreikning sem sýnir á aðskilinn hátt a.m.k., þar sem það á við, eftirfarandi þætti:

i. hreina veltu,

ii. aðrar tekjur,

iii. hráefnis- og hjálparefnakostnað,

iv. starfsmannakostnað,

v. virðisbreytingar,

vi. önnur gjöld,

vii. skatta,

viii. hagnað eða tap.

4. Aðildarríki skulu ekki heimila eða krefjast beitingar 7. þáttar a á smáeiningar sem nýta undanþágurnar sem kveðið er á um í 2. og 3. mgr.

5. Að því er varðar félög sem um getur í 1. mgr. skal líta svo að á ársreikningar sem eru gerðir í samræmi við í 2., 3. og 4. mgr. sýni þá sönnu og glöggu mynd sem krafist er skv. 3. mgr. 2. gr. og þar af leiðandi skulu 4. og 5. mgr. 2. gr. ekki gilda um slíka reikninga.

6. Þegar félag á uppgjörsdegi fer yfir eða hættir að fara yfir tvö af þeim þremur viðmiðunarmörkum sem sett eru fram í 1. mgr. hefur það ekki áhrif á beitingu undanþágunnar sem kveðið er á um í 2., 3. og 4. mgr. nema ef það gerist bæði á núverandi og næstliðnu fjárhagsári.

7. Þegar um er að ræða aðildarríki, sem hafa ekki tekið upp evruna, jafngildir fjárhæðin í innlendum gjaldmiðli þeim fjárhæðum sem eru tilgreindar í 1. mgr., reiknað á genginu sem var auglýst í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins á gildistökudegi allra tilskipana um ákvörðun þessara fjárhæða.

8. Niðurstöðutala efnahagsreiknings sem um getur í a-lið 1. mgr. skal annað hvort samanstanda af eignunum sem um getur í liðum A–E undir „Eignir“ í 9. gr. eða eignunum sem um getur í liðum A–E í 10. gr. Ef a-liður 2. mgr. gildir, skal niðurstöðutala efnahagsreiknings sem um getur í a-lið 1. mgr. annað hvort samanstanda af eignunum sem um getur í liðum A–D undir „Eignir“ í 9. gr. eða eignunum sem um getur í liðum A–D í 10. gr.“

(*) Önnur tilskipun ráðsins 77/91/EBE frá 13. desember 1976 um samræmingu verndarráðstafana, sem ætlað er að vera jafngildar í Bandalaginu og aðildarríki krefjast þegar almenningshlutafélög eru stofnuð og um tilskilið hlutafé og heimilaðar breytingar á hlutafé þeirra í skilningi annarrar málsgreinar 54. gr. sáttmálans til að vernda hagsmuni félagsmanna og annarra (Stjtíð. EB L 26, 31.1.1977, bls. 1). Athugasemd ritstjórnar: Titli tilskipunar 77/91/EBE hefur verið breytt til að taka tillit til númera-breytinga á greinum í stofnsáttmála Evrópubandalagsins í samræmi við 12. gr. Amsterdamsáttmálans og 5. gr. Lissabonsáttmálans, en upphaflega tilvísunin var í aðra málsgrein 58. gr. sáttmálans.

(**) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/101/EB frá 16. september 2009 um samræmingu verndarráðstafana sem ætlað er að vera jafngildar og aðildarríki krefjast af félögum í skilningi annarrar málsgreinar 54. gr. sáttmálans, til að vernda hagsmuni félagsmanna og þriðju aðila (Stjtíð. ESB L 258, 1.10.2009, bls. 11). Athugasemd ritstjórnar: Titli tilskipunar nr. 2009/101/ESB hefur verið breytt til að taka tillit til númerabreytinga á greinum í stofnsáttmála Evrópubandalagsins í samræmi við 5. gr. Lissabonsáttmálans, en upphaflega tilvísunin var í aðra málsgrein 48. gr. sáttmálans.“

2) Eftirfarandi komi í stað 1. mgr. 5. gr.:

„1. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. 4. gr. geta aðildarríkin mælt fyrir um sérstaka uppsetningu á ársreikningum fjárfestingarfélaga og eignarhaldsfélaga á fjármálasviði með því skilyrði að þær uppsetningar gefi jafn glögga mynd af fyrirtækjunum og 3. mgr. 2. gr. kveður á um. Aðildarríki skulu ekki gera fjárfestingarfélögum eða eignarhaldsfélögum á fjármálasviði kleift að nýta sér undanþágurnar sem settar eru fram í 1. gr. a.“

3) Í stað 53. gr. a komi eftirfarandi:

„53. gr. a

Aðildarríkin skulu ekki láta undanþágurnar, sem settar eru fram í 1. gr. a, 11. gr. og 27. gr., lið 7a og 7b í 1. mgr. 43. gr., og 46., 47. og 51. gr., gilda um félög ef verðbréf þeirra eru skráð á skipulegum markaði í skilningi 14. liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2004/39/EB.“

2. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríki skulu koma nauðsynlegum lögum og stjórnsýslufyrirmælum til framkvæmda til að fara að þessari tilskipun, ef og þegar þau ákveða að nýta sér valmöguleikana sem kveðið er á um í 1. gr. a tilskipunar 78/660/EBE, einkum með tilliti til aðstæðna á landsvísu að því er varðar fjölda félaga sem falla undir stærðarviðmiðunina sem mælt er fyrir um í 1. mgr. þeirrar greinar. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Skýrsla

Eigi síðar en 10. apríl 2017 skal framkvæmdastjórnin leggja fyrir Evrópuþingið, ráðið og efnahags- og félagsmálanefnd Evrópusambandsins skýrslu um stöðu smáeininga, einkum að teknu tilliti til aðstæðna á landsvísu að því er varðar fjölda félaga sem falla undir stærðarviðmiðunina og þess hvort dregið hefur úr stjórnsýsluálagi vegna undanþágunnar frá kröfunni um birtingu.

4. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins .

5. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 14. mars 2012.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
M. SCHULZ	N. WAMMEN
forseti.	*forseti.*